17. Þann dag er Eyraþing var stefnt kom til bearins fioldi bonda af heradinu sua sem sidr er til þa er konung skal taka. var blasit eftir fornri skipan vt aa Eyra ollu folki. Þa voru menn giorfir til korsbrædra at vt skyldi bera skrin ens heilaga Olafs konungs. ok er menn komu til kirkiunnar þa var hon i laasi. enn klockarar sogdu sua at korsbrædr laugdu huerium manni bann vid er vpp [666] bryti kirkiuna ok vt tæki skrinit. Ok er þetta spurdiz a þingit þa var þat raads tekitt at Hakoni var gefit konungs nafn eftir rettum sidum ok gerdi þat sa madr er Skerualdr het or Gaulardal. ok var honum dæmt land ok þegnar ok iattudu allir þrændir honum allri retrri hlydni ok lydskylldu sua fullkomliga sem bædi hefði hann suarit þeim eid (ok þeir honum) ok sleit sua þingit. Annan dag eftir var blaasit til hirdstefuu. komu þagat lendir menn ok hirdin oll ok soru þeim eida badum konungi ok Skula ok gerduz suerdtakarar huerr med slikum nafnbotum sem aadr hafdi haft med Jnga konungi.

Vidreign manna Hakonar konungs.

18. Braatt eftir þetta biugguz þeir Hakon konungr ok Skuli jarl sudr til Biorgyniar ok hofdu baadir eina tuitugsessu enn Eilifr kapalinn styrði Gestaskutunni. Asolfr frændi jarls hafði et þridia skip var þat .xviij. sessa. Enn er or var lagt bænum þa var jarl eftir enn konungrinn for med skipinu. vedr var aa litid ok logdu þeir at vid Hattarhamar. þa deildu þeir vm lægi Eilifr ok Asolfr. hann hafði marga menn med ser enn gestir villdu þrongua Asolfi or læginu enn hann hafði komit nockuru fyrri. ok geingu þa fyst aarar ok forkar. siþan toku huorirtueggju til vopna sinna ok vard hord suipan vm rijd þuiat skipin laugu iafnfram. Enn er konungsskipit rendi at þa sa þeir at suerdum var brugdit aa hinum skipunum. konungrinn kalladi a þann er styrði bad hann stefna beint i milli skipanna ok roa sem mest maatti kuat sua skiotaz skilia mega med þeim. Enn er konungsskipit rendi milli skipanna þa skilduz þau ok maattu huorigir odrum mein gera. þar vrdu margir menn saarir a huor(u)tueggja skipinu. Siþan kalladi konungr þa a land vpp ok sætti þa. kom jarl nu innan or bænum ok sigldu eftir þat vt or bænum. þeim byriadi vel sudr til Biorgyniar. þeir logdu at vm kuellidit vid Hegranaes. Vm morgininn i dagan kom til þeirra Dagfinnr bondi or bænum ok sagði at bref hafði komit nordan fra korsbrædrum til byskupsefnis ok korsbrædra at þeir skyldu einga tign veita Hakoni konungi. sagði Dagfinnr at þeir þottuz vid vanda vm komnir þuiat þeir

villdu eigi fa reidi erchibyskups ok korsbrædra enn annari hendi kuaduz þeir vilja veita konungi lydni ok alla sæmd þa er þeir mætti. Jarl suarar her fá vm ok kuat þa litlu varda mundu huart þeir gerdi helldr. Dagfinnr suarar. ef þeir fara med sliku her fram sem þeir hofu i Þronðheimi þa mun braatt af þuaz oll su sæmd sem konunginum heyrir til. þa mælli konungr. þu Dagfinnr bondi far inn til bearins ok seg sua korsbrædrum at ek vænti af þeim einna manna bezst þeirra er i eru landinu. enn ef þeir gera odruviss þa skal eigi langt til at þeir skulu vita huart oss likar vel edr illa. Dagfinnr reri þa inn til beiar ok segir korsbrædrum ord konungs ok sua huat jarl mælli.

Radagerdir S(kula).

19. Korsbrædr segia sua at þeir villdu giarna konungi alla sæmd gera kuoduz eigi sua skylldu kaupa vingan erkibyskups edr korsbrædra or Þronðheimi at tyna þar i mot konungs vingan. Siþan reri konungr inn til beiar ok var ringt¹ vm allan stadinn. enn lærdir menn geingu sem sæmiligaz i mot konungi. þangat var stefnt ollum lendum monnum ok hirdstiorum þeim er i Gulaþingslogum voru ok nefndir menn or herudum ok settr stefnudagr a Seliumanna vokudag at allir skylldu til Biorgyniar. Enn medan þessa var bedit voru þeir i bænum konungr ok jarl. Konungrinn var vngr ok fyrir bernsku sakir sinnar gaadi hann meirr leiks enn landraada. enn jarl var allar þessar stundir i raadagiordum vid sina vine ok sendi bref bædi i Suiavellði ok sudr ok nordr i landit. var þat flestum monnum vkunnigt huat a þeim var ok faa voru konunginum synd. þa voru menn sendir austr i Vik til Philippus Bagla konungs. leitadi jarl þangat vinaattu ok felagskapar. Enn er vinir konungs kærdu þetta fyrir honum at slik vmleitan væri grunsamlig at leita þangat vinaattu sem iafnan hafði fiandskapr verit. þa suarar konungr at Skuli jarl var sua vitr madr at hann mundi sia kunna vine ser til handa. ætla ek mer þat meinlaust at hann eigi ser marga vini þuiat hann mun vel hallda vör einkamaal af sinni hendi ætla ek ok eigi fyrr þau at brigda.

Fra Hakoni konungi ok hans monnum.

20. Skuli jarl let gera bref vestr vm haf til Jons jarls i Orkneyium ok var þar fyrir konungs innsigli ok vissi konungr eigi til þess ok eigi huat aa var brefunum. sa madr for med brefunum er Josteinn þomb het. hann var gestr. Ok þa er brefin komu til hafs vrdu menn varir vid a skipum konungs ok gerdu ord inn til beiar til Juars bodða ok

¹) ringn Cd.

Dagfinnz bonda raadgiafa konungs ok sogdu at konungs jnsigli var fyrir brefum þeim er Josteinn for med. Juarr geck þa til konungs ok spurdi ef hann vissi nockut til þeirra brefa. konungr kuez eigi vita. Juarr sagdi betr vera at konungr vissi þau bref ok sei er med konungs insigli voru send i onnur lond. Konungrinn gerdi þa menn til Herdluvers eftir brefum. Jarlinn vard þessa varr gerdi hann þegar menn sina a odru skipe. vrdu þeir skiotari ok naadu brefum adr konungsmenn komu til. ok þegar sem þeir komu inn til beiarins þa let jarl blaasa til hirdstefnu ok hafdi miklar kærslur aa Juar ok adra konungs raadgiafa sagdi at þeir villdi koma sundrþycki milli konungs ok sin. enn mistryggia jarl i sinum raadum. þa stod vpp Gregorius Jonsson frændi jarls ok þa enn litill vin konungs. hann mællti akafliga til Juars bodda med þessum ordum. ek var med þeim monnum i tali er fyrst sðru eida konungi ok jarli til trunadar ok hugdu ver at allt skylldi eitt vera. enn nu vill einn prestr spilla voru samþycki allra Birkibeina ok skal þat aldri hlyda. tokum hann ok refsom honum fyrst sua at allir siai vid siþan. Eftir þat liop vpp mikill fioldi frænda Skula jarls ok vina ok kuoduz skylldu rifa i sundr kuikann Juar bodda. Juarr stod vpp ok beiddi ser hliods ok feck ecki. þa lupu fram fyrir hann vinir konungs ok vordu hann sua hann sakadi ecki ok var þa kurr mikill af hirdinni. Siþan stod konungr vpp ok mællti. ek kann faatt tala enn þo vil ek þess bidia at þer hlydit Juari fostrfedr minum ok suarit siþan sem ydr likar. Roarr konungs frændi sagdi at sua skylldi vera vist.

Fra ordum Juars.

21. Eftir þetta tekr Juarr til ordz. þat er fornum Birkibeinum kunnigt [667] sagdi hann at ek kom þat vaar til Suerris konungs aadr enn barizst væri vid Strindsio. hafdi ek af konungi gott yfirlæti medan hann lifdi ok ek þionadi honum sua at vm sidir vissa ek flest oll leyndarraad med honum. ok þa er hann hafdi hia ser raad sitt ok ena æzstu raadgiafa sina þa var ek eigi vti byrgdr ok mundi hann eigi sua gert hafa ef hann hefdi mik reynt at nockurum falsara edr vdygdarmanni. slikt sama gerdi Hakon konungr sun hans ok þann sama haatt hafdi Guthormr konungr siþan. ok er þeir toku riki Jngi konungr ok Hakon jarl þa gerdu þeir med sama hætti ok þui framar þo at mer væri i moti skapi at þeir letu mik hafa brefagerdir ok var ek iafnan vm þat ræddr at minir vuinir mætti þat nockut til finna er mer stædi haaski af þuiat þa var sem nu at eigi skorti ðfundarmenn þa er mer villdu fyrirkoma. ok þui vil ek skiota minu maali til allra manna vitnis er

nu eru her. at alldri vard þui enn aa mik komit er til fals edr flærdar væri vid minn hofþingia. enn ek veit sialfr sauk mína. þessi enn vngi konungr vaarr er bernskr ok þarf i helldra lagi heilla raadgiafa ok tryggra naavistarmanna þuiat þeir sitia ærit nær er þa villdi fra honum spenia er honum væri hollir ok heilraadir ok mætti þeir i sialfrædi vm leika at skipa hans maali sem þeim likadi. nu med þui at þessi min sauk er sua mikils verd at ek se makligr at vera rifinn kuikr i sundr sem þu sagdir Gregorius Jonsson ok þu Paall flida fyrir þat er ek bad konung sia bref sin þau sem send voru i onnur lond med hans innsigli þa skal eigi optar þurfa þess þuiat ek skal mik skilia brott or konungsgardi ok ecki spilla þeirra samþycki konungs ok jarls. gefi gud at þeir einir se eptir er baadum verdi hollir ok þui raadi at þa sæmd hafi huerr sem til er borinn. Sua lauk þessi stefnu at konungs vinir voru vgladir enn ofundarmenn kaatir.

Landaskipti med konungi ok jarli.

22. Hakon konungr kom sua til rikis at hann feck eigi meira af faudurarfi enn eina sylgiu ok fingrgull af lausafee. enn Skuli jarl komz at ollu þui fe er aatt hafdi Jngi konungr ok hann tok eftir Hakon konung ok Suerri konung. Enn sua sem at leid þingstefnu þeirri er Gulþingsmenn aattu at hallda ok hofdu sett Seliumanna vokudag komu fyst til Biorgyniar lendir menn hirdstiorar ok enir bezstu menn or landinu vm oll Gulþingslög. Ok einum degi fyrir þingit hittaz þeir konungr ok jarl ok raadgiafar þeirra. sogdu sua konungs raadgiafar at þeir villdu at jarl sueri konungi trunadareida eftir fornri sidueniu. enn jarl sagdi at hann villdi eigi fyrr sueria enn hann vissi huat hann skylldi aa mot taka ok beidir þegar haalfs Noregs ok haalfra allra skattlanda. enn raadgiafar konungs budu þridiung af Noregi enn ecki af skattlondum. Gregorius Jonsson ok Paall flida suorudu af jarls hendi at hann skylldi et minzsta hafa þridiung af huðrutueggia skattlondum ok Noregi ella skylldi hann þagat snua med sinn styrk sem hann fengi þat er hann beiddiz. Nu saa raadgiafar konungs at honum¹ var ofrefli at standa i mot þeim baadum Skula jarli ok Philippo Baglakonungi er þa hafdi Vikina ok Vpplond med miklum styrk ok var þat til raads tekit af konungs hendi at Skula jarli var iattadr þridiungr af ollum Noregi ok skattlondum. lauk med þui þessarri stefnu. Annan dag eptir var blasit til þings vt i Cristz kirkiugardi var þingit² skipat nordan at kirkiu ok siþan var vt borit skrin innar helgu Sunniu ok margir adrir helgir domar.

¹) hann Cd. ²) þangat Cd.

Þá stóð vpp Sigurdr af Vnnarheime af hendi allra Gulapingsmanna ok fagnadi konungi ok jarli. for þar vm morgum fogrum ordum. ok þar eftir taladi Dagfinnr bondi ok hafdi þat i sinu maali. þo at þeir i þrondeheimi læsti inni skrin Olafs konungs ens helga þa var þat ecki raad bænda edr vili. skulu Gulapingsmenn gera gladliga alla þa sæmd er þeir mega veita Hakoni konungi bædi lærdir ok leikir.

Hakon konungr sor monnum logh.

23. Eftir þat stod vpp saa madr er Steingrimr stryllr heitir sniallr madr ok vitr. hann gaf Hakoni konungsnafn ok þauckudu flestir honum þat verk. siþan sor konungrinn at hallda landzlaug enn jarl hafdi skipat eidinn aadr sem honum likadi ok var sua eidrinn at konungr skylldi hallda vid jarl oll einkamaal þau sem i milli þeirra voru gerr. Siþan stodu vpp lendir menn Gregorius Jonssun Paall flida Bryniolfr Knutzson Gautr Jonsson Aarni sturla ok adrir hirdstiorar ok soru konungi eida. eftir þat suoru bændr. enn jarl sðr þat at hann skylldi hallda laug vid landzfolkit ok þat fylgdi hans eid at hann skylldi vera holldr ok trur Hakoni konungi sua leingi sem hann helldi þau einkamaal er i milli þeirra voru mællt.

Fra Hakoni.

24. Þa er Hakon var til konungs tekinn var aar mikit i landinu. Sumar þat var sua gott at þat var vida vm landit at alldinvidrinn bar tvennann avoxt ok vtifuglarnir wrpu tysuar. Sua kuat Olafur Huitaskaalld.

Mærir glodduz miklu aari
menn baaru þa auoxt tuennan
veglig syndr vidr ok fuglar
visa grein a sumri einu.

Sua kuat Sturla i Hakonarkuidu.

Bar taallaust
tuennan bloma
alldinvidr
einu sumri
ok okallt
vtifuglar
aunduert aar
vrpu tysuar

Þa er allvalldr
vid konungs nafni
tirargiarn
of tekit hafdi
ok hans (gipt)
hæstrar tirar
vegi valit
vaxa naadi.

Saa huerr madr
at haufudskepnur
fylkis tign
fagna villdu

ok göfuglaatz
gialfyfir kringdu
a vinkers
vidum botni.

Litlu eftir þingit komu menn or Vik austan fra Philippo Baglakonungi med brefum til Skula jarls ok var þat aa at hann heiddiz helmingskaptis a Noregi vid Skula jarl ok Birkibeina enn at odrum kosti mundi hann reisa vfrid i moti þeim. enn ecki var konungs [668] getid i þessu brefi. enn þess var getid at fleiri bref ok ordsendingar hofdu austr farit i milli þeirra jarls. Jarl gaf þau anndsuoer þessum monnum med raadi hirdstiora at Philippus skylldi hafa þann luta landz þau misseri ok þa .xij. manadi sem hann hellt aadr. enn þeir skylldu finnaz at sumri ok skylldi þa vera stefna milli allra byskupa ok inna vitrozstu manna i landinu. Fara nu sendimenn med þessum brefum austr aftr til motz vid Philippum.

Andlat Philippus Bagla konungs.

25. Sigurdr konungs frændi var settr til gæzslu i Vikinne af hendi Birkibeina ok for hann þetta sumar til Jorsala. Þessir voru sueitarhoffþingiar eftir i Vikinni af Birkibeinum Lodinn Paalsson Halluadr bratti Baadr bri(m)steinn Karl suangi. þeir saatu vid mikinn otta. þeir Baglar hetu þeim huersdagliga dauda ok auarkostum. Enn aadr sendimenn Bagla kæmi austr med bref jarls feck Philippus sott i Tunsbergi. siþan var hann fluttr inn til Laufeyia. hann laa litla rijd adr hann andadiz. Baglar leyndu andlaati hans sem mest. enn Lodinn Paalsson vard varr vid ok sendi sem skiotligaz skutu nordr ok styrdi saa madr er Gunnarr banamadr het. hann var eigi leingr aa leid enn .iij. nætr til Biorgyniar. hann hafdi bref til konungs ok jarls þau er sogdu andlaat Philippus enn Birkibeinar þeir er i Vikinni voru baadu konunginn ok jarl skunda þannig austr. þeir Baglar leitudu hueruetna ser vm konungsefni. þeir gerdu ok menn til Danmerkr. kuoduz hafa spurt at þar se sa madr er Sigurdr het son Erlings steinueggs. nu ef þer komit skioott austr higat þa munu þer slitid faa flocki Bagla enn ella mun verda meira fyrir ef þer komit sidarr.

Vidal konungs ok Bagla.

26. Þegar sem konungr ok jarl hofdu lesit bresin biuggu þeir ferd sina sem huatligaz ok hofdu vel .xl. skipa ok flest oll stöðr. þeir hofdu baadir eitt skip er kalladr var Ognarbrandrinn haalfþritugt at

rumatali. þeir foru austr eftir Mariumesso ena fyrri ok byriadi vel. Baglar voru allir austan fiardar þa er Birkibeinar komu i Vikina. þessir voru sueitarhoffpingiar Bagla. herra Andress brodir Philippi konungs Rðgnulldr Hallkelsson systurson Magnus konungs Arnbiorn Jonsson. Margir voru adrir godir menn med Boglum. Nicholas byskup hafdi lagt allt norðr i Jfasund¹ ok nockurir sueitarhoffpingiar med honum. enn (er) Hakon konungr ok Skuli jarl sigldu austr i Vikina þa reri i mot þeim Nicholas byskup ok hittuz þeir inn vid Rossanes. voru þa sett^r grid milli Birkibeina ok Bagla. Siþan komu Baglar austan vm fiordinn. herra Andress Rðgnulldr Arnbiorn ok margir adrir. þeir logdu sin skip vid Gunnarsbæ ok geingu sua til beiar. var fundr þeirra i Mariukirkiu i Tunsbergi. þar voru margir lutir taladir milli þeirra Hakonar konungs ok jarls. buduz Baglar til at geraz handgeingnir Skula jarli ok hafa slikar sæmdir sem þeir hofdu aadr. enn Baglar beidduz þess luta af landi sem þeir hofdu aadr ok kuoduz varla trua Birkibeinum fyrir sakir fornra vandræða. enn þessar vrdu maalalyktir þeirra i milli at Baglar skylldu hafa þann vetr allar þær haalfar systur er Philippus hafdi aadr enn huorirtueggio skylldu senda menn norðr til erchibyskups ok skyllði hann stadfesta þetta ok setia frid i milli þeirra vm sumarit eftir. ok reduz til þessar ferdar af hendi Birkibeina Gregorius Jonsson ok Dagfinnr bondi enn af hendi Bagla Eindridi bekill ok Grundi fehirdir. Hakon konungr ok Skuli jarl skipudu þeim systur er til þeirra koma. Siþan var stefnt Haugaping ok var Hakoni þar gefit konungs nafn. Eftir þat visudu þeir konungrinn ok jarl flestu lidinu norðr afr. enn þeir foru austr yfir Follina ok aattu Borgarþing ok þadan i Vestráherat til Stofna ok aattu þar þing. þadan til Hornborapings ok austr til Elfarbacka. var Hakoni þar gefit konungs nafn a ollum þessum þingum ok gerdu menn vt allan almenning med godum vilia ok enn giafir aa ofan vm alla Vikina. þeir saatu langa hrid i Konungahellu vm haustid. Fru Kristin er aatt hafdi Hakon galinn var gift austr i Gautland feck hennar Aaskell logmadr son Magnuss minniskialldar brodurson Birgis jarls brosu. þar fæddiz vpp med þeim jungherra Knutr son Hakonar jarls ok fru Kristinar. Vm haustid er þeir saatu i Konungahellu Hakon konungr ok Skuli jarl sendu þeir bref vpp i Gautland til logmannzins at hann skyllði senda þeim iungherra Knut ok kuoduz þeir til hans sæmiliga gera skylldu ok var fundr lagidr milli þeirra ok kom jarl enn logmadr eigi þuiat hann trudi varla Birkibeinum. Eftir þetta foru þeir konungr ok jarl norðr til Tunsbergs ok þadan norðr i land.

¹) r. Luasund.

Fra ferd Hakonar konungs.

27. Sumar þat er þeir voru i Vikinni for Roarr konungs frændi vt i Jorsalaheim. hann hafdi mikit lid ok fritt. Erlendr Þorbergsson het madr hann for med honum. hann styrde audru skipe. þat hofdu beiar-menn gera laatid af sinum kosti. þat skip er Roarr aatti kom til Akrs. enn bearmanna skip kom allt til Darmatar ok sysludu huorirtueggio vel i þessi ferd. Aadr Hakon konungr ok Skuli jarl foru or Tuns-bergi stefndu þeir til sin ollum lendum monnum þeim sem i Vikinni voru. uar þeim varhygd mikil aa bodin at þeir skylldu varir vm at Baglar hefdi einga vrð vppi sua ok at þeir gætti sialfra sinna vel at eingum suikum væri komit at þeim. Estir þetta sigldu þeir til Biorgyniar konungr ok jarl ok komu .vij. nottum fyrir jol til bearins ok satu þar vm vetrinn. vm iol gerdu þeir .ij. lenda menn Jon staal ok Juar nef. þotti þa flestum monnum likt at vel mundi fara med þeim.

Drepinn Rogvalldr.

28. Baglar skiptu med ser sylum þeim er þeir hofdu hlotid a Vpplondum ok i Vikinni. Rogualldr hlaut Folldar syslu ok vm Oslu enn hann hafdi aadr haft syslu vppi aa Raumariki. Raumar kolludu hann helldr hardann i syslunni þurfti hann ok mikils vid þuiat hann hafdi sueit mikla. Enn er Folldungar spurdu þetta þa kurrudu þeir illa ok sogdu at Rogvalldr mundi þeim eigi godr er hann var hinum illr. Rogvalldr for vt i Haugsvik ok stefndi Folldungum þing sem siduenia er til sylumanna. enn er þingbodit kom i bygdina þa sneru bændr þui i heraur ok stefna saman huerium manni er vapn maatti bera ok sottu þing med aluæpni. Rogualldr for med faa menn til þingsins. hann bad [669] bændr setia þing. enn þegar hann villdi nockut tala æptu bændr ok baadu hann þegia. sumir brugdu suerdum ok veittu honum atgaungu. Rogualldr villdi þa vndan leita. enn bændr sottu estir ok drapu hann enn særdu nockura menn adra. enn allir hans menn leitudu til skipa ok foru i brott. Folldungar foru heim enn lik Rogualdz var flutt til Osloar ok þar iardat.

Her hefr af Slittungum.

29. Vm sumarit þa er Hakon konungr ok Skuli jarl voru i Vikinni þa var prestr sa med Rognvaldi er Benedict het. hann var kalladr Bene ættadr austan af Morkum. hann for med leika ok var miok kaatr. hann leet þat ord fara fra at hann væri sun Magnuss konungs Erlingssunar. enn Rogualldr hafdi hann med ser ok virdi hann meirr fyrir daara enn

frænda. Enn er Rogualdr var fallinn for Beni austr aa Markir ok safnadi ser þar lidi. hann sneri nafni sinu ok kuez heita Magnus eftir fedr sinum. dreif þa mikit lid til hans. sa madr styrdi honum mest at onduerdu er Haralldr prestr het aa Rackastodum. Beni hafdi verit leigu-prestr hans. þat folk er Bena fylgdi var miok faatækt voru þeir bædi illa klæddir ok yopnadir ok fyrir þui voru þeir kalladir Slittingar. þeir liopu vm markir ok vbygdur. enn sialldan vm herud. miok voru þeir vspakir i raanum ok launstuldum. Vm vetrinn redur i lid med þeim Slittingum þorbiorn aa Lumalondum ok Helgi brodir hans. þeir voru bædi ferikir ok ættstorir ok sialfir vel mentir. reez þa ok mart i flokkinn af bondum med þeim ok bondasynir. hugdu þat allir at Beni hofþingi þeirra væri sannr sonr Magnuss konungs sem hann sagdi. foru þeir þa vida vm bygdur med raan ok stuldi ok marga vspekt adra. Baglar voru i Tunsbergi vm vetrinn ok gættu bæiar. voru þeir þar fyrir herra Andres ok Arnbiorn Jonsson ok enn fleiri.

Bardagi Birkibeina ok Bagla.

30. Enn i fõstu feingu Baglar niosn af þui at Slittingar voru aa skip komnir ok ætludu til bearins. biugguz Baglar at veria bæinn ok littu sidar helldu Slittingar skipum sinum austan vm Földina til Tunsbergs ok logdu inn at Skeliasteins grunni ok geingu vpp vid Gunnarsbæ. Baglar fengu her niosn af ok letu blasa ollu lidinu vpp aa Hauga vm kuelldit med vopnum. enn er myrkua tok þa for mart lidit fyrir ofan Thomaskirkiu ok suaf þar vm naattina. Beni sendi menn a fund Arnbiarnar Jonssonar ok sagdi sua at hann mundi eigi þess vænta at hann mundi beriaz i moti brodur Erlings konungs steinueggs er hann hafdi fyrr þionat. Arnbiorn suarar. rett segir Beni þat at mer samir illa at beriaz i moti brodur Erlings ok þat mun ek eigi gera ef ek ueit þat med sannindum at hans brodir er. enn ek hygg ath Beni þessi se i annarri ættartolu. skulu þer sua segia Slittingum ef þeir leita higat til bearins at ver Baglar munum koma i mot þeim ok hallda vpp orrostu. Fara sendimenn Bena aftr med þessum erendum. Nockuru fyrir dag vrdu Baglar varir vid at Slittingar voru aa Gunnarsbæ ok hofdu ner .d. manna. þa letu Baglar blaasa ok geingu vpp aa Hauga ok hofdu ner .cccc. manna. þeir mættuz a akrinum vid Gunnarsbæ. þar vard hord orrosta ok fellu huorirtueggio ok miklu fleiri af Slittingum. Beni var aa hesti ok eigi i orrostu. Arnbiorn feck saar var hann lagidr i haalsinn fyrir nedan eyrat. herra Andres vard ok saarr i kinninne. enn er hann feck þat kastadi hann skilldinum. hann var manna sterkazstr. hann tok vinstri

hendi skiolduna ok dro af þeim enn hio hinni hægri hendi huern til bana med suerdi þui er Skardi het allra suerda bazst. Arnbiorn geck þa hart fram ok sotti at merki Slittunga. þar fell þorbiorn af Luma-londum ok Helgi brodir hans. þar fell meirr enn .xiiij. tigr manna enn allir flydu þeir er eftir voru af Slittungum. Beni komz vndan vid litinn ordztir. lik þorbiarnar ok Helga voru flutt til kirkiu. enn oll onnur lik af lidi Slittunga voru þar reyrd sem þeir fellu. Eftir osigr þenna sneri Beni austr a Markir ok dro þa lid at ser aa nyia leik. Herra Andres ok Arnbiorn ritudu til Hakonar konungs ok Skula jarls baadu þa skynda i Vikina sagdi at lid dreif huersdagliga til Bena ok hann styrktiz miok.

Slittungar ræntu.

31. Vm vorit eftir paascha komu Slittungar ofan af landi til Osloar. Juar i Vik hafdi þa Osloar syslu. ok byskupsmenn foru i mot þeim ok skutuz aa yfir aana. þar fell meistari Stefnir af byskupsmonnum enn faair menn adrir enn mart vard sárt ok flydu byiarmenn i bæinn. Slittungar lupu vpp i bæinn ok ræntu morgu. þeir toku langskip er byskup aatti ok nockur skip onnur ok foru siþan vt eftir firði sua sudr i Vikina ok ræntu huar sem þeir foru ok maattu. enn er þeir kuomu sudr fyrir Elfarkuislar þa logdu þeir i ena eystri quislina. Askell logmadr var þa i Liodhusum. hann hafdi fengit kuitt nockurn vm ferd Slittunga ok þeir ræntu vida. hann skipadi skutur ok rere vt or aanni ætladi hann at banna þeim raanin. vissi hann at eigi mundi lid skorta af herudum ef hann þyrfti. þar var med honum jungherra Knutr. þeir laagu vid land vt i anni. þeim var sagt at meiri vðn var at langskip nockur færi wt eftir aanni. let logmadr þa iungherra Knut a land ok rann hann aa skog. Litlu sidar rendu at þeim skutur Slittunga. tok logmadr ok allir hans menn a land vpp vndan. enn Slittungar toku þar skip hans ok gott landtialld ok messofaut ok marga adra goda gripi ok foru siþan leidar sinnar. enn menn laugmannz leitudu leingi Knutz aadr þeir fundu hann. enn Slittungar foru vt til siofar ok sua sudr a Halland ok foru helldr vspakliga.

Fra Birkibeinum ok Slittungum.

32. Birkibeinar þeir i Vikinni voru spurdu huat Slittungar hofduz at. stigu þeir þegar aa skip ok fara sudr at leita þeirra. þar voru þessir sueitarhoffpingiar Guthormr Gunnason Lodinn Paalsson Lodinn Gunnason Halluadr bratti Juarr Vtuik Karl suangi. þar voru ok Baglar Andres ok Arnbiorn. Ok er þeir komu sudr i Vikina spurdu þeir at Slittungar

hofdu farit suðr til Hallandz ok helldu þeir þá suðr eftir ok hittu þá þar sem heitir Bardasfiordr. ok fundu Slittingar eigi fyrr enn skipin rendu fyrir hofnina. foru þeir þá þegar vpp aa land ok flydu vndan enn Birkibeinar ok Baglar toku skip þeirra ok allt þat er aa var enn fengu ecki af monnum. Herra Andres lagdiz siukr litlu sidar ok opnadiz saar þat er hann hafdi [670] feingit aa Gunnarsbæ tok þá at suella ok þrutna. Sem hann kendi at miok leid at honum þá leet hann gera bref ok sendi til Skula jarls ok voru þar a vinsamlig ord sem þeir hofdu aadr vid mælltz. hann sendi jarli suerdit Skarda ok skioldd gulllagdann. Litlu sidar andadiz herra Andres. lik hans var flutt til Osloar ok iardat i Halluardz kirkiugardi. hann var miok harmdaudi.

Fra erchibyskupi.

33. Uetr þann er Slittingar voru i Vikinni sat Hakon konungr i Biorgyn. þessi var enn fyrsti vetr konungdöms hans. Aadr vm sumarit var þat til tíþenda aa Jslandi at Sæmundr Jonsson i Odda gerdi norænum monnum vfrid aa Eyrum. hann for at þeim med .d. manna ok tok fyrir þeim .ccc. hundrada vadmaala. enn hann fann þat til saka at Paall son hans hafdi tynzst aadr vm vetrinn. þá tyndiz Aslaakr Hauksson ok nockur .vj. skip edr .vij. aunnr. enn Sæmundr þottiz þat spurt hafa at Biorgyniarmenn hefði gert honum vnaadir nockurar ok hefði hann þui norðr farit enn eigi af fysi sinni. Margan vfrid annan gerdu Oddaueriar kaupmonnum enn þenna. Hakon konungr ok Skuli jarl biuggu ferd sina er vora tok norþr i Þrandheim ok komu til beiarins haalfum manadi fyrir paaschir. ecki var ringt i mot þeim ok enga processionem villdi erchibyskup gera i mot konungi ok þá er þeir mæltuz þá veitti byskup konungi einga blidu. enn jarl ok erchibyskup funduz huersdagliga ok var þar enn mesti blidskapr. þann dag er jarl var einn saman i Kristzkirkiu þá var honum veitt hofþinglig tign. Paalmsunnudag voru þeir baadir i Cristzkirkiu konungr ok jarl ok saatu i haasæti ok var konungi engi tign veitt ok huorigum þeirra. ok er þeir voru leiddir til alltaris at offra þá villdi erchibyskup eigi snuaz i moti konungi ne vid hans offri taka. konungrinn lagdi offrit a alltarit ok geck siþan vt afr til sætis sins. Siþan voru Birkibeinar fiolordari vm enn aadr at þeim þotti sin suivirding mikil allzkostar. Litlu sidarr hofdu þeir stefnu i erchibyskups gardi. þá spurdi konungrinn erchibyskup hueria sauk hann gaf honum er hann villdi eigi veita honum konungliga tign. Erchibyskup suerar sua. þetta er eigi mitt eins raad. allir ver byskupar erum þessu raadi ok þeir sumir er innan hirdar eru med ydr ok finnum

ver þat til at ver hofum heyrð ympt nockurn aa huart þu ert son Hákonar konungs edr eigi. Konungr suarar. eigi er þetta ollum monnum at kenna ne byskupum ok faam monnum innan hirdar. enn af þeim er þetta komit er mer vill nidra enn sialfr sik til mins fôdurarfs draga. Erchibyskup suarar. þegar ver erum sannfrodur vm þat er ver efumz nu i þa skulum ver veita þer alla tign þa er ver megum. Jarl þagdi ok lagdi med huorigum til. enn þessarri stefnu lauk sua at eftir vm sumarit skylldu þeir koma til Biorgyniar Hákon konungr ok Skuli jarl ok erchibyskup ok allir lydbyskupar lendir menn ok laugmenn ok allt et bezsta mannaval ok skyllði þa taka af þessu maali þat er likazst þotti. Dagfinnr bondi var þa næstr konungi vm allar raadagerdir. Erchibyskup let gera Dagfinni ord leyniliga eftir stefnuna ok sagdi honum sua. gudi er þat kunnigt at ek vil giarna vera vin konungsins ok eigi væri þessir lutir sumir taladir er nu eru ef ek redi. enn þo skulu þer þat raada konunginum at hann taki þessu vel ok þolinmodliga fyrir guds sakir. þuiat sua segir mer hugr vm at þetta skal honum verda mest til sændar enn þeim til vanvirdu er honum vilia nidra i þessu.

Greinir milli konungs ok jarls.

34. Hákon konungr ok Skuli jarl duolduz vm vorit i þronðheimi. enn er sumra tok biugguz þeir nordan ok foru til Biorgyniar sem ætlat var. enn er þeir komu til beiarins vrdu margar greinir milli þeirra ok geingu Birkibeinar þa miok sueitum. enn þa er lendir menn komu þa voru þeir flestir er at sneru med odrumhuorum konungi edr jarli. enn þa var sem fyrr at sa hafdi folkit fleira sem feit hafdi meira. Konungsmenn gættu konungs med mikilli varhygd sua at þeir foru vt i konungs gard med sueitum sinum at sofa. Andres skialldarband ok Vegardr veradalr letu huern dag fylgia konunginum .xij. menn væpnta vmfram þa er fylgd helldu. Sua sem aa leid sumarit komu allir til beiar byskuparnir Guthormr erchibyskup Nicholas byskup Heinrekr byskup af Stafangri Juarr byskup af Hamri Biarni byskup af Orkneyium ok margir adrir lærdir menn ok laugmenn ok enir bezstu bændr er þangat voru nefndir. Konungr ok byskupar voru sialldan aa tali milli sin enn þeir optliga jarl ok byskuparnir. Einn dag er konungr sat aa tali vid raadgiafa sina þa komu sendimenn fra erchibyskupi ok jarli ok voru þar þeir Haauardr byskup af Biorgyn ok meistari Biarni or þronðheimi. bar byskup fram erendit med þeimra ordum. herra sagdi hann erchibyskup ok jarl baadu þess ydr at iarnburdr sa er bodin var af yduarri hendi þat vðr er þer vorut kosnir til rikis at hann skyllði nu fram

koma til þess at þeirra manna sôgn se vnyt er aadr hafa nockurn efa aa vm yduart faderni. nu ef þer vilit sua gert hafa ok beri gud ydr vitni vm þetta maal þa vilia þeir ydr tigna sem sinn herra sannan ok veita ydr alla konungliga tign. Konungrinn suarar sua. ek veit eigi huart mer þickir þui kaupandi tign ydr at ganga vndir slika afarkosti. þa ræddu lendir menn ok raadgjafar miok ymissliga vm þetta maal. enn þær lyktir fellu aa at vm morgininn eftir skylldu þeir finnaz i skrudhusi konungr ok erchibyskup ok lydbyskupar. Ok er þeir funduz taladi erchibyskup þat sama sem aadr var sagt. síþan taladi Dagfinnr sua. varla munu dæmi til finnaz at bonda synir ok kotkarla skulo gera einualldzkunungi ok konungs syni slika afarkosti vfridarlaust ok þraungua honum til iarnburdar þadan fra er hann var konungr vordinn yfir ollu landi ok allir menn hafa honum eida suarit. ok ætla ek oss þickia litlu verra vera at laata bera ecki iarn nema þeim kallt er hans vuinir eru ok laata allzvalldanda gud skipta milli konungs ok vuina hans sem hann skipti milli Suerris konungs ok hans motstodumanna. Eftir þetta suarar konungrinn med þeim hætti. þat er vist satt Dagfinnr at þetta mundi þickia mikill afarkostr morgum konungi at taka nu iarnburd aa hendr ser eftir stadfest riki sitt. enn þa ek baud þetta af minni hendi ok modur minnar ok var ek þa eigi fastliga til konungs tekinn enn þa var þui ollu nidr drepit ok voru þeir enir somu þa er þui volldu ok þessu. ok kunnigt er þat ollum monnum ok þeim er þa voru med jarli [671] er ek ok modir min komum fyrsta sinni norðr til Þronðheims til Jnga konungs ok sua þa er hon kom til Hákonar jarls baud hon af sinni hendi at þessar somu skirslur skylldi fram fara ef þeim væri nockut mistrunadr a minu maali. enn þat villdu þeir med engu moti heyra ok Hákon jarl sagdi þat at þeir brædr saatu i minum faudurarfi. nu skulum ver þo þetta eigi til afarkosta virða þuiat þenna iarnburd vil ek giarna laata fram fara þegnum minum til sæmdar. sa lutr geingr mer ok annarr til at margir menn megu þat hyggia at þetta se þui vndan dregit at ver sialfir hafim nockurn efa a voru faderni. enn þessi er hinn þridi lutr er mest dregr til at ek er auruggr vm þann domarann er þetta maal er vndir skotid er alldri braazst nockurum manni til rettinda at hann ottaz engann at satt at segia ok geingr ek þui sua gladliga vndir hans rett-dæmi. þetta erendi vottudu allir vel er vid voru. Eftir þessa stefnu geck konungs modir til kirkiu at fasta til iarns. þessir menn fostudu med henni Sigurdr konungs frændi Dagfinnr bondi Andres skialldarband ok enn fleiri bædi lærdir menn ok leikmenn. enn .xij. menn voru feingnir til at gæta vtan kirkiu bædi nætr ok daga at eingir spillendr kæmi til.

enn jarl var miklu blidari til konungsins þessa daga enn fyrri enn eigi vissu menn huat þui volldi.

Fra Jngu konungsmodur.

35. Sa madr var med jarli er Sigarr het hann var ættadr af Braa-brand. hann var vel hagr ok margra luta kunnandi ok vitr til raada-gerda. Sigarr kuez vera vin konungs mikill. hann geck um morgininn snemma til Dagfinnz bonda ok kallar hann aa eintal. þat var Odinsdag aadr bera skulldi iarnit. hann mællti sua. veit ek at þer erud hugsjukir miok vm yduart maal. enn fyrir þui at ek vil konunginum gott þa vil ek faa til eina list þa er ecki skal til saka. ek hefir þat eitt gras ef ek riid þui aa hond konungsmodur at ecki skal til saka ok hon skal öruggliga bera mega þetta jarn ok skir verda. Dagfinnr suarar. gud þacki þer sannan godvilia þu ert vitr ok skynsamr. seg mer huar þetta gras vex er sua mikinn kraft hefir. Sigarr suarar. þetta vex a þinum husum ok huers annars mannz her i Biorgyn. Dagfinnr suarar. engi lyf edr lækningar skulum ver til þess hafa nema þær einar sem Jesus Kristr vill gera med sinni miskunn ok aarnadarordi ennar helgu Marie meyar ok enns heilaga Olafs konungs ok ennar helgu Sunnifu ok allra guds heilagra manna. enn þu far i brott med skrum þitt ok vit þat sannliga at þu skallt fara nockura vaanda ferd ef þu mælir þetta oftar. Siþan geck Dagfinnr bondi til konungsmodur ok til þeirra manna sem nestir voru henni ok mællti til hennar leyniliga. ef Sigarr kemr her edr annarr madr at bioda ydr nockur lyf edr uelar ok variz þat sem enn mesta andskota þuiat ek veit sannliga at fals ok flærd er vndir þessu bodi ok opinber suik vid sialfa þik ok konunginn.

Skirsla fru Jngu modur Hakonar konungs.

36. Einn dag eftir primamaal þa bar konungsmodir jarn eftir rettum tima ok greiddiz þat it bezsta af hennar hendi. þar var vid konungr ok erchibyskup jarl ok adrir hoffþingiar. þar var ok jarl af Orkneyium. Enn þann dag er leysa skylldi hondina var konunginum sagt at jarls vinir hofdu kurr aa nockurn at bera vopn vm daginn leyniliga ok af þui baud konungr Joni staal Guthormi Gunnasyni Vegardi or Veradal ok Baardi brimstein at þeir leti vopnaz sueit sina alla ok gera ord gestum at þeir vopnadi sik ok væri vt vid Kristzkiarkiu medan hondin væri leyst. Vm daginn at rettum tima þa kom konungr ok erchibyskup jarl ok adrir byskupar ok hoffþingiar med odru folki vt til Cristzkiarkiu. ok er leyst var hondin konungsmodur þa gerdi gud þar

miklar iarteinir med sinni miskunn at hon var vel skir ok sogdu þat allir þeir er saa at myklu var þa fegri hönd hennar enn aadr hon tok vndir iarnit. saunnudu þat bædi vinir ok vuinir.

Sættir konungs ok Skula jarls.

37. Eftir þetta voru a nyia leik giorfar sættir milli Hakonar konungs ok Skula jarls ok var þing at Kristz kirkiugardi drottinsdag eftir ok voru þar allir hofþingiar. lysti þa erchibyskup skirslu konungs ok lagdi þar bann vid huerium manni er nockurn vtrunat legdi þar aa. lysti hann ok enndrnyadi saattmaal milli konungs ok jarls. Her eftir biuggu þeir ferd sina konungr ok jarl med miklu fiolmenni þuiat þa hofdu komit bref til þeirra austan fra Birkibeinum ok Boglum at Beni ok Slittungar styrktuz miok ok drogu saman mikit illþydi ok gerdu mikinn vfrid. þeim byriadi seint austr. sem þeir komu til Tunsbergs var þeim sagt at Beni ok herr Slittunga var i Oslu ok eingar niosnir foru fyrir konungi. þeir villdu þa þegar hafa sik inn til Osloar þuiat byrr var aa godr. var þa blaasit ollum monnum til brottferdar ok sum skipin logdu wt. Jofreyr het profastr sa er þa var i Tunsbergi. hann geck þegar til konungs ok jarls ok hafdi med ser suein einn ok kuat vera miok modann. sagdi at Nicholas byskup hafdi sent hann vt til Tunsbergs til profastz ok beiarmanna at gera þa vara vid at Slittungar villdu fara vt til beiarens. sueinninn kuez skiliaz vid þa er þeir foru sumir or Oslu. Sumir Birkibeinar kuodu þetta vera mundu prett Nicholas byskups at hepta sua ferd þeirra. profastr ok beiar menn baadu konunginn eigi fara or bænum ok duolduz þann dag. ok var leypit monnum it efra aa hestum ok mættu þeir monnum er rakteitt hofdu farit or bænum ok sogdu at þetta var hegomi ok vpplostingar byskups.

Fra Slittungum ok Birkibeinum.

38. Jvarr vtuik ok Aasbiorn kopr laagu þaa vid Hofudey. enn þeir hofdu Osloar syslu af konungs hendi. þeir hofdu gert vt leypiskutu at vita ferd konungsins ok jarls. enn (er) þeir fundu konunginn sogdu þeir at Slittungar voru i Oslu ok letu sem kyrrazst. Siþan var heflat a konungsskipinu ok var sagt aa onnur skipin at oll skylldu sigla iafnfram ok leggja sua at bænum. siþan sigldu þeir sem mest. enn þau skipin sem seinfærri voru gerdu bædi at sigla ok roa. Slittungar hofdu vord vppi i Halluardzkirkju stopli ok saa þadan skipin þegar vtan foru fyrir Nesodda. skunda þeir Beni þa sem mest or bænum. Enn er Birkibeinar komu inn vm Hofudey þa sa þeir skipin giorla at sumir

Slittungar foru aa leid. þa var lagt at bryggjum sem akafaz bædi sunnan ok nordan lupu menn þaa vpp i bæinn. voru þa allir Slittungar or bænum. sumar sueitir Birkibeina sottu eftir þeim allt norðr til Frysium ok fengu ecki af þeim.

Af konungi ok Slittungum.

39. [672] Baglar saatu margir i kastala byskups ok gættu sin enn huarki voru þeir i moti þeim Slittungum ne med. þuiat þeir voru þa handgeingnir Birkibeinum. enn þegar Hakon konungr kom iafnfram kastalanum þa geingu þeir ofan ok budu honum sina þionustu. Nicholas byskup var i bænum ok gerdi þegar baat til konungsskipsins ok let fara Jngu konungsmodur i gard sinn ok hellt hana sæmiliga ok var enn blidazsti. enn vm morgininn eftir gerdi hann processionem i moti konungi med allri sæmd. Eftir þetta voru bref gerr til Arnbiarnar Jonssunar ok allra Bagla. komu þeir þa til Osloar ok gerduz handgeingnir Hakoni konungi ok Skula jarli ok gaafu vpp nafn þess folks er þeir hofdu aadr med farit. Enn þessir voru þa sueitarhoffingiar med Boglum er til handa geingu Arnbiorn Jonsson Gunnbiorn Jonsbrodir Simon kyrr Eysteinn Roasun Gudolfr a Blackastodum Eindridi bekill Finnr Kaalfsson Botolfr Aaufursson Finnr Bergþorsson Gudleikr skreidungr Siguardr sefuill Gunnarr Aasusun Eilifr kembr þorir Amundasun. Nu spurdi Hakon konungr at Slittungar voru vppi i Eyiavatni. let þa konungrinn draga .xiiij. skip vpp i vatnit ok þessir sueitarhoffingiar Guthormr Gunnasun Olafr mok Gunnbiorn Haralldr stangarfylia ok enn nockura adra. Slittungar fengu niosn af vm ferd þeirra ok flydu þegar vpp a Markir sem þeir mattu. Birkibeinar skipudu skip sin þegar sem Birkibeinar komu til vatssins. enn sumir sneru vt aftr til Osloar til konungs. voru þa dryckiur miklar i bænum ok gerduz morg tifendi.

Auerkar med konungs(monnum).

40. Hakon konungr aatti modurbrodur er Gunnolfr het. hann var ecki vitr madr vid dryck. hann mætti eitt kuelld godum manni er sira Eilifr het. kurteis madr ok vel sidadr. hann var enn mesti vin jarlsins ok raadgiafi. Gunnolfr bra suerdi ok hio til Eilifs miok sua af honum hondina hægri. þetta var skiott sagt jarli enn þeir hofdu baadir eitt skip konungrinn ok jarl. enn jarl het aa sina menn þegar ok bad þa vapnaz. enn Gunnolfr komz midskipa til hirdar ok skutu þeir yfir hann skialldborg ok vördu hann. Skipit laa vid byskupsbryggju ok morg skip vmhuerfis ok þegar þeir heyrdur brakit a konungsskipit

toku þeir til vopna. Jarlinn villdi ganga fram at Gunnolfi enn hirdin gætti hans. ok er hann saa at hann kom þui eigi fram þa sneri hann aftr til fyrirumsins med sina menn. Sem hirdin saa at hann for þangat sua akafliga aluopnadr þa ottuduz þeir at hann mundi vilia at konunginum ok hlupu þeir vpp allir ok aftr til konungsins. enn jarl sneri þa vpp eftir skutbryggio ok þeir menn er honum fylgdu. enn þar laagu næst skip þeirra Aasolfs konungsfrænda ok þordar drafla ok þorfinnz illa. fleiri manna skip laagu ner þeirra sem allir voru viliadir jarli. ok er þeir komu vpp a bryggiornar til jarls þa spurdi hann huat til raads væri. kuez vilia hefna Eilifs. Madr het Reidulfr Barda brodir. saa liop med Jnga konungi er hann suam yfir aana Nid þa er slagit vard i þronðheimi. hann var engi vin konungs. hann mællti til jarls. ver munum slika fara fleiri ok þui nest þer herra ok er þat raad at ver verdum fyrr at bragdi ok drogum vpp skipin vndir þeim ok drepum konunginn ok alla þa er fyrir honum standa. Aasolfr jarls frændi suarar. ofhefnt verdr þa einnar handar ok vilium ver med engu moti a konungi nidaz þuiat hann er sannliga saklauss. Enn er þetta var tíþenda komu þeir vpp aa bryggiornar Dagfinnr bondi ok Guthormr Gunnasun Vegardr veradalr Andres skialldarband med sueitum sinum ok viku þegar at konungs-skipinu. Sem jarl sa þat sneri hann i mot Vegardi ok lagdi til hans suerdi. þat lag kom i kinnina. Vegardr bar af ser ok skar vt or kinn-inni. Eftir þetta geck jarl af bryggium ok þagat sem Eilifr laa ok var þar vm stund. þetta ser Arnbiorn Jonssun Lodinn Paalssun ok mestr þori lidsins. toku nu til vopna sinna þuiat allir hofdu skiolldu fyrir stöfnum fyrir ofridar sakir. þeir gerdu menn aa baatum til konungs ok kuoduz allir vilia honum fylgia. Dagfinnr bondi ok Guthormr med sinum felogum foru til konungs enn letu sueitir med vopnum. Jarl kom vt aa skip reidr miok. konungr stod vpp i mot honum ok baud bod fyrir Gunnolf frænda sinn bædi jarli ok Eilifi. enn jarl æmti þui litt. þa mællti Dagfinnr bondi. ef þer herra jarl vilit eigi laata vera grid a þessu maali i naatt til allra manna þa megí þit eigi vera baadir samt aa þessu skipi konungrinn ok þer ok skal konungrinn oss fylgia. Konungr suarar þegar. fyrir engann mun vil ek flyia mitt skip i naatt. þa mællti hirdin at þeir villdu þar vera sem konungrinn var. Jarl suarar þa godum ordum. sagdi allt þetta skylldu standa til morgins med gridum. enn vördu hofdu huorirtueggio vm nattina.

Fra konungi ok hans monnum.

41. Um morguninn eftir er sungnar voru formessur geck konungr til Eilifs ok baud honum bod af hendi Gunnolfs. Eilifr suarar vel ok

seldi grid til þess er menn sæi huersu honum skipadiz. Konungur let þaa blasa til hirdstefnu ok sagdi þetta Dagfinni bonda huat vm hafdi lidit. logdu menn miok misiafnt til. Vegardr veradalr stod þaa vpp ok birti fyrir hirdinni hueria vanvirðing¹ hann hafdi saklaust feingit. þat let hann ok fylgia at hann mundi þetta fyrir engum kæra ef honum væri nockur sæmd fyrir bodin. lendir menn ok hirdmenn sogdu at þeir villdu med engu moti at suo buit væri. Kom þa sua at jarl festi godra manna dom. var Vegardi dæmt bædi fe ok eidar ok vndi jarl verr sinum lut ok lagdi síþan mikinn fiandskap aa Vegard sem síþar segir.

Fra konungi ok Skula jarli.

42. Hakon konungur ok Skuli jarl skipudu eftir þetta allar systlur aa Vpplondum enn af þui at miok var vfridligt þa völdu þeir menn til. var þeim skipat yfir Hadaland Gunnbirni Jons brodur ok Þorbergi byskupsefni. enn yfir Raumariki Haralldi stangarfylju ok Þoralldi Augurs-syni. yfir Heidmork Olaafi mok ok Fridreki slafsa. enn Gudbrandzdali Endrida bækli ok Baardi hala. Hakon konungur ok Skuli jarl foru til Tunsbergs enn sendu menn til Biorgyniar at segia at þeir ætludu at sitia i Tunsbergi vm vetrinn. skipadi konungur Dagfinni bonda at bua til jolaveitzslu af sinni hendi. enn jarl skipadi Grunda fehirdi. Enn þeir foru i Vikina austr til Elfar ok rannsokudu eftir fornum maalum ok nyium konungdömsins vegna. enn síþan fara þeir norðr til Tunsbergs ok saatu þar vm iolin. þetta sama haust vard Gautr Jonssun aftreka or Jorsalaferd. konungur gerdi vel til hans ok feck honum Elfar systlu.

Fra hirdmonnum Hákonar konungs.

43. [673] Þessi var annarr vetr ríkis Hákonar konungs. þa gerdi hann lenda menn Guthorm Gunnason Paal vagaskaalm. Þann vetr var Gregorius Jonsson fyrir þrændalogum af konungs hendi. hann ritadi til konungs ok jarls vm vetrinn eftir jol ok sagdi at vpp hafdi brunnit bærinn i Nidarosi. Þessir voru þa raadgiafar konungs Marteinn konungs frændi Gunni Lodinssun Guthormr son hans Dagfinnr bondi Baardr brimsteinn. konungurinn var þa .xv. vetra. þessir raadgiafar konungs gerdu ord Arnbirni Jonssyni ok Guthormi brodur hans Paali vagarskaalm. þeir tauludu a þessa lund. oss þickir maal konungsins vera miok hættligt sua buit. þar sem jarl hefir bædi forsio fyrir sialfum honum ok rikin. enn þeir eru margir at þeirra i millum ganga verr enn vera skylldi ok stundum verda þeir eigi vid staddir er konunginum eru

¹) ok tilf. Cd.

oruggir ok fyrir þui villdum ver giarna fa sua saman komit þeirra vin-aattu at þar þyrfti eingann mistrunat aa at gera. kuodu þat likaz efni til þess at konungrinn bædi Margretar dottur jarls. sogdu at þa mundi allt aurugt vera af jarls hendi ok hann mundi þa vnna konungi sem sinum syni. Þeir toludu þetta fyrir konungi ok hafdi hann faatt vm i fyrstu enn kuez þetta vilia ef þa væri trygt ok traust vm alla luti. enn vm þat er ek ræddr sagdi hann, at allt komi til eins. enn þar likar mer vel sem þer siat fyrir. Siþan geingu þeir til jarls ok fluttu þa fyrir honum. Jarl tok þessu vel ok skaut þo til modur hennar ok til hennar sialfrar ok annarra þeirra frænda. enn þau fellu lykt aa þetta mal at konungrinn festir ser fru Margretu. saugdu þa bædi vinir ok sua adrir at ecki mundi skilia mega þeirra vinattu ef þetta tækiz.

Af Jslendingun.

44. Vm haustid aadr kom vtan af Jslandi Snorri Sturluson. þa komu vtan Saurli ok Grimarr med knaurr þann enn micla er þeir hofdu (haft i Vestmannaeyjum ok sogdu þau tipendi at þeir hefdi af lifi) tekit gogfann mann Orm Jonsson brodur Sæmundar i Odda ok son hans ok prest fyrir þann viafnat er Sæmundr hafdi gert austmonnum ok var þo Ormr saklauss þuiat hann hafdi iafnan bætt med þeim.

Brudhlaup Hákonar.

45. Hákon konungr ok Skuli jarl foru vm vorit or Tunsbergi til Biorgyniar ok saatu þar vm sumarit. þa kom Jonn staal til Biorgyniar med skip þat er hann hafdi gera laatid konunginum halfþritugt at rumatali. þat skip hafdi konungr lengi siþan ok var skipa bezst. Vm Mariumessu skeid for konungr ok jarl norðr i land ok hofdu fiolmennt ok godmennt or Gulapingslogum. enn Michialsmessudag var jumfru Margret pusat konunginum ok var veitt i hallinni sæmiliga. Saatu þeir þann vetr i Þronðheimi konungr ok jarl ok foru þa allir lutir vel med þeim ok blidliga. Þessi var enn þridi vetr ríkis hans. þa var þeim skiput sysla i neyrdzstu þingaa Vegardi veradal ok Andresi skialldarband. var þeim þui þessi sysla fengin at þeir voru mestir hofudvinir konungs.

Her hefiaz Ribbungar.

46. Eftir þat er Baglar hofdu geingit til sættar vid Haakon konung sem fyrr segir var engi sysla fengin. Gudolfi aa Blachastodum þuiat hann var miok illa þockadr af bændum þar sem hann hellt syslu. ok er

Gudolfr sa at hann feck engar sæmdir af Birkibeinum þa mislikadi honum ok settiz v̄m kyrt. Enn vetr þann er nu var frasagt ok þeir saatu i þrondheimi Hakon konungr ok Skuli jarl sendi Gudolfr son sinn Eilif kenni sudr a Hallland ok med honum Eirek farra ok enn þridia Jon raudd at leita sueins þess er Sigurdr heitir. hann var kalladr son Erlings steinveggs. þeir fundu hann ok tok hann sæmiliga vid þeim. dreif þegar lid til Sigurdar. Gudolfr var þa hofudraadgiafi Sigurdar enn Erlingr romstafr merkismadr hans. enn þessir komu fystir sueitarhoffþingiar til þeirra Sandulfr Haukssun þorleifr brudr Erlingr ringr Helgi a Solbiorgum Gauti gottsmior Gaasi vndir Fiallinu Grimr suangi. þeir hofdu mikit lid ok voru kalladir Ribbungar. Nockuru adr hofdu þeir gerdz eid(brædr) Juarr or Vik ok Gudolfr blackr ok voru godir felagar. Juarr hafdi enn vinstra lut Osloar syslu ok sat i syslunni ok vardi engis nema gods. Gudolfr safnadi lidi aa laun ok for at Juari til Hofudeyiar v̄m nætr ok kom aa vuart ok elli Juar af skipi. þar fellu margir vaskir menn ok fornir Birkibeinar Smidr kippa Halluadr kurt. Juarr komz i brott i bati einum enn sueitungar hans sumir komuz i kirkiu. Gudolfr tok skipit ok oll vðpn ok morg onnur fong.

Buinn hernadr til Jslandz.

47. Ðenna vetr saatu þeir i þrondheimi sem fyrr var ritad Hakon konungr ok Skuli jarl. enn er voradi foru þeir sudr til Biorgyniar ok saatu þar lengi v̄m sumarit. þa gerdi jarl ord aa þui at hann mundi gera her til Jslandz. þa hafdi Biorn son þorvalldz Gizsorarsunar dreginn mann norænann or kirkiu i Midfirdi ok laatid drepa. þottiz hann þat lata gera i hefnd Orms þuiat hann aatti Hallueigu dottur hans. Jarl ætladi morg skip til ferdarinnar enn menn voru miok v̄fusir ferdarinnar. þa kuad Gudmundr Oddzson visu.

· Huat skal ek fyrir mik hyrir
hreggmilldr jofurr leggja
gram fregn at þui gegnann
geirnetz (sumar) þetta

byriar hafs at heria
hyrr sueigir mer eigi
saars vinnr jarl aa orar
ættleifdir suan reifdan.

Snorri Sturluson ok þeir islendzkir menn sem þar voru baadu Dagfinn bonda flytia fyrir konunginum at þessi ætlan felli nidr. ok kom sua at stefna (var) tillogd ok taladi konungr aa stefnunni ok hðf sua. herra jarl segir hann ætlan þessi sem her hefir verit i sumar syniz ecki vitrlig voru raadi at herr se giorr til Jslandz þuiat su ferd þickir torsottlig enn land þat hefir hedan bygdz ok vðrir frændr ok forelldrar hafa

crístnat landit ok veitt landzmonnum mikil lunnindi. eru þar ok flestir menn saklausir fyrir oss þótt sumir hafi illa gert til varra þegna enn þat mun verða allra skadi ef landit er heriat. nu vil ek bidia ydr herra at þer laa tid niðr falla þessa ætlan fyrir sakir mins flutnings. Sem konungrinn hafði þetta mællt þa fluttu margir með honum. gaf þa þar jarl vpp þessar raadagerdir. var þat þa raad gert at Snorri Sturluson var vt sendr at frida fyrir Austmonnum. Gaf Hákon konungr (honum) lenz mannz nafn. tauludu þeir jarl mart vm maal manna a Jslandi. var þa fyrsta sinni rætt af jarli at [674] Snorri skyldi koma landinu vndir Hákon konung. Enn vm haustid er Snorri kom vt vrðu þeir vsaattir siaalfir Sunnlendingar ok vm vorit eftir drap Loptr i Skardi Biorn Þorualldzsun a Breidabolstad. þat sumar sendi Snorri vtan Jon son sinn jarli sem mællt var með þeim. enn engu kom Snorri aleidis vid landzmenn flutti hann ok litt. enn frid hófdu kaupmenn godann þann tima aa Jslandi.

Fra Hákonu ok Skula jarli.

48. Vm sumarit er þeir saatu i Biorgyn Hákon konungr ok Skuli jarl kom bref austan or Vik fra lendum monnum at þeir skynde austr þangat þuiat Ribbungar styrktuz miok. biugguz þeir skiott ok vrðu bunir at Michialsmesso. þeir hófdu .xxx. skipa. þessir voru lendir menn. Paall vogarskaalm Jonn staal Juarr nef. þeir fengu hardann byr fyrir Jadri. síþan laagu þeir i haalfann manud i Lykri. geck þa vpp dryckr miok ok sua vist. var þa hoggit bu fyrir morgum monnum i bygdinni. Gerdiz þa illr kurr i herinum. leiddiz þa morgum langlegan. vár þaa þat raads tekit at þeir skiptu lidinu ok sneri konungr norðr til Biorgyniar með storskipum enn jarl fór með enum smærum skipum ok hafði hann meira lid. Sua var skilit með þeim at jarl skyldi taka landzskyllid vm alla Vikina ok flytia norðr til jolaveizslu ok maalagjafa. þa er Hákon konungr kom norðr i Eikundasund fann hann þar Heinrek byskup ok toludu þeir marga luti sin i milli ok stadfestu sina vinaattu. var Heinrek byskup síþan stadfastr ok þruggr vid konung. Hann mællti þa i skilnadi. þat vil ek at þer vitid herra at engan aattu þer meira (u)vin i litlum manni enn mik enn hedan af skal ydr engi traustari vin af oss byskupum þótt þat megi litid. Konungi byriadi vel til Biorgyniar hann hafði litid (fe) a skipum með ser þat er hann mætti hallda sik vid enn með ollu ecki fyrir. þa kalladi hann til sin Dagfinn bonda ok tok hann fehirdzslu ok at bua til jolaveitzlu. voru þa tekin stór laan bæði til bordhalldz ok jolabunadar. þa voru ok morg bref gior til syslumanna ok varð þat at litlum skilum þuiat syslumenn rædduz litt konung ok

huert sinn er hann taldi aa þa var þui þegar suarat at þeir skyldu annarstadar þa til stunda.

Fra Skula jarli.

49. Nv er at segia af jarli at honum byriar helldr seint i Vikina ok er hann kom fram baud hann vt leidangri ok landzskyldum konungs vm alla Vikina. hann tok af slikt er hann feck ok sneri norðr aptr ok for fimm naattum fyrir iol vr Tunsbergi. honum byriadi vel ok kom et fiorda kuelld jola til Biorgyniar. Hann gerdi menn fyrir til konungs enn konungr gerdi menn i mot honum ok baud honum med ser alla kosti. saatu þeir þa baadir samt vm jolin ok for allt sem blidazst med þeim. þessi var enn fiordi vetr rikis hans. enn er aa tok lida vetrinn komu þau ord austan or Vikinni at Ribbungar styrktiz miok ok gerdi margar vspecktir. var þa Beni ok Slittungar komnir til Ribbunga. var Beni sueitarhoffingi i herinum enn ecki villdi Sigurdr hann meirr tigna enn sua.

Skuli for til þronðheims.

50. Enn er vðra tok gerdu þeir þat raad at jarl skyldi fara norðr til þronðheims ok eflaz þadan at lidi ok fara sua et efra ofan i Vikina til motz vid Ribbunga. enn konungr skyldi fara austr i Vik med skipalid ok skyldu þeir þar hittaz. þegar er jarl kom i þronðheim stefndi hann til sin lendum monnum Gregorio Jonssyni Paali vogarskaalm Petri Paalssyni. foru siþan aa land vpp sem ætlat var. Jarl hafdi mikit lid ok fritt. hann for þar til er hann kom sudr aa Heidmork til Hamars. þa komu i mot honum allir systlumenn Birkibeina þeir er aa Vpplondum voru. hafdi hann þa frettir austan or Vikinni at Ribbungar voru þar ok hofdu mikinn styrk. hafdi Sigurdr litlu aadr verit i Oslu ok tekit þar .ij. skip er byskup aatti. ok hueruetna drogu þeir skip at ser ok ætludu at fara til Tunsbergs at Arnbirni Jonssyni ok þeim lendum monnum er þar voru. þeir Arnbiora gættu sin aa berginu. Ok er jarl spurdi þessi tifendi skyndi hann sinni ferd or Hamri ok allir systlumenn med honum fyrst til Osloar.

Hakon konungr hellt til Vikr.

51. Nv er at segia fra Hakoni konungi. hann for vm sumarit sem raad var fyrir gert. konungr hafdi mikit lid. þar var Gautr Jonsson Jonn staal Dagfinnr bondi ok er ecki sagt af hans ferd fyrr enn hann kom austr ok sigldi inn eftir Vikinni ok lagdi at i Grindholmasunde.

Þá var þat tíþenda i Vikinni at Ribbungar laagu þar austan fiardar vid Vaurnu ok hofdu morg skip ok mikit lid. enn Arnbiorn Jonsson ok þeir lendir menn er i Tunsbergi voru hofdu dregit lid at ser ok skip ok ætludu at þeim ok voru albunir at hallda vt. Enn er þeir komu vt vm Skeliasteins grunn þa sigldi býrðingr einn nordan. Arnbiorn rere til aa baati ok spurdi tíþenda. þeir sogdu at Hakon konungr var nordan kominn ok laa i Grindholmasundi med morgum skipum. Arnbiorn vard þessu miok feginn ok sneri þegar til konungsins ok sagdi honum tíþendi vm ferd Ribbunga. Hakon konungr þa er hann spurdi til Ribbunga let hann blaasa ok baaru landtiolld aa skipin ok rettu¹ þegar sudr estir sundinu. ok þa villdu þeir Gautr ok Dagfinnr laata þegar roa aa fiordinn sudr vm nottina. enn Arnbiorn ok þeir Vikueriar sogdu at þa var miok lidit degi ok kuodu raadligrá at taka vt i moti degi a fiordinn. reru þeir þaa inn til Jarlseyiar ok laagu þar vm naattina. Aunduerda nott kom skuta austan at Rugéy ok sua til konungs ok voru aa sueitungar Halluarcz bratta ok sogdu at Ribbungar hofdu ellta þa. ok þeir reru þa austan at Rugey er ver skildum. ætludu þeir hingat at lendum monnum þuiat þeir hafa spurt at lendir menn hafa skip faa ok sma. enn þeir hafa meirr en .xl. skipa ok þickir þat oss likt at þeir muni higat roa aa fiordinn i nott. enn ecki vita þeir at konungrinn se nordan kominn. þa var kallat vpp lidit af skipunum. Dagfinnr bondi taladi fyrir herinum ok sagdi ætlan konungsins at menn skulu liggia tialldlausir i nott ok i ollum herklædum. þuiat oss þickir þess vaan at Ribbungar komi her i nott med ollum her sinum.

Lodinn kom til konungs ok sagdi til Ribbunga.

52. Lodinn Gunnasun for aa niosn vm nottina med þrim skutum. menn voknudu snemma fyrir dag þuiat nockut var kallt ok biugguz þegar. þa kom Lodinn apr er [875] lysa tok ok hafdi tekit skutu af Ribbungum ok fluttu til konungs. þeir sogdu mart af ætlan Ribbunga ok þeir hofdu spurt at Skuli jarl var kominn af landi ofan med mikinn her ok var þa i Oslu ok þora þeir ecki þangat at hallda. spurt hafa þeir ok at lendir menn eru i Tunsbergi med smaskipum ok ætla þeir fyrst at þeim. enn ef þeir faa vnnit þa þa ætla þeir at fara i mot jarli.

Fra Hakoni konungi.

53. Eftir þetta kalladi konungr til sin raadgiafa sina ok var raad fyrir gert at smaskipin skylldu fara fyrir enn langskipin eftir. ok skylldi

¹) r. reru (?)

standa tre a þeim ok mundi Ribbungar þa hyggia at allt væri byrðingar edr smaskip. ok sua var gert. reru þa aa fiordinn sem akafligazst. Ok er þeir komu sudr vm eya saa þeir at Ribbungar reru sunnan ok stefndu et beinsta i moti þeim. þotti þa Birkibeinum likt at saman mundi bera med þeim. Logn var aa vedrs ok solskin fagrt. a storskipunum spentu .ij. eina aar ok geingu skuturnar litt vndan. konungskipit var mest ok voru þo morg stöð. Konungr bad Sigurd skialga stiga aa baat ok roa fram til smaskipanna ok segia at sialldan reru fornir Birkibeinar sua slæliga þa er slikt laa vid. enn siþan geingu skuturnar betr fram. Ribbungar hugdu at byrðingar væri i ferdinni ok reru i mot sem beinaz. ok er þeir toku aa smaskutunum at skiota aa þa er næstir voru sa Ribbungar at vedrvitar glitrudu vid i solskininu aa storskipunum. þottuz þeir þa vita at fleira vard i ferd med Birkebeinum enn lendir menn einir. viku þeir stofnum ok villdu snua inn eftir firdinum. Sem konungrinn sa þat stefndi hann fyrir þa ok storskipin sua at ecki aattu þeir þess kost. viku þeir þa afr til landz þagat sem skemst var. geingu þeir þar aa land sem Jolond heita ok hiuggu af brandana. Birkil einar lupu eftir þeim sem mest er næstir voru. enn þa var bru fyrir þeim ok taka Ribbungar hana af ok kuomuz sua vndan. fellu þar nockurir menn af þeim enn sumir vrdu saarir. Sua kuat Sturla þordarson.

Orn let austr fyrir Vaurnu
allualldr skipum halldit
rinfura vann ryrir
Ribbunga hlut þungan.

ok ostiltan elli
aurr þingadr vikinga
raund klauf ræsir steinda
reid aa land af skeidum.

Capitulum.

54. Skuli var i Oslu sem fyrr var ritad. hann bad Nicholas byskup lia ser Skeggiann skip sitt. enn byskup villdi þat eigi ok het þeim stormælum ef þeir tæki skip ens helga Halluardz. þa suaar jarl. eigi er long stund siþan lidin er Ribbungar toku skip þin .ij. ok bannsettir þu þa ecki fyrir þat ok munum ver þui diarfliga taka til þessa skips. enn ef þu bannfærir oss fyrir þat er ver tokum til landreinsanar enn hinum þoldir þu er aadr voru bannsettir fyrir sin illvirki þaa verdr þat bann alkeypt ok sua þeim er þui þiona. Eftir þetta ledi byskup skipit med hofdum ok ollum reida. Gregorius Jonssun tok þat skip er Stockabuzsan het. Paall vagaskalm tok Hasaugubuzsuna. siþan toku adrir sœitarhoffingiar þau stærstu skip er til voru i bænum ok viggrydludu stafna i milli. foru siþan sem akafaz vt eftir firde. Ok er þeir komu

til Jolundar liop bondi einn aa nesit ok kalladi aa þa. sagdi at lendir menn ok Birkibeinar foru vr bænum Tunsbergi ok ætludu til motz vid jarl. enn þa komu Ribbungar i moti ok beriaz þeir nu sem hardaz. vænti ek at Birkibeinar þurfi lids þuiat þeir hafa bædi skipin færi ok smæri. Bondi sagdi þui sua. at hann vissi eigi at konungrinn væri i ferd med þeim. ecki hafdi jarl spurt til konungs. Siþan spentu .ij. hueria aar ok reru sem akafazst. var þa allt senn at þeir komu fyrir Stallinn sua at konungrinn sa ferd jarls ok Ribbungar geingu af skipum. gerdi konungr þa skutu moti jarli at segia huat fram for ok þeir þurftu eigi at roa sua mikit. Sem jarl vard þessa varr reru þeir af tomi. Konungsmenn toku skip Ribbunga ok mikit herfang annat ok settu menn til at gæta þar til er skipt væri. Siþan funduz þeir konungr ok jarl ok fagnadi huarr odrum blidliga.

Fra Ribbungum.

55. Siþan er Ribbungar voru elliir sneruzst þeir austr et efra. enn er konungr ok jarl vrdu þess varir þa sneruz þeir inn eftir Osloarfirdi ok sigldu vm kuellidit til Haugsvikr enn vm morgininn inn til Hofudeyiar. lagdi konungr þar at ok flestr allr herinn enn sum skipin logdu þegar til beiar ok þessir hofpingiar Paall vaagarskaalm Aasolfr konungsfrændi Kolbeinn ketturyggr Hakon kaafvis ok flestir allir syslumenn af Vpplondum. Vm kuellidit kom niosn til konungs ok jarls at Ribbungar mundu leita til beiarins vm naattina. konungr gerdi ludrasuein til beiarins ok let blaasa ollum monnum or bænum. enn þeir gaafu litinn gaum at þui ok duolduzst eigi at sidr enn sumir logduz vt vm ackeri. Vm morgininn i dagan kom Sigurdr ribbungr j bæinn laupandi ok allr hans herr. þeir foru nidri vm stræti ok vm bryggiur ok raaku nockura menn aa kaf ok særdu. enn Birkibeinar komu vt skipum fra bryggium ok vrdu menn saarir af skotum. Hakon kaafuis var geinginn vpp i bæinn ok liop hann aa kaf ok var skotinn i fotinn ok dreginn vid þat vpp i skip. Fiorir menn voru drepnir af Birkibeinum. enn þeir Birkibeinar er aa skipum voru herklædduz ok logdu at bryggium. enn er Ribbungar sa þat viku þeir vndan vpp vm stræti ok sua nordr or bænum enn Birkibeinar eftir.

Atlaga konungs.

56. Hakon konungr ok jarl laagu vndir Hofudsey. ok er þeir heyrdu at blaasit var (i) bænum herklæddiz allr herrinn ok reru til beiarins. vrdu þau skip seinbunuzst er stærst voru konungsskip ok

buzsurnar. Þá mælti Ógmundr merkismadr til konungs. herra nu ma sia huar Ribbungar laupa norðr or bænum ok sýslum ver nu ecki þar at sinni. er þat nu betra raad at ver roum yfir i Gylianda ok gaungum þar vpp ok sua austr yfir Akrshaga¹ ok mætum þar Ribbungum vid bruna ok faam ver þa meira sýslat ef gud vill. Konungr kuez þat giarna vilia ok kalladi aa þau skipin er næst laagu ok had þau vestr snua. Enn Barnapetr ok þeir er þungfærazstir voru þottuz eigi til þess færir at rekazst eftir Ribbungum vm skoga ok fylgdu honum margir at þui ok sneru oll skipin at bryggium. enn þeir er fyrst komu lupu vpp þegar. enn i þui bili komu .iij. sueitir Ribbunga i bæinn. ok er þeir mættuzst [676] ok skutnaherrinn. hugdu Ribbungar at þat væri þeirra menn ok spurdu huar Sigurdr konungr þeirra var. kendu þa Birkibeinar at þetta voru Ribbungar. kom þa skiott hogg i lidit. viku Ribbungar þa vndan norðr eftir strætinu enn sumir aa akrana. þar fellu .lxxx. manna af Ribbungum. enn þeir Birkibeinar sem fyrst foru ok hofdu laupit eftir Ribbungum fylgdu þeim norðr til aar þeirrar er Faad heitir. ok skutuz þeir þar aa vm ríjd. þa toku Ribbungar vndan enn Birkibeinar sneru til Osloar. Sua quat Sturla.

Laugdu vt
litlu síþarr
audlings menn
Oslubæiar til.

ok þar stock
fyrir hautud hilldar
a glapstíg
grytlinga sueit.

Ok enn þetta.

Holmreyrar geck hialme
Hórda ualldr of falldinn
enn sa er vthlaupsmonnun
audmilldr sakar gillde.

fellu fiandmenn stillis
feck tafn gefit rafni
enn sigrgædi síþan
sumir skundudu vndan.

Fra Hakoni ok Skula.

57. Hakon konungr ok Skuli jarl biuggu síþan ferd sina vt or bænum ok skipudu adr sýslumenn vm oll Vpplond. þeir sigldu vt til Haugsvíkr ok hofdu þar hýrdmanna stefnu. sagdi jarl at hann vill fara vpp aa Folld ok hefna Rognvalldz er þeir drapu saklausann ok brenna bygdir þeirra. Konungrinn suarar. engar hefndir aa ek at gera eftir Rognualld þuiat hafa hans frændr nídrat minni ætt. enn fyrir þui at bændr drapu hann saklausann þaa mæli ek eigi aa mot þui at þer farit med lidi ok hefnit þeim. For þa jarl vpp ok Gregorius Jonsson fodurbrodir Rognuallz ok margir Birkibeinar ok þeir flestir er Baglar hofdu

¹) ak'gs (*d. e.* a konungs) haga Cd.

verit. Þeir brendu mikinn lut bygðarinnar enn bændr toku ecki við. síðan foru Birkibeinar til skipa sinna. Þá var þetta kuedit.

Rekit var Rögnvalldz dauda
þa er randvidir brendu
þurru hér fyrir harra
harda anstan fiardar.

vara tal at skaut Skuli
skyprunginn Folldungum
elldr leek hus fyrir haulldum
hingat skelk i bringu.

Fra Hákonu konungi ok Birkibeinum.

58. Síðan sigldu þeir konungr ok jarl vt til Jarlseyiar ok biugguz þadan norðr til Biorgyniar. Lodinn Paalssun var eftir a berginu enn Guthormr Gunnasun a Grenlandi ok sylumenn austr við Elfina. Árnbiorn Jonssun ok Lodinn Gunnasun foru norðr með konungi. þeir laagu nockurar nætr i Hornberasundi¹ ok toku þadan vt eitt kuelld ok voru miok druknir. Vm nottina gerdi vedr huast ok regn i moti þeim. sigldu þa inn til hafna ok vissu eigi hvar þeir foru. vm morgininn i dagan sigldu þeir inn vm Tregdasund. þeir kuomu við sker ok brutu styri sitt. síðan greiddiz þeim vel norðr til Þronðheims. Ok er þeir kuomu til bearins voru nordan komnar fru Ragnhilldr ok Sigrid jarls systir er síðan var abbadis aa Reini. þær foru fyrir þui nordan at þa feck Lodinn Gunnason Jngibiargar systur jarls. var þa gert brudlaup i konungsgardi.

Vegardr var veginn.

59. J þenna tíma kuomu nordan af Halogalandi sueitungar Vegardz veradals ok sogdu konunginum þau tíþendi at Andres skialldarband frændi konungs hafdi drepa latid Vegard veradal enn mesta hofudvin konungs ok maag. Konungr spurdi huat til saka væri. þeir sogdu at hann gaf honum engar sakir ok at þeir saatu norðr i Hyn. Andres sat þar sem Haufn heitir enn Vegardr litlu ofarr i bygdinni. Vegardr kom einn dag til Hafnar ok baud Andresi til bordz enn Andres iattadi. þa sendi Vegardr heim summa sina menn at setia bordit. Andres bad Vegard ganga til huss þar er Finnskatr var i ok bad hann at hyggia at eigi spilltiz. Vegardr geck at husinu. þar var fiol ein sigin ofan. hann tok ofan staalhufuna ok saa inn. þa lupu fram .ij. sueinar Andres Botolfr limr ok annarr (Auzurr gnit) ok særdu hann banasaarum. Þetta verk likadi konunginum storilla ok þottiz i þessu verki hafa laatid þa .ij. menn er honum voru hollazstir. enn vita þottiz hann af huerium rotum þetta hafdi risit. Konungr geck þa til jarls ok sagdi þessi tíþendi ok fanz honum faatt vm ok sua at honum þotti eigi verr þo at þessa væri hefnt a Andresi. Konungr kallar til sin vini sina ok spurdi raadz vm

¹) r. Hornborasundi

Þetta maal. hann feck þat raad af þeim at Andres misti sæmda sinna af konungi enn eigi leti hann lif sitt þo at þess væri vert. þui at þeir fundu at þess volld geingu til eigi minnr er baada þa villdu dauda. Litlu sidar kom Andres til beiarins ok hafði tuitugsessu nyia ok vel skipada. Andres idradiz miok þessa verks ok þottiz sia hueriar snðrur voru fyrir hann lagdar. Konungr tok af honum systluna enn gaf honum sætt. konungr feck Juari vtvik systluna enn jarl feck Andresi systluna vm vetrinn af sinni hendi.

Fra Birkibeinum ok Ribbungum.

60. Þa er a leid haustid geingu þeir til konungs Arnbiorn Jonsson Halluardr bratti Lodinn Gunnasun ok adrir Vikueriar ok sogdu at þeir hofdu spurt at Ribbngar styrktuz miok i Vikinni. Sem konungr ok jarl heyrdu þetta biuggu þeir ferd sina skyndiliga. tok konungr tuitugsessu er Juar nef hafdi gera laatid enn jarl tok byskups skip. þeir foru þar til er þeir quomu austr fyrir Agdir. þa spurdu þeir at nockurar sueitir af Ribbungum voru austan komnar þar i naand. þa toku þeir menn af skipunum sinum ok letu fara at þeim a lettiskipum. Þar fellu nockurir menn af Ribbungum enn adrir flydu vndan. bu var tekit fyrir þeim ok letu þeir byrding einn ok villdu sua sigla med vt til skipa. þeir fengu vedr huast ok sigldu i boda ok forst þar byrdingrinn ok margir godir dreingir. Slitandi het forn Birkibeinn er þa letz hialtlendzkr madr. enn þeir er hialpuduz komuz med þui at þeir logduz a nautabukana dauda ok fluttuz sua til landz. Hakon konungr ok jarl sigldu þann dag aa Grenmar ok inn fyrir Nesiar ok fengu allmikinn storm. var vedrit bædi þuert ok stort ok var ausit afr ok fram ok var buit vid vada sialfum. konungsskipit ok jarlsskipit ok Arnbiarnar skip þau ein drogu sik fram enn oll onnur viku inn af [677] leid til hafna. þeir logdu at vid Hereyiar ok spurdu at Sigurdr ribbngur ok Beni voru aa Raumariki med myklu lidi. enn sumar sueitir Ribbunga voru sudr i Vikina. Enn er lid kom til konungsins gerdu þeir þat raad at jarl skyldi fara sudr i Vikina ok leita at Ribbungum. enn konungr var eftir i Tunsbergi med sinu lidi. Gunnarr Aasuson het madr. hann hafdi verit forn Boglungr ok mikill vuin Birkibeina. hann gerdiz handgeinginn Hakoni konungi þa er Baglar gaafuz vpp. enn þui at hann feck enga sæmd af konungi sem hann villdi þa liop hann til Ribbunga ok tok þegar laun af þeim ok feck hann mikla sueit ok gerdi eigi einn madr verra enn hann. Jarl sigldi austr ok spurdi at Gunnarr var i Vettaheradi¹. hann feck niosn af huar Gunnarr var ok .ij. sueitir adrar af Ribbungum. ok þa er myrkuaz var

¹) Vettaheradi *Cd.*

nætr komu þeir at Gunnari þar sem heitir Apalldrsetr. Birkibeinar kringdu þegar husin oll ok komz faatt vt ok voru þa þegar drepnir. enu Gunnarr ok þeir sem med honum voru biugguz vid sem mest. hann hafdi mikla sueit. Arnundi akafr var merkismadr jarls. hann var lostinn auru i ðstinn ok feck þegar bana. þar vard hord atganga þuiat Ribbungar vorduz dreingiliga. þar fell Gunnarr ok nitugir manna med honum. Sua kuat Snorri Sturluson i Haattatali.

Staala kendi stauckuilundum
styriar ualldr raudu falda
recker styrdu rett til iardar
rodnu bardi austan fiardar.

oddum rendi elion strandir
yta ferdar hringa skerdir
hilmir stærði huossu suerdi
heila grundar meginvndir.

Ok enn þessa.

Vafdi litt er virdum mætti
vegrækiandi fram at sækia
skerdir geck i skurum Hlackar
skauglar serks fram fyrir merkiüm.

rudduz lond enn ræsir þrænda
Ribbungum skop bana þungann
Gunnar skaut vnd gera fotar
grunnsetta il hiarna kletti.

Ribbungar fellu fyrir Skula.

61. Eptir þetta sneri jarl norðr aftr til Tunsbergs ok hitti þar konunginn. var þaa þat raad gert at jarl var eftir i Vikinni. enn konungur for norðr aftr til Biorgyniar ok kom þar fyrir jol ok sat þar vm vetrinn. þessi var enn .v. vetr konungdoms hans. Vaanum bradara er þeir hofdu skilit konungur ok jarl þa spurdi jarl at Gudolfr blackr var i Osloar heradi a ymsum bæium ok hafdi mikla sueit. hann var vm daga i bænum enn vm nætr i heradi. Jarl tok skutur nockurar ok sigldi inn til Hofudeyiar. hann spurdi þa at Gudolfr var at Forsi at Munkabui skamt fra bænum. Jarl kom i dagan ath Gudolfi ok kringdu bæinn ok skipadi til atgaungu. þar fellu .lxx. manna af Ribbungum enn Gudolfr komz vndan. Optliga gerdi jarl til Ribbunga vm vetrinn ok drap menn af þeim. Sua quat Snorri Sturluson.

Eyddi vtlaupsmonnum
itr hertugi sueitum
sungu staal of stillis
stod ylgr i val dylgium.

hal margan let hofdi
hoddgrimmr iofur skemma
sua kann raan at refsa
reidr oddviti þiodum.

Hadar ok Heinir hofdu haft safnat mikinn i mot Ribbungum siþan þeir hofuz ok vart sua dreingiliga huartueggia fylkit at Ribbungar þrifuzst þar ecki. þeir Gunbiorn ok þorgeirr byskupmaagr hofdu þa systlu aa Hadalandi ok vm þotn. Sigurdr Ribbungr hafdi feingit Bergdori lock ok Eysteini ring systlu aa Hadalandi af sinni hendi. Ribbungar drogu skip or Draufn ok vpp i Tyri ok sua vpp i Raund. Eftir þat spurdu systlumenn Birkibeina þetta. foru

þegar i mot þeim ok bændr ok mættuz þeir vid strond þa er Leina het. ok ortuz þeir þegar aa ok geck Ribbungum betr i fystunni. enn siþan sneri mannfallinu a hendr þeim ok fellu þar vel .cc. manna af Ribbungum enn Sigurdr flydi ok toku Birkibeinar þar oll skip þeirra. Eftir þetta slag dreifduz bændr miok ok hofdu einga vordu aa ser ne bygdum sinum. ok er Sigurdr spurdi þetta for hann vpp a Hadaland ok kom aa vuart at Joni kuz aa bæ þeim er Hlunnar heita ok drapu hann þar. Eftir þat sættuz bændr vid Sigurdr ok gulldu stor giolld vm Hadaland. Sigurdr let þa bua fyrir ser i eyiunni Frodung i Thyri ok tok gisla af bændum ok skipadi systum vm Hadaland. Þilir geingu þa miok til handa Sigurdi ok sua Verdælir. Þa er Heiner ok Hadar spurdu þetta (slag) sem Hadar hofdu feingit þa gættu þeir þui betr sinna bygda sua at Ribbunar komu þar ecki fram helldr ridu bændr eftir Ribbungum vpp a Raumariki ok gaafu þeim morg slög. Her eftir vrdu margir lutir i milli Ribbunga er ymsir vrdu brogdum fegnir. Vm vorit eftir kyndil-messu spurdi jarl at Ribbunar voru i enn vestra lut Osloar systlu med nockurar sueitir. Jarl gerdi Eirik sitizsu med sueitungum sinum ok gerdi ord til Osloar systlu Haralldi stangarfylju ok þeim sueitarhoffþingium er þar saatu at þeir færi at Ribbungum. Þeir Eirekr ok Haralldr foru at leita þeirra ok mættuz þar sem Suans heitir ok bórduz þar. Þeir geinguz at sua fast at merkismennirnir mættuz ok fengu Birki-beinar tekitt merkismann Ribbunga er Herbiorn het. enn þar fell Aasti er verit hafdi merkismadr Sigurdar ok nockur sueit manna af Ribbungum. enn eftir þat flydu Ribbunar enn Birkibeinar foru vt til jarls. hofdu Herbiorn med ser. var hann siþan hirdmadr Skula jarls.

Hakon konungr for til Þronðheims.

62. Vm vorit i faustu bioz Hakon konungr norðr til Þronðheims. for Dagfinnr bondi med honum ok Baardr brimsteinn Hakon kaauis. konungr hafdi .vij. skip. Vm paaschir laa hann i Leirgula ok sigldi þadan fiorda dag pascha fyrir Stad mikitt vedr. þrim naattum sidarr sigldu þeir inn vm Agdanes sua mikinn storm at allt tok seglit fra þeim ok skipin sneru her ok huar vndir nesit. Konungr feck engu odrn vid komitt enn at halda inn at aanni. þa var flod er hann kom i aarminnit ok maatti engum festum vid koma fyrir stormi. rak þa vpp vid sandiun fyrir Backa. for þa til folkitt or bænum ok baaru streingi aa skipitt ok var naudugliga vpp dregitt Guthornr erchibyskup var þa i bænum hann fagnadi konunginum i ollum lutum sem sæmiligazst. Þeir hofdu opt tal sin i milli. konungrinn spurdi erchibyskup eitt sinn hui hann sneri sua

mikilli vunaattu til hans medan [678] hann var i barnæsku sinni. erchibyskup suarar at annarra manna volld geingu eigi minnr til þess enn sialfs hans illvili. For þa vpp allt et sanna fyrir konungi. het erchibyskup þa þui at hann skyldi koma annat, sumar til Biorgyniar ok gera þa sæmd hans þui ollu meiri sem honum þotti aadr aafaatt. Hakon konungr skipadi Gregorium Jonsson at gæta allra þrændalaga fyrir sakir mikils vfridar er þa var aa Vpplondum. Konungr bioz nordan er aa leid vaarit ok sigldi til Biorgyniar ok sat þar vm vetrinn.

Bardagi i Jkornaholmum.

63. Skuli jarl sat i Tunsbergi enn Arnbiorn Jonsson var austan fiardar ok vardi þar landit. Ribbungar voru aa landi vppi ok hofdu mikinn styrk. þeir hofdu komit morgum skipum vpp i vatnit i Eyiasyslu. Menn Birkibeina laagu þa i Miors ok hofdu mikit lid. var fyrir þeim Haralldr stangarfylia Olafr mokr Fridrekr slafsi þorgeirr byskups-madr. Ribbungar koma vpp i Miors skipum sinum ok leitudu Birkibeina vm vatnit. Sigurdr konungr þeirra var fyrir þeim ok margir sueitarhoffingiar med honum. þeir fundu Birkibeina þar sem heita Jkornaholmar ok vard þar bardagi hardr. hofdu Ribbungar meira lid ok voru miok aakafir. enn Birkibeinar toku vid dreingiliga ok lauk sua at Birkibeinar fengu sigr enn Ribbungar flydu. þar fell framarla aa audru .c. manna af Ribbungum ok þessir sueitarhoffingiar Styrr prestur Aurnolfr af Folafelli Audunn austansiorr þorbiorn rigr. Faatt fell af Birkibeinum. Sigurdr flydi þa vpp a þotn ok stefndi þadan til fiallz. þetta sumar spurdi Arnbiorn Jonsson at Beni skinnknifr var vppi aa Raumariki med sueit nockura ok gerdi þar margar vspektir. Arnbiorn Jonsson sendi menn til hans Helga fleskhun ok þa er honum þottu fræknazstir. þeir fundu hann vppi vid vatnit Eyia. liop Beni aa skip. þeir fengu halldit skipum ok geingu at þeim ok draapu flesta alla menn. Beni liop a kaf ok leyndiz her ok huar vndir skipunum. leingi var aadr þeir fyndi hann enn þo vard þat ok lez Beni vid litinn ordztjir.

Sigling Hakonar konungs.

64. Hakon konungr sat i Biorgyn vm sumarit ok hafdi alla lenda menn nordan or landi ok or Gulapingslogum. ok er hann spurdi ofrid af Vpplondum þa bio hann ferd sina austr i Vik. Enn vm Mariumesso skeid kuomu menn nordan or þrondheimi fra Gregorio ok sagdi at Ribbungar voru komnir vpp vm fiall ok ætludu i þrondheim. baadu þeir konunginn skynda norðr. Konungr let þegar blaasa til hirdstefnu

ok sagdi þessi tidendi ok lysti þui at hann mundi norðr snua. enn allir quoduz honum fylgia vilia. konungr sendi menn ok bref eftir Gregorio Jonssyni ok Juari nef ok biugguz þeir sem akafaz. Þorsdaginn sigldi konungr norðr með haalfan fiorda tug skipa. ok er hann sigldi vð Sognsio mætti hann þar knerri. hann var kominn af Jslandi. þar var aa Guðmundr byskup ok sagdi hann konungi morg tidendi er gerdzst hofdu a Jslandi. Þat var hofdu þeir barizst i Grimsey Sighuatr Sturluson ok byskupsmenn. enn aadr vð vetrinn var Tumi drepinn af byskups monnum at Holum. Konungrinn ætladi at sigla norðr vð Aaleyarsund. þa komu þar menn Gregorij Jonssonar a hleypiskutu ok sogdu at Ribbungar hofdu komit nordan vð fiall með mikinn her ok gert mart illt þar sem þeir kuomo. þeir voru allt i Veradal til bus þess er aatti Juarr i Berudal ok gerdu marga ferliga hluti. enn er bændr i Gaulardal spurdu þetta skaaru þeir vpp heraur ok huerueta var safnadr fyrir þeim. Sem Ribbungar spurdu þetta þa hurfu þeir austr vð fiall ok sogdu sendimenn konungi at eigi var minni vaan at þeir kæmi ofan aa Raumsdal. Konungr sigldi norðr til Leirgula þui at hann vissi eigi nema Ribbungar kæmi ofan aa Mæri. beid hann þar til þess er hann spurdi sannliga at Ribbungar hofdu snuit i Eystridali.

Hakon konungr gerdi menn til Skula jarls.

65. Hakon konungr sneri sudr aftr. hann kom eftir Michialsmessu til Biorgyniar. gaf konungr þa lendum monnum heimleyfi enn hann efnadi þar til vetrsetu. Konungr hafdi laatid vt bioda leidangri vð sumarit aadr i [hvarumtueggia helmingi ¹ Egðafylkis enn Skuli jarl hafdi laatid taka driugum allan leidangr. feck konungr or nærðra helmingi nockut enn ecki or enum synnra. Konungr kalladi til sin raadgiafa sina ok sagdi þeim þetta ok virðiz sua ollum sem jarl villdi þa gera mikinn sinn þridiung af Noregi er hann villdi hafa alla Vikina ok oll Vpplond ok allt norðr til Ryaifylkis. enn Eirikr jarl brodir Suerris konungs ok Philippus hlutu þann þridiung at hafa milli Suinasundz ok Rygiarbitz. ok sua hofdu hinir fyrri hofþingiar skipt sin i milli. Hakon konungr gerdi þa menn til jarls með brefum ok sagdi sua. at honum mislikadi þetta landaskipti lengr ok jarl mundi eigi vid Ribbunga eina eiga vfrid ef hann helldi þessu fram leingr.

Herferd Andres ok Juars.

66. Svmar þetta foru þeir herferd til Biarmalandz Andres skialldarband ok Juarr vtvik. þeir hofdu .iiij. skip. enn su sauk var til ferdar

¹) [huartueggia (og et ulæseligt Ord) Cd.

Flateyjarbók. III.

þeirrar at þeir höfdu farit kaupferð til Biarmalandz nockurum vetrum aadr Andres af Sanmælingum ok Sueinn Sigurdarsun Augmundr af Spangheimi ok margir adrir. þeir höfdu .ij. skip ok foru þeir aftr vm haustid Andress ok Sueinn. enn þeir saatu eftir med annat skip Helgi Bograngssun ok skipueriar hans. Augmundr af Spangheime var ok eftir ok for hann vm haustid austr i Sydridala riki med sueinum sinum ok varnadi. enn Haaleygir vrdu missaattir vid Biarmakonung. ok vm vetrinn foru Biarmar at þeim ok draapu alla skipshofnina. Enn er Augmundr spurdi þat for hann austan i Holmgarda ok þadan it eystra vt til hafs ok letti eigi fyrr enn hann kom til Jorsala. for hann þadan vpp til Noregs ok vard hans ferð allfræg. þeir Andress ok Juarr foru til Biarmalandz ok gerdu þar it mesta heruirki i mandrapum ok raanum ok fengu stormikit fe i grauðru ok brendu silfri. ok er þeir foru nordan sigldu þeir i raust norðr fyrir Straumsneskinnum ok bar or .iij. skipin. enn þat skip er Juarr var aa bar sioinn i seglit ok halladi skipinu sua at inn fell siorrinn ok þui næst huelfdi. Jogramr het madr er Juari kom aa kiol ok hinn þridi madr til komz aa. þeir skutu til baati af skipi þorbergs ok geck or [679] stafninn baatinum. ok kom Jogramr þeim i baatinn. ok þa kuaz Jogramr eigi sia þorstein felaga sinn ok liop þa enn aa sundit i raustina ok þar letz hann vid mikinn hraustleik ok allir þeir er aa skipinu voru nema þeir .ij. einir Juarr ok annarr madr. þar tyndiz storfe. Andres for vm haustid til Halogalandz. ok hefir ecki verit farit síþan til Biarmalandz.

Fra Skula ok Ribbungum.

67. Nv er at segia fra Skula jarli at hann sat i Vikinni ok hafdi þar mikit lid ok kostnad. Arnbiorn var austan fiardar ok vardi þar landit sua at Ribbungar hellduz þar ecki vid. systlumenn voru þa enn vppi i Miors med mikinn styrk. enn Ribbungar foru miok sundrlaust ok komu fram her ok huar. þeir foru vt aa Hadaland ok settiz Sigurdr i eyna Frodung i Raund. þa er Skuli jarl spurdi þetta þa byrr hann ferð sina inn i Draufn. hann hafdi mikit lid ok skip þat er var .vj. rum ok .xx. ok morg sma skip. hann hafdi ætlat at draga skipin i Thyri ok þadan vpp i Rønd. Enn er jarl kom i Draufn skylldu þeir leida vpp skipin enn ytra strauminn. þa komu Ribbungar ok skutu aa þa vm rijd. vard þa laust skipit. sua lauk þar at Ribbungar flydu austr aa Markir enn jarl for til Tunsbergs ok litlu sidarr austr i Vik at leita Ribbunga. þeir Tobbusynir höfdu Elfarsyslu af hendi Ribbunga. Jarl gerdi til Simon ku ok þord drafla ok þorfinn illa ok fundu þeir Tobbusonu vid Hleseý

ok drapu þa þar. Mikinn lidsafla hófdu Ribbungar þa austan fiardar sua at þat var eigi minna enn fiortan hundrat manna er Sigurdi var handgeingit. Þessir voru i Borgarsystlu af Ribbungum Heriolfr dyndill Eirekr dregill. Þeir aattuz morg skipti vid ok Arnbiorn Jonsson ok veitti Ribbungum iafnan þyngra. Jarl dualdiz þriaar nætr i Vikinni ok aattuz þeir morg slog vid Birkibeinar ok Ribbungar sem eigi eru her ritad.

Fra Skula jarli ok Ribbungum.

68. Skuli jarl sat leingstum i Tunsbergi. hitlu siþarr spurdi hann til Ribbunga ok sendi þa enn menn til þeirra ok sagdi þar sem hufatzfelagar voru .ij. skylldu þeir luta med ser huorr fara skylldi. Þeir voru reckiufelagar þorir flik ok Jatgeirr skaalld ok laut Jatgeirr at fara. Þeir fundu Ribbunga þar sem Kyrfiáll heitir ok baurduz. þar fellu enn nockurir Ribbungar enn sumir flydu. Birkibeinar foru astr til jarls. Þorir spurdi Jatgeir felaga sinn huersu tekiz hefdi ferdin. Hann kuat visu.

Hnodit sa ek hleckium hardna
hialldrdrifs aa kyrfialli
strid aurrida stordar
storfiarre mer þore.

þeir fra likn þar er lekum
lyngtorgs vid Ribbunga
daasin la at vid disi
duergs ranz i Tunsbergi.

Jarl lagdi mikla stund aa at eyda flocki Ribbunga ok sendi æ menn at þeim huar sem hann spurdi til þeirra. Vm haustid sendi jarl ord Nichulasi byskupi at hann legdi raad til at eyda flocki Ribbunga. enn byskup feck til konu þa er Aasa blauck het frilla Gudolfs at eggia Ribbunga til sættar vid jarl.

Raadagerdir.

69. Vm sumarit feck Sigurdr ribbungr menn til at leita vid jarl huerra sætta hann mundi vnna honum ef hann villdi gefaz vpp ok alla motstodu vid Birkibeina. Sem þetta var flutt vid jarl tok hann þui vlikliga i fyrstu enn þo kom sua at hann spurdi huers Sigurdr beiddiz. ok hofuz þa vpp brefsendingar ok medalferdir. lysti þa Sigurdr sinum aahuga ok beiddiz þridiungs af Noregi ok at jarl skylldi gifta honum dottur sina. Enn er jarl heyrði þetta suarar hann sua. Hakon konungr aa vaulld a þui huat hann villdi midla Sigurdi af landi enn ecki væntir mik at ek midla minn þridiung. er ok engi vaan at ek gipta dottur mina vt i skoga. enn hinu vil ek heita Sigurdi ef hann ridr a mitt valld at hann skal grid hafa ok allir hans menn. ek skal ok þui vallda at hann skal finna Hakon konung i gridum. maa hann þa flytia sitt maal med þeirra manna flutningi sem hans maal vilia stydia vm landaskipti edr

adrar sæmdir. eigi skal ek þá í moti honum heldr hitt at konungr sæmi hann. nu skal hann her vm kiosa huart hann vill þenna kost edr hellda enn strid vid oss Birkibeina. Enn er þessi ord kuomu til Ribbunga gerdu þeir raad sitt ok þottu þessir kostir hardari er jarl hafdi gert þeim enn þeir hugdu. enn med þui at þa var þraungt kosti þeirra ok þeir aattu huergi vist ne væri í Vikinni ne Vpplondum. þotti þeim ok eigi hægt at sækia norðr í land þar sem konungrinn var fyrir. ok toku þeir þui þat raad at Sigurdr. reid aa valld Skula jarls í gridum ok gaf vpp konungsnafn enn flockrinn í valld jarls ok skildi ser í mot vinaattu jarls ok flutning vid konung ser til sæmdar. Jarl tok vel vid honum ok var til hans sæmiliga. enn sa ordromr fell aa í Vikinni at þessi væri enn fegrsti sigr er jarl hafdi vnnit þar sem hann hafdi orrostolaust eytt sua miklum flocki ok sterkum sem Ribbungar voru ok komit þui aaleidis at þa var fridr ordinn vm allann Noreg. Þetta vaar er Sigurdr var med Skula jarli for Skuli jarl til Danmerkr ok hafdi .xij. skip. ok er hann kom til Kaupmannahafnar þa hafdi greifi Heinrekr fangit Valldimar konung ok for jarl þa aprt í Noreg er hann spurdi þau tíþendi.

Fra Hákoní konungi capitulum.

70. Hákon konungr sat í Biorgyn þa er þessi tíþendi vrdu. þessi var enn .vj. vetr konungdóms hans. Vm vorit foru menn milli þeirra jarls ok var mællt at hofþingia fundr mundi vm sumarit eftir í Biorgyn ok skylldu þar til koma allir enir bezstu menn er í voru landinu. þui at þa var fridr vordinn í ollu landinu enn þo var mikill akall í landinu aa riki Hákonar konungs ok fodorleifd af þeirra manna hendi er sik villdu framdraga til ríkisins. enn med þui at konungr var vngr ok aadr hofdu adrir lengi setid í hans faudurleifd þa yar þat mikill fioldi manna er miok voru tuidrægir huerium þiona villdu. voru þeir sumir er giarna villdu fyrirkoma ætt ok afspringi Suerris konungs fyrir fornan fiandskap er þeir hofdu til hans haft ok voru þui miok tuidrægir vm allt landit ok mest af stormenni. enn flestr allr mugr var vel viliadr Hákoní konungi bædi norðr ok sudr. Þessi stefna hofz at Olafsvoku. var konungr fyrir í Biorgyn ok Haauardr byskup Heinrekr byskup af Stafangri Saurkuirr byskup af Færeyjum ok þessir lædir¹ menn Nichulas erchi-diakn Sigurdr aboti. enn þessir lendir menn Paall flida Petr sun hans Bryniolfr Knutzsun Jonn staal Gautr af Meli Juarr nef. þar var ok kominn Jonn jarl af Orkneyium ok Biarni byskup Gregorius kikir af

¹) lendir *Cd.*

Hialtlandi. þar voru logmenn or Gulapingslogum [680] Dagfinnr bondi ok Amundi remba. nefndir voru ok or hueriu fylki enir vitruzstu bændr. abotar komu þar allir ok sýslumenn. enn or þrændalogum quomu þessir Guthormr erchibyskup Sueinn prior af Helgisetri Aasgautr af Holmi aboti Sigurdr aboti af Tautru meistari Biarni Petr af Husastodum Eysteinn rædismadr. þessir lendir menn Gregorius Jonsun Paall vaagaskalm Asolfr af Austrætt. þessir voru lögmenn Gunnar grionbakk Biarni Mardarson Þorsteinn Asmundarsun. or Vikinni austan kom Skuli jarl Arnbiorn Jonsson Lodinn Gunnasun Lodinn Paalsson Simon kyr (Eysteinn logmadr Þorðr skolli. af Vpplondum voru þessir logmenn Saxi af Haugi Þorðr Gudmundarsun ok sýslumenn) Halluadr bratti Gunnbiorn Jonsbrodir Kolbiorn raudi Haralldr veseti. þessir flestir hófdu þat raadit ok tíað Skula jarli at hann væri rettkominn til Noregs eftir Jnga konung. þar kom Nicholas byskup af Oslu Askatin aboti af Hofudey Ormr aboti or Tunsbergi. þessir profastar Juarr gæslingr af Oslu Jofreyr af Tunsbergi Amundi af Grenlandi Olafr af Konunga-hellu Þorgeirr erchidiakn af Vpplondum meistari Þorleifr Baadr profastr ok þessir sýslumenn Olafr mokr Haralldr stangarfylia Aslaakr Þorgeirr byskupsmadr Haauadr i Sandbui Fridrekr slafsi Eindridi bekill Eilifr keikr.

Fra Hakoni konungi ok erchibyskupi. capitulum.

71. Sva hafa vitrir menn mællt þeir er þa voru i Biorgyn at eigi hafi a þeirra dogum betra mannval saman komit i Noregs konungs riki. Hoffingiar finnaz idula enn stundum aattu þeir stefnur huarr vid sina raadgiafa. þessir voru raadgiafar konungs med lendum monnum hans Marteinn i Kinnzarvik Sigurdr af Onnarheimi Askell kapalin hans er siþan var byskup Juarr boddi. þessir baaru bod af konungs hendi til erchibyskups at þeir skyldu finnaz i trehallinne ok allir hoffingiar lendir menn ok lögmenn. þessi stefna skyldi vera sunnudaginn eftir Mariumessu ena fyrri. Sem þeir komu i hallina ok hófdu setid vm ríjd þa hóf Hakon konungr fyrst rædu med þessum hætti. Herra erchibyskup. ydr er kunnigt ok sua odrum byskupum ok flestum godum monnum þeim sem her eru komnir at þeir menn eru her sumir er þræta vilia til Noregs rikis enn ek hugdi at þat væri minn faudurafr ok ek væri sannr odalsmadr at fornu ok nyiu til Noregs. enn med þui at stefna þessi er higat laugd af ollum enum vitrozstum monnum er i eru landinu þa. herra ydr vel herra erchibyskup at hafa nockura ord-færd a þessu maali þa er bædi mætti til stunda ok þo med sannindum

til skynsemdar. þuiat þer erut bædi af guds haalfu ok manna hauffingi at skipadir. enn iafnadarmenn eigi þer at vera allra manna i milli ok ottaz engann at þui at segia sem þer vitid satt vera huart sem er liuft edr leitt. þer vitid ok miok sua allra manna tilkall þeirra sem til rikis þessa kalla.

Fra ordum erchibyskups.

72. Erchibyskup suarar a þessa leid. þat er vist satt herra konungr at ver erum skylldir millum allra manna rett at gera ef¹ ver kynnim ok sua vili gud at se. ver hofum heyrt margra manna tilkall er sik telia til Noregs ok eru oss kunnig flestra manna maalaefni. ok þo vilium ver enn giarna til hlyda ok til leggja sem gud kennir oss med godra manna raadi er her eru nu vid staddir. ok þess bidium ver ok biodum af guds haalfu at allir menn segi þat sem þeir vitu sannaz her vm fyrir gudi. þer sitid nu Hakon konungr i ríkinu ok segit sua ok allir vitrir menn ok ydrir vinir at þer erut erfingiar til Noregs eftir faudur yduarn ok allt yduart forelldri hefir aadr þessu ríki raadit madr eftir mann sua at alldri hefir kuennkne i milli komit ok væntir mik at flestir menn fylgi þui norðr i land at þat se satt er þer segit. Skuli jarl er austan kominn ok margir adrir godir dreingir med honum ok kallaz erfingi Jnga konungs brodur sins ok marga hofum ver heyrt hans vini sanna þat med honum. her er ok Guthormr sun Jnga konungs ok kallar til Noregs eftir fedr sinn. her er ok med jarli Sigurdr ribbungr son Erlings steinveggs ok kallaz rettkominn til Noregs eftir Magnus konung er hann kallar faudurfaudur sinn. menn eru (h)er komnir² austan or Gautlandi fra jungherra Knuti syni Hákonar jarls ok flytia sua af hans hendi sem menn vitu at satt er at hann er skilgetinn arfi jarls ok Jnga konungs eftir einkamaalum þeim er giorr voru a millum þeirra aa Eyrarþingi med samþycki þoris erchibyskups ok annarra byskupa er þat votta at sa þeirra er skilgetinn erfingia ætti eptir sik þa skilldi sa taka arf eptir baada þa. nu er þat at mæla til allra manna þeirra sem her eru nu lendra manna lærðra manna ok vlærðra at þat leggi huerr til þessa maals sem hann veit sannazst fyrir gudi. enn þo at ver vitum hueriu ver vilium fylgia vm þetta maal þa vilium ver þo heyra fleiri manna tillög.

Ord Skula jarls.

73. Skuli jarl tok þa til orða. þat er vist herra erchibyskup at ek er brodir Jnga konungs samfedri ok skilgetinn ok sannr hans erf-

¹) enn *Cd.* ²) menn *tilf. Cd.*

ingi at logum ens helga Olaafs konungs. Hakon konungr suarar þegar ordum jarls. þu ert vist arfi Jnga konungs til allz þess er þer tokut rettliga eftir faudur yekarn enn eigi til Noregs rikis. þuiat Jngi konungr var settr i at gæta mer til handa minnar faudurleifdar. Jarl suarar. ek kollumz vist erfingi til allz þess er hann hafdi rettliga. þa suarar konungrinn. þa skalltu nu ranzsaka fyrir godum monnum huart. hann erfdi Noreg eftir fedr sinn eda var hann settr i med godra manna skipan til gæzslu. Sem erchibyskup heyrdi at nockurar styttingar foru i med þeim þa bad hann þa hætta þess kyns ordum. Eftir þat logdu til huarstueggia vinir sem huerium likadi.

Fra Joni staa. capitulum.

74. Síþan stod vpp Jonn staa ok mællti. þat hugdum ver fornir Birkibeinar þa er ver þoldum mest erfidi med Suerri konungi ok helltum flestum sueita vt. at eigi mundi þurfa þessa tals þuiat allir borduz at frelsa honum sina fedrleifd ok hans afkuæmi. enn þo er eigi vndarligt sumskostar at Skuli jarl fylgi þessu maali þui at ver hofum heyrt at þeir logmenn-eru her nu inne er þat tiadu jarli opinberliga at hann væri rettkominn til Noregs eftir Jnga konung. ok er þetta mællt til yduar Amundi remba ok Eysteinn Roasun þar sem þit sitid a pallinum. Amundi liop vpp [681] ok suarar. huar vartu þa Jonn staa er ek mællti þetta fyrir þer edr seg mer mann þann er mik heyrdi þetta mæla. Eysteinn stod þa vpp ok duldi þessarra orða fyrir sik. Arnbiorn Jonsson mællti þa. þa kann vera at logmenn vorir hafi þetta mællt ok hafi veinurd veri(t) nær þeim enn laug ens helga Olafs konungs. maa ok vera at fylgt hafi mutugiafir.

Tala Gunnars logmannz.

75. Hakon konungr stod þa vpp ok mællti. eigi skulum ver sua at fara vm ranzsakit þessa maals. ver skulum fyrst taka þann logmann er fyrstr aa at vera or þrændalogum þar sem konungssætid sialft er med rettu. hann er ok elldzstr logmadr i landinu þui at hann tok log-sogu vm daga Suërris konungs ok Eysteins erchibyskups. eigi hafa menn ok her til fundit med honum fals edr flærd edr rangyndi ok þui hafa allir menn þat fyrir satt at hann se enn vitrazsti madr i landinu. ok med þui Gunnarr bondi at til þin er skotid þa seg nu ollum aheyr-andum þat sem þu veizst sannaz fyrir gudi vm vaart maal er til Noregs kollum. Gunnarr tok seint til orða ok mællti. þer anefnid mik til herra konungr at ek skylldi segia milli yduar hofþingianna huerr yduar Noreg

aa, enn þat er mikil byrdr einu kotkarlsbarni at skipta sua miklum rikdome ok segia af einshuerium ok til annars ok kenni ek aa mer þat sem ek vænti at fleirum fylgi at skialfandi ok ræddr mun ek þat gera. þuiat þa er Suerrir konungr feck mer þetta starf baud hann mer ath skipa maalum milli kotkarla enn eigi aa milli hofþingia allra hellz er þeir heyra sialfir aa er maalit vardar. ek heyrdar vm ríjd at logmennirnir duldu þess er þeim var ok kent med þui at flestir eru ræddir fyrir valldinu. vil ek eigi þessa byrdr aa mik binda at leysa þetta maal. enn med þui at ek vænti at flestir kotkarlasynir kunnu litla skynsemd til þess at skipa stormælum (fyrir sakir) kunnostuleysis. ma ok vera at sumir se nockut vinhallir. þa laatum þann fram segia er ueit huat satt er ok satt segir huat sem aa heyrir rikr edr vrikr ok engann ottaz þo at einshuerium mistiki. enn þat er logbok ens helga Olafs konungs er eftir hans skipan var ger vm allan Noreg ok allir Noregsmenn hafa fylgt síþan þeir sem rett vilia segia. enn ef ek skal geta fyrir fram huat hon segir framazst ok ek hefir skynsemd til at skilia þa segi ek sua at Hakon konungr er einn rettbörinn til Noregs af ollum þeim monnum er nu kalla til i dag. ok þo at þeir sæti baadir i ríkinu i dag Jngi konungr ok Hakon jarl þa segi ek sua at konungr ætti at stiga til faudurarfs sins ok krefia þa or ríkinu ef hann skyllði logum naa. ok þui segi ek at huarki Skuli jarl eftir Jnga brodur sinn ok eigi jung-herra Knutr eftir Hakon fedr sinn ne Guthormr eftir sinn fedr Jnga konung aa at kalla til Noregs medan Hakon konungr lifir. enn syni Erlings steinveggs segi ek engi log. segi Vikueriar honum laug þuiat þeir hofu hann ok faudur hans munu þeir ok vita huar hann skal til sins faudurarfs ganga. mun ek her fella mina taulu at sinni. þa orti konungr a Dagfinn bonda er næst hafdi lögsogn i Gulapingslogum ok bad hann segia þat sem hann vissi sannaz fyrir gudi. Dagfinnr hof sua sina rædu. ek kom ungr til Suerris konungs ok var ek i nockurum bardogum med honum. þeim tueimr audrum er hann bardiz i Floruvaagum vid Eyskeggia ok annan aa Jonsvollum vid Bagla. ok skildi hann sua fyrir aadr hann bardiz. gud gæti vaar ok heilug Maria ok enn helgi Olafr konungr ok sua gefi gud mer sigr i dag sem ek hefir nu rett at mæla ok at veria mina faudurleifd enn þeim rangt er i moti mer eru. ok þat veit ek at hann ok hans afspringi eru rettkomnir til konungdöms þessa ok þat segi ek laug ok þui vil ek gudi suara at Hakon konungr er rettkominn til Noregs enn engi annarra sa er nu kallar til. ok þat legg ek til þessar lögsogu at ek vil med honum beriazst ok med honum lifit laata ef þaurf geriz. þetta tal romudu flestir vel.

Tal Amunda.

76. Hakon konungr mælli þá til Amunda rembu logmannz af Ryiafylki. með þui Amundi bondi sagdi hann at sua er flutt at þu hafir nockut ordum til hallat at ek væri eigi rettkominn til Noregs þui seg nu þat sem þu veizst sannaz fyrir gudi. Amundi suarar. margar fagnar giafir aa ek at launa Skula jarli ok sua opt hefir ek vel halldinn verit með honum at eigi fær ek tolum a komit. enn eigi hefir ek druckit vit ne einord at ek hafa fyrir þat laetid manndominn edr sannindi. þuiat þat veit ek fyrir gudi at Hakon konungr er retrr erfingi eftir fedr sinn ok sitt foreldri til allz Noregs. enn þat hefir ek oft mællt at Skuli jarl er retrr logarfi eftir Jnga konung til allra þeirra luta er hann feck rettliga. enn til yduar byskupa sumra at mæla ok sumra lendra manna gangit nu vid þeim bermælum er þer hafit mællt þa er ver hofum allir setid hia jarli ok verit vel halldnir ok þegit af honum giafir. þer hafit ok nafnbætr með miklu valldi ok skylldu þer nu eigi vndan smeykiaz sannindum þuiat þer hafit optar ok með fleirum fortolum eggjat Skula jarl at kalla til Noregs enn lögsogn Amunda ok lau(n)gu mundi hann vfrid hafa vpp hafit ef þer hefdit raadit. enn gud gefi þeim goda sætt konungi ok jarli. ok eigi kann ek fleira til at leggja þessa maals at sinni enn þess vil ek gud bidia at huerr sa er verra hefir til þessa maals lagt enn Amundi remba hafi nu horn i hofdi ok eigi sem byskups mitr. Arnbiorn Jonsson mælli þá til Eysteins Roasunar. Eysteinn fostbrodir ok laugunautr vid erum baadir fornir Baglar ok hofum leingi i bud saman verit. laatum nu vppi þat sem vit hofum iafnan mællt fyrir jarli. Eysteinn suarar. ek væntir at margir hafi þau ord mællt fyrir jarli at eigi gangi nu allir vid. enn þat veit ek sannliga at eigi mællta ek þat fyrir honum ne þer at eigi væri Hakon konungr rettkominn til Noregs eftir fedr sinn ok foreldri eftir Olafs konungs logum sem siþan hefir samþyckt verit.

Þorðr skolli sagdi.

77. Þa bad konungr Þorðr skolla segia lög vm maal þeirra jarls. hann hafdi lögsogu austr fra Suinasundi. hann hof sua sitt maal. ecki er ek af þui logmadr kalladr at ek kunna [682] nockut i logum enn opt hefir ek maalum skipat milli kotkarla enn faatt kann ek vm konunga at tala ok ecki ætlada ek at þat væri min yfirseta at dæma milli þeirra. enn Þorðr fadir menn het logmadr ok sagdi hann mer sua at hans fadir segdi sua ok adrir foreldrismenn varir at æ skylldu allir Noregs-

menn fylgia konungssyni medan hann væri til. þat letu þeir ok fylgia at þeir mundi alldregi þrifaz er i moti þeim væri.

Framsogn Saxa a Haugi.

78. Eftir þetta bad konungrinn Saxa aa Haugi segia lög. hann var af Heidmork. Saxi tok sua til ordz. ek var med Hakoni konungi fedr þessa konungs ok heyrdi ek þat þa alla mæla bædi byskupa ok alla alþydu þa er konungrinn var frafallinn at giarna villdu hans syni þiona ef til væri ok eigi segi ek önnur lög enn hann er rettkominn til allz Noregs eftir sinn faudur.

Tala þoris logmannz.

79. þa bad konungrinn þori logmann af enum sydra lut Vpplanda birta sina sogn. hann suarar sua. þo at ek væra sua vitlauss. edr illuiliadr at ek villda annat segia enn þessir logmenn hafa adr sagt þa mundi min ord eingis vird. enn nu veit ek þat fyrir gudi at alldri hefir ek annat mællt her til ok þat segi ek enn at Hakon konungr aa allann Noreg med rettum erfdu. ok þat legg ek til at ver allir Noregs-menn fylgim konungssyni medan til er þuiat þa ferr Noregsriki vel huersu sem sidarr ferr.

Tala erchibyskups.

80. Gvthormr erchibyskup tok þa til orða er logmenn hofdu lykt erendum sinum. nu hofum ver heyrð sagdi hann huat lögmennt vaarir hafa talat. enn þo at sina leid hafi huerr þeirra greint þa hafa þeir þo allir eitt sagt sem ver vissum aadr huat satt var ok þui iaatum ver giarna at Hakon konungr er rettkominn til allz Noregs eftir fedr sinn ok foreldri af þeim monnum ollum er nu lifa. enn þo vilium ver at su skipan standi oll ok sættargerð milli Hákonar konungs ok Skula jarls sem aadr var mællt vm landaskipti þuiat þat er likaz til fridar at þeir se sem bezst saattir sin aa milli. ok þess bid ek konung at hann geri sem bezst vid Guthorm frænda sinn. enn vm Sigurd ribbung kann ek færra at tala. Eftir þetta taladi sitt erendi huarr þeirra Gunnars grionbaks ok Dagfinnr bondi ok var þat mest at fysa sætta ok samþyckis med konungi ok jarli. ok lauk sua þessi stefnu.

Talat vm skipti.

81. Eftir þetta funduz þeir huersdagliga konungr ok jarl ok toludu vm raadagiordir sinar. ok þa er vm þriðiangaskipti skylldi tala villdi

jarl enn synzsta þridiung allt norðr til Sallzsyriu. enn konungr sagði at þo væri meira enn fyrr væri dæmi til þott hann hefði fra Rygiarbiti ok austr til Landzenda enn kuaz þo þat vilia sakir felagsskapar ok fridar. ok skilduz þeir ath þui sinni. Her eftir geingu lendir menn Andres Jonsson Lodinn Gunnasun ok syslumenn or Vikinni ok baadu konung at hann skyldi siaalfr hafa austr þar enn skipa jarli norðr vm þrændalög. Nichulas byskup bad ok þess hins sama ok het konunginum at hann skyldi i ollum lutum hans vin vera bæði opinberliga ok leyniliga.

Fra konungi ok Skula.

82. Eftir þetta funduz þeir konungr ok jarl ok sagði konungr at hann villdi fara austr i land enn hann villdi at jarl færi norðr i þrandheim. Ok þa er þessi kostr kom vpp ok vm þridiungaskipti var talat þa sagði konungr at her skyldi lagaskipti aa vera ok skyldi hinn nordazsti þridiungr vera nordan til Sunmæriiss. enn jarl villdi at allt væri til Sognsiors. ok þa er skýnsamir menn hugdu at þa skildi eigi meira enn .x. skipreidur at konungr hefði meira enn haalft. Konungr mælti þessu i mot ok sagði at ecki maatti sua vera. þa bad erchibyskup at þat skipti skyldi standa med þeim sem skildi riki erchibyskups ok Biorgyniar byskups. enn ef ofridr geingi a riki konungs þa skyldi jarl skylldr at fara sua austr i land sem norðr þegar konungr villdi ok med erchibyskups raadi. Var þessi skipan stadfest ok bref vm gert ok sett fyrir jusigli konungs erchibyskups jarls ok liodbyskupa. ok at þessum lutum skipadam biugguz heim byskupar ok lendir menn. Tok konungrinn menn nordan or landi þa er honum voru traustazstir ok setti austr i Vikina. enn jarl tok sina vine ok hafði med ser. Konungrinn tok Gullbringuna er hann aatti mest skipa ok sendi austr fyrir ser ok styrði Biorn modurbrodir hans ok Olafr Jnguson enn hann biozst nockuru seinna. Sigurdr er verit hafði Ribbunga konungr bad at hann skyldi fylgia honum i Vik austr. konungr iattadi honum þui. ok er jarl vissi þat taladi hann þat fyrir Sigurdi at eigi mundi allt trygt vera ok siþan for Sigurdr med jarli norðr i land. Hakon konungr mælti sua til jarls aadr þeir skildu. medr þui at þer vilitt Sigurd med ydr hafa þa halldit hann sæmiliga ok siait sua fyrir at hann geri oss einga afarkosti. Jarl kuez þat fullkomliga varda skylldu. Jarl ferr nu norðr i land med lendum monnum sinum ok lidi. enn konungrinn for austr i Vik ok kom þann sunnudag til Tunsbergs er vpp hof aduentus domini. þar toku allir menn vel vid honum. Nichulas byskup var þa i Tunsbergi fyrir

konunginum ok fagnadi honum sæmiliga ok gaf honum margar gíafir. enn konungr veitti honum enn nerdra lut Osloarsyslu ok gaf honum .xviiij. sessu med ollum reida. for Nicholas byskup eigi fyrr or Tunsbergi enn .iiij. nottum fyrir jol ok laa i Laufeyium joladaginn. þaa sendi konungr til hans Jofray profast ok Dagfinn bonda at bioda honum aftr til konungs vm jolin. byskup quez þann kost giarna taka skylldu ef honum byriadi eigi heim fyrir enn þridia dag. enn byskupi gaf þa byr inn til Osloar. hann sendi þa Juar profast med morgum fogrum sendingum. Hákon konungr gerdi þessa lenda menn vm jolin Halluard bratta Symon ku. þessi var enn .vij. vetr konungdoms hans.

Andlat Guthorms erchibyskups.

83. Hákon konungr for i moti paschum inn til Osloar ok var þar miok leingi vm vaarit i gardi Þorleiks spaka þui at konunggardr var þa eigi vppsmidadr síþan brunnit hafdi. þa komu menn norþan fra korsbrædrum ok jarli med brefum ok sagdi andlaat Guthorms erchibyskups ok þat med at þeir hófdu i stad hans kosit Sigurd er verit hafdi aboti i Tautro. hann var þa vtanlandz. þeir baadu konunginn þar til leggja sitt samþycki [633] ok skrifa med honum til pafa. Konungr taladi þetta maal fyrir Nichulasi byskupi ok fanz þeim sua i at med þui at Sigurdr var appelladr þui er aadr hafdi hann þotti þeim hann eigi til sua storra luta fallinn. bar þat ok til at hann var litill vin konungs. Konungr ok byskup ritadu bref til pafa þau er i moti stodu Sigurde. enn þeir baadu at Petr aa Husastodum skylldi vera erchibyskup er þa for med brefum jarls ok korsbrædra til pafa at flytia maal Sigurdar. ok sua vard med guds miskunn at hann vard erchibyskup.

Vermar suordu eida.

84. Austr i Vermalandi hafdi Sigurdr ribbungr laungum verit þa er hann striddi vid Birkibeina ok þadan gert vspektir a riki Hákonar konungs. Hákon konungr sendi bref vm vorit austr þannig ok stefndi til betr enn .xx. monnum þeim er bezstir voru þar til vmbotar þessa maals. þeir komu til konungs a Tunsbergi. þa komu þar ok margir af bændum ok kærdu aa þa afarkosti ok raan er þeir hófdu af Vermum lotid. Vermar logdu allt aa konungs valld enn konungr lagdi a þa gialld enn gaf þeim vpp fyrir miskunnar sakir. enn eida soru þeir konungi at þeir skylldu honum iaflan tryggir vera ok laata alldri hans vuini þrifaz i sinu landi. Konungr giordi menn austr med brefum ok var þessi sætt lyst a ollum þingum ok iattad. Hákon konungr bioz vm vorit

or Oslu ok til Tunsbergs. ok trinitatisdag er hann veitti sueitungum sinum gerdz hark nockut i bænum med hirdinni ok gestum ok huskorklum. fellu þar .v. menn enn margir vrdu saarir. konungrinn kom þar i mikinn harska aadr hann fengi skillit þa. Eftir þat for konungr til Biorgyniar. þar kom til motz vid hann Gillicristr ok Ottarr Snækollzsun ok margir Sudreyingar ok hofdu morg bref vm naudsyn þeirra landz. þa kom ok jarl Jonn af Orkneyium ok sættiz vid konunginn vm þau maal er þeirra voru aa millum ok setti Haralld sun sinn i gisling ok var hann vm sumarit med Hakoni konungi.

Skuli for til Þronðheims.

85. Þetta sumar for Skuli jarl norðr a Halogaland ok kom at stefnu i Vaaga. med honum var Sigurdr ribbungr. Juarr vtvik var a skipi jarls (i) stafni. hann lagdi at i Kirkiuvagum. Vm morgininn er jarl. vaknadi voru brottu allir menn af skipi hans fyrir framan austrum. hann spurdi huar þeir voru. honum var sagt at þeir hofdu stefnur i Vogum ok voru flestir med vopnum. Jarl liop vpp med suerd i linklædum einum. þeir foru med honum er eftir voru med jarli a skipinu. Sem hann kom i Vaga var þat þar tíþenda at Baardr fleckr ok Þorðr sun Eiriks prestz baaga hofdu vegit Aarna systursun Paals vagarskalms ok hirdmann fyrir þat er hann hafdi vegit Audgrim agdanes laugunaut þeirra saklausann. Jarl vârd illa vid þetta. enn Juarr vtvik hafdi til farit med þeim ok hellt vpp suorum af hendi hirdarinnar. Paall bondi hafdi komit vt vm nottina ok likadi storilla. Vm morgininn er þingit var haud Juarr bod fyrir vigit enn Paall bondi suarar quat Juari meiri naudsyn at hafa betr gætt siglingar sinnar er hann for af Biarmalandi ok hafa eigi þar tynt enum bezstum bondasunum enn gerazst fyrirmadr at þessu at drepa hird konungsins ok jarls ok laugunauta sina ok kuad eigi bod mundu þegin af honum. ok sleit sua þessu þingi.

Brotthuarf Sigurdar ribbungs.

86. Þa er lokit var erendum jarls aa Halogalandi hellt hann nordan. ok er hann kom vt til Nidaros þa voru komin leyndarbref af Vermlandi til Sigurdar ribbungs fra þeim summum er aadr hafdi suarit Hakoni konungi trunadareida ok þeim summum sem Sigurdi hofdu fyrr þionat. at hann skyllði leita brott or valldi jarls ok austr til þeirra. Erlingr romstafr var þa raadgiafi Sigurdar ribbungs er fyrr hafdi verit merkismadr hans. þeir gerdu þat raad at vm morgininn snemma fyrir Olafsvoku aftan fengu þeir ser korkaapur af klerkum ok geingu sua vt

vm akra ok vt vm Steinbiorg ok vpp aa Gaularaas ok leynduz þar vm ríjd. Þa er sungnar voru típir i bænum var jarli sagt at Sigurdr var i brottu. Jarl let þa menn fara alla vega fra bænum bædi aa skipum ok hestum ok fanz hann eigi. Jarl let taka islendzkann mann er verit hafdi med Sigurdi Andres Þorsteinsson brodursun Sæmundar i Odda ok sagdi at hann mundi nockut vita til huar Sigurdr var. enn hann villdi ecki fra segia ok let (jarl) hengia hann. hann gaf ok sauk klerk þeim er Baardr het er kaapuna hafdi leed. Gudmundr byskup af Jslandi var þa þar i bænum ok gaf hann morg haurd ord Skula jarli fyrir aftoku Andres þuiat hann hafdi aadr iafnan verit med Gudmundi byskupi. Jarl gerdi nu bref til konungs ok sagdi at Sigurdr var þui moti brott laupinn at hann hafdi aadr iafnan kyrrliga ok spakliga med ser verit ok kuaz þat hyggia at hann mundi ofrid gera. Konungr let þa gera bref ok let bædi fara it efra ok it ytra austr i Vikina ok bad menn gæta sin.

Ribbungar foru i Vermaland.

87. Sigurdr Ribbungr for austr vm fíall ok kom i Eystridali. þa kom i mot honum mart hans manna eftir þui sem þeir hofdu aadr raad fyrir gert ok hof hann þa flokk ok reisti merki ok for sua austr i Vermaland. Dreif þa mikit lid til hans. þessir sueitarhofdingiar quomu til hans i Vermalandi Þordr austmadr Eiríkr laati Oddr son hans Halluardr suadde Þorbiorn ringr ok Þorgeirr rígr. þeir voru allz .xij. sueitarhoffpingiar ok hofdu allir marga menn. þa kuomu þeir i mot honum Haralldr af Skotyn Aalfr Styrsson ok Giardarr brodir hans Amundi a Folaueili med miklu lidi. Vermar toku vid ollum er þangat komu ok gerdu honum sialfir mikinn styrk ok alla lidueizslu sua sem þeir maattu framazst. Síþan lyptu þeir ferd sinni no(r)dan i Noreg ok kuomu fram a Raumaríki. þeir komu aa vuart at Olafi mok frænda Hákonar konungs i bygd þeirri er Skaun heitir. hann var at brudlaupi aa bæ þeim er Leyring heitir. þeir toku hus yfir þeim ok byrgdu þa inni. Olafur hafdi mikla sueit ok goda hirdmenn konungs gesti ok marga adra goda menn. Ribbungar budu Olafi grid enn engum odrum. enn hann kuaz eigi vilia grid þiggia (nema) med þui moti at¹ allir hefdi grid. þeir iattudu honum þui. Síþan geck Olafur vt ok toku þeir hann ok helldu enn drapu huern hans mann sem vt geck. þar fellu .lx. manna ok .xx. hirdmenn. Sua kuat Sturla².

¹) ok *Cd.* ²) Sturli *Cd.*

Hliop sa er hersum steypa
[634] hyrgialldandi villdi
ygr fra allualdz maagi
iarnsueims or þronðheime.

endr leet Erlings frændi
Vpplond farit brondum
strid lutu staala meidar
storþung af Ribbungum.

Ribbungar baadu Olaf sueria ser eid at hann skyldi allðri a mot þeim vera ella mundi hann drepinn. hann sor eid ok sagdi þo at eigi mundi goðr vera edr vel særr. þegar sem Olaf komz i brott sofnuduz menn til hans feck hann ser i annat sinn mikla sueit ok goda ok for at Ribbungum ok drap af þeim nockura menn. enn fyrir þui at Ribbungar aattu frændr i hueriu husi a Raumariki þa vrdu þeir skiott varir vid huar Olaf var ok quomu þar aa vuart. Olaf komz vt ok fell þar skamt fra husunum. þeir drapu flesta alla sueitunga hans er hann hafði þa nyfeingit. þessir menn hofdu Heidmork af hendi Hakonar konungs- Juarr a Skeidahofi Fridrekr slafsi. Heinir lystu þa mikinn dreingskap skaaru vpp heraur ok nefndu menn or þridiungum ok helldu vörd aa ser nott ok dag ok toku samhelli sitt vm alla Heidmork at sa skyldi vera landraadamadr vid konung er eigi væri þegar vppi er naudsyn krefdi. þeir hofdu .c. manna ok huerium þridiungi at gæta bygdanna. komuz Ribbungar þui huergi fram helldr reistu þeir ferdir sinar at Ribbungum austr i Vermaland ok vt a Raumariki ok gerdu þeim marga bakellda.

Ribbungar drapu Olaf.

88. Hakon konungr ok Skuli jarl hofdu sua mællt milli sin at þann sama vetr skyldi konungrinn gera brudlaup sitt i Biorgyn ok skylldu þeir þar finnaz. Konungr gerdi sua raad fyrir sem þeir hofdu talat aadr fyrst vm jolaueitzsluna ok sipan vm brudlaupit. Enn konungrinn for vm haustid austr i Vik ok feck haurd vedr þa er (hann) sigldi or Rotti fyrir Jadar. kom konungr vm dagsetr i Seleyiar. þeir hofdu storm vedrs ok þo hellt konungr heilu skipi sinu. hann hafði Sætta-spillinn. þegar konungrinn kom til hafnar þa rere hann vt i moti skipunum a eftirbaati. Hakon kaafuis kom fyst eftir ok visadi konungrinn honum til hafnar. hann hafði laatid flesta skiolldu sina þa er vid framstafn voru ok miok lekat skipit af siglingu. konungrinn beid til þess i sundinu er oll komu skipin. Vm morgininn sigldi hann inn vm nesit ok er hann kom i Hornborusund laagu þar fyrir honum byrðingar ok sogdu menn konungi at Ribbungar voru komnir austan af Vermalandi med mikit lid ok hofdu drepit Olaf mok. þat þotti konungi skadi mikill þui at hann var goðr dreingr ok frændi konungs sua at faudurmodir hans var dottir Haralldz konungs gilla. Oli vargr het faurufadir hans lendr

madr a Raumariki. Konungr fór til Tunsbergs ok kom þar til hans Arnbiorn Jonsson ok Simon kyr ok adrir lendir menn or Vikinni ok sýslumenn. konungr sagði þeim ætlan sína at þegar sem hann hafði syst erendi sín þá vill hann norðr til Biorgyniar ok gera brudlaup sitt eftir einkamaalum þeirra-jarls. enn þeir segia at sú mikill ofdr var í Vikinni at þeir villdu með engu moti at hann færi þadan ok quoduz þegar skyldu í brottu fara ef hann færi. þá gerdu þeir þat rað at konungr sendi norðr Dagfinn bonda ok Hakon kaauis at segia huat taalmadi ferd konungsins. þá gerði konungrinn annat sinn bref til Suia konungs ok minti aa huern skada hann hafði feingit af Vermum ok bað hann eigi laata vuni sína styrkiaz í hans ríki. kuat þau einkamaal verit hafa inna fyrri konunga at huarr skyldi reka annars vuni or sínu ríki.

Hakon konungr bað Knuti.

89. Hakon konungr sigldi þá austr til Konungahellu. en allir Ribbungar er þá voru í Vikinni stúcku vndan vpp a Markir var þá kyrt í Vikinni. þá kom til konungs Aaskell logmadr er aatti fru Kristínu modur iungherra Knutz. konungrinn bað þá Knuti frænda sínum til sín ok kuez honum sæmdir miklar gera skyldu ef hann væri með honum. logmadr tok þú vel enn beiddiz þó þeirra kosta er konungr maatti varla laata. þeir toludu mart vm vfrid þann er Vermar ok Markamenn gerdu í Noregi með Ribbungum. Her voru lendir menn konungs ok kærdu fast huern skada Nordmenn hófdu feingit af Vermum ok Gautum sogdu þeir súa at Noregsmenn maattu meðr engu moti þenna skada leingr þola. Løgmadr suarar súa. þat er ecki mitt ríki ne valld enn þó vil ek at þer ritid með mer austr til Eiríks konungs at hann segi sínum vmbodsmonnum at þeir reki her þenna or landinu¹ ok leggi þeim við afarkosti. Hakon konungr suarar. ver hófum ritad .ij. sinnum til Eiríks konungs ok hafa saumu suðr í moti komit at hann skyldi vm bæta enn þó hefir þat ecki vordit þúiat æ er verr ok verr ok þeirra affli vex huersdagliga í vorum skiptum enn ver hófum laatid marga goda menn af þeirra volldum. Løgmadr bað gera it þridia bref til Suiakonungs ok kuez hia vilia vera er lesit væri ok leggja til slikt er honum syndiz. Hakon konungr gerði þá bref með þú moti at Eiríkr konungr skyldi fyrir atta dag jola hafa rekit vuni hans or sínu ríki. ella sagði hann efanarlaust at hann mundi sialfr hefna síns skada. Laugmadrinn het at hann skyldi saunn típendi hafa til konungsins fyrir enn aatta dag jola. Hann var .ij. daga með konunginum í sæmiligri

¹) or tilf. Cd.

veizlu. Síþan skildu þeir. konungr for norðr til Tunsbergs ok kom þar .vij. nottum fyrir jol ok stefndi til sin systlumonnum aa Raumaríki ok Hadalandi ok odrum þeim sem voru a Vpplondum ok kom þar mikit fiolmenne.

Bref fra Suiakonungi.

90. Hakon konungr hafdi mikla rausn vm jolin ok þessa raad-giafa huersdagliga aa tali med ser Eystein lögmann ok Simon i Vetr-vikum¹. Jafnliga komu þeir menn til konungs er kærdu raan ok stuldi er feingit hofdu af Ribbungum Vermum ok Markamonnum. J jolonum kom bref austan fra Suiakonungi. ok fanz Hakoni konungi sua i hans brefum sem hann mundi litlar bætr aa raada vm þat sem konungr taldi at ok eftir (þat) lysti konungr þui at þegar eftir jolin mundi hann rida austr at Vermum ok Ribbungum ok hefna þess skada er þeir hofdu honum gert. gerdi þa ord Arnbirni Jonssyni at hann kæmi til hans vid Eidaskog. enn Simon kyr ok Baardr brimsteinn ok Halluardr bratti skylldu koma til hans aa Morkum ok allir Vikueriar. hann stefndi til sin ollum systlumonnum er aa Vpplondum voru. hann [685] aatti huersdagliga stefnur vid sina menn ok bad þa bua sik ok vopn sin. konungr sendi ok bod vm alla Folldina at þeir skylldu bua honum reidskiota. enn Vestfylldir gerdu sua mannliga at þeir fluttu til hans .cc. hesta ok gaafu honum alla fyrir godvilia sakir.

Ferd Hákonar konungs.

91. Hakon konungr byriadi ferd sina or Tunsbergi .iij. nottum eftir jol. þessir voru þar formenn Nichulas Paalssun Gunnbiorn bondi Haralldr stangarfylia. enn konungr skipadi eftir a berginu Olaf Jngusun Eystein Roasun Onund Bryniolfssun ok .cc. vaskra manna þeirra er þungfærazstir voru. Hakon konungr for et ytra or bænum a skutu. þessi var enn .vij. vetr konungdoms hans. Hann var .iij. nætr aa leid inn til Hauksvikr. þar komu reidskiotar a mot honum ok reid hann þar vpp med lidi sinu ok sua inn i fiordinn Skiaaldr. sem hann kom vndir Eika-bergs skog komu þeir i mot honum er it efra hofdu farit ok mart beirmanna or Oslu. þa aatti konungr tal vid lid sitt ok setti grid ok lysti þui at hann mundi eigi leingr duelialz i Oslu enn .ij. nætr. bad menn sua vid buaz. Nichulas byskup var i bænum. hann hafdi spurt at konungr ætladi austr a Vermaland eftir jolin. Prestr einn var kominn austan af Vermalandi er Jonn het. byskup let kalla hann til sin ok sagdi sua at Hakon konungr ætladi at fara med allann her af Noregi

¹) r. Vervikum.
Flateyjarbók. III.

austr til Vermalandz ok brenna bædi konur ok born enn presta skylldi leggja a stiga ok hyda. Prestrinn ferr skiott i brott ok berr þessi tíþ-
endi huar sem hann kemr. hann for .ij. daga or Noregi i Vermaland
ok kom þessi niosn fyrir konunginum. Hakon konungr sendi Haralld
stangarfylíu fyrir ser til byskups ok bad konungr at hann skylldi vera
i gardi konungs ok kostnadi þær .ij. nætr er hann væri i bænum.
Byskup suarar sua at ecki maatti vera allt saman vlfar ok kaalfar. enn
þo reid byskup i mot konungi ok baud honum alla sæmiliga luti af
sinni hendi. enn konungr for i gard Haralldz sýslumannz sins enn huers-
dagliga sendi byskup honum vist ok dryck af sinum gardi. Dagfinnr
bondi bioz þa skyndiliga ok for jolaafstan or Biorgyn i Hauksvik ok for
med konungi inn til Osloar ok baud konungi fylgd sina til Vermalandz.
enn konungr villdi þat eigi enn þackadi honum sinn godvilia marg-
falldann er hann hafdi þa birt med miklu erfidi sem iafnan. konungrinn
taladi þa marga luti fyrir honum ok sua huat raad hann sæi fyrir
Sigurdi syni sinum ef honum yrði eigi audit aprt at koma i Noreg.
hann atti þa eingann sun annan enn þau born Kaungu, vngu ok Cecilíu
konungsdottur.

Ferd i Vermaland.

92. Dagfinnr bondi sneriz síþan aprt ok er hann kom vestr fyrir
Nesiar rak at þeim isa ok vard hann at snua til meginlandz. enn þar
voru Ribbungar fyrir i flestum stodum med storum sueitum. enn Sudr-
menn laagu íolmennt a kuggum i Sandafirdi ok er þeir spurdu til Dag-
finnz letu þeir hann fara til sin ok helldu hann vel enn logdu skip hans
i milli kugganna. Ysagr i Bæ hafdi sýslu i Sogni hann hafdi verit med
konungi vm íolin ok fengit orlof til norðrfedar. hann kom ok i þenna
sama isreka. enn fyrir sakir Ribbunga atti hann eingann kost annan
enn snua til Sudrmanna ok toku þeir vid honum sem bezst. setti hann
þar vpp skip sitt ok for inn til Tunsbergs enn Dagfinnr beid til þess
er minkadi isana ok foru síþan norðr til Biorgyniar. Konungr for or
Oslu manadag. hann for vpp a Raumaríki ok var vm nottina at Gunnars
aa Bergi enn lid var vmhuersis i bygdinni. konungr var adra naatt
vppi vid Elfi at þess mannz er Kolbeinn heitir aa Fyri ok vm mid-
nættisskeid komu menn af hestverdi til konungs ok sogdu at vfridr
for. konungrinn klæddiz skiott ok lupu menn vpp ok vt. enn tungl-
skin var biart ok maattu menn vida sia. villdi konungr þui eigi blaasa
laata at monnum syndiz ecki vfridligt enn þo gerdi hann menn fra ser
alla vega aa hestum. enn nockurir menn hófdu ridit af Hadalandi ok

hugdi þui hestvordrinn vfrid. Vm morgininn reid konungrinn vid herinn austr med aanni til þess bæiar er Nes heitir mikill kirkiubær. þar komu i mot honum sylumenn af Heidmork Fridrekr slafsi Juarr a Skediuhofi med halft þridia hundrat manna vel buit. Vm daginn eftir foru þeir austr med konungi til Elfar ok voru a þeim bæ er Stormr heitir enn herrinn vmhuerfis. þa var konungi sagt at Vermar hofdu safnat mikinn ok hofdu sanna spurn af ferd hans. þa kalladi konungr til sin alla sueitarhofþingia ok voru þa skipadir verdir ok niosnir i brott. Klemetr a Holmi for a fremsta vord med .lxxx. manna alla ridandi. hann hellt haalfa raust fra konunginum. annarr vordr var nær konunginum ok voru .xxx. manna a þeim. enn þar næstr voru .vij. menn sua at sia maatti til beiar. Vm morgininn eftir for konungrinn austr i bygd þa er Vigr heitir ok eru þat skámmar .ij. rastir. konungr dualdiz þui þar vm naatt at hann vænti at nockurir menn mundu koma i mot honum ok bioda bod af hendi Verma. þat sama kuelld hlioupu Ribbungar a nockurar sueitir konungs ok drapu nockura menn fyrir honum.

Enn fra Hakoni.

93. Hakon konungr kalladi til sin sueitarhofþingia sina ok skipadi med hueriu moti herrinn skyllði rida i Vermaland þuiat þau ord foru fra at bædi mundi moti standa landherrinn ok Ribbungar. þeir menn voru er þat sogdu ok afeggiudu at hann skyllði rida i annars konungs riki ok sagdi at mikill herr var i Vermalandi. enn ef Suiakonungr sialfr stædi i mot quadu þeir standa til meira haaska. Hakon konungr taladi þa fyrir lidinu. engi ofkæti dregr oss til þessar ferdar. enn þo at Ribbungar ok Vermar standi i mot oss þa oltumz ek ecki þeirra motstodu þui at ver megum vel mæla eftir voru fe ok vorra forelldra. kemr ok siaalfr Suiakonungr i moti. þa verdr annathuart at ver sættumz skiott ella skulu vör skipti fara sem gud vill. enn at visu skulum ver eftir leita at hefna þeirra skada sem oss hafa gerfir verit or Suiavelli vtan vorar tilgerdir. þessi skipan var fyrir ger ferdinni at konungsmerkit skyllði fyrst fara ok þar med .lxxx. manna skutilsueinar ok hirdmenn vel vaapnadir ok allir ridandi ok fylgdi huerium hesti laupandi sueinn. niosnarmenn fara fystir ok hafdi huerr þeirra .ij. hesta. her næst foru .cc. manna. enn eftir þat sledamenn af Vpplondum. voru þat .d. manna. enn þar næst reid Nicholas [686] Paalssun ok Haralldr stangarfylia ok hofdu .ccc. ripandi manna. þar næst foru allir sledamenn vtan fra sæ meirr enn .decc. enn sidazst reid Lodinn Gunnasun ok Erlingr liodhorn Haralldr Vesetasun Gunnolfr huiti Guthormr Erlendzsun ok hofdu .d.

manna. þui var þessi skipan gerr at ridandi menn foru fyrst ok þa sledamenn ef vfridr kæmi i mot þa skylldu riþandi menn veriaz medan sledamenn tæki vapn sin. skylldu huorirtueggio sledamenn ef vfridr kæmi hialpa odrum ef aa væri laupit. Ok eftir þat er konungr hafdi skipat her sinum i Vermaland .v. hundrat ok .xx. villdarlids ok vel .d. vopn- adra manna þar var ok fioldi reidskiotamanna. lidit syndiz þo miklu meira enn var fyrir sledanna sakir. enn þat var mikill þori lidsins er .ij. hofdu edr .iij. hesta ok fylgdi huerium hesti reidskiotamadr. Enn þo at iss væri tueggia rasta langr aa einhueriu vatni þa var fyrr annarr endir hersins af isinum enn annarr endir kæmi aa. Vm kuellidit er sueitarhofdingiar skildu vid konung þa var sua fyrir sagt at allir skylldu mettir at midri nott. þaa let konungr blaasa ok fluttiz herrinn eftir þui sem aadr var skipat. vedr var vindligt ok miok kallt. J moti degi gerdi konungr fram aa skoginn midiann menn. þar var mikil saalu- husstofa vid kirkiuna. hann bad þar gera elda stora i gardinum. þat var allt senn at dagrinn rann vpp ok konungrinn kom til elldanna ok vermdu menn sik þar vid (vm) rijd þuiat flestir voru frosnir nockut aa hondum edr fotum edr andliti. Hakon konungr reid þadan fyrr enn alliost var med allann herinn. Eidaskogr er þriggia rasta langr ok er kirkia aa midium skoginum. þar er godr vegr ok slettr þa er isar liggia. Sem konungrinn kom af skoginum i Vermaland þa komu niosnir hans i mot honum ok sogdu at engi safnadr var fyrir i landinu ok allt folk hafdi flyit fyrir honum aa markir vt or bygdinni. sua (voru ok) Ribb- ungar allir i brottu. þa fluttiz herrinn til beia þeirra er Morastir heita. þat er neyrdzst i landinu þar var allt folk heima. þar beid konungrinn til þess er allr herrinn kom saman ok var þat vm nonskeid. þa taladi konungr vid sueitarhoffingia ok siþan var blasit til þings ok lysti konungr þa raadagiord sinni fyrir herinum at hann villdi med fridi fara til allra bænda i landinu ef þeir villdi aa hans valld ganga ok til miskunnar festa sitt maal. ok med þui sagdi hann at vorir ouinir eru huergi fyrir oss þa vilium ver eigi akafliga fara ok vita ef landzfolkit vili ganga til yfirbota vid oss.

Fra Hakoni konungi.

94. Þar dualdiz Hakon konungr litla rijd ok gaf þar grid ollum monnum. enn annvirki geck vpp fyrir hestum. Hann reid vm kuellidit til bygdar þeirrar er Eidar heita ok var vm nottina aa bæ þeim er Medal- bær heitir er aatti Oddr Eirikssun. þetta var friadag fyrir niu vikna fostu. Hakon konungr hafdi marga sueitarhoffingia i bodi sinu vm

kuellit þuiat (hann) hafdi vel flutt vin nordan med ser ok var ecki leingra flutt fyrir frosta sakir. Þa gerðiz saa atburdr vm nottina at ollum verplum var kastad vt i gardinn ok var driugum þridiungr frosinn af huerium. reidskiotamenn toku verplana til sin ok brutu i sundr. siþan toku þeir ioklana ok bræddu enn summa aatu þeir. af þessu vrdu þeir sua drucknir at þeir borduz vm nottina ok vrdu þar .xiii. menn saarir enn margir lamdir. ok var þat fyrst gert vm morgininn at konungrinn feck menn til at setia þetta nidr i milli þeirra. Systlumenn villdu gefa þeim sakir aa enn konungr (gaf þeim) vpp allar. Laugar-daginn komu allir sueitarhoffingiar til konungs ok var herrinn þa miok aakafr ok villdu þa brenna bygdina. enn konungrinn frestadi a morguninn ok hugdi at bændr mundu koma til hans ok bidia miskunar ok bida yfirbætr. Ok er honum þotti sin vaan þrotin þa foru menn or bygd-inni sua at aa eingum bæ fanz madr nockurr. Sua quat Sturla.

Vara landraad
litlu golldit
vid allualld
austan markar
þa er lofdungr
leystann hafdi
elris garm
eski mettann.

Sualg huert hus
heitum munni
vidar hundr
Verma bygdar
ok suipgarr
seliu racki
vm gardzhlid
greniandi for.

Sua kuat Olafur Huitaskaald.

Vigstorma namt Vernum
valldr flarædi giallda
letu ræsir gunn geisa
geck elldr vm siot recka.

bændr lutu kuol þa er kyndiz
kapp spaar logi saara
gagn letu hyr hegna
hialldrels fromudr velar.

Nær vatni nockuru liop vpp kerling nockur ein gomul ok spurdi. huar er konungr Nordmanna. Henni var sagt. hon geck fyrir konunginn diarfliga ok bad at hann skyldi (eigi) laata brenna bæ dottur hennar fyrir þat at hon ein þordi heima at vera. Konungr kuad sua vera skylldu ok kalladi til sin gest þann er Jonn vmagi het ok þria adra ok bad þa þar vera til þess er allr herrinn væri vm farinn ok sagdi at þar skyldi allt i fridi vera ok bad hana fara eftir hium sinum ok hafa þau heim med ser ok segia sua at fleiri bygdir mundu vbrendar ef nockurir hefði aa konungs fund komit miskunnar at bidia.

Konungr for yfir brotann.

95. Eftir þetta komu menn til konungs ok sogdu at Vermar hafdu fellt mork fyrir hann skamt fra kirkiu þeirri er Nyiakirkia heitir. Þa

sendi konungr fram .c. ridandi manna ok bógmenn. ok er þeir komu til brotans voru þar faair menn fyrir ok stucku þegar i brott. var þa brotinn hogginn i sundr med boleyxum enn konungr let medan gæta at eingir væri gerfir bakslettir. Enn þeir allir er fyrir stodu ok fyrir ridu med konunginum komu skiott yfir brotann enn síþan leiddu menn tomliga hesta sina þar yfir sem þynzstr var brotinn. Þat var sagt huerium þeim er sidarr for at konungr var fyrir framán brotann ok bardiz vid Verma. geystiz þaa mugrinn fram at brotanum ok vard af þui mikill gnyrr enn sledar brottnúdu. enn er konungrinn heyrdi til harksins þa hugdu þeir at vfridr væri ok sneru þegar aftr sem akafaz ok hafdi þar nær miklum vða aadr menn kenduz. þeir foru þa i þa bygd er Aarvikr heita vt i landit.

Ferd konungs.

96. Hakon konungr kom þar snemma vm kuellidit ok þat folk er honum fylgdi ok er hann var afklæddr var blaasinn herblaastr ok var sagt at Vermar voru komnir ok baurduz vid lidit a skogin(um) aftr. Konungrinn liop vpp ok sa herinn er honum fylgdi ok ridu aftr. kom þa allr herrinn i mot þeim ok hofdu ecki heyrt vfridligt enn þeim var buit sialfum vid dauda er þessu hofdu vpp slegit. foru menn þa til buda sem ætlat var. Fyrir dag komu .vj. menn til konungs [687] af bygd þeirri er Strond heitir. sa het Geirr er fyrir þeim var. þeir baadu konunginn miskunar ok logdu allt aa hans valld. Konungr iattadi þeim gridum ok sættum ok gaf þeim þat mark yfir alla þa bæi er i þeirri bygd voru at þeir skylldu taka staung eina mikla ok binda vid huita blæiu ok reisa a þat hus er hæst væri i bænum ok skylldu allir af þui kenna þa bæi er grid voru gefin. enn i þeirri bygd voru eigi meirr enn .xiiij. bæir enn þo gerdu fleiri bæendr slikt sama mark ok fengu allir grid.

Fra ferd Hákonar.

97. Síþan reid Hakon konungr med allann herinn vt i Vermaland ok var brent huar sem þeir foru. enn menn voru huergi heima i bygdum. þeir foru allt vt i þa bygd er Gladaþros heitir ok brenndu. sem konungr (var a) þeim bæ er Knollr heitir þa quomu þeir bæendr a mot honum ok beiddu miskunar er landzmenn sendu ok buðu allt a konungs valld. enn med þui at Ribbungar voru ecki leingra vt i landit enn þar þa tok hann sættir af þeim ok settu þeir honum atta gisla þa er konungi fylgdu heim i Noreg. Hakon konungr sneri þa aftr ferd sinni ok var

vm nottina aa Strond at Gils bonda þar sem vbrent var. Sua segia Vermar at þar huili heilagr madr er þorgeirr heitir. Konungrinn for þadan vm morgininn ok var þa brent huar sem þeir foru. þui (at þa) komu eingir menn miskunar at bidia. Vm nottina eftir var herrinn þar sem Saurbæir heita vid Kiolinn ok for vm morguninn i þa bygd er Holmadalr heitir ok var þar giorr samnadr i mot þeim þar sem hellz voru kleifar ok skogar þraungasztir ok skutuz menn aa vm riid. þa lupu Nordmenn af hestum ok i skoginn at þeim enn Vermar toku skiott vndan ok vard af þui þeirra lutr hardari enn hinna er ecki hofdu i moti tekit at þar var sua vandliga brent at þar stod ecki kot vpp. Þessi bygd var (skiput) miok af Ribbungum ok flestir bændr voru þar handgeingnir Sigurdi ribbung. (Sua kuat Sturla.)

Eim leggr hyrr med himni
liop elldr i sal felldan
vitt hygg ek þegnum þotti
þeim markar bøl sueima.

eydduz allar þiodir
eidualldr konungr reidi
baugsendir raud bryndann
brand i Vermalandi.

þa er Hakon konungr reid at vestra Holmadali þa komu þar i mot honum bædi prestar ok bændr ok baadu miskunar. konungr let þa blaasa ollú lidinu a vatziss einn. þa lysti konungr þui at menn skylldu hætta brennu ok lagdi vid lif edr limalaat huerium er hans bod bryti. Vm nottina var konungr i vestra Holmdali at prestz eins i godum fagnadi. enn ecki var at drecka nema blanda ok huergi fengu þeir munga at i Vermalandi. enn slaatrivist skorti eigi þuiat buit var eigi aa brott rekit. Vm morgininn for konungr vestr a skoginn ok kom at midium degi i sitt riki ok var vm nottina j bygd þeirri er heitir Aansmark i Borgarsyslu a bæ þeim er Folkinsberg heitir. hafdi hann þar allt nóg medr goduilia.

Ribbungar gerdu vfrid.

98. Arnbiorn Jonsson hafdi .cccc. manna ok ætladi hann at mæta konungi vid Eidaskog sem raad var fyrir gert. ok er hann for austr af skoginum þa kom hann þar a farueg Ribbunga ok sneriz þegar eftir þeim. enn þeir foru enn beinsta veg vt til Osloar. enn Ribbungar hofdu aadr vm morgininn brott farit. þar kom til motz vid hann .c. manna vel buit enn hann sendi afr .c. annat þat er lettazst var. Nichulas byskup var fostrfadir Arnbiarnar ok kær vin. Byskup dualdi Arnbiorn leingi vm daginn ok kuaz kenna honum morg heil raad. enn þat sogdu flestir at þui gerdi hann sua at hann villdi at Ribbunga drægi sem leingzst vndan. Arnbiorn reid seint or bænum ok var lid hans miok

druckit ok þui for hann skamt vm nottina. Enn Ribbungar skundudu sinni ferd sem mest ok er þeir komu vt i Lidir var þar fyrir bondi einn or Tunsbergi er Reidulfr het gullkroppr. Ok er hann spurdi til Ribbunga skundadi hann sinni ferd aftr ok kom at midium degi til Tunsbergs. var þa þegar blaasit ok sagt vðn vfridarins. Þeir Olafr hofdu haalt þridia .c. manna a berginu. Varla var truat ordum Reidulfs ok var þui minni gæzsla aa hofd. Paalsmesso aptan at kuelldi komu Ribbungar i bæinn. Eysteinn Roasun komz nauduliga vndan vpp aa bergit ok er hann kom i klefina þa felldu þeir skutilsuein konungs er Gunnolfr het. þar fell ok Grimr huiti ok enn fleiri konungsmenn voru drepnir her ok huar i bænum .xiiij. menn fellu. Ketill staurr het hird-madr ok Eilifr duergr. hann var gestr. þeir voru i loptstufu ok vorduz vel ok dreingiliga alla naattina sua at varla munu dæmi til finnaz at .ij. menn hafi betr variz enn þeir. enn Ribbungar rufu husin yfir þeim ok logdu þar inn spiotum ok fellu þeir þar med dreingskap.

Ribbungar ræntu.

99. Vm nottina er Ribbungar hofdu rannsakat bæinn foru þeir norðr vndir berg ok brendu þar skip konungs tuitugsessu goda ok Sættaspillinn ok allz brendu þeir .xvj. skip. þeir draapu .ij. kaupmenn saklausa. þegar sem dagr kom foru þeir i brott ok vestr a Follidina. þeir toku leidangr konungs huar sem hann var ok ræntu bændr ok kaupmenn huar sem þeir komu. Vm daginn at midium degi kom Arnbiorn i bæinn. var honum þa sagt at hann mundi ecki faa af Ribbungum at sinni. sneri hann þa austr aftr til Valldisholma med ollu lidi sinu. Simun kyr ok Halluardr bratti hofdu farit vpp aa Markir med .dc. manna eftir bodi konungs. ok er þeir komu þar var konungrinn norðr farinn. sneru þeir þa aftr. Hakon konungr sneri enn beinsta veg af Folkisbergi til Osloar ok sidla vm kuelldit komu menn or Tunsbergi ok sogdu þau tipendi er þar hofdu gerzst. Konungr var vm nottina i bygd þeirri er Leirheimsskogr heitir. enn vm morguninn for hann vt til Osloar ok aatti þar stefnu vid sueitarhoffþingia ok sagdi sua. ek hefir spurt at Ribbungar ætla at snua vpp aa Heidmork i mot safnadi þeim er bændr hafa þar. vil ek nu skipta herinum i þridiunga. skal Lodinn Gunnasun ok Gunnbiorn ok Vpplendingar hafa einn þridiung ok snua vpp a Raumariki eftir Ribbungum ef þeir hafa stefnt a Heidmork edr þadan austr. enn ef þeir hafa eigi komit a Hadaland þa skulo þer snua vestr aa Aasaskog i moti þeim ok vt eftir Hadalandi. enn ek mun fara med annan þridiung vpp i Hakadal ok it beinsta vpp a Hadaland. þessir

sueitarhoffþingiar skolu mer fylgia Nicholas Paalssun Haralldr stangarfyllia Fridrekr slafsi. enn Erlingr liodhorn ok Klemetr af Holmi ok Haralldr [688] Vesetasun ok nefndarmenn af Follidinni skulu fara sem skiotaz til Tunsbergs ok eigi leingra nema þeir spyri nockut til Ribbunga.

Fra Ribbungum.

100. Lendir menn þeir er vpp foru a landit spurdu at Ribbungar voru ecki vpp komnir ok þui sneru þeir vestr vm Aasaskog ok fengu hardann veg ok laagu vti vm nottina þuiat skogrinn var ecki vel ruddr. ok er þeir komu af skoginum sneru sýslumenn vpp a Heidmork enn logmenn ok Gunnbiornn foru it beinsta vt eftir konungi. Þa er konungr kom vt i Hakadal quomu þar niosnir i mot honum ok sagdi at Ribbungar hofdu farit af Vestfolld vpp a Ringariki. enn siþan vissu þeir eigi huert þeir sneru. konungr let segia ollum sueitarhoffþingium at þeir væri bunir i ottu. ok var sua. Konungrinn kom snemma i Vppdal ok er hann kom i Hadaland spurdi hann at Ribbungar hofdu ecki vpp farit ok sneri hann þa vt afr eftir bygdinni. hann var vm nottina þar sem Brattagrof heitir. hann sendi Ogmund Olmodssun vt i bygdina aa niosn vid .xij. mann ok hofdu þar goda hesta. Vm kuellidit er matr bioz sagdi sa er vid liorann sat ok vaurd hellt at niosnarmenn leyptu afr i gardinn ok sagdi at vfridr for at bænum. þeir er fystir liopu toku til vopna ok hofdu leypt i laas hurdinni ok var þui sein vt gangan. Sniorr var mikill ok bad konungrinn menn snua aa hæd nockura at troda ser gadd þar til er sueitir kæmi til hans er vmhuersis voru i bygdinni. Þa kom Augmundr til konungs ok quez hafa mætt Ribbungum er þeir foru vtan enn eigi vissi hann huersu fiolmennir þeir voru. Konungr mællti styggiliga til niosnarmanna sinna at þeir hefdi fyrr flyit enn þeir þurftu er þeir vissu eigi sönn tiþendi at segia. Voru þa greiddar adrar niosnir sterkari med Ogmundi. hann mællti þetta er hann skildi vid konung. gud laati mik sua afr koma at ek kenna einhuern Ribbung ella kenni hann mik.

Fra Hakoni konungi ok Ribbungum.

101. Þa er Ribbungar foru af Vestfolld stefndu þeir it beinsta aa Vpplond ok koma vtan a Ringariki ok stefndu beint i moti Birkibeinum enn huoregir hofdu sannar niosnir af odrum aadr enn þessir niosnarmenn er nu var fra sagt. Ribbunga niosn sneri ok afr ok sogdu at þeir hofdu seed vapnada menn enn eigi vissu þeir huersu margir voru.

Sigurdr sendi þa Erling romstaf aa niosn med .vi. menn. hann reid vpp i bygdina ok spurdi at Birkibeinar voru komnir aa Hadaland miok margir. sneri þa Erlingr vt aftr til Sigurdar. hann var aa þeim bæ er Sotrangr heitir. sagdi hann Ribbungum at Hakon konungr var i Hadalandi ok hafa þui niosnir sua diarfliga farit i nött at hann er nær. Sigurdr let þa gera ord i bygdina ok let saman kalla lid sitt. voru þeir vm nöttina aa haugi einum ok hofdu þar illa bud. hann gerdi .v. menn þa er kunnazst var fram aa niosn ok mættuz þeir Ogmundr ok hans felagar a bæ þeim er Jafnagr heitir. þat var i onduerda dagan. þar fellu allir niosnarmenn Ribbunga vid kirkiugardinn.

Fra Hakoni konungi ok Ribbungum.

102. Hakon konungr reid i ottu af bænum med allt lidit. þa mætti hann Ogmundi. var hann þa vid annan mann. konungr spurdi ef hann vissi nockud til Ribbunga. hann sagdi at þeir hofdu set niosnir þeirra vid kirkiugardinn ok munu þer nu skiott finna þa ef þer ridit mikinn. Vegrinn laa beint med gardinum ok laagu Ribbungar þar drepnir. Ogmundr mællti til konungs. her bidr niosn Ribbunga yduar. Konungr sagdi hann vel hafa syst. Birkibeinar hugdu þa gott til at þeir mundu finna Ribbunga þuiat þeir vissu glogt huar þeir hofdu verit vm nöttina ok foru þa akalliga. Ribbungar hofdu stadit vpp vm nöttina ok snuit til vatzsins Thyri ok voru þeir i brottu er konungr kom þar sem þeir hofdu verit. Sneru Birkibeinar þa eftir farueg þeirra ok foru mikinn. ok er þeir komu at vatninu foru Ribbungar af isinum ok stefndu vestr aa dali. konungr reid þa sem mest eptir þeim þuiat þa var eigi langt i milli þeirra. sniorr var mikill ok vegrinn sua miorr at eigi maatti meirr rida enn .ij. menn iafnfram. þeir Ribbungar er seinstir voru hofdu bædi kastat vopnum ok klædum aa isinum. þeim var kunnigt vpp aa dalina ok sneru þannig fyrst sem mestar voru vfærdir ok þreyngstir vegir. ok er þeir komu a brecku nockura haafa sua þeir sa lid Birkibeina aa isinum þa gerdu þeir raad huart þeir skylldu vpp a þelamork edr vpp i Hattingjadal ok sua vpp aa Valldres. ok þat toku þeir þuiat þa þottuz þeir mega snua norðr i Sogn til siofar edr austr i Eystridali. þeir fara sem mest maattu þeir. Hakon konungr stoduadi lid sitt þa er hann kom i vatzbotninn. var þaa rannsakat lidit ok var eigi meirr enn .cc. fyrir vtan sueina. konungr aatti þa tal vid menn sina ok afðottu flestir at fara leingra þuiat reidskiotar voru miok farnir. konungr sneri þa et beinsta vt til Tunsbergs. dreif þaa enn lid til hans. fystu Vpplendingar at konungr skyllði fara vpp aa Heidmork ok gæta þess

styrks er þar var þuiat Heinir hófdu sua dreingiliga saman halldit at Ribbungar komu þar allðri sinum mætti vid. sumir fystu at konungr færri vt i Vikina ok redi þar til skipa. enn þeir er konungi hófdu nordan fylgt baadu hann fara vt til Tunsbergs ok bæta at þeim skipum er brend voru ok fara síþan norðr ok taka ser skipastyrk. þa quomu ok menn or Tunsbergi ok sogdu at bref voru komin nordan fra Skula jarli ok þui sneri konungr þangat.

Bref jarls til konungs.

103. Bref jarls vóttudu sua er hann sendi konungi. at honum þotti eigi ollum einkamaalum halldit vid sik er konungr var eigi i Biorgyn vm jolin. enn hann for nordan eftir þui sem mællt var at konungr skylldi gert hafa brudkaup sitt eftir jolin. þat let jarl ok fylgia at hann mundi bida konungs til pascha enn ef hann kæmi þa eigi þotti honum þa eigi halldit trunadi vid sik. mundi hann þa ok gera sem honum likadi huart hann helldi nockurn trunad i mot edr engann. Allir konungs vinir baadu hann allt hallda af sinni hendi ok þui aflattiz ferd hans aa land vpp. Jslaug voru sua mikil i Vikinni at engi mundi slik ok þo at menn geingi aa enu hæstu fioll þa sa huergi til vaka enn skip sa þeir morg frosin i isum bædi kugga ok onnur skip ok geingu menn af skipum sudr i Vikinni ok voru aa leid tua(u) dægr edr haalt annat ok vissu ecki til vaka vt fra skipum. morg skip hurfu vm vorit sua at ecki spurdiz til.

Fra ferd Gauta prestz.

104. Hakon konungr sendi Gauta prest austr i Vettaherad at taka leidangr ok reid hann austr yfir Folldina it beinsta. ok innan faarra naatta kom hann afr ridandi med .ccc. hesta ok var þat .vij. nottum eftir midfostu [689] ok voru þaa enn oruggir isar vm alla Vikina ok Folldina. Konungr le(i)tadi til at bæta skip þau er brend voru Sætta-spillinn ok enn fleiri þau er bætandi voru. þat skip er Vxinn het stod i þui vppsaati er nerdz er vndir berginu vid Danakleifna. þat hófdu Birkibeinar varit feingit sua at eigi var brent ok sua vel er su vppsaat komin at þat skip verdr vart elldi af berginu.

Fra Ribbungum.

105. Sigurdr ribbungr er hann heyrði at Hakon konungr hafdi setz a berginu stefndi hann til sin ollu lidi sinu. enn bændr a Heidmork laagu i safnadi ok gættu sin vel ok dreingiliga enn Ribbungar

saatu þess meirr vm. Enn eftir þat er Hakon konungr hafdi elta Ribbunga af Ringariki var þat nockura ríjd at ecki spurðiz til þeirra ok slitu þa bændr safnadinum ok hófdu þo vordu vm bygdir sinar. Sua er sagt at þeir voru nockurir menn er sua voru vtryggir bændum ok litlir konungs vinir at þa sendu ord Ribbungum leyniliga. foru þeir þa af Raumariki med ollum her sinum ok komu vpp aa Heidmork i bygd þa er Skaun heitir eftir midia naatt. enn su bygd var fiolskipad af kirkium ok godum bæium. Ok iafnskiott sem vardmenn vrdu varir vid þa ringdu þeir herclockunni at hófudkirkiunni aa Stongum. enn fyrir þui at Ribbungar voru þa komnir i midia bygdina þa var illt at safna lidi þui at þeir draupu huern er til villdi hlaupa safnadarins. þeir brendu .ij. bæi mikla Ottastadi ok Hervinn. þar biuggu .ij. konungsmenn þeir er mestu rédu med bændum. Enn er þeir saa brennuna sneru þangat sumir til enn sumir til Ribbunga ok drapu huern er þeir fengu. enn þar sem systlumennum voru ok hellzst var safnadrinn þa ridu þeir þangat sem þeir sa flesta Ribbunga fyrir. enn saa madr bar merki bænda er Jonn landhaftr het vaskr madr. hann reid akafliga sua hann fell aadr enn lidit kæmi saman ok fleiri menn med honum. enn er bændr sa fall sinna manna þa sneru þeir vndan ok leitadi huerr fyrir ser. Ribbunar raaku flottan ok drapu sem mest máttu þeir enn þegar systlumennum komu leingra norðr i bygdina þa skaaru þeir vpp heraur aa nyia leik. enn þa for sem mællt er at illt er flyianda mann at hepta. nockurum .ij. sinnum edr .ij. komu bændr i safnadinn enn þegar þeir sa fiolmenni Ribbunga þa letu þeir vndan. Ribbunar voru þui diarfari sem þeir saa bændr ræddari ok eftir þetta leitadu Birkibeinar fyrir ser enn Halluardr byskup for þa til Ribbunga ok tok grid af þeim¹ til handa bændum enn konungsmenn leitadu vestr vm vatnit ok vt vm þotn ok sua til Tunsbergs. Juarr a Skediuhofi ok Þorgeirr byskupsmadr sogdu konungi tíþendin sem gerst hófdu. konungi likadi þetta storilla. þeir baadu konunginn fara vpp a Heidmork at Ribbungum. enn þaa var sem fyrr at inir somu aftoldu fyrir konungi ok baadu hann norðr fara eftir einkamaalum þeirra jarls.

Ferd Hákonar konungs.

106. Ribbunar toku fe þeirra manna allra er fariz hófdu enn logdu stor giolld aa bændr ok sættuz med þui moti. Ribbunar sneru þa enn vt aftr i Vikina ok foru miok diarfliga. nockurar sueitir voru sua nær bænum at eigi var leingra enn ein röst. Sem konungr spurdi þetta

¹) h'm d. e. honum Cd.

þa nefndi hann .ix. sueitir or bænum at fara at Ribbungum ok voru þessir formenn fyrir Gunnbiorn Haralldr stangarfylia Juarr aa Skediuhofi Guthormr Erlingssun Jsakr i Bæ. þeir fundu Ribbunga inn i Osloar heradi a bæ þeim er Agnlausá heitir. þar vard bardagi ok fengu Birki-beinar sigr. þar fell Nicholas Reidars brodir enn mesti madr af Ribbungum ok .x. tigr manna med honum. eftir þat þorðu Ribbungar ecki at fara sua nær bænum i Tunsbergi sem aadr. Þorsdaginn i paaschaviku let konungr draga skip sin vm nesit þuert fyrir vtan Skeliastein ok síþan vt i Hundzsund ok var þar þaa enn oruggr iss. hafisar voru leystir ok oll sund fyrir vtan. Eftir paschaviku sigldi Hakon konungr norðr ok var .v. nætr a leidinni. Jarl var i Biorgyn fyrir ok fagnadi vel konungi. var þa raadit til brudlaupsgerdar Hákonar konungs ok jungfru Margretar ok var (bodit) lendum monnum ok enum bezstum bændum vm oll Gulaþing. þar komu ok margir lærdir menn. brudlaupit var þrenningar messudag ok stod .v. nætr med sæmiligri veizslu sem til var ætlat. konungr veitti i jolahallinni ollum karlmonnum enn drottning var vppi i sumarhallinni ok konur med henni enn klaustramenn voru ser einir i stofu ok voru .v. abotar fyrir þeirri sueit. Fyrir brudlaupit sendi Hakon konungr .lxxx. manna vpp aa Valldres ok voru þessir formenn Alfr standreykr Gunnarr samr Klemetr langi. þetta var fyrir þa sauk gert at þeir skylldu hallda vaurd medan brudlaupit væri at Ribbungar gerdi ecki hark. enn er þeir komu aa Valldres þa voru þar fyrir nockurar sueitir Ribbunga ok foru Birkibeinar þegar at þeim ok baurduz vid þa. þar fellu margir Ribbungar ok .ij. formenn þeirra het annarr Vlfr skygnir. Eftir þat sneru Birkibeinar norðr i Gudbrandzdali. vrðu þa enn aaraasir med þeim ok Ribbungum ok hófðu Birkibeinar optar betr. enn þo letu þeir einn formann sinn Gunnar saam.

Fra konungi ok Ribbungum.

107. Hakon konungr ok Skuli jarl voru leingi vm sumarit i Biorgyn þa let konungr bioda vt leidangri vm oll Gulaþingslaug bædi at lidi ok vistum. síþan bioz hann austr i Vik ok hafdi .xxxv. skipa enn Skuli jarl sneri norðr til Þronðheims. Sua var raad fyrir gert at jarl skyllði þegar hann kæmi norðr fara vpp i land ok sinna konunginn vppi vid Miors. enn sa þeirra er fyrr kæmi skyllði raada til skipagiordar. þa er Hakon konungr sigldi fyrir Jadar kom þar buzsa ein komin af Englandi er aa var Jonn staal. hann hafdi farit til voku til ens helga Thomas erchibyskups. þeir sigldu nær konungs skipinu. konungrinn spyrr eftir erchibyskupi enn þeir quodu hann i Englandi ok buinn til Noregs. konungr

spyr huerr erchibyskup se vordinn. Jonn suarar. sa er þer villdut herra Petr aa Husastodum. konungr þackadi þat gudi. Vm quelldit er konungr kom til hafnar gerdi hann bref aftr i moti erchibyskupi huar sem hann kæmi at skyldi hann vera velkominn gudi ok sua honum. Þa er konungr sigldi inn fyrir Lidandisnes kom þar i mot honum Fridrekr slafsi ok sagdi honum at Ribbungar voru þar vida i bygdum ok gerdu mart illt bædi konungi ok bændum. Konungr veik þa inn til sunda ok gerdi lettiskip [690] inn i Maurnadal at Ribbungum. þeir drapu þar nockura menn af þeim. Siþan foru þeir austr lengra ok fengu her ok huar menn af Ribbungum. enn er konungrinn sotti inn i Vikina var honum sagt at Ribbungar voru austr a Nesium ok i Skidunni. þa gerdi sa madr brudlaup sitt er Grimarr suangi het. Enn er konungr spurdi þat þa steig hann aa skutu ok for inn til Skidunnar at Ribbungum. enn þeir fengu niosn ok foru or bænum vm nottina. enn konungr kom i dagan ok er hann misti þeirra þar þa sneri hann yt eftir firðinum ok sigldi inn i Vikina ok austr eftir Grindholmasundum ok misti þeirra þar. ok þadan for hann til Osloar crossmesso aftan. kom hann inn til Nesodda med .xvj. skutur. þar skipti hann lidinu. reru .xij. skutur inn vndir þrælabiorg ok var þar fyrir Juarr a Skediuhofi. þeir geingu vpp ok lagu vm nottina i Elfuinareing. enn i dagan vm morgininn reyru þeir at bryggium. þeir stefndu vpp til beiarins. Ribbungar voru i bænum ok liopu vpp þegar er þeir vrdu varir vid at skuturnar reru at ok stefndu vpp or bænum. þeir Juar komu þar i moti þeim ok lupu Ribbungar þa aftr i bæinn. Þa var konungr kominn a bryggiurnar. stefndu þeir vpp ok sueif þa vpp i bæinn. vard þa litil mottaka. Ribbungar fellu þar betr enn .xx. menn enn allir adrir komuz i kirkiur. enn vm morgininn gaf konungr þeim grid. Sua segir Sturla i Hakonar flocki.

Ríkr gaf blenna hneykir
her þrungit Ribbungum
yss gerðiz i Oslu
eitt slag meginsueitum.

milldr kom heimskum haulldum
hervijgs a glapstigu
kendi langs i landi
lauf vikinga rikis.

þegar vm kuelldit for Hakon konungr or bænum ok vt til Tunsbergs allt et beinasta.

Bref fra Skula jarli til Hakonar konungs.

108. Þa er Petr erchibyskup kom i land sendi hann bref til konungsins þau er pauinn hafdi ritad med honum at konungr væri vin erchibyskups. erchibyskup bad ok konunginn vinattu i sinum brefum ok het i mot sinni vingan med fostum truleik. J þenna tima komu til

konungs bref fra jarli ok korsbræðrum i Nidarosi ok sogdu þau sua at Petr. suikarinn var kominn i land er keypt hafdi erchibyskups nafn med fe ens heilaga Olafs konungs ok baadu konunginn taka hann sem annann suikara heilagrar kirkiu. Þessi somu bref sendi konungr til erchibyskups ok þar med sin bref ok bad erchibyskup fara austr til sin edr bida sin i konungsgardi. baud konungr sik sialfan til at fylgia honum norðr til stadarins. Þa er Hakon konungr kom norðr til Tunsbergs komu þa til hans storskip þau er hann hafdi af geingit. var þar aa drottning ok konungsmodir. þa komu ok til hans lendir menn ok systlumenn or Vikinni. bioz hann þa sem skiotaz inn til Osloar. þa kom prestr einn danskr til konungs fra Sigurdi ribbung med brefum. hann baud konunginum hardstefnu vid vatn þat er Draufn heitir. enn monnum þotti konungr eigi mega þangat fara storskipum fyrir straumum. þa suarar prestr. baud hann ydr ok þann kost at þer skyldut fara inn til Osloar ok ganga norðr aa Leiru ok mundi hann þar koma ok beriaz vid ydr. þa fara allir iafnlangt til. Konungr iattadi þui gladliga. þa dro prestr maalit sagdi at Ribbungum þotti þat iafnt at konungr ridi vpp til eids enn þeir kæmi þar i mot ok berdiz aa Eidsvelli. Konungr suarar. leingra sækium ver þa Birkibeinar til er farit hofum norþan vr Biorgyn aa skipum enn ridum nu aatta rastir a landi til motz vid þa enn þeir fara .iij. vikr skammar eftir vatni. enn ef Sigurdr vill þar finna oss helldr enn i odrum stodum þa far nu sem skiotaz prestr ok seg Ribbungum at þeir skulu mega sia merki Hákonar konungs aa Eidsvelli þegar gud gefr tima til. Eftir þetta foru (þeir) inn til Osloar.

Fundr Sigurdar ok Skula.

109. Skuli jarl gerdi sem þeir konungr hofdu talat sin i milli at hann for aa land vpp ok med honum Gregorius Jonssun ok Pall vogar-skalm Nichulas son hans ok Petr vr Gizska. Jarl hafdi mikit lid ok fritt. hann hafdi laetid sla skipsaum margann ok var fluttr i klyfium. hann let fara marga smidi med ser ok for miok akafliga þar til er hann kom i sunnanverdan dalinn i Gudbrandzdolum. þa sendi hann fra ser haalt annat .c. manna. var þar fyrir Kolbeinn ketturyggr ok Juar vtvik ¹. þeir komu til Hamars at midium degi. þar var þa Sigurdr ribbungr i bodi ok komz naudugliga aa skip sitt. þar fellu nockurir menn af honum. (þ)aa reri (hann) vt aa vatnit ok kalladi aa Birkibeina ok spyrr huerr fyrir lidi væri þui er nordan kom. Juarr suarar. Skuli jarl er fyrir lidi þui segir hann. Eftir þat reri Sigurdr vt til eyiarinnar þar sem lid hans

¹) or vik Cd.

var fyrir ok sendi Erling romstaf aa fund jarls ok var honum þar vel tekit. síþan funduz þeir Sigurdr ok jarl med faa menn ok toluduz vid vm ríjd. Eftir þat tok jarl skip byskups ok sin ok oll onnur þau er hann feck. þa leet hann ok reisa ny skip þau er sua voru stór at engi voru fyrr slik gior aa Vpplondum ok voru þo miok gior af rapadi. þa er Skuli jarl for or þronðheimi sendi hann gramunk einn med brefum til Hákonar konungs ok mætti hann konunginum a firðinum þa er hann for inn til Osloar. hann sagdi at jarl var farinn aa Vpplond ok bad konung huata til motz vid hann ok sagdi at jarl mundi raad fyrir gera at skip skyldi eigi skorta. bad þo konunginn hafa sum med ser ef til þyrfti at taka. Nichulas byskup var fyrir i Oslu ok gerdi ord a þui at hann villdi leita vm sættir med Birkibeinum ok Ribbungum. þa funduz bref þau at konunginum þotti eigi allr trunadr halldinn vid sik af byskupi eftir þui sem byskup hafdi iattad honum. enn byskupinn bad konung vægia ser vm þessi maal. Síþan for konungr aa land vpp ok allir lendir menn med honum ok allt et bezsta folk. enn Halluadr bratti ok nockurir adrir sueitarhofdingiar voru eftir at gæta skipa ok logdu þeir ollum skipunum i Elgiarnes. þær voru a konungsskipti drottning ok konungs modir. Konungr var ena fystu naatt at Gunnarsbergi enn adra at Amunda laugmannz i godum fagnadi. Vm morgininn foru Birki-beinar vpp til Eids komu þa niosnarmenn i mot þeim ok sogdu at Ribbungar mundu fyrir þeim a Eidsvelli.

Stefnurof Ribbunga.

110. Hakon konungr aatti tal vid lid sitt. lysti þui er honum var sagt at Sigurdr ribbungr ætladi at hallda orrosto vid hann vm daginn. þui fõgnudu allir Birkibeinar at sa fundr yrði sem skiotaz. Var þa farit aakafliga ok er þeir komu vpp at kirkiu þa leypti allr herrinn ofan eftir breckunni til aarinnar. þui at þeir hugdu at þar mundi herr Ribbunga fyrir vera eftir þui sem þeir sialfir hofdu bodit Hakoni konungi. Enn þeir helldu þenna stefnustad sem þeir hofdu adra halldit at engi þeirra var þar kominn i moti Birkibeinum. sneri þa konungrinn vpp til beiarins ok skipti þa herinum i garda enn hann var i presthusum. Hann sendi þa niosnir med bondum vpp vm vatnit at segia jarli at konungr var kominn ok bad hann senda skip moti ser sem skiotaz. Litlu sidar komu sendimenn fra jarli Nichulas tartr. þeir sogdu [691] konunginum at þar voru i ferd med þeim hirdmenn Sigurdar konungs ribbungs Erlingr rumstafr ok Aalfr Styrssun ok villdu hafa grid af Birkibeinum til vidtals med konung. konungr kuez ecki eiga vantalat vid þa. Nichulas kuad

Þetta vera raad jarls at duelia sua stund fyrir Ribbungum ok raada-gerdir þuiat skipin voru eigi fyrr buin enn eftir .iiij. daga lidna þa mundi oll a floti ok buin at ollu. Konungr iattadi þa at sendimenn skyldi koma i fridi til tals vid hann. Þeir baaru vpp erendi sin ok sogdu at Sigurdr bydr sættir ok beiddiz skiptis aa landi. Hakon konungr suarar sua. meira kostadi Suerri konung faudurfaudur minn ok fleiri vosbudir hafdi hann enn ver hofum enn haft aadr hann fengi Noreg vndir sig af sinum vvinum ok leitudu þo margir aa hann siþan hann feck einvalldit ok let hann ecki skipti aa ganga annat en bad gud skipta eftir þui sem hans miskunn ok vili væri til. nu megu þer ok sua segia Sigurdi hofþingia ydrum at ecki skal annat skipti hafa enn þat sem gud gerir. vitum ver ok eigi huart Sigurdr er son Erlings steinueggs. enn þat vitum ver til viss at hann er eigi sun Magnuss konungs ok þat var fals eitt er hann for med sem þeim var kunnigt er nu sitia hia mer Arnbiorn Jonssun Gunnbiorn ok Simon kyr. Arnbiorn hafdi þar faatt vm en Simon sagdi sua. þat er engum manni iafnkunnigt sem mer at ecki þionudum ver þeim Erlingi sem ek sa i steinvegginum i Visinsey. þo þotti mer þessi godr medan ek var medr honum. Eftir þetta skiptuz þeir nockurum ordum Simon ok Ribbunar. þui næst baadu Ribbunar at fridr skyldi standa vm vetrinn ok hefdi þeir Vpplond til varnar. Konungr neitadi þui. þa beidduz þeir at hafa Heidmork ok Raumariki til vaars. konungr suarar. ef þer sitid i fridi til vaars þa dragi þer til yduar margan þiof ok vaandan dreing sem þer erut vanir ok mun þa þyngra at hrinda ydr brott enn nu. þa foru (þeir) ofan til skips enn konungr sendi þa menn til Nicholas ok sogdu þeir jarli vidrædur konungs ok Ribbunga. þeir sogdu jarli at konungr maatti med engu moti leingr dueliuz a Eidsvelli enn .viiij. nætr enn a .ix. degi vard hann brott at fara ok var sa næstr eftir all(ra)heilagramesso. þa sendi jarl Nicholas Paalssun til konungs ok sagdi ath skip voru buin enn ecki quat hann þau mundu synaz miok þéttlig. Jarl bad at konungr skyldi senda til hans nockut lid. konungr sendi honum atta sueitir ok þa formenn Juar af Skediuhofi ok Saxa bladspiot. Konungr gerdi menn med honum til jarls ok bad hann koma til sin med skipum edr senda honum þau skip er fær væri. Sem Nicholas kom til jarls hafdi hann flotad skipum ok voru þau sua lek at varla feck ausit ok med engu moti voru þau herfær. þa hofdu Ribbunar farit or eyinni med skipum sinum higat ok þagat i eyiar edr fiordu. ok er jarl spurdi þat for hann norðr aa Ringisakr aa skipum sinum ok voru þar sum brend enn sum

vpphoggin. enn jarl sneri norðr til Þronðheims með allann her sinn ok komu eingar orðsendingar af jarls hendi til konungs.

Fra Hákonu.

111. Hákon konungr beid aa Eidsvelli sua sem þeir jarl höfdu við mæltzt. síðan fór hann í brott með allann sinn her ok ætladi vt til skipa sinna. ok er hann kom aa Raumaríki var honum sagt at Ribbungar höfdu farit vt vm Þotn með skipum sínum ok sua vt vm Hadaland ok ætludu at draga skip sín í vatn þat er Tyri heitir a Ringaríki. Nu sneri konungr ferd sinni ok fór vt vm Hákadall ok sua aa Hadaland. mestr þori lids sneri vt til skipanna. voru þeir sumir er eigi vissu at konungrinn hefði aftr snuit enn sumir höfdu eigi dreing í serk at fylgia honum. Konungr var ina fyrstu nött í Hákadall ok sua aa Hadalandi. enn vm morgininn at midium degi matadiz hann aa Gyllin. þat er aa Hadalandi. þa var konungi sagt at nockurar sœuitir af Ribbungum drogu þar skip sín vt vm bygdina. konungr sendi þa fyrir ser Juar nef ok lid með honum enn konungr fór seinna. ok er hann kom í bygdina þa er Brandabu heitir komu menn í mot honum ok sögdu at Juarr nef var elltr. aa skoginum Kiolueg ok margir menn drepnir. af honum. Litlu síðar kom Juarr ok kuaz ridit hafa austr aa skoginn vm ríjd ok þa mættu Ribbungar honum. ok víska ek eigi hue margir þeir voru sagdi hann ok foru þeir samfleytt enn ver sundrslita þuiat oss vardi eigi at sua skiott mundi at bera með oss. ok er ver fundumz fengu ver varla vopnum fyrir oss komit þuiat skogrinn var sua þyckr ok þui næst lupu vorir menn aa skoginn ok hulpu ser með þui. enn ek gat snuit minum hesti ok nockurir menn með mer ok ridum ver aftr eftir veginum.

Fra Hákonu konungi ok hans monnum.

112. Hákon konungr hellt nu lidinu aa haugi einum vm daginn ok let skora lidit ok var þa eigi meirr enn .ccc. manna af þeim .xv. er honum fylgdu aa land vpp. Sua sem aa leid daginn komu þeir af skoginum er elltir voru ok þeir hugdu fallna ok þui beid konungrinn þar vm daginn. þa var honum sagt at Sigurðr ribbungr mundi þar koma með her sinn ok þui hellt konungr þar saman lidi sínu vm nöttina Þorbjorn grómur hirdmadr konungs kom vm dagsetrs skeid ok nockurir menn með honum ok voru allir flettir enn sumir særdir af Ribbungum. Vm morgininn í lysing gerdi konungr fra ser halft annat .c. manna með hestum aa niosn til Ribbunga ok komu þeir aprt at medium degi ok sögdu Sigurð hafa snuit ferd sinni vpp aftr a Hadaland ok ætladi vpp

til eyjarinnar með öllum skipum sínum ok lídi. konungr þóttiz skília þá at ecki mundi tíá at rekazst eptir þeim vpp til vatzsins þar sem hann hafdi engi skip ok þúí sneri hann vpp aftr aa Hadaland ok var vm daginn at Baardar profastz aa Gron¹ i godri veizlu.

Andlát Nichulas byskups.

113. Nichulas byskup var þá miok siukr. hann gerdi ord Hákoní konungi at hann kæmi til hans. konungr hafdi fundit bref nockur i þessi ferd þáú er honum þótti eigi allr trunadr a vera af byskupi til sín ok bar þat aa hann. enn byskup geck vid ok bad konung fyrirgefa ser. konungr kuaz þat giarna vilia gera fyrir guds sakir. konungr þóttiz skília huar þá var komit mætti byskups ok fyrir þúí dualdi hann ferd sína þar til er gud kalladi byskup af heiminum. Hákon konungr fylgdi líki hans til graftar ok gerdi vel ok virduliga sem vera aatti. þúiat Nichulas byskup hafdi verit inn mesti agætismadr ok storræða vmfram alla lærða menn i Noregi. hann var ok kominn af enum stærstum ættum i Suiavelli ok Danmork ok þó vel ættadr innan landz. enn þótt hann væri litill vin Birkibeina þá sagdi Hákon konungr þó sua at varla [692] hefði slíkr madr verit sem Nichulas byskup til veralda vitz ok sæmdar.

Fra Hákoní konungi.

114. Hákon konungr fór til Tunsbergs ok gaf þáa heimleyfi Dagfinni bonda ok Gauti af Meli ok odrum monnum nordan or landi enn hann bioz austr til Elfar. Drottningin ok konungsmodir foru vpp aa bergit ok var Gunnbiorn þar forsiamadr meðan konungr var austr. Sem konungr var i Konungahellu kom þar i mot honum Aaskell laugmadr ok fru Kristin. Laugmadrinn sagdi sua at Eirekr Suiakonungr ok allir Gautar hófdu storar aataulur vid Noregsmenn vm ferd þá er konungr fór i Vermaland. Enn konungr sagdi at þat var laugmanni kunnigazst huersu opt hann hafdi bedit at Suia konungr skyldi brott reka þá þiofa er optliga staalu or hans ríki ok réntu Noregsmenn. Logmadr quez þat giorla vilia enn sagdi at Suiakonungr var miok bernskr enn hefir þáa fa raadgiafa er honum eru fullkómlika tryggir. hefði þeir honum verit heilraadir þá mundi hann reinsat hafa land sitt af þessu illþydisfolki. Lögmadrinn var i bodi konungs ok foru allir lutir vingiarnlika með þeim at þúí sinni. þá voru margir Baglar fornir með Hákoní konungi Lodinn Gunnasun Simon kyr Halluadr bratti. konungr hafdi þat til skemtunar at hann gabbadi þá vm þat at þeir hefði eigi rettum konungs-syni þionat þá er þeir voru með Erlingi steinuegg ok aattu margir

¹) Guon Cd.

menn lut í þessa maali. enn logmadrinn lyddi til ok mælti til konungsins. vili þer herra lofa oss Gautum at eiga nockurn lut í gabbi ydru Nordmanna. enn þú iattudu allir. þá mælti hann. eigi skiptir mik miklu vm gabb yduart edr huat í Noregi ferr fram enn eigi villda ek vsatt segia þat er ek vissi. er mer vkunnigt vm þat huart Erlingr þessi var sun Magnuss konungs er Baglar þionudu. enn þat víska ek sannliga fyrir gudi at eigi var hann sa Erlingr er sat í steinvegginum hia oss í Visinsey. enn sua segium ver at sa var sun Magnuss konungs ok hygg ek af þú at þer hafit rangt þionat. enn þessi hafi gefit ser nafn hans ok vidrnefni. enn þu munt þetta vita Symon kyr. þúiat þu vart þar inni byrgdr medr honum. Konungr mælti þa. seg nu Simon þat er þu veizst sannazst fyrir gudi vm þetta maal. Simon suarar. þat veit ek fyrir gudi at mer er þetta kunnigt þúiat ek sat í steinvegginum hia honum ok var ecki þessi sia Erlingr. enn þú þionudum ver þessum at ver villdum faa einhuern þann (er) í moti stædi Birkibeinum. Konungr skirskotadi þetta vndir þa menn er hia voru at Simon geck vid med hueriu falsi þeir hofdu farit ok þeir allir síþan sem þionat hofdu afkuæmi þessa Erlings.

Ok fra Hakoni konungi.

115. Hakon konungr ok Aaskell logmadr skilduz med miklum kærleikum ok gaf huorr odrum godar giafir. þá baud konungrinn herra Knuti frænda sinum at fara med ser til Noregs ok het honum þar miklum sæmdum fyrir sakir faudur hans ok frændsemi þeirra. enn modir hans red er hann for eigi. Eftir þat for konungr norðr til Tunsbergs ok kom þar iola aftann ok sat aa berginu vm jolin. þessi var enn .ix. vetr konungdóms hans. Eftir jolin for konungr or Tunsbergi ok norðr til Biorgyniar at afla ser lids þúiat Ribbungar styrktuz miok í Vikinni ok aa Vpplondum. hann setti eftir Gunnbiorn aa berginu med .c. manna. Konungr hellt vt íd eystra þúiat oll sund voru isud. hann laa .vij. nætr í Huollum. þá kom Gunnbiorn til hans ok sagdi at menn villdu eigi sitia aa berginu þeir sem hann hafdi til nefnt. konungr for þá aftr íd efra til bearens ok aatti tal vid sina menn ok lagdi þeim vid stora afarkosti ef þeir gæfi vpp bergit. síþan for hann aftr til skipa sinna. Sa atburdr vard í Tunsbergi at reisa skyldi tre a konungskipinu. enn þa er reist var tok treit at falla fram at stafni eftir stockinum. konungrinn stod vndir er treit reid ok tok madr í bellti honum ok kifti honum vt aa bordit. giordi gud þar mikla iartein þúiat engann mann sakadi enn margir voru nær. enn þat volldi at iss var í

stellingunni. Þá er konungrinn sigldi í gegnum Eikundarsund villdi hann at leggja enn menn mælltu í mot ok sogdu at eigi skorti byr fyrir Jadar ne dag. konungr quez ecki vera fuss at sigla quaz sua dreymt hafa sem þeim mundi aa beraz adr þeir kæmi til Biorgyniar. enn þo sigldu þeir godann byr fyrir Jadar ok komu í Eyiár vm kuellidit. Vm morgininn var landnyrdingr huass er þeir toku til segls. þeir hófdu .iiij. langskip. Ok er þeir lidu Frekeyiarsund þa huesti sua at varla var vodhæft a konungsskipi ok kastadi fram seglinu aa ackerisfleinin ok reif seglit sua at þat for allt nidr í skipit. enn skipit rak at boda. hetu menn þa storheitum þeir sem aa voru enn engi vænti ser vndankomu ok þat hugdu þeir er hiaa saatu at huetuetna mundi laataz. Enn þa syndi gud storar iarteinir. þuiat medan at leid bodanum þa rak skipit akafliga ok sua síþan bodann leid enn medan íafnfram for bodanum þa rak med ollu ecki. Konungr lagdi til hafnar í eyiunum Aumum med mikilli naud. baatrinn var brotinn enn rifit seglit ok at flestu ollu hafdi nockut bilat. Konungr sigldi þa norðr til Biorgyniar ok stefndi til sin lendum monnum sinum or Gulafings laugum ok sagdi þeim at hann villdi bua ferd sina austr aftr í Vikina. enn er þeir spurdu at bændr maattu eigi skiotliga gera leidangr bædi konunginum at vistum ok lidi ok þui beid konungrinn þar fram aa vorit.

Fra Sigurdi ribbung.

116. Sigurdr ribbungr sat aa Vpplondum med miklum styrk. hann sendi bref norðr til Skula jarls ok Petrs erchibyskups ok bad þaa leita vm sættir vid Hakon konung. beiddiz hann landaskiptis ok þess at sættarstefna væri logd med Ribbungum ok Birkibeinum. Ok er hann hafdi norðr sent brefit þa stefndi hann til (sin) ollum her sinum ok for vt í Vikina med miklum styrk. ok er Birkibeinar spurdu þat þeir er í Vikinni voru þa treystuz þeir eigi at hallda Vikinni fyrir Sigurdi ribbung ok biuggu ferd sina norðr til konungs ok foru í brottu flestir allir. Konungrinn fagnadi þeim vel. þeir sogdu konungi slik tífendi sem þar voru. konungr feck þeim aatta skip vel skipud. sneru þeir þa í brott austr aftr med lidi sinu. Þa er bref Sigurdar ribbungs komu norðr þa sendu þeir bref austr it efra erchibyskup [693] ok jarl þuiat þeir hugdu at konungr væri í Vikinni. var þat aa þessum brefum at Hakon konungr skyllði taka sætt af Sigurdi ribbung. lagdi erchibyskup bann vid huerium manni er nockurn ofrid gerdi aadr enn sættarstefna væri reynd. Þessi bref komu í moti lendum monnum austr fyrir Augdum ok for med korsbrodir einn af Nidarosi ok annarr af Oslu ok nockurir jarlsmenn.

Þá er lendir menn hófdu heyrt brefin foru sendimenn norðr til konungs enn lendir menn austr í Vik. ok er þeir komu til Jarlseýiar var inn bezsti byrr inn til Osloar enn Ribbungar voru í Oslo. hefði Birkibeinar vnnit enn fegrsta sigr ef þeir hefði inn siglt enn þeir kuoduz eigi vilia verða fyrir banni byskups ok reidi jarls. enn þau átta skip er konungr hafði austr sent villdu fara at Ribbungum þótt þeir færi einir samt. enn lendir menn heftu þá ok villdu með eingu moti at þeir færi ok vard fyrir þui ecki af.

Fra brefagerdum Hákonar konungs til jarls.

117. Þá er bref komu til Hákonar konungs þá mislikadi honum miok ok suaradi sua. ecki mun ek iatta þessu landaskipti sua skiott. Síðan sendi hann menn með brefum norðr til jarls ok erchibyskups þeim er sua mælltu. þer ritudut til vaar ok hetud oss nockurum afar-kostum ef ver villdum eigi sættaz við Sigurd ribbung ok iaatta honum varri fedrleifd. enn oss þickir þat hardr kostr at iatta þeim manni landaskipti er ecki er til borinn. mun nu at þui koma sem þer ritudut til vaar í haust er erchibyskup kom í land. maatti þat þá finna at huorigir voru annarra vinir. mun þat ok sannaz er fornkuedit er at sækiaz ser vm likir ok saman skrida nidingar. þetta tal megit þer nu eiga felagar ok fylla. enn sua sem þat er þá skal gud skipta með oss enn eigi byskupar. Erlingr liodhorn var þá með konungi. hann var nockut skylldr Petri erchibyskupi. ok er hann heyrði þetta þá suarar hann konungi sua at allir raadgiafar heyrdu. þat er ecki vndarligt þo at erchibyskup frændi minn bregðiz nockut í truinni þuiat þat fylgir oss ollum er af Standhala ætt erum komnir at vera eigi allzkostar tryggir.

Hakon konungr baud (vt leidangri).

118. Enn er aa leid vorit baud konungr vt leidangri ok bio ferd sina í Vik austr. J þenna tima komu menn nordan fra jarli ok sogdu at jarl hefði feingit harda sott ok tekit alla cristiliga þionustu ok kuodu hættligt vm hans maatt. enn þo bætti gud honum þeirrar sottar. þá er Hákon konungr bioz or Biorgyn reid hann vpp til Alreksstada einn sunnudag sem vandi hans var til. þá kom þar í mot honum einn hlaupandi madr miok akastiga ofan or fiallinu. konungi þótti vndarligt er þessi madr for sua akast þui at konungr kendi manninn at hann var einn af Ribbungum. hann hafði runakefli þat sem einn Ribbungr hafði sent konungi. þat sagði sua at Sigurdr ribbungr væri andadr ok bad konunginn gera nockut skiott raad fyrir at eigi kæmi jungherra Knutr

frændi hans at styrkia Ribbunga i annat sinn. Konungr let þegar gera bref austr til Knutz frænda sins ok baud honum goda kosti þa sem fyrr. hann skundadi þa sinni ferd austr i land ok kom eftir Seliumanna voku i Vikina. Sigurdr ribbungr andadiz i Oslu enn menn hans leyndu andlaati hans ok fluttu lik hans vpp aa land ok kuodu hann siukan ok i þessu bili gerdu þeir menn austr i Gautland Haralld af Lautyn ok Aalf Styrssun Erling rumstaf til Aaskels logmannz ok fru Kristinar ok baadu jungherra Knut bindaz fyrir flokkinn sogdu landit mundu laust fyrir liggia ef hann kæmi til. Fru Kristin trudi þessu ok feck jungherra Knut i hendr Ribbungum. fylgdu honum margar sueitir af Gautum ok Vermum ok Markamonnum.

Knutr let gefa ser konungs nafn.

119. Þa er Knutr kom aa Raumariki let hann taka sik til konungs. dreif þa stormikit lid til hans sem Sturla quat.

Flock tok enn sa er ecki
ognmilldr fridaz villdi
eftir dolgstridi daudan
daadfanginn hofþingia.

Knutr reed baag at briota
baud hraustr vid gram traustann
geystr þuiat Gautar fystu
gedbraadir landraada.

Lendir menn i Vikinni ok Birkibeinar þeir sem þar voru hugdu at eingi vfridr nyrr mundi vpp hefiaz. enn er þeir spurdu þessi tíþendi þa eflduz þeir at lidi allir bændr i Vikinni villdu eigi ganga vndir vtlendzkann hofþingia. Knutr for vt til Osloar ok let þar gefa ser konungsnafn. þeir hofdu þa Osloarsyslu Guthormr Erlendzsun ok Klemet af Holmi. þeir voru vestr i Lidum i syslum sinum. Sem þeir spurdu þessi tíþendi saufnuðu (þeir) at ser¹ Birkibeinum ollum þeim sem þar voru i nand. Bændr stefndu þing ok nefndu menn or bygdinni at fara at Ribbungum or bygd til Osloar. þessir voru fyrir bændum Steinraudr prestr þorbiorn slodi Eiríkr eignarbacki. hann bar merki bænda. þeir foru ferdar sinnar Birkibeinar ok bændr. Enn er Ribbungar spurdu þetta foru þeir i moti þeim or bænum ok mættuz þeir fyrir vestan Akr aa engium nockurum ok var þar enn fysti bardagi med Gautum ok Nordmonnum. Stadr vard aa bændum er þeir funduz ok villdu varla fram. sem Birkibeinar saa þat liopu þeir af hestum sinum ok geingu diarfliga fram. Ribbungar sottu miok at þeim þuiat þeir hofdu marga vaska menn. þeir sottu sua fast i fyrstu at þeir felldu Eirík ignarbacka merkismann bonda. Nu er Birkibeinar saa at Ribbungar baurduz vel ok diarfliga þaa lupu þeir af hestum sinum ok fylgduz vel. ok vaanum bradara helldu

¹) þer Cd.

Ribbungar vndan ok fell þar mikill luti villdarlids þeirra. þar fellu ok flestir allir sveitarhofþingiar Gauta. Enn Knutr komz a hest ok .iij. Ribbungar med honum ok flydi. hann leypti yfir bru nockura ok fell þar hestr hans enn hann droz naudugliga vndan ok for vpp aa land. þuiat Ribbungar hófdu þa mestann lut Vpplanda ok skip oll i vötnum bædi i Miðrs ok i odrum vötnum. skipudu Ribbungar þar ollum systlum þuiat Birkibeinar voru engir aa Vpplondum. Hakon konungr sigldi austr til Vikr. hann hafdi skip þat er Drekinnet. hann sigldi fra ollum skipum sinum. ok er hann kom til Areyia lagdi hann þar at. ok er skip kom i lægi geck hann i baat ok for yfir til bearins ok spurdi tíþenda. Bondi suarar. segi ek tíþendi þau er ydr munu god þickiá enn mer þickia ill. ek aatti .ij. sonu med Ribbungum ok eru baadir fallnir. Siþan sagdi hann konungi allann atburdinn fra bardaganum aa Akri. konungr beid þar skipa sinna ok sigldi siþan inn til Osloar.

Ribbungar flydu.

120. Eftir þat stefndi Hakon konungr til sin lendum monnum ok systlumonnum or Vikinni ok for vpp aa land ok let draga .xxx. ok flogur skip or bænum. Eftir þat er Knutr [694] hafdi flyit laagu bænder i safnadi vm alla Osloarsyslu ok gættu sin dreingiliga ok bidu sua konungs. Arnbiorn Jonsson ok Simon kyr drogu ok þriu skip vm Elfui. Hakon konungr var .ij. nætr a leidinni aadr þeir kæmi skipunum yfir et fyrsta eidit vpp til Stafsiarga. þat eru .ij. langar rastir at draga vm myrar ok skoga adr hann kæmi i vatnit. þar kom i mot honum Arnbiorn Jonsson Simon kyr ok Lodinn Gunnasun. siþan drogu þeir rastar langt eid aadr þeir komu vpp i Elfina. Birkibeinar foru helldr vspakliga ok konungr hafdi nockut aamæli at hann refsafi litt. hann let þa drepa gest einn er vspakazstr hafdi verit. eftir þat gat engi madr at vspeckt væri giorr. Vm morguninn er konungr kom til Eids gerdi hann fyrir nockurar lettiskutur ok toku þeir þar nockura niosnarmenn vpp i myrinni ok draapu þar .vij. menn. Vm kuelldit for Hakon konungr vt til vatzminnis med allann herinn. hafdi hann eigi sanna niosn af huar Ribbungar voru ok þui skipadi hann sua at hann reri sialfr med enu vestra landinu. þeir aa konungsskipinu saa huar rere eitt skip Ribbunga. logdu þeir at landi enn konungr tok skip þeirra. Siþan aatti konungr tal vid lid sitt ok baud ollum monnum at eigi skylldi drepa Knut frænda hans þo at þeir ætti kost fyrir sakir Hákonar jarls faudur hans. þa er liost var vm morgininn sa Birkibeinar skip Ribbunga roa i moti þeim akafliga ok hugdi konungr at þeir villdu beriaz þuiat þeir hófdu

skip miklu stærri enn Birkibeinar. enn þegar sem Ribbungar sa ferd konungsins sneru þeir aftr at landi ok flydu vpp i bygd þa er Hun¹ heitir enn konungr tok oll skip þeirra ok vistir ok mikit herfang. Eftir þetta for hann austr til Hamars ok laagu þar margir Ribbungar i saarum þeir sem barizst hófdu a Akri. konungr gaf þeim ollum grid. Þui næst stefndi hann bondum til sin ok aattu þeir þa allir samhelldi vid konung i moti Ribbungum. Knutr flydi vpp a Hadaland. Hakon konungr sendi til hans Gudleik af Aski frænda hans ok stallara sinn ok þann annan er þorir heitir. baud hann Knuti þa enn sætt ok goda kosti ef hann villdi aa hans valld ganga. Ok þa er sendimenn fundu Knut ok Ribbungar vrdu varir vid at Knuti voru sættir bodnar þa gættu þeir hans sua at hann maatti eigi fra þeim komaz. foru þeir aftr sem þeir komu ok sogdu konungi slíkt er þeir frettu.

Hakon sendi bod.

121. Hakon konungr skipadi þa Vpplond ok let oll skipin vera i Miors ok setti menn til at gæta. enn hann bioz þa norðr til Biorgyniar til stefnu þeirrar er hann hafdi gert vid erchibyskup ok jarl. konungrinn hafdi spurt at þeir voru komnir. þa sendi hann þorstein heimnes merkismann sinn norðr fyrir at segia at þeir skylldu bida hans. þorsteinn var .viiij. nætr a leidinni. ok er hann kom norðr þa þoltuz þeir erchibyskup ok jarl hafa frett af at Hakon konungr mundi bera vpp bref nockur þau er honum mundi eigi þickia allr trunadr i til sin af þeirra hendi ok gerdu þeir þetta þa statt at erchibyskup færi norðr enn jarl bidi þar. Hakon konungr aatti þing i Oslu ok Tunsbergi ok geingu allir bændr i samhelli vid konung i mot Ribbungum. Siþan for hann norðr. þa kom þorsteinn heimnes i mot honum ok hafdi verit .iiij. nætr a leidinni nordan enn .ij. i bænum ok sagdi at erchibyskup ætladi at bida konungs aadr þeir jarl toluduz vid enn siþan var þat allt vti. þorsteinn sagdi sua at þar voru margir menn komnir vestan vm haf at finna konung ok bad hann skynda. þa er konungr kom til Biorgyniar var þar fyrir Skuli jarl ok Jonn jarl af Orkneyium Simon byskup af Sudreyium ok aaboti af Eyjurni helgu. skipadi konungr fyrst þeirra maalum er vestan voru komnir ok ollum med jarls raadi.

Draap Guthorms ok Arna.

122. Herra Knutr flydi vestr i Daali þa er hann liop af skipum sinum i Miors. enn þa er hann spurdi at safnadr var fyrir honum aa Heidmork ok Hadalandi sneri hann þa norðr i Gudbrandzdali ok sua i

¹) Him Cd.

Eystridali ok þadan i Vermaland. efdiz hann þa aa nyia leik at lidi for sipan i Noreg. komu fram i systlu Arnbiarnar Jonssunar þar sem Skaun heitir ok Hegginn ok gerdu þar morg heruerki. enn er bændr villdu veria sinn kost þa fellu þar margir af bændum. Arnbiorn sendi bref til konungs ok bad hann skynda i Vikina ok sagdi at Ribbungar styrktuz miok. Sem konungr spyrr þessi tíþendi for hann austr i land enn jarl for norðr til Þronðheims. þa er konungr kom til Tunsbergs setti hann eftir aa berginu Erling liodhorn at bua til jolaveizslu enn konungr for inn til Osloar ok laa vm nattina i Jarlseium. þar kom i mot honum Þorgeirr byskupsmadr ok Fridrekr slafsi. þeir voru systlumenn aa Hadalandi ok sogðu þau tíþendi at Ribbungar hofdu dregit skip austan vm Eidaskog ok komit þeim i Miors. þar i eyiunni voru systlumenn konungs Guthormr konungs frændi ok Aarni aa Holi at gæta skipa i vatninu. þeir hofdu fiolmennar sueitir. Ribbungar komu at þeim vvaurum ok felldu Guthorm inni enn Arni komz vt ok fell aa akrinum. þar fell aull sueit þeirra. Sipan toku Ribbungar skip oll bæði i Miors ok i odrum votnum. enn er bændr spurdu þat gaafu þeir vpp bygdina ok toku ser grid af Ribbungum. toku nu Ribbungar oll Vpplond. Hakon konungr sigldi vm dag inn til Osloar. þar var þa fioldi bænda i bænum meir enn .m. .cc. med bæiarmonnum. Konungr aatti tal vid þa ok sogðu bændr sua. at þeir hofdu þeim safnadi halldit sipan þeir borduz aa Akri vid Ribbunga. enn nu heita þeir oss afarkostum storum at brenna bygdir vorar enn þeir naa eigi sialfum oss. nu vilium ver bidia ydr herra at þer sitid her i vetr at gæta vor ok bygda vaarra enn ver vilium gera ydr allann almenning ok annan aa bak iolum. enn ef ydr þickir nockut aa vanta þa vilium ver gefa ydr haalf bu vaar ok haalfar allar vistir. enn ef þer vilit eigi her dueliar þaa tokum ver oss grid af Ribbungum ok sættumz vid þa. Konungr þackadi þeim vel bod sitt enn kuaz þa skylldu gefa þeim orskurd þa er hann aatti tal vid hird sina. Sem konungr ræddi þetta fyrir raadgíofum sinum þa lauttu allir þar at sitia vndir trunadi þeirra bænda ok sogðu at Suerri konungi gafz þat eigi vel þa er bændr foru at honum til Osloar. Konungr sagdi bændum at hann villdi sitia a berginu enn seti(a) þar eptir lenda menn at gæta yduars varnadar. Bændr aattu tal sin i milli ok budu at nefna konungi gisla or kirkíusoknum ena bezstu bondasonu ef hann hefði nockurn mistrunat aa þeim. aatti konungr þa enn tal vid sina menn ok baadu allir at hann tryði eigi bændum. Konungr gaf þa orskurd sagdi at hann mundi þar eingis mannz raad vid hafa nema sialfs sins ok kuez at visu skylldu sitia hia bændum þar sem þeir budu honum sua goda kosti ok

villdu sitt lif ok fee leggja vid hans lif. ok eftir þetta sendi hann norðr til Biorgyniar eftir fongum ok sua til Tunsbergs. Hakon konungr sat i gardi Hakonar gris enn jolin hellt hann i byskups [696] gardi. Þessi var .x. vetr konungdoms hans. Arnbiorn Jonsson sat vm vetrinn i Valdis-holma til niosnar ok landzægzu.

Drepnir Ribbungar.

123. Herra Knutr for austr i Gautland ok sat þar medan hæst var vetrarins. enn setti eftir i Miors nockurar sueitir af Ribbungum ok drogu þeir skip at ser vm oll Vpplond. Hakon konungr sendi vm vetrinn bref leyniliga i lid Ribbunga til sueitarhoffpingia ok margra annarra ok baud þeim grid ef þeir kæmi til hans. enn þessi grid tok fystr Erlingr rumstafr ok var vaskr madr ok vel sidadr. ok er hann kom aa konungs fund feck hann god grid ok sættir. Konungr gerdi nockurar sueitir i Soleyiar at leita at Ribbungum ok var Erlingr i þeirri ferd. þar felldu þeir .xl. manna af Ribbungum. Eftir þetta hellt Hakon konungr Erling fyrir tryggann mann ok quad hann hafa hoggit sik i lendann mann. þa var gerr onnur ferd austr i Vik it efra a hestum. var þar fyrir Simon kyr ok hafdi .ccc. manna ok komu austr i Beyiu. voru þar fyrir margir Ribbungar ok fengu niosn af Birkibeinum ok flydu þegar vndan. enn þo fengu Birkibeinar her ok huar menn af þeim. for þa Simon kyr aprt til konungs.

Drepinn Gudolfr.

124. Vm sumarit eftir andlaat Sigurdar ribbungs skildiz Gudolfr af Blackastodum fra flockinum Ribbunga ok for heim til bus sins ok gætti sin i kirkiu nær bænum. þar var gott vigi. Gudolfr hafdi gert margar vspecktir þar i bygdinni þa er hann var med Ribbungum. Otryggr het bondi sa er hann hafdi bart miok ok tekit af honum het godann. hann aatti .ij. sonu het annar Asolfr enn annar Gudleifr. þeir fengu ser sueit manna ok foru at Gudolfi. þeir toku stiga ok settu vid kirkiuna ok hiuggu raafit yfir honum ok lupu þar inn ok drapu hann. ok var Gudolfr litt harmadr af monnum fyrir sinn viafnat. Þegar vm haustid er Hakon konungr settiz i Oslu gerdi Skuli jarl sendimenn til Valldimars konungs Kolbein ketturygg ok Grunda fehirdi. enn er þeir foru heim vm vetrinn þa laagu þeir i Maastrondum fyrir isa sakir. Knutr laa þa i Liodhusum. ok er hann spyr til þeirra þa taka Ribbungar lettiskip ok fara at þeim ok koma aa þa vuara. þar laagu margir

kaupmenn i hofninni ok villdu ecki hialpa þeim enn þeir vorduz vel ok dreingiliga ok fellu þar baadir ok flest allt foruneyti þeirra.

Birkibeinar vnnu kastala.

125. Nv er þat at segia þa er Hakon konungr spurdi þessi tidendi let hann hoggua isinn fra ok allt vm Slidholna ok var þat giort aa .ij. dogum. Siþan skipadi hann morg lettiskip austr til Liodhusa ok setti þessa menn fyrir lidit Lodin Gunnasun Simon ku Gunnbiorn Halluard bratta ok Olaf Ingusun. ok er þeir komu fram var Knutr i brottu ok allr meginherrinn nema faair menn voru eftir. sa het Biorn packi er fyrir þeim var. þeir saatu i kastala einuin norðr fra bænum. Birkibeinar settuz vm kastalann ok vard hann skiott vpp gefinn þegar þeir fengu grid er i saatu. þar toku Birkibeinar mikit herfang ok brutu ok brendu kastalann. þeir logðu gialld aa bændr ok toku storfe af þeim monnum er verit hofdu med Knuti. eftir þetta foru þeir afr til konungs. Sua quat Sturla.

Vitr let virki briota
valldr norænna allða
austr þar er iofrar treystuz
ogufuser Liodhusum.

þat veit ek at gallt Gautum
gofugr odduti iofra
þiod feck ræsis reidi
raan geck slikt at vaanum.

Fra konungi ok Knuti.

126. Ribbungar sofnuduz nu saman vm Vpplond ok voru fiolmennir i Miors. þa let Hakon konungr draga skip nockur or Oslo ok vpp i Elfi ok voru þessir menn fyrir Juarr af Skediuhöfi ok Saxi bladspiot. enn er þeir komu i Elfina þa skipudu þeir skipin sem bezst ok gættu siþan. Ribbungar hofdu þa flest skip i Miors ok voru flestir farnir or vatninu ok austr a Merkr til motz vid Knut. Hakon konungr for or Oslu vpp til Eidsvallar ok aatti þar þing vid bændr. geingu þeir þa i samhelli vid hann a nyia leik. Konungr sneri þadan vt a Raumariki ok austr yfir Elfi þuiat honum var sagt at Knutr leti draga skip or Hellisfirði ok ætludu vpp aa Markir ok þadan i Elfina. Enn er hann kom i bygd þa er Hegginn heitir var honum sagt at þat var lygd. sneri hann þa aptr ok for vt til Osloar. þat var haalfum maanadi eftir paaschir. þa er Knutr spurdi er konungr var aptr horfinn let hann draga skip or Hellisfirði þar sem allðri hofdu skip fyrr dregin verit ok kom þeim vpp aa Hamarker ok siþan norðr i Elfi ok kom þeim Juari aa vuart ok elltu þa af skipum ok foru þeir siþan vt til Osloar aa fund Hákonar konungs.

Konungr feck sigr.

127. Sem Hakon konungr spurdi þetta let hann draga halfann fiorda tug skipa or Oslu ok fylgdi sialfr. hann gerdi ok ord Arnbirni Jonssyni ok odrum lendum monnum at þeir drægi skip vpp i Elfina ok mætti þeir konunginum i Eyiavatni. þat spurdu þeir Haralldr af Laatyn ok margir Ribbungar er voru i bygd þeirri er Skaun heitir. Konungr gerdi þa til þeirra nockurar sueitir. þeir mættuz aa skogi nockurum. vard þar bardagi ok flydu Ribbungar ok letu .i. manna enn Birkibeinar foru aftr til konungs. Konungr let draga skipit i aa eina þa er Kerma heitir ok þadan rastar langt eid aadr þeir kæmi i Elfui. þa var þeim sagt at Ribbungar hofdu snuit austr or Elfinni. helldu þa Birkibeinar eftir þeim ok drogu skipin vm eidit þat sem Fundueid heitir ok komu til þess beiar er Fala heitir. þa var þeim þegar sagt at Ribbungar voru austr a Vigrin. Geck konungr þa af skipum ok flest allt lidit enn setti eftir Gunnbjorn ok Saxa bladspiot at gæta skipanna ok bad þa vera þeim megin vatzsins er hann var. þetta var sunnunott. Ok vm morgininn i lysing komu þeir iafnfram kirkiunni a Vigri. þar var bondi einn er Gunnarr het vinr konungs. hann sagdi konunginum at Ribbungar laagu þar gegnt audrum megin enn þeir reru vm þuert vatnit at spyria tíþenda. þui næst bad konungr sina menn leynaz i skoginum vpp fra bænum. enn er solin tok at skina þa saa Ribbungar huar lidit laa i skoginum ok sneru þegar vt aftr skipunum þenn megin sem þeir voru. Birki-beinar skundudu sinni ferd þuiat þeir ottuduz at Ribbungar tæki skip þeirra. þa er konungrinn geck af skipunum sendi hann nockurar sueitir þangat sem hann spurdi til Amunda a Folavelli ok komu Birkibeinar at þeim vaurum. voru sumir drepnir enn sumir a kaf elltir enn flestir letu vopnin. Vm morgininn er Birkibeinar lupu fram or skoginum syndiz Ribbungum meira lidit enn var. þa liop Haralldr af Laatyn vt aa aar-backann ok spurdi huerr [696] fyrir lidinu reedi. Haralldr stangarfylia suarar. kennaz munu vit frændr enn ver erum nu her kyllungar ok sylumenn af Vpplondum. Hann suarar. sialldan hafi þer sua mikit lid edr sua vel buit edr huar er Hakon konungr. Her er hann sagdi Haralldr. Hui villdi hann taka aa sik sua mikla vesolld at laani at rekazst allt aa Markir austr at oss Ribbungum. Haralldr suarar. meirr ætla ek naudsyn til bera enn ofkæti at stockua slikum oalldarflocki or landi sem þer hafit. Foru þa huorirtueggiu sem mest maattu þeir. skutuz aa þar sem aain var miost. þa gerdi gud sem iafnan mikla miskunn Hakoni konungi þuiat þeir sem aa skipunum voru geingu þar vpp sem konungr hafdi

raad fyrir gert ok fundu þar sueitir af Ribbungum ok drapu þaa alla. þa vrdu þeir ok varir at meginherrinn Ribbunga var þeim megin aarinnar. sneru þeir þa yfir aana ok mættu konunginum ok vrdu þa huorir odrum fegnir. Enn þegar sem Ribbunar sa þat at konungr hafdi naad skipum sinum þa sneru þeir austr aftr sinni ferd. enn þar var sua mikill straumr ok haasteint i aanni er konungr naadi skipum sinum ok þar sem Ribbunar voru komnir at huorirtueggia geingu aa land. ok leiddu þeir skip sin enn sumir styrdu med forkum ok ef nockur reip biladi aa einhueriu skipi var þat þegar i foradi ok þeir sem aa voru. Ok er þeir komu þar sem mest var aain huillduz huorirtueggju ok ætladi konungr at snæda. enn Ribbunar skutu aa þa ok þui vard ecki af snædinginum. foru þa enn huorirtueggju sem mest þar til er Ribbunar komu til bæiarins þess er þeir hofdu aadr verit. geck þaa enn fram Haralldr af Lautyn ok fleiri Ribbunar ok mælltu morg ord ferlig til Birkibeina. enn konungr kalladi til sin Olaaf sundramm sueitung Arnbiarnar Jonssunar ok bad hann segia Ribbungum at þeir hætti fólsku ordum ok bad þaa bida þar til er skip hans kæmi ok mætti þeir þa fleira vid eigaz.

Fra Hakoni.

128. Þat er nu þui næst at .xiii. skip komu til konungs ok skipadi hann þau sem bezst. ok medan hann gerdi þat logdu Ribbunar sinum skipum austr med kirkiunni ok vpp vm þuera Eyna litlu i vatn þat er Fingsior heitir. þat geingr allt at Eidaskogi. Birkibeinar reru yfir aana ok er þeir komu aa midia saa þeir at Ribbunar hofdu fylkt fyrir þeim ok skutu aa þa i aakafa. ok ætludu Birkibeinar at þeir mundu vilia bida ok þotti flestum haaskasamligt at þeim at ganga þuiat backinn var sua haarr saa er þeir stodu aa at hann var þriggia spiotskapta hæd enn leiran var sua blaut at annar fotr stod fastr þa er annar var nidrsettr. enn Birkibeinar reru at sem diarfligaz. Enn er skipin rendu at landi þa flydu Ribbunar enn Birkibeinar geingu vpp ok hugdu at þeir mundi bida ofarr meirr. ok er þeir komu vpp aa backann voru Ribbunar huergi nær. Sneri þa Hakon konungr apr til skipa ok ferr austr eftir vatniuu þar sem Ribbunar fara vndan. reru huorir sem mest mattu. Knutr for it efra vm skoginn austr med vatni. enn er Ribbunar komu til vatzenda lupu þeir af skipum. konungrinn kom þa at ok felldi af þeim nockura menn ok tok aull skipin ok sneri apr. kom hann vm morgininn i dagan þangat sem hann hafdi aadr aa skipin geingit. þetta var maanadaginn i gagndogum. Konungrinn bad menn þa snæda þuiat

þeir hófdu ecki þá etid síþan laugardag. Þar komu til konungs niosnir þær er hann hafdi sent eftir Ribbungum ok sogdu at Knutr hafdi snuit et beinsta vt aa Markir. sneri konungr þá norðr aftr ok sua vpp aa Heidmork ok drogu skipin vm Fundu(eid) ok sua i Miors. Byskup var þá i Hamri Hallvarðr¹ ok var konungr med honum vppstigningardag i godum fagnadi. skipadi Hakon konungr þá oll Vpplond ok setti menn til skipagæzslu. eftir þetta for hann til Eidsvallar ok þadan til Osloar. hann var þar haalfan maanud aadr han bioz austr til Elfar.

Fra bodum Kristinar vid konung.

129. Þa er Hakon konungr var buinn at fara austr til Landzenda kom þar bref fra Knuti ok fru Kristinu ok laugmanni ok leitudu grida til konungs ok sogdu at hann villdi koma aa valld hans þegar sem hann kæmi austr. þau letu þetta fara leyniliga at eigi yrði Ribbungar varir vid þuiat þeir villdu hafa Knut at daudamanni ef hann færi fra þeim. Konungr fagnar þessu ok gerdi bref i moti ok het Knuti frænda sinum bædi gridum ok sæmdum ef hann kæmi aa hans valld. Ok er Hakon konungr kom i Elfina austr var honum sagt at Ribbungar voru i Væni. gerdi konungr þá niosnir til fru Kristinar at vita huart nockut skyllði þat halldaz er Knutr hafdi mællt. enn Kristin sagði sua at hon mundi sialf koma at fridhelga fyrir Knuti syni sinum vid konung. Þar var þá Ormr byskup med konungi ok margir adrir lendir menn er konungr ætladi vid þessa sættargjord hafa ok sat hann haalfan manud i Konungahellu ok quomu huersdagliga menn fra fru Kristinu ok sogdu þa ok þa at Knutr mundi koma a konungs valld.

Capitulum.

130. Herra Knutr hafdi þaa raad med hondum þat er allðri hafði Hakon jarl fadir hans slikt vraad at sua mikil suik fylgdu. hann let draga skip austr yfir Eidaskog sua at allðri voru fyrr dregin. ok komu aa vuart monnum konungs i aa þeirri er Varmaa heitir iafram Eidsuelli ok mundi þar hafa fyrirkomit miklum styrk konungsins aa Vpplondum ef eigi væri meiri guds miskunn enn truleikr Ribbunga. þar voru fyrir konungsmenn Juarr a Skediuhofi Jonn kellingr Erlingr rumstafr þorgeirr byskupsmadr Andres huiti. þeir voru aa skipum enn bændr helldu at Eidsuelli. þaa er Birkibeinar fengu niosn af Ribbungum gerdu þeir ord bõndum ok foru þeir sem fræknazstir voru or safnadinum vt aa skipin til Birkibeina. Ribbungar hófdu stor skip þeir hófdu dregit

¹⁾ Har' Cd.

.xiiij. sessu austan ok .xij. onnur. Birkibeinar hófdu smæri skip. enn er þeir funduz tokz þar in hardazsta ríjd. veitti Birkibeinum þyngra i fyrstu atldögu ok sua at næsta voru þeir aa flotta komnir. Þa kom til Jonn ketlingr ok Erlingr rumstafr aa karfa einum ok rettu Birkibeinar þa vid ok sneri þa mannfallinu i lid Ribbunga ok vaanum braadara toku þeir vndan. Knutr liop a kaf ok feck naudugliga fordat ser ok fell mart villdarlid af Ribbungum enn Birkibeinar vrdu miok saarir. Juarr bondi feck fotarsaar ok geck iafnan halltr síþan. Birkibeinar toku þar skip Ribbunga oll. Eftir þetta dirfduz bændr¹ miok i mot Ribbungum sua at þeir foru iafnan at þeim ok drapu menn fyrir þeim.

Ribbunga aulld endaz her.

131. Nv er Ribbungar saa at alla vega þraungdi þeirra kosti þaa sendu þeir menn til Birkibeina þeirra sem aa Vpplondum voru ok beiddu sætta. enn Birkibeinar toku þui vel ok sellduz gisla aa milli. enn Birkibeinar sendu gislana þa er þeir toku af Ribbungum austr til konungs ok foru þeir med þeim Klemet af Holmi Guthormr Erlendzsun. ok fundu þeir konung i Hornborasundi ok sogdu þaa vera aa hans valldi ok miskunn huersu hann villdi fara med gislunum. Konungr tok þui vel ok sigldi vm daginn austr til Vsvikeyiar ok sendi menn aa nyia leik til Knutz ok het ollum Ribbungum gridum ef þeir villdi aa hans miskunn koma. Eftir þat for konungr til Osloar ok er hann hafdi þar litla ríjd dualiz kom til hans Haralldr af Lautyn sendr af Knuti ok beiddiz þaa enn tryggra gisla til fastra sætta vid Birkibeina. Hakon konungr hafdi þa hirdstefnu ok sagdi sua. flestum monnum er þat kunnigt huern rekstr ok vaas ver hofum haft til Ribbunga ok margfalldann skada i laati godra dreingia þo at þeir hafi fleira laatid fyrir oss er betr er. nu bidia þeir oss grida ok vilia giarna koma aa vórt valld. enn ef ver (vi)llium þeim grid gefa þa skulum ver þat med þui moti gera at þeir skulu vera fyrir oss klandalausir vm alla luti þa er þeir hafa misgert vid oss sua sem sidr godra hofþingia er til ella iaattum ver þeim eingum gridum ok fylgium þeim nu sem rikazst. er nu minkadr styrkr þeirra ok er ek þess fusari enn þo skulu þer raada Birkibeinar. þeir quoduz giarna vilia fyrirgefa Ribbungum fe ok frænda laat helldr enn rikazst eftir þeim leingr. Sendi konungr nu eftir Knuti ok Ribbungum Eystein Roasun Guthorm Erlendzsun Fridrek slafsa. þeir fundu þa vppi i Eyiavatni ok for Knutr med þeim til Osloar til Hákonar konungs ok fioldi villdarlids med honum. Eftir þat skipadi konungr aull

¹) síþan tilf. Cd.

Vpplond. enn þeir Ribbungar er ser væntu eingra grida stucku or Noregi austr aa Markir. Saa madr het Magnus bladstackr er þaa batz fyrir þeim ok kallaz konungr. enn er Hakon konungr spurdi þetta sendi hann austr Haralld af Lautyn ok vita ef hann nædi Magnusi. enn er Magnus spurdi til Haralldz hafdi hann grun af at hann mundi honum eigi trur ok for til ok drap hann. Hakon konungr hafdi ok sent bref austr i Vermland at bændr skylldu gera annathuart at reka valldarflock þenna or bygdum sinum ella mundi hann til fara at gera þeim bakstrelld eingum mun minna enn fyrr. Sem bændr saa bref þetta sofnuduz þeir saman ok foru at Magnusi ok toku hann hondum ok festu hann vpp ok nockura menn med honum. ok lykr þar æfi Ribbunga.

Fra Hakoni konungi.

132. Hakon konungr bioz or Oslu til Biorgyniar. hann gaf Knuti frænda sinum .ij. skip var annat .ij. rum (ok) .xx. ok feck honum alla luti þa er hann þurfti at hafa. Siþan for konungr norðr i land. ok er hann kom i Seleyiar kom i moti honum Skuli jarl med morgum skipum ok storum hann hafdi ætlat sudr til Danmerkr. enn er þeir funduz rez þat af at jarl sneri norðr med konungi til Biorgyniar. þeir voru baadir i konungs gardi ok hofdu mikit siolmenni. var þa miok blitt med þeim ok geck huarr til annars til skemtanar. þa voru dryckiur miklar i bænum. lendir menn hofdu storar sueitir. Paall vaagarskalm aatti son er Juarr het ok var kalladr grettir. honum vard eigi betra verk fyrir enn hann drap einn fornan Birkibein vm kuelldit eftir aptansöng ok fann þat til saka at son hans hafdi verit at vigi Aarna heriardals. enn þessi het Eiríkr backi enn hitt vig vard norðr i Vaagum sem fyrr var ritad. Enn þegar sem hirdin vard vaur vid herklædduz allir handgeingnir menn. þessi tifendi kuomu til Paals ok þeirra fedganna Nicholaas ok letu þeir illa yfir verkinu er saa vard fyrir er saklauss var. þeir fedgar foru inn i Nichulaskirkju stopul ok biugguz þar vm. Hirdin geck at kirkiunni ok villdi vpp briota. þa var sagt konunginum. Skuli jarl var þa hia honum ok i bodi ok geingu þeir þegar til Nichulas kirkiu. enn er þeir komu þar þa hafdi hirdin tekit Juar nef. hann var frændi Nichulas Paalssunar. ok ætludu at drepa hann ok horfdi þar til mikilla vandræda aadr konungr kom til. Konungrinn tok þegar Juar nef aa sitt valld ok bad hirdina hætta at ganga at kirkiunni. Enn vm morgininn let konungr blaasa til hirdstefnu ok sagdi hirdmonnum at hann villdi med engu moti at Nichulas gylldi þessa verks þar sem hann var huarki valldandi ne vitandi. geck þa Nichulas or kirkiu ok aa valld konungs. enn Juari

brodur hans let hann skiota yfir til munklifis ok var hann þar til þess er hann fór or landi. Mart hark varð þar annat vm sumarit fyrir ofdryckiu sakir enn allir lutir foru þá vel milli konungs ok jarls.

Skuli fór til Danmerkr.

133. Skuli jarl bad konunginn at hann skyldi gefa honum orlof at fara til Danmerkr a fund Valldimars konungs ok kuez hann vilia rida or Þronðheimi vm vorit austr i Vik. konungr lagdi þar leyfi til. bioz þá jarl at fara norðr i land. Herra Knutr var þá þar i godu yfir-læti af konungi. hann let flytia bonord sitt vid jarl ok bad jungfru Jngiridar dottur hans ok med raadi konungs festi hann hana ok rez hann til ferðar med jarli at gera brudlaup sitt. Aadr þeir skilduz konungr ok jarl var fæddr Olafr sun Hákonar konungs. Jarl fór norðr til Þronðheims ok skilduz þeir med miklum kærleik konungr ok hann at þui sinni. Erchibyskupinn Petr hafði andaz annat haustid adr Dionisiusmesso ok var kosinn i stad hans sira Þorir enn þrænski ok ut farinn. A þessu aari andadz Honorius pafi enn Gregorius kom i stadinn. Hákon konungr sat þenna vetr i Biorgyn ok var þessi enn .xi. vetr konungdoms hans. Vm vorit i faustu bio hann ferð sina austr i Vik ok kom i Tunsberg eftir pascha ok fór þadan inn til Osloar. ok er hann kom þar var jarl þar fyrir ok herra Knutr Gregorius Jonsson Aasolfr jarls frændi ok margir adrir godir dreingir er nordan hófdu farit med jarli.

Þorir erchibyskup kom fra Rom.

134. Þá er þeir hófdu faar nætr verit i bænum konungr ok jarl kom Þorir erchibyskup þar fra Roma nyvigdr. ok sendi konungr menn i mot honum vt til Hofudeyiar ok fór erchibyskup i konungsgard. Enn med þui moti at konungr hafði laatid nog faung flytia med ser aa skipum [698] enn jarl hafði litinn mat þar. var jarl af þui optaz a quelledum med konunginum. Konungr var i gardi þeim er Digri skytningr heitir. jarl var i Skarthælinum. Sa atburdr gerdiz at sa madr er Roi het ok var Askelsson sueitungr jarls drap eitt kuelld handgeinginn mann konungs þann er Olafr heitir. ok er Roi hafði þetta verk gert liop hann i þann gard er þeir voru baadir inni konungr ok jarl ok kalladi at dyrum. konungrinn bad vpluka. ok er Roi kom inn gafz hann i konungs valld ok sagði huat hann hafði gert. Konungr suarar sua. med þui moti at þu komt aa vart valld þá muntu naa gridum af oss. enn þess er ei minni vaan at þeir gialldi þessa verks er einkis eru af valldir. Litlu sidar quadu vid konungs ludrar ok lupu saman lendir menn ok

handgeingnir er i voru bænnum ok lupu at gardinum þeim er sueit jarls var i. Þessir lendir menn voru fyrir Arnbiorn Jonsson Simon kyr Lodinn Gunnason Gunnbiorn. Þa er konungr ok jarl spurdu þetta þa bad jarl at konungr skyldi nockut raad til leggja at betr færi enn til var stofnat. konungrinn stod þegar vpp ok bad jarl bida sin til þess er hann kæmi afstr. enn er konungrinn kom til gardzhlidsins var þar sua mikil þraung af vapnudu folki at hann komz þar ecki fram. Þa for hann vpp a herdar monnum ok komz sua fram til jarls manna. ok af hans tilkuamu lægdiz harkit ok stefndi konungr ollum monnum norðr til Halluardzkirkiu til tals. Sa madr er Sigurdr het vard til þess at mæla þessi ord til konungsins. Þa hefði ver nockut fyrir hark þetta ok vnaadir er oss eru giorfar at ver drepim konunginn fyrst ok mundi ecki mikit fyrir verða. Enn felagar hans bonnudu honum [þat ok sogdu. aumr ertu maals¹ vesall madr (er þu villdir at ver skyldim) nidaz aa konunginum ok drepa hann fyrir þat er hann kom til hiaalpar vid oss. Siþan geck konungr or gardinum ok fylgdi honum allt lidit norðr til Fiala ok feck hann seint stoduat lidit. Þeir Birkibeinar villdu ganga at jarls monnum. enn erchibyskup sendi menn til konungs ok bad hann sua sia fyrir þessu maali at eingum stædi vandrædi af þessu. konungr quad sua vera skyldu. siþan kom hann aa gridum ok skyldi standa til morgins maalit ok rannsaka þa. Geck konungr þa heim ok var jarl þar fyrir ok saatu þaa ok skemtu ser. ok þa er konungrinn geck vt tok hann i hond Roa ok leiddi vpp i Halluardzkirkiu. konungr bad hann sialfann gæta sin þadan af. Skuli jarl var þui nordan kominn at hann ætladi aa fund Danakonungs aa skipi kaupmanna þuiat hann hafði þar eingi skip. Þa ledi Hakon konungr skip sin jarli ok gaf honum leidangr med .xij. skipreidum. Siþan for jarl leid sina ok med honum herra Knutr Aasolfr frændi jarls Gregorius Jonsson. Þeir hittu Danakonung i Kaupmanuahofn ok tok hann vel vid jarli ok toludu þeir marga luti þa er ecki voru i annarra vitund. dualdiz jarl vm rijd med Danakonungi i godu yfirlæti. ok er þeir skilduz gaf konungrinn honum storar giasfir. Þa feck konungr jarli at laani haalft Hallland. For jarl siþan norðr i Noreg ok er hann kom til Tunsbergs var konungr norðr farinn til Biorgyniar. Herra Knutr ok Gregorius Jonsson fystuz at fara norðr til konungs ok er þeir stigu aa skip sigldu þeir norðr ok er þeir komu til Huarfnessenda sigldu þeir i boda ok tyndiz þar Gregorius Jonsson ok nockurir menn med honum. hann þotti þa gofgazstr lendra manna i Noregi ok kominn af enum bezstum ættum. ok vard nu miök

¹) [ok enn villdir þu Cd.

endir aa þeirri ætt er gavguzst hafdi verit aa Sunnmæri er Blindheims menn voru kalladir. Herra Knutr komz naudugliga af ok tyndi þar morgum aagætum gripum. fluttiz Knutr síþan norðr til Biorgyniar ok tok konungr vid honum sæmiliga. Skuli jarl dualdiz vm haustid i Vikinni ok for norðr til þrandheims er aa leid ok sat þar vm vetrinn.

Fra Hakoni.

135. Þetta sumar komu vestan vm haf sendimenn Jons jarls af Orkneyium med morgum godum fôrnum er jarl sendi konungi. enn vm haustid sendi Hakon konungr jarli langskip gott ok margar giafir adrar. Hakon konungr sat þenna vetr i Biorgyn ok var sia enn .xij. vetr konungdoms hans. þa var fridr godr i landi ok gott samþycki milli konungs ok jarls. Vm vetrinn sendi þorir erchibyskup ord ollum byskupum i Noregi at þeir skylldu koma til hans norðr vm sumarit. Þetta sumar spurðiz mikill vfridr vestan vm haf or Sudreyium.

Fra Sudreyingum.

136. Aleinn het madr ok var jarl i Skotlandi son Rollantz jarls af Galuei hann var enn mesti hermadr þann tima. hann hafdi fiolda skipa med miklum her ok heriadi bædi vm Sudreyiar ok Jrland ok gerði mikinn hernat vida vm Vestrland. Þa var Olafr konungr Gudraudarsun i Maun ok hellt hann dreingiliga þat riki fyrir jarli ok med miklum truleika vid Hakon konung. enn Sudreyia konungar þeir sem voru Sumarlida ættar voru miok vtruir Hakoni konungi. þeir voru konungar i Sudreyium Duggaall skrögr (ok) Dungadr brodir hans fadir Jons er síþan var konungr. þeir voru synir Duggaals Sumarlidasunar. Ospakr het madr er leingi hafdi verit med Birkibeinum. þat kom vpp at hann var son Duggaals konungs ok brodir þessarra. Sumarlidi het enn frændi þeirra er þa var enn konungr i Sudreyium.

Andres andadiz.

137. Hakon konungr for vm haustid or Biorgyn austr til Vikr ok dualdiz vm rijd i Tunsbergi ok for þadann inn til Osloar. Andres skialldarband frændi konungs var þar ok bio þann vetr ferd sina af landi brott til Jorsala. Andres skialldarband reid vm vetrinn sudr aa Hallland ok þadan i Sioland ok sua til Huitsands ok þui næst paalmara veg vt til hafs ok geck þar aa einn dromund ok hefir síþan alldri til hans spurtz. ok ritadi Hakon konungr til Fridreks keisara ok annarra sinna vina vt i lond at þeir skylldu frettum til hallda huat af Andresi

hefði vordit ok hefir alldri síþan til hans frettz. Enn Ingibiorg kona hans var eftir ok Petr er kalladr var son þeirra. ok er Andres kom eigi aftr kom þat vpp af Jngibiorgu at Skuli jarl væri fadir Petrs ok geck jarl vid frændsemi hans ok tok hann Petr til sin ok lagdi aa hann mikla aast. Þann vetr sat Hakon konungr i Oslu ok var þessi enn .xiiij. vetr konungdoms hans. Vm vetrinn er aa leid hafdi Hakon konungr þing i bænum. a þui þingi gaf hann Vspaki konungs nafn. enn hann var kalladr Vspakr enn Sudreyski. þar med gaf hann honum Hákonar nafn. gerdi konungrinn þa ok bert at hann mundi faa honum lid vm sumarit vestr vm haf. Þann dag er þingit stod kom til bearins austan or Suia-velldi Magnus brocki sun Knutz jarls Birgissunar brosu frænda konungsins. hann aatti Sigrídi dottur Knutz Suiakonungs ok het Knutr son þeirra. Hakon konungr tok sæmiliga vid Magnusi ok dualdiz hann med konungi vm ríjd ok skilduzst med miklum kærleikum. Vm vorid vrdu þau tíþendi i Þronðheimi at Þorir erchibyskup andadiz. þat var paschadag. enn i stadinn var kosinn Sigurdr sun Eindrida penna ok for hann þat sumar or landi.

Bardagi.

138. Hakon konungr for vm vaarit norðr til Biorgyniar. enn er hann kom þar let hann bua her vestr vm haf þann er fara skyllði med Vspaki. til þessar ferðar feck Skuli jarl sumt lidit ok voru þessir skipstíornarmenn af hans hendi Sigurdr sæfill Sigurdr¹ smidr Paall Baalkasun. enn af konungs hendi var Vspakr konungr þormodr þingskorinn Sorkuir suignakiuka Aulfir illt eitt Sueinungr suarti Paall gaas. .xj. skip hófdu þeir af Noregi. Sem þeir voru bunir kom vestan af Sudreyium Olafur suarti Manarkonungr. hann sagði mikinn ofrid vestan af Eyium. hann kuaz af þui stauckua or Maun er Aleinn jarl hafði dregit saman mikinn her ok ætladi a hendr Manarmonnum. hann hermdi morgstoryrði jarls til Noregsmanna. hann sagði eigi torsottara hafit til Noregs enn af Noregi til Skotlandz ok þar er eigi verra til hafna þeim er heria vilia. enn þat var mællt enn eigi gert. Olafur konungr dualdiz .iiij. nætr i bænum aadr þeir foru vestr. Olafur konungr for aa skip med Paali Baalkasyni til Orkneyia enn þa feck Jonn jarl honum skip er Vxinn het. þa er þeir foru af Orkneyium hófdu þeir .xx. skip ok er þat spurði Ottar snækollr ok Baalki vngi son Paals þa foru þeir fyrir sudr i Skid ok fundu þa i Vestrafirdi Þorkel Þormodsson ok baurduz vid hann. fell þar Þorkell ok synir hans .ij. enn þormodr komz vndan

¹) Sig' Cd.

son hans með þui moti at hann liop i [skær eitt enn þar flaut vid skip eitt¹ ok rak þat með hann at Skotlandi fyrir nordan Hákerskot. Eptir þetta foru þeir Ottarr ok Baalki til motz vid þa Vspak konung. Sem þeir quomu ollu lidinu sudr i Jarsund² þa voru þeir þar brædr Vspakr konungr Duggaall ok Dungadr ok sa hofpingi enn .iij. er Sumarlidi het ok frændi þeirra ok hofdu mikit lid. þeir budu Nordmonnum til veizlu ok hofdu vin sterkt. Nordmonnum var sagt at eigi mundi allt suikalaust vera ok þui villdu þeir eigi til fara veizlunnar. drogu þa huorirtueggju lid saman þuiat huorigir trudu odrum. Dungadr suaf aa skipi Vspaaks brodur sins. Litlu sidar veittu Nordmenn atgaungu þeim Sudreyingum ok drapu Sumarlida ok mart manna með honum. þeir taka Duggaal höndum ok settu i fiotur. faatt fell þar af Nordmonnum. ecki var Vspakr konungr vid þetta ok er hann vard varr vid skaut hann i brott Dungadi brodur sinum. enn Duggaall brodursun hans tok hann i sina gæzslu. þeir saufnudu nu lidi vm eyiarnar ok fengu nu með ollu saman .lxxx. skipa ok sigldu síþan sudr fyrir Satirismula ok sua inn til Botar ok þar saatu Skotar i kastalanum ok var fyrir stiuardr einn af Skotum. Nordmenn logdu til borgarinnar ok veittu þar harda atgaungu. enn Skotar vorduz vel ok steyptu ofan aa þa biki vellanda ok blyi. þa fell mart af Nordmonnum enn mart var saart. þeir bundu yfir sik flaka af vidi ok hiuggu síþan murinn þuiat steinninn var blautr ok hrapadi veggrinn eftir þeim. þeir hiuggu vpp vid jordina. Sa kertisueinn er Skagi skitradr het hann skaut stiuuardinn til bana i þui er hann liop a borgarvegginn. .iij. daga baurduz þeir vid borgarmennina aadr þeir fengi vnnit hana. þar toku þeir mikit fe ok riddara einn skotzskann er sik leysti vt fyrir .ccc. marka brendra. þar fell af Nordmonnum Sueinungr suarti ok nockur .ccc. manna allt saman af Sudreyingum. þeir fengu mikinn storm ok tynduz þar .iij. skip með monnum ok ollu þui er aa var. þeir spurdu þaa at Alin jarl var sudr a Nesium ok hafdi dregit saman halft annat .c. skipa ok ætladi at þeim. þeir sigldu þa norðr vndir Satiri ok laagu þar vm ríjd ok gerdu margar vppraasir. þa feck Vspakr konungr sott ok laa litla ríjd ok andadiz ok var miok harmadr af sinum monnum. þeir fluttu lik hans til kirkiu ok graftar. Eftir þetta gerðiz Olaafr konungr hauffingi yfir ollum herinum. Síþan sigldu þeir yfir vndir Kaupmannaeyiar ok laagu þar leingi vm vetrinn. þeir foru sudr til Manar ok var þar safnadr fyrir þeim. sa madr var fyrir þeim er þorkell het ok var Nialssun. Manarmenn villdu eigi beriaz i moti Olafi konungi ok rufu þeir safnadinn fyrir þorkeli ok

¹) r. [ker eitt er flaut við skipit ²) slaarsund Cd.

toku Nordmenn hondum hann ok hófdu i fiotrum vm ríjd. þeir logdu giolld aa Manveria .iij. penninga enska af huerri ku ok fæda allann herinn vm vetrinn. Sigurdr sefill ok Sigurdr smidr leyptu þorkeli i brott ok likadi þat summum illa. Sem vaara tok foru Nordmeun i brott or Maun enn Olafr konungr var eftir. þeir sigldu norðr vndir Saatiri ok geingu þar aa land. enn Skotar komu a mot þeim ok borduz vid þaa ok voru miok lausir vid bardagann lupu til ok fra ok fellu margir af huorumtueggium. ok er Nordmenn komu til skipa sinna þa hófdu Skotar drepit alla sueina þeirra þa er aa landi voru at bua vist ok allir matkattlar voru i brottu. þeir veittu margar vppraasir aa Satiri ok foru þadan norðr i Eyjar. ok er þeir komu i Liodhus var þar fyrir þormodr þorkelssun. þeir elltu hann or Eyium ok drapu af honum nockura menn ok hertoku konu hans ok oll faung hans. síþan sigldu þeir norðr til Orkneyia. enn Paall Baalkasun var eftir i Sudreyium ok fell hann faam dogum sidarr fyrir Gudreki suarta syni Røgnualldz jarls. Flestir Nordmenn sigldu þegar austr til Noregs ok hófdu i þessi ferd hellz verit vnnar konungsins sæmdir fyrir vestan haf. ok er þeir komu a fund Hákonar konungs þackadi hann þeim vel þessa sina ferd. ok lykr þar Sudreyinga þætti.

Sigurdr kom til Nidaross.

139. Hákon konungr hafdi þenna vetr setid i Biorgyn ok var þessi enn .xiiij. vetr konungdoms hans. þetta sama haust kom Sigurdr erchibyskup heim fra vigslu ok for norðr til stols sins. J Orkneyium dualdiz eftir sa skipstiornarmadr er Aulfer illt eitt het. hann var hirdmadr konungs ok viafnadarmadr mikill. hann for til Hanefs vnga er þa hafdi syslu af konungs hendi i Orkneyium. Haanefr var skutilsueinn konungs. þeir voru .iij. brædr Haanefr vngi Kolbeinn ok Andress. Haanefr hafdi mikla sueit.

Capitulum.

140. Madr het Snækollr þar i eyium ok var Gunnasun. modir hans het Ragnhilldr dottir Eireks stagbrellz ok Jngigerdar dottur Rognualldz jarls ens helga. Snækollr kalladi aa bu nockur þar i eyium þau sem þeir frændr hófdu aatt er af Rognualldz ætt voru komnir enn Jonn jarl hafdi at hallda. ok hafdi jarl vndandraatt i at laata laust buin. enn Snækollr kærði þetta oft fyrir honum. Jarl tok þaa at suara styggliga ok spurdi huart hann villdi gera eftir Haralldi modurbroður sinum ok kalla til Orkneyia i hendr honum. enn at visu ætla ek at veria þer mitt

riki sua sem fadir minn gerdi vid modurbrodur þinn. Snækollr suarar. vðn er mer þess at liils vnnir þu mer af Orkneyium er þu villt eigi vna mer eigna þeirra er ek aa at rettum erfðum at hafa. Jarl lagdi fæd mikla aa Snækoll. Snækollr tok sua vpp at honum mundi eigi vært edr vhatt fyrir jarli. for hann þa til þeirra Haanefs ok geck þar i sueit med þeim.

Drap jarls i Orkneyium.

141. Þeir foru vm haustid huorirtueggju yfir a Katanes i þorsaa ok hofdu sin herbergi huorir [700] jarl ok hans menn ok þeir Haanefr. huorirtueggjo hofdu miklar sueitir ok optliga skildi aa sueitunga þeirra er þeir funduz drucknir aa kuelldum. Þat var eitt kuelld er þeir Haanefr saatu ok drucku ok voru miok kaatir at þar liop inn madr einn fyrir Haanef ok mælli. hugsa þu sua raad þitt Haanefr ok þer felagar at jarl ætlar at veita ydr atgaungu i nott ok laata nu skipta vm med ydr þuiat hann truir ydr ecki vel ef þer buit leingr saman. Sem Hanefr heyrdi þetta segir hann Kolbeini brodur sinum ok Snækoll. taka nu þetta fyrir sannleik. gera nu raad sitt at þeir skolu verda fyrr at bragdi bidia nu sueitina vaapna sik. enn ofdryckian bio sua vm at ollum þotti þetta raadligt er þeir toku vpp. Sem þeir voru vopnadir geingu þeir at þeim herbergium sem jarl suaf i med vfridi ok elldi ok baaru þegar vópn a þa sem fyrir voru. enn er jarl vard varr vid vfridinn þaa leitadi hann vndan i vndirklefa nockurn ok ætladi at fela sik þar. enn þeir fengu niosn af huar hann var. hlupu þeir i klefann Snækollr ok Sumarliði Rolfssun ok Aulfer illt eitt Bekill ok Rafn ok enn fleiri. Snækollr fann jarl vid tunnu eina ok veittu þeir honum þar banasaar. þar letuz ok margir menn. Jonn jarl hafdi .ix. saar. Eftir þetta verk foru þeir Haanefr i brott af Katanesi ok vt i Orkneyiar. þeir foru i Vigr ok settuz i kastalann er Kolbeinn ruga hafdi gera laatid. þeir drogu at ser nõg fong ok fiolda nauta ok vardueittu i vtkastalanum. Enn er þetta spurdu vinir jarls i Orkneyium saufnudu þeir ser lidi miklu ok foru vt i Vigr ok settuz vm kastalann. enn þar var vhatt at sokn vid at koma. þa saufnuduz ok saman frændr þeirra Hanefs Kolbeinn i Rennadali ok margir adrir ok leitudu vm sættir med þeim ok sua kom at þeim voru grid selld. skylldu þeir vera vm vetrinn i Orkneyium enn vm sumarit fara til Noregs a fund Hákonar konungs ok skyllði hann skipa þessu maali sem honum likadi. raufz nu safnadrinn ok stod þetta maal vandrædalaust vm vetrinn. enn vm vorit foru þeir til Noregs Hanefr ok hans felagar enn a odru skipi foru frændr jarls ok vinir ok allir enir bezstu menn or eyium.

Fra Orkneyi(ng)um.

142. Þenna vetr sat Hákon konungr i Biorgyn ok var þessi enn .xv. konungdóms hans. enn vð vorit hafði hann farit austr i Vik at erendum sinum ok var hann eigi austan kominn þa er þeir Haanefr voru komnir til Biorgyniar. þeir voru i gardi Paals. Ok er þeir hófðu litla ríjd dualiz i bænum kom Skuli jarl nordan or Þronðheimi. hann aatti faatt við þa Haanef. Nockuru sidar kom konungrinn austan. þar var ok herra Knutr. ok er konungr hafði litla ríjd verit i bænum let hann blaasa til hirdstefnu ollum handgeingnum monnum. ok er þeir komu a stefnuna Hanefr ok hans felagar taka skutilsueinar þa bræðr Haanef ok Kolbeinn ok sua syni Rolfs ketlings Sumarlida ok Andres ok leiddu þaa vpp til borgar ok voru þar inn settir. enn þeir Aulfer illt eitt ok adrir þeir sem at hófðu verit viginu voru fluttir i Tauluholm. Biorn het gestr einn er enn hafði at verit viginu með þeim. hann var þa kominn gegnt Mariukirkju er þar var hafin vpp messa ok ætladi at ganga til hirdstefnu. hann mællti. skyldra ætla ek mer at ganga til messunnar enn til hirdstefunnar. snyr inn i kirkjuuna. enn fyrr enn lokit væri messonni var honum sagt at þeir Aulfer voru teknir ok gaf honum þat lif er hann for i kirkjuuna. Sigualldi Skialgssun magr jarls geck fastazst at þessu maali. hann tok Þorkel enn suarta inn i Suarta-budum ok færðu þeir hann vt eftir stræti. ok er þeir komu fyrir gard þann er Skuli jarl var i þa stod hann i sualaglogg einum ok kallar a Siguallda. laat eigi drepa hann Þorkel nema hann se of miok sakadr. Sigualldi suarar. hann er þui meirr sakadr enn adrir at hann vann aa jarli daudum. For Þorkell vt i Holm með Aulfi ok voru þar haalshoggnir .v. menn Rafn ok (Aulfer ok Þorkell ok) .ij. adrir menn.

Skiptapi.

143. Þetta sama haust foru Orkneyingar vestr ok geingu allir aa eitt skip. enir bezstu menn af eyjunum. þetta skip tyndiz ok allir þeir menn er aa voru ok hafa menn þess seint bætr bedit. Skuli jarl for norðr til Þronðheims vð haustid ok þeir með honum Hanefr ok Kolbeinn ok Snækollr. var Hanefr ok þeir bræðr vð vetrinn með Paali vagarskalm norðr a Dyniarnesi. Vð vorit for Hanefr til konungs ok feck hann þa heimleyfi. hann vard aftreka i Hernar ok feck þar sott ok andadiz. enn Kolbeinn brodir hans andadiz i Þronðheimi litlu síþarr. Snækollr var lengi með Skula jarli.

Greinir milli konungs ok jarls.

144. Vm haustid er þeir hófdu skilit i Biorgyn Hakon konungr ok Skuli jarl þa var fæddr aa Marteinsmessudag Hakon sun Hakonar konungs ok þann vetr eftir sat konungr i Biorgyn ok var þessi enn .xvi. konungdoms hans. Þenna vetr komu vpp margar greinir ok sundrþycki milli Hakonar konungs ok Skula jarls ok er þat flestra manna sogn at þat hæfiz miok af ordum lendra manna þeirra er menn vissu at meirr hófdu iafnan sundr dregit þeirra vinaattu enn vera ætti. Jarl hafdi þenna vetr skipagiordir miklar ok morg þau tiltæki er hans vuinir drogu mikinn grun aa ok virdu til vtruleika vid konunginn. Þa var ondud fru Jngirid er aatt hafdi herra Knutr ok var þa oll þeirra vinaatta Skula jarls ok Knutz. Knutr hafdi þa haalt Ryiafyki ok Sogn haalfan ok þotti honum þat leen helldr minna enn hugr hans stod til. hann kærði þat ok lendir menn med honum at landaskipti þat væri eigi iafnt er verit hafdi i Biorgyn ok þat væri nær helmingi enn þridiungi Noregs er jarl hafdi. Þenna vetr hafdi Sigurdr erchibyskup laatid gera ord ollum byskupum ok stefndi þeim til motz vid sik vm sumarit eftir i Biorgyn.

Capitulum.

145. Hakon konungr for vm varit austr i Vik. hann sendi menn norðr til Þronðheims med þeim ordum at Skuli jarl skyllði koma vm sumarit sudr til Biorgyniar ok skylldu þeir tala (vm greinir) þær er þa voru i milli þeirra. Enn er konungr kom til Vikr stefndi hann til sin ollum lendum monnum ok syslumonnum þeim sem i Vikinni voru ok skylldadi þa til alla at fara med ser til Biorgyniar. hann hafdi þa stor vtbod i Vikinni ok dro saman mikit lid ok for siþan til Biorgyniar. þessir voru lendir menn. Arnbiorn Jonsson Simon kyr Lodinn Gunnasun ok Gunnbiorn. [701] Konungrinn hafdi or Vikinni mikit lid ok fritt. enn er hann kom norðr i Guláþingslaug þa stefndi hann ollum lendum monnum til sin med storum sueitum. þa er konungr kom til Biorgyniar lagdi hann sinum skipum fyrir konungslægi. siþan langskip allt med ollum bryggjum i innanverdann bæinn.

Skuli jarl hellt til Biorgyniar.

146. Skuli jarl var i Þronðheimi vm sumarit. hann hafdi laatid reisa skip mikit vm varit vt (a) Eyrum þat het Langafriadagr. þat var leingra enn onnur skip myklu ok þui vard litid at gert vm sumarit.

Jarl bioz nordan er aa leid ok vard sidbuinn. hann hafdi a þridia tigi skipa ok flest stor. þessir voru lendir menn med jarli Alfr maagr hans Asolfr frændi hans Paall vagarskalm Nicholas sun hans Baardr bratti Eilifr af Velli. þar voru ok margir systlumenn. þa var miok lidit aa haustid er jarl kom sudr. sendi hann fyrir sig Paal vaagarskalm aa fund konungsins. ok er hann kom til konungsins veittu lendir menn honum storar aataulur ok sogdu at þat var vndarligt er hann var med jarli enn mot konunginum ok adrir lendir menn þeir sem norðr voru komnir. baadu þa skilia vid jarl ok fara til konungs. Paall suarar. ecki hefi ek verit i moti konunginum þott ek færa nordan¹ med jarli þar sem konungr sendi honum ord. enn sua ætla ek flestum monnum lendum gefit þeim sem norðr eru komnir at ecki munu nu skiliaz vid Skula jarl fyrir sakir aakefðar yduarrar. Siþan fann Paall konung ok foru allar rædur vel med þeim. for Paall moti jarli ok sagdi atekiur þær er voru i bænum ok skip laagu sua þykt fyrir bryggium at eingi vaan var at þeir mætti þar at leggja. þui næst skipadi Skuli jarl athlaugunni til beiarins. hann let fyrst fara sitt skip enn þar næst þau .ij. er mest voru. þa .iij. þa .iiij. ok þa .v. .vj. ok .vij. ok foru sua i voxt æ medan vanz til ok var fagrt aa at sia til þessar skipanar. Jarl lagdi at vid Nordnes vt fra Munklifi vid Hakarlaströnd ok hofdu þar vant² lægi sua at þeir brutu nockur skip aadr enn þeir lendi. Sua quad Olafur huitaskaald.

Ord sendi þa iofri þrænda
afrendr konungr vida lendum
folkprudr keyrði flota sua breidann
flugu þa bord vm hafit nordan.

fyrðar mælltu aa hendr sem hardaz
hofz aunn af þui lendum monnum
errinn bio med herskip harri
Haakarlaströnd fromum jarli.

Hakon konungr veitti Skula ataulur.

147. Nv er þat at segia at þa er jarl hafdi litla rið verit i bænum aattu þeir konungr ok jarl stefnu i skrudhusinu i Cristzkirkju ok gaf konungr honum þa sakir ok veitti honum þar med storar aataulur. Eftir þat var þing stefnt i Cristzkirkjuvardi. var þar stoll settr vndir konunginn ok settuz vmhuerfis lendir menn hans ok raadgiafar. Gunnarr konungs frændi stod at baki konunginum vid stolinn. herra Knutr var a þinginu. Sigurdr erchibyskup ok allir lydbyskupar þeir sem i voru landinu. þui næst kom Skuli jarl aa þingit med ollum sinum monnum. þeir saa at jarli var ecki rum ætlat aa þeim stoli er konungrinn sat aa. geingu hans menn þa til ok settu honum annan stol. Eftir þat stod vpp Dagfinnr bondi ok fagnadi konunginum sem siduandi er til ok taladi

¹) norðr Cd. ²) vant Cd.

sniallt erendi ok lauk sua sinu maali at hann eggjadi fridar ok sætta med þeim maagum. Þa stod vpp konungrinn ok taladi sniallt erendi. ok lauk þui sua at hann bar aa jarl sakir þær er vuinir hans hofdu tiad fyrir honum. ok er konungr hætti stodu vpp lendir menn ok baaru sakir a jarl huerr eftir annann ok veittu honum storar aataulur. Ok er þui letti stod jarl vpp ok hof a þessa leid sitt erendi.

Eina kann ek visu

Ari sat aa steini.

adra kann ek visu

Ari sat aa steini.

oll er sem ein se

Ari sat aa steini.

her er ok sua i dag sagdi hann at a sina leid hefr huerr sitt erendi enn allir luka a einn veg at bera sakir aa mik. Eftir þat taladi hann langt erendi ok sniallt ok bar af ser allar sakir þær sem honum voru gefnar. hann veik sua taulunni at hann væri skylldr at þiona konunginum ok vægia til vid hann enn þess quez hann vera sannr at hann kynni lendum monnum fulla vþock fyrir sitt erendi rog ok vöndar medalgaungur milli hans ok konungs. Ok er hann lauk sinni taulu tok Gunnarr konungs frændi til maals. oss þickir þu þui at eins skyllduliga lydni veita konunginum at þu leggir af þer yfirkædit ok fallir til fota konunginum ok gefir þik ok allt þitt maal i konungs valld ok miskunn. Þa suarar jarl. þa kunna ek hoffþingium at þiona Gunnarr er þu vant annat. Eptir þat stod konungr vpp ok bad þa alla menn fara med ser til kirkiu er honum villdu þiona. geck hann þa af þinginu ok allr mugrinn med honum enn jarl sat eftir ok þat lid er nordan hafdi farit med honum. for hann siþan til skipa sinna. Siþan for erchibyskup i milli ok adrir byskupar ok fengu sætta þa eftir þui sem konungi likadi ok selldi jarl þar festu til. Sua quad Sturla i Hákonarflocki.

Þing stofnudu iofrar vngir

jarl veitti suor ræsi snarla

hersir bar þa hilmir dyrann

hialldrs fystu þeir sakir kalldar.

allt lagdi þa fraumdr frægda

feck sætt af þui stillir recka

snilldar skyrr ok selldi varrar

sitt maal konungi litudr staala.

Erchibyskup kom sua sinni medalgaungu at þa for et blidazsta med þeim maagum at yfirbragdi ok huarr var i annars bodi. enn þat hafa þeir menn sagt er vita þottuz huarstueggia skaplyndi at alldri hafi vordit sidan fullr trunadr milli þeirra.

Fædd Kristin konungsdottir.

148. Skuli jarl for vm haustid norðr til Þronðheims. enn konungr var eftir i Biorgyn ok sat þar vm vetrinn fram yfir jol ok var þessi enn .xvii. vetr konungdóms hans. Þenna vetr var fædd fru Cristin dottir hans. Eftir jol i mot faustu for Hákon konungr inn i Sogn ok þadan aa land vpp. ok er hann kom vpp aa land hofz sundrþycki med þeim Paali byskupi i Hamri ok vard þat fyrst til at konungr veitti akall til eyjar þeirrar er liggir i Miors er heitir eyin helga. þessa ey hafdi gefit til stadarins Jngi er Baglar kolludu konung sinn. enn Birkibeinar quodu vera falskonung ok sogdu hann heita Þorgils þufuskit ok væri danskr ok þotti Hákon konungi hann ecki eiga at gefa sina faundurleifd. enn byskup syniadi þuerliga at laata lausa eyina. Hákon konungr [702] for austr til Tunsbergs ok var þar vm vorit. Paall byskup ritadi norðr til erchibyskups ok Skula jarls vm aakall þetta er konungrinn hafdi haft vid hann ok leitadi raads til þeirra vm þetta maal. ok af þessum ord-sendingum rez þat af at Paall byskup bio ferd sina or landi ok for fyst austr i Gautland ok þadan i Danmork ok sua sudr i Saxland ok letti eigi sinni ferd fyrr enn hann kom a papa fund.

Fra Hákon konungi ok gerdum hans.

149. Þa er Hákon konungr sat i Tunsbergi vm vaarit let hann miok efla steinugginn vm bergit ok let hann reisa skip mikit þat er siþan var kallad Olafssudin. Hákon konungr dualdiz nockura ríjd i Vikinni ok for vm sumarit norðr til Biorgyniar. þa kom jarl nordan ok voru þeir baadir vm sumarit i Biorgyn. for þa allt vel med þeim þa sem iafnan er þeir voru baadir samt. enn þo at þeir væri med blidu þa geingu þo sua vuinir i milli at hellt vid voda sialfann þegar sem skamt leid fra. sem raun bar aa siþan. Fru Jnga modir Hákonar konungs var med honum ok var konungr vel til hennar sem vera aatti. hon hafdi siukdom mikinn ok tok sottarfar hennar miok at þyngiaz ok andadiz hon fyrir jolaföstu vm vetrinn. Skuli jarl for vm vetrinn norðr til Þronðheims enn konungr for austr til Vikr ok sat vm vetrinn i Oslu. þessi var enn .xvii. vetr konungdóms hans.

Her segir fra Jslendingum.

150. Hákarlahaustid kom vtan af Jslandi Sturla Sighvatssun ok for þegar af landi brott vm vetrinn vt til pafa. Hann kom afr þetta sama haust ok fann Hákon konung i Tunsbergi. konungrinn hafdi Sturlu i bodi sinu ok taladi vid hann marga luti. let konungr illa yfir þui er

Sturla sagði honum ofrid mikinn af Jslandi. Konungr spurði huersu mikit fyrir mundi verða at koma einvaldi yfir landit ok það mundi vera frid betra ef einn redi mestu. Sturla tok þessu líkliga ok það litid mundi fyrir verða ef sa væri harduirkr ok raadugr er vid tæki. Konungr spurði ef hann villdi taka það raad. Hann kvaz til mundu hætta med konungs raadi ok forsia ok eiga slikra launa vðn af honum sem honum þætti verdugt ef hann fengi þessu aa leid komit. Konungr sagði sua at hann skyldi eigi med manndrapum vinna landit enn það hann taka menn ok senda vtan edr faa ríki þeirra med odru moti ef hann mætti. Sturla var optliga med konungi vm vetrinn ok tauludu þeir þetta maal. enn vm sumarit eftir er Hákon konungr hafði setid i Oslu eftir vm vetrinn for Sturla til Jslandz ok var aa Grund vm vetrinn med fedr sinum. Enn medan hann hafði vtan verit hafði Vrækia Snorrasun brædrungr hans gert mikinn skada ok vfrid aa ríki hans. Ok vm vorit er Sturla hafði verit einn vetr aa Jslandi þa foru þeir fedgar Sighuatr ok Sturla at Snorra med fiolmenni ok villdu at hann bætti þau illuirkir er Vrækia hafði gert. Snorri villdi eigi safna lidi moti brædrum sinum. enn þorðr brodir þeirra for i milli þeirra ok feck eigi saman dregit med (þeim). ok stock Snorri þa i brott enn Sturla settiz i Reykiahollt ok tok vndir sik alla kosti Snorra. Eftir það for Sturla i Vestfiordu at Vrækiu ok sættuz þeir þaa at kalla enn þo helltz það litla ríjd ok þarf þeirra skipti eigi her at skrifa. enn sa vard endir aa at Vrækia for vtan það sumar med raadi Magnuss byskups af Skalaholtti. Eftir það for Sturla at Þorleifi i Gaurdum ok bardiz hann vid hann i Bæ i Borgarfirdi ok feck hann þa valld yfir Þorleifi ok for hann þa vtan sumri sidarr enn Vrækia. þa for ok vtan Snorri Sturluson ok þorðr kakali ok Olafr huitaskalld son þorðar Sturlusonar enn Sturla sneri þa vfridi aa hendr Gizsuri Þorualldzsyni ok Kolbeini vnga Arnorssyni frænda sinum. ok foru þeirra skipti enn sem sidar mun sagt verða.

Sundrþycki med Hákonu konungi ok Skula jarli.

151. Hákon konungr sat vm vetrinn i Oslu sem fyr var sagt. þa komu enn vpp (greinir) med þeim jarli ok var það enn af sama manna rogi ok medalgaungu er iafnan voru vanir at spilla þeirra vinaattu. Hákon konungr ritadi norðr vm vorit til jarls ok lagði honum stefnu vid sik vm sumarit i Biorgyn til tals vm greinir þær sem milli voru. ok er þessar ordsendingar komu til jarls aatti hann raad vid sina menn huart hann skyldi þenna fund sækia edr eigi ok tiaadi það fyrir þeim at honum (þotti) fast at ser lagt Hákarlahaustid af aeggian lendra

manna. enn mer er sagt at þeir muni nu ecki oakafari enn þa voru þeir. eru þeir lutir nu vordnir sem þer vitud at ek er vfusari at vera a valldi þeirra enn Hakarlahaustid er ver fundumz i Biorgyn. komu þa austan Arnbiorn Jonsson Gregorius ok herra Andres ok gerduz þeir þa handgeingnir menn konungs ok sðru hirdmannz eid einum saman konungi ok skildi þann eidstaf mikit þar sem allir hofdu suarit aadr baadum ockr. sua gerdi ok Bryniolfr son Jons staals ok margir menn aadrir hafa þann eid suarit ok trui ek þeim monnum illa ok verr enn þeim sem eru beggia vorir vinir ok eidsuarar. hafa þeir baadir godar sueitir Gregorius ok Bryniolfr son Jons staals. Ok marga fleiri luti fann jarl til þess at hann aftaldi fyrir ser ferdina. enn þo voru þeir fleiri vinir hans er hann fystu at fara ok þat var af raadit. bio jarl þa ferd sina. sendi hann þa ord lendum monnum þeim sem norðr þar voru ok vard hann miok sidbuinn. hann hafdi nær .xx. skip. hann sigldi sudr aa Mæri ok la leingi vm haustid i Steinavagi.

Capitulum.

152. Hakon konungr bioz or Vikinni ok dro saman mikit lid. hann hafdi med ser alla lenda menn þa er þar voru. hann let þa ok fram setia Olafssudina er hann hafdi gera laatid i Tunsbergi. þat var ellifu rum ok .xx. ok allfritt skip. Sem konungr kom i Gulapingslaug baud hann lidi vt vm oll fylki ok stefndi ollum til Biorgyniar til motz vid sik. þa sendi hann norðr til Þronðheims Klemet af Holmi ok skyllði hann fara til Frostapings ok segia at Hakon konungr ætlar ser norðr til Þronðheims vm haustid ef jarl kæmi eigi til motz vid hann. þa er a leid haustid for Hakon konungr or Biorgyn ok hafdi nær .xl. skipa ok oll stor. þessir voru lendir menn med honum Arnbiorn Jonsson Lodinn Gunnasun Symon kyr Halluadr bratti Eirikr stiklr Juarr nef Gautr aa Meli Nichulas Paalsson Petr i Gizska ok margir aadrir gaufgir menn. hafdi konungr bædi mikit lid ok fritt. Skuli jarl laa i Steinavögi sem fyrr var sagt. þar kom til motz vid hann Paall vagarskalm nordan af Halogalandi. tok jarl þar þa frettir þær at Hakon konungr hafdi dregit mikit lid saman ok ætladi at fara norðr til Þronðheims. jarl aatti þa stefnur vid lid (sitt) huart hann skyllði fara sudr i moti konungi edr snua norðr afr til Þronðheims. enn Paall ok enn fleiri fystu þess at hann færi i mot konunginum ok sagdi þa bezst mundu fara med þeim ef þeir fyndiz. enn þeir voru sumir trunadarmenn jarls er þessa lauttu ok quodu radligrá at snua norðr afr til Þronðheims til fostbrædra sinna ok bida þar konungs ef syndiz. þetta var af raadit at jarl sneri

sinni ferd norðr aftr til Þronðheims. Jarl stefndi þá til sín hestum ok bio ferd sína aa land [703] vpp. enn Paall bondi ok fleiri adrir lauttu þessar ferðar ok baadu hann bida konungs. var þaa þat radit at Paall for sudr i moti konungi aa Mæri ok mætti flota konungsins vid Solskel ok feck eigi þar fundit konunginn þuiat konungr var þa seglbuinn. sigldu þeir þa allir saman norðr til Þronðheims. ok er þeir komu i Leirangra fann Paall konunginn ok tok hann hans ordum vel ok quaz ætla at vel mundi fara ef þeir fyndiz sialfir.

Fra Skula.

153. Þa nott er konungr laa i Leirangrum var Skuli jarl at Medalhusum ok reid þadan vt til Orkadals ok ætladi sudr vm fiall. hann hafdi þa mikit lid ok fritt. þa er hann kom vpp at Orknarbru skildu vid haun margir vinir hans ok handgeingnir menn bædi hirdmenn ok skutilsueinar. enn sumir a Vppdals skogi. þessir skildu vid hann. Aundotr skakalockr ok Ælubjarni reidardynr ok margir adrir þeir er aadr kolluduz kempur jarls. Þa var þetta quedit.

Holi gerduz hirdmenn Skula
hrucku litt medan full var skrucka
drucku þeir af Danmork reekar
droguz litt vm fioll ok skoga.

sípan vard er sloz i ferdir
saunguan ill ok þunt vm stangir
eidar rufuz vid Jnga brodur
engi villdi fylgia leingra.

Olafur huitaskalld quad sua.

Snæfir drogu enu medal iofra
alldir quaduz varla halldaz
audlings hest vid allualld mætan
aarskaptan grun vinir huarskis.

minnigr bygdi siklingr sunnan
sunda vigg enn jarl stauck vndan
ytar brugduz iofri mætum
austr vm fiall med dreingri snialla.

Konungr gerdi menn til jarls.

154. Hakon konungr kom i Nidaros. var honum þa sagt at jarl var i brott ridinn. konungr sendi þa eftir jarli med raadi vina sinna Paal vagarskalm ok Juar nef. ok fundu þeir hann i Vppdal ok sogdu at konungr villdi at hann hyrfi aftr ok semdi þeir sin i milli ok sæti þeir baadir saman i Þronðheimi vm vetrinn. Jarl aatti þa tal vid sina menn ok fystu flestir at hann sneri aftr enn þeir voru sumir er þat kuodu omerkiligt at skipta sua skiott raadagiordum sinum. Jarl suarar. se ek at þat væri raadligr at snua aftr enn þeir munu raada er þess eggja at ek fara sudr. Eftir þetta sneri hann vpp til fiallz ok sua sudr vm fiallit. þa er systlumenn Hákonar konungs þeir sem a Vpplundum voru (frettu) at jarl var nordan kominn þa toku þeir skip aull er voru i Miors

ok geingu þar aa .xj. sveitarhoffþingiar. enn þessir voru fyrir þeim Gregorius son herra Andress Hauadr af Sundbui Aslaakr smiorstackr Jonn kellingr Amundi af Folavelli Dagr af Gröfu Oddr Eirekssun Saxi bladspiot, ok hófdu þeir fiolmennar sveitir. Skuli jarl for til þess er hann kom aa Heidmork i Hamarkaupang ok dualdiz hann þar vm ríjd med ollum sinum monnum. Sem Paall vagarskalm ok Juarr nef komu aftr til konungs ok sogdu vm ferd jarls aatti konungr þa tal vid sina menn ok vid Sigurd erchibyskup ok raadgiafa sina ok leitadi raads vid þa huersu med skyllði fara. Þotti monnum þa i vüent efni komit er jarl var farinn sudr vm fiall med miklu lidi aa ríki þat er konungrinn aatti einn saman. erchibyskup bad konunginn gefa til nockut raad at fridrinn mætti standa vm vetrinn. Konungrinn tok þa med raadi erchibyskups ok annarra vina sinna þat raad at hann sendi sudr eftir jarli Biorn abota af Holmi ok Juar af Skediuhofi Vilmund pillt ok menn med þeim ok bad konungr þa sua segia jarli at hann skyllði hafa vm vetrinn þridiung af ollum systlum aa Vpplondum ok i Vikinni ok mætti med þui moti fridr standa þar til er beggia vinir færi i milli. Þeir aboti kuomu aa Heidmork ok gerdu menn til systlumanna ok sagði þeim ord konungsins ok baadu þa eigi fyrri brigda fridinum enn vitad væri huersu jarl tæki þeirra erendum. Enn er þeir aboti komu i Hamar þa hafði jarl sent Nichulas af Nior skutilsuein sinn vpp a Heidmork at taka þar allar konungs skylldir. Systlumenn hófdu feingit niosn af þessu ok ætludu til motz vid Nichulas. ok ef þeir aboti hefði komit .ij. nottum seinna þa mundi brugdit hafa verit fridinum med jarli ok konungsmonnum. Aboti fann jarl i Hamri ok sagði honum konungsins bod. jarl tok þa vitrligt raad ok iattadi þessum kostum er konungrinn hafði gert ok het þar i mot fridi til þess at enn færi vinir þeirra i millum. Eftir þetta foru þeir aboti norðr aftr enn sumir þeirra felagar foru vt i Vikina at konungs erendum. Skuli jarl skipadi nu allar systlur at þridiungi aa Vpplondum ok sua i Vikinni. hann setti i Borgarsyslu Aarna rufu ok Finn knott. Síþan for jarl vt til Osloar ok þadan til Tunsbergs ok voru konungsmenn þar fyrir honum þeir sem nordan hófdu farit med abota. Þa er Hakon konungr sendi Biorn abota or Nidarosi a fund jarls let hann heim fara Arnbiorn Jonsson ok alla lenda menn or Vikinni ok baud þeim sua at þeir skylldu veria ríki hans ef jarl gerði nockurn ofrid i Vikinni ok skyllði Arnbiorn vera fyrir þeim ok bad þa fylgia honum sem bezst ef nockurs þyrfti vid. Þeim byriadi vel ok komu i Vikina. Litlu sidar kom jarl ok logdu þa i Grindholmasund er hann var i Tunsbergi. Skuli jarl villði þa senda til þeirra þa menn er konungr

hafdi nordan sent með abota ok bad þá stefna lendum monnum til sín til Tunsbergs. enn þeir sögdu at konungr hefði sua mællt fyrir at Eiríkr stílkir skyldi finna jarl. ok hann fór með konungsbrefum enn ádrir lendir menn voru eftir. Sem lendir menn spurdu at jarl fór með frídi þá skilduz þeir í Grindholmasundi ok fór huerr í sína syslu enn Eiríkr fór með brefum til jarls. Ok er Arnbiorn kom heim í Valldisholma sendi hann ord syslumonnum er jarl hafði þar sett ok bad þá í brott fara. sagði at hann mundi víð eingann míðla Borgarsyslu fyrr enn hann heyrði ord Hákonar konungs at hann skyldi laust láata. Jarlsmenn fóru í brott ok á fund hans ok sögdu ord Arnbiarnar. Sendimenn konungs toku míkit fe or Lafranzkirkiu þat sem konungr atti sua at jarl vissi eigi ok fluttu þat norðr til konungs. þeir koma jólaaftan í Níðaros ok segia konungi slík tíþendi sem þeir vissu or Víkinni. hófðu sua sagt vínir konungs þeir sem austan komu at þeir voru margir með jarli er hann eggíodu vfríðar móti konungi ok hann rækiz eigi leingr af eignum sínum ok odulum. ok eigi þóttuz þeir víta huart fríðrinn mundi halldaz eðr eigi. Skuli jarl fór austr til Elfar eftir jólin ok dúaldiz míok leingi víð Konungahellu. þar komu til hans margir menn ok gerðuz handgeingnir. þar kom til hans Aalfr af Leifastodum með nockura sveit manna ok Þorgíls styðra ok gerðuz flestir handgeingnir. Veseti vngi ok Algauti broðir hans komu fyrr til jarls. Þessa menn er þá gerðuz handgeingnir kolluðu Birkibeinar Varbelgi. Alfr hafði áadr verit huskarl Arnbiarnar Jonssunar. Þessir fystu míok jarl at hann [704] skyldi vfríð hefía ok láta eigi Hákon konung yfir sínum broðurarfi sítia. Jarl veiz ok míok eftir þeirra fortaulum sem síðarr bar raun aa.

Sendimenn.

155. Hákon konungr sat vñ jólin í Þronðheimi ok var þessi enn .xix. vetr konungðoms hans. Sigurðr erchibyskup bad konunginn at hann skyldi enn gera orðsendingar nockurar til jarls at fríðrinn mætti standa þuiat erchibyskup þóttiz þat spurt hafa at míok var at komit vfríðinum í Víkinni. Eftir þat voru þeir sendir á fund jarls Biorn aboti ok Vilmundr pílltr með sættarboðum. Hákon konungr gerði orðsendingar til Munans byskups sunar¹ ok syslumonnum á Vpplonðum at þeir skyldu allir fara til Arnbiarnar Jonssunar ok skyldu þeir saman halldaz til þess er vítað væri huert erendi abota yrði. Aboti fann jarl austr í Konungahellu vñ vorit í faustu ok bar vpp erendi sín. ok þetta fluttu margir beggia þeirra vínir fyrir jarli ok tok þá at sveigiaz hugr jarls. enn ádr þeir komu var buit víð berum vaada at jarl mundi vfríð hefía.

¹) segit *Cd.*

Fra Skula ok Arnbirni.

156. Skuli jarl fór austan or Konungahellu at alidinni faustu. hann gerdi ord fyrir sér til Arnbiarnar at hann skyldi koma til motz vid hann ok skyldu þeir eiga þing þar sem Eidsberg heitir. Arnbiorn sotti þangat ok med honum Eirekr stilkr Munaann byskupsson ok margir sýslumenn af Vpplondum. þeir hófdu .ccc. manna ok allt vel buit ok kom þat fyrr til Eidsbergs enn jarl. settiz vtan vndir kirkiu-gard. sagdi ok Arnbiorn sua at fyrr skyldu þeir beriaz vid jarl enn jatta þui er þeim væri vsæmd i. Skuli jarl kom a þingit ok hafdi haalf fiorda .c. manna. ok var þat lid vel buit enn þo eigi sua sem hitt er fyrir var. jarl hafdi huitann hatt a hófði ok sat a fridum hesti. Arnbiorn hafdi sua mællt vid sina menn at hann skyldi einn suara ordum jarls. Þa er þingit hafdi skamma ríjd stadið tok jarl til orða. hui raktu Arnbiorn sýslumenn mina or Borgarsýslu þa er ek hafða setta i þann þridiung er konungr skipaði mér i vetr. Þui segir Arnbiorn at ek er oruggi i at laata fyrir eingum laust þat leen er konungr hefir feingit mér fyrr enn ek veit med sannleik at hann vill af mér taka. Þa suarar jarl. toktu af mér i fyrstu Borgarsýslu ok þaatt halfa ok hetztu þa oss godu i moti huernig sem þu hefir þat efnt. Satt var þat sagdi Arnbiorn. Jarl mællti. eigi var Hakon þa sidr konungr enn nu þo hann se nu meirr þroskadr. met ek fyrir þui eigi nu ord hans minna enn þa vm þau leen er hann skipar mér. enn þo at þu sér fyrir ollum lendum (monnum) i Noregi þa þicki mér ollum ydr þat ofrausn at hallda fyrir mér þui sem hann iaattar at ek skal hafa. Arnbiorn suarar. satt er þat at ek ætla at eingi lendr madr skal taka af mér þat sem Hakon konungr fær mér ok fyrir eingum manni ætla ek haals at beyia nema fyrir Hakoni konungi ok eigi þeim enum huita hattinum er nu er her a þinginu. Þa mællti Biorn aboti ok sagdi at hann hefði þar bref þat er Hakon konungr mællti sua fyrir at þeir skyldu .ij. einir heyra er vpp væri lesit jarl ok Arnbiorn ok bað at þeir geingi inn i kirkiuna ok taladz þar vid. Ok er þeir komu inn i kirkiuna inti aboti vpp ordz-sendingar þær er konungr hafði med honum gert bæði til Arnbiarnar ok annarra formanna. segir hann at konungrinn villði at allir ætti lut i at draga saman sætt med þeim maagum segir ok sannliga konunginn hafa vpp gefit þann þridiung af ollum sýslum aa Vpplondum ok i Vikinni jarli til kostnadar vm vetrinn. Estir þat tok Arnbiorn at sueigiaz ok snuaz i ræðunni ok tok þaðan af at fara allt alitliga med þeim. Tok þa Skuli jarl vndir sik Borgarsýslu þridiunginn. for jarl þa norðr i Vikina. þeir Biorn aboti fóru þa norðr til konungs med sættarboðum.

var þá mællt at þeir skyldu finnaz vm sumarit i Biorgyn ok skyldi huarr selia odrum gisla til þessa fundar. Skuli jarl var i Vikinni vm sumarit ok gerduz honum þa margir menn handgeingnir. dro hann þa enn mikit lid at ser. hann reed þa enn til skipa ok tok skip vlofat fyrir bðndum þar i Vikinni ok let þau bua norðr. Hann hafdi Borgarþing vm sumarit Margretar messu. þa let hann taka skip Arnbiarnar Jonssonar ok ætladi norðr at hafa. enn Arnbiorn hafdi aadr bora laatid skipit ok hoggua innviduna ok fyllði þegar sem flotad (var) ok var þat sidan vpp sett.

Fra Hakoni.

157. Þenna tíma komu nordan fra Hakoni konungi Sigurdr son hans ok Ingimundr puss gisladir jarli. enn aadr hafdi farit til konungs Aasolfr frændi jarls ok Jatgeirr skalld i gisling. Ok er jarl var buinn for hann norðr til Biorgyniar ok lagdiz i konungshaufn. foru þa menn i milli þeirra ok sagdi jarl at hann mundi eigi leggja til beiarins nema þat væri skilt vm þann lut sem honum væri skipat af landi at Petr sun hans skyldi taka eftir hann. [Enn er ¹ þetta var flutt fyrir konunginum þa neitadi hann berliga þessu ok sagdi sua at allðri skyldi hans af-springi erfa Noreg nema sa einn er kominn væri af ætt Margretar drottingar. Eftir þetta foru menn milli þeirra. Sigurdr erchibyskup aatti mestan lut i at sætta þa. lagdi jarl þa til beiarins ok voru þa stefnur at aattar ok geck þa enn saman sættin at bæn erchibyskups ok annarra godra manna. þa var þat raadit at þeir skyldu sitia baadir i Biorgyn vm vetrinn ok hallda eitt bord med þui moti at jarl skyldi leggja kost fram enn þridia huern dag. Fara þann vetr oll skipti vel þeirra i milli sem iafnan var þa er þeir voru baadir samt. þuiat þa voru færi lygdir milli bornar er sua var skamt at reka at þeir maattu sialfir þegar profa. Þetta sumar kom Vrækia Snorrasun af Jslandi ok sagdi mikinn vfrid þadan af Sturlu frænda sinum ok virði konungr sua at Sturla hefði hardara at farit enn hann hafði honum raad fyrir gert.

Fra Hakoni ok Skula.

158. Nv er þessi enn .xx. vetr rikis Hákonar konungs er þeir jarl saatu badir samt i Biorgyn. þeir biuggu ferd sina vm faustu norðr til þronðheims. ok sigldi konungr fyrir Stadi kærusunnuaptan ok bægdí honum vedr sua at hann vard at leggja at i Angri. enn jarl sigldi sunnudaginn or Sild ok feck sua mikit radbyri at hann lagdi at norðr vid Saundulfsstadi. hann sat aa Reíne vm paaschir. Konunginum byriadi

¹) [estir Cd.

seint hann kom i Nidaross vm paschir ok funduz þeir jarl þar eftir paschir ok voru baadir samt vm vorit i kaupangi. Þa voru ord gior Paali byskupi i Hamri at hann skyldi norðr koina til sættarfundar vid Hakon konung. ok er byskup kom norðr voru margar stefnur aattar at malum [705] þeirra konungs ok geck seint saman sættin. var byskup iafnan hardari a þeim stefnum sem jarl var vid enn (þo kom) þar at þeir sættuz med þui moti at konungr tok vid eyinni ok lagdi adrar eignir i moti til stadarins þær er honum likadi ok byskup iattadi at hafa. Vm vorit vard einn litill atburdr i Þronðheimi saa er sia maatti hue nær vmspillendr stodu vm skipti þeirra konungs ok jarls. enn þat var med þui moti at þa var Gunnar konungs frændi med konungi. hann hafdi skilit aa vid gesti jarls ok þottuz þeir hafa feingit hardleikit af honum. Enn litlu sidarr for Gunnarr i brott vt aa Nes ok ætladi i syslu þa er konungr hafdi feingit honum. ok vm nottina er Gunnar hafdi brott farit var konungi sagt at hann væri drepinn ok jarl hefði sent eftir honum gesti ok laetid drepa hann. Konungrinn let þegar kalla ludr-sueina ok klæddiz sialfr. lupu þa allir til vopna konungsmenn ok geingu vt i gardinn ok settu vpp merki. Jarl suaf i odru herbergi skamt i fra hann vaknadi vid gnyinn ok liop vpp ok geck vt i sualirnar ok sa at drottning stod vt i gardinum. jarl spurdi hana hueriu gegndi. hon sagdi honum huat titt var. jarl bad hana vera kaata ok sagdi at ecki mundi til saka. þui næst klæddiz jarl. þa kom þar Sigurdr konungssun til hans i herbergit ok geingu þeir þa badir vt. var þa ok vist vordit at þetta var ecki nema lygd ein ok vpplostning vondra manna. Þetta sama var hafdi Hakon konungr þing aa Eyrum ok kom þar mikit fiolmenni. ok aa þui þingi iok Hakon konungr nafnbætr Skula ok gaf honum hertuga nafn. þat tignarnafn hafdi engi feingit fyrr i Noregi. Vm þetta quat Olafur huitaskaalld.

Sniallir foru maaga i millum
menn sellduz þeir gisla tuenna
synni tok þaa sætt er funduz
snarir bragningar her at magna.

nafnbætr jok sa er Noregs gætir
nidium pryddr ok sikling skryddi
biortu heitu boduar fliotann
blidr hertuga gíofum fridum.

Medr þessi nafnbot gaf konungrinn hertuganum margar sæmiligar gíafir ok hofz þa af nyiu med þeim maagum gott samþycki med blidu.

Sendiferdir milli H(akonar konungs ok keisara).

159. Þa er þeir redu Noregi Hakon konungr ok Skuli hertugi þa var keisari yfir Romaborgarriki Fridrekr sun Heinreks keisara. hann var mikill hofþingi ok agætr. þydduz i þann tima vid hann margir agætir

hoffþingjar af odrum londum. Keisarinn sendi menn norðr til Noregs a fund Hákonar konungs ok Skula hertuga. Þetta var langri stundu fyrr enn þat er nu var fra sagt. saa het Vilhjalmr er fyrir þeim var. þeir fornudu konunginum ok hertuga margar præsentr enn þeir sendu i mot þa luti er med keisaranum voru torogætir ok þar þottu gersinnar. Síþan hofuz vpp sendingar ok sendiferdir i milli keisara ok Hákonar konungs. for fystr af konungs hendi Gudleikr af Aski ok fann hann keisara i Sikiley ok (tok) hann honum vel. síþan for Nichulas Paalssun ok var leingi i keisaragardi ok þa af honum storar gíafir ok sæmdir ok eingi madr var íafnvel tekinn af Nordmonnum sem hann i þann tima. Nockuru sidar enn þetta var foru þeir vt Roi konungs frændi ok Baadr brodir Ysaks af Bæ ok var Baadr af jarls hendi ok þotti þeim Roa hann eigi flytia af skynsemi edr sannindi vm skipti þeirra Hákonar konungs ok Skula hertuga. ok eftir þetta for sa madr mest i milli keisara ok Hákonar konungs er Heinrekr het. hann var fæddr vpp i Noregi enn þyduerskr at ætt. hann var kalladr Heinrekr sendimadr. hann for margar sendifarar i milli med agætum sendingum. Af þessu vard in mesta vin-aatta med Fridreki keisara ok Hákonu konungi.

Fra Baardi.

160. Vm vorit er þeir saatu i þronðheimi Hákon konungr ok Skuli hertugi hofdu þeir syslu vpp a Heidmork af hertuga hendi Baadr Ysaks brodir ok Hákon dufa. þuiat sua var þa skipt landinu at hertuginn hafdi þridiung af ollum systlum vm allann Noreg. þar verdr illr atburdr med þui moti at Baadr tok konu naudga. enn hon var eiginkona þordar sonar Fridreks slafsa er alla æfi hafdi verit haufudvin Hákonar konungs. enn i raadi ok vitand med Baardi hafdi verit Hákon dufa. Þetta frettu þeir Hákon konungr ok Skuli hertugi norðr i þronðheim ok letu illa yfir sem vaan var at ok hafdi hertugi eigi færi ord vm opinberliga enn konungrinn.

Fra Hákonu.

161. Hákon konungr ok Skuli hertugi biuggu ferd sina vm sumarit sudr til Biorgyniar ok aadr þeir foru sendi konungr Jon profastz sun aa land vpp ok nockura menn med honum ok skyldi hann fara et efra anstr. Ok er þeir voru hunir konungr ok hertugi þa foru þeir sudr til Biorgyniar. enn aadr þeir komu þangat hofdu beirmenn gefit Sudrmonnum mikít slag ok drepit summa enn rekit summa a kaf ok margir voru særdir. þat hafdi til vordit at Sudrmenn hofdu lagt kuggum sinum

at bryggjum þar sem beiarmonnum líkadi eigi ok hófdu brotid skip nockur þau sem laagu fyrir bryggiunum. Ok er Hákon konungr kom til bæiarins setti hann þetta vandrædi níðr. Jonn profastzsun fór vpp aa land ok er (hann) kom aa Heidmork mætti hann í vatninu Míors Baardi Ysaaks bróður þar sem hann laa aa skipi sínu. toku hann þar ok drapu fóru síðan í Vik austr. Þetta sama sumar drap Þódr Fríðrekssun Hákon dufu í Tunsbergi fyrir þær sakir er þeir Baardr hófdu gert. Þessi tíþendi komu til konungs ok hertuga ok lét hertugi sér faatt vm finnaz enn þat hófdu menn fyrir satt at honum væri miok í moti skapi aftaka þessarra manna.

Fra Birkjbeinum.

162. Vm sumarit er aa leidd biuggu þeir konungr ok hertugi ferd sína or Biorgyn austr í Vikina ok er þeir komu til Osloar efnudu þeir þar til vetrsetu. Þeir helldu baadir saman jol vm vetrinn ok var þessi enn fysti vetr ins þrídía tigar ríkis Hákonar konungs. Eftir jolin hellt sín hiukolf huarr þeirra ok drucku þó íafnan baadir samt aa quelledum. Þetta sama sumar aadr hafdi komit vtan af Jslandi Snorri Sturluson Þódr kakali Þorleifr or Gaurdum Olafr huitaskaald ok voru í Þronðheimi. Skuli hertugi bioz norðr til Þronðheims vm varit ok fór norðr í faustu. fór þaa allt vel með þeim maagum er þeir skildu ok var þa mællt til þess at þeir skylldu finnaz vm sumarit í Biorgyn þuiat þeir fengu þat skilit at þa fór íafnan betr með þeim at þeir voru baadir saman. Hertuginn kom norðr fyrir paschir ok sat í Þronðheimi vm vorit ok onduert sumar. Þeir frændr Skuli hertugi ok Asolfr aa Austratt vrdu missaattir ok skildi þaa aa vm eignir a Austratt þuiat fru Sigríðr abbadis systir hertuga er aatt hafdi (Jon af) Austratt quad þat tilgiof sína enn Aasolfr [706] kalladi faðurarf konu síunar Ragneidar Jonsdottur. her voru at aattar margar stefnur ok vrdu þeir ecki aasaattir. baud Aasolfr þó fram at leggja adrar eignir til stadarins aa Reini ok þui neitadi hertugi eigi. enn þó skildi at þessu þeirra vínaattu ok sneriz Aasolfr eftir þetta til Hákonar konungs í sínum trunadi. Hákon konungr sat vm vorit í Tunsbergi. þa var fæddr Magnus son hans ok skíðr krossmessodag. síþan fór konungr norðr til Biorgyniar ok sat þar vm sumarit. Vm haustid kom nordan Skuli hertugi ok voru þeir baadir saman í Biorgyn ok fór allt alitliga með þeim enn eigi sem þa er blíðazst var. Hertuginn laa íafnan aa skipum sínum. hann bioz norðr at onduerdum vetri ok varð eigi fyrr buinn enn at Marteinsmessu. Roalldr het maðr bróðir Asolfs styrks¹. hann hafdi vordit fyrir konungs

¹) r. stryks

reidi fyrir vspektar sakir. villdi hann ecki at hann væri i landinu. var hann þá i Biorgyn ok var iafnan i kirkiu. Annarr madr var Sigurdr kerra hann hafdi vegit vig aa Haalogalandi ok enn gert adrar vspektir. hann sat i Cristzkirkiu þui at hann þordi ecki vti at vera fyrir konungi ok hans monnum. Hertuginn geck vt vm Cristzkirkiu adr hann lagdi or bænum. þa (geck) Sigurdr or kirkiunni med hertuga ok vt a skip. þa var ok Roalldr þar kominn ok foru þeir baadir med honum ok voru sipan baadir med hertuganum. Sem hertuginn kom nordr til þrondheims gerdu menn mikit ord aa at lendir menn Hakonar konungs hefdi þa verit miklir vmspillamenn med þeim hertuganum ok eignodu þat mest Gauti Jonssyni. Hertuginn spurdi einn dag Snorra Sturluson i skemtan. huart er þat satt sagdi hann at þer segit at Odinn sa er var fyrir fornkonungum heti Gautr audru nafni. Satt er þat herra sagdi Snorri. Yrk nu visu at þui sagdi hertugi ok seg huersu miok þessi likiz þeim. þa quad Snorri þetta.

Herfanga baud Hringi
hialdrs einskaupudr galldra
Gautr huatti þrym þrottar
þann ok Hillditanni.

ofleingi velldr Yngua
vsætt enn vel mætti
herstefnandi hafna
hans dom vaulundr romu.

Mart var þar þa mællt af monnum hertuga er audsætt var at i annat efni var komit enn vera skylldi ok mest til vina konungsins.

Rædur konungs til Skula.

163. Hakon konungr sat þenna vetr i Biorgyn. var þessi annarr ok .xx. konungdoms hans. Hann sendi ord vm vetrinn nordr til hertugans at þeir skylldu finnaz vm sumarit i Biorgyn ok bad hann fara nordan med lettiskipum ok vhaegia eigi bondum til þessar ferdar. Jslenzka¹ menn þa² sem med hertuga voru bad konungrinn ecki vtfara fyrr enn þeir³ hefdi raad fyrir gert med huerium erendum þeir skylldu fara þuiat aadr vm haustid hafdi spurtz at þeir hofdu bariz i Skagafirdi Kolbeinn vngi ok Gizsaurr vid Sturlunga ok hofdu Sturlungar fallit. Hakon konungr for vm vorit austr i Vik ok dualdiz leingi i Tunsbergi. komu þar til hans menn bædi or Vikinni ok af Vpplondum tok konungr þa frettir bædi nordan or landi ok sunnan. hann fretti at hertuginn hafdi gefit Snorra ok Vrækiu orlof ok þorleifi til Jslanz ok feingit skip þat er [aatt hafdi⁴ haalft Gudrekr af Skartastodum. þegar sem

¹) Jslenzkir Cd. ²) þe Cd. ³) r. hann ⁴) r. [hann aatti haalft en

konungrinn fraa þetta gerdi hann norðr bref ok bannadi at þeir færi. Þessi bref komu til þeirra er þeir laagu vid haf ok foru þeir eigi at sidr i banni konungsins.

Vibod Hakonar konungs.

164. Þa er Hakon konungr sat i Tunsbergi kom nordan fra hertuganum Biorn aboti sendr af hertuga. spurdi hann þa eftir huort hertuginn mundi koma nordan til motz vid hann. aboti kuad hann koma mundu at vissu sem konungr hafdi ord til sent. þa var spurt huersu fiolmennr hann mundi fara. hann kuad þat mundu eftir þui sem konungr hafdi mællt. Aboti dualdiz leingi med konungi medan buin voru bresin þau er konungrinn sendi norðr. ok er aboti var buinn kom nordan or Þronðheimi Asolfr bondi af Austraaft a skipi med huskarla sina ok sagdi þau tífendi at hertuginn hafdi flotad ollum storskipum sinum ok sua Langafriadeginum ok Holmbuzsenni ok Strandabollanum ok morgum storskipum sinum. sagdi Asolfr at hertuginn hafdi mikit vibod. ok var þat ord aa at hann mundi til Biorgyniar ok eiga eigi allt vndir odrum huat sem yrði. Dualdiz nu ferd abota þuiat honum voru nu ger onnur bref enn þau sem adr voru buin. Hakon konungr gerdi þa ord Arnbirni Jonssyni ok odrum lendum monnum ok let segia þeim at hertuginn dro saman mikit lid i Þronðheimi. jok konungrinn þa storum vt-bodin stefndi til sin ollum lendum monnum ok sylumonnum. droz þa saman mikill herr. bioz konungr þa norðr. Skuli hertugi bio ferd sina nordan or Þronðheimi ok hafdi .xx. skip ok flest oll stor. hann hafdi sialfr Langafriadaginn ok var hann .vi. rum ok .xxx. ok allra skipa fridazst. hertuginn hafdi mikit lid fritt ok vel buit. Hann kom til Biorgyniar vm sumarit ok laa i Floruvagum med herinum. þa spurdi hertuginn þau tífendi at Hakon konungr bioz or Vikinni med mikit fiolmenni ok hafdi med ser alla lenda menn sina ok sua var honum sagt at konungr mundi hafa .xl. skipa. aatti hertuginn nu stefnur vid sina menn huart hann skyllði bida konungsins edr skyllðu þeir fara norðr vndan. þuiat þeir hofðu grun af at konungi mundi eigi lika þeirra medferd. var þat raad vpptekit at þeir bidu eigi konungsins ok sneru ollum herinum norðr apr.

Capitulum.

165. Litlu sidar kom Hakon konungr til Biorgyniar enn hertuginn var norðr farinn ok fann hann þar Sigurd erchibyskup ok sendimenn

hertugans Biorn abota ok Jatgeirr skalld. sagdi erchibyskup sua at monnum þotti i vuænt efni komit vera med þeim nema konungr legdi nockul gott raad til. var þat raads tekit at erchibyskup seti grid milli þeirra vm vetrinn. foru sendimenn vid þat norðr. Tok þa erchibyskup vmbod konungsins til þessa maals. ritadi byskup þegar til hertugans ok bad hann eigi briota fridinn þar til er þeir fyndiz huat sem siþan skipadiz at. Erchibyskup for i sýslu sína vm haustid sudr aa Mæri. Þa er Hakon konungr hafdi dualiz vm ríjd i Biorgyn gaf hann heimleyfi lendum monnum ollum ok sýslumonnum bædi þeim er austan voru ok nordan. þessir foru þa norðr i sýslur sínar Sigurdr sun Petrs erchibyskups Asolfr aa Austraaft Petr or Gizska þorir aboti Augmundr krækidanz Arni blackr ok mun enn sagt fra þessum sidarr.

Af Skula.

166. Hertuginn for norðr ok var nockurar .iij. vikur a leidinni. ok er hann kom norðr let hann vpp setia oll stor skipin. kom þa vonum bradara mikit lid til hans af landi ofan ok austan or Vik eftir þui sem hann hafdi ord til sent. enn fyrir þui at hann hellt mikinn kost fyrir sakir fiolmennis þa let hann gera vtbod vm þronðheim ok baud vt almenning allann. enn böndr þottuz eigi vidlaatnir at gaanga vndir sua miklar alaugar. Hakon konungr hafdi ok gert bref til Jnnþrænda at þeir skyldu eigi ganga vndir meiri alaugar ok vtbod enn hann tæki af þeim er vndir honum væri. [707] Ok med þui at hertugans menn höfdu ecki feingit af þessum vtbodum þa byrr hertuginn ferd sína inn i þronðheim. for hann sialfr a skipum enn margir sueitarhoffpingiar foru et efra med miklu lidi. þessir voru med þeim Alfr af Leifastodum Veseti lilli Algauti brodir hans. Hertuginn lagdi skipum sinum vid Vogsbru ok gulldu bændr honum mikit fe. sumir mork gull sumir .ij. sumir aleigu. Skuli hertugi for eftir þetta inn til beiar ok aatti tal vid sína menn ok raadgiafa. þessir voru lendir menn hans med honum Alfr af þornsbergi Juarr af Sundbui Baadr bratti Bardr vargr Olafr af Vigdeilld Erlingr liodhorn Veseti lilli Klemet fadir hans Guthormr af Sudrheimum. Hertuginn aatti iafnan tal vid sína menn um þat sem sidan kom fram at hann villdi laata gefa ser konungsnafn. stundum let hann þa hafa tal sitt eina saman ok villdi sua vita huers þeirra tillaug. enn þeir voru huorirtueggio. sumir eggiudu hertugann ranginda ok sogdu hann ræntan faudurarfi sinum ok hann atti at bera konungsnafn eftir Jnga konung. enn sumir mælltu i moti nockul. hann aatti ok oplliga tal vid kórsbrædr ok leitadi raads vid þa ok voru þeir enn sumir at hann

eggiudu æ afram ok kolludu hann tilkominn þott annar bæri konungs-
nafn ok laasu bækr fyrir honum at hann aatti eigi sidr at taka konungs-
nafn i erfd enn eignir ok odal. Hertuginn hafdi iafnan nockurn af kors-
brædrum hia ser. hofdu menn nu pata af at hann mundi nockura nýja
raadagiord hafa med hondum. hugr hans sialfs samþyektiz of miok þeim
monnum sem onytt töldu fyrir honum ok med agirnd hans enn fortaulum
raadsins let hann stefna Eyráþing ok sendi ord ollum enum bezstum
böndum bædi innan or þronðheime ok sua vtan.

Fra Eysteini sura.

167. Sunnudag eftir all(ra)heilagra messu þat var Leonardus messo-
dag þa er ringt var til messu geck folk vpp til kirkiu eftir sidueniu.
enn þa er vpp var hafin messa kom meistari Bergr i kirkiuna ok mart
lid med honum. hann geck þegar vpp a kor ok let kalla til sin kors-
brædr. var þa stadr aa messunni medan þeir toluduz vid aa korinum
ok vrdu þeir eigi aa eitt saattir. J þenna tima heyrdu þeir blaasit i bænum
bændum kaupmonnum ok allri alþydu til Eyráþings. Eysteinn suri het
sa korsbrodir er fyrir var skipadr at suara þeim maalum er mestr vandi
þotti aa vera af hendi erchibyskups. Nu beiddiz Skuli hertugi at kors-
brædr gæfi orlof til at vt væri borid skrin ens heilaga Olafs konungs.
þeim vard stadr aa vm suorin ok þottuz sia til huers ætlad var. Her-
tuginn spurdi hui þeir veittu sua sein andsuor maali hans. þeir sogdu
at þeim þotti mikill vandi til sin horfa ok quoduz vilia tala sin aa milli.
geingu þeir þa sudr a korinn ok kom þeim varla aasamt. kunnum ver
ok faatt fra at segia þeirra tali annat enn þeir baadu syngia messona.
Hertuginn spurdi hui þeir gæfi sua seint andsuor vm þetta maal. Sira
Eysteinn suri bad þetta maal bida erchibyskups enn sumir af brædrum
villdu at vt væri borid. Hertuginn spyrr sira Eystein. hui villtu iafnan
standa i moti minum maalum ok vorri sæmd ok vilia annarra brædra.
Eftir þetta geingu þeir af korinum ok innar til altaris. enn hertuginn
geck vt or kirkiu ok i konungsgard. enn eftir var Petr sun hans ok
Arnfinnr þiofssun ok mart annarra manna. þeir geingu til ok villdu
ofan taka skrinitt. Ok er sira Eysteinn sa þat geck hann fyrir haaaltari
ok mælti. þat vilium ver at allir menn viti at ver kollum þaa i banni
er vt hera scrinitt vtan vort samþycki brædra. Petr suarar. sua þickir
oss sem nu biodir þu oss til miadardrycki ok mæl heill. takit nu ofan
scrinit ok berit vt. þeir toku til ok var fast. Petr liop vpp aa altarid
ok skaut kniaam sinum aa scrinitt ok færði sua or stad. siþan toku þeir
ymbunadinn ok biuggu vm eftir sidueniu. þa var vt borinn kross sa er

i var lignum domini ok auxin ok spiot hins heilaga Olafs konungs. ok voru at þessu fremstir Petr hertugason ok Arnfinnr þiofssun enn flestir allir adrir þeir sem þar voru hófdu nockurn otta i hug.

Herra Skuli tekinn til konungs.

168. Nv voru þessir helgir domar vt börnir ok ofan aa stræti til konungsgardz. kom þa hertuginn i mot medr alla hird sina alvavnada ok foru sua vt aa Eyrar. Amundi remba stod vpp fyrstr hann fagnadi hertuganum ok hirdinni ok taladi langt erendi ok þotti monnum eigi sannligt þat er hann taladi. Eftir þat taladi Erlingr liodhorn ok mællti miok i ordastad Amunda ok hófdu þeir þat efni i sinni tólu at þeir toldu ætt Skula hertuga til ens heilaga Olafs konungs ok þat annat at Skuli væri i annarri erfð eftir Jnga konung broður sinn enn Hakon konungr i enni elliftu. ok þar eftir foru fleiri þeirra rædur ok þotti faam sannligar nema hertuga monnum. Þui næst stod vpp sialfr Skuli hertugi ok sagdi huersu mikla skaum ok suiuirdu hann hafdi haft fyrir sinn goduilia af Hakoni konungi þar er hann hafdi bædi leed honum land ok þegna. enn konungrinn hefði þui ambanat honum þetta leen at hann villdi nu taka af honum þann þridiung er honum hafdi ætladr verit. margar adrar sakir gaf hann konunginum. þa er hertuginn lauk sinni taulu stod vpp Juarr laugmadr ok taldi fyst ætt hertuga ok sagdi sua at Skuli einn væri rettkominn til rikis i Noregi ok þar med gaf hann Skula konungsnafn land ok þegna med ollum skattlondum þeim er vndir Noregs konung liggia. ok þui ordi lauk hann aa er honum var litid gagn i at hann gerdi þat sua at honum quazt bezst þickia. Siþan stod vpp Skuli er þa kalladiz konungr ok taladi nockur ord. þui næst geck hann til scrinsins ok lagdi hann hond sina aa ok sðr eid at hann skylldi hallda lðg ok rettindi hins heilaga Olafs konungs sem godr konungr vid sina þegna. siþan nefndi hann fram lenda menn sina ok let þa sueria ser eida. þui næst skutilsueina ok hirdmenn siþan bændr or ollum fylkium. ok þo at her se fair lutir sagdir þa vrdu þo margir þeir er frasagnar eru verdir. Siþan er lokit var þinginu fylgdi Skuli heim skrininu. engi processia var i mot ger ok ecki ringt .ij. korsbrædr komu i mot scrininu iafngegnt Olafskirkiu ok leiddu þeir Skula. minna vþocka þottuz menn finna aa korsbrædrum enn van þotti aa vera. Ok er þessu starfi var lokit for huerr til sins herbergis. enn Skuli veitti sueitungum sinum þann dag. Sua segir Olafr huitaskalld.

Flaarædi kom fram vm sidir
fridbann hofz þa aulund ok manna
eigi ma vid aurlög bægiáz
iofra sueit þott raadug heiti.

storr var harmr þar er striddu herrar
staala hreggs [708] þuiat æ mun beggia
rausnarkapp ok riki vppi
ramri þiod medan iord helldr blodi.

Ok enn.

Hauksniallr tok þa hersa stillir
hæra nafn enn munndang væri.
þrætur efldu þeingil-rikann
þungr magnadiz agi þar bragna.

Sturla segir sua.

þat er skrauklaust
er Skuli var
frægdar madr
i fraumu lifi.

þo at huarbrigd
aa hann sneri
alldar gipt
audnu hueli.

Ok enn.

þa er ofrausn
aufgu heilli
randa riodr
reisa knaatti.

ok of haatt
iofra baagi
audlings nafn
aa Eyrum tok.

Hirdmenn Hákonar konungs voru nockurir innan beiar er þingit var enn færi sidan. Grimr keikan het hirdmadr Hákonar konungs er þaa var i bænum er lokit var þinginu. ok er hann þottiz sannfrodr at tidendum vm tiltæki hertugans þa feck hann ser hest ok reid sem skyndiligaz vt i Gaulardal þar sem hann aatti bu ok fann þar laugunaut sinn er i þui hafdi bundiz ef hann yrði vid ny tíþendi varr at hann skyllði þegar fara aa fund Hákonar konungs ok bera honum niosn vm þa luti er þeir yrði vissir af tiltekium hertugans. ok nu villði sa eigi fara. enn Grimr for eigi at sidr ok kom fram i Surnadal ok for sua til þinguallar ok fann þar Asolf bonda ok sagði honum þessi tíþendi ok bad hann fara med ser edr vara sik. siþan for hann til Aarna blaks ok bar honum niosn. þadan til Peters i Gizska ok segir honum.

Raad Skula.

169. Eftir þetta er Skuli hafði laatid gefa ser konungsnafn þa kalladi hann til sin lenda menn sina ok spurði nu huat likaz var til raads at taka. sumir gaafu þat raad at hann skyllði þa þegar fara sudr at konunginum med ollum sinum styrk sua at eingi niosn færi fyrir honum. þuiat alla vega var gætt bædi aa sio ok landi. sumir gaafu þat

raad at hann skyldi fara a land vpp med ollu lidi sinu ok vera þar medan hæst væri uetrarins. sumir eggiudu at hann skyldi vera i þrondeimi ok buazst vm sem bezst þar til er vora tæki. þeir voru enn sumir er þat raad gaafu at hann skyldi skipta lidi sinu ok senda alla vega fra ser ok laata drepa alla konungsmenn þa sem þeir fengi huar sem staddir væri. ok þetta var raads tekit þuiat þess var hertuginn fusazstr. Þessir sueitarhöfþingiar foru norðr a Halogaland Pall fotr Sigurðr fattinn. þessir foru aa Vpplond Juarr i Sundbui Alfr af Leifastodum Veseti litli Gudini geigr Sigurðr Tolasun Sigurðr hijt Vlfr fasi Eiríkr gullvægr ok hófdu þeir .d. manna. þessa gerdi hann sudr at konunginum Olaf af Vigdeilld Guthorm af Sudrheimum ok menn med þeim gesti ok kertissueina ok mestan þora ens bezsta lidsins ok munu ver fra þeim sidazst segia.

Fra Hakoni konungi.

170. Hakon konungr hafdi gert aadr vm haustid hirdmenn sina .ij. norðr til hertugans med brefum. het annar Juar korni enn annar Gunnar. þeir voru beggia þeirra þionustumenn ok hófdu opliga farit i milli þeirra. Enn er þeir hófdu feingit hertuga brefin duolduz þeir nockurar nætr i godu yfirlæti. enn iafnskiott sem þeir fengu andsuor af hertuga biugguz þeir brott ok voru i bodi hertuga adr vm daginn. enn þa gaf hann þeim gott orlof ok .c. vadmaala til vosklæða ser. síþan foru þeir leidar sinnar vt til Folknar ok duolduz þar vm riðd at konungs bui ok vissu þeir ser einkis otta vonir.

Skula menn drapu Juar.

171. Þann dag er hertuginn let gefa ser konungsnafn sendi hann brefasueina sina ok skutu vt at þeim Juari. var þar fyrir Gautr varbelgr ok Sigurðr salltsaad. þeir komu a vuart til Folknar ok felldu þegar Gunnar inni i stofunni. þar fellu ok fleiri menn. Juarr korni var vt i lofti ok komz vt vm glugg einn i skyrtu ok linbrokum ok ætladi i kirkiu ok var hon læst. stigi stod vid kirkiuna ok liop hann i stigann ok sua vpp aa kirkiuna ok var þar vm nottina. enn þeir lupu vmhuersfis ok gættu vm morguninn er dagat var. var Juarr þa driugum daudr af kulda ok bad ser grida ok feck eigi. síþan geck madr vpp stigann at honum ok lagdi hann medr spioti. rapadi hann þa daudr ofan enn blod hans ok innifli laagu eftir a kirkiunni. þetta var et þridia sumar síþan er Hakon konungr hafdi laatid vigia kirkiuna. Eftir þetta foru þeir sudr til Lioxnu. þar voru fyrir bræðr .ij. hirdmenn beggia þeirra konungs

ok hertuga. þeir voru kalladir Lioxnusueinar. þeir voru inni í stofu er Varbelgir komu. þeir sottu stofuna enn hinir vaurdu vel ok dreingiliga. Varbelgir foru vpp aa stofuna ok skutu a þa staurum. þeir brædr særdu nockura menn af Varbelgium enn einn do af. þar fellu þeir Birki-beinar vid godann ordzstir. Varbelgir ræntu þar huiuetna sua at huarki var eftir matr ne dryckr ne klædi. Siþan foru þeir inn til bæiar ok sogdu Skula sin erendislok.

Af monnum Skula.

172. Skuli hafdi feingit niosn af þui at þorir af Borri brodir Vegardz veradals hafdi farit sunnan fra konungi. enn Skuli hafdi feingit þeim syslu sudr aa Mæri Sigurdi fertli ok Eysteini a Aurum. hann bad þa taka af lifi þori huar sem þeir stædi hann. Ok þa er þeir foru or Nidarosi fragu þeir til ferda þoris er þeir komu til Fladka ok skipudu þeir sua sinni ferd at Eysteinn for med sudrlondum enn Sigurdr felli sneri vt til Raudabiarga. þorir hafdi farit med nordrlondum ok ætladi heim it beinsta ok ætladi ecki at koma til bæiarins. Sigurdr mætti honum vid Raudabiorg. þori þotti þat likligt at ecki mundi þurfa grida at bidia ok greip þegar til vapna sinna. enn fyrir þui at vopn voru oll bundin þa vard ecki af vorn hans ok fell þorir þar ok annar hirdmadr er Hedinn het. þeir bordu menn miok þa er aa skipinu voru. toku siþan skip ok allt þat er aa var ok þorberg son þoris ok foru siþan inn til beiar ok feck þorberggr grid med margra manna bæn ok var hann siþan med Skula. Sigurdr erchibyskup sigldi inn eftir þrondheimi ok spurdi eingi tiþendi af þinginu fyrr en hann kom i Leirangra ok þotti honum i verra efni komit enn hann hugdi. gerdi hann þa ok þegar bref til Hakonar konungs ok sagdi þessi tiþendi. enn hann for inn til beiarins.

Sendimenn Skula.

173. Skuli hertugi gerdi menn fra ser sem fyrr var ritad ok foru þessir aa Halogaland. Asgaur for id idra vm Elldueid enn Paall fotr [709] ok Sigurdr partinn foru it ytra a skipi ok draapu þessa menn. fyst þann mann er Jonn het annan Jon suarta i Biorey. þadan foru þeir i Torgar ok toku vpp fyrir þeim skutu ok veittu þeim manni averka er Jngialldr het ok skutu hann. þadan foru þeir i Brunneyiar ok toku þar enn adra skutu. þadan til Tiolgarheims ok toku þar allt vpp fyrir Joni silki enn hustru hans gerdi honum ord vt i Vöga. Enn þegar sem hann spurdi þetta for hann til Guthorms i Biarkey. hann hafdi þa syslu af

konungs hendi enn sydra lut Haalogalandz. ok funduz þeir i Hereyium. Jonn sagdi honum slik tíþendi er hann hafdi spurt. enn Guthormr trudi varla ok foru þeir baadir aa eitt skip ok reru til þess bæiar er Sandnes heitir. Ok er þeir saatu i stofu vm kuelldit kom þar inn niosnarmadr Varbelgia. enn þeir hófdu grun af ok slo Guthormr hann oxarhamars hogg ok komst hann vid þat i braut. síþan foru þeir i kirkiu ok ætludu þar at vera vm nottina. enn vm dagsetrs skeid komu Varbelgir ok kringdu kirkiuna þegar ok baadu þa vt gaanga ella quaduz þeir brenna mundu kirkiuna. Guthormr kuat eigi þess skyldu vid þurfa. þeir hetu honum slikum gridum sem enn heilagi Olafr konungr hafdi sett heilagri kirkiu ok vid þat geck hann vt. Paall fotr tok þegar i hond honum ok er hann kom or kirkiudyrunum var hann þegar drepinn. Jonn silki komz vt ym saunghusdyrnar ok liop vt aa akrinn ok var þar felldr. þeir toku þar mikit fe ok .xij. sessu er Guthormr hafdi aatt. Síþan foru þeir vt i Salfta ok drapu þar sonu Paals Olaf dalg ok Jon sylgiu hirdmenn konungs ok toku þar allt þat er þeir aattu. þadan foru þeir vt i Erneyiar ok draapu þar Aasbiorn i Medalbui skutilsuein konungs ok ræntu fe ollu. þadan foru þeir norðr yfir Salfta. þar bio hirdmadr saa er Einarr prestur het. hann var eigi heima enn þar ræntu þeir fe miklu. þui næst foru þeir norðr til Leifnis. þar biuggu þeir menn er Bollasynir voru kalladir ok gaf þeim þat lif at þeir hófdu farit vt i Skroppardal þann dag. þat sama kuelld komu þar sueitungar¹ Juars Petrssonar Eiríkr huiti ok Þorðr. þeir voru baadir drepnir. þar var ok særðr kaupmadr sa er Jonn smedra het. sua biuggu þeir buum Bollasona at þeir settu vt byrðing þeirra ok hlodu hann ollu þui gozsi er þeir aattu nema buinu. þeir toku þar bædi lerept ok klædi brent silfr smidat ok vsmidat ok mikit gangssilfr. Annan dag eftir foru þeir i Hamarey ok ætludu at drepa Hákon raud. þeir mættu feriu einni ok sogdu þeir at Hákon hafdi komit niosn vm vfridinn. síþan vendu þeir aftr til Leirnes ok voru þar vm nottina. Enn þegar Hákon hafdi niosn komit þa skar hann vpp heraur ok stefndi lidi saman ok hófdu þeir .vij. skutur vel skipadar. enn sua var þeim sagt at raansmenn nockurir hefði komit til Leirnes ok tekít vpp fyrir þeim bræðrum. Vm morgininn i dagan quamu þeir til Leirnes Varbelgir ok hófdu ladit eina skutu af vopnum sinum. Hákon bad þa roa at sem mannlígazst. enn er Varbelgir heyrdu þetta þa mællti Paall fotr. flyium ver vndan. her eru komnir Alftverir ok vilia hefna Guthorms. Algauti var þa til kominn ok la odrumegin nesins a .xij. sessu ok þar laa byrðingr Bollasuna. Paall

¹) sueitarh' Cd.

liop yfir nesit ok bad þa hoggua festarnar sagdi at drepnir voru allir hans felagar. þeir toku Paal aa skip til sin ok reru til Leirnes ok voru þeir Hakon i brottu. þa foru ord milli Varbelgia ok Bollasona ok toku þeir ser grid ok skyldi Juarr Bollasun fylgia þeim sudr til Nidaros ok komu þar fyrir jol. Skuli let ser miok mislika er þeir hofdu drepit Guthorm ok Jon silki or heilagri kirkiu ok let setia þa i iarnn. Skuli tok vndir sik mestan luta fiar þess er þeir hofdu nordan haft. Juarr Bollasun sættiz vid hertugann med þui moti at hann skyldi giallda .xij. merkr vmfram þat er hann hafdi ræntur verit aadr ok leysti hann sua lif þeirra brædra ok lauk þar sua mikit.

Drepnir menn konungs.

174. Alfr af Leifastodum ok þeir felagar foru a land vpp sem fyrr segir ok hofdu .d. manna. ok er þeir kuomu austr vm fiall draapu þeir Olaaf frillusun ok sun hans ok þann mann er Juar het. enn flestum konungsmönnum hafdi þa niosn komit ok gættu þeir sin i kirkium edr skogum. ok er þeir komu austr i Dali þa skildiz vid þa Sigurdr Tolasun ok veik hann i Eystridali ok drap þar þa menn er Leifssynir voru kalladir. enn adrir sueitarhoffþingiar foru vt til Osloar ok var fyrir þeim Baadr bratti lendr madr Skula. þar var faatt konungsmanna. Varbelgir gerdu Baardi ord at sem flestir væri drepnir konungsmenn. enn Baardi for þat vel ok sagdi huat hann hafdi spurt ok bad þaa gæta sin. ok voru flestir allir i kirkium ok gættu sin sua. enn Varbelgir komu i bæinn vm nottina aa vuart ok draapu þessa menn Sigurd pattann Grim magna Asolf ok .vj. menn adra. Eftir þat duolduz Varbelgir nockura riid i bænum enn Veseti for austr i Vik ok hafdiz þar vm hriid vid. enn þui drap hann einga menn at hann ottadiz at samnadr mundi gerr i mot honum. Skuli hafdi gert nordan med Veseta presti einn islendkann mann til herra Knutz med junsigli þui er aatt hafdi Hakon fadir hans ok þar med merki ok baud honum at hann skyldi jarl hans vera sem honum þotti þeir aadr hafa nockut ordat. enn herra Knutr villdi ecki aa þat lyda ok bad prestinn brott fara. þa er Symon kyr spurdi til Veseta ok herra Knutr sagdi honum at Skuli hafdi reist ofrid moti Hakoni konungi þa safnadi Simon monnum ok Veseti at Helli ok foru at Veseta med .lxx. manna ok fundu hann aa bæ þeim er Solbiargir heita ok drapu af honum .vj. menn ok .xx. enn Veseti komz vndan ok for austr aa Markir ok var þar til þess er Skuli hertugi kom austr vm vetrinn.

Sendir menn af Skula at konungsmönnum.

175. Nv er at segia fra þeim mönnum er sudr voru sendir at (konunginum) Olafi af Vigdeilld ok Guthormi af Sudrheimum¹. Þeim byriadi seint ok komu vida niosnir fyrir þa ok fengu þeir vida ecki mönnum naad enn vida draapu þeir bu ok gerdu margar vspektir. ok er þeir sa at þeir maattu ecki sigla racleitt þa dreifduz þeir ok foru inn i fiordu þar sem þeir [710] vissu at konungsmenn voru fyrir. Þeir komu fyst at Dromunesi. þar biuggu þeir Arni ledrungr ok Eindridi ok hiuggu þar allt buit. siþan sneru þeir inn vm nesit ok sudr eftir sundum ok komu til Arna blaks ok toku þar allt þat er þeir komu hondum aa. ok sua fyrir Ógmundi rostung ok Andresi a Siomælingum. þadan foru þeir sudr i Raumsdal ok hiuggu hueruetna bu konungsmanna enn huergi naadu þeir mönnum þuiat allir voru sudr farnir vndan.

(Capitulum.)

176. Nv skal her standa vm athæfi Varbelgia enn segia fra Hakoni konungi. þa er þeir hittuz vm haustid Hakon konungr ok Sigurdr erchibyskup þa voru þar komnir sendimenn hertuga Biorn aboti Jatgeirr skaalld ok Soni sikr. gerðiz þat þa raad fyrir at grid skylldi setia milli konungs ok hertuga þann vetr. setti erchibyskup þa grid ok lagdi þeim vid bann er eigi helldi. ok ritadi konungr þa bref til hertuga med abota ok bad hann hallda grid þessi edr gera konungi ord ef hann villdi odrueis gera. enn konungr gaf heimleyfi lendum mönnum ok bad konungr þa fara varliga þar til er hann vissi at halldin væri gridin. þeir foru norðr it ytra ok væntu ser einkis vfridar. vrdu þeir eigi fyrr varir vid Birkibeinar enn Varbelgir voru fyrir sunnan þa ok var þa eigi kostr afr at snua. Augmundr krækidanz skyllði hafa syslu i Orkadald ok sneri hann inn i Surnadal ok saukti þar nidr skutu sinni. Arni blackr skyllði haft hafa syslu i Raumsdal ok sneri hann sudr til konungs. enn þeir konungsmenn Sigurdr byskupssun ok hans menn mættu Varbelgium a Lynguersfloa. ok komz hann vndan ok for sudr til konungs. enn þeir konungsmenn er foru a byrðinginum med kaupeyri sinn voru drepnir þar sem staddir voru. Petr Paalssun var þa kominn til Borgundar er hann spurdi at Varbelgir voru fyrir sunnan a þrimr skutum enn sumir foru norðr at honum. Petr hafði þa lofat heimferd flestum sueitungum sinum. hann hafði mikla tuitugsessu ok skutu med. sneri hann þa sudr sem skiotaz ok er hann kom nordan at Hereyium var honum

1) Sudreyium Cd.

sagt at þar i hofninni laagu Varbelgir med .iij. skutum. ok er þeir Petr komu fyrir hofnina let hann blaasa i ludr. ok þegar sem Varbelgir heyrdu þat taka þeir af ser tiolldin ok reru i brott. Var þetta misiafnt virt fyrir Petri. sumir sogdu at þui let hann blaasa at hann villdi gera niosn Varbelgium ok villdi engan ofrid hesia vid hertugann ok þat sogdu sumir at þui helldi hann heilum hybylum sinum i Gizska. Petr ok Asolfr ok Arni blackr ok Sigurdr byskupssun foru tomliga siþan er þeir komu sudr vm Stadi.

Konungr fretti at Skuli var konungr.

177. Hakon konungr sat i Biorgyn miok famennr. hann hafdi ecki raadit vm ferd sina huart hann skyldi austr edr eigi þuiat hann vænti huersdagliga ordsendinga nordan vm þa luti er hann hafdi ritad til hertugans. þotti honum miok vndarligt er eingi ord komu ok þui var honum grunnr aa at eigi mundi allt tryggt. kalladi hann þa til sin raad-giafa sina ok aatti tal vid þa. redu¹ þeir þat at hann skyldi hafa var-hygd aa ser. Siþan gerdi hann skutu norðr aa Sogsio enn adra let hann fliota fyrir bænum vid Folldhellu er Vætan het allra skipa skiotaz. voru þar aa kertisueinar ok adrir konungsmenn. reru þeir huern dag til bæiarins ok vt vm kuellidum. Eina nott er þeir voru aa þessum verdi vrdu þeir varir vid at aattæringr einn reyri nordan med landi akafliga. þeir stefndu þegar fyrir þa ok hugdu at væri niosnarskuta. enn þar var a Grimir keikan ok kuezta hafa mikil tiþendi at segia konungi. þeir reyru at konungsbryggium ok geingu þar vpp. þa mundi vera eftir þridiungr nætr. þeir kolludu þa at herberginu ok quoduz vilia sinna konung. hann stod þegar vpp ok klæddiz ok geck inn i maalstofuna til þeirra. var þar Grimir fyrir ok heilsadi konungi. konungr bad hann vel kominn ok spurdi hann tiþenda. Tiþendi eru mikil herra at segia Skuli hertugi maagr yduarr hefir laatid gefa ser konungs nafn ok sagt i sundr ollum gridum millum yduar. Konungrinn mællti. nioti hann sem hann feck. Grimir mællti. hann hefir gert lid alla vega fra ser bædi norðr ok sudr ok aa land vpp at laata drepa menn ydra huar sem staddir væri. hann hefir sent at ydr .xiiij. skutúr ok þar a lenda menn sina ok hirdmenn. ok giorit vel ok skiott raad fyrir þuiat her koma þeir braatt. segiz þetta med engu moti afr þuiat ek reid þa vt vm Gaularaas er her-tuginn var aa Eyraþingi. enn siþan duoldumz ek i skogum i Gaulardal þar til ek vissa sannliga þessi tiþendi. enn nu hefir ek verit .ix. nætr aa leid nordan. Konungr spurdi at syslumonnum sinum er norðr hofdu

¹) tedu Cd.

farit. Grímr kuaz fundit hafa alla adra enn þóri. ok voru þeir allir heilir ef þeir gæta sin hedan i fra. enn þorir var vmfram farinn ok þicki mer miok hættligt vm hans maal.

Hersafnadr.

178. Faatt manna var hia konunginum er hann spurdi þessi tíþendi. hann þagdi nockura stund ok mællti síþan. gud se lofadr er ek veit huat ek skal at hafaz hedan i fra þuiat þetta var fyrir longu ætlat sem nu er fram komit. Enn þegar er dagadi for konungr til tíjda. síþan kalladi hann til sin raadgiafa sina var þar Grímr vid staddr ok sagdi þau tíþendi er hann for med. var þat raad gert at skorin var vpp heraur bædi norðr ok sudr fra Biorgyn ok þangat stefnt almenningi. konungr gerdi ok ord lendum monnum sinum Gauti Jonssyni Gunnari frænda sinum Nichulasi Paalssyni Bryniolfi Jonssyni Ysak i Bæ. þann sama dag aatti konungr þing i Kristzkiurkiugardi ok segir ollum monnum þau tíþendi er hann hafdi spurt ok bad menn vera stoduga þuiat honum quaz sua hugr vm segia at af þessu mundi nockur godr vtvegr geraz. Vm morgininn eftir aatti konungr vapnþing ok kannadi lid sitt ok sagdi at su skipan skyldi aa uera at kaupmenn skyldu liggia huerr i sinni skytningsstofu med vopnum enn konungsmenn skyldu liggia i konungsgardi. enn hann kuaz þat raad skyldu fyrir gera med guds miskunn at engi ofridr mætti þeim a vuart koma. Síþan let hann fram setia skip sin þau enu stærri Hugrona Olafssudina Fitiabrandinn Gullbringuna Rygiabrandinn. ok þa er Hugroin var fram sett geingu vndan vndirlutirnir ok var þat þegar vpp sett ok bætt i tomi. enn ollum odrum var flotad ok buin sem bezst. laagu skip konungs fyrir endilongum bryggium inn eftir bænum. Eftir þetta komu huersdagliga lendir menn konungs ok systlumienn med storar sueitir. þeir Vaussir komu einn dag med .vij. skipum vel skipudum. þa er þeir komu nordan Petr ok Asolfr ok Sigurdr byskupssun sogdu þeir at hertuginn hafdi skipad allar systlur fyrir nordan Stad sinum monnum.

Hakon konungr gerdi menn til Varbelgia.

179. Hakon konungr gerdi þessa sueitarhoffþingia norðr at þeim Varbelgium Petr or Gizska Asolf bonda Gunnar frænda sinn med .v. skip ok .xx. enn aadr þeir færi or bænum bad konungr þa fara sua langt norðr sem [711] þeim væri vel fært. hann baud þeim at halda vel kirkiufrid ok quennafrid sua sem allt hans forelldri hafdi gert fyrir honum. Síþan foru þeir norðr ok er þeir komu til Borgundar voru þar

fyrir systlumenn Varbelgia Olafir kaabeinn Snækollr ok Andres skela. Þar fellu nockurir menn af Varbelgium aadr þeir komuz i kirkiu. Birki-beinar toku leidangr þann er þeir hofdu saman dregit. enn þeim voru gefin grid til konungs fundar. Þa quad Snækollr þetta.

Skal ek alldr eigi
þott ek æ lifa
systlu beidaz
aa Sundmæri.

þuiat fluttu mik
fiandmenn þadan
Biorgyniar til
at bodi hilmis.

Þeir Petr spurdu at eingir Varbelgir voru nordan aa leid. enn hertuginn sat fiolmennur i Nidarosi sua at þeim var vfarert þangat at fara. foru þeir þa sudr aftr til Biorgyniar med fe ok menn þa er þeir hofdu tekit. Hakon konungr gaf ollum grid þeim er aa hans valld komu. Konungr gerdi Klemet af Holmi sudr a Agdir at þeim Varbelgium sem þar voru. hann drap þar Olaaf þorusun fornann Bðglung. Baardr i Hestby hafdi systlu i Ryaifylki af hendi Skula. ok þegar sem hann fra þau tíþendi at hertuginn hafdi laatid gefa ser konungsnafn þa for hann þegar til Hákonar konungs ok gafz i hans valld enn konungrinn gaf honum grid ok sæmdir.

Andlaat Nichulas.

180. Hakon konungr atti huersdagliga tal vid sina menn huat til raads skylldi taka. fystu þeir er nordan voru komnir at hann helldi nordr med allann herinn þuiat þeir hofdu laatid fyrir Varbelgium bædi menn ok fee. enn allir þeir er fyrir sunnan voru Stad fystu þess at hann væri kyrr medan hæst væri vetrar. ok var þat raad tekit at konungr sat i Biorgyn med ollu lidi sinu. Nichulas Paalssun var med Hakoni konungi hann var yngstr allra lendra manna ok þotti manna vænstr til vitz ok fremdar. hann lagdiz siukr ok af þeim suikleika feck hann bana. vm daginn fyrir jolaafstan var lik hans naaltsett. Enn vm morgininn var Hugroin bætt ok villdi konungrinn at hon væri vt sett fyrir jolin. ok medan sungnar voru tíþir let konungr fram bua skipit. var þa blasit ok er folkit var til komit skipsins þa hafdi konungrinn allt i einni rædu at hann sagdi fyrir skipinu ok setti grid milli manna. var þa skipit fram sett ok tokz þat sem bezst. Eftir þat geck konungr i moti liki Nichulas ok þackadi sialfr saung aa grafar backa. enn medan likit var nidr sett var reipat treid a skipinu. síþan var reist treit ok borinn reidi aa skipit. Eftir þetta aatti konungr hirdstefnu ok fagnadi sialfr hird sinni. hafdi konungr mikit starf þann dag. Augmundr kræki-danz kom til Biorgyniar fyrir jolin ok dualdiz med konungi til .ix.

dags. Hákon konungr feck honum þá lid hirdmenn ok gesti .c. manna. síþan for Augmundr inn i Sogn ok sua vpp vm fiall. var þa kyrt ok eingir Varbelgir voru þa i Dolum. Munaann byskupssun hafdi þa syslu aa Heidmork. hann hafdi farit af Heidmork fyrir Varbelgium ok vt a Valldres ok var þar vm jolin. þeir funduz Augmundr ok Munaann ok foru síþan vt til Osloar. þar voru fyrir margir konungsmenn ok sogdu þeir at Augmundr for þui ofan af landi at þeir þyrði eigi at veria Vpplond fyrir Varbelgium. Augmundr sagdiz vist lidfaarr ef Skuli kæmi nordan. Síþan foru þeir Munaann a Vpplond ok duolduz þar vm ríjð norðr i Dolum.

Fra Skula.

181. Arni byskup hafdi sent klerk einn norðr til erchibyskups vm haustid adr ofridrinn hæfiz. hann for med brefum. ok er hann kom norðr let Skuli taka oll bref hans. enn sidan (er) hann bioz sudr afr bad hertuginn taka hann med sinum brefum ok let lesa fyrir ser ok var þar ecki aa nema skulldaferli til manna i Biorgyn. ok er jnsigla skyllði brefin let hertugi skipta vm. ok hafdi onnur sudr klerkrinn sa er med for. Hákon konungr komz at þessum brefum ok vard viss allz fals þess sem a var til hans ok hans manna.

Fra syn konungs.

182. Hákon konungr let bua til virduligrar jolaveizslu i Biorgyn þuiat hann þurfti myklu meira vid enn vandi hans var til. sat hann vm jolin med miklum kostnadi ok var þessi enn .iij. vetr ok .xx. konungdoms hans. Hann hafdi sent austr i Vik eftir landzskyldum sinum ok leidangri til maalagiptar enn ecki kom sunnan. ok at inum atta degi let konungr briota i sundr gersimar sinar silfrker ok silfrdiska ok gerði góð skil hirdinni. Þat var .ix. nottum eftir jol er konungr geck vm kuelld vt ok var heidvidri aa. hann saa vndarlíga stiornu myklu meiri enn adrar ok ogurligri ok af sem skapt væri. Konungr let kalla til sinu meistara Vilhialm ok er hann kom ok saa stiornuna mælli hann. gud gæti vaar. þetta er mikil syn. þessi stiarna heitir cometa ok syniz fyrir frafalli agætra hóþingia ella fyrir storum bardogum. þessi stiarna var sên aa morgum londum vm vetrinn. Nu sem fra leid jolunum: toku lendir menn at vroazst ok villdu giarna norðr fara. konungr let ser ecki vm finnaz. heyrði hann þa mikit amæli af morgum ok hann mundi þat sanna er Varbelgir kolludu hann Hákon suefn. enn konungr gaf at þui engann gaum. ok þegar sem at kyndilmessu dro þa byr Hákon konungr

ferd sína ok stefndi til sín ollu lidinu. hann hafði .lx. skipa ok oll stor ok vel buin. þessir lendir menn voru með konungi Gautr Jonsson Petr Paalssun Asolfr jarls frændi Gunnar konungs frændi Jsakr í Bæ. aadr konungrinn fór or bænum lét hann drotningina fara vpp í borgina ok jung'herra Magnus. var þar forsiamadr Gudleikr af Aski. ok .lx. hirdmanna ok mart folk annat. Hakon konungr hafði gert vm vetrinn bref austr í Vik til herra Knutz ok Arnbiarnar ok var þat aa at Arnbiorn skyldi gefa Knuti jarlsnafn. síþan skyldu þeir veria Vikina ok Vpplond fyrir Varbelgium ef Skula bæri þar at edr hans menn.

Capitulum.

183. Þa er Hakon konungr fór or Biorgyn var honum sagt at Skuli hafði sent menn í systur a Sunnmæri ok í Raumsdal. Ok er konungrinn kom til Keilistraums lét hann kalla menn til tals við sik ok nefndi nockur skip til at fara norðr fyrir. voru þessir stýrimenn Gunnar konungs frændi Asolfr Sigurðr byskupsson Arni blackr. þadan foru þeir sem skyndiligaz. ok er þeir komu norðr fyrir Raumsdals minni spurdu þeir at Finnir snotr var inn í Veeyiu með sueit sína. hann hafði þar systlu af Skula hendi. sneru þeir þegar inn ok quomu aa vuart ok drapu Finn ok nockura menn með honum. Hakon konungr hafði fregur¹ eingar nordan fra hertuga vm vetrinn. þuiat sua (var) gætt alla vega at eingi komz nordan þott villdi. enn þa konungrinn sotti norðr for sa kurr at Skuli byggizst a land vpp ok villdi eigi bida konungs. Ok er konungrinn fór norðr vm Knarrarskeid þa var huast vedr ok sniofok ok lagdi hann at við Saundvlfstadi. var þa konunginum sagt til sannz at Skuli mundi hafa snuit aa land vpp. var þat þa raads tekit at ger voru fyrir .xij. skip ok voru þeir þar fyrir Asolfr ok Gunnar ok sigldu þeir rakleidt norðr til bæiarins vm nattina. Bergþor het [712] madr ok var kalladr tanni. hann var madr Skula hertuga. hann sigldi fyrir þeim aa lettiskipi ok bar niosn til beiarins. ok er þeir sigldu at bænum lagdi Gunnar konungs frændi í Jlsvik ok geingu þar vpp enn Asolfr ok sumt lidit reyri et beinsta vpp í aana ok geck þar vpp. enn með þui at niosn hafði komit fyrir þa komuz menn í kirkiur. þeir draapu þar nockura menn af Varbelgium enn sumir vrdu saarir.

Capitulum.

184. Skuli hertugi hafði farit or bænum í niu vikna fostu ok var hann vm nottina a Medalhusum ok fór þadan vt til Orkadals. Hann hafði

¹) r. fregnir

sett eftir i bænum at gæta skipa sinna ok allra þrændalaga Clemet födur ok Guthorm aa Sudrheimum ok hofdu þeir .cc. manna. Skuli for sudr vm fiall ok hafdi .md. manna ok et fridazsta lid ok vel buit at vapnum ok hestum. Aalfr af Leifastodum hafdi austr fyrir farit sem fyrr segir. Þa voru þeir i Gudbrandzdolum Munaann ok Augmundr krækidanz. ok er þeir spurdu at hertuginn var nordan kominn þa sneru þeir vt a Heidmork. ok er þeir kuomu til Ringsakrs þa var þar fyrir Aalfr madr Skula ok vard honum sua þreyngt at hann leypti inn i kirkiu ok allir hans menn. enn þeir Munaann ok Augmundr settuz vm kirkiuna ok saatu þar leingi vm daginn. enn med þui at hertugans var eftir vaan þa sneru þeir vndan vt til Osloar til þeirra konungsmanna sem þar voru. gerdu þeir þa niosn Knuti jarli ok Arnbirni Jonssyni ok odrum lendum monnum ok drogu þeir þa saman mikinn her moti Skula. Hakon konungr sigldi inn eftir þrondheimi ok lagdi at Holmi. þa var honum sagt at Varbelgir voru þar fyrir fiolmennir Clemet ok Guthormr. þeir hofdu þangat flyit þegar þeir hofdu spurt at konungs var þangat vaan ok saatu i kirkiu. Hakon konungr villdi þui eigi vpp ganga at Varbelgir beidduz grida ok gerdu menn til konungs enn eingi komu andsuor i moti fra konungi.¹ konungr aatti tal vid sina menn ok reyru siþan inn til beiar. Sigurdr erchibyskup geck i moti konungi ok korsbrædr ok fognudu honum vel. enn finna þottiz hann at sumir tauludu annat enn i hug var. þeir tauludu optliga konungr ok byskup vm þau stormæli sem þurfti vm allt landit. þeir voru nockurir vinir hertugans er þat toludu at þeir skylldu sættaz konungr ok hertugi med þui at halft riki hefdi huarr ok baadir konungsnafn. konungr sagdi at honum gætiz ecki at þeirri sætt sua buit. Hertuginn hafdi sent vpp til Helgisetsr i kirkiu fru Ragnhilldi ok fru Rangridi ok margann annan sinn varnat. Erchibyskup bad þeim grida af konungi. enn hann suarar sua at þo mundi hann gefa grid þott adrir menn væri komnir i kirkiu en þær. ok sagdi at þui helldr skylldu þær hafa grid at allir þeir skylldu grid hafa er i kirkiu saatu i Holmi. ok geingu þeir til grida. sumir foru til konungs sumir til bua sinna. Hertuginn hafdi sua farit or þrondheimi at bu þeirra manna er honum fylgdu stodu kyrr ok þui komu menn or ollum fylkium or þrondheimi þeir er gættu bua Varbelgia ok baadu miskunnar at konungr leti eigi vpp taka bu þeirra. Konungr lysti þui fyrir ollum monnum at bu Varbelgia skylldu kyrr standa til sumarmaala ok freista ef þeir villdi ganga til sætta vid konung ok leggja aa hans miskunn.

¹) konungs Cd.

Af raadum Skula.

185. Sigurdr erchibyskup vard reidr miok Birni abota i Holmi vm haustid þa er hertuginn hafdi laetid gefa ser konungsnafn bædi fyrir þær sækir er hann hafdi sialfr gert ok sua fyrir þat er hann var i raadi med hertuga vm hans tiltekiur. ok fyrir þetta allt saman bannsetti erchibyskup abota. honum likadi þetta storilla ok fyrir þui apelladi hann erchibyskup til pafa. þeir baaru saman raad sin hertugi ok aboti. tok aboti fe af hertuga ok setti stadinn Holm at vedi tok aboti vid erendum hertuga ok brefum til annarra landa Danmerkr ok þyduersku ok þeirra landa er þar eru nær ok sua vt til Roms. For aboti or Nidarosi fyrir jol ok er þeir komu vm fiall þa for hann sua tomliga sem hann hefði enga luti med at fara ok er hann kom i Hamarkaupang var þar fyrir Munann byskupsson. let aboti vid hann allblitt ok gerdi engann grun aa ser. Munaann hafdi spurt aadr vm ferd hans ok fyrir þui tok hann abota ok allt þat er hann for med ok feck til .iiij. menn sina ok adra .iiij. hirdmenn at fara med hann ofan i Sogn ok sua til Biorgyniar ok var hann vppi i borg med drottningu þar til er Hakon konungr kom nordan. Skuli hertugi hafdi gert austr aa Jamtaland med brefum Jaatgeir skaalld ok þadan i Helsingialand ok sua til Suiþiodar. ok þegar konungr spyr þetta gerir hann Gunnar frænda sinn eftir honum ok for hann sem akafaz ok hafdi mikla naud i þessi ferd. Gunnar hafdi eigi meira lid enn .xv. menn. hann drap þann mann i Jamtalandi er þorir risbitr het. hann hafdi haft þar syslu af Skula hertuga. Siþan for hann austr eftir Jatgeiri ok fann hann i Helsingialandi ok tok þar aull þau bref er hann hafdi af hendi hertuga ok gersimar er Skuli hafdi sent vinum sinum. Jatgeirr komz vndan nauduliga. feck Gunnar i þessi ferd allmikinn heidr kom hann fyrr til Nidaross enn konungrinn væri brottu.

Frettir fra Knuti.

186. Þa er Hakon konungr var i Nidarosi komu sueinar nockurir austan vm fiall ok sogdu at Knutr jarl ok lendir menn konungs hofdu saman safnaz i Oslu ok hofdu halfann þridia tug hundrata manna ok letu allvænliga at þeir mundi vinna sigur a hertuga þott þeir hefði minna lid enn þa hofdu þeir. ok þeir sogdu at hertugi var med sinu lidi a Heidmork er þeir foru þar vm. sogdu ok allt et efniligzsta vm tiltekiur Birkibeina.

Prestr kom til Skula.

187. Þá er Skuli hertugi var aa Heidmork kom til hans Veseti litli austan af Morkum. Hertuginn for or Hamri ok vt til Eidsvallar þat var i annarri viku langafaustu. hann gerdi fram fyrir sik Aalf af Leifstodum aa niosn. hann mætti vm nattina niosnarmonnum Knutz jarls ok foru þeirra skipti sua at Knutz menn fengu tekit suein einn af Alfs monnum ok færdu hann jarli. enn þar var sa madr fyrir er sakir aatti vid hann ok gerdi hann haalshaugginn. Þa er hertuginn for af Eidsvelli kom i moti honum prestr einn danskr ok fair menn med honum. prestr sagdiz vera sendr af Knuti jarli til hertuga at þeir fyndiz þar sem Leiruvellir heita ok helldi orrostu ok byggiz huorirtueggio vid sem bezst ok trædi ser gadd. enn huorigir stæliz aa adra þar til er þessi fundr væri reyndr. Hertugi bad hann sua segia jarli ok odrum Birkibeinum at þenna kost vill hann ok quaz enga vrð gera skylldu [713] adr þessi fundr lyktadiz. Annan dag kom þessi prestr til hertuga ok sagdi þa sua at jarl villdi at þeir skipadi til vm fylkingar sinar hueriar sueitir moti skylldu gangaz bad hertugann lata sitt merki i mot jarls merki. enn hann sagdi at gestir hans mundi hafa suart merki ok skylldi þar gestamerki hertuga ok sagdi þa sua at jarl villdi at þeir skipadi til sua at kertisueinar ok þær sueitir er þar voru med mundi hafa gyllt merki ok væri þar i moti kertisueinar hertugans. Prestr bad hertugann senda menn med ser a fund jarls ok heyra þessi ord af hans munn. hann sendi þann mann er Kaari einhendi het. Hertuginn hafdi verit vm nottina a Raumariki a þeim bæ er aa Laaku heitir. enn er þeir prestr ok Kaari komu skamt i brott fra hertuga vid einn litinn skog þa sa þeir merki Birkibeina fara i moti ser. prestr sagdi at jarl var þa huatlaatari enn hann hafdi honum sagt. bad hann þa Kaara afr snua ok segia hertuga huat titt var. ok sua gerdi hann. Enn lid hertugans for þa fram af skoginum aa aana. fara þa huarir i mot odrum eftir aarisinum. nes eitt haatt geck i milli þeirra er Leirnes heitir. þeir ridu fystir af hertugans monnum Baardr vargr lendr madr hans ok Baardr af Gudreksstodum son þorsteins kugads. ok er þeir komu miok fyrir nesit komu Birkibeinar i mot þeim Arnbiorn posi ok sueit manna med honum. villdu þa Varbelgir vndan snua ok afr i mot sinum felogum. ok er Baardr sneri hestinum fell hestrinn vndir honum ok feck Arnbiorn posi tekit Baard. en Baardr af Gudreksstodum komz vndan ok feck mikit spiotlag milli herdanna ok hlifdi honum god brynja er hann vard eigi saar. Hertuginn sneri af aanni ok vpp aa nesit ok bioz þar

vm. enn Arnbiorn sneri annan veg af aanni gegnt nesinu. þeir skutuz aa vm kuellidit ok feck af þui banasaar Jonn paris af hertugans monnum. Baardr vargr for til Eireks stilks maags sins. hann kærði þat fyrir honum at hann hefði þar engi klæði sin ok bad Eirek faa til menn at fylgia ser vt aa isinn ok kuaz vilia kasta runakefli til felaga sinna. Eirekr gerði sua. ok er þeir komu aa isinn for Baardr þeirra hardazst. sueitungar hans voru audrum megin aarinnar ok kendu hann ok geingu i mot honum. hof Baardr þaa aa raas fra Birkibeinum ok til sueitunga sinna. Skuli hertugi var .iij. nætr aa Leirnesi ok maatti þa eigi leingr þar vera ne fæda herinn ok for snemma friadags morgininn i aannarri viku langafostu. þat var enn .vij. idus dag Martij. ok sneri þa aftr til Laaku. Ok er Birkibeinar vrdu varir vid þetta foru þeir þegar eftir honum. þa er Varbelgir komu aa Laaku tradu þeir ser gadd aa breckunni hia husunum. var þar fyrir nidri dalr enn hæd nockur audrum megin. saa þeir þaa at Birkibeinar foru eftir þeim ok þottuz skilia at þar mundi verða fundr þeirra. toku þeir þa at fylkia lidinu vppi aa breckunni hertuginn ok hans menn.

Bardagi aa Laaku.

188. Birkibeinar foru til þess er þeir komu aa Laaku ok fylktu þar odru megin aa daluerpinu. Knutr jarl ok Arnbiorn fengu til marga sueitarhoffpingia at veita Varbelgium bakslettur. var fyrir þeim Lodinn Gunnasun ok Hakon griss ok Jonn profastzsun. hann var fyrir kerti-sueina lidi ok bar þorir knappr merki þeirra. margir voru þar adrir sueitarhofdingiar. geingu þeir aa bak fylking hertuga. var þa bærinn milli þeirra. Ok er hertuginn saa þetta skipti hann sinum monnum i mot bakfallinu ok voru þessir sueitarhoffpingiar þar fyrir Aalfr af Þornsbergi Augmundr af Vigdeilld Alfr af Leifastodum Veseti litli Algauti brodir hans ok enn fleiri sueitarhoffpingiar. Ok þa er þeir mættuz vard þar hardr bardagi. var Birkibeinum vþægri atgangen þuiat snior var mikill ok illt at fara enn Varbelgir toku hardliga vid. þa er þeir þottuz vita jarl ok Arnbiorn at bakfollin mundu saman komin þa letu þeir bera fram merki sin ok geingu i daalinn ok sua vpp i breckuna vndir fylking hertuga. Skuli bad sina menn vera eigi of veidibraada ok laata þa gaanga vpp aadr enn þeir redi aa mot. enn þat var at engu haft ok gengu Varbelgir skiott i moti Birkibeinum. maattu Birkibeinar ok ecki fram komaz fyrir snionum ok viku skiott aftr þangat sem þeir hofdu i fystu stadit. leez einn madr af þeim.

Fall Birkibeina.

189. Nv er at segia fra bakfollum. Hakon griss geck i fyrra lagi ok er þeir kuoðu saman sneri mannfallinu aa Birkibeina. þar fell Hakon griss Jonn profastzsun Guthormr heggr ok margir adrir agætir menn. flydu þa Birkibeinar ok fell þa mart i flottanum. Lodinn Gunnasun liop i kirkiuskot med sueit sina. Varbelgir fengu tekit merkin ok hofdu þau til hertugans. þottuz þeir af þui vita jarl ok Arnbiorn at þeirra menn mundu farit hafa vsigr. gerdu þeir þa raad sitt ok sendu þann mann er Eilifr kyrr het med nockurri sættarvmeitan til hertugans. ok er hann kom aftr ok þeir menn er hertuginn hafdi sent med honum þa stodu þar skilldirnir eftir i faunninni sem þeir jarl hofdu stadið enn menn voru allir i brottu. flydi Knutr jarl ok Arnbiorn vt til Tunsbergs enn sumir til Osloar ok vt i Hofudsey ok saatu þar i klaustri. Kolbiorn brodir Aalfs af Þornsbergi fell af Varbelgium ok fair menn adrir. Sua quad Olafur huitaskaalld vm þessi típendi.

Hilmir for med herskap storann
hilldar bordz aa Vpplond nordan
merki skaaruz lios aa Laaku
laa ferd vegin skorpum suerdum.

þannig reid til Þronðheims sunnan
þingfrækn iofurr vaulum stinga
herskip brendi hilmir grundar
hyggju gegn enn lif feck þegnum.

Sturla quad sua.

Stod vfridr
af afarmenni
innan landz
ollu folki
þa er ynglingr
austr aa Laaku
suerda seid
vm samit hafdi.

Ok vigalfr
vaxanda leet
vlfa arr
ok ara ferdar.
valdi hann vetr
til vopnþrimu
ok vigskaar
visa riki.

Skuli hertugi gaf grid Lodni Gunnasyni ok þeim monnum sem med honum voru. hertoginn for eftir þat vt til Osloar ok let sik þar til konungs taka. gaf hann þa þeim monnum grid sem i klaustrinu saatu i Hofudsey Paali gaas Giardari Styrssyni ok enn fleirum sueitarhoffingium. geingu margir Birkibeinar til handa hertuganum.

Konungr fretti til sinna manna.

190. Hakon konungr sat i Þronðheimi sem fyrr segir. þat var sidr konungsmanna at ganga til Helgisets vm daga til fru Ragnhilldar ok þeirra mædgna ok manna hertugans þeirra sem þar voru. ok einn

dag er konungsmenn komu þar saa þeir at allt folk hlo at þeim þat sem þar var sem þeir gerdi gys nockurn enn villdu eingi típendi segia þeim. þeir sogdu konungi at vist voru nockur típendi þau er þeim hlo hugr vid. [714] Ok þann sama dag kom austan gestr einn til konungs. konungr spurdi típenda enn hann þagdi. konungr bad hann segia slik sem voru ok gud hafdi til sett at verda skylldi þuiat ver munum spyria af odrum þo at þu segir eigi. Hann suarar. þat er skiotazst at segia at Knutr jarl ok lendir menn ydrir i Vikinni funduz ok hertuginn a Raumariki aa bæ þeim er aa Laaku heitir ok attu þar bardaga ok hofdu ydrir menn betr enn fyrra dag enn hinn sidarra flydu þeir ok fellu þa margir agætir menn af Birkibeinum. sagdi hann þa konungi allt sem farit hafdi þuiat hann var i bardaganum. Konungi þotti mikil típendi. enn iafnan síþan skorti eigi gabb af vinum hertugans til Birkibeina þegar þeir þordu ok sua mikit bragd var at þessu at þeir sem austan komu til vina hertugans sogdu at driugum væri drepin aull hird Hákonar konungs su er i Vikinni var ok eigi vist at jarl helldiz vid i landinu. Ollum konungsmonnum var mikil rygd at þessum típendum. Sua quad Olaftr.

Tion hafa Birkibeinar
 baudhraustir fregit austan
 braatt mun bug þann retta
 bragningr ef vel hagnar.

virdendr munu verda
 vapnglyms fima ymsir
 veit ek at vart hefir Knuti
 vegnat braugdum fegnir.

Vidrtal Hákonar konungs ok erchibyskups.

191. Hákon konungr gerdi eftir þetta ord ollum sinum monnum at þeir skylldu bua ferd sina sem akafazst. Sigurdr erchibyskup kom einn dag i Nichulaskirkju til konungs ok med honum Lambi priur af Helgisetri. Erchibyskup mælti til konungs. ver hofum spurt at þer hafit feingit mikinn ok margfalldann skada i laati yduar:ra manna i Vikinni fyrir Skula hertuga. er þat nu rædiligt at miok gangi ydrir vvinir fram ef sua ferr nockura rijs sem nu horfiz aa ok þætti oss raadligt at leitit væri vm sættir milli yduar ok hertugans bædi fyrir sakir landzins ok allrar alpydu. vilium ver giarna mæda oss til þessarrar ferdar at rida sudr vm fiáll ef ydr er þar nockur ofusa aa. kann vera at þui sidr naai godum sættum af hertuga sem honum geingr betr. Konungr suarar. gud þacki ydr herra yduarn goduilla er þer birtid i þessu. ma þat ok finna at þer villdut at vel færi med sliku framlagi yduars starfs. enn þo at ver hafim feingit skada nockurn vm menn vora þa kann vera at þar se meira fra sagt enn satt se. þa væntum ver med guds miskunn

ok ens heilaga Olafs konungs at þat se varr enn mesti styrkr i landinu er siaalfs vars foruneyti er ok þui likar oss varla at sua bunu at gera nockura sætt vid hertugann fyrr enn nockut er reynt meirr vm vðr vidskipti þuiat vid hofum enn ecki fundiz sialfir ne barizst vndir merkium ockrum. enn ef þess er audit at vit finnumz ok hafi gud sua fyrirætlat ok enn heilagi Olafr konungr at ek fai lægra lut þa mun þess kostr at sættaz. enn med engu moti likar oss sua buit at sættazst at vreyndum okrum fundi ok siaaz skulum vid aadr maagar ok talaz vid ok vita huart betr vill vegna oss edr monnum vorum. Skilduz þeir at sua mælltu.

Varbelgir toku grid.

192. Eftir þetta komu huersdagliga Varbelgir til konungs bædi Jonn aa Sudrheimum frændi hans ok Þorfinnr aa Gyrfi ok margir adrir ok toku grid af konungi. þa let hann rannsaka eplir skipum þeim er hertuginn hafdi aatt ok tok þau til sin er honum þottu ser bezst fallin enn þau enu storu er vppi stodu voru annathuart brend edr hoggin til vnnyt.

Hakoni konungssyni gefit konungsnafn.

193. þa er Hakon konungr var albuinn let hann blaasa til Eyraþings eftir þui sem adr var stefnt. var þa vt borit skrin hins heilaga Olafs konungs ok kross sa er i var lignum domini. þat var sunnudag halfum manadi fyrir paaschir. var þa gefit Hakoni vnga konungsnafn. gaf honum þat sa madr er Einarrr smiorbakr het er siþan var erchibyskup. þar var vid Sigurdr erchibyskup ok allir enir bezstu menn i landinu. Konungr vngi sðr eid at scrini ens heilaga Olafs konungs eftir rettri sidueniu. sðru eftir honum allir lendir menn ok hirdstiorar. sua soru ok aatta bændr or huериu fylki i þrændalogum. Eftir þat taladi konungr sialfr ok sagdi sua at bændr hofdu gert meira styrk i mot honum enn hann kuaz vara edr þeir ætti vid sinn konung at gera. gat hann ok þess at eigi væri oruænt at odrumhuorum mislikadi honum edr bændum. þann sama dag var erchibyskup i bodi konungs enn konungr var annan dag i bodi erchibyskups ok gaf huorr odrum godar giafir.

Capitulum.

194. Tyrsdaginn lagdi konungrinn vt til Holms enn eftir þat gaf honum hægiann byr. kom hann tyrsdaginn eftir paalmsunnu til Hegra-

ness i ottu ok suaf þar til þess er liost var kom þa lid eftir honum nordan. let konungr þa blaasa ollu lidinu af skipum ok aatti husþing. Kurr nockurr hafdi verit i herinum siþan slagit hafdi verit aa Laaku ok mest af leidangrsmonnum. beiddu þa margir orlofs at fara heim ok var nockurr otti aa at fara leingra sudr. Hakon konungr taladi þa fyrir herinum ok mællti sua. ver hofum heyrnt nockurn kurr vm ríjd at monnum leidiz rekstr þessi er ver hofum haft i vetr. sua eru menn ok nockud ottafullir siþan þeir spurdu þa atburdi sem giorst hafa i Vikinni. mun þat þo flestum monnum kunnigt at opt hafa menn meira rekstr ok vasbud haft fyrir konungi sinum allra hellz er eigi hefir neinn madr skeinu feingit af ollum vorum monnum ok eingan vapnaburd hafi þer seet i moti ydr. mundi slikt þickia forðum daga litil þraut er hefir enn i giorst með oss. ok eigi mundi fornir Birkibeinar skiliazst vid sinn konung i þuulikri raun sem enn hefir verit. ok þui er su bæn min til allra manna at þer hafiz vel vid ok skilit eigi vid oss sua buit þui at þat mun dreingiligt þickia yduarrar handar. enn þat mun ek segia ydr sem ver væntum at sannaz muni aadr enn hedan se lidinn maanadr þa skal summum vera rymra vm hendr innan landz ok innan hirdar enn nu er. Bondi einn gamall af Augdum suarar. ek var i þrimr orrostum med Suerri konungi. faudurfodur þinum ok ef hann mællti sua þa mundi monnum eigi þickia mikil raun at fylgia honum. er þat ok mitt maal at sa verdi allra manna armazstr er vid sinn konung skilz þott meiri raun se enn nu er. Siþan stod Hakon konungr vpp ok bad menn bua ferd sina sem skiotazst. þegar er þeir komu til Biorgyniar lagdi konungr til bæiar ok var gior processia i mot honum ok vrdu allir fegnir hans kuomu. þa er Hakon konungr kom til Biorgyniar let hann rannsaka bref þau er Biorn aboti for med. var þar bref til pafa ok keisarans ok margra hofþingia vt i londum af hertuga hendi er hann ætladi at fram skyldi hafa dregit hans maal sem mest. ok sua mikit efni var i þui at varla mundi nockurr madr trua at slikr hofþingi skildi sua mart vilia segia [715] vsatt ok logit. þau voru þar morg bref at aaboti var verdr liflaatz fyrir enn þo gaf konungr honum grid þegar hann feck aull brefin ok hann vissi aull hans erendi. for aboti austr med konungi. þa er konungr var i Biorgyn geingu til hans lendir menn ok raadgiafar ok sogdu raad at hann sæti þar vm pascha ok aa vorit fram ok gæfi þeim heimleyfi er aadr hofdu verit med honum enn bydi vt leidangri vm oll Gulaþingslaug at monnum ok vistum ok tæki sua mikinn styrk at hann þyrfti ecki at ottaz hertugann ne hans menn.

Hakoni gefit konungsnafn.

195. Hakon konungr suarar. með öllu ecki þícki með þat ráð at gefa þeim monnum heimleýfi sem nú eru með oss þúiat ver vitum varla huart ver faam meira styrk af Gulapingslaugum enn nú hofum ver. Þíckiumz ver þa dyrt kaupa þann styrk ef ver tynum þeir er vorri sæmd vilja fylgja ok sialfa sik fram leggja fyrir oss ef ver komum bradliga til þeirra Vikuerianna. mun ok þú minni vera vorr styrkr þar sem ver komum seinna sialfir til. ok þú munu ver fara austr sem skyndiligazst með þú lidi sem ver faam. ok þó mun ek austr fara at ek hafa eigi meirr enn .iij. skip ok þó mun ek fara þott ek fari ein-skipa. enn þeir sem eigi vilja fylgja oss þa laati gud oss verða sua langhenda at ver faaim ambanat þeim sua at þeir kenni. Konungr sagði at hann vill laata endrnyia konungsnafn vnga konungs ok likadi þat öllum vel. Var þa blaasit til þings skirþorsdag vt í Kristzkirkiugard var þa gefit Hakoni konungsnafn. sor hann þa eid eftir rettri sidueniu ok lendir menn eftir honum. sua soru ok bændr eida or öllum Gulapings-logum ok Orkneyium ok Hialllandi. Eftir þat taladi Hakon konungr nockur ord ok lysti þú fyrir monnum at langafriadag skyldu þeir brott leggja skipunum ok lagdi þeim vid landraad er þa dueldiz eftir. Fria-daginn let hann leggja skipunum í Floruvöga ok var þar vm naatt. hann for vm morgininn inn til bæiarins ok heyrði tidir ok for þegar vt afr ok lagdi þa þegar sudr í Grenningasund ok hafði þa eigi meirr enn .x. skip ok laa þar paschadaginn. let konungr reisa þar .ij. landtiöld ok let veita tidir sem sæmiligaz. þar var prædicad ok gerdar langar taulur vm skriptir manna ok naudsyniar. Sunnanvedr var a huast ok sogdu flestir menn at eigi mundi vel byria af þú at konungrinn villdi eigi dueliaz í kaupstadnum þuilika hatid. Af þessu vard konungrinn nockut ryggr er menn draapu þann veg ordi aa vm hans tiltekju. ok er messor voru sungnar kalladi konungr nockura menn til sin ok syndi sik blidann ok bad menn vera í godum hug. sagði at gud mundi vel greida þeirra ferd aa nockurn haatt.

Fra Skula ok Arnbirni.

196. Nv er at segia fra Skula hertuga. hann sat í Oslu sem fyrr var ritad ok dro at ser mikit lid. hann byriadi ferd sina or Oslu í Vik-inni fyrir paalmsunnudag austr til Valldisholma. hann sendi skip nockur it ytra austr til Borgar ok voru þar þessir formenn Vilhialmr or Torgum ok þorir miobeinn. Ok þa er þetta spurdi Arnbiorn Jonsson þa skaut

hann skipum aa vatn ok for austr yfir Follidina. ok er hann kom austr i Borgaraa mætti hann þar Varbelgium þeim er a skipum foru ok elli þa þar vpp. þar fellu nokkurir menn af Varbelgium enn Arnbiorn tok skipin. enn med (þui) at hann hafdi haft erfidi mikit enn var miok aa efra all dri ok þeim audrum atburdum er til fellu þa tok Arnbiorn sott ok laa skamma stund aadr hann andadiz. ok þotti þat enn mesti mannskadi þuiat þat var einmællt at i þann tima þotti engi slikr lendr madr i Noregi sem hann. Skuli hertugi kom til Valldisholma ok sat þar skamma rijd aadr holmrinn var vpp gefinn¹ tok hertuginn þar alla luti þa er honum þarfadiz. for eftir þat vt aftr til Osloar fyrir paschana ok þotti monnum sem þa mundi (eck) vid honum standa. Petr hertugasun var vppi a Heidmork vm paschir ok hafdi mikla sueit manna.

Ferd Hakonar.

197. Hakon konungr laa i Greningasundi sem fyrr segir. Paschadaginn komu þar menn a skutu austan. var fyrir þeim Gudleikr eidungr ok sagdi liflaat Arnbiarnar Jonssunar ok þat med at menn mundu miok vera tuidrægir i Vikinni ef konungr kæmi eigi. Annan dag pascha geck konungr aa land vpp i dagan ok einn sueinn med honum var þa aa litid vedr af landzsudri. þotti honum vant at vekia menn ef vedrit hardnadi þuiat margir voru fusir aftr til beiarins ok þo eigi at sidr bad hann menn klædaz ok roa aa fiordinn Hardsæ. ok sua var giort. Geck konungr þa aa skutu vid nockura menn ok reri sudr til Santkaudru ok heyrdi þar messo. ok er lesit var bad hann menn vt ganga ok sia huar skipin færi. þeir komu inn ok sogdu at menn toku at sigla aa skipunum. ok er sungit var sigldu oll skipin. þa var ok godr byrr. skundar konungr þa sem mest ok feck eigi tekit skipin fyrr en i Salbiarnarsundi ok var þo heflat a ollum skipum. þann dag var godr byrr ok hægr ok sigldu i Huitingseyiar vm kuellidit. Sua segir Sturla².

Hafdi rausk
enn risu laukar
hilmis hird
hendr aa reipum
enn hunsriptur
hreggi blaasnar
fylkis ferd
til frama greiddu.

Ok ofaarr
austr med landi
sneckiu brandr
suifa knaatti
gulli glæstr
vnd göfugmenni
var ei audligr
alualldz floti.

Vm morgininn eftir lyddi konungr messu ok sigldu þann dag fyrir

¹) geinginn Cd. ²) steinn Cd.

Jadar, ok er þeir komu aa Huini þa brast styri aa konungsskipi ok geck af allt bladi naaliga, voru þa teknar bryggiur ok aarar ok styrt med sudr vm nesit, ok er þeir voru fyrir geingnir nesit logdu þeir vpp bryggiornar ok var styrt med þui er eftir var styrissins ok aarum inn vm Skerdandasund, ok er þeir komu til hafnar var vpp lagt þat er eftir var styrissins ok þotti monnum mikil iartein er med sliku skylldi styrt verda iafnmiklu skipi. Midvikudaginn sigldu þeir til Esiunesseyia ok logdu þar at snemma dags, kom þar saman mestr luti lidsins, þadan sigldu þeir inn i Vikina, ok er þeir komu aa Grenmar fyrir sunnan eya Aur þa kom i mot þeim landzsynningr med miklum stormi ok sionyrkri, sneru þa oll skipin astr til hafnar þau sem eigi fengu beitt, enn konungr lagdi inn vndir land ok kom i þa hofn er Slaattunes heitir ok var þat langt af þioleid, laa hann þar vm nott, þar komu þau tþendi til hans at Varbelgir voru allir i Oslu ok bunir til Tunsbergs at fara at Birkibeinum, enn Knutr jarl ok lendir menn konungs laagu vid Jarlsey ok margir adrir Birkibeinar ok voru margir albnir til norðr at fara enn sumir voru a Bergi, Hakon konungr sendi menn aa land Eindrida Bessasun ok mann med honum til Tunsbergs at segia Birkibeinum i hliodi at konungr var kominn i Vikina, Menn hofdu druckit fast aa konungsskipinu ok suofu mikit vm [716] morgininn, konungrinn var snemma vppi ok bad menn klædazst enn menn brugdu seint vid, þa mællti konungr, þat ætla ek at skiotara klædizst Varbelgir i dag ok fari vt til Tunsbergs at felogum ydrum enn þer klædiz nu at fara at þeim, Birkibeinar lupu vpp sem skiotaz ok sogdu at þat skylldi allðri verda, reru þeir þa sem skyndiligazst vt or hofninni, ok er þeir komu fram fyrir eya Aur þa rann aa byrr ok toku þeir til segls, Hakon konungr hugdi þa at oll skip mundi vm sigld, ok er lysa tok saa þeir ath vestan sigldu skip et ytra, lagdi konungr at i Jfuasundum¹ ok bidr þess at allr herrinn kemr eftir, Het hann þar heitum sinum fyrir ser ok lidi sinu at allir Birkibeinar skylldu vatnfasta Olafsvoku aftan enn fyrra enn fasta enn sidarraedr leysaz vndan .xv. peningum vegnum, helldu flestir menn vel þessi heit enu fystu .xij. manadi enn verr siþan, Hakon konungr sigldi þadan inn til Grindholma sunda, kom þar i mot honum Gunnbiorn bondi ok Munaann byskupssun Juarr af Skediuhofi ok sogdu þeir konungi at Knutr jarl laa vid Jarlsey ok allr herr Birki-beina ok baadu hann þar at leggja, Konungr suarar, med þui at gud hefir gefit oss þenna byr þa væntum ver at þetta se sigrbyrr ok ollum oss til sæmdar ok munu ver þessa neyta med guds miskunn, sigli þeir

¹) r. Masundum

eftir oss sem vilja. er ok vant at sia at hueriu halldi þeir koma er þessa byriar vilja eigi neyta. Sua quad Olafur huitkaalld.

Nordan rendi næst þa er spurðiz
nafnkunnr iofurr skeidar stafni
baarur leku braundum hæri
borda ríjd fyrir Noregs sidu.

þrutin laagu vedr aa vatni
vinda script ne gramr bad suipta
snarr yngui kuat sigrbyrr slunginn
sinni ferd at hialldri stinnum.

Hakon konungr sigldi inn eftir sundum ok er hann kom gegnt Jarlsey þa leet hann blaasa. ok þegar er Birkibeinar heyrdu þat þeir er vid eyna voru raaku þeir af ser tiolldin ok sigldu inn eftir konunginum sem skiotaz. konungr gerdi þa menn aa skutu inn til Tunsbergs ok sagdi huerir gæta skylldu bergsins edr huerir honum skylldu fylgia. ok er hann kom inn til Bediusunda þa lagdi hann þar at ok beid jarls ok hans manna. síþan sigldu þeir med allann herinn inn eftir firdinum et beinsta sem Sturla quad.

Skridu haffræk
vnd hofudmanni
inn i botn
Oslu fiardar.

þa er vigstorr
fyrir viglidi
Skula olld
vm skipaz hafdi.

Vedrit minkadi sem aa leid daginn ok er þeir komu inn til Siguallda- steina þa var logn. tok þa at myrkua ok reru þeir síþan inn til Nes- odða. þa sogdu sumir at hertuginn mundi vera ridinn or bænum enn sumir sogdu Varbelgi at visu þar i bænum.

Tilbuningr atlaugunnar.

198. Þa er Hakon konungr kom til Nesodda aatti hann tal vid alla styrimenn ok sueitarhoffpingia ok sagdi fyrir vm atldguna ok sua at Gunnbiorn bondi ok Petr Paalssun ok nockurir adrir systlumenn fyrir norþan Stad skylldu roa fyrir vestan Hofudey ok leggja at fyrir nordan Gyliandi ok ganga austr i moti Frysiubru ok sæta þar Varbelgium ef þar kemr nockurr flockr fram. Knutr jarl ok Vikueriar Simon kyr ok Eirekr stilkir skylldu leggja at vid bruggiur ok ertazst vid Varbelgi. enn Hakon konungr síalfr ok mestr luti lidsins skylldi ganga vpp vt vid Eikabergs stod fyrir sunnan þrælberg ok koma sua sunnan at bænum. skylldu engi skip roa fyrr fra Hofudey enn lysa tæki ok þeir sæi at Hakon konungr viki ofan af berginu at bænum. skylldi þa huerr roa sem skipat var ok leggja þo fyst at bryggium. Konungr hafdi gert vm daginn niosnarmenn inn til Hofudeyiar at þeir yrði vissir sannra tíþenda af Varbelgium. enn er konungi þotti þeir seinni enn hann ætladi geck hann aa eftirbaat ok ætladi inn til Hofudeyiar. enn er hann kom

aa midiann fiordinn gerdi sua mikit siomyrkr at varla maatti sia stafna i millum. þui sneri konungr aftr til lids sins. Enn meðan konungr reri aa fiordinn hofdu niošnarmenn vm farit ok ecki fundit hann. vissu menn þa varla huar konungr mundi vera. gerdiz þa kurr mikill i lidinu. þui næst brazt su ætlan sem aadr var sett vm atloguna þuiat þeir reru eigi norðr er vpp skylldu ganga vid Gylianda. Hakon konungr sneri þa aftr til skipa sinna. Hakon konungr vngi var þa þar ok let konungr hann fara a skutu þa er skiotuz var er Kufinhetta het ok med honum marga goda menn Vilhialm kapalin sinn Jngimund Kolbeins-sun Andres keft Andres¹ musa. hann let ok .ij. skutur adrar eftir vera med vnga konungi ok bad þa roa fyrir vestan Hofudey ok liggia þar sem leyniligaz ok hafa niošn i hofdanum vppi aa eyinni at sia þau tíþendi er geraz i bænum. ok ef gud hefir sua fyrir ætlat segir Hakon konungr at oss bresti at bordi ok verdi þer varir þess til sannz at ver faaim nockurn vsigr þa dueliz ecki her. roit vt or firdinum ok stundit ecki aa Vikueria lettid eigi fyrr enn þer komit til Biorgyniar huat raadi sem gud leggr þa fyrir ydr. Hakon konungr taladi morgum fogrum ordum fyrir vnga konungi aadr þeir skildu. Eftir þat geck Hakon konungr aa lettiskip ok þat lid er honum fylgdi ok reri fyrir sunnan eyiarnar ok lagdi at vid Eikabergsstod sem aadr var ætlat. med honum sneri Knutr jarl. geck konungr vpp med þui lidi er honum fylgdi. ok aadr þeir kæmi i syn vid bæinn taladi konungr fyrir lidinu ok hafdi slikann haatt aa sem Suerrir konungr var vanr at hafa aadr hann berdizt. hann hof sua taulu sina.

Hakon konungr taladi fyrir herinum.

199. Flestir munu heyrð hafa getid ok morgum mun kunnigt vera vm skipti ockur Skula hertuga. hafa þau verit morg ok ymislig sum al-god summ til medallags. mun her þo vera sem vidazst er at sialdan velldr einn ef .ij. deila. nu ofan aa alla þa luti sem fram hafa farit ockar i millum þa let hann gefa ser konungsnafn at vsogdum gridum sundr i milli vaar. sem alldri eru dæmi til at gert hafi verit fyrr i Noregi. siþan sendi hann menn a alla vega fra ser bædi norðr ok sudr ok aa land vpp ok let drepa eidsuara ok suerdtakara beggia ockarra huar sem staddir voru ok niddiz a þeim er iaŋgiarna villdu honum truliga þiona sem oss ok saklausir voru ok ser vissu enkis vaan nema gods eina sua at eigi helldu þeim kirkiur helldr enn fios. ok enn ofan aa þetta illt gerdi hann sudr at oss .xiiij. skutur at laata drepa oss edr

¹⁾ r. Petr

inni brenna ok sonu vðra ef gud hefði þat eigi bannat honum. nu hefir hann feingit sua [717] mikinn framgang síþan at varla finnaz dæmi til at nockurr madr hafi þuilikann feingit med iafnmiklum rangindum allra hellz eftir fund þann er var aa Laaku milli hans ok varra manna. fengu ver þar mannskada þuiat þar fellu margir godir dreingir þeir sem frændr ok vinir munu seint bætr bida. nu bidium ver þess alla menn þa sem her eru komnir at þer halldit einyrd yduarri ok manndomi vid oss ok minniz nu aa frænda laat ok fjaar ok allann þann skada er Varbelgir hafa gert oss. ok sua segir mer hugr vm ok þess væntum ver af gudi at nu megi nockut at skapazst i vaarum skiptum. synit nu huortueggju i ydrum atferdum huers þer eigit at hefna ok huersu rangliga aa oss er geingit. edr huersu einardliga at ver ættim at veria frelsi vart ok fe. minniz ok þess þo at Skuli hertogi hafi goda dreingi med ser þa hofum ver ok et bezsta mannval er til er i landinu ok er þui meiri vanvirðing at vorir vvinir fai nockurn bug aa oss edr ver faaim nockura hnecking af þeim þar er ver eigum at vera yfirmenn þeirra i ollum stodum. Her eftir huatti hann lidit ok sagdi þeim dæmisogu þa er Suerrir konungr var vanr at hafa. Karl spurdi son sinn. huersu muntu duga ef þu kemr i orrosto ok veitz þu vist at þar skalltu deya. Karlson suarar. huat mun þa tia annat enn beriaz sem frækligaz ok falla med sæmd. Nu væri sua segir karl at þu vissir vist at þu skylldir brott komaz. Hann suarar. mundi þa eigi hofudnaudsyn at duga sem dreingiligaz. Nu megum ver sia segir konungr at þessir .ij. eru fyrir hendi ok engi er til enn þridi. Síþan sagdi hann þeim huersu þeir skylldu fara med vopnum sinum þa er þeir kæmi til orrosto ok sua at þeir gætti sem bezst at þeir kendiz sialfir ok berdiz eigi ok hafit þetta aakall sem Birkibeinar eru vanir ok ens heilaga Olafs konungs menn. fram Cristzmenn ok Crossmenn.

Capitulum.

200. Enn þa er Hakon konungr kom fram a breckuna i syn vid bæinn þa tok at lysa. fengu þeir skilit at allt var tuist ok hliott i bænum. þa mællti konungr. þat ottumz ek nu at Varbelgium mune hafa komit niosn vm ferdir vaarar ok se þeir nu i brottu. Þui næst rendu skip vndan Hofudey þau er at bryggium skylldi leggja ok iafnskiott var ringt herkluckunni. þottiz konungr þa vita at Varbelgir mundu i bænum. Þui næst sa þeir hlaup mikil i bænum ok hark. Varbelgir suafu i ymsum stodum enn er þeir heyrdu herklockuna lupu þeir vpp ok stefndu i ymsa stadi ok flestir i konungsgard þar sem hertugiun suaf. Ok er

honum var sagt at vfridr var kominn klæddiz hann skiott ok vapnadiz ok stefndi vpp eftir stræti til Halluardz kirkiugardz. kom þar til hans mart manna. var þa vm talat huat vfridi vera mundi. sogdu flestir ath vera mundi Knutr jarl ok lendir menn ok var þat raads tekit at þeir stefndu vpp a Maurtustocka. kom þar þa allt lid þeirra. villdi hertuginn þar fylkia ok taka i mot Birkibeinum. Aarni rufa bar merki hertugans ok sagdi at þat var skamm at laata Knut jarl taka klædi þeirra ok hesta i bænum. skipti þa hertuginn lidinu ok skipadi Olaf af Vigdeild ok nockura sueitarhoffpingia med honum aa et vestra strætid enn hertuginn ok hans menn sneru ofan i moti Halluardz kirkiugardi. hann sendi Halluard stod frænda Orms byskups ok marga menn med honum at taka af Geitabruna at engir mætti þar yfir komaz.

Fra Birkibeinum ok konungi.

201. Hakon konungr var aa breckunni fyrir ofan þeinn ok Birki-beinar saa at lidit var a Mortustockum. foru þeir þa mikinn. þorsteinn heimnes bar merki konungs spakr madr ok vel sidadr. hann hafdi leingi þjonat Hakoni konungi ok iafnan vel reynz. Konungr bad hann eigi fara sua hart þuiat þeim vinz þat eigi er minz eru færir i herinum. Þa var sua fram komit aari at pascha aptann var sumardagr enn fyrsti enn þetta var laugardaginn i paschaviku. var þa allr þeli or iordu enn sua var blautt ok vátlent þar sem Birkibeinar geingu at leirinn tok til knees edr meirr. vard þeim þui þunggeingt at annarr fotr sock fyrr enn odrum var vpp stigit. ok er þeir komu at breckunni lupu menn i mot þeim ok sogdu at af var bruin. þorsteinn let þat raad at snua vpp eftir vollum ok sua til bruar er liggr af Ryginabergi. konungr quad ecki þat raad. Viku þeir þa aftr til bruar ok voru Varbelgir þa at at taka af bruna ok þau log er næst voru bænum ok rucku þegar i brott er Birkibeinar komu at ok maattu vel .x. menn hafa varit sua at engi kæmiz yfir. laagu þa yfir .ij. aasar ok vard þar yfir at ganga ef komaz skyldi. konungr nefndi til .xi. menn at ganga fyrir merkinu. siþan geck þorsteinn med merkit ok maatti eigi odrumis ganga enn stydia sik med spiotzoddi vid annan aasinn er madr geck eftir odrum. ok þa er þeir komu yfir stodu þeir i milli Eyrastrætis ok Nicholas kirkiu. ok þa er konungr kom yfir var eigi meira lid yfir komit enn fyllti i mot strætinu. þorsteinn bad þa ganga sem skiotaz sua at þeir kæmi eigi fyrr i mot Varbelgium er af skipunum geingu. Konungi þotti eigi þat raad at þeir geingi sua faamennir ok kuaz vilia bida lids sins. kom þa vonum bradara lidit eftir þeim. enn er konungr saa þat geingu þeir

vpp eftir stræti. ok er þeir komu gegnt gardi Guthorms Erlendzsunar þa kom Guthormr þar i mot þeim okulskodr ok hafdi þar kapu yfir ser ok mælti. gud gæti yduar herra. miok fari þer nu haaskasamliga ok sua famennir þuiat Varbelgir eru her¹ uppi yfir ydr med fylktu lidi ok hafa einhugsat i mot at taka. villdi gud at ek væri nu iafnvel færri sem þa er ek fylgdi ydr i Vermalandi. Konungr suarar. haf þock fyrir þeim goduilla ok gack inn aftr. braatt mun koma lid til vaar aa alla vega. Ok er þeir hofdu skamt geingit kom Sigurdr sun Hakonar konungs i mot þeim ok hafdi farit nordan eftir þeim dagfari ok naattfari. var konungi mikil þauck aa hans komu. fylgdi hann þa konungi med sueit sina. siþan geingu þeir fram eftir stræti.

Orosta med konungi ok Varbelgium.

202. Vppi vid gard Asbiarnar koprs var fyrir Aarni rufa med merki hertugans ok allr þori ens bezsta lids Varbelgia ok hofdu þar fylkt. ok aadr enn saman kæmi fylkingar bad konungr [718] ludrsueininn blasa. hann bles tysuar ok helldr laagt. (Konungr mælti). betr blestu bickiuhuelprinn a Biorgyniar bryggium er þu tokt silfr af monnum. Siþan bles hann miklu betr. Þa het hann aa menn sina at fram skylldu ganga vndir merkit. geck hann þa sialfr allra manna fremst sem Sturla quad.

Geck allualldr
vnd yngis hialm
meginmilldr
merkium fyrri
enn gullstett
gnæfa knaattu
visa ve
af vala folki.

Enn þar fram
fylgia knaatti
ræsis hird
romu stærri
helldar fuss
aa hlidar badar
i gagnfaur
greyptra vapna.

Varbelgir sumir voru vpp i kirkiugardinum. skorti þar eigi griothrid ok letu þat fast gaanga. Sua segir Olafr huitskaalld.

Hallgeislat flo huatt i Oslu
hilldar tungl med skata milldum
ræstir þrungu iofrar æzstum
iafnfalldit lid saman halldit.

braundum skyfduzst blodgar randir
bleikir fellu menn aa velli
hlifar lauss vaa gramr med gæfu
gylldar sungu hiallta tungur.

Eftir þetta var fram borit merki Hakonar konungs. brast þa þegar flotti i lidi Varbelgia þui er fyrir vtan stod kirkiugardinn. enn (er) þeir Varbelgir er voru i kirkiugardinum sa þetta ok sua þeir er vppi voru aa

¹) er *Cd.*

at þeirra menn flydu þá giordu þeir ena snorpuzstu ríjd af grioti ok sua flo sem þyckuaz maatti. Aarni rufa var þar inni fyrir ok Vilhialmr or Torgum lendr madr ok mestr þori lids Varbelgia enn voru vpp fyrir austan kirkiugardinn.

Bardagi.

203. Þá er Aarni rufa merkismadr hertugans sneri inn i kirkiugardinn þá sottu þar at margir Birkibeinar. lupu sumir inn i kirkiugardinn Juarr dyri þorleifr bðsi. enn þui at ærit var griot inni laust þá baaru Varbelgir sua griotid ok skotin aa Birkibeina at þeir rucku vt aftr. var þá allhord orrosta. sottu Birkibeinar allfast at enn Varbelgir vorduz vel ok dreingiliga bædi med grioti ok skotum. sem Sturla quad.

Ok inndrott
ellda kyndi
bauduar tyrs
vid bauga renni.

sua at eggfaains
eisur stucku
vm ilflet
aurnis spialla.

Ok þá er Alfr af Leifastodum sa at þeir mundi verda inni byrgdir þá leitadi hann vt vm gardzhlidit ok bardiz afburdar vel. hann komz allt ofan til aarinnar ok margir lupu eftir honum. Alfr fell loks i aanni. ok er þat flestra manna sogn at su hafi ein verit dreingiliguzst vorn er hann vardiz aadr hann fell. Hakon konungr sneri þá vt eftir Varbelgium þeim er flydu fyrir austan kirkiugardinn ok i þui bili fell sa madr af Varbelgium er Eysteinn sundrammr het ok enn fleiri Varbelgir. einn madr fell af Birkibeinum enn nockurir vrdu saarir. A stræti þui er hertuginn hafdi skipat Olafi af Vigdeilld þá quomu þar Birkibeinar i mot honum þeir er vpp geingu af skipum. var þar allsnorp orrosta. Voru margir Varbelgir i kastala byskups ok baaru stort griot ofan aa Birkibeina. var þat miok mannhætt at sækia at þeim Varbelgium er aa strætinu voru enn gæta sin þo fyrir þeim er i kastalanum voru. ok þui vard þar allhaurd orrosta ok lauk med þui at Varbelgir sneru vndan ok inn i kirkiugardinn enn Olafir af Vigdeilld med sueit sinni sneru vpp fyrir nordan kirkiugardinn. enn Arnfinnr þiofssun stallari hertuga veik nordan til Nunnusetrs ok liop þar i kirkiu. Hakon konungr sneri vpp fyrir austan kirkiugardinn med sitt merki. voru þar fyrir margir Varbelgir. þar var sa madr fyrir er Grimr het a Sandi ok fioldi mannz. voru sumir a kirkiugardinum enn sumir aa husi nockuru ok hofdu þar borit at ser griot ok skot ok baaru huartueggia aa Birkibeina sem aakafaz. ok var þar saa madr af Birkibeinum skotinn i kneit med kesiu er Biarni hestr het ok af þui saari letz hann. hann var brodursun Karls suanga ok

Sigurdar skiaalga enn bezsta mannzefni. Þar vrdu margir Birkibeinar saarir ok flestir fengu nockut. sem Sturla segir.

Flugu hræleiptr
ath cararleiki
geigurlíga
gautz himni af.

enn randaalfr
rifandi for
boduar sky
blods elldunni.

Af sokn konungs.

204. Þa er Hakon konungr kom iafnfram korskbrædragordum i ofanverdar geilarnar þa var þar hertuginn fyrir aa hesti ok miok mart manna med honum. ok er þeir mætaz vard nockurr stadr aa sua at huorigir redu aa adra. stodu Birkibeinar i veisu nockurri ok þo nedar meirr. enn Varbelgir voru aa bruinni ok strætinu ok var þar nockuru þurrara. kirkiugardzhlidit var at baki Birkibeinum ok var þat fullt af Varbelgium. vndir merki Hakonar konungs voru nær .xx. menn. var hann þa miok haaskasamliga kominn er hertuginn var fyrir ofan med marga menn enn fullt gardzhlidit at baki honum af Varbelgium. Gerdi gud þa mikla miskunn vid konunginn er huarigir redu aa hann. þuiat ef adrir huorir hefdi aa raadit þa væri hann skiott sigdradr at likendum ok þeir menn sem med honum voru. Hakon konungr visadi sinum monnum i mot kirkiugardzlidinu enn hann sialfr ok merkit sneri vpp i moti hertuga. var þa mikill vapnaburðr vid kirkiugardzhlidit af grioti ok skotum enn Birkibeinar baaru inn i kirkiugardinn enn Varbelgir vt i moti. Sua quad Olafr huitaskalld.

Snaurp bitu. iarn sem ijsmaul yrpi
odastraumr med heitu blodi
herstefnir raud hamri ofna
hilldar serki framarr merkium.

grimmum stod aa Gaundlar himni
grar regnbogi Hnikars þegna
hardar leystu fylking fyrda
faarelldingar meginsaara.

Varbelgir raaku þa aftr kirkiuhurdina er þeir þoldu eigi vopnaburdinn.

Fra Skula.

205. Skuli hertugi var aa hesti ok er hann saa þessi tíþendi het (hann) aa sina menn at þeir skylldu fram sækia. Sa madr stod hia honum er Soni sikr het. hann mællti til hertuga. herra her er nu merki Hakonar konungs ok her er ok sialfr konungrinn. Hertuginn suarar. eigi skal fram at sidr. ok slo hestinn med sporum. Soni tok i taumana ok hellt aftr hestinum. Birkibeinar skutu þa at hertuganum nockurum spiotum ok flugu nær honum. Sua quad Sturla.

Var laushendr
lofda styrir
aa blodorms
beniu skapti.

enn halldsamr
at heriar leiki
aa geirtyrs
grenni maalu.

Ok braatt eftir þetta sneri hertuginn vndan ok allir þeir er honum fylgdu. Sua segir Olafr huitskaalld.

Alldri baurduzst affi stærdir
ognsueipinna blodgum greipum
hird sotti þar hress at gardi
herrar .ij. af dreingskap meira.

vndan reid sa er fremstr var fundinn
fyrda gramr at iofnum burdum
Suerris ætt feck sigr at rettu
sua villdi gud framidr milldi.

J þessu bili safnadiz lidit til konungsins. Þa bad konungr Þorstein snua eftir hertuganum med merkit ok flesta alla menn þa er þar voru. enn hann quaz eigi vilia skiliaz vid gardzhlidit fyrr enn þar væri sua skipat at eigi væri þadan baksletta vaan. Hertuginn sneri vpp eftir gautum. kom þar i mot honum mart hans manna ok sneriz aa flotta med honum. Vaanum braadara kom Gunnar konungs frændi med sueit sina til konungs [719] ok skipudu þeir þa menn til at sækia at gardzhlidinu ok letu menn fara vpp aa hus med bogum at reka þa ofan er baaru vopn aa Birkibeina. J þui kom Gautr Jonsson med sueit sina vpp undir merkit ok þa kom ofan Þorsteinn ok Aasolfr strykr ok sagdi at Þorsteinn var miok famennr med merkinu enn lid safnadiz miok til hertugans. Konungr sendi Gaut Jonsson med sueit sina vpp vndir merkit ok mart annarra manna. enn hann sialfr skipadi monnum til atsoknar at gardzhlidinu. Hertuginn hafdi snuit vpp a Maurtustocka enn Þorsteinn heimnes eftir honum med þui lidi er þa var med honum vndir merkinu. fellu þa menn af Varbelgium her ok huar i gautunni. þar fell Algauti enn Veseti brodir hans vard saarr. þeir komu baadir senn miok vpp a gauturnar Gautr Jonsson ok Olafr af Vigdeilld siþan hann hafdi flyit af enu vestra strætinu. aatti Olafr þa engann annan til enn snua inn i Halluadzkiorkiu ok hans menn enn þo fellu nockurir fyrir vtan kirkiu-gard. Gautr spurdi ef Olafr villdi grid. hann quaz giarna vilia. Gautr bad hann vera i kirkiunni ok treysta eigi meirr þessum gridum. Skuli hertugi var a Maurtustockum ok kom þar mart manna til hans. ætladi hann þa til vidtoku. ok er hann sa at Gautr kom vndir merkit ok Þorsteini safnadiz lid þa sneri hann aa land vpp med þui lidi sem þa var med honum. þar voru þessir lendir menn hans. Baadr vargr Baadr bratti Erlingr liodhorn Veseti litli. Hertuginn reid vpp til Hofis til Amunda laugmannz ok aat þar maaltid.

Atsokn Birkibeina.

206. Medan hertuginn ok Birkibeinar aattuz vid a Maurtustockum þa kom sua lid af skipum at Birkibeinar kringdu vm allann kirkiugardinn sua at Varbelgium var eingi kostr vt at komaz enn þeir hofdu sua skipad fyrir innan at huergi maatti inn komaz. Enn er Hakon konungr hafdi skipat monnum til atsoknar sua sem hann villdi þa geck hann inn i korsbrædragard ok þadan i Predicaragard. enn milli Olafskirkju ok korsbrædragardz var sterkr skidgardr nockurr enn engi steinmurr. let konungr þa bera aa suord ok stor reip ok var nidr felldr skidgardrinn. ok þa er gardrinn tok at falla vard op mikit i lidi Birkibeina. brestr vard haar ok mikit brak þa er gardrinn fell. enn er Varbelgir heyrdur þat þa ottuduz þeir ok stuccu fra ollum gardzlidum. naadu þa Birkibeinar inn-gaungu ok fell þa mestr þori Varbelgia. sem Sturla quad.

þar baugsegl
i brimis vindi
branda byrr
blaasa knaatti.

enn hrælaugr
af hiarar bordum
geigrigr
glymiandi fell.

þa vard mikill vapnaburdr ok vrdu Varbelgir miok saarir enn fioldi fell. sem Sturla quad.

Reid blodugr
aa berum knerri
aurfar aas
iarni slunginn
enn gandreid
grænna skiallda
Sudlnis vegg
sleit aa lofti.

Ok þar fell
feigum hausi
giallar manz
greyfri hendi
Fenris nipt
fylkis dolga
i hiorgoll
heiptar blodi.

Vilhialmr or Torgum var sudr fyrir gardzliði enn Juar dyri kalladi aa hann ok spyr ef hann vill grid. Hann suarar. ek veit enn eigi huarr ockarr þarf annars grida. ok slo Juar med steini mikit hogg a kinnina. þa mællti Juarr. med þui at þu vill kiosa et verra þa skalltu þat ok hafa. Vár Vilhialmr þa ok felldr. enn þui villdi hann eigi grid þiggia at af honum var aadr hoggin hondin. Margir Birkibeinar kendu þar kunningia sina ok felaga. ok fengu þo sumir eigi grid þott bædi enn sumir villdu eigi þiggia þott bodin væri. Sneruz þa Varbelgir til sudr-dyra ok komu sua margir senn at eigi komuz vt vm hliðit ok fellu þar Varbelgir sua þyckit at .iij. edr .iiij. laagu a þycktina. Vard þa mikill sigr sem Sturla quad.

Sigrhlíod
 syngva knaattu
 hardla huell
 huorsum munni

i herfaur
 háufudsmanna
 Haugna mans
 hlyrna disir.

J þenna tíma naðu þeir inngaungu Knutr jarl ok Birkibeinar þeir sem voru fyrir vestan kirkiuna. enn or kastala byskups þar sem Varbelgir voru i þa voru gaung vpp i kirkiu. baaru Birkibeinar þar aa suord ok felldu þau nidr ok vrdu þar vndir. sumir Varbelgir er hleyppa villdu til kirkiu. þar var sa madr er Hakon ludr het hirdmadr hertugans ok enn fleiri ok letuz allir.

Skuli jarl flydi.

207. Þa er konungr saa at allir Varbelgir voru i kirkiu komnir þeir sem vpp stodu. Aarni rufa komz eigi i kirkiu ok feck þo grid. þa sneri konungr or kirkiugardinum ok liop aa hest einn suartann. menn leitudu þa at hestum enn sumir runnu med konungi. Reid konungr þa vpp or bænum ok var gyrdr suerdi enn hann hafdi blodugt suerd i hendi er Varbelgir hofdu aatt. ok er hann kom vpp aa gauturnar mundi hann hafa .ccc. manna. síþan reid hann haalfa raust ok vrdu engir hestar aa veg þeirra enn menn fundu þeir nockura ok voru aullum grid gefin. Konungr nam stad ok mællti sua. ef Skuli maagr minn hefir her vndan ridit þa mun hann hafa sua fyrir hugat at oss mun verda ecki gott til hesta enn þessir geraz miok modir er ver ridum. eru þeir ok sua vndan komnir at ver faaum huarki af þeim vitand ne syn. enn þer vissut at Varbelgir voru komnir i kirkiu i bænum ok er ek ræddr vm huart vorir menn laata kirkiu hallda þeim er þeir þickiaz mestar sakir vid eiga. enn ek vil fyrir eingann mun laata kirkiufridinn briota. munu ver snua aptr til beiar ok gæta sigrs vars. fara enn skipti ockur maaga sem gud vill. Eftir þat sneri konungr afr. Enn Varbelgir hofdu borit fyrir kirkiuhurdir sua at eigi matti vpp briota enn Birkibeinar baaru vtan at vidu sua at eigi maatti vt komaz. Konungr geck fyst til byskups ok tok lausn af honum ok hans menn. eftir þat let byskup matbua honum ok snæddi hann þar ok drack vm ríjd. þeir saatu baadir samt at mat þorsteinn heimnes ok Aarni rufa. var konungr þa sua vel til Aarna sem hann hefði honum iafnan fylgt. ok sua grimmr sem Hakon konungr hafði verit vm daginn at fyrirkoma sinum ovinum þa var ok eigi hitt minnr fra moti huersu miskunsamr hann var síþan i gridagiofum vid alla þa sem aa hans valld geingu. Vm daginn var kannadr valrinn .lxx. manna laagu fyrir Halluardzkirkiudyrum ok þat

hugdu menn ath fallit mundu hafa aukin .ccc. manna ok margir godir dreingir or Þrændalogum Baardr af Gudreksstodum son Þorsteins kugads Petr systurson Juars Vilhialmr or Torgum Grimr af Sandi ok margir adrir. Sunnudaginn aatti Hakon konungr þing i Cristzkirkiugardi ok lysti hann þa þui at allir Varbelgir skyldu grid hafa þeir er i kirkiu væri. geingu menn þa i kirkiu ok leitadi huerr eftir sinum hugdar [720] manni. geingu þeir þa (til) grida ok var þeim skipt i sueitir eftir þui sem konungr sa fyrir. var eftir þat skipt herfangi þui ollu er aatt hofdu Varbelgir eftir sidueniu lidsmanna ok hofþingia.

Fra Hakoni konungi ok hans monnum.

208. Hakon konungr dualdiz i Oslu vm ríjd. ok .vij. nottum eftir bardagann sendi Hakon konungr lid norðr i land aa skutum. var þar fyrir Asolfr af Austraaft Juar Petrsson Arni blackr Klemet af Holmi Olafr kidlingsmuli Baardr Grosun. hofdu þeir .xv. skip. skyldu þeir fara allt norðr til Þronðheims ok vita huer tíþendi þar væri. enn konungr dualdiz eftir i Vikinni at erendum sinum. Hakon konungr hafdi feingit sýslu a Raumariki Gregorio syni herra Andres enn .ij. vetrum - fyrir vfridinn hafdi Gregorius gefit vpp sýsluna ok for sudr til Danmerkr ok sueinar hans ok var med Valldimar konungi vel virðr. Hakoni konungi þotti þessi ferd nockud vndarlig er Gregorius hafdi ecki tekit orlof af honum. enn vm vetrinn er vfridrinn hofz ok Skuli hafdi laatid gefa ser konungsnafn þa sendi Hakon konungr til Danmerkr Biarna Moysessun til motz vid Gregorium ok bad hann fara apr til Noregs ok het honum sæmdum eftir þui sem trunadr hans reyndiz til. for Gregorius þa afr. ok þegar hann kom i Vikina afladi hann ser sueitar ok kom til Birki-beina fyrir bardagann aa Laaku. hann var i Oslu med konungi ok eftir þetta lagdi konungr enar mestu mætur a Gregorium ok feck honum Borgarsýslu. Gregorius var vitr madr ok vel mentr i alla stadi. Ok er aa leid vorit for Hakon konungr or Vikinni ok kom viku fyrir huit-sunnudag. Vppstigningardag laa hann i Salbiarnarsundi enn vm sumarit sat hann i Biorgyn.

Fra Skula.

209. Nv er at segia fra Skula hertuga at hann var med Amunda logmanni sem fyrr greinir ok reid þadan til Eidsvallar ok allt vpp til Miolga vm kuelldit. Sunnudaginn for hann vpp aa Heidmork. hann for vt i Eyna helgu ok var þar Petr sun hans. dualdiz hann þar litla ríjd aadr hann for til landz ok er (hann) kom til Vllinhofs hafdi (hann) nær

.c. manna. aatti hann tal vid lid sitt huert raad vpp skyllði taka. Veseti litli ok Þorgils slydra baadu¹ hertugann fara i Eystridali ok þadan i Vermaland ok austr aa Markir i athaga þeirra ok sogdu at hann mundi eigi þar vera meirr enn haalfann manad aadr enn þeir skylldu til hans hafa komit eigi minna lidi enn hann hafði fyrir (bardagann) i Oslu. Erlingr liodhorn ok Baardr bratti ok þeir menn er nordan voru or landi sogdu at þeim var ecki hent at rekazst vm fioll ok skoga ok baadu þeir hann fara norðr i Þronðheim til vina sinna ok rada þar til skipa ok quat þat Nordmanna haatt at fara a skipum ef þeir skulu ofrid hallda. ok var þat raad tekit at snua norðr enn Þorgils ok Veseti skilduz fra ok foru austr i athaga sinn med sinar sueitir. Hertuginn sneri þa norðr i Dali ok hafði niutigi manna. for hann þar til er hann kom i Hringabu. þa spurdu þeir at Birkibeinar foru fyrir þeim Augmundr krækidanz Oddr Eirekssun Eiríkr toppr. þeir saatu vid bru. Hertuginn dualdiz aa litlum bæ skamt fra brunni enn sueitungar hans foru til bruar ok letu kueda vid ludra. ok þegar er blaasit var reid hertuginn at brunni enn Birkibeinar hugdu lidit meira enn var ok stodu þui eigi allnær. geingu Varbelgir þa yfir bruna. Soni síkr for med merkit. þar for ok Guthormr Jonadalr Hauadr dyndill Eysteinn orri Hakon Baardarsun Hallkell a Ryginni Hauadr kollr ok enn fleiri adrir. ok er þeir komu yfir bruna mættu þeir Birkibeinum ok fellu þar .ij. hirdmenn Hakonar konungs Juarr hialmhauss ok Biorn af Hofi. Hertuginn reid yfir bruna huitum hesti er het Fotr. hertuginn hafði goda bryniu ok sterka treyiu. Birkibeinar hopudu vpp i fiallzlidina ok skipudu til meirr enn .xx. menn at skiota at hertuganum ok var sem skufadr væri skiolldr hans af aurum. hestrinn hafði .iiij. broddskot sua at oll stodu vppi a reyrbondum. hertuginn feck ok broddhaugg i gegnum fotlegginn vid oklat. eftir (þat) sottu Varbelgir yfir bruna enn Birkibeinar letu hefiaz vndan. Asuadr harmr einn af Varbelgium villdi fletta Juar hialmhaus. ok er hann var at kom til Aarni langi er bar merki Petrs hertugasunar ok hugði Juar minnr saarann enn hann var ok hio til hans ok kom aa hondina Aasuardi sua at nær tok af. þeir fluttu hann med ser norðr til Steigar ok ridu eftir þat leid sina. Var hertuga fenginn hestr annarr er Gauzstafr het. þeir foru norðr til Þronðheims. hertuginn sendi fyrir ser af fiallinu Sigurd hjit ok Brusa med nockura menn. þeir drapu hirdmann Hakonar konungs i Vppdal er Halldor het. Birkibeinar foru eftir þeim norðr til fiallz. þa toku þeir af lifi Aasuard er Varbelgir hofdu eftir laatid aa Steig. Skuli hertugi var vm naatt aa

¹) baaru *Cd.*

Vangi i Vppdal ok for þadan til Nidaross. ok er hann kom þar þottiz hann finna ok vinir hans at miok var snuit skaplyndi þrænda til hans. bar þat fyst til at þeir þottuz feingit hafa mannalaat mikit i Oslu. hitt annat at þa stund er Hakon konungr hafdi setid i þronðheimi hofdu þeir heyrt margar taulur gagnstadligar þeim er hertugamenn hofdu haft a Eyraþingi vm haustid ok virdiz þeim konungs rædur sannligri. þat var enn til at þrændir þottuz enga vppreist sia hertuga i mot konungi ok villdu þeir af þui engann vfrid hallda med hertuga i mot konungi. Hertuginn sat vm vorit i Nidarosi ok hellt bord i Breidastofu ok var leingstum i herbergium sinum ok aatti faatt vid flesta menn. var þat ok flestra manna skaplyndi at eiga faatt vid hann. Hertuginn var .iij. nætr i Krossgilldi ok helldr faalatr. þa kærdu vinir hans at hann færi vuarliga ok gætti sin litt. Hertuginn sagdi at eigi mundi Birkibeinar a skamri stundu fara milli Vikr ok þronðheims. þa var þui suarat at Hakon konungr hefði skemur farit vm vorit enn likligt þotti vera ok mætti enn verða at sua yrði. ok eftir þat sa menn skutu eina fara a fiordinn ok hugdu menn at vera mundi niosn.

Fra Skula ok Petri syni hans.

210. [721] Maanadags morgininn i gagndogum quomu þeir Aasolfr med .xv. skipum til Nidaros miok aa vuart. lagdi Cemet af Holmi at yfir vid Bacha med .ij. skutur enn þeir Aasolfr logdu til bæiarins ollu lidinu. Skuli hertugi vaknadi vid er hann heyrdi herclockuna. liop hann þegar vpp ok klæddiz ok tok vapn sin ok þeir menn adrir er þar voru i gardinum. sendi hann þa sueina sina vt i bæinn ok bad at Varbelgir ok annat folk skyldi sækia vpp til hans i konungsgard ok skyldi þeir þar moti taka Birkibeinum. Enn er sueinar komu apr hofdu þeir enga menn feingit .ij. sinnum gerdi hann menn vt i bæinn ok feckz ecki af monnum. þeir er sendir voru sogdu sua at allir menn lupu i kirkiur. Hertuginn spurdi huat til raads væri. bru var engi aa aanni Nid. Menn sogdu at til var at flota skutu er stod i konungsgardi ok flytiaz a henni yfir aana ok leita siþan at forða ser til skogar ef hann villdi eigi i Kristzkirkiu. Var þa flotad skutunni. Petr hertuga(sun) var fyrir ofan konungsgard. let hertuginn kalla þa ofan til skutunnar ok þagat foru sumir sueitungar Petrs ok fluttuz yfir aana med hertuganum enn Petr sneri inn til Cristzkirkiu. Baadr bratti liop ok i Cristzkirkiu þuiat hann þottiz þungfærr til gaungu. hertuginn geck aa land yfir vid Skellingarhelli. bad hann þa at þeir skyldu sækia vpp til Erlendzhaugs ok hyggia þadan at ef þeir mætti nockut slag gefa þeim er vpp hofdu geingit vid

Backa. enn menn gerdu eingann rom at þui ok vard ecki raad annat tekít enn þeir sottu þar vpp a breckurnar ok letu síþan skoginn gæta sín.

Dráp Petrs.

211. Petr hertugasun var skamma stund i Cristzkirkíu for þadan til Predicara. budu þeir honum aa naadir sinar ok quaduz gæta hans skylldu. enn Petr bar eigi traust til þess ok for þadan til byskups-gardz ok .iiij. sueinar med honum. þeir fengu þar baat einn ok fluttuz yfir aana ok foru þar til er þeir komu til efra Helgisetsr. for Petr þar inn i hus eitt er konur voru i bakstri. hann feck ser þar vaand klædi ok duldiz. Birkibeinar komu i bæinn. voru þa Varbelgir flestir komnir i kirkíu þeir sem innan bæiar voru. Baardr vargr hafdi laupit i Cristz-kirkíu. Birkibeinar hofdu niošn af ferd Petrs ok fluttuz yfir aana til efra Helgisetsr ok sendu i bakstrhusit mann er Jonn kor het. ok er hann kom vt sagdi hann at Petr var þar inni. eftir þat leiddu þeir hann vt ok drapu hann þegar. Hann hafdi verit ecki litill madr vexti ok þyckr. meirr i modurætt sina yfirsyndar. hann var vel mentr madr klerkr godr ok trumadr. enn ecki þotti Varbelgium hann diarfr til vfridar sem hans foreldri hafdi verit. Lik Petrs var borit til graftar. Eftir þat foru Birkibeinar afr til bæiar. voru þa gerfar ordsendingar alla vega i heradit huat til hertuga spurdzidr edr hans manna.

Skuli var a skoginum.

212. Skuli hertugi var nu aa skoginum ok hellt þadan frettum til Helgisetsr. ok annan veg feck hann þa þær frettir at menn helldu vaurdu vmhuerfis skoginn sua at hann skylldi eigi aa brott komaz sua at Birkibeinar yrði eigi varir vid. toku menn þaa at drifa brott fra honum þeir er honum hofdu fylgt. sua ok þeir sem hann sendi i brott komu engir afr edr fair. Erlingr liodhorn for inn i Tautru ok tok þar vid kuffi. Hertuginn var .ij. nætr aa skoginum. enn midvikudaginn fyrir vppstigningardag þa er canokar geingu med crossum voru Skula hertuga færðar korkapur or klaustrinu ok geck hann sua inn i klaustrid med brædrum. for hertuginn vpp i stopulinn ok hans menn. síþan var þeim gefit at snæða ok drecka. síþan var giorr huila hans ok ætladi hann at leggiar til suefnis þui at hann var miok syfiadr.

Fall Skula.

213. Birkibeinar fengu niošn af at menn hofdu geingit i korkaapum af skoginum til Helgisetsr ok var þess til getid at þar mundi verit hafa

Skuli hertugi. lupu þeir þá þegar til vapna ok fengu ser skip ok foru yfir aana. Enn er þessa vard varr Sigurdr erchibyskup for hann vpp til Helgisetrs ok mart kennimanna med honum ok beiar menn ok kaupmenn. Þegar sem Birkibeinar sottu at klaustrinu skutu hertugans menn aa þa sem akafaz maattu þeir. ok er erchibyskup kom til bannadi hann Birkibeinum atgaungu (at) klaustrinu edr gera þar nockurn vfrid. enn Birkibeinar sogdu at klaustrid var sua skipat at naudsyn var til at gera þar vfrid huart sem þætti vel edr illa. Erchibyskup baud þa feit fyrir hertuga at hann skyldi fara i gridum aa fund Hákonar konungs. enn þeir villdu eigi þat nema hann legdi stad ins heilaga Olafs konungs at vedi ef þat endiz eigi af hertuga sem hann heti. sumir voru sua akafir at ecki gafu gaum at huat erchibyskup sagdi ok lupu til ok logdu elld i klaustrid-enn sumir villdu sleyckua. ok sua kom at elldrinn tok at megnaz. Ok er hertuginn sa at þeir villdu brenna klaustrid ræddi hann vid sina menn at þeir skylldu vt ganga. foru þeir þa til dyranna. geck hertuginn þa vt ok hafdi buklara fyrir andliti ser. hann mællti. hauggit eigi i andlit mer þuiat þat¹ er engi sidr vid hoffingia at gera. Estir þat baaru þeir vapn aa hertugann ok alla þa er vt geingu med honum. fell þar Skuli hertugi ok þessir menn med honum Soni sikr Eysteinn orri Aslacr dyndill Hallkell a Ryginni Hauardr kollr Brusi Aarni matiarl. meistari Bergr var særdr til olifis ok vard þo græddr. Sua quad Sturla.

En nafnfrægr
nockru síþan
inn aa reid
a Nidar backa
vid laugfaur
leggja knaatti
rausnar lid
rikr hertugi.

Ok þar geck
a Giallarbru
ræsis maagr
fyrir ridusottum
bauga bliks
er bodar fellu
ellda vers
of afarmenni.

Þegar sem hertuginn var fallinn foru menn til ok villdu slauckua elldinn enn þui vard ecki a leid komit ok brann þat allt vpp.

Likferd.

214. Lik Skula hertuga var borid a skilddi ofan til beiarins ok þar veittr vmbunadr. stod likit vppi i Nichulaas kirkiu. Vm morgininn estir geingu þeir Asolfr ok Birkibeinar til erchibyskups ok beidduz lausnar af honum. geck þat maal ecki skiott enn þo kom þar at þeir

¹) þar Cd.

Flateyjarbók. III.

voru leystir sua at þeir skyldu vera hia odrum monnum þar til er Hakon konungr væri fundinn ok vitad væri hueriu hann villdi ser af skipta vm þessi storvirki. Eftir þetta var buin líkferd hertugans ok var [722] hon gior en sæmiligzsta. var hann iardadr i Cristzkirkíu fyrir sunnan þar vndir nidri sem hann hafdi laatid bua vm leg Jnga konungs brodur sins vpp i steinvegginum. stod þar yfir vppi Sigurdr erchibýskup ok allir korsbrædr ok mart annarra kennimanna ok allr bæiarlydr. ok margir Birkibeinar. Aartid hertugans er enn .ix. kal. Junij. hann hafdi þa vetr¹ ens setta tigar. Skuli hertugi var miok harmdauda sinum monnum ollum þuiat hann var inn vinsælazsti af sinum monnum. hafdi hann marga luti til þess. fyrst blidu ok godar vidvistir þar med mildi ok dælleika sua at hann spardi nær enga luti vid vini sina. morgum monnum gaf hann nafnbætr edr feck god kuonfong edr kom til annars þroska þeim er til hans stundudu ok vard hann af slikum lutum miok vinsæll. Skuli hertugi gaf bæinn aa Reini faudurleifd sina til klaustrs ok let þar reisa agætt steinmusteri ok setti þar nunnuklaustr ok lagdi til storfe. margir lutir eru adrir at segia fra athaufnum hans afbragligir þott her se eigi ritadir. Skuli hertugi var helldr haarr madr ok grannvaxinn liosiarpr aa haar hærdr manna bezst rettleitr ok lioss. i andlitinu eygdr forkunnar vel. allra manna var hann kurteisazstr ok hæuerskazstr. sniallr i maali ok vel taladr aa þingum. flesta luti hafdi hann þa med ser er frida skyldu godann hoffþingia. ok þat mundi mællt hafa verit ef eigi (hefði) þetta vgiptuverk yfir hann komit nu a sidazstum dogum sins lifs at eigi hefði sa madr fædz i Noregi er betr hefði mannadr verit þeirra sem eigi voru af sialfu langfedgatali konunganna komnir. Hertuginn aatti engann sun eftir sua at menn vissi þat med sannindum. enn þess er at vænta med guds miskunn at leingi mun Noregr prydz af hans afkuænum.

Konungr fretti típendin.

215. Eftir þessi típendi er nu var frasagt vm hrid foru Birkibeinar brott or Nidarosi. þeir norðr aa Halogaland er þar aattu heima enn þeir sudr er þadan voru. Stephann Thomas maagr het sa madr er tok vid brefum Asolfs ok þeirra sem konunginum voru send. ok er Stephann kom til Biorgyniar var konungi sagt at madr var kominn nordan fra Asolfs. let konungr þa kalla Stephan i herbergi til sin. ok er hann kom þar sat konungrinn i þeirri saumu stofu ok saumo skaur sem vm vetrinn er Grimr keikan kom med sin típendi. Stephan bar fram brefit ok er konungr hafdi yfir lesit þa tok hann til orða. a brefi þessu sagdi hann

¹) vitr *Cd.*

eru mikil tíðendi tuenn ok eru þat ill tíðendi er klaustrid er brent aa Helgisetri. enn þau eru onnur at Skuli maagr minn er daudr. Eftir þetta var blásit til stefnu ok sagdi konungr sialfr allri hirdinni tíðendin ok fanz monnum mikit til ok drottninginni eirna mest.

Af konungi.

216. Hakon konungr sat i Biorgyn vm sumarit eftir þessi tíðendi ok efnadi þar til vetrsetu ok sat þar vm vetrinn. Þessi var enn .iiij. vetr ok .xx. konungdoms hans. Vm vorit eftir a faustu vrdu mikil tíðendi i Danmork. Þa andadiz Valldimarr konungr sun Valldimars Knutzsunar er i þann tima var einna agætazstr konungr a Nordrlondum. hann hafdi þa verit konungr i Danmork .xxx. .ix. (vetr). til rikis kom eftir hann Eiríkr sun hans ok hafdi hann aadr verit .ij. vetr konungr med fedr sinum. Vm sumarit byriadi Hakon konungr ferd sina austr til Vikr. enn hann sendi norðr til Þronðheims Jon tuiskafinn ok tok hann af lifi Sigurd hit. hann var Varbelgr ok hafdi ecki sætz vid konunginn. Þa let Gautr Jonsson drepa Arnfinn Þiofsson enn annat vaarit aadr drap Biarni Moysessun Jatgeir skaalld i Kaupmannahofn. hann var þa kominn ofan or Suiavelli ok hafdi farit allt it eystra sem fyrr var ritad eftir þat er Gunnar konungsfrændi tok brefin af honum i Helsingialandi. Hakon konungr for austr til Vikr. ok er hann kom i Borg var þar fyrir honum Gregorius son herra Andres brodur Philippus konungs. hann bad Cecilio dottur Hakonar konungs. hann tok þessu vel. þat vard framgeingt nockuru sidarr. Hakon konungr for þadan austr i Konungahellu ok ætladi at finna Eirek Suiakonung þuiat Suiar kærdu miok aa Hakon konung er hann hafdi brent Vermaland. Eirekr konungr var þa vppi i Gautlandi ok villdi eigi finna Hakon konung. sendi hann til hans herra Birgi er þa aatti Jngibiorgu systr Eireks konungs. Þa er Hakon konungr var i Konungahellu kom til hans sa madr er Matheus het sendr af Fridreki keisara med morgum agætum gíofum. med honum komu vtan .v. blamenn. Hakon konungr for vm sumarit aftr til Biorgyniar ok dualdiz þar vm haustid. A þessu aari andadiz Gregorius papa. eftir hann kom Innocencius. þetta haust tok Gizsur Þorvalldzsun af lifi Snorra Sturlusun i Reykiahollti aa Jslandi. Hakon konungr for norðr til Þronðheims ok sat þar vm vetrinn. Þessi var enn .v. vetr ok .xx. rikis Hakonar konungs.

Gregorius feck Cecilíu.

217. Vm vorit kom sunnan yfir fiall Gregorius ok feck fru Cecilíu

konungsdottur. veitti konungrinn þá sæmiliga brudlaup hennar. hann fór sidan suðr til Biörgyniar ok var þar vm sumarit. Þat haust kom af Jslandi Vrakia Snorrasun ok hófdu þeir tekit hann Kolbeinn vngi ok Gizsur ok sent vtan. hann kom a valld Hákonar konungs ok gaf hann honum vpp reidi sína er hann hafði farit vt í banni hans. enn þó sagði konungr hann betr tilfallinn at deyja fyrir þá sauk enn faðr hans. ok eigi mundi hann daait hafa ef hann hefði aa minn fund komit. Vrakia var med konungi vm vetrinn ok var hann vel til hans. Þann vetr sat Hákon konungr í Biörgyn ok var þessi enn setti vetr ok .xx. ríkis hans. Þetta sumar eftir var konungr í Biörgyn ok ætladi vm haustid suðr til Vikr ok sítia þar vm vetrinn. Vard konungr sidbuinn þuiat hann aatti morgu at skipa. komu menn til hans vestan vm haf ok af odrum londum þeir er erendi aattu vid hann. ok er hann kom suðr fyrir Rogaland logduz aa stormar miklir. sneri hann þá inn í Stafangr ok dualdiz þar vm ríjd. tok þá vedraatta at hardna. fór konungr þá norðr til Biörgyniar ok sat þar vm vetrinn. ok var þessi inn .vij. ok .xx. konungdoms hans.

Fra Hákonu.

218. J þenna tíma er Hákon konungr reed Noregi var Alexandr konungr í Skotlandi sun Vilhjalms Skotakonungs. hann var hófþingi mikill ok miok agiarn til þessa heims metorda. hann sendi menn til Hákonar konungs byskupa .ij. þeir hófdu þat erendi (at) vita ef Hákon konungr villdi gefa vpp ríki þat í Sudreyium er þeir kolludu at Magnus konungr berbeinn hefði feingit med viafnadi af Melkolfi Skotakonungi frænda hans. enn Hákon konungr suarar sua at hann quaz vita at þeir Magnus konungr ok Melkolfr hófdu allt samit med ser huart ríki Nordmenn skylldu hafa af Skotlandi edr þeim smaeyium er þar laugu nær. enn ecki valld [723] quad hann Skotakonung hafa þann tíma í sialfum Sudreyium. enn Magnus konungr vann þær af Gudreydi konungi ok kalladiz Magnus konungr þó ganga eftir sinum erfdalondum. Ok er sendimenn heyrdu þenna orskurd þá sogdu þeir at Skotakonungr villdi kaupa allar Sudreyiar at Hákonu konungi ok baadu hann meta til brendz silfrs. Hákon konungr quez eigi vita vonir sua brada þurft silfrs at hann mundi þar til laundin selia. Foru sendimenn í brott. Skotakonungr leitadi þessa maals oft ok feck inn sama orskurd.

Fra Hákonu.

219. Þetta sama sumar kom vtan af Jslandi Gizsorr Þorualldzsun

a fund Hákonar konungs. enn Þórdr kakali feck orlof til Jslandz. ok aatti hann miklar deilur við Kolbein Arnorssun þá þria vetr er hann sat í Vestfirðum. Vm vorit eftir fór Hákon konungr norðr til Þrondheims ok sat þar nokkura ríjd. þat vaar kom Biorn aboti aftr í land. hann sendi menn til Hákonar konungs ok beiddiz fridar af honum quez hafa god típendi fram at bera. konungr iattadi þui blidliga ok bad hann til sin koma þegar hann villdi. Ok er hann fann konung bar hann honum quedi pafa ok blezsán med brefi ok sua fogrum ordsendingum at varla hefir komit í Noreg íafnagrt bref af pafa. Aboti var med konungi vm sumarit enn vm haustid fór konungr í Vik austr. þá andadiz Ormr byskup í Oslo. Hákon konungr sat vm vetrinn í Vikinni. enn Biorn aaboti fór norðr ok ætladi heim í Holm. enn hann komz eigi leingra enn í Selu ok andadiz þar. þat var inn atta vetr ok .xx. ríkis Hákonar konungs. Enn er Hákon konungr hugsadi eftir vm bresit fagra er pafi hafdi ritad til hans þá sendi hann ord Sigurdi erchibyskupi ok odrum byskupum. enn er þeir funduz bad konungr byskupa rita til pafa med ser ok bidia orlofs at hann væri koronadr. byskupar gaafu þau s(u)aur at þeir quaduz giarna vilia rita med honum med þui at hann gæfi þeim godar rettarbætr. þat letu þeir ok fylgia at hann skylldi þann sama eidstaf hafa vndir koronu sem Magnus konungr Erlingssun hafdi haft þá er hann koronadr var. þá suarar Hákon konungr. sua framarlíga hafa konungar aadr íaattad ydr rettarbotum at varla veit ek at ver megim aa þat auka. enn þo hafi þer sialfir enn eigi vframarr nyttar enn gefnar hafa verit. enn ef ver suærim slíkann eid sem Magnus konungr sor þá virdiz oss sua sem minkadiz vor sæmd í þui helldr hitt enn yxi þuiat Magnus konungr hirti ecki huat hann vann til ef hann fengi þat er hann var eigi tilkominn. enn med guds miskunn þá þickiumzst ver eigi þurfa af ydr kaup þat er gud hefir oss rettlíga til kosit eftir vorn fedr ok foreldri. ok þat skulu þer sannlíga vita at med guds miskunn skal ek sua frialslíga at koronu komaz ok aan allra afarkosta at ver megim síþan hana frialslíga bera sem adrir sæmilígir konungar. ella skal hon allðri a vort hofud koma ok þeirrar stundar bida er gud hefir fyrir sett enn hann vill varn vilia fullkoma. Nokkuru sídarr gerdi Hákon konungr menn til pafa ok beiddiz af honum at hann sendi nokkurn sinn kardinalem at gera konungi þá sæmd at vigia hann vndir koronu. Hákon konungr sat í Biorgyn vm vetrinn eptir byskupafundinn ok var þessi enn .ix. vetr ok .xx. konungdoms hans. þetta sumar eftir komu þeir af Jslandi Gizsor ok Þórdr ok hofdu þá sætz í konungs dom aa oll maal sin. þá hafdi Þórdr barizst vm vaarit í Skagafirði við Brand Kolbeins-

sun ok fell þar mart manna af huorumtueggjum ok gott mannval. Hákon konungr fór vð haustid norðr til Þronðheims ok efnadi þar til vetrsetu. At aalidnum vetri komu sendimenn konungs fra Roma ok sogðu at koma mundi einnhuerr cardinalis i landit ok gera alla sæmð konungi eftir þa þa bodi. ok þa birti konungr þetta erchibyskupi ok bað hann senda eftir byskupum ollum ok abotum ok lærdum monnum inum skynsomuzstum. konungr sendi ord lendum monnum laugmonnum syslumonnum hirdmonnum ok ollum inum bezstum bændum ok bað þa buaz sem sæmiligaz ok koma til Biorgyniar aa þui sama sumri. Hákon konungr gerði skip vestr til Englandz vð vorit ok sua til annarra landa at afla faanga þeirra sem honum þotti mest skorta i Noregi at fagna cardinali eftir þui sem hann villði ok baadum þeim somði. Knutr jarl var i Þronðheimi ok hafði þar verit .iiij. vetr. hann hafði .iiij. fylki i Þronðheimi Naumudal ok Sogn haalfann. Hákon konungr fór or Þronðheimi Knutr jarl ok margir adrir gofgir menn.

Cardinalis kom til konungs.

220. Hákon konungr hafði þa verit .xxx. vetr konungr. Ok er hann kom til Biorgyniar þa hugleiddi hann með vitrazstu manna raadi huersu hann skyllði buaz við cardinali. enn hann kom vð vorit sunnan i England. fagnadi Heinrikr konungr honum sæmiliga. enskir menn sogðu honum fyrir sakir aufundar við Noregsmenn at hann mundi þar eingar sæmdir faa ok varla verða fæðdr. lauttu enskir menn sem mest at hann færi i Noreg ognudu honum bæði hafinu ok grimleik folksins. Kardinalis suarar. ek hefir verit firr Noregi enn nu er ek ok heyrða ek þa sagt bezst fra þui folki er þar byggir. eru þar sagðir vel cristnir menn ok vitr konungr ok skynsamr. erchibyskup þeirra hefir ek seet ok syndiz mer hann líkligr til gods hofþingia. þar eru ok sagðir skynsamir byskupar. enn ek hefir til þeirra þau tua(u) erendi at ek væntir at vel skuli godum monnum at getaz. þat er at birta þeim sannan gud enn annat at korona konung þeirra með guds miskunn ok þafans forsia. enn þui kuidi ek eigi at mik skorti þar mat eðr dryck. Eftir þat bio cardinalis ferd sina til Noregs. hann kom Botolfs vokudag vtan at ey þeirri er Sire heitir ok giordi menn fyrir ser at segia konungi komu sina. þat var miok i senn er þeir komu i konungsgarð ok hann siglði aa vðginn. þat var síð dags. konungr gerði menn til hans at biosa honum alla luti sem sæmiligaz enn hann sagðiz vilia konungs raadum hlita. Vð morgininn er sungnar voru típir geck konungr til skips sins þat var haalfþritugt með gyllðum hofðum þat var kallat Drekin. þa

var lagit vt fiolda skipa. cardinalis hafdi eina sneckiu enska. konungr geck aa skip hans ok med honum lendir menn ok hirdstiorar. voru þar allblidligar kuediur. foru þeir sua inn at bryggium. fogur processia var gior i mot cardinali af byskupum lærdum monnum ok klaustrafolki. Enn þegar eftir let konungr blasa til þings vt i Cristzkirkiugardi. ok er konungr kom a þingit hof cardinalis þa sitt erendi a þessa leid ok taladi sua.

Cardinalis kunngerdi konungi sin erendi.

221. [724] Ek vil ollum monnum kunnigt gera at med guds miskunn ok pafans bodi kom ek i þetta land at boda monnum nafn Jesu Cristz ok korona konung yduarn. eru þessi min erendi tuenn. eigi sendi hann til þessa erendis einnhuern prest edr lærdann mann med litlu valldi nema mik einn af cardinalibus sinum med byskupsnafni ok sua miklu valldi at binda ok leysa oll maal sem sialfr væri (hann) her. þuiat hanu villdi at þetta væri sua gert sem konunginum væri mest til sæmdar. Siþan taladi hann margfalldliga tru fyrir folkinu enn siþan gaf hann ollum sina blezsan ok gott heimleyfi. Eftir þat tauludu þeir optliga konungr ok cardinalis ok var ecki annat i rædu hans enn gera sem mesta sæmd konungsins. Kardinalis taladi iafnan vid byskupa þa er þar voru. erckibyskup kom sidazst allra þeirra. enn siþan er þeir hofdu vid talaz þa þottiz konungr finna at þa var annat fyrir honum talat enn fyrr var i ætlan hans sialfs.

Fra kardinali.

222. Einn dag er þeir voru a tali i Kristzkirkiu konungr ok cardinalis þa hof cardinalis tal sitt a þessa leid. med þui herra konungr at þer ætlit at taka meiri sæmd af heilagri kirkiu enn engi konungr tok fyrr i Noregi þa væntum (ver) at þer munit iaatta vilia heilagri kirkiu þui sem adrir hafa iattad fyrir ydr ok enn med godu vm bæta. sua munu þer ok vilia (vinna) slikann eidstaf sem Magnus konungr vann er fyst var coronadr i landinu. Hakon konungr suarar sua. ek finn nu herra at þessi ord eru eigi-minnr af annarra manna ordum enn sialfra yduar. enn þeim rettarbotum vilium ver giarna iatta heilagri kirkiu ok hennar þionustumonnum at hon hafi slikt frelsi her sem i þeim londum er skipat er sitt frelsi hefir huart ok sina sæmd heilug kirchia ok konungdomrinn. enn þo at noekur konungr hafi þui iattad at þeir attu eigi at iatta framarr enn fyrir sialfa sik þa vilium ver þo engi maala-spell gera oss edr vorum sonum þeim sem eftir oss koma. ok skiott

at segia ef þer vilit oss nockurskonar kaupmaala koronu gera at fyrr vilium ver enga koronu bera enn nockut ofrelsi a oss taka. ok þurfi þer þessa eigi optarr vid oss at leita. Kardinalis suarar. herra konungr. latid ydr eigi vm þetta mislika þuiat sua skal vera sem þer vilit. Eptir þetta gerdi kardinalis ord erchibyskupi ok lydbyskupum ok korsbrædrum ok ræddi vid þa þessum ordum. ek taladi vid konunginn þat erendi sem ek var bedinn ok syniz mer sem hann hafi sannara i þessu mæli enn þeir sem annars bidia. ok þui vil ek at þer vitid at ek mun erkis annars beidaz heþan i fra enn korona hann sua frialsliga sem konungligri tign byriar. enn þetta þarf eigi optarr at tala.

Fra ræðum cardinali(s).

223. Margar naudsyniar ræddi konungrinn af hendi þegna sinna fyrir cardinali ok bætti hann vm. hann vigdi Postulakirkju i konungsgardi þa er Hakon konungr hafdi gera laatid ok gaf þar mikla aflausn æfinliga. Ok þa er vm var rætt huern dag konungr skylldi vigdr vera þa sagdi cardinalis at hann skylldi aa einnhuerri postulamessu vigiaz. enn med þui at konungr var i ættartolu vid enn heilaga Olaf konung þa villdi hann hellz aa hans hatidardegi þa sæmd taka. sipan var til allra luta skipad þeirra sem þar þurfti til. þann tima vm sumarit var hard vedraatta af regnum sua at engan vmbunat maatti vti hafa. eggjudu menn þess at konungr skylldi veita i þeim .ij. trehallum sem voru i konungsgardi. Hakon konungr hafdi gera laatid eitt hus mikit vt vndir knorrum er til naustz var ætlat. þat var nirætt at leingd enn sextugt a breidd. Einn dag er þeir geingu þagat konungr ok cardinalis þa mællti konungr. med þui herra at ver hofum eigi stor hus syniz ydr nockud at ver gerim her i veizslu vora til þess at fleira folk meg i hia oss vera. Kardinalis suarar. þat þicki mer it bezsta raad. Sipan let konungr husit bua med þeim efnum sem þui somdi.

Vigsla Hákonar konungs.

224. Vigsla þessi var ætlud a Olafs vaukudag. þar voru vid þessir hofþingiar. Vilhialmr cardinalis. Sigurdr erchibyskip. Arni byskup af Biorgyn. Askell byskup af Stafangri. Þorkell byskup af Oslu. Pall byskup af Hamri. Heinrekr byskup af Holum. þessir voru leikmanna hofþingiar. Hakon konungr ok Hakon konungr inn vngi sun hans. Knutr jarl. jungherra Magnus. Sigurdr konungsson. þessir voru lendir menn. Gautr Jonsson. Lodinn Gunnasun. Petr Paalsson. Gunnarr konungsfrændi. Munaann byskupsson. Finni Gautzsun. Bryniolfr Jonsson. Jonn

drottning. Sigurdr byskupssun. þar voru .x. abotar erchidiaknar ok profastar ok flestir korsbrædr af ollum byskupsstolum i landinu .v. logmenn. stallarar konungs ok sylumenn hirdstiorar ok oll hirdin ok inir bezstu bændr or hueriu fylki. þar var ok fioldi vtlendra manna. þa voru vætr sua miklar at bædi rigndi nætr ok daga. þui var tialldat med klædum baadi grænum ok raudum milli konungsgardz ok Cristzkirkjudyra bædi yfir vppi ok tua vega vt i fra. maatti sua ganga til herbergia at ecki meinadi vætan.

Af embætti cardinali(s).

225. Olafsvoku aftann var a sunnudegi. enn messodaginn sialfann voru sungnar tidir vm bæinn. eftir messor var ollu folki blasit vt i Cristzkirkjugard. .lxxx. hirdmanna voru herklæddir ollum bunadi. þeir geingu at ryma veginn. þessi var skipan aa konungs gaungu. fyrst geck hirdin su er ruddi veginn. þar næst geingu .ij. merkismenn med merkium. þar næst sylumenn ok skutilsueinar i godum klædum. þa lendir menn med velbunum suerdum. þar næst .iiij. lendir menn ok baru talfbord ok þar aa allt konungsskrud ok vigsluklædi. þa geck Sigurdr konungssun ok Munaann byskupssun ok baaru .ij. rikisvaundu af silfri. gullcross aa odrum enn a odrum ari af gulli. þar næst geck Hakon konungr vngi ok bar koronu ok Knutr jarl ok bar vigslusuerd. Sigurdr erchibyskup ok adr(ir) .ij. byskupar leiddu Hakon konung i milli sin. þar næst vid portid i konungsgardi komu i mot byskupar abotar ok adrir lærdir menn med processione ok hofu vpp responsorium Ecce mitto angelum ok geingu sua til kirkju. kardinalis stod i kirkjudyrum ok med honum .ij. byskupar ok klerkar hans ok hofu þar vpp song aa nyia leik ok fylgdu sua konungi til altaris. eftir þetta var sungin messa ok for vigsla fram eftir þui sem byriadi. Ok er messu var lokit fylgdi erchibyskup konungi heim ok adrir byskupar til herbergis med sama hætti sem fyrr syngiandi lof gudi. þa afklæddiz [725] konungr vixluklædum ok for i allan konungsbunat enn bar koronu þann dag.

Fra hirdsidum.

226. Eftir þetta geck konungr i herbergi þar sem veizslan skylldi vera med ollu folki þui er til var ætlat vid litlu Cristzkirkju. mætti hann þar cardinali geingu þeir baadir samt til huss ok allt folk. þar var tialldat med steindum klædum. kulltum. pellum. silki gullskotnu. Enn sua var skipat sessum at id nedra megin vid stafina sat konunginn. kardinalinn sat a hægri hond konunginum. þa erchibyskup. þa

byskup af Biorgyn ok huerr ad odrum byskupanna. a hægra veg til siofar saatu abotar priores ok profastar. i midri hallinni gegnt haasætinu var giort annat haasæti ok sat þar Hakon konungr vngi. Knutr jarl. Sigurdr konungssun ok vt i fra lendir menn. drottning sat a vinstri haund konungi. næst henni fru Ragnhilldr modir hennar. þa fru Kristin. þa fru Cecilia konungsdottir. þa fru Rangridr. þa abbadisir ok sidan adrar konur. vid inn synra vegginn sat hird konungs. var þar tuiskipat eptir endilongu husinu. enn vt i fra þeim saatu gestir enn med tuiskipudu. enn allz voru þessar skipanir þrettan eftir endilongu husi. mikill fioldi var i tiolldum vmhuerfis er eigi¹ hafdi rum inni. Hinn fysta rett baaru inn þessir lendir menn. Munaann byskupssun Bryniolfr Jonssun Gunnarr konungsfrændi Sigurdr byskupssun. et fyrsta ker skenkti Hakon konungr vngi faudur sinum. Knutr jarl kardinali. Sigurdr byskupssun drottningu. Munaann erchibyskupi. ok geingu sipan til sætiss. þa er menn voru mettir kuaddi cardinalis ser hliods. hann taldi fyst helga tru. sipan mællti hann sua. lofadr se gud at ek hefir þat erendi fullgert i dag sem ek hefir vmbod til af hendi heilagrar Romaborgar ok herra pafans ok cardinala at nu er konungr yduarr koronadr sua fullkomliga at eingi mun slika sæmd feingit hafa fyrr i Noregi. gud se þess ok lofadr at ek sneri eigi. aptr sem ek var eggjadr. var mer ok sagt at her væri menn likari dyrum enn monnum enn mer synaz þeir vera med godum atferdum. se ek her ok fiolda manna vtlendra ok sua morg skip at ek hefir eigi fleiri set i einni hofn. mer var sagt at ek munda litid braud fa ok litinn mat eingan dryck nema blondu edr vatn. nu se gud lofadr at ek hefir her alla luti goda þa betra er at hafa enn missa. nu gæti gud drottinn konunga vorra drottninga byskupa lærdra manna ok allz folks. gefi mer þat erendi higat at ydr se til heidrs enn ollum oss til fagnadar bædi þessa heims ok annars. Sipan geck cardinalis i brott ok hans folk. Sua kuad Sturla.

Aukin gift
af guds syni
yfir Hakoni
heilli godu
er alvalld
auflgrar cristni
fyrirmadr
til fridar vigdi.

Ok gedstorr
a grams hofud
konungligt
koronu let.
kom kappsnuinn
cardinali
i Biorgyn
at bodi pafa.

¹) i Cd.

Sua quad Olafir.

Fræian red þik Vilhialmr vigia
 var baals hautuðr kardinali
 eingi valdiz iafngodr hingat
 alldar gramr af pafa valldi.

koronu let cristni styrir
 kynbrýddr iofurr ydr vm skrydda
 ramri grund hafit rikisvandar
 reidivalldr med frægdum halldit.

Capitulum.

227. Hakon konungr sat eftir þat er cardinalis geck ok allt folk til þess er bord voru vppi ok Mariu minni, síþan fagnar konungr folkinu ok þackadi þeim þarkuamu sina i þessu herbergi. Var veitt þria daga med þessum hætti. Sua quad Sturla.

Enn su rausn
 rida knatti
 Vaursa grams
 med vellskautum
 huersu Vaulsunge
 veita maatti
 valinn dag
 vixlu sinnar.

Ne allualldr
 einu ranni
 fremdar folk
 fleira valdi
 austr ne stendr
 at aulskipan
 vndir hreinbærs
 huitu ræfri.

Eigi skorti þar godan bordbunat ok allt var þar vel feingit sem her segir.

þar i gull
 geiga knatti
 inni full
 vnna greipum
 enn inndrott
 allra strida
 heilivogr
 til hiarta fell.

Skaut vinfars
 visa monnum
 a gomsker
 gylldu bordi
 hilmis hird
 hunangs bara
 i gedknaur
 glymiandi fell.

Síþan veitti konungr .v. daga i siofarhallinni i konungsgardi. Var þar kardinalis ok allir byskupar lendir menn ok lögmenn ok allt it bezsta mannaval. Þeir toludu þa vm naudsyn landzins lærðra manna ok heilagra kirkna. Þeir badu konung gefa nockut af leidangrum heilagri kirkiu. Kardinalis suarar byskupum. þa munu þer vilia gefa bædi af landzskyllidum ok odrum tekium þeim sem þer takit ella kann ek eigi at bidia konunginn minka sinar tekiur. Síþan gat eingi þessa maals optar. Þat kærdu bændr at byskupar tæki tiundir af kirkium ok yki med veizlur sinar enn tæki sialfir til sin. enn kardinalis sagdi þat vandliga af ok (at) kirkiur frialsliga skylldu hallda tiundum sinum ok odrum tekium sua sem byskupar sinum. þa kærdu lærdir menn at

byskupar tæki lausnir af prestum þó at þeir kæmi eigi i fylkit. kardin-
alis sagdi at þat var bædi i moti guds logum ok manna sagdi at þeir
skylldu eingar taka nema þeir færi. þat kærdu bændr at þeir gylldi fe
fyrir ef þeir byrgi fongum sinum a helgum dogum edr tæki fiska ef
gud gæfi þeim. kardinallis gerdi þa skipan aa at menn skylldu biarga
heyi ok korni veida sildr ok fiska vtan enu hæstu daga. hann fyrirbaud
jarnburd. margar skipanir gerdi hann þær er eigi eru her allar ritadar.

Henrekr byskup vigdr til Hóla.

228. J þenna tíma red Eirekr konungr Valldamarsson Danmork.
enn eftir andlaat Valldamars konungs gerdiz sundrþycki med þeim
bræðrum Eireki konungi ok hertuga Abel er þa var yfir Jotlandi. Danir
helldu strid vid Lybikumenn ok var af þui gior vfridr kaupmonnum
þeim er sigldu i gegnum Danmork. J Græningiasundi hófdu Danir tekit
Nordmannaskip nockur ok rænt oll. vidara voru Nordmenn ræntir bædi
af Donum ok Lybikum monnum. Enn sumar þetta hafdi Hakon konungr
latid taka oll skip þau er komin voru af Danmork Vindlandi ok þydu-
uersku ok fe þeirra i sitt valld. [726] enn þeir menn sem feit aattu
geingu fyrir cardinalem ok badu miskunar at hann skylldi bidia konung-
inn at þeir nædi fe sinu. hann flutti þat vid konung ok bad hann
miskunna kaupmonnum fyrir sin ord ok kuad þessa mundu saklausu¹
vm þetta maal. Hakon konungr sagdi sua at hann mundi þetta gera
fyrir ord hans at þeir nædi fe sinu enn ecki quez hann iafnan mundu
þola Dðnum at þeir dræpi menn hans edr rænti fe. Kaupmenn toku vid
fe sinu ok likadi vel. þetta sumar var vigdr til byskups Heinrikr Karls-
sun til Hóla stadar a Jslandi. Vilhialnr kardinallis sagdi þat vsannligt at
Jsland þionadi eigi vndir einn konung sem oll onnur lond i verolldu.
var þa sendr vt med hans raadi þorðr kakali med Heinreki byskupi.
skylldu þeir flytia þat erendi vid landzfolkit at allir iattadiz vndir ríki
Hákonar konungs ok slikar skattgíafir sem þeim semdi. þetta sumar var
sendr til Grænlandz Olafr byskup ok skylldi hann hafa slikt erendi.
Gizsur Þorualldzsun var eftir i Noregi. þeir komu til Jslandz vm haustid
Heinrekr byskup ok þorðr kakali. þeir foru til Borgarfiardar. tok þorðr
ríki þat er aatt hafdi Snorri Sturluson faðurbrodir hans ok alla pe(n)-
inga. hann tok ok ríki þorleifs or Gaurdum fyrir þat er hann for vt i
banni konungs. Enn er þorðr for norðr vm vetrinn þa hófdu vvinir
hans kært sin maal fyrir byskupi ok hafdi hann tekit þeirra maal aa
sinn varnat ok af þessu tok at spillaz vnaatta þeirra byskups ok

¹) saklausan Cd.

Þóðar til þess er þeir vrdu aa eingann lut saattir. Var byskup .ij. vetr a Jslandi ok for eftir þat vtan a fund Hákonar konungs ok var hann inn mesti vvin þóðar iafnan síþan. enn þeir slogu þa saman vinaattu sinni Heinrekr byskup ok Gizsur ok fluttu þat fyrir konungi at betr mundi hans maal fara a Jslandi ef þeir væri til sendir.

Capitulum.

229. Nv eru sogd nockur tíþendi þau er gerduz a fundi þeirra Vilhialms cardinalis ok Hákonar konungs. enn morg skipan var su nytsamlig folkinu er eigi er her ritud. enn oll su skipan er þeir gerdu þa setti cardinalis fyrir bref sitt ok jnsigli ok lagdi vid bann ok guds reidi huerium er eigi helldi. ok eftir þetta tok cardinalis orlof af konungi. Síþan let konungr bua tuitugsessu .ij. skutur ok einn byrding ok for cardinalis med þessum skipum i brott. feck konungr Gunnar fráenda sinn til skipstíornar med honum. Hákon konungr gaf cardinali storar gíafir ok ollum hans monnum. hann gaf erchibyskupi ok ollum byskupum ok ollum lendum monnum ok enu bezsta mannváli virduligar gíafir. sem Sturla quad.

Ok þat satt
at seggia drottninn
gulli grimmr
a gíafstoli
þaa huerr madr
af hrings skata
þat er aull þíod
æskia kunni.

þar síodmioll
suifa knatti
bauga briotz
af boga flollum
hardla hreint
haarri þíodu
af gaglfars
geigurandra.

þar rann vpp
allri þíodu
mundar dagr
a mergs himin
skein armsol
iofra styris
visa ferd
vm vala grundir.

Ok hafleyg
hauka feríur
herdimenn
hladnar fluttu
daadum racks
ok digulsskóðflum
af allvalldz
oskafundi.

Hákon konungr fylgdi cardinali vt i Floruvóga med ollum skipum sinum ok skilduz þeir þar med enum mesta kærleika. Kardinali byriadi helldr seint austr til Stafangrs ok dualdiz þar vm ríjd. þadan for hann til Tunsbergs ok þadan til Osloar. allstadar þar er hann kom skipadi hann maalum manna. or Oslu for hann til Konungahellu ok stefndi þar

almenniligt þing ok quomu þar margir menn af Gautlandi i mot honum. ok var hin sama hans tala sem fyrr. hann þackadi gudi er hann kom i Noreg. síþan for hann austr i Suiariki ok sua vt til pafa.

Fra sendimonnum.

230. Hakon konungr bio ferd sina vm haustid eftir vigsluna til Vikrinnar ok ætladi þar at sitia vm vetrinn. þa kom vestan af Sudreyjum Haralldr Manar konungr sun Olafs Gudraudarsonar. ok for austr med konungi. Hakon konungr sat vm vetrinn i Oslu ok var þessi enn .xi. vetr ok .xx. konungdoms hans. þann tima var konungr i Suiþiod Eirekr Eirekssun systurson Valldamars konungs i Danmork. enn Vlfr jarl fasi var mestr landraadadr i Suiþiod med konunginum. hann var sun Karls jarls daufa ok var hann mikill vinr Hakonar konungs ok Nordmanna ok aftaldi miok at Eirekr konungr skyldi miok laata ser vm finnaz þa brennu er verit hafdi i Vermalandi. enn þeir voru margir adrir Suiahofþingiar er þess eggjudu at konungr skyldi þar nockurar hefndir lata fyrir koma. Herra Birgir son Magnus minniskialldar er aatti Jngibiorgu systr Eireks konungs hann var þa enn þridi mestr raadsadr i Suiþiod. þenna vetr er Hakon konungr sat i Oslu kom austan af Suiariki Juar þorsteinssun af Dali hann var sendr af Suiahofþingium at spyria eftir huern orskurd konungr villdi veita Suium fyrir ofrid þann er hann hafdi gert i Vermalandi. konungr suarar sua at hann kuad ser enga ofkæti til hafa geingit at brenna Vermaland ok kuaz eigi komit mundu hafa austr yfir Eidaskog þess erendis ef eigi hefði Vernar eslt margan valldarflock i Noregi til raana ok manndrapa. segir hann fyrir þat margan godan dreing laatiz hafa. enn med þui segir konungr at huorirtueggju telia nockut at vid adra þa se ek þann vtveg helz til at ver finnimz sialfir hofþingiarnir ok talim vart maal. verdr þa annathuart at ver sættumz edr annarr orskurdr kemr aa sa er gud hefir fyrir ætlat. mun ek þenna fund sækia austr til landzenda þo at nu vili þeir þegar i sumar er kemr. For Juar vid þenna orskurd aa brott ok komu þau suðr austan vm vorit at Suiar villdu þetta stefnulang. þa er Hakon konungr sat i Vikinni flutti Haralldr konungr bonord sitt ok bad fru Ceciliu konungsdottur er aatt hafdi Gregorius. konungr tok þessu vel. ok med þui at þess vard audit þa festi hann ser Ceciliu konungsdottur ok var ætlat at brudlaup skyldi vera i Biorgyn vm sumarit. Vm vorit byr Hakon konungr ferd sina til Biorgyniar ok er hann kom þar dualdiz hann þar vm sumarit ok gerdi ord þeim monnum er hann villdi at med honum færi i stefnuleidangr. þa komu þeir vestan

vm haf Jonn Dungaðarsun ok Duggaall ok stundudu baadir til þess at Hakon konungr mundi gefa þeim konungsnafn yfir neyrdra lut Sudreyia. voru þeir med konungi vm sumarit baadir. .xiiij. naattum fyrir Jonsvoku vrdu mikil tíþendi i Biorgyn þa vard elldr lauss miok sua i midium bænum [727] i gardi þeim er Straumrin heitir vm nott i þann tima er hringdi. enn adr hofdu verit þurvidri ok leek elldrinn skiott. Konungr kom til fyrir innan Petrskirkju ok faatt manna med honum. enn skiott kom þo hirdin ok þeirmenn ok ætludu þar at veria elldinum enn þar var þa sua miok leikit at þar maatti ecki vid festazst. foru þeir þa til Mariukirkju ok ætludu þar at veria. geck þa elldrinn sua fast at Mariukirkia tok at brenna ok stoplarnir. þa vard sua mikill elldzgangr at elldinum kastadi vpp i borgina ok tok hon at brenna. for þa konungrinn þangat til ok mart manna. brunnu þar margir menn inni adr vt kæmiz. Enn er konungr kom ofan til bæiar var þar mikill elldzgangr. vardi folkit þa vt vid Sandbru. konungr for þangat ok kom þar i mannhaaska mikinn. þa var sem iafnan i mannaunum ath konungr for diarfliga ok þo varliga ok raadliga at koma þui fram er hann villdi. þar flutu vti fyrir kuggar nockurir komnir af Gautlandi ok for konungr vt i baatinn ok rere til kugganna ok feck þar marga stora katla ok voru þeir fylldir af sio ok fluttir sua vpp aa bryggiur. var siþan sionum steypt i elldinn ok vard hann sua slejctr med guds miskunn ok konungs giftu. þar vard ok faam dogum sidarr vndarligr atburdr at þar geck reididuna med elldingum ok laust i þekiu þess loptz er jungherra Magnus var i son Hákonar konungs ok reif raafrið vpp vm nockura fadma. var þat mikil guds miskunn er elldingin laust eigi inn. enn hon for siþan a vaaginn vt ok laust siglutre a kiol einum er flaut fyrir bænum ok tok reidi sundr i smaar flisir. einn lutr af trenu vard at skada manni er kominn var aa kiolinn at kaupa glys or bænum enn einga sakadi adra þa er a kiolnum voru. Bærin var allr bruninn fyrir innan Sandbru vtan faair gardar jnn vid vaagsbotn. Hakon konungr veitti rikuliga veizlu i konungsgardi ok gifti Ceciliu dottur sina Haralldi Sudreyia konungi. eftir þat byrr hann ferd sina til stefnulags vid Suia. ok hafdi mikil lid ok mart skipa. Enn er hann laa i Elldeyarsundi gaf hann Joni Dungaðarsyni konungsnafn. ok for hann þadan norðr aftr ok ætladi vestr med Haralldi konungi ok þeir Duggaall baadir enn þo settuz þeir aptr baadir. sat Jonn konungr i Biorgyn vm vetrinn enn Duggaall for austr eftir konungi ok var med honum þann vetr. Haralldr konungr for vm haustid or Biorgyn ok fru Cecilia kona hans. þau hofdu eitt skip mikil ok þar aa mart godra manna. þau komu ecki til Sudr-

eyia aa þui hausti ok tyndiz skip þat ok allir þeir menn er aa voru. ok er þat flestra manna ætlan at þau hafi tynzst i Dynraust fyrir sunnan Hialltland þuiat rekinn kom af skipunum sunnan aa Hialltland. Þotti þetta enn mesti mannskadi ok þat var Sudreyingum et mesta nidrfall ok vgifta er þeir mistu sua braadliga þuiliks hofþingia sua giftusamlig sem hans ferd hafdi vordit at þui kuonfangi sem hann hafdi feingit ok odrum sæmdum. Hakon konungr for til Vikr. hann laa miok leingi i Dyngiu ok beid erchibyskups. hann hafdi meirr enn .xxx. skipa ok flest stor.

Andlaat Vlfs.

231. Eirekr Suiakonungr hafdi dregit saman her mikinn i Suiþiod ok for vm sumarit vestr til Gautlandz. þar var med honum Vlfr jarl ok herra Birgir maagr hans ok margir adrir gofgir menn. þeir hofdu mikit lid ok flest a hestum. þeir komu til Liodhusa ok var þa eigi Hakon konungr kominn. enn med þui at Suiar hofdu litla vist flutt med ser mattu þeir eigi bida Nordmanna ok ridu vpp afr i Suiþiod. þat bar ok til at jarl var nockut¹ siukr. þat sama haust andadiz hann ok þotti þat Suium enn mesti skadi. ok skiott eftir andlaat hans gaf konungrinn herra Birgi maagi sinum jarlsnafn ok gerdiz hann inn mesti hofþingi ok hafdi oll landraad med konungi. Litlu eftir andlaat Vlfs jarls letu þeir Eirikr konungr ok Birgir jarl taka af lifi Holmgeir son Knutz konungs langa frænda Vlfs jarls ok annarra Fulkunga. enn þa for vt-lægr af Suiþiod herra Philippus er aadr hafdi verit mestr styrkr herra Holmgeiri. hann aatti Helenu modur hans ok (dottur) Petrs Strangasunar. Philippus var dottursun Philippi jarls er fell aa Akri vid Oslu ok skyldr Hakoni konungi.

Fra Hakoni konungi.

232. Hakon konungr for til Konungahellu vm haustid nockuru sidar enn Suiar hofdu brott farit. laa konungr þar vm rijd ok skipadi þui sem honum bar naudsyn til. enn med þui at engi hafdi vordit fundr þeirra Suiakonungs þa gerdi hann menn vpp i Suiþiod Einar smiorbak ok Olaaf profast aa fund Birgis jarls ok foruitnaz af honum huersu Suiakonungr ætlar at fara skyldi vm skipti þeirra Nordmanna. þeir hofdu ok fleiri erendi til jarls þau sem enn koma vpp sidarr ok her mun verda fra sagt. Hakon konungr for norðr i Vikina til Tunsbergs ok gaf monnum heimleyfi. þetta vor adr hafdi andaz þorkell byskup i

¹) nockur Cd.

Oslu enn vm haustid var vigdr til byskups Hakon er þa var skola-meistari. þa var ok vigdr til byskups Haufir til Orkneyia. Erchibyskup for þa heim norðr. þetta sumar hafdi hann laatid setia grundvöll til Cristzkirkiu sua langt vestr sem nu er. Hakon konungr sat vm vetrinn i Vikinni ok var þessi annarr vetr ens fiorda tigar konungdoms hans. Þenna vetr komu þeir austan Einar ok Olaftr ok sogdu at jarl hefði vel tekit þeirra erendum ok quez giarna vilia vera vin Hákonar konungs. gaf hann þat raad at þeir skylldu finnaz vm sumarit eftir i Elfinni ok binda sætt sina med vinaattu ok fastmælum. Þeir hófdu þat maal flutt fyrir jarli at þat væri vænst til fridar ef teingdir tækiz milli hófþingia ok gifti jarl Rikizsu dottur sina Hákonu konungi vnga. Jarl tok þessu vel ok var síþan i ollum maalum linari enn aadr. let þetta vel tala mega þa er þeir fyndiz sialfir.

Liflat Alexandri.

233. Tíþendi þau frettuz til sannz at Haralldr konungr ok Cecilia konungsdottir hófdu tynz sem fyrr er sagt. Hakon konungr sendi þa ord til Biorgyniar at Jonn konungr skyllði þa fara vestr sem skiotazst ok gæta rikis i Sudreyium til þess er hann sendi fleiri hófþingia til. síþan bioz Jonn konungr af Noregi ok for vestr vm haf. Alexandr Skotakonungr sendi iafnan til Noregs at fala laundin vid lausafe ok sua hafdi hann enn gert þetta sumar. enn þo hafdi hann annat raad med hondum þat er eigi var konungligt at hann dro her saman vm allt Skotland ok bio ferd sina i Sudreyiar ok ætladi at vinna laundin vndir sik. hann gerði þat bert fyrir sinum monnum at hann eþlar eigi at [728] letta fyrr enn hann hefði sett merki sin austr vm þursasker ok vndir sik brotid allt Noregskonungs riki þat er hann aatti fyrir vestan Solundarhaf. Alexandr konungr gerði ord Joni konungi at hann villði finna hann. enn sa fundr vard ecki fyrr enn .iiij. iarlar af Skotlandi selldu honum tru sina til þess at hann skyllði fara i gridum af þeim fundi huart sem þeim semðiedr eigi. Enn er þeir funduz konungarnir beiddi Skotakonungr Jon konung at hann skyllði gefa vpp Biarnaborg i hans valld ok .iiij. adra kastala er hann hellt af Hákonu konungi ok þat riki annat sem Hakon konungr hafði skipat honum. enn Skotakonungr kuaz mundu fa honum myklu meira riki i Skotlandi ok þar med sitt traust ok vinaattu ef Jonn konungr villði til hans snuaz med fullum trunadi. Þessa eggjuðu allir Jon konung bæði frændr ok vinir. enn honum for vel ok einardliga at hann kuez eigi vilia riufa eida sina vid Hakon konung.

for Jonn konungr i brott ok nam eigi fyrr stadar enn hann kom norðr i Liodhus. Þá er Alexandr konungr laa i Kiarbareyarsundi dreymdi hann draum. at honum þótti koma at ser .iij. menn. þótti honum einn vera med konungligum skruda sa var miok ohyrligr riodr i andliti ok helldr digr medalmadr vexti. annar madr syndiz houum granvaxinn ok dreingiligr ok allra manna fridazstr ok tiguligazstr. enn þridi var myklu mestr vexti ok allra þeirra ofrynligazstr. sa var miok framsnodinn. sa varp ordum a konunginn ok spurdi ef hann ætladi til Sudreyia. hann þóttiz suara at þat var vist at hann ætladi vndir sig at leggja eyiarnar. draummadrinn bad hann apr snua. kuad honum eigi annat hlyda skyldu. Konungr sagdi drauminn ok fystu flestir at hann skyldi aftr huerfa enn konungr villdi þat eigi. ok litlu siþar tok Alexandr konungr sott ok andadiz. þa rufu Skotar safnadinn ok fluttu konunginn vpp i Skotland. Sudreyingar segia at þessir menn er konungi synduz i suefni væri hinn heilagi Olafr konungr or Noregi ok inn heilagi Magnus jarl af Orkneyium ok enn helgi Kolumba. Skotar toku til konungs Alexandrum sun Alexandrs konungs. hann feck siþan dottur Heinreks Englakonungs ok gerðiz mikill hofþingi siþan.

Hakon konungr bioz or Oslu.

234. Hakon konungr byr ferd sina vm vorit or Oslu austr til motz vid Suia eftir þui sem mællt var. hann hafdi mikit lid ok fritt. hann styrði Olafssudinni enn Hakon konungr vngi hafði Drekkann. morg hofdu þeir onnur storskip. konungi byriadi helldr seint. þa var med konungi herra Philippus Lafranzsun frændi konungs hann var þa landflotti or Suiþiodr fyrir konungi ok jarli. Ok þa er Hakon konungr for vpp eftir Elfui let hann vanda miok rodr a skipum. var þa vid slegit ollum bunadi ok farit med ollum pris. sem Sturla quad.

Miok er þat frægt
at fara villdi
sigri sæmðr
til Suia fundar
grundar vörðr
godu heilli
a Raandvers
remmiskidum.

Var leidangr
sem logi væri
gulli glæstr
vm grams flota

þar er baugtungl
blika knaattu
yfir haareid
huert vidr annat.

Enn ellding
ifla folldar
langa leid
lysa knaatti
lofanlig
þa er litum skipti
himna sol
vid hafraudul.

Þá er Hákon konungr kom til Konungahellu spurdi hann til sannz at Eirekr konungr hafdi austan komit ok sua Birgir jarl ok margir adrir hofpingiar. Enn er þeir spurdu til ferda Hákonar konungs var þeim sagt at hann hefði fiolda skipa ok mikit lid. Þá villdu Suar enn eigi bida ok reid (konungr) enn vpp aa Gautland enn jarl var estir i Liodhusum vm ríjd. Var þá sagt Hákonu konungi at meiri vaan væri at jarl væri i brottu ridinn. Þá er konungr laa i Elfui kom til hans Matheus er síþan vard vsaatr vid Birgi jarl ok sagði konungi kuediu jarls. hann quad jarl ridinn vpp i Gautland. síþan mællti hann til konungs. þat hugði jarl at þetta mundi vera fridarfundr ok skylldu þer hafa talat felag-skap yduarn ok vinaattu. enn nu er hann spurdi at þer hofdut her mikinn vissi hann ecki huart þer villdit frid edr eigi. Herra Matheus flutti ecki leingra ok for síþan i brottu.

Hákon konungr sendi til jarls.

235. Eftir þetta kalladi konungr til sin raadgiafa sina ok leitar vid þa huert raad taka skal. þotti þeim vndarligt er Matheus hafði sua skiotliga farit. Gunnar konungs frændi hafði þa Elfarsyslu ok var mikill vin jarls. hann flutti þat at jarl mundi þegar afr huerfa er eftir honum væri ridit. var þat raads tekit at Gunnarr konungsfrændi var sendr til jarls ok þorlaugr bosi. mællti konungr sua at þeir skylldu eigi leingra tala vid jarl enn Matheus hafði vid hann talat. Síþan fara þeir ok fundu jarl (i) Gautlandi. var hann helldr stridr i rædu ok taldi at. at Hákon konungr hafði sua mikit lid haft. Gunnar sagði at honum geck eigi vtrunadr til þessa helldr var þat sidr hans at fara med storskipum vel bunum. leitadi Gunnar þa eptir vid jarl blidliga ok bad hann afr huerfa til tals med konunginn. enn jarl sagði at Eirekr konungr var ridinn i et eystra Gautland ok hann matti ecki afr snua. Gunnar sagði at þar voru oll landraad er jarl var ok hann var bædi konungr ok jarl yfir landinu. Eireki konungi var þannig haattad at hann var faamælltr ok miok klestr i malinu ok let hann af þui adra tala miok a þingum edr stefnum. Birgir jarl gerði þann orskurd at hann mundi fara vpp til Liodhusa ok bida þar fram yfir annan sunnudag. enn þetta var laugar-dag. fara þeir Gunnar ok þorlaugr bosi nu til konungs. Síþan byrr konungr ferd sina til motz vid jarl vpp til Liodhusa medr allann her sinn. sem Sturla quad.

Sua var Elfr
aull at lita
glæsilig
sem aa gull sæi.

fræðdar folki
er flota þeysti
lofsæll konungr
Lioðhusa til.

Hardla mikils þotti Gautum vm vert er þeir sa morg storskip ok vel buin. miok voru þeir hræddir ef höfþingiar sættiz eigi at Noregs konungr mundi gera stórvirki i landi þeirra. sem quedit var.

Gedsteinn
gautzskra manna
var styrriar stund
i stalld drepinn.

aadr ognstorr
iattad hafdi
Suia gramr
siklings bodi.

Hakon vngi kuentiz.

236. Hakon konungr lagdi at vid þorskabacka fyrir vestan aana gegnt Lioðhusum ok beid þar til þess er jarl kom. enn síþan foru menn i millum þeirra. var þa talat bonord Hakonar vnga konungs ok margir lutir adrir vm sættir þeirra. Eftir þat senduz þeir gisla i milli ok funduz sialfir med þui moti at jarl for yfir aana til konungs ok tauludu þeir þa [729] sin i milli. foru allar rædr vel i milli þeirra. tala þa fastliga at fridr skylldi standa milli Noregs ok Suiarikis. huorigra vvinir skylldu ok eflaz i annarra riki. ok her med festi Hakon konungr vngi Rikizsu jarlsdottur ok skylldi saa raadahagr takaz þa er þeim þotti timi til vera. Eftir þetta skildu þeir med enum mesta kærleika. for jarl vpp i Suiþiöd enn Hakon konungr til Konungahellu ok for vm haustid norðr til Tunsbergs ok þadan til Biorgyniar ok efnadi þar til vetrsetu. þetta haust kom vtan af Jslandi Heinrekr byskup ok sagdi þau tíþendi at þorðr kakali lagdi litla stund aa konungs maal. afflutti byskup miok maal þorðar. konungr tok byskupi vel ok let hann stefna þorði vtan til sin. Hakon konungr sat þenna vetr i Biorgyn ok var þessi enn .iij. vetr (ens) fiorda tigar rikis hans. Vm vorit komu menn austan or Suiavelli ok sogdu at Eirekr Suiakonungr væri andadr. var þat flestra manna ahugi at sonr jarls væri næstr konungdominum systurson Eireks konungs þuiat systir hans aatti allann arf eftir hann. Philippus son Knutz konungs langa þottiz enn vera nær konungsnafrni þuiat hans fadir hafdi verit konungr med Eireki konungi Knutzsyni. Magnus broki þottiz enn vera nær konungdominum. hann var dotturson Knutz konungs Eirekssunar er leingi var konungr i Suiariki. Enn þegar Birgir jarl kemr til þuiat hann hafdi mest landraad þa fylgdu þui flestir at hans sonr væri bezst til kominn konungdomsins. var síþan Vallðimar til konungs

tekinn son Birgis jarls. enn þetta mislikadi hofþingium þeim er eigi þottuz verr til komnir rikissins.

Abel sueik Eirek brodur sinn.

237. Þetta sumar vrdu mikil tíþendi i Danmork. þa tok Abel med vel Eirek konung brodur sinn ok let taka af lifi aa Lafranzvoku aptan. síþan let hertuginn taka sik til konungs yfir allt Danavelli ok gerdiz ríkr hofþingi. Hakon konungr for vm haustid norðr til þronðheims ok let þar bua til vetrsetu. þetta haust komu þeir af Jslandi Siguardr byskup ok þorðr kakali ok fundu konung i þronðheimi. þar var þa mart islenzskra manna. Heinrekr byskup Gizsur þorualldzsun þorgils skardi Jonn Sturlusun Finnbogi Helgasun Sæmundarsynir Philippus ok Haralldr. var med þeim mikill sueitardraattr þuiat huerr villdi sem fyst vt naa. Heinrekr byskup flutti þat mest at Gizsur skyllði vt fara þuiat hann stod mest i moti þorði ok kalladi þat vnytt er þorðr hafði syslat. sagði hann flutt hafa i ollu sinn lut enn ecki konungs erendi. ok var þui meirr truat at sinni. þenna vetr kom austan af Suiariki herra Knutr son Magnus broka frændi konungs. Enn aatta dag bar Hakon konungr koronu sina ok hafði þa i bodi sinu alla enu bezstu menn er i voru bænum Sigurd erchibyskup ok liodbyskupa korsbrædr. þar var Knutr jarl ok herra Knutr frændi hans ok allir enir bezstu menn or þrændalogum. þessi var enn .iiij. vetr ins fiorda tigar rikis hans. Vm vetrinn foru ordsendingar milli þeirra Abels Danakonungs. sendi Hakon konungr sudr Biarna Moysessun med brefum enn Abel sendi sunnan adra menn i mot med brefum sinum. var þat mællt at þeir skylldu finnaz konungarnir vid landamæri ok semia þa luti er Hakoni konungi þotti aafaatt vid Dani.

Fra Hakoni konungi.

238. þenna vetr er Hakon konungr sat i þronðheimi komu austan or Gardariki sendimenn Alexandri konungs af Holmgardi. het sa Michiall ok var riddari er fyrir þeim var. kærðu þeir vm þa luti er vid aattuz sylumenn þeirra Hakonar konungs norðr a Morkinni ok Austrkirialar þeir sem skattgilldir voru vndir Holmgarda konung. þuiat þeir aattuz iafnan vid vfrid i raanum ok manndrapum. voru þar stefnúr at aattar ok raad fyrir gert huersu þat skyllði nidr setia. þat hofðu þeir ok at erendum at þeir villdu sia fru Cristinu dottur Hakonar konungs þuiat Holmgardz konungr hafði sua bodit þeim at þeir skylldu leita eftir vid Hakon konung ef hann villdi gifta fruna syni Alexandri konungs.

af andligri speki. Eigi at eins trudi hann a almatkann gud helldr bar hann morg meinlæti fyrir guds sakir. mikill bruni heilagrar truar brann i hans briosti. Konungr virði mikils kirkiur ok kennimenn ok allan cristinndom. hann gaf atvinnu aumum monnum. klæddi hann kalna gaf fe faudurlausum eckium ok vtlendum þeim er fataekir voru. huggadi hann hrygga ok studdi alla raaduanda menn bæði [heilræðum] ok oðrum tillögum. hann var hardr vid hermenn ok heidingia stirdr vid stuldamenn ok osuifr vid alla vsidamenn. hefti hann hofþingia ok alla alþydu at ollum vsidum. hann refsti raan ok hegndi hart ef guds retti var raskat enn fyrirgaf linliga þat er vidr hann var misgert. Misiafn var ordromr aa vm hans maal ok framferdi medan hann lifdi i þessum heime. þuiat margir kolludu hann riklyndann ok radgiarnann hardraadann ok heiptudigann fastann ok fegiarnann olmann ok vdælann metnadarmann ok mikillatann ok þessa heims hofþingia fyrir allz sakir. enn þeir er giorr vissu kolludu hann linann ok litillatann hægiann ok huggodann milldann ok miuklyndann vitran ok vingodann frægian ok falyndann tryggann ok trulyndann forsialann ok fastordann gioflann ok godgiarnann godann ok glæpuarann stiornsamann ok stilltan vel geyminn at guds logum ok godra manna frelsi. ok hafa þeir rett rætt vm hann er sua hefir synz sem nu verda margar raunir aa. Ef hann fan þ[at i lun]d sinni at eigi var alleins sialfs hans fyst ok guds vili þa braut hann optliga sinn vilia enn gerdi guds vilia ok leitadi iafnan hans dyrdar meirr enn sinnar virdingar at rettsynna manna aliti. Marga luti gerdi hann til nytsemdar guds cristni. hann let kirkiu gera a Jslandi a þinguelli þar sem nu er honum helgud kirkia. hann var milldr formælari godra manna enn ogurligr hegnari vondum monnum. Einginn Noregs konunga var honum iafn huarki adr ne sipan. þuiat hann vnni mikit allzvoldugum gudi ok geck guds gotur avallt ok gerdi hans bodord. fyrir þui var drottinn med honum i ollum lutum þeim er hann gerdi vel ok spakliga ok þui lætr almattigr gud nu þui meiri hans dyrd birtaz sem hann dyrkadi sialfann gud framarr i sinu lifui enn litillætti sik framarr fyrir gudi ok monnum. Engi tunga ma tina ne hugr hyggia huersu mikit gott konungrinn veitti sinum monnum i lagasetningu ok huggan fataekra manna i optleik heilagra kenninga i stiorn rikis sins i ast vid almatkann gud ok almenniliga cristni i helgu bænahaldi ok fögrum dæmum heilagrar atferdar. Skinn hann nu þi hærra i himinrikis dyrd med allzvalldanda gudi sem hann lifdi hreinligar i þessum heime enn flestir konungar adrir a Nordrlondum. gerir hann sua haleitar iarteignir med guds vilia ok forsia ok margar sem seint edr eigi munu

skrifadar verða. Hafit nu þat af samsettri sögu Olafs konungs allri saman sem ydr litz sannligt vera. þuiat i fornum sögum verdr mörgu saman blandat. er þat ok eigi vlikligt þar er menn hafa sögusögn eina til. enn þui trui menn fastliga at þat mun allt sannazst er fra Olafui konungi er bezst sagt. væntir ek þess ok at hinn heilagi Olafur mun eigi fyrir-kunna menn þo at nockut se falsligt i. þuiat menn hafa þat meirr gert fyrir sakir skemtanar monnum enn til aleitni vid konunginn edr nockurra illenda.

MAGNUS SAGA HINS GODA

OK

HARALDS HARDRADA.

Faint, illegible text at the top of the page, possibly bleed-through from the reverse side.

THE UNIVERSITY OF CHICAGO

PHYSICS DEPARTMENT

[755]. HER HEFR SOGU MAGNUS KONUNGS OG HARALDZ KONUNGS.

Þar hefum ver upp frasogn er Jarisleifr konungr red fyrir Gardaríke og Jngigerdr drottning hans dottir Olafs konungs suenska. hun hefir allra kuenna vænt verit og vitrozst. konungren vnne henne so miked ath hann matte nær þnguan hlut j moti hennar vilia giðra. Þess er vid getid ath konungren Jarizsleifr let giora sier dyrliga holl med mikille frægd. hann let pryda hana med gulle og gimsteinum. skipade hana sidan med godum dreingium og vel reyndum ath framgongu ok þar med þprottum. vandandi og þar eptir bunath þeirra og herklædi sem þeir voru adr reyndir. ath ðllum syndizth buningr hallarennar og skipon þar eptir sem hon var sialf vondut til. hon var og tiolldut med dyrum pellum og agætum klenodi. Konungrenn sialfr var þa og jnne j ollum sinum tignarklædum og sat nu j sinu hasæti. hann baud til sin morgum virduligum vinum sinum og giordi dyrliga veizslu. Sidan geck drottning j hollena med fagrligan kuennaflock. konungren stod upp j mot henne og kuadde hana vel og mællti sidan. huar sattu jafndyrliga höll edr jafnuel buna. fyrst ath sueitinne slikra dreingia sem hier eru nu saman komnir. og j annan stad buning hallarennar edr med jafnmyklum kostnadi. Drottning suaradi. herra segir hun. þessi holl er vist vel skipaud. og fa dæmi munu til at slik prydi edr meire fekostnadr mune saman komenn j eitt hus eda enn jafnmargir godir hofdingiar og vaskir menn sem hier eru jnne. enn beþr er þo su holl skipod er Olafur konungr Haralldzson sitr jnne þott hun standi a sulum einum. Konungr reiddizth henne og mællti. suiuirding er j slikum ordum seigir hann og synir þu enn ast þina j sliku vit Olaf konung. Og laust hana kinnhest. Hon mællti þa enn. Myklu er yckar þo meire mun en eg mune mega þui uid jafna eptir þui sem vert er. Og geck j brutt sidan og var akafliga reid. Hon segir þa til vinum sinum. ath hun vill brut fara vr Gardaríki þegar j stad. og hefi eg eigi skaplynde til sagdi hun ath taka optar

slika skom af konungi. Vinir hennar attu nu hlut j og bidia hana sæfazi og vikia skape sinu til konungs. en kalla hann munu vikia til at bæta yfir þat sem hann hefir giort af j mote henne. Hun lezt ætla at hann mundi þat verda fyrst j lios ath leggja eda ella munde ecke stoda at letia hana. Nu er konungi sagt ath hun vill j bruttu. og bidia vinir hans hann at hann vægi til vit drottningu. og þat giorir hann. og bidr hana satta vera og lezt þat mundu til vinna ath veita henne eirn hlut þann er hun villde bedit hafa. Hun lezt þann kost taka mundu og sagde þegar huers hun villde bidia. þu skallt segir hon sennda þa skip og menn til Noregis a fund Olafs konungs. eg hefi spurt ath hann aa eirn son læungetinn er Magnus heitir. honum skalltu bioda hingat og veit vpp-fædzslu og fostr. þuiat sannligt er þath med yckur Olafe konungi er mællt er ath sæ er ógofgare ok minne er odrum fostrar barn. Konungr segir. med þui ath eg hefi nu adr jatad þier bæn þina drottning þa skalltu nu þiggja þat er þu bidr. en þo hugsadi eg at þu mundir eigi þessa bidia. og vel vni eg vit þat þott Olafr konungr se oss meire madr og eigi virde eg mier til suiuirdingar þo at eg fostri honum barn. en eigi synizt mier þat vandalaust. mun og þinna vizmuna ath niota ef þetta verdr so vtlaust ath oss verdi huorumtueggium til soma og hamingiu. Hon lezt þess þikiazt skylld þegar hennar vili væri giorr. Sidan sendir Jarizsleifr konungr skip og menn til Noregs med þessu efni. og koma sendimenn a fund Olafs konungs og sogdu honum bod konungs og drottningar. Hann segir. þat vil eg giarnan þeckiazt. þuiat huergi þiki mier minn son betr kominn þott eg skylld sialfr kiosa en med Jarizsleifi konungi og Jngigerdi drottningu er eg veit mestan kuenskorung vera og mier best viliuga. Sendir sidan austr med þeim Magnus son sinn og toku þau bædi uit honum med ollum soma.

Nu fæddizt Magnus þar vpp vm hrid med hirdenne og eigi med minne ast og elsku en þeirra synir. Sumir menn hotodu hann og ofundaudu. kollodu ouidrkuæmiligt og eigi vitrligt ath fæda þar vpp vtlandan konungsson og tiadu slikt jafnan fyrir konungi en þat kom þeim þo fyrir ecke. þuiat konungr hlydde ecke a slikt. lezt og kunna ollum opock fyrir þo at slikt talade fyrir honum. Oppt lek Magnus sier j konungsholl. hann var snemma kænn og miukr vid marga leika og jþrottir. hann geck aa hondum eptir bordum med myklum miukleika og syndi j þui mykla atgiorvi og voru þeir flestir menn er þat þotti gott ath vita ath hann var so bradgiorr. Eirn hirdmadr var sæ nockut hniginn a efra alldr. hann afþockadi jafnan fyrir Magnusi. og eirnhuern dag er sueirnen geingr a hondunum eptir bordunum og er hann

kom fyrir þenna hirdmann þá skaut þesse madr við honum hendi sinne og fiell sueirnen [756] ofan af bordenu á golbit mikit fall. kuozt hirdmadren ecke villdu agang hans. Menn logdu til og misiafnt. mælltu sumir med sueinenum enn sumir med hirdmanne. og þat sama kuelld er konungr var sofua gcinginn var sueirnen eftir j hollunne. og er hirdmenn satu og drucku geck Magnus ath þeim manne og hafdi j hendi sier lilla ðxi og hoggr. hirdmannen banahogg. Sumir laugunautar hans villdu þegar taka sueiniu og drepa og hefna so hirdmannz. en sumir stodu þui j mote og villde reyna huersu miked konungr vnni honum. Sidan hleypr eirn madr og tekur sueinenn j fang sier og hleypr med hann j herbergi er konungr suaf j og kastar honum vpp j sængina á konunginn óg mællti. Vardueittu betur fol þitt j annat sinn. Konungr suarar. opt velid þier honum osæmilig ord eda huath hefir hann nu til þess vnnit. Hann segir og kallade eigi fyrir ecke vera. þui hann hefer drepit hirdmann yduarn. Konungr spurde med huerium atburd þath hefdi ordit. En hann segir honum. Þa mællti konungr. konungligt verk er þetta frændi minn segir hann og hlo at. eg skal þetta bæta fyrir þig. Sidan sættizt konungr við erfingiana á vigit og gelldr vpp þriar bætrnar. En Magnus er med hirdinne jafnt og adr og fæddr vpp med mikille ast. sem nockut ma af sliku marka. og var þui ollum hugþeckari sem alldr hans og vizmuner droguzt meir fram.

Vm ofrid miken.

2. J þann tima var ofridr mikell j mille Sueins Alfifusonar er þa var halldinn Noregs konungr og Jarizsleifs konungs. þuiat Jarizsleifr konungr virði sem var at þeir Noregsmenn hófdu nigt á enum helga Olafe konunge. og var þar ei nockura stund kaupfridr j mille. Madr er nefndr Kall en annar Biorn þeir voru brædr tueir litils hattar burdum og þo framkuændarmenn vm marga hlute. þeir hófdu verit salltmenn hinn fyrra hlut æfi sinnar og aflat so peninga. enn nu var so ordit ath þeir voru rikir kaupmenn og vinsælir og mikilmenne j skapi. en þo var Karl fyrir þeim brædrum j ollu þui sem vit bar. Sua kom þeirra male ath þeir attu kúgg eirn mikenn j forum og nu hielldu þeir honum eitt sunar til Saxlandz sudr. þa koma þeir j Danmork og ætla þadan til Einglandz. þa tok Kall til orða og mællti við haseta sina. kunnigt vil ek ydr giora huer ætlan min er. þuiat annan veg vikur við vm ferdina en þier muned hyggia. eg ætla ath fara j Austrveg kaupferd. en nu fyrir sakir þess. vinnæla Sueins konungs og Jarizsleifs konungs og þess ofridar er j mille þeirra er. þa ma þath kalla ecke so

varligt. nu segi eg ydr þui til. ath eg em radenn j ath fara. enn eg vil ydr kost æ giora ath fara annan dag og heimillt ath ganga af minu skipi. fare danskir menn eda Sudrmenn og enskir hier æ onnur skip og þangat huer sem sialfum likar bezl. Þa suarade eirn Nordmann. Miok kemr oss þetta vuorum og eigi mundi ver farit hafa med ydr j fyrstu ef þa hefde slikt rétt verith. en fyrir þa sok at þier erut framkuæmdarmenn mykler og oss likar allt vel til þin og eigi olikligt ath þu sier giptumadr þa helldr oss slikt til og vilium ver þinna rada niota og þinne forsia hlita. Og þetta taka þeir rads. fara nu med honum vnzt þeir koma j Austrike og leggja þeir ath vid eitt miket kaupturn og villdu þeir kaupa sier naudsynia hlute. Enn þegar ed landzsmenn vissu þat at þeir voru Nordmenn. þa feingu þeir þui sidr kaup ath þegar hiellt vid bardaga og villdu landzsmenn veita þeim athgöngu. Og er Kall sa at i oefni for þa mællti hann til landzmannna. þat mun metid til huatuse og nockut so diorfungar ath taka slikt fyrir hendr konungi ydrum at meida vitlenda menn eda ræna þott hier kunne koma med kaupeyre sinn og giora ydr adr onguar onadir ne ofrid. og vitith all dri huort konungr gefr ydr þock fyrir eda eigi. nu er ydr vitrligra at bida konungs atkuæda vm slikt. Og vid þetta heftuzt landzsmenn og verdr eigi ath þeim geingit med öllu. þo sier Kall at þeim endizt eigi so buit. Han giorir þa ferd sina æ konungs fund. er ecke getit vm ferd hans fyrr en han kemr fyrir Jarizsleif konung og kuedr hann. konungr spyr huerr han er. Eg em norænn mann eirn segir hann. litils verdr og komen hingat med godum þeingum og felagar minir. Konungr mællti. eg vænti ath þath verde skom stund þin not vpp fra þessu. eda þui vartu so diarfr at sækia hingath. hygg þu nockut þina gæfu meire enn annara manna. og hyggzt þu ath þu munir hier draga fram kaupeyre þinn enn adrir fa eigi halldit lifinu. og hafa þeir Noregismenn all dri so illt af mier ath eigi se þeir verra verdir. Karl mællti. herra eigi munu aller jafnir j þui. eg em salltkarl eirn litils verdr þo ath nu hafi eg peninga. hefi eg auallt verit til nockurs hentögleika. enn all dri var eg j moti Olafi konungi j huga minum. þat munda eg ætla segir konungr. at þu munir reynazt sem aller adrir Noregsmenn. Konungr bad taka hann og setia þegar i fitra. og so var giort. Og sidan seigir konungr Magnusi fostra sinum og spyr hann raads vm huernen uit skal skipa uid Nordmennena. Magnus segir. litt hafi þier fostri [757] minn haft mig vid radin hier til. en seint væntir mig at þat radizt ath minn verdi Noregr ef so skal ath fara ath drepa þa alla er þadan eru ættadir. en vel mundut þier vilia fostri minn. þuiat þeir megu

at rettu aller kallazth minir þegnar. og odrúvis get eg vænna ath að orka en hatazt úid alla þa menn er þadan eru ættadir. Konungr leth þetta mællt vera vel og vitrliga og kuad hans radum skylldu fram fara. Konungr kallade Karl til sin vm morgunenn og mællti til hans. So lizt mior æ þig kari sem þu munir vera giptumadr. og þui vill Magnus konungsson at þu hafir grid og allir þier Noregsmenn. og eru þier nu tueir kostir fyrir hondum af minne hende. annar er nu sæ ath þu farer til skips þins og fæ eg ydr vin og vist og slikt annat sem þier þurfit ath hafa nauðsynliga. farit sidan med kaupeyre yduarn þann ueg sem ydur synizt. ella far þu til min og ver med mior j vetr. en vita skalltu vist þa er vorar ath koma mun nockut vandkuædi aa þinn hluth. Karl seigir. til þess er eg miog vanfær ath sitia fyrir þui en þo vil eg eigi kiosa mig fra vegligu bode. og skal hier til hætta med yduarre giftu. og kann þa en vera ath vel radizth af þott nockur vande ligge æ. Hann fer nu til hirduistar og er konungr opt æ tali vid hann og virðizth konungi hann vera vitr madr.

Og er vorar herr so til eitthuert sinn. ath þeir konungr og Karl eru tueir æ tale. þa mællti konungr úid karl. hier hefi eg fe er þu skallt vid taka. og med þessu mun þier fylgia vandahlutr. þu skallt þetta fe bera vndir lenda menn j Noregi og alla þa er rikuzter eru og mest verdir. og viner vilia vera Magnus Olafssonar. tak nu uit fenu og þessu erendi og gior hans vine sem (flesta) j landino. þuiat þu ert vitr madr þott þu siert ecki af storætt vt komin. Karl seigir. þetta er ecke mitt herra seigir hann þui at sa madr skyllde vera mikels hattar og storvitr er med sliku erendi færi. og at eiga uit slikt ofrefli sem fyrir er og slikt storædi med hondum ath hafa. þa er þath ecke mitt. Konungr mællti. þu ert vel tilfallenn at minni raun. en likligt þike mior ath þu siert kominn j nockura raun vm þat er lykr vit og (eigi) allitla. og eigi muntu sia fyrir huort þu tekr vndan eda eigi. en þo ath þu vilir þetta eigi þa kann vera ath bratt vandædi liggi æ þier og þurfir þu eigi leingi ath bida. Til mun eg hætta seigir Karl med yduarri hamingiu og radagiord. Karl fer sidan austan med foruneyti sinu og kuomu þeir vid Dánmork. þa rædir Karl vit skipueria sina. þat kemr mer j hug ath ver hofum ecki leyfi til hafth þessar ferdar er ver hofum farit j Austrveg og er mikel von ath konungr gefi oss hier sakir æ. nu er þat mitt rad at ver skiliumst hier og faurum næst þui sinn veg huer. fari sumir til Einglandzs eda j adra kaupstadi og komi sierhuerr vor til Noregis. og mun so sizt j radit vm vora ferd en ella er oss hætt bædi fe og fiorui. en eg æ hier erindi æ land upp

til eins felaga mins. er hier er fyrir audigr ad fe. en eg vil at þer annizt fe mitt. Biorn brodir hans lytr. ath honum og mællti hliott. alldri vissi eg hier eirn þinn felaga. og munu onnur brogd j vera og seg mer. þuiat mik grunar vm huat vera mun. Karl segir honum þa allt malit og bidr hann annazt fe þeirra. en Biorn lezt eigi vid hann villdu skiliazt j sliku vandkuædi sem hann var. Hitt þætti mier radligr seigir Karl ath eg færa eirn med konungs fenu. en þo vænti eg at þat megi og vel hlyda ef vit hofum badir dreingskap vit. Og so er nu giort ath þeir fara badir med þessi erendi og koma austr i Vikena og hugsar nu eptir vm folkit. huerir vinir eru Sueins konungs eda hinir er minna finzt vm hans hag. og var þetta þo vansed. en þo þottuzt þeir skilia hugi manna. Þeir foru unzt þeir kuomu til Einars þambaskelfis og baro upp fyrir hann malit og syna honum feit. þath honum var sent. og seigia þar med skyra ordsending Magnus konungssonar og þar med Jarizsleifs konungs. Einar seigir þa. auallt er mier sidan meire andstygd af fiarburd slikum vndir rikismenn er Knutr konungr giordi þat. og eigi vil eg feit hafa so. en þo er mier miket vm Magnus konungsson. og þui vil eg at visu heita fyrir mina hond at austr þangat skal eg koma fyrir huitadaga j vor ef eg em heill. huad sem þa vill fleira sidan af skapazt. Þessu verdr Karl feginn og for i brut eptir þetta. Þeir foru nu þar til er þeir kuomu j kaupbæinn fyrir palmadag og toku sier herbergi j husum Grims ens gra. En þa var komin pati nockur fyrir enu stære menn vm ferdir þeirra Karls. og nu tekst hial vit þa og spurdi (Grimr). vitid þid nockut til þeirra manna er hier hafa farit nu j landi leingi huldu hofde og bera fe undir hofdingia. þid erud nockut so þann ueg myklir vexti sem þeir eru sagdir. Þeir letozth ecke kenna til þeirra. Vm daginn eftir var motzs kuatt. og taladi gialgeri Sueins konungs. sagdi ath konungr hefi(r) niosn af vm þat at þeir voru komnir menn j landit og villdu suikia landit vndan honum med fegiofun uit (hofdingia). kuat hann spurt hafa ath þeir voru þa þar komnir j bæinn og hefdi haft herbergi j husum Grims ens gra. og kuad listf skylldu lata huern er þeim villdi leyna. Nu koma menn heim af motino og seigir Grimr huad talad var og ef nockut eru þau efni j þa segit mier þuiat eg var auallt vin Olafs [758] konungs og slikt hit sama vil eg og vera vin Magnus sonar hans. og skal yckur þui vera vel radit ef þit seigit mer ed sanna. Þa segir Karl. rett hefir þu getit ath þeir eru menn enir somu. eda huert hialprad leggr þu nu til med ockr. Farit j brut sem skiotazt ath forda yckr en eg mun sitia j suorum. þat skal alldri verda segir Karl. eptir skal vera annarhuor ockar og skiptir ðngu vm aþrkuomu vora ef Magnus

konungsson visse huat nu er ath syzt eda ef honum mætti nockut gagn af leida. nu villde eg giarnan ath hann yrði vis huerir hans vinir villdu vera j landenu. eda huort villtu nu Biorn. segir Karl. vera eptir eda fara æ fund Magnus konungssunar og seigia honum huar komit er eda villtu hætta æ ath vera eptir. Biorn mælti. huort sem þu villt brodir at fara eda vera eptir þa vil eg eigi vid þig skiliazt. So ma eigi vera segir Karl. fara skal annarhuor ockar og seigia konungsyni þuiat honum er naudsyn j ath vita og ver þu eptir ef þu villt. Þat hæfir mer sidr seigir Biorn. og ertu j ollu meire fyrir þier. Karl telzt eigi vndan ath vera eptir þott huorki þætti rifligh. Nu. fer Biorn austr med huldu hofde og giptu þeirra fedga Olafs konungs og Magnus. og kemr fram ferdinne og segir Jarizsleifi konungi og þeim Magnusi vm huath þeir hafa syzst j Noregi og huorir vid fe hafa tekit med vingan og til traust megí ætla af Magnusi konungsyni ef hann kann til koma. Jarizsleifr konungr seigir nu vera miked ath syzst og þo mikid enn med vanlyktom er Karl var eigi aptr kominn.

Nu er þar til ath taka ath Sueinn konungr kom þann sama aptanen j bæin er Biorn for j brutt vm daginn adr. og er þegar stefnt Eyrarþing og at aller komi þangat husfastir menn þeir sem j voru bænum. Konungr stendr upp æ þingino og mælti. þat sama er fyrr gladdi vorn hug kann vera at nu þiki oss minna j veitt. eg hefi spurt ath menn eru komnir j land þetta þeir er fara med fe þui er borit er vndir lenda menn og vilia so suikia land vndan oss. nu hefi eg spurt til sanz ath þeir eru hier komnir j bæinn. og eigi sizt ath þeir muno vera j husum Grims ens gra. er þath nu rad Grimr ath selia fram mennina og munntu þui uid þeim tekit hafa j fyrstu ath þu munnt eigi vitad hafa med hueriu efni þeir foru. Grimr suarar male konungs og kuad eigi þa menn j hans husum. Konungr mælti. nu mun fara erfidligar þitt mal en ver ætlodum ath vera skyllði er þu villt leynd monnunum. þuiat þar eru þeir. og mun verda nu (meir) þreyngt kosti þinum en ver ætlodum ef þu hefdir eigi dregit nu dular æ og sagth mier hid sanna. Hafa muno þier afla til þess segir Grimr ef þier vilit. en þat eitt mun eg þo mæla er mer syniz. þa er vel ath þat se reynt segir konungr og takit hann og pinit til sagna. Og er Karl sa ath þetta mundi fram fara stendr hann vpp og mælti. hier er sa madren herra er þessi ord muno til koma. og er þo minna til hápt vm þetta en þier hafit vpp kastad. og eru slikir hlutir jafnan j vøxt færdir. er Grimr þessa ovitandi og saklaus er hann þessa mals. Eg veit glogkth huer þu ert seigir konungr. framkuæmdarmadr hinn mesti vm marga hlute. og væri mier likligaztr til

ath fara med slikum ordum. en þo so sem þat er ef þu seigir mier nu satt so sem hattad er og huerir vid fenu hafa tekit. þa mun eg giefa vpp sokina og reide mina. Karl segir. mun þat eigi litt fyrir mælazth herra. nu ef smammenne og litils hattar hafa vid fenu tekit þa skiptir ydr ongu. þui þeir megu ongu æ orka. en ef þat hafa giort hofdingiar eda annath stormenne þa mundi þat horfa til storvandreda j landenu ef eg segda þier þetta og til mikillar mannaudnar ef eg segda þier til þeirra. nu vil eg eigi vnna mer ens vesta hlutar ath eg valde so margra manna bana sem hier mundi af hliotazt og vil eg fyrir onguan mun þetta seigia. Konungr mællti. þu skallt verda og med morgum pinum og harmkuælum ef þu villt eigi sialfkrafti. Konungr liet sidan taka Karl og setia i fiotra og feck til fiora menn ath gæta hans j einu husi. Er nu slitid motenu og gefr (konungr) onguan gaum ath Grime. en Karl sitr nu j jarnum og vardmenn hia honum. Karl tok þa til orda. þat er þo satt ath seigia ath ydr athofn er ill og vond ath vaka yfir mer og hafa ecke til skemtunar enda drecka ecke. eda huort er konungr sia so vesall eda fespar er þier fait ecke skotsilfr til þess ath kaupa ydr med dryck. Þeir seigia. ecke vilium vær honum sneida. en þo ætlum vær ath verda menn oruari en Sueinr konungr er enda ma hann ecke ollum fe fa. Se hierna seigir Karl. buit vit ath nu komi mier litt at halldi feit. skil eg eigi ath eg gera nu annat betra af peningunum en þeir se eigi alluesaler er hia mier eru. og ecke ma eg ydr vm þetta kenna þott þer vakit yfir mer. og þat er skyllda ydr ath giora þat konungr ydar bydr ydr. Fær þeim sidan fe nockut og bidr þa kaupa sier med mungat. þeir eru þa alfuser at giora sem hann mælir. setiazt sidan at drecka. og litlu sidar kennir Kall med þeim dryckinn og mællti. þetta er illr dryckr. farith helldr og kaupit ydr miod. þeir giora so. setiazt nu nidr og drecka. Kall mællti enn er stund var lidin. farit nu sueinar og kaupit (vin) þuiath sa er dryckur best. niotum nu medan kostur er. eg skal silfrid til fa so sem til þarf. þeir seigia og kuodu fa verda þannen vid daudann. Deyia skal huer vm sinn seigir Kall. og eiga sligth allir fyrir hondum. Kom nu sidan vinit og drecka nu allfast. og stilltu nu litt. siell þar huer sofinn nidr. Og eftir þat leitar Kall vt fra þeim j brutt. en hendr hans voru bunnar æ bak aptr en fiotr æ fotum. han ekr sier þa þar ath sem la ox eins þeirra vardmannanna og færir þar ofan æ bakit og nyr hondonum vid eggina [759] vnz han fekk skorit streingin. og voru þa lausar hendr hans en færtr hans voru j fiotri. en fiotrin var rumr. han leitar nu vt og ofan æ siofarbryggiu og j gardhus eitt þar er flædr geck vndir. og gat þar komit af sier fiotrinum af

odrum fæti og þó með þeim hætti ath han hio af sier hælbeinit. sidan bindr han fiotrin vid annan fotin. þa tok han vpp fiol eina or golfenu og hleypr þar vndir nidr æ sioin. En vardmadren vaknar vid j þessu og hleypr vt og þikiz nær sia svipin af Kalle ofan æ bryggiurnar. han sier og at fiol ein var j olagi j gardhusenu og þikir þetta vera nyurke. han seigir sidan til monnum ath bandingin er j bruttu. og því næst kueda ludrar vid vm allan bæin. var þa hlaupit vm allan bæin ath leita hans og so til skipanna og fanzst han eigi. Konungr leggir þa fie til hofuds honum. og ef nockur helpr honum skal firirgiort hafa fe og fiorui. han setr og hueruetna gislar til at honum yrði nad. Og er lett er enum mesta þys vr bænum og mornat var þa sier Karll eirn mann æ bati j anne. þa legzt han vndan skiponum og þangat. og finnur hann eigi fyr en Kall hliop vt j batin hia honum. og þegar þrifr Kall j herdar honum og færir han vtan bordzs og rær j brutt skipeno. Kall var vel gior ath sier vm allar jþrottir. Nv friettizt ecke til Kalls. þui joku þeir vid nafn Karls og kolludu han Karllen vesæla.

Sueirn konungr æ þing j bænum og seigir vandkuædi þat sem j landeno er. lysir sidan ferd sinne or lande æ brutt og sudr til Danmerkr æ fund Knuz konungs. og Kalfr Arnason skyllde fara med honum. hafde honum heitid verit jarlsdomi af Knuti konungi ef hann felldi Olaf konung fra landi. og sua var virding hans mikil ath han skyllde leggja skip sitt næst konungsskipino jafnan huar sem þeir lagu i hofnum. Og þegar vm dagin eptir siglir Sueirn konungr ðr bænum og lendir menn med honum. en Kalfr nockuru sidar. þuiat han vard seirna buin. og ber konung fram vndan nockut. Taka þa Kalfs menn rodr eptir er minkadi byren fyrir þeim. nu sia þeir huar batr eirn rær fyrir þeim og la felldr i batinum. þeir snua nu þangat til. og er þeir dragazt nær þa sprettr madr vpp vndan felldinum og hleypr þegar vtan bordz og legzt til landz. og var þar Kall hinn vesæle. og þui næst er han æ lande en felldren var eptir i batinum. Kalfr stigr þa æ batin enn langskipit rennir vmfram og snua þeir ath landi. en Kalfr leggir nu ath Kalle og sier nu huor annan. og bidr Kalfr han bida sin. Kall mællti og lezt eigi mundu bida. og sueiktu þann konung seigir Kall er þier var myklu meire vande æ en vid mig. Kalfr seigir. þeygi mun eg suikia þig segir Kalfr og þat suer eg vid gud og en helga Olaf konung. þa lætr þu meira en eg seigir Kall þott þu dreper mig ath þessum vmmælum og skal hier til hætta. Karll giorir nu so og tekr Kalfr hann nu æ sitt valld og kuozt skylldu hallda hann. en eigi trui eg ollum vel minum monnum segir Kalfr ath þier leyne ef vær leggium j lægi hia konungi og muno vær

heldr leggja fra honum. Og þegar er Kalfr og hans menn koma eptir þá sendir konungr menn til hans og bad han koma til sin sem skiotazt þuiat Kalfr hafde lagt ath lande eigi allnær konungsskipeno. og sidan reru þeir ath konungsskipeno. Þá mællti konungr. heill Kalfr ok legg fram j lægit hia oss. ryma skulu adrir hofn fyrir þier. Kalfr segir. þath er oss ofuirding herru ath gofgir menn leggi vr lægi fyrir oss. en ef vær leggium fyr i lægit þa ma þat vel vera. Konungr mællti. hefir þu fundit Kall hinn vesæla i dag og er þat miked happ sem þu ert likligr til. Kalfr lezt eigi han hafa fundit. Ja segir konungr. bregdst þu eigi oss nu ath visu. Eigi segir Kalfr skal eg ydr bregdazt. Konungr mællti. sier þu eigi nu oxina vid bordit vt þa eno gullireknu. fær mier slika af Einglande. Kalfr reiddizt þa og seigir. þetta er forsending. enn meire von þætti mier ath þik skyrte eigi oxarnar af stundu huadan sem þa koma þier þott þær se eigi allar gullreknar. Kalfr hleypr sidan æ batin og rær nu til skips sins. segir þa monnum sinum ath þeir muno snua stafni. og hofum vær fullleingi legit j illum radum og þionat konungi þessum en tekit lited gott i moti hia þui sem oss var heitid af Knuti konungi. og skulum vær nu Karll minnazt þins formælis vid Magnus Olafsson og skulu vær bæta honum þat er vnnit er j ollu þui er vær megum. Sidan fara þeir austr j Gardarike æ fund Magnus og verda þeir Jarizleifr konungr Kalli storlega fegnir. og seigir han þeim allt vm sinar ferdir. og sidan tiar hann fyrir Magnuse malit Kalfs og huad han hafdi veitt honum. Magnus segir. þetta mal er þu vegr er myklu meira en þat megi skiott radazt og nockut þier of megn med ath fara þuiath Kalfi er kent ath han hafi vnnit æ Olafi konungi fodr minum. en nu med þui ath hingat er von Einars þambaskelfis bratt edr adrir vorir vinir af Noregi þa skal vid þa leita rads vid Kalf allz vær skulum þo riked oðlazt med þeirra trauste ef audit verdr. veit eg onguan mann storu vitrara j þrændalogum en so sem Kalfr er ok mun oss vant verda ath sia uid brogdum hans. þat vill Kalfr nu sueria ydr segir Kall ath han vann eigi æ Olafi konungi fodr ydrum. nu med þui ath þu taker uid trausti j Noregi þa vænti eg at þin styrkr verdi mikell. og ef ydr þiker nockut þetta hafa framdregit ydart mal er eg for til Noregs þa [760] vænti eg allz gods af ydr ath þier munid nockut giora fyrir min ord en eg þikiunz Kalfæ eiga at launa lifgiof. Magnus seigir. dreingiliga fer þier Kall. Sidan toku þeir konungr og Magnus tal med sier. og so gott sem þeir þottuzt Kallæ eiga aptr at launa fyrir for sina og þær mannaunir sem han hafdi æ sier tekit j ferdinne. þa þikiazt þeir skylldir til ath giora nockut fyrir hans ord. Er nu sent eptir Kalfæ og

hafði Karll adr þegit grid til handa honum. suer Kalfr þa þann eid ath han ynne eigi æ Olafe konungi ok hiet sig sidan Magnusi til traustz og allz trunadar og at giora oll þau verk er Magnus legdi fyrir hann.

Nu er þar til mals ath taka at Sueirn konungr for sudr med lande sem fyr var ritad. en þrændir bera þa saman rad sin og taka þat rada ath aller enir bestu menn véliast or lande og austr j Gardariki. var þar fyrir Einar þambaskelfir og Sueirn bryggiufotr og þar med enir bestu menn or þrændalogum. J þenna tima let gud miog birtast helgi hins heilaga Olafs konungs og sau þa margir saltmal vm sina hagi ok fundu nu misrædi sitt og glæp þann er þeir hofdu giort og þottuzt nu þann veg hellzt mega syna at bæta þat nu æ syne hans er þeir hofdu æ sialfum honum misgiort. foru nu sidan austr til Jarizleifs konungs. þeir Kalfr Arnason og Kall voru þa austan farnar og hafði Kall þegit margar godar gíafir af Jarizleifi konungi og Magnusi og mykla sæmd adra. Kalfr hafde og heitid ath fara i moti Magnusi konungssyni þegar han spyrde til ferda hans er han væri austan æ leid. þeir Einar þambaskelfir komu nu a fund Jarizleifs konungs og Jngigerdar drottningar og baro vpp erendi sin og ordsending enu bestu manna or Noregi og þar med bænastad ath Magnus skyllde fara til Noregs og taka þar vid lande og þegnum. Konungr tok þui ollu vel og kuad óngvan þann mann j Noregi er han tryði jafnvel sem Einare. en þo erum vier hræddir vm huersu Noregsmenn eru truir vid Magnus. slik raun sem adr hefir æ ordit vid fodr hans. þa var med Jarizleifi konungi Rognualldr Brusason og hafde han þa rad og landvorn fyrir Gardarike og var allra manna roskuaztr og vinsælastr. han hafde og mykla virding af konungi. Jarizleifr konungr ber nu þetta mal vpp fyrir drottningu og seigir henni ath þeir eru komnir enu bestu menn vr Noregi og vilia nu vnna Magnuse konungsnafn j Noregi og efla hann til rikis. Hun suarar. vnna munda eg Magnusi konungsnafn j Noregi og so annars soma. en so grimliga sem þeir bioggu vid fodr hans þa grunar mik so miog vm huersu þeir muno vnna honum rikis vit motgang þeirra Knutlinga og Alfuo er eg ætla ath þo se enn ollum þeim verre og grimmarre. og leingr muno vær vm þath ræda adr Magnus fare hiedan og meirum fastmælum binda ef þetta skal framgeingt verda. En þeir Einar badu konung i annan stad at han flytti mal þeirra vid drottningu at þeir næði Magnusi med sier allz er konungren sialfr hefir þessi rad til gefit j fyrstu og þeir hofdu eptir hans ordsending farit. kallade Einar ath slikt væri eigi hofdingligt at skipta so skiott skape sino fyrir eingin tilefni. Rognualldr Brusason flutti og þetta mal med þeim Einare. So er fra sagt ath leingi

var ecke heyrd bæn þeirra. Sidan mælti konungr. þetta er ath visu min ordsending og æ þui er mier mikel ófusa ath Magnus fostri minn feingi soma. en þo em eg hræddr vid illzsku Alfifu ok riki Knutz en svik landzmannna. og þo at þier vilid vel sem eg vænti þa kann þo vera ath þrændir skulu suikia han sem födr hans. Einar segir. vorkunn er ydr þat herra ath ydr sie uggr æ vorre tilættan. en naudsyn være þo ath sueirnen feingi födrleifd sina og væri sa hans somi mestr. og þat er og allra manna vili j Noregi at hrinda af sier þui enu illa riki og anaud er nu ligger æ. Drottning segir. eigi skulum vier standa fyrir sæmd Magnus ath han nai eigi födrleifd sinne fyrir þa sok. en vorkun er þat Einar fyrir oss ath oss se vggr æ at þrændir giorizt enn ofstorradir sem fyr. og fyrir astar sakir vid Magnus þa munda eg all dri vid han skiliazt ef eigi lægi honum slikt vid. en þu Einar ert frægr madr og kunnigr at morgum godum hlutum. en vart eigi j lande þa er Olafr konungr fiell. hefir þu og styrk miken og erth sialfr fyrirmadr allra lendra manna j Noregi. villtu giorazt forsiamadr Magnus og föstrfadir hans þa mono vær til þessa hætta og þo med þui mote ath þu suerir honum adr trunadareid og .xij. menn med þier þeir sem vier vilium til kiosa. Einar suarar. þo ath nockurum synizt þetta med freku sett vera ath bidia oss eida j okunnu lande. þo ætla eg þo landzstiornena betr fara muno ef vier tokum þennan kost. en vist mon morgum þat þikia atlægis vert ath ver hofum farit til þess vr Noregi ath sueria ydr tylftareid og vilium vær þo þetta til viuna og þar med heita honum ollum vorum styrk. Og sidan soru xij. menn eida enir agætostu ath þeir skyllde Magnus hallda til konungs j Noregi og fylgia honum af ollum trunade og styrkia hans riki j ollu. Nu dueliazt þeir þar austr vm sumarit j þessum radagiordum. og vit þetta fara þeir austan og hafa Magnus konungson med sier. Rognualldr Brusason for þa austan med þeim. þeir fara nu austan vmb vetrin ath fraurum til hafsins. og toku þeir skip sin og sigldu yfir hafit til Suidþiodar og foru vpp til Sigtuna og geingu þeir þar æ land vpp og foru landueg til Helsigialandzs. sem Arnor segir.

Nu hygg riðdande reidu
rogors þui ath veit giorua
þegi seimstadar segia
seggium hneitis eggia.

var ath ellefu allra
ormsetrs hati vetra
traust þa er herskip glæstu
Horda vinr or Gordum.

Hier visar so til sem heyra ma ath Magnusi Olafssyni væri sa enn ellefti vetr er hann kom j land. og vard þat [761] onduerdan vetr. Og so segir enn.

Þing baud vt enn vngi
 eggriodandi þjóðum
 fim bar hird j homlur
 heruedr's ara bredia.

sallt skarr hufi helldum
 hraustr þjóðkonungr austan
 baro beinlogs ryre
 brun vedr af Sigtunum.

Nu spyrst j Noreg austanferd Magnus og sotti þá j mote honum mikid lid af Noregi og uar þar fyrir Kalfr Arnason og med honum margir adrir þeir er verit hofdu j moti Olafi konungi. Giorduzt þeir Kalfr og Einar radgíafar og fostrar Magnus og voru þeir þá rikaztir menn j ollum þrændalogum¹. Einar var orostumadr mikell og framkuæmdarmadr hinn meste. en Kalfr var spekingr ath vite. Þeir foru nu austan vm Kiel og kuomu nu ofan j þrandheim. og dreif þegar lid til hans af hierodum og þottizt sa bezt hafa er honum var næst. Þeir Magnus foru nu vt til kaupbæiarens j Nidaross og var þegar stefnt Eyrarþing og var þar allfíolment. komu menn þar til af ollum fylkiom or þrændalogum og var þá Magnuse gefit konungsnafn Olafssyne og suarit honum land og þegnar. og sidan fær hann sier hirdar og skipa og sezt nu j Nidaross med myklu fíolmenne og allzskyns blidu og gledi.

Vm Suein.

3. Sveirn konungr var þá komin austan j Vikena er hann fretti þetta og Alfifa modir hans og lata þegar skera vpp herðr og stefna þing. bidr Sveirn konungr sier lids og nefnir leidangr og seigir monnum naudsyn sina ath veria land sitt og þrændir hafa tekit sier konung j hofud honum. Lykr nu so maleno ath hann leitar sier ordroms vid alþydu vm malit. en þath var miog miðsíaft er menn toku hans male. Sumir segia so ath eigi vili þeir beriazt j mote Magnusi konungi Olafssyne. en sumir kuoduzt villdo gera leidangr eptir þui sem þeir ætti en fara eigi sialfir og kolloduz þess eigi skyldir. en almugen þegir hia og er slikt j skapi sem þeim er vpp kuodu og ecki blidare. Ecke er oss segir Sueirn konungr þetta lid til vigs ath telia er hier er saman komit. enda segir eg þath fyrir mina hond at eigi beriumzt eg vid Magnus konung ef eigi fæ eg mer traustara herr enn þenna. Sidan tolotu hófdingiar hans danskir er voru med honum langar tðlor og kom þo miog j eirn stad nidr. ath þeir æmælltu landzmonnum og kollödu ath aller noræner menn hefdi vælt Svein konung og suikit land vndan honum. kollödu ecke annat rad enn han færi sudr aptr til Danmerkr og esldizt han þadan med lide Hordaknutz's brodur hans og gamla Knutz fodur hans og færi hann sidan med her þann til Noregs

¹) frændalogum Cd.

og brendi allt og bældi og gyllde so Nordmonnum suik sin. Og nu er þetta rads tekit. for Sveirn konungr þa burt vid þetta og Alfua modir hans og aller Daner þeir sem med honum hofdu verit j Noregi sudr til Danmerkr. En j odrum stad leggr Magnus konungr allan Noreg vndir sig so vitt sem fadir hans hafde haph og feck allt land orröstu-laust og med villd og vilia allra þegna bædi rikra og fatækra. villdu aller helldr vera frialsir vndir Magnusi konungi en þola leingr danskra manna yfirgang. sem Skule kuad.

Fyllde fylkir reidi
fram þiðkonung ramma
stock fyrir oðuin ockrum
arnsuelgr hate herser.

lietath Noreg niota
nytr þeingill gram leiþgi
han rak Suein af sinu
sokndiarfr fodr arfe.

Og enn kuad han.

Eignast nam þu odd og þegna
allan Noreg gotna spialla

mangi er ydr þier milldingr annar
mæta gramr til landamæri

Næsta vetr eptir feck Sueirn konungr Alfufuson bana sudr j Danmork.

Þath segia menn þa er Knutr konungr en rike spurde kuomu Magnus konungs i Noreg ath hann sagdi so. vera ma þa enn ath eigi eigum vær kyrsetu j sumar ef kynit hans digrbeins er komit j landit. Þann sama vetr andadizt hann vestr j Einglande. eptir hann var konungr j Einglandi Haralldr son hans. en j Danmork var þa tekinn til konungs æ nyja leik Hordaknutr annar son hans. Hordaknutr hafde vm hrid osætt mykla og ofrid vid Magnus konung Olafsson. talde hann setzst hafa j erfdalond sin er att hafde gamle Knutr fader hans eptir fall Olafs konungs. enn Magnus konungr letzt hefnast eiga æ Donum og ath vpp-hafe Knutlingum suikræda vit fodr sinn og sidan landrans er giort var uit hann þa er hann stock ör lande fyrir ofrike Knutzs og fiekk sidan bana af hans suikræðum. letzt þess allz hefna vilia ef hann mætti med hamingiu fodr sins hins helga Olafs konungs og med trausti landz-manna. Og er þessi ofridr hafde stadit vm hrid mille konunganna þa giorde huörtueggi miken skada æ annars riki. þat leidizt bændum og villdu giora j millum sin betra vanda. safnaz þa saman bæendr or huortueggju rikenu og giora rad med vizsku og mikille hamingiu fyrir hond konunganna er bader voru æskumenn en audradir sinum monnum og hægir og giordu nu fund j mille sin j Elfi. koma konungarnir þar ath akuedinne stundu og giora frid j mille sin og landa sinna og skyllde sia fridr standa so leingi þeir lifdi badir. og soru badir konungarnir eida at huor skyllde odrum vera j broðr stad j ollum vitskiptum. og sa fridr var skildir vndir eidstafinn og su sætt ef Magnus konungr andadizt

barnlaus og lifir Hörðaknutr leingr þá skyllde hann eignazt með sætt og villd allann Noreg. slíkt hið sama var skilit ef Knutr konungr dæi barnlaus en Magnus konungr lifir leingr þá skal Magnus konungr eignazt allt Gardaríke¹ og vera þar retrr arftokumadr Knutz sem þeir væri sambornir bræðr. foru þar fram eidar .xij. ríkra manna með Magnusi konungi og adrir .xij. [762] með Knute konunge og var so fyrir skilit ath þeir aller hofdingiar er eida soru skylldu hallda þessa sætt meðan nokkur þeirra lifde eptir. stydia og styrkia þann til ríkis er leingr lifde enn huorntueggia þangath til. sia sætt var giorr j líking eftir þeirri er þeir Knutr enn ríki giordu j Einglande og Jatmundr ath sa skyllde lond eiga er leingr lifde. Og skiliazt konungarnir nu eptir þetta með hinne bestu blidu. Nu er þess við getið þá er þeir voru æ eirne veizslu badir Kalfr Arnason og Einar þambaskelfir með Magnusi konungi en þetta var j Vik austr. Einar skipade monnum en Kalfr settizt j rum hans æ meðan og þokar ath konungenum. þuiat Einar sat auallt æ adra hond konungi. en er Einar sier þetta snyr hann þá til rums sins og sezt æ oxlina (Kalfs) er (hann) villde eigi adr vndan þoka og mællti. fyrr æ gomlum oxanum at bæsa en kalfinum. og sigr hann sidan niðr æ mille þeirra. og er nu kyrt. Og eitt sinn er þeir foru fyrir land fram þá geingu þeir af skipum æ land með lide ecke myklu. og þá sia þeir ath flockr ecke mikell for j mot þeim. og þottuzt þeir eigi vita huerir þetta mundu vera edr huort þat mundo vera fridmenn edr eigi. badu eigi dreifazt lidit fyr enn þeir visse huort þeir þyrftu einskis við og þingodu hier vm huernen með skyllde fara. þá mællti Einar þambaskelfir. þat þiki mer rad ath ver skiotum æ fylking og verum vit hunir huort sem ath hondum berr. Konungr bad Einar rada og var sidan fylgt lidenu. þá suipazt² Einar vm og sier hann huergi Kalb Arnason með lidenu og leitar hans og fann hann j hrisrunne einum og hafde brugðit suerðit og batt han suerðit við hond sier sem fastazt með bastöginne. Einar spyr. þui giorir þu þetta Kalfr segir han. Eigi skulu þeir þurfa at hlæia ath þui landzmenn ath eg renna fra vopnum minum og skal eg leggja lifit við þat. Meire von segir Einar ath eigi skorti þig hreyste og kapp og einginn fryr þier hugar. þetta voru fridmenn er j mote þeim foru.

Vm veizlur Magnus konungs.

4. Magnus konungr ferr nu ath veizslum vm landit og kynnir sier folkit. hann giorizt bratt ríkr og vinsæll og var meir fullgiorr með afle og vizsku og stiorr og þar með aullum þroska en ath vetratale.

1) r. Danaríke 2) suifuazt Cd.

Manna var hann fridaztr synum. ahlydenn vinum sinum vm þll god rad. en vm roqsemi og vndirhyggiur þa var hann daufheydr og kunne glockt ath sia og skilia huat fyrir honum var mællt. en so miked uard ath ath fortolum þeirra manna er fylgt hofdu Olafi konungi fodr hans vid þrændi og adra menn þa er suiku land vndan honum. og nefndir voru margir gofgir menn i þrændalogum til þess at fiandskap hefde haft j moti Olafi konungi. og var þui virt Magnusi konungi til litilmenzsku er hann hafde þa menn jafnan vid bord sitt og suma vid trunadarrædr og giorde sier ath radgiofum sem var Kalfr Arnason. ok hlydde konungr nockut so æ slikar rædr og hardnar helldr til þrænda af slikum fortalum. Og eitt sinn er Magnus konungr þa veizslu inn j þrandheime þa var þar med honum Einar fostri hans og Kalfr Arnason. þa mællti konungr einhuern dag til Einars. foru j dag jnn a Stiklastade og seg oss jnneliga atburdi þa sem þar hafa ordit og þar sem konungren fiell og j huerium stad huerir merkismenn stodu og segit mier huar huergi tidende hafa giorzt. Einar segir. herra kref Kalf þessa han mun vita. nærre var han þa stadr er þesse tidende giorduzt og mun honum myklu kunnara þar vm vera og mun hann kunna ath greina huar stor(ti)dindin giorduzth j huerium stad. þa mællti konungr til Kalfs. far nu jnn a Stiklastade og seg oss jnneliga þar vm atburdi. Kalfr segir. þier skulit rada herra segir han en eingin þorf þætti mier þar æ vera. fullhugkuæmt mun ydr vm vera þau tidendi sem þar hafa ordit þott eigi se nu endrnyiat j frasogn. og er nu betr fallit herra at hallda trausti vina sinna er nu er(u) adr fullkonnir sem vert er j allre þionostu til yduar. enn mier þikir likligt ath litid batne vm vit slikt. Konungr segir. fara skulum ver. Og er Kalfr sier ath fðren mun takaz þa segir hann sueine sinum hliott og mællti. far þu vt æ Eggju sem huatazt og seg monnum minum ath þeir bui sem tidazt langskip mitt med monnum og vopnum og late huern hlut er þarf æ skipe vera j kuolld og alla gripe mina. Og nu rida þeir Magnus konungr æ Stiklastade og mart annara manna. og er þeir komu þar spurdi konungr jnneliga ath atburdumedr huat j huerium stad hefdi ath borit. en Kalfr segir konungi þat er hann spurde en huergi leingra. og fanzt þat þo æ at han vissi giorla til. og foru þeir vida vm vollinn þar sem bardagin hafde uerit. þa mællti Magnus konungr. huar fiell Olaf konungr fadir minn. Hier so segir hann. og stakk nidr ðxarskapteno. Konungr mællti. huar varttu þa. Ecki fiarre þui vid stondum nu herra segir Kalfr. Konungr mællti. taka munde ox þin þa til fodr mins. Og veik konungr fra j þui og giorde dreyraudan yfirlizt. en Kalfr snyr þa til hestz sins

og skilzt nu þar vid konungen. ridr sidan vt æ Eggiu til bu(s) sins og tekr þar langskip er hann atte og hieilt þegar vt ör Þrandheime og sidan vestr vm haf til Orkneyia. Þorsinnr jarl red þa fyrir Orkneyium og atte Jngebiorgu Arnadottur systur Kalfs. Og for Kalfr med þessum hætti vr lande sem nu var sagth og fyrir reide konungs.

Og nu eptir þetta hardnæde konungr miog vid Þrændr so ath sumir letu alla eign sina og enn fleire stucku ör lande so sem Kalfr en sumir gulldu fe. Þat þoldu bændr illa og hofdu stefnu med sier jnu j Þrandheime og mællto sin j millum. huort mun konungr sia ecki hof æ kunna vit þa. og letuz giort hafa storrædi vm minne [763] sakir. og er þetta skom mikel ef Þrændir skulu hafa verra rett enn annat landzfolk og eru þa miog aldauda vorir frændr og forelldrar er eigi letu sinn hlut vm log fram. og hafa Þrændr verit kalladir leingi höfut Noregs en nu skal so hraurna at nu eru þeirra lond gior ath herlundum. Þrændir voru þa og rikir menn en nu skulu þeir vera þrælar konungs greifa hier j Noregi. Hier voru vit staddir nockurir vinir Magnus konungs og ræddu nu þetta sin æ mille eda huersu þeir skylldu med fara. vrdu æsattir vm þat at osynt (væri) huort bændr þættizt bera mega ef sliku hieilde fram. og þotti nu vinum hans þaurf æ ath nockur segdi konungi- num huar komit var og þetta hial Þrænda og fysti huer annan til ath segia konunginum enn eingin villde sialfr. Toku sidan þat rad ath þeir baro hluti j skaut og hluta eptir manntale huer vpp skal seigia. og nu kemr vpp hlutr Siguaz skalldz er leingi hafdi verit med Olafi konungi en nu var handgeingin Magnusi konungi. Þa orte Siguatr flock þann er kalladr er Bersoglis¹ flockur og stendr þar j.

Var eg med gram þeim er gunnum
gull baud drottinhollum
nafn fieck hann en brofnum
hræpus konungs æfi.

fullkoskum sa eg falla,
franeggium son granum
gaf margan val vargi
verdund konungr suerdum.

Þessu veik hann til Olafs konungs og sagde fra hans afreksverkum er var kunnigt vm og litr nu æ j kuodskapnum vm huad hann æ ath ræda og huath hann leggr hellz til rads.

Fylgda eg þeim er fylgiu
femilldum gram villde
nu eru þegnar fridar fegnir
fodr þinum vel minna.
varath a hæl med hiorfi
hlid þars og stod j millum
þresin skal med hrisi
hers folki uit þocka.

Geck med moden mykla
Magnus allt j gegnum
ferd þar er flotnar baurdoz
fadir þinn lide sinu.
varde hart enn hiortu
bugfull vid þath syslu
Olafir let so jofra
erfuidr fram ath huerfa.

¹) Berfygligs Cd.

Nu vikr hann hiedan j fra sinne frasogn til hofdingia þeirra er agætaztir hofdu verit j Noregi og ath þeir hiélldo log sin vid bændr.

Hiet sa er fiell æ Fitium
fiolgegn og red hegna
heiftar ran en honum
Hakon firar vndar.
þiöd hiellt fast æ fostra
fiöldrif logum sidar
enn eru af þui jone
Adalsteins bændr seirne.

Rett hygg eg kiosa knatu
kallfolk og so jalla
af þui ath eignum lofða
Olafe frid gafu.
Haralldz arfe let hallda
huarfdyggr og son Tryggua
log þau lyder þagu
logiofn og af þeim nofnum.

Nu getr hier þess er Magnus konungr kom j land ath han for med fridi og stillingu vm alla hlute og vrdu menn honum storliga fegnir.

Vorum med þier þeingill
þat haust er komt austan
vngr stiller mattu alla
jord hegna so fregnar.

himin þottuz heidar
hafa er landa krafde
lofdungs byrr og lifdir
landfolk tekit hondum.

Og er Siguatr hefir auisat sem heyra matte huersu mikell fögnodr monnum vard æ j fyrstu er hann kom j land. og syndi þat huersu miken astarþocka folkit lagde til hans. og kuodu sig skyllðan til vera til ath seigia konungi þa hlute er rædir voru og hann vardar ath vita er hann vard suika vis af suikum bænda¹ uit konung og letz so fyr giort hafa þa er hann var med Olafi konungi faudr hans. sem hier segir.

Fodr Magnus læt eg fregna
folgen jofurs bolga
ord þau er eyro heyrdur
ora suik hue foro.
mal þar eg huert af heilum
hug þuiat eigi brugdumz
eg vissa þa ossa
otta lanardrottne.

Skulu radgiafar reidazt
rydr þat konungar ydrir
drottens ord til dyrdar
döglingr uit bærsogli.
hafa kuozt log nema lyge
landherr bændr verre
endr j Ulba sundum
onnur en þu hiezit monnum.

Nu bidr hann konung æ minnazt hueriu han hiet monnum þa fyrst er hann² kom j land og segir nu vmrædu lydsins huersu virdizt. ath han þotti eigi hallda ord sin og heit j alla stade. og vinir hans voru hræddir vm huersu fara munde ef hielldu fram huort leingi mundi trutt vera j landinu.

Gialltu uaröga uelltir
uidr þeim er nu fer hiedra
þiöf skal hond j höfi
holda kuitt of styttu.

vinr er eg varmra benia
vorðd buds en hlidit
tar muteris teite
til huath bumenn vilia.

1) bændum Cd. 2) her Cd.

Huer eggjar þig hoggva
hialldrægna buþegna
ofrausn er þat ræsi
jnnanlandz ath vinna.
anгр hafde so vngum
adr bragningi radit
ran hygg eg reekum þinum
reidr er her konungr leidar.

Hætt er þui er aller ætla
adr skaltu uit þui rada
Haralldz menn er eg heyre
hot skiolldungi j mote.
greypt er þat er hofdum hnepta
helldr og njdr fellde
slegit hefir þogn yfir þegna
þingmenn nosum stinga.

Huer eggjar þik harre
heiptar strangr ath ganga
opt rydr þegnum þinum
þunn stal og bakmalum.
fastordr skylti fyrða
feingsæll vera þeingill
hefir heit ath riufa
hialldrþagnadr all dri.

Eitt er mal þar er mæla
minn drotten let sina
egg æ odal þegna
aufgast buendr gofgir.
raun mun seggr ef sina
selr vt j þui duelia
færs ath felledomi
fulleidr konungr greifum.

þat uggir mik ef þessu er fram halldit ath hann mune lata verða landit
fyrir hofdingium. Og enn kuat hann visu.

Syne Olafs bid eg segia
sid kueda aptans bida
oframs sök medal ockar
allt hagligt so male.

erom Magnus ver vegnir
villda eg med milldum
Haralldz vardar þu hiorfe
heyk eilifa ath deya.

Og nu seigir han huersu mikenn soma Olafur konungr gerdi honum þa
er hann var med honum.

Olafur let mig jofra
oryr framast dyrða
urdu driug ens digra
drottens þing med hringum.

gull bar eg jafnt vm allan
alldr og heruerk sialldan
brygg æ huorutueggju
hendi flotna sendis.

Og enn kuad han.

Siguazs hugir er hitteg
Hordaknuaz j [764] garde
milldr nema miog vel skalde
Magnus konungr fagne.

for eg med fedrum þeirra
feck mer vngan tunga
gullz var eg en med ollu
oskeggiadr þa beggia.

Þuilik kenningarord voru j kuædinu vit konungr ath han skylde halida
log þau er fadir hans setti og hann sialfr hiet monnum þa er han kom
j land. og minnir hann æ þath at hann hafde þa alla menn j frid tekit
vid sig þa er honum var konungsnafn gefit þo ath adr hefde verit j
mote Olafi konunge fodr hans. Nu hyggur konungr ath þessum radum
og aminningum sem Siguaþr skalld hefir til skipat j kuædenu. verða þa

og margir gófgir menn og godgiarnir ath stydia þessi heilræði með godum tillogum. og með þui ath konungr var bæði vitr og godgiarn og stillte sig vel þótt honum væri mikid í skape. Sidan var stefnt þing fiolment og var nockut með freku sett j fyrstu j ælðgum vit bændr. Þa stendr vpp eirn madr æ þingino er Atli hiet og mælli eigi fleire ord en þesse. so skorpnar skor æt fæti mer ath huergi ma eg-or stad komazt. Þessi ord hugsudu konungs vinir með sier og huad hier mundi j bua. og með þessum hætti var slitid þingino þann dag. og bad konungr þar alla finnast vm morginen eptir. og þóttuzt menn þa finna j ordum konungs at gud hefde þa mykt skap hans og var þa freka snuit til myskunnar. Og annan dag vndruthu menn er konungr var þa so linr og voru þa miukar tólor til landzmannna og so til þrænda sem annara. hiet konungr þa ollum monnum gæzsku og fride og efndi þat æ betr. og afladizt honum af þui mikillar frægdar og vinsælld og giorir þa annad sinne sætt vid bændr og fyrirgefr ollum þat ed mykla mal er adr hafde han vid hataz. er þeir hófdu giort ofrid og barizt j mote enum helga Olafe konungi fodr hans. Og giorizt Magnus konungr hiedan fra so astfolgin ollu landzbueno at menn þóttuz vnna honum hugastum og var hann kalladr Magnus en gode.

Um Magnus konung.

5. Magnus konungr kom Raugualdi Brusasyne til rikis vestr j Orkneyium og gaf honum jallz nafn. og vm hans daga sidan giordizt ofridr mikell j milli Rognualldz jallz og Þorfinnz jallz fodrbrodr hans og vrdu þar vm morg stortidendi sem segir j Jarlasogum. Han for sidan vestr þangat eldr af Magnusi konungi og hafde bæði mikit lid og fritt ór hird Magnus konungs og for með brefum og jnnsiglum hans til Kal(f)s Arnasonar með þessum ordum. ath Kalfr skyllde vera vel kominn j Noregi og na ollum sinum eignum ef han villde veita lid Rogualde jarle. Kalfr suarar æ þa leid. kuad sier þikia nockod með hættu vm stadfesti skaps Magnus konungs sem hann hafde nockut til reynt þa fdr er hann lagde sig til vingunar vid hann eptir þui sem hann kunne. og var hann boren j rog so ath hann matte þa eigi vid halldaz. Rogualdr jall mælli. heyrt muntu þat hafa ath konungr hefir nu enn æ nyialeik gefit vpp þat hid mykla mal ollum monnum er þier felldoth fodur hans fra lande og em eg sannfrodr ath þui ath þu muntt nu mikla virding vpp taka með konungi ef þu kemr þar. So lætr Kalfr sem hann heyre ecke þótt Rogualdr jall tale sligt og leggr fra skipum Rognualldz jarls og j eirn leynivog skamt fra flota jalls og

sidan leggiáz þeir ath hart Rognualldr og þorfinnr og beriazth. en Kalfr var hia og sæ æ leik þeirra og geck Rognualldi jarli betr soknin Og var drepit mart af lide þorfinz jallz og hann sialfr rekin ath lande. og þa er hann huar Kalfr er og mællti. huad er nu Kalfr virdir þu nu meira bref konungs enn magsemd vid mik. gior nu so mannliga og fylg oss og veit oss lid. Kalfr segir. so skal ok vera sem þu beidir. en vita (villda) eg huat þier þotte skipta med huorum eg væri. Kalfr leggr nu til bardagans med þorfinne og verdr nu mannsfall mikid med huorumtueggium. Og j þeirre allögu leggr Rognualldr so hartt sitt skip ath vpp geck æ skipen þorfinnz er fyrir voru og vard skipit fast vndir Rogualldi jalli. en þeir þorfinnr herda þa ath honum og leitar Rogualldr jarl vndan og kemzt æ annat skip og leggur so æ flotta. Eptir þat skilst flotenn og hefir þessi orrosta verit fyrir Rauda-biorgum. En fra Kalfi er þath ath seigia ath hann legst j hernad eptir þenna bardaga og giorizt vikingr mikill.

Nu er fra þui sagt at eitthuert sinn for Magnus konungr med lande. sem Arnor jallaskalld seigir.

Sidan vann þa sudr med lande
siklingr ytte flota myklum
skide var þa skridar audit
skordu rende visundr nordan.
safnaaz bad til huerrar homlu
hrædaz menn vid ættarklædi
giuku þotte göfögt ecke
gerzskum malme Petu hialma.

Liotu varp æ lyfting vtan
laudri bifizt gall hid rauda
fastliga hneigdi furu geystri
fyriz angr og skeidar styra.
stirdum hielldu Stafangr nordan
stalnm bifdiz fyrisalar
vppi glödu elmas type
elde glikk j Danavellde.

Hier er nockut til visat vm ferdina hans. Nu kemr konungr j Limafjord med lid sitt. og er Hordaknutr spyr þat. þa fer hann þegar j mot honum med myklu lide. med streingleikum og med allzkonar fegurð og pryde. bydr hann nu Magnusi konunge heim til sin og þat þiggr hann. og foru nu aller saman heim til Hordaknutz konungs. Og er þeir kuomu ath hollunne þa mællti Knutr konungr til Magnus konungs. þier skulod furre jnn ganga herra og ydr skal veita fyrre alla þionozstu og tign. þa mællti Magnus konungr. eg se giorla huersu mal þetta skal fara. þa eg em j Noregi og sækir þu mik heim þa skal eg fyrre ganga og fyrre skal mer veita alla þionostu. en nu skulu þier fyrre ganga er eg er hier komin. og sitia fyrre og drekka fyrre og taka fyrre alla þionosto og tign. þuiat mier synezt þat likligazt ath huors ockars folke mune mest astud æ vera sinum konunge og [765] mun þetta vera aufundarlausazt af huorumtueggium at so se med farit. Knutr¹ bidr

¹) Hakon Cd.

hann rada. og geingr jnn sidan og setzt j hasætid en Magnus konungr hid næsta honum ut j fra. Þui næst kemur Alfua j hollena og fagnade uel Magnuse konungi og kuozt allan soma vilia honum veita. skenker honum sidan og bidr hann drekka. Magnus konungr segir. fyrst skal Knutr¹ drecka og honum skal fyrst alla þionostu veita. Sidan fær hun Knuti² hornit og drack (han) af og mællti vid er hann kastade nidr horneno. eigi skyllde. eigi gat hann leingra mællt og æpti sidan til bana. Og syndiz nu þesse suik Alfuo vid Magnus konung þuiat hun hafdi honum ætlad þenna daudadryck. enn hun var þegar ðll j brut og matti henni þui ecke hegna þesse atburdr vard æ setta ære Magnus konungs er Knutr¹ sieck bana er bædi uar þa ordinn konungr yfir Danmork og Englandi. Tueimr uetrum fyrr hafde andazt Haralldr konungr brodir hans uestr j Einglandi sonr Knutz ens rika er þeir hofdu konungdom tekit epter faudr sinn. En sidan tok Knutr¹ Eingland epter Haralld og atte .ij. uetr huorttueggia og Danmork. En efter lat Hordaknutz³ eth sama vor var tekinn til konungs j Einglande Jatuardr en gode son Adalrads konungs brodir Knutz³ sammæddir. modir þeirra var Emma dottir Rikarda Rudujalls systir Rodberttz langaspiotz fodr Viliams bastardz Rudujallz. Jatuardr var uigdr til konungs paskadag hinn fyrsta. Magnus konungr for nu heim til Noregs af veizlu þeirre er ætlod hafde verit. og eirn dag er hann sat j holl sinne og vard monnum rætt vm þau tidendi er giordz hofdu litlu adr og er bord var j burttu þa stod konungr vpp þegar og mællti. þat viti gud og hinn heilage Olafr konungr ath nu skal eg eignazt allt Danavelldi eptir þui sem skildagar stodu til med Knuti² konungi og oss eda falla ath ðdrum koste. sem Arnor segir.

Akkaflig vard jarla
ordnokt su er hier drottne
fylde efnd su er ylgjar
angrtælar red mæla.

ad fram j gny grimman
grafnings od klo hrafne
fus letz falla ræsir
feigr edr Danmork eiga.

Þat sama sumar for Magnus konungr med lide myklu sudr til Danmerkr og fer vida vm land og þydde sier folkit og stiornade allt med lögum og sidum. og helldr sidan til Vębiarga og hefir þar þing og æ þingi uar hann til konungs teken yfir allt Danavellde og mællti eingi madr j mote honum. Han for sidan yfir riked og sette hofdingia yfir til landzstiornar med sier og er han vm uetrin j Danmork. sem Arnor seigr.

Nade siklingr sidan
sniallr og Danmork allre

mattv og dreingia drottens
dyr Noregi ath styra.

¹) Hakon Cd. ²) Hakoni Cd. ³) Hakonar Cd.

vngv hefir annar þeingil
adr so nogu lade

braskat bragnings þroska
barnvngv vndir sig þrungit.

Hier getr og þess ath Magnus konungr for af Noregi til Jotlandz þa er han kuad visu þessa.

Segia mun eg hue Sygna
snarfeingian bar þeingill
hallur var hrime sollen
hlebordz visundr nordan.

sette blidr at breidu
byrdings meginþinga
fus tok aulld vid æsi
Jotlande gramur branda.

Og hit þridia sumar for hann aptr til Noregs.

Og er hann læ j Elfenne vid Konungahellu þa kemr til hans af Gautlande einn jungv herra. þessi madr hiet Sueirn son Vlfs jarls Sprakaleggssonar og son Astridar þeirrar er var systir tueggia konunga Knutz ens rika og annars Olafs ens suenska. Fadir hennar var Sueirn konungr tygiuskegg enn modir hennar var Sigridr en storrada er fyr hafde atta Eirekr konungr en sigrsæli. Sueirn hafde þa dualizt vm hrid j Suidþiod med frænda sinum Aununde konungi .Olafssyne. Sueirn for med fagrmælum j millum og heimte sig so til vinattu vid Magnus konung og leitade eptir sæmd ef hann vill fa honum edr nockuru lene sem hann var til boren. þuiat Vlfr fadir hans hafde jarll verith j Danmork enn Sveirn hafde feingith ðngua sæmd af Knute konungi fyrir vig fodr sins. og heitr hann nu Magnusi konungi ollum sinum trunade og vinfeinge ef hann villde sæma hann j nockuru lene til forrada og mællti eigi frekliga til. Magnus konungr ahlydizt vmmæle Sueins og fann at hann var vitr madr og virduligr synum og hugde ath hann munde so nockuth j trunade og vinfeinge senþ hann var asyndar. Magnus konungr tekur hann nu til sin og duelst hann med konungi vm hrid.

Og eirn dag vid dryckiu gaf konungr honum skickiu sina er skoren var af enum dyrazsta gudvef og þar med eina skal fulla af miod og bad hann drecka motzminne. og hier med segir konungr vil eg gefa þier jallznafn og þuilikt af landzgædzslu j Danmork sem þa vilium uær hafa æa kuedit er vær komum þar. Sveirn tekr vid skikiunne og kastar eigi yfir sig gefr þegar einhuerium sinum manne og rodnar vid miog. en hann skikir sialfr grafelld eirn islenzskann. Og er Einar þambaskelfir sier þetta þa mællti hann. ofiall ofiall fostri segir hann. Konungr segir styggilega. faatt ætli þier ath eg kunna ath lita og ongua mannraun mune kunna ath þui at ydr þiker sumt ofiallar enn sumt ecke ath manne. Einar let þa vera kyrt og talade ecke vm leingv. En næsta dag eptir adr messa var sungin þa lætr konungr taka skrin med helgum

domum þeim sem j voru. sidan bad hann Suein jarl ath hann geinge til ath sueria sier trunadareida. Hann giorde sem konungr beidde. Skilide Magnus konungr so fyrir eidstafinn þa er jall lagde hendrnar a skrinid ath hann skylde halda trunad sinn uid Magnus konung og riki hans auka j alla stade en huergi þuerra. vera vndir hann skylldr og skeyttir j ollum hlutum medan þeir lifdu badir. sem skalldit kuad visu þessa.

Sialfr var austr j Elfi
 Vlfs moqr og hiet fõgru
 þar red Sueirn ath sueria
 sinar hendr at skrine.
 red Olafs son eidum
 att hafa þeirra sattir
 skemra alldr en skylde

[766] Skanunga gramr honum.

Sidan for Sueirn jarl med Magnusi konunge. og er a leid sumared þa foru þeir sudr til Danmerkr og fær Magnus konungr þa jalle valld og riki j Jotlande er megn er allz Danavelldis. Þat er first Noregs rike en næst Vindum og Soxum er mikenn ofrid veittu Daunum jafnan. Sidan for Magnus konungr aptr til Noregs og sat þar vm vetrin j Nidarosi og veitti þar jol sin. Þa hafde Magnus konungr skip þat er atth hafde fadir hans og styrt er Visðndr var kalladr og þui skipe var Olafr konungr vanr ath styra huert er hann for ef hann for eigi a lande. Þat er nu fra Sueini jalli sagt ath þann sama vetr eptir jol j Uebiorgum stefnde hann þing. og þa talar jall a þingeno og let ath eigi væri osandligt at Daner þionðdu honum helldr enn Nordmanna konungi. þui hier er ætt min og edli sem þier vitid og ollum monnum er kunnigt via mina sidu og skapsmune. en þat verdr torsott þott konungr sia se vel sem þat er ollum kunnigt ath hann er goðr konungr ath þiona vndir Nordmanna konung. og vil eg bidia ydr ættarnafns og uera konungr yfir Danmork og heita ydr þar j mote minu trausti og þar med fegjofum og fullkominne minne vinattu. Ogh a þui þingi gafu Daner honum konungsnafn og eignadiz þa at yfirfor Sueirn og skottum mestan hluta allz Danavelldis.

Magnus konungr spyr nu þesse tidende er vora tekr og bydr vt vm sumarit af Noregi halfum almenninge ath lidi og vistum og for sudr til Danmerkr þegar onduertt sumar. Og er Sueirn konungr spyr þat þa treystiz hann eigi lidsalfa og for ðr lande og vpp j Suidþiod a fund Aunundar Suiakonungs frænda sins og eldiz þadan at lide vm sumarit. En er Magnus konungr kom j Danmork þa refsar han landzmonnum er þeir hofdu tekit annan konung og tekr fe af morgum. en

sumir flydo¹ þr lande fra eignum sinum. suma lét hann drepa. Sidan sigldi hann med flotanum yfir til Vindlandz og kom med herinn vt ath Jomune. geingu þeir æ land vpp og heriödu og brendu þar bædi bygdir og menn. og giorer þar mikenn hernad og vinnr þar storuirke mikil. sem Arnor seigr.

Vann þa er Vindr of minner
vopnhrid konungr sidan
suefus ofan af Jomni
illuirkia hræ stille.

buk dro bralla steiktan
blodigr varge af glodum
rann æ oskird enne
allfrekr bane hallar.

Nu vikr Magnus konungr aptr hernum til Danmerkr. og er þeir koma fyrir Ræ æ Vestlandi þa liggia þar fyrir morg stor uikingaskip og slær þar þegar j bardaga og feck Magnus konungr þar sigr. s(kalldit) kuad visu.

Fus let æ Ræ ræser
ramþing hatt gamla
virdum rault fyrir vidu
Vindlande gramur branda.

Og er Magnus konungr kom j Smaland þa sendir hann aptr Nordmenn-ina en hann sialfr duelst þar eptir.

Um hersaugu til Magnus konungs. fra j(arli).

6. Og þetta sama haust þa er Magnus konungr var staddr j Jotlande þa var honum sögd hersaga ath Vindaherr giordizt æ hendr honum og þættizt sin hefna eiga. Og þegar j stad sendir Magnus konungr vm allt sitt riki j Danmork og fer j mote þeim dag og nott sem mest ma hann. þuiat honum er so sagt at Vindaherrinn fer ospakliga brennir allt og bælr þegar hann kemr j Magnus konungs riki. Magnus konungr kemr j gegn þeim fyrir sunnan Skotborgar æ. og verdr hier frasogn ath huilazt fyrst þuiat eigi ma allt senn seigia. Magnus konungr er nu ahyggjufullr þuiat lidsmunr er mikell so at menn seigia sannlega ath eigi se færre en .lx. vm eirn. en konungr vill þo fyrir onguan mun flyia. en allillr kuittr er j þeim Daunonum og þiker þeim sier styrt til vöda.

Nu er hier til ath taka j ödrum stad ath Otta hiet hertogi eirn rikur sudr j Saxlande storausdr ath fe. hann var bædi frændi keisarans og fostri og alldavinr hans. roskr madr var hann so ath varla fieck hans nota og bardagamadr mikell. En Magnus konungr j Noregi atte sier systr er Vlfilldr hiet og var dottir Olafs konungs. frid kona var hun synum og foruitra ath hyggiu. Og eitt sinn er þeir rædduzt vid Otta

¹) flyde (d.

hertogi og keisarenn frændi hans þá tok keisaren so til ordz og mællte. nu vil eg senda þig norðr til Noregs æ fund Magnus konungs broðr hennar og leita þessa mals uid bædi þau ef þier lizt kona eptir þui sem oss er fra sagth og synezt ydr oss þetta sæmiligt rad. Hertögen seigizt fara skulo huert er hann vill. Og eptir þat fer hann til Noregs og kemr hann j Vikena og er Magnus konungr eigi þar. en Alfiua er þar þa j Vikinne og giorir veizslu j mote hertoganam. þuiat han var frædemadr mikell og agætr. Og eirn dag uid dryck spyr hertogin Alfiuo huort systir Magnus konungs væri þar med henne. Alfiua kuad hana at visu þar vera. hertogin letz villdu sia hana. en hon mæler þui ecke j mot. Og eirn dag vid snæding lezt Alfiua bua dottur sina vel og med allri fegurð og pryde. su var eigi samfedra vid Suein konung. Og er hertogin setz til snædings þa sitr þesse mær hid næsta honum og skorte eigi æ henne gull og gersimar og þui likazt sem god væri sætt æ stalla. Hertöginn litr æ hana vm stund og rædir med hana og virdir so fyrir sier. ath huorke se forkunnligt ordafar hennar ne vizska og ecke so frid synum sem hann hugde til og honum var fra sagt. og let hann ecke vm talad malid og synezt ecke konungi fellt vera þetta kuonfang. en Alfiua sagde þessa vera systur Magnus konungs. Hertogin snyr nu heimleidis og finzt ecke vm þessa konu. Og er þeir keisaren finnazt þa seiger hertogenn honum sitt erend og sagde myklu minna vert vm konu þessa en þeir hugdu. Keisaren segir. nu fyrir¹ sakir goduilla þins vit oss og vinattu ockarar og þar med frændseme [787] þa vil eg ath þu farer annad sinn og bidir hennar fyrir þik og þier til handa med vorre ordsending og ma vera ath konungr vnne þier þessa rads med minne ordsending og vmmælum. en þott þier litiz eigi konan eptir þui sem þu ætladir edr oss var fra sagt þa synizt mer þo flestum monnum þat sæmdarrad at fæ þann kost fyrir mægda sakir fyrst uid Olaf konung hinn helga og so vid Magnus konung broðr hennar. Hertoginn fer nu j annat sinn. og er hann kemr j Noreg þa er þar fyrir Magnus konungr og finnazt þeir hertogin og fagnar konungr honum vel þuiat konungrin hafdi marga goda hlute og agæta spurt fra honum. Og er hertogin og konungr töloduzt uid med dryck þa spurde hertöginn ef konungr ætte sier systr nockura samfedra vid sig. A eg ath visu seigir konungr systr þa er Ulfhilldr² heitir og er dotter Olafs konungs. Hertogin mællti. þat ætlum uær herra ath þier lofit ath vær sæim hana og rædum uid hana. Leyfa skal þat vist segir konungr. Annan dag eptir geck Magnus konungr og Otta hertogin þangath

¹) þa tilf. Cd. ²) Ragnhilldr Cd.

sem hun drak og stod vpp j mote konunge broðr sinum og fagnar þeim vel. og setz hertogin hia henne og talazt þau vid og finnr hertoginn bratt at sia kona mun vera langt vm þa fram sem hin fyrre er honum var og sogð systir Magnus konungs bæði at viti og vænleik. og er han hafde vid hana talad j þui sinne sem honum likade þa ganga þeir j brutt. og sier hertöginn ath hann sier(!) vid brogdum vm kominn og Alfiua hefir ætlat ath suikia hann j maleno ef hann hefde eigi vid sied. Hann etr vid sik radunum huort han skal bidia hennar sier til handa edr keisaranum og sier þath ath keisaren mun sia kunna ath honum mun sia kona allmaklig fyrir allra hluta sakir. og þat kys hann þo at bidia hennar ser til handa med ordsending keisarans. Magnus konungr seigir æ þa leid ath seint feingizt henni jafnræde og eigi vist ath þess mætte bida vm gjaford hennar. en ef þetta samþyckir lidit og modir min þa ma æ slikt lita þuiat marga goda hlute og stora og agæta hofum vær fra ydr spurda. Nu kemr hertogin miog opt ath male vid konungsdottr og so konung. og fullingia honum margir storir hofdingiar. heimte han sig fram med feiofum og vinsældum vit folkit. og þar kemr og ath konungr at hlydizt og er Vlfilldr gipt honum med myklum soma. og sidan fara þau sudr til Saxlandz og til þeirra borga er hans valld var yfir. Han var allra manna audigaztr madr ath fe og uanna mildaztr og huataztr. Hertogin hefir nu ecke til fundar farit vid keisarann frænda sinn so ath hann sækte han þa heim edr hans menn ok setz nu heima vm kyrt. Og nu sendir keisarinn menn sina til Otta hertoga og bydr honum til sin med vinmælum og letz (vilia) hitta han. en hertogin segir so. letz eiga fiolskylldusant og letz eigi fara mega so buit fyrir vandkuædum manna sinna. og hafde verit ofridr mikell j riki hans. Þeir fara nu aptr er sendir voru og seigia konungi so buit.

Þess er uid getid eitt kuolld ath þar giordizt sa atburdr med hertoganum þa er han sath með vinum sinum j höllunne og Vlfilldr sath hia honum j hasætino. ath þar syndizt med þeim hætti ath madr einr geingi j hallardyren og hefde danskan hatt æ hofde og geck jnnar miog ath hasætinu og sidan vtar aptr og j brutt og mælli ecke ord. þa mælli hertogin uid dröttninguna. kendir þu mannen konungsdottir segir han. Hun suarar. skal egh segia herra eptir þui sem mier syndiz. Ja segir hann. þat skalttu j orlofi giora. Hun segir. likur syndiz mer kampenum fodr mins er nidr tok vndan skugga hattarens og kann vera ath Magnus brodir minn þikizt þurfa lidsinne yduart. En Otta hertogi hafde litlu adr komit vr bardaga og var hann sar miog og þa en eigi groin sarin. og segir þetta. veita skulum ver Magnusi konungi lid slikt

sem ver hofum til og eg til vinzt. Konungsdottir segir. Þier erud nu herra litt tilfærir segir hun nema hinn helgi Olafur konungr fadir minn grædi þik skiotara en likendi þætti æ uera. Eigi skal þetta fyrir standa segir hann og trui eg so vel ef þetta er eptir þui sem þu segir ath hinn helgi Olafur konungr fadir þinn hafi hier komid ath oss mune ecke til saka. Hann sprettur þegar vpp ör sætino og bidr riddara vopnast sem tidaz. Sidan tekr konungsdottir linda eirn er att hafde Olafur konungr og lagde uid sar hertogans. og tok vr allt vanheilendit þegar og all dri sidan vard honum mein ath þessum sarum. Otta hertogi fer nu sidan med lid sitt vnzt hann fann Magnus konung æ Hlyrskogs heidi. og tekur hann vel vid magi sinum med allre blidu og verdr feginn hans þarkuomu. Heidingiarnar hofdu ogrynne lids sem fyr var sagt og var lidsmunn allmikell og var illr kurr j Donunum og sogdu ath konungr þessi villdi stefna þeim til bana. Konungr er fyrir þui ahyggiufullr og harmar hrygd þa er hann sier æ monnum sinum en letz all dri villdu flyia ef nockurer villdu fylgia honum eda samþyckiazt vid hann. þo þikir honum nu wænna er Otta hertogi er kominn ath veita honum lid. Þar var þa med Magnusi konungi Einar þambaskelfir fostri hans. han mællti til konungs og bad hann hugsa eptir vanligu vm tiltekiur Dana. þuiat þier eigit mikit vndir þeim huersu þeir vilia duga. Og nu taka þeir þat rads konungr og Einar ath þeir fara leyne-liga eitt kuolld og dyliazt j herinum og kenndu menn þa eigi þuiat þeir hofdu breytt þuningi. Þa heyra þeir ath eirn danskr madr tekr til orða og mællti. huar muno þeir beriazt ætla. Annar segir. eg veit þat giorla hier vit ana. Þa seigir sa er spurt hafde. hier villda eg þa vera uid skogin þa berzt sa er beriazt vill en hinn felr sig er feltmta(!) vill. Þa mællti Einar til konungs. hier megit þier nu herra heyra ad sia seigir margra vilia og ætlan en danske. nu munda eg þat rada ath sëtia þar fylkingar ath þeir nædi eigi so skiott skoginum sem þeir villdu. Konungr kuad so vera skylldu. [763] Skamt j brutt þadan var eirn litill bæ. og bidr Einar konungen ath þeir geinge þangath og siai til ath bonda væri ecke mein giort. þuiat hann æ litla eigo. þeir geingo og giorde bonde þeim mikenn fagnath og gaf þeim vin gott. og eptir þath lagdizt konungr nidr og sofnar bratt. Og þegar vitraz honum draumr edr eigi sidr vitran. hann þottiz sia fodr sinn æ huitum hesti og þotti hann mæla vid sig. statt vpp hartt og fylk lide þinu. ærid lid hefir þu ath beriazt j mote heidnum monnum þuiat eg mun beriazt med þier. þa er þu heyrir hringt Glöd norðr j þrandheime þa mun eigi leingr þurfa ath bida min þuiat hun skal vera ludr minn j dag. Konungr

waknar eptir þetta og segir Einare fostra sinum ath þeim væri sigri heitid og kuad þa gott erendi hafa þangath hafth til bonda. fara sidan aptr til lids sins og sa ath menn lagu wndir skioldum sinum og bidr konungr þa wpp standa. Sa madr var þar med konungi er Oddr hiet og var Gellisson. hann hefir sagt suma hlute fra þessum tidendum.

Hertogin fyste konung ath beriazt og lezt vel segia hugr vm ath þeir munde sigr fæ. og var allt lidit med vopnum vm nottina æ Hlyrskogsheide þuiath þa var Vindahersins von alla vega ath þeim. Magnus konungr kallade nu hatt og bad menn vpp standa. ver¹ sköldum sigr fæ þuiat hinn helgi Olafr konungr fer med oss. Og j þui bili heyrdur allir klucknahliod vpp j himenenn yfir sig og kennir Magnus konungr og allir Nordmenn ath þath hliod var sem j Glöð norðr j Þrandheime. og uid þetta snyr af lideno allan otta og hyggia aller æ þessar jarteignir og eingi hrædist nu vm sitt lif huort sem heidingiar eru fleire edr færre. Þa steypir Magnus konungr af sier brynionne er hann var j og hefir ecke klæda nema eina silkeskyrtu. oxi hafde hann j hende sier er fadir hans hafde atta er menn kalla Hel. Ogh j þessum þys kemr þar bukall eirn og bryst fram j mille mauna og kuadz eiga skylt erendi vid konunginn. Sumir menn hrinda honum en sumir hrinda honum ath konungi og greida ferd hans. Einar þecker mannen og bidr² ath hann gange sem hann vill. Og er bonde kemr fyrir konungen þa mælli konungr. huat villtu bonde. Han seigir. eg vil segia þier draum minn. eg þottumzt sia Olaf konung rida huitum heste med ollu konungsskrude og sagdiz ydr skylldu lid veita og bad ydr setia æ langa fylking og fylke þyckuazt j midiu og bad ydr þar vera en lata siga at vtan armana³ ath fylkingum Vinda. so ath þeir mætte eigi flyia. og kuodz mundu syna merke sitt fyrir lideno. og ath þu gruner eigi mina sogn þa hefe eg sannar jarteignir til ath sanna sogu mina. Og syner konunge þær jarteignir er hann ma eigi vid dyliazt. Konungr verdr þessu allfeginn og gaf bonda fe miked. Magnus konungr skipar Otta magi sinum j fylkingararm annan og lide hans en hann sialfr er j midre fylking sem fadir hans hafde mællt.

Eirn madr af Vindahernum uillde beriazt vm aptanen og vekur hann leiken. en honum var þannueg farith ath hann var mestr og sterkastr og fiolkunnigr so ath hann bitu eigi jarn. Hann geingr so fast ath fylkingu Magnus konungs so ecke stendr og hoggr æ tuær hendr og veitir morgum manne skiotan bana og brytr nidr vndir sig huat sem fyrir verdr og spyr huar se konungr þeirra Nordmanna. Þa mælli eirn madr uid konungin. sa uar mikell vexti og vænn at alite

1) vel *Cd.* 2) bidia *Cd.* 3) harmana *Cd.*

og nockut so hnigin til elle. hui lætr þu þenna ouin drepa nidr menn þina sem bufe. Huerr megi þat so skiott banna segir konungr. þa mællti hinn alldrædi madr. fyrr radiz þier heiman ath styra myklu herlide en þier kunnit fyrir ath sia. Konungr segir. vera ma ath so se sem þu segir. en þiggia mun eg ath þier nu heilræde ef þu kant til ath gefa. þa mællti þesse madr. hogg þu til hans med oxinne Hel med minum athbeina. Þessi wadr snarazt þa fram fyrir konunginn og lustr hogg miked æ hialmenn kappans so at hann hne fyrir. en hann hafde brynio stutta. og bar nu af honum bryniuna og þar fyrir nedan hio konungr oxunne Hel til hans og beit hun nær j sundr mannen j midiu. og leita nu vndan þeir heidingiar er adr hofdu mest fram geingit. En konungr beid þa eigi merkianna. og slær þa j allmikid mannfall. og lata Vinder þa elltazt vt ath anne. en Magnus konungr sækir þa eptir þeim med sinar fylkingar og falla Vindir nidr sem stord. Magnus konungr hoggr med oxunne Hel tueim hondum og hafde huorke hialm ne brynio og ongua hlif. Og er Vindir koma ath anne þa nema þeir enn uit littad og beriazt nockut. þa lætr Magnus konungr siga ath þeim fylkingararmana og þar kemr ath þeir lata elltazt vt a ana. og ridlazt nu lid þeirra j mannfaleno en konungr med lid sitt sotte eptir. og so vard mikid mannfallid sem olikligt mun þikia er fra er sagt ath so storir valkestir lagu j anne og so þyck at stiga matte buk af buk og fara so þurt yfir ana. en þeir konungr og Otta hertogi magr hans reka flottan. þath er sagth ath Vindum yrde nær at mestu olide er þeir hofdu sier til lids ætlad. þeir hofdu skipad ðxnum morgum j framanverdum fylkingum en bundin spiot æ bak þeim enn fialir fyrir augum þeim. Nauten snerost vid littad og þegar aptr æ mote þeim og vard so ath þeir vrdu netiader vndir nautaflockinum og j mille hers Magnus konungs og feingu þar af hinn mesta mannskada. en þeir er lifit þagu þa frelstu þeir sig med flotta. Nu sækir Magnus konungr hartt eptir Vindum og bidr ecke merkianna og hio æ badar hendr og felldi nidr menn sem bufe. en lidit dualdiz eptir. og rak hann so miog leingi eirn samt flottan ath eingi madr fylgdi [769] honum. en sumir segia ath hann ræke vid þrettanda mann og gade eigi ath hann væri so langt komin fra lideno. og er so hafde geingit vm hrid þa finnr hann huersu ovarliga¹ farit er. snyr sidan aptr til lids sins. og vrdu allir honum fegnir en adr hofdu þeir miog ottaz vm fall hans. Magnus konungr þackar vel magi sinum lidueizsluna og þar med ollum monnum. En þath var samkuæde þeirra Vindanna er vndan kuomuzth ef allir borduzth sua

¹) ofarlíga Cd.

sem sa enn fríde er j silkeskyrtunne var þá hefde ekki mannsbarn vndan komizt. Og vñ þenna bardagann er þetta kuodit.

Menn var sigr fyrir sunnan
sniallr Heidaby spialle
nær fra eg skarpa skæru
Skotborgar æ gioruar.

vnde otal Vinda
Elle konr at fella
hvar hafa gunnar-giorua
geirhríd framit meire.

Sídan skipta þeir herfange sínu og tok konungr af þui hinu mykla fe hringa nockura. og þath eitt sín þa menn fegirne hans. og midlade hann þa þo morgum mikid fe. konungr bad og þa menn vitia sín er honum logdu heilræde og kuozt mundu launa þeim er hann kæmi heim j ríki sitt. Þessa orrostu hófu þeir æ Mikaelsmesso aptan og skamma stund borduzt þeir adr flotten brast. og dreifdiz so lidit Magnus konungs sem flotten sotti vndan ath so foru þeir vída ath þath var raust leidar er so læ þyekt valren ath huerr lækr og bechr stendizsth og nade eigi faruegh sínum og eingin madr vísse huersu mart fiell af heidnum monnum. Þat segir Siguatr skald.

Hygg j hundrads flocke
Haralldz brodrson stodu
hrafn vísse sier huassazst
hungrbann framaz manna.

vitt la Vinda flotte
var þar er Magnus bardezth
hogguin valr ath hylia
heide rastar breida.

Þesse orrosta hefir agætozt verit æ Nordrlondum bæde ath mannfalle þui sem vard og mest af þeim sokum er so miklar jarteignir voru gioruar af hinum heilaga Olafi konungi ath jafnmiked lidh sigradizt víd so mikenn her en tynde fæinum monnum so ath eigi yrde græddir. En konungr sialfr geck vndir vopn heidinna manna hlifalaus og þorde eingin vopn æ hann ath bera so hlífde honum guds myskunn og arnadarord fodr hans. sem Arnor kuad.

Od med oxi breida
odæsinn fram ræser
vard vñ hilme Horda
hrædyr og varpp brynium.

þa er of skapt en skepti
skapvordur himens jordu
Hel klauf hausa folua
hendr tuær jofr spende.

Ogh enn segir so.

Skioldungr letz víd skira valde
Skotborgar a Uinda sorgum
yngui var sa frægr er feinguth
fornaubr þinn víd helming minna.

vorru læ þar valkostr hærrer
var þier sigr skapadr grams ens dígra
uirdum kunn en vída runnen
varga ættum klífa mætte.

Og enn kuad hann.

So hlod síklings hafan
snarr or vífa baurre

hrosa eg hugfullz vísa
hrækost fira ræfe.

ad aleggiar hyggjar
allnatt forut mattod

aulld la vidt þott vilde
vifs mark yfir klifa.

Nu skiliazt þeir þar magarner og fer Otta hertoge heim j Saxland og sitr nu j riki sinu. Og er keisarenn finnr ath hertögin mun ecke ætla ath sækia æ sinn fund þa sende hann menn til hertogans j annath sinne med þeim erindum ath hann letz mundu taka veislu ath hans og bad hann so uid buazi. Og er sendemenn kuomu med þeim ordum þa var audsynt æ hertöganum ath honum var þetta litt ath skape og let sier fatt vm finnaz en byr þo veizsluna allt ath einu. og kom keisaren sem hann hafde akuedit. Og er keisarinn sier konungsdotr þa finzt honum miked vm fegrd hennar og hæuersku og þiker sem hertogin hafi honum rangt til sagth og giorizt keisarin nu okatur. þat finnr og bratt hertoginn þuiat hann þionar fyrir bordino. giorizt nu og annath folkit okatt þegar hofdingen var so fyrir. Og vm aptanen er þau komu j eina sæng hertogin og konungsdottir þa spurde hun hann hueriu gegna munde ogledi keisarans. hugdum vier ath hier munde vera vina samkunda er þid frændr finndizt. þuiat þu sagdir mier suo at þid frændr væri(t) miog asifolgnir huor audrum keisaren og þu og þier væri ath ongum jafnmikell vegr sem ath honum keisaranum. seg nu ef so er sem mik grunar ath nockut komi til min af þessu og hafir þu eigi so med ollu farith sem honum likar og mier hafi eigi verid gæfu til audit þeirra rada sem j fyrstu var til hugath og se þath þo af þinu tilstille nockut. nu þo ath so se þa gef eg þier þat rad ath þu vekir til uid hann æ morgun og spyr þui hann er so ogladr og þott¹ ath keisaren take omiuklega þino male þa verttu miukr og linr vid hann allt ath einu og legg allt malid æ hans valld bædi þitt og mitt. nu uili hann vel sem mik væntir þæ er gotth vid þui ath taka þuiat eg hygg at hann se agætr madr. nu vili hann odruvisa þa er þat hans og er þo mest von ath han rade þo allt ath einu og þann veg fer þier betr. Hann quat so farith hafa sem hun gath og er mikel von ath þesse rad verde ath hafa sem þu leggr til. Ogh vm morgunen eptir vegr hann til uid keisarann og mællti. hui erud þier hliodir herra. ver willdum þessa veizslu veita ydr med allre blidu og astseme til yduar eptir þui sem vor skyllda er til. Keisaren segir. furdu er þat vndarligt er þu hefir suo miklazst er þu spyr ath þui þar er þu hefir suiket mik. Hertogin suarar. jlla er þa herra segir hann. þier senduth migh til Noregs æ fund Magnus konungs ath bidia systr hans til handa ydr. en þath sinne hitta eg ecke Magnus konung þuiat hann var þa eigi j

¹) hertog' tilf. Cd.

lande og þá sá egh mey þá er mier var sögd systir hans en hun syndizth mier ecke hæfa yduarre tign huorke ath viztmunum ne yfirsyn. og vid þath for egh apr og sagda egh ydr beint eptir þui sem [770] hattad var. ogh eptir þad sendudh þier mik j annath sinn ath bidia hennar mer til handa. og er egh kom til Noregs þá fann eg Magnus konung þar og þá sá eg þessa konu. nu var þá bæde herra ath mier þotti mikid ath missa þessa radahags enda gafu þier þo orlof til. nu vil egh sua myskun fa af gude og ydr ath þann veg hefir farit. gef eg nu æ yduart valld bæde mitt rad og kónungsdottur. Keisaren segir er stund leid. egh ætla ath þui mune so farid hafa at gud mune vnna þier þessarar gersime ath niota. er nu og mest von at eg muna hafa hapt rikith medan ath mer var ynde ath. nu med þina medferd alla jafna saman þá vil eg gefa þier allt rikid og þar med keisaranafn og alla virdingina. en eg vil nu radast j þeirra manna sueit er hafna þessa heims life og taka þá slikan hlut af gude sem hans stendr myskun til. So er sagt ath Otta yrde nu keisare j Saxlande og attu þau kónungsdottir son þann er Magnus hiet og var allra manna fridastir synum. En þessi madr er keisari hafde verit giordi slikt af sinu male sem hann hafde adr rætt, og er nu lokit fra honum ath segja.

Er Magnus konungr var j Jotlande.

7. Magnus konungr Olafsson var vm vetrinn j Jotlande. ogh vm sumarid eptir kom Sueirn jarl j Danmork med skipalide og fer Magnus konungr þegar j mote honum. Þeir finnast vid Helganes og leggja þegar saman skiponum og beriazst. og var su orrosta vm alla nattina og lauk so ath Sueirn jarl lagdi æ flotta og komzt æ land vpp og aller þeir er lif þagu. en skip aull voru eptir og drepinn mestr hlute lidsens. sem Arnor segir.

Dorr let dreingia harre
driugspakr af þrek flinga
glæde elldr af oddum
alme skeyttr æ hialma.
let ath hilmie hneite
hugnar vedr j gegnum
jarn flugu þyck sem þyrnir
þel ard adra spardan.

Hittek hlaut er heitir
Helganes fyrir kesium
sucku sarir reckar
Sueins ferd bana verdir.
mætr hieilt morgu spote
Mæra gramr snæri
oddr raud aske studdan
aurlandreke draurrum.

Vppgongu van yngui
tyr log noga
giorde hilmir örða
hiorþey j Skaneyiu

Ogh þessar orrostu getr þat skalld er so segir.

Keppenn vant þat æ mun vppe
yggjar uedr medan heimren byggizth
vargur skok j yopna rimnu
vidr Helganes blodugth fidre.

Yngui feckttu oll med hringum
jall visse sig folldar missa
þiodum kyrr en þu tokt sidar
þeirra flaut vid sigri meira.

Hier tekur Magnus konungr oll skip þeirra sem heyrast ma en Sueirn jall flydi til Gautlandz og þadan til Suidþiodar æ fund Suiakonungs frænda sins

Um þat er Magnus konungr var j Jotlande.

8. Magnus konungr var enn vm vetrinn j Jotlande. og þann vetr nockuru fyrir jol kemr Sueirn jall Vlfsson ofan af Suidþiod med her sinn ofan j Danmork og hieilt þegar sudr til Jotlandz til fundar vid Magnus konung og vill enn beriazth til rikis ef honum er eigi vpp gefit þrautlaust. þeir finnast nu fyrir sunnan Aross æ Jotlande og tekz þar med þeim bardagi og vard skammr af þui ath Sueirn jall hafde lid minna en Magnuse konunge var jafnan sigren ætladr. þar let Sueirn lid sitt allt og skip og komz æ land vpp med fa menn. sem þiodolfr kuad.

Hyde jall af odru
ættuin skipe sinu
modr þar er Magnus giorde
meinfært þadan Sueine.
red herkonungr rioda
Hneitis egg j sueita
sprænde blod æ bryndan
brande vo gramr til handa.

Vard fyrir Mikels messu
marg grim hait rimma
fiellu Vindar en vonduz
valtafne þeir hrafnar.
en fyrir jol vard onnr
ohlitilig litlu
vpp hofdzth med gumnum
gunnr fyrir Aros sunnan.

Hier visar til þess jafnan j kuedskapnum ath Magnus konungr og aller hans menn kollodu Suein jall þott hann sialfr kallade sig konung edr hans viner. þetta kuad Arnor jallaskalld vm þenna bardaga.

Sueins manna rekr
söndug lik ath strondum
vitt sier oldd fyrir vtan
Jotland huar hræ fliota.

uitner dregr vr vatne
vann Olaf son bannath
buk slitr vargr j vikum
valköst ara föstum.

Skeidr tok Biarnar brodir
hallr kann vngum allar
þiod rere þeirra tidar
þingath gramr med bringum.

Sueirn jarl komz æ land upp og fordade sier. en Magnus konungr tekur skip ðll og fiarhlut. en Sueirn jall for af landgongu allt j Suidþiod og

var þar vm wetrin. Magnus konungr for- nu vpp æ Skaney og bardizt
vid bændr ok drap þar marga ouine sina. sem Arnor kuad.

Vitt hefi eg heyrt ath hiete
Helganæs þar er elge
vox ens vida frægi
vargteiter raud margan.

Og eptir þetta for Magnus konungr sudr. sem hier segir.

Suik red eigi ecklu
allualldr Donum giallda
let fullhugadr falla
Falstrbyggia lid tiggia.

Þadan veik hann aptr og lagde ath vid Fion og veitte þar hernad og
drap þar mart folk fyrir suikræde þuiat hann villde nu leida Donum
suikin. og þessa hernadar getr Arnor skalld.

Næst raud fram æ Fione
folld sotte gramr drottar
rans gallt herr fra hanum
bringserks litodr merke.

minnte ölld huert annar
jafn þrafu blam hrafne
ört gath hilmir hiarta
her skylldir tög fyllde.

Hier visar til ath þessi uetr fyllir annan tög alldrs Magnus konungs
og var hann hid næsta vor eptir tuitogr ath alldre og giorizth nu frægr
miog vm lond af riki og sigrsæld og storum giofum og matte so ath
kuoda at aller ynne honum hugastum nema ouiner hans.

9. Nu er Magnus konungr hefir eignazt Danavelli eptir suardögum
þeirra Hordaknutz [771] sem fyrr var sagth og er hann var nockut j
frelse fyrir ofride þa sendi hann menn med brefum til Einglandz vestr
æ fund Jatuardz goda er þa var konungr j Englande eptir Hordaknut¹
konung brodr sinn. En æ þeim brefum var su ordsending ath Magnus
konungr og Hordaknut¹ hofdu suarith sin j mille ath huor þeirra skyllde
taka (riki) eptir annan. og nu hafde so til borit vm misdauda þeirra sem
ollum var kunnigt ath Magnus konungr var nu ordinn retrr arftokumadr
Hordaknutz². Lezt Magnus konungr villde þat nu vita vilia af Jatuarde
konungi huort hann skyllde þurfa ath beriazth til Einglandz edr villde
hann ath þeir giorde so sem Daner giordu ath hallda rettu sattmale
j millum sin og hefde Magnus konungr Eingland j villd Jatuardar
konungs og jafnt sina eign giora Eingland sem Danmork eptir lifdaga
Hordaknutz³ þar er vndir hann bar adr eptir dauda Haralldz brodr
hans og var hann konungr beggia laudanna adr hann andadizth. Og er

¹) Hakon Cd

²) Hakonar Cd

³) Hordakara Cd.

sendemenn Magnus konungs komu j Eingland æ fund Jatuardar konungs baro þeir fram erende sin og bref Magnus konungs. Og er Jatuardr konungr hafde yfir litid brefin Magnus konungs þa giorir hann onnr bref j mote til Magnus konungs med þeim hætte ath hann segir fra þui ath hann miste j barnæsku fodr sins Adalrads konungs og hanns ættmenn fyrir þath og fyrir sakir æsku minnar þa tok Jatmundr brodir minn konungdom fyr enn eg eptir landzlogum vorum. og eptir þat kom til landzsens gamli konungr Knutr er bardizt med Danaher til Einglandzs ættlandzs vors og kom so ath hann vard konungr j Einglande med Jatmunde brodr minum. og eigi leid langt adr en Jatmundr konungr feck bana og sögdu þath sumir menn ath þat væri af radum Knuz ens gamla. og tok þa allt riked Knutr konungr og eigi fyrir þath ath þat uæri hans edr rettkomin til helldr fyrir sakir agirne og rikdoms hans. og þott eg væri son Adalrads konungs og Emmu drottningar og rettborin til rikis j Einglande enn eigi ath sidr var eg giorr þo eiginlaus. tok þa Knutr stuipfadir minn. og buduzt mer til lidueizslur ath beriaz til landz en eg villda helldr trua guds myskunn ath hann munde mer fyrir hafa hugsat þat riki er eg væri makligr ath hafa. en eigi villda egh spilla þar til kristinna manna höndum og likomum. þa lidu enn nockurar stundir og riki þessa veralldar Knuz konungs og andadizt (han). kuomu þa j kosning synir hans fyrst Haralldr. og var enn sem fyr ath eg var giorr eiginlaus og fyrir vtan alla sæmd vorra forellra og vnda eg þui medan gud villde riki þessa mannz. og var eigi laung hrid adr ath Haralldr konungr andadizt og var tekin til konungs Haurdaknutr annar son Knutz hins rika. var hann brodir minn sammædr og var þa konungr yfir Danmork og Einglande. og var enn j fiorda sinn so konungr yfir landit tekinn ath eg hafda ongua nafnbót. og for eg sem eirn riddarason sem sa er einskis gods æ von. og mun eingi þat kunna ath segia at eg þionada verr edr mikillatlegar Haurdaknuti¹ brodr minum en þeir riddarar er ath allri ætt voru otiginbornir. þa andadiz Hordaknutr brodir minn og var þa rad og villd allra landzmannna ath taka mik til konungs hofdingiarnir fyrst ath vpphæfe og þar med allrar alþydu. og þotte eg þa mist hafa vm hrid minnar sæmdar og fodrarfs. var eg þa konungs vigslu vigdr og stolsettr. sor eg þann eid j vigslunne sem gud j himeriki late mik hallda ath hallda j ollu guds rett og hans log og landzens og deya helldr fyrir logum og rettendum en þola vondra manna agang. em eg so settr fyrir land þetta af gudz alfu og landzlaga ath dæma huerium sinn rett og leggja so

¹) Hakoni Cd.

nidr ofrid. nu meðr þú Magnus konungr ath þú villt taka af mér land þetta er mitt erfðaland er ath rettu og fyrir þá eina sok ath þú þikizt eigi adr til vidlendr og rædr nu fyrir fôdrleifð þinne Noregs vellede og nu hefir þú feingit Danariki og uillt nu girnast mitt ríki og fer nu æ hendr mer til Einglandz þá er meire von ath eigi samna eg lide j mote þier. en eigi muntu þó mega konungr heita yfir Einglandi fyr en þetta hofut hefir þú afhôgguit og eingin þionkan mun þier veitt uera fyrr en þetta er giort j þessu lande. Nu fara þeir menn Magnus konungs er sendir voro og syna honum bref Jatuardar konungs. og er Magnus konungr heyrde og las þesse ord Jatuardar konungs og skilde huersu mikla hormung hann hafde leingi þolad adr hann yrde konungr fyrir ofriki og oiafnade annarra þá skilde Magnus konungr huersu mikell guds vin hann er óg lattiz hann þessarar ferdar ath giora honum neirn ofrid og quad þat sandlegaz ath hans ríki uæri ærid miked ef gud uillde vnna honum ath niota. og þath eina munde uid aukazth þott hann legde stund æ þad ath hann munde þú tyna þar æ mot er myklu var meira vert er von var til almattigs guds ef hann dræpi þuilikan (hofdingia) og guds vin sem Jatuadr konungr var. Og styrde nu huor sinu ríki med sigri og soma.

Vm sigling Haraldz konungs er hann kom til Skaneyiar.

10. Þath sama haust er Magnus konungr læ skipum sinum vid Skaney sa þeir eirn dag ath skip siglde austan fyrir land. þat uar allt gulle buit fyrir ofan sio ok voru æ drekahofut faugr. en seglit uar tueuallt pell af enum dyrstum vefium. Og er þessi nylunda hofst vpp þá þotte monnum mikels vm vert. en þetta skip var med þesskonar farme ath þath var fermt med raudu purpura gulli en aller uedrvitar voru so ath sia sem rautt gull væri. so og aller spæmir j. en fyrir bordin innan þá uoru vaskir dreingir klæddir med dyrum vefium og pellum. Magnus konungr giorde þegar skip vr hôfninne vt j mote þeim og vill vita um ferd þessara manna. og er sendimenn hitta þá þá vikia þesser menn ath lande [772] og lægia seglid. roæ sidan jun til flota konungs og leggja þessu enu fagra skipeno nær konungsskipe. Styremadr skipsens kemr bratt æ rædu uid radgiala Magnus konungs Ulf stallara en þó leynde þessi madr nafne sinu og talade mal Harallz Sigurdarsonar sem hann væri sendemadr hans óg leitar eptir uid hann huersu Magnus konungr munde taka uid fôdr(brodr) sinum ef hann kæme æ hans fund. og quad ærna verdleika til vera ath vid hõnum uæri vel tekith fyrst ath vpphæfe fyrir sakir frændseme þeirra og

fylgdar þeirrar er han hafde uid Olaf konung fodr hans. og bad radgiafan slikt allt tia fyrir Magnusi konungi. kallade og Haralld vera vitran mann og hafa styrk miken og hafa morg storuirke vnnit j vt-londum þau er leingi munde vppe vera. enn kallade hann vera ferikan og storausgan ath gersimum. og af ollu sagde sa er sendr sagdiz uera af Haralld þa mæ han honum mikenn styrk vinna frænda sinum. en hitt ma horfa til mikels voda edr vanda ef hans uidrtaka uerdr eigi med sæmd edr æru. Radgiafenn tok blidliga male þessa mannz og þotti skorugliga fram flutt. Sia madr var mikill vexte og med tiguligu yfirbragdi þat er hann matte æ sia en auallt var nockr hulda æ dregin. Nu ferr radgiafenn æ þessar slodir fyrir konunginum og tekr hann vel og lettliga vndir þetta mal. og vænti eg segir konungr mikils gods af minum vinum ollum og þeim dreingium er mer fylgia en þo framazt minum fodrbrodr bædi vm radagiord og annan¹ styrk og mun eg giarna vilia ath hann komi til min. Og eptir þesse andsuor konungs sækir radgiafen til skips og segir styremanni suor. og þui næst ganga þeir Haralldr æ land og ferr æ fund Magnus konungs og dylst nu ecke. og kende radgiafen þa þann hinn mikla mann og enn listuliga er hann atte tal vid og hafde Haralldr þat verid Sigurdarson og fleire menn kenndu han nu. og gengr Magnus konungr sialfr j mote honum og allr herr hans og fagnar honum forkunnar vel. og var morgum mikell forkudr² æ ath vita og heyra þau tidende er Haralldr kynne at segia og tekr Magnus konungr uid honum med allre blidu.

Um ferdir Haralldz.

11. Nv huilizt fyrst ath segia fra Magnuse konunge og skal fyrst segia fra ferdum Haralldz. þat fyrst er tiltekr vm hann eptir fall Olafs konungs. Ætt Haralldz er su sögd ath verid hafe at Haralldr harfagre atti son þann er kalladr var Sigurdr hrise. han var fadir Haldanar fodr Sigurdar syrs fodr Haralldz. þesser langfedgar aller voru konungar æ Hringariki j Noregi. Sigurdr syr atte Astu dottr Gudbrandz er adr hafde atta Haralldr grænске. þau attu .v. born edr fleire. var Gudraudr ellztr. þa Haldan. þar næst var Jngibiorg. þa Gunnhilldr. Haralldr var yngztur. Haralldr þessi var styremadr skips þess er fyr var getid og var han nykomin ör Austrvegi. Haralldr Sigurdarson var æ Stiklastodum sem fyr var sagt med Olafi konungi og feck þar gott ord og uar miog sar j orostu og flutte Rðgnualldr Brusason han þadan æ brott og feck han til lækningar einum bonda. en sa bonde atte sier son frumuaxta og seigir bondason fra þui huat hann visse til eptir bardagann

1) annath Cd. 2) forkuidr Cd.

æ Stiklastodum. ath menn .xij. saman kuomu til fodr mins segir hann og baro þangat saran manng j hus hans. og sa er fyrir þeim mælli var manna vänstr og huir æ har. sidan hurfu þeir j brott og stundu sidar sende fadir minn til min og bad hestz mins til reidar. og giorde eg sem hann beidde. þa kemr fadir minn þar sem eg var og leidir mann eptir sier j raudri kapu miken vexte. og þotti mer sem han væri æ vnga alldre. sa hafde steypt hettenum og matte eg fyrir þui ecke sia j andlit honum. fadir (minn) mælli ath egh skyllða fylgia honum til þess ath han beidde mik aptr huerfa. vit forum badir samt nockura stund. sidan snere han aptr j mote mer og quad þetta fyrir munne sier og hlo vit.

Verd eg skog vr skogi
skreidaz litils heidar
huer veit nema eg verde
uida frægr vm sidir.

En segir bondason enn fleira fra forum þeirra. og er vid ridum fram j nordrætt mest ath þui at mer þotte. og þui næst fundu uit þa menn enu somu er komit hofdu til fodr mins og heilsodu raudkapumannenum med Haralldz nafne. og þa sa eg glögt segir sueirnen yfirlit hans. han var uigligr. madr og fölitadr stormanligr og skolbrun og nockut grimligr. hann gaf mier knif og bellte ath skilnadi. for eg sidan heim til fodr mins. Þessa frasogn visse Magnus konungr og adrir menn j Noregi. En hiedan fra er su frasogn um farar Haralldz er hann Haralldr sagde sialfr og þeir menn er honum fylgdo.¹ Sidan for Haralldr til Suidþiodar austr og þadan j Gardariki. sem Boluerkr segir.

Milddingr strauk vm mækis
munn er lezt af gumfne
hollz uant hrafn vm fylldan
hras þaut vargr j ase.

en gramr ne eg freg fremra
folkherdir þier berða
austr varttu arid næsta
auröglyndr j Gördum.

Þetta kuad þiodolbr.

Austruindum ok
j onguan krok
uarad Lesum lettr
lidmanna retrr.

Haralldr giorditz bratt landuarnarmadr med Jarizleifi konungi og tok af honum goda uirding og mikla sæmd og mest fyrir sakir Olafs konungs brodr hans og þo sialfs sins. hann finnr þar mikla sæmd af konungenum vid vtlendann her er æ geck rikid. þeir voru badir samt j hernade wm hrid og Eilifr jall. sem þiodolbr segir.

¹) fylgde Cd.

[773] Eitt hófduz at
Eilifr þar er sat
höfðingjar .ij.
vm allt fylgtu þeir.

Og þui meire frægd vann hann j Austrveg sem hann hafde leingr verit. Jarizleifr konungr og Jngigerdr drottning attu sier dottr er Elisabeth uar nefnd. Þa kalla Nordmenn Ellesif. Þar hefir Haralldr tilmæle at na þui rade og kuad þeim kunnigt verit hafa sitt forellri dyrligra frænda er hann atte og slikt af hans framkuæmd sem þa mattu þau nockut til uita og kallade eigi oruænt þess ath enn mætti uid aukaz hans framaverk. Konungr suarar. þessa er vel leitad og j marga stade lizt mer fullbodit. og þath er likligt ath leingi mun aukazt hans framaverk so sem nu hefzt vpp. en at so þunu til gðfugs rads þa ertu eigi til ferikr og landlaus madr at so faurno. en med þui ath þin framkuæmd verdi slik sem eg vænte þa mun þier eigi vera fra visat æleingdar. Og eptir þessa rædu giorist hann ath fara ut j lönd og visar so til j kuæde hans sem hann hafde farit med herin austr vm Vindland og so til Saxlandz og allt uestr j Frakland. sem Jllugi quad.

Opt geck æ frid Frakk(a)
fliot reid ath by snotar
var æ doglingi dolgar
drotten minn fyrir otta.

Þadan for hann j Langbardaland og sidan til Romaborgar og eptir þath vt æ Pul og red sier far til skipa og for þadan til Miklagardz æ konungs fund. sem Boluerkr segir.

Hartt knude suol suartann
sneckiu brand fyrir lande
skur enn skraula baru
skeidr bryniadar reide.

mætr hilmer sæ malma
Myklagardz fyrir barde
morg skridu beit ath borgar
brann fogr hám arme.

Hier segir þat at hann for herskipum til Miklagardz med myklu lide æ fund Gardzkonungs er hiet Mikael katalactus. Þa uar drottning j Myklagarde Zoe drottning hin rika. þar var vel fagnat Nordmonnum. Geck Haralldr þegar med öllu æ konungs mala og nefndizt hann sialfr Nordbrigt og var þat eigi j uitordi alþydu ath hann væri konunghorinn helldr bad hann alla sina þui leynd þuiat þat er ath uidrsyn giort ef utlendir menn eru konunga synir. Enn mikill fiolde var þar adr fyrir Nordmanna er þeir kalla Væringia. þar var sæ madr islenskr er Mår hiet og var Hunrðdarson fadir Hafliða Marssonar og uar þar agætr sueitarhöfdingi. Honum uar mikill grunnr æ vm menn þessa ena vtlendu

huort allt munde eptir þui sem þeir sogdu. og sidan hitte hann ath male Halldor Snorrason er þa uar med Haralld er kalladizt Norbrigt og villde Maar tala vid Haralld. enn Haralldr¹ villde ecke uid hann eiga og feck Már ecke þar af. Ogh sidan redst hann vr Myklagarde og þotte einskis oruænt nema nockr storræde kæmi vpp af stundu. Ogh einn dag er þeir Nordbrigt satu æ vollum nockrum j þrimr hringum þa geck Zoe drottning þar² hia þeim og sa huersu rembiliga þeir letu. þa geck hun ath Nordbrigt og mællti. þu Nordmadr gef mer lock ur hare þino. Hann segir. drottning segir hann. jafnmæli skal med ockr. gef mer har vr magaskeggi þinu. Þetta þotti hlægliga mællt uera og þo diarfliga vid þuilika konu. Hun gaf ecki gaum ath og geck leid sina.

Erlendr hiet madr þar j gardenum Væringe eirn. enn kona hans feck uifirring og bidr Erlendr Nordbrigt gefa til nockut rad allz þotti vera spakr madr og uitr. Hann geck nu og hitter konuna. ræder vid hana og bidr syna sier gripe sina og gersimar og leitar eptir marga vega uitruga. og hun giorir so syner honum gripena. hann spyr huer henne gæfe gripuna þa sem agætaztir voru. hun lezt eigi mikid af vita huer hann være enn segir ath henne leizt agæta uel æ þann mann er henne hafde gripuna gefit. Hann spyr hueriu hun hefde launath. hun kuozt ongu launath hafa og vard uid fa. Þat samir ydr eigi husfreyia segir hann ath launa ongu slikar gersimar. nu ef þu þikizt ecke til hafa so sæmiligt sem þu villdir þa vil eg gefa þier eirn godan grip ath þu launir þetta. Þessu jatade hun. Hann geck þa i brutt og lætr giora kross af gulle einu og let vigia. þa ferr hann æ fund hennar j annat sinn og selur henne krossenn bad hana hafa hia sier og segia sier enn giorr vm sina hage og leitade marga uega eptir. Hun kuad mann koma til sin er henne vard vel fyrir ðgum so hon lezt onguan slikan sied hafa. kuad hann vitia rekiu sinnar vm nætr. og hefi eg mikla ast uid hann lagt. Eptir þetta gieck Nordbrigt burtt og sagde Erlende huad titt er. skulum vær nu hallda vord æ ef hann vitiar hennar og taka hondum ef vær megum. Þath uar nu eitt kuolld ath þeir sia ath madr eirn geck til herbergis hennar. sa var bæde mikill og uænn og so syndizt þeim sem gullz litr uære æ horonde hans þar sem hann var berr og ællodu nu ath taka hann hondum er hann genge j burtt. Hann ste j rekiu hia henne. þa synir hon honum krossenn og mællti. eigi vil eg ath eins þiggia gripuna ath þier so ath eg launa ongu. vil eg nu gefa þier þenna grip j mote. og rette³ ath honum krossenn og bad hann uid taka. Honum vard uid þetta so illt ath hann huarf þegar

1) Halldor Cd. 2) þæ Cd 3) retta Cd.

ath syn so at eigi vissi hun huad af honum vard. en hun giordiz miog mattfarin eptir þetta. Þeir hielldu nu vord æ henne ath hun leitade huerge i burtt og nærdu hana sem þeim þotte vænazt. Þa mællti Nordbrigt. þess get ek til ath þessi madr mune verit hafa fyrrmeirr nockr vondur madr og orden nu ath orme og mun liggia nockur æ gulle edr uite þier nockr ormabæli j nand. Honum var sagt at þar var ath visu. Þangat munu vier fara seigir Nordbrigt. Og so giordu þeir. enn þar uoru biorg nockur. þar giora þeir bal mikid æ biargino. og er elldrinn sotte hart balit þa kemr þar fram triona mikil og eigi þeckelig. Nu gatu þeir ecki at giort [774] og fara nu heim til borgarennar uid so buit. en ecke ðruænt þo ordit at honum hefde leidzt balid og munde eptir þetta færa bygd sina. Og ena næstu nott eptir dreynde bonda eirn j borginne at madr kæmi at honum og bædi hann skips og lezt mundu leggja skipleigu j stafnen. og þottiz bonde lia honum skipit. og vm morgunenn eptir er hann vaknade fer hann til skips sins og sier ath þat hafde nylega haft verit og j stafnenum sa hann liggia eitt mikid staup af gulle. Vard og ecke mein ath þessu kuikende þadan fra og feck kona Erlendz heilsu sina. Og þotti ollum monnum mikid vert vm speke Nordbrigtz og uar hann vinsæll af Uæringium og skilia þat allir ath hann er mikilshattar madr j ollum atgiordum og radum sinum.

Um for Nordbrigtz.

12. Þat sama haust for Nordbrigt vt til Gricklandzhafs med galeidaher og ollum Uæringium. þa uar hofdingi Grickiahers Gyrger¹ frændi drottningarennar Zoe. Þeir foru uida vm Gricklandzhaf og eyjar og vnuu morg storverk. sem Boluerkr segir.

Sniall raud j stor stiller
stal ok geck æ mala
hadiz luert ar sidan
hilldr sem sialfer villdu.

Og eitt sinn er þeir settu landtiold sin (tok) Nordbrigt og hans menu þann tialldzstad er yfir var odrum tioldum. þa kom til hofdingen Gyrger¹ og bad Væringia flytia j burtt tiold sin. Nordbrigt segir. ecke er þath rettligt og ecke hefir þat verid Væringia hattr ath flytiaz j daluerpe vndan Girckium. Gyrgir lezt fyst eiga tiold ath setia þar er hann villde fyrir tignar sakir. Þa segir Nordbrigt. ef þu erth hofdingi Girkia þa er eg hofdingi Væringia. Til þess ræda þeir vm þetta ath sitt þikir huorum þeirra og uilia huorirtueggju taka til vopna. þa komu til spakir

¹) Gyrdar Cd.

menn og godgiarnir og uilia skirra uandrædi þeirra. bidia þeir ath þeir skule sættaz og gere eigi þa skomm Gardzkonunginum og skada ath beriazth þar sem huorirtueggju eru hans menn og kuedia helldr æ med sier vm þau skipte sem þeim vel likade badum og geingi þeir huoregir vm fram. bidia þa nu hluta vm huorir fyrr skolu tiallda edr roa edr leggja til hafna. og þessu jata þeir. Nu eru hlutir giorder og markar huor þeirra sinn hlut og kostödu sidan badir hlutunum j skikiuskaut Gyrgis. enn Nordbrigt skyllde taka til hlutanna. Þa mællti Nordbrigt til Gyrgis. lat mik sia huert mark er þu hefir til þess at uit morkum eigi æ eirn ueg badir. Gyrgir sendir honum hlutenn og red hann ecke j ath hier munde nockut annath vndir bua enn Nordbrigt segir. Og Nordbrigt merkir nu sinn hlut. og beint æ eirn ueg og Gyrgir hafde adr giort og kastar sidan j kne hertoganum G(yrge). og sidan tekr Nordbrigt til hlutanna. Ogh er hann hafde vpp tekit hlutenn annan mællti hann til Gyrgis. þeser skolu fyrr tiallda og fyrr roa og fyrr rida fyrr til hafnar leggja og hafa kiosanda hlut af öllu. Leit sidan æ hluten og hiellt vpp hatt og mællte. þetta er hlutr vor og fleygir sidan j brott og langt æ sio vt. þa mællti Gyrgir. þui leztu mik ei sia hlutenn. Hann segir. ef þu satt eigi þann er eg tok vpp þa sia nu þann er eptir ligger og uæntir eg ath þu kenner þitt mark æ. Og uar þa hlutrin vpp tekinn og kenndr og var þar æ mark Gyrgis. Og j þuilikum uidrskiptum þeirra fanzt þath bratt æ huersu Nordbrigt uar framgiarn og og afburdarsamr og for vm sumared vtan. og er so fra sagt ath Nordbrigt breytir so til at hans menn uerda nær fyrir vtan bardagan og allan haskann og nockr þar j fylking jafnan er minnzt var mannhættan. og uardizt sua ath hans lid tyndiz eigi en sparde eigi Gyрге til ath þeir uæri meir æ uidborda. enn þa er Nordbrigt uar eirn saman med lide sinu þa lagde hann sig so fast til ath annat tueggja skyllde hann fæ sigr eda bana. Nu bar so til jafnan ath þa er Nordbrigt uar fyrir lideno þa uann hann sigr. en (er) Gyrgir uar fyrir vann þa ecke. þath fundu þeir er Gyrger¹ fylgdu og kollaudu ath betr munde fara sitt mal ef Nordbrigt uæri eirn hofdingi yfer öllum hernum og amælltu þeir Gyрге² hertoga og kuödu ecke at vinnazt fyrir honum og hans lide. Hann suarar so j mote. ath Væringiar villde ecke ueita honum og bad þa fara j annan stad enn hann munde fara med sinum her og mundi vinna slikt sem hann mætti og audit yrde. Og nu eptir þetta þa for Norbrigt þadan fra j burtt og med honum aller Væringiar og aller Latinomenn. en (þeir) Gyrger foru med Grickiaher. Og syndizt þa bratt

1) Gylder Cd. 2) Gyrd Cd.

huad huerir mattu. feck Nordbrigt jafnan bædi sigr og fe. en Gyrgir for heim til Miklagardz med sitt lid. nema þeir vngir menn sem sier uilldu afla fiar og frama þa sofnuduzt þeir saman og foru til Nordbrigt og hielldu hann til hofdingia. Hann lagde nu med heriunn uestr j Affrika og elfdiz þadan miog at fiolmenne j uelldu þui er þar liggr. Þat er talt eptir fyrirsogn Haralldz¹ konungs at hann tok .lxxx. borga æ sitt valld. sumar voru gefnar æ valld hans. sumar braut hann edr brennde. sem Þiodolfr segir.

Taugu ma tegna segia
tandrauds æ Serklande
vngr hætte sier atta
ormtorgs hrautodr borga.

adr herskodudr hardan
hilldar leik vndir skillede
Serkium hætr j slekter
Sikleyiu geck heyia.

Nordbrigt dualdiz marga uetr j Affrika og feck þar mikid gull² og marga dyrgripe. en fe þat allt sem hann feck og ecke þurfti hann ath hafa til lidskostar sende hann med trunadarmonnum sinum norðr j Holmgard³ j ualld og gæzslu Jarizleifs konungs. Ogh drozt þar so mikid ogrygne fiar saman at eigi matte morkum telia. sem likligt ma þikia er hann heriade þann hlut heimsens er nær var audgaztr at [775] gulle og dyrgripum. so er þo ath hann hefde eigi barizt uid bukalla þuiat hann segir sialfr at hann bardiz uid konungenn sialfan j Affrika og feck sigr og eignazt uida uelldi hans. En þar eptir for hann heim j Miklagard med mikid agæti og er nu þar vm hrid.

Vm hersaugu.

13. Nv er þat sagt næst ath hersaga kom til eyrna Mikael konungi. Gyrgir mællti þa til konungs. nu mun ath taka til Uæringia ath þeir reyna sig. og er morgum monnum grunr æ herra ath þier muned hier eiga vm konungborin mann ath mæla. en þu veizt hier onguan siduanda til þess vera ath þeir menn gangi hier æ mala er konungborner eru. Konungr segir. eigi er þat enn satt giort en vist er þath ath þesse madr er afbragd annarra manna badi at radum og hardfeinge. og þeir menn eru oss vænster til varnar fyrir landeno er þann ueg er hattad sem honum er. þui er þath nu vel þott þeir reyne sig. Væringiar attu nu stefur sin j millum og segir Haralldr þeim ath honum er mikill grunr æ ath menn mune oss þikiazt vm skynia hier j Miklagarde. og leide menn morgum getum vort mal og hirde ecke vm þo ath oss sie fram hleypt j ofrid edr j haska. nu uil eg ath uær heitum æ hinn helga Olaf konung oss til sigrs og latum giora hier kirkiu honum til dyrdar með gude. Þessu jatodu aller og ath handfesta mille

1) Harazs Cd. 2) gudll Cd. 3) ormgard Cd.

sin. og sidan med hans vilja fara þeir nu j mote heidingium. En þeir heidingiar hófdu fyrir her sinum marga konunga og var blindr eirn og var sá þó vitraztr. Þeir hófdu hlól vndir kerrum sinum og ætlödu ath hleya þui á lidit med þeim vmbunade sem þar var til samin. En er þeir uillde þeim fram hleya á Væringia þau urdu þa aller fastar. En j odru lage þa sier sa enn blinde madr er konungr uar mann rida fyrir Væringia her á huitum heste. og af þessum manne stod heidingium so mikil ogn ath margir konungarnir flydu en .vi. urdu eptir. Og lykr med þui ath Væringiar hófdu sigr og sottu sidan heim eptir þath med miklum sigri og uirding og lata þegar giora virduliga kirkiu. En af fyrirtolum manna þa bannar konungr ath kirkian se vigd. Haralldr lætr þa veizlu bua og ætlar þa byskupe til ath koma ath vigia kirkiu. Konungr bannadi þa elldeuit til ath bua veizluna og kuad konung ecke mega hafa rett sinn fyrir kappe hans og rikdomi. En þó hittizt bratt til þess ath veizlan var buin þott konungr villde eigi. Sidan bad Haralldr ath byskup skyllde fara ath vigia kirkiuna. enn hann lezt eigi treystazt fyrir konunge. en Haralldr lezt mundu þui á leid koma er konungr munde þat eigi banna. Og sidan fer Haralldr nu á konungs fund og tiar fyrir honum huersu osanlegt er hann leme nidr ath giora Olafi konungi sæmd fyrir þa sæmd og jarteign er hann giorde þeim og frid þann er hann gaf riki hans. og fær hann so vm talid ath sialfr konungr fer med honum til veizlunnar og so byskup. og vard ueizlan agæta god. Og undradizt konungr miog ath hann hafde elldeuid feingit so gnogliga þar sem hann lagde bann uid at hann skyllde med ongu mote fa. en Nordbrigt segir honum ath hann hafde þar til skiphræ og suord og valhnetr. Nu uar kirkian uigd en konungr launade stormanliga veisluna. og sidan uar su kirkia uigd og fagrliga tignod med mikille klucku so at eingi var onnr slik j Myklagarde. en af fortöllum vondra manna þa lætr konungr taka ur kolfinn. þeir hietu þa á hinn helga Olaf konung ath hann lete koma aptr kolf j klucku sina. Og sidan hrædde hann Gardzkongin j suefni og skipadizt hann ecke uid þad. og sidan var hann tekinn med æsiligum sinkeika so ath hann matte varla bera. En drottning gat sanz til vm hans mal huath hier munde til koma. hon bad Nordbrigt til komæ og gefa til nockut gott rad med konungi. Ogh Nordbrigt fer þegar til motz uid konung og gefr honum þat rad ath hann late bera aptr kolfin til klucku Olafs konungs. og sidan gæfi hann til kirkiunnar .iii. hlute og færi þangat sialfr. dyrkade framarlige Olaf konung medan hann lifde. En konungr hiet þui og endathi þath vel sidan.

Nu fara þeir badir or lande enn Nordbrigt og Gyrgir. og uar mællt med þeim Gardzkonungi at .c. marka skyllde giallda honum af hueriu skipe enn þeir skyllde sialfer eignazt þat meira væri. Og uid þetta fara þeir j hernad og koma nu uid Sikeley. enn þat er mikid riki og margar storborgir. og flyia menn vndan þann veg ath þeir leita til borganna og var þar einskis fatt þess hafa þurtt þeim er þangat flydu. og þykiazt landzmenn nu trutt traust hafa ser fengit er þeir eru komnir j borgina. Þeir Nordbrigt setiaz nu vm eina borg agæta bædi ath fiolmenne og storausdigum gersimum. og uerdr þeim (!)orsott og fast fyrir og fa þeir eingi suig æ vnnid. Þa mællti Gyrgir. hier mun eigi þat til ath taka et¹ minna er eigi fæzth hid meira. þuiat eigi ligger sia borg laus fyrir og eigi verdr hun af vorum styrk unnin. og munum uer uerda til ath fara og uæntir mig ath oss ueite betr vt vm strandernar þar sem minne asle er fyrir. Nordbrigt segir. seint mun fazt skulld konungs ef uer skulum kanna skerin oll edr huat gefit þeir mier til ef eg fæ vnnid borgina. Gyrgir suarar. huat er til mællt. Þria kiorgripe er eg kys segir Nordbrigt. þui uilium uer jata segir Gyrgir² og uar þetta nu bundit uitnum med þeim. Nu var so vm farit. æ fiell eptir gile einu hia borgiane sialfre. þangat geck Nordbrigt med .lx. manna og fal syni j mille borgarennar. þeir mælltu adr grunduoll hennar huersu diupth þurfa mundi ath grafa vndir nidre og ætla sidan æ gagngiort vndir hollena. og sidan taka ath grafa .xx. menn og adrir .xx. ath moka en hinir þridiu leysa fyrir og ausa vt allre molldunne æ ana. En þeir einir urdu [776] senir vr borgenne og þottuz þeir eigi vita huad þeir mundu giora. þeir grafa nidr vndir borginne vnzt þeir komazt jnn vndan ath þui er þeir ætla. Þa mællti Nordbrigt. nu er groftr sia vordin mikell sem eg villda. skyllde vær og gott fyrir taka en giptan munde rada. grofum vær nu vpp þar sem vær væntum ath ver komum vpp j einhueriu herbergi j borginne. og grofum eigi fyr vpp wr jordunne enn ver erum adr aller vitbuner og herklæddir. en þa hefir sa happ er hlytr og audit verdr. en ef vel villde til takazt vm uppkuomuna vora j borgina mætti so vera ath þeim brygde nockut vndarliga vid er fyrir eru og yrde nockut vm felmt edr oltta er menn koma uou(e)ifliga vr jordu upp ath þeim. hattum og so bunade vorum og sialfum oss ath þeim mætti mestr grunn æ uera huat dreingia vær erum. þuiath marga geth egh ecke sidr ætla onnr kuikende muno koma vr jordunne vpp enn menn. þeir giora nu so med rade Nordbrigt. Herklædzit nu herinn allr og setia hialma æ hofut sier nema þeir

1) er Cd. 2) Gyrdir Cd.

einir menn er til eru ætladir ath grafa upp til lykta vr jordunne þa er buit er. En so stillti hann til glogt vm vppgonguna af radseme sinne og vite. ath þeir komu vpp j steinholl eirne j borgenne og var þar helldr fatt manna fyrir. en mestr hlute hersins gieck nidr j groftinn vndir borgina þott eigi mætte aller senn upp ganga. Og nu er þeir ganga vpp þa mællti Nordbrigt ath þeir skyldu emia vpp og lata sem grimligast. Og er dockuir hialmar kuomu vpp vr jordu ath þeim þa bra monnum: miog uid. þa uar og nockut dimt ath jmne. hlupu nu vndan vm alla borgena þeir er þui komu uid med opi og kalle og sogdu ath siandr være vpp komner vr jordu og dræpi allt þat er fyrir þeim uar. saugdu nu ath folk var so fiolkunnigt þat er vm sat borgina ath þeir kollodu diofla vr jordu ath þeim og dræpi menn þeirra. og uerdr nu otte mikill og op j borgenne. En þa er lette enum mesta þys og uitad var hueriu gegnde og uid huer brogd er þeir voru komner þa drifa menn til vopna þeir er godir riddarar uoru og hraustir menn og uilia ueria sig. En þo þegar er þeir Nordbrigt voru eigi verr ath vigi staddir þa siellu þegar borgarmenn sem buse. enn sumir leita j burtt þeir er lif þagu. sumir gafuzt vpp og geingu til handa og eida. toku þeir j borginne slikth sem þeir villdu. þa mællti Nordbrigt. þath ætla eg Gyrgir ath miog vida verdum uær ath fara til adr en uær faum þuilikt fie sem j þessarre eirne borg er þier uillduth fra huerfa. og uil eg nu kiosa gripuna mier til handa slika er mer likar eptir þui sem uær urdum æ sattir. Satt er þat segir Gyrgir ath storfie hofum vær hier upp tekith enn þath þætte mer sem þier sæmde bezt ath taka eigi fyrre af gripena en heima j Myklagarde. Nordbrigt segir. til þessa fiar þikiumz eg alluel hafa vnnit þuiath standa munde sia borg enn j dag ef eigi hefdi minna rada ath notid. eda huad þikir hofdingium sanligaz uera. Aller sonnodo hans mal og kuodu slikan mann helldz hofdingia mega heita at rettu er so var hardfeingr. Satt er þath ath vær hofum nu feingit mikid fe segir Gyrgir. þiki mer oss nu gott heim ath sækia vid so buid. Nordbrigt segir. enn munum ver eigi greida konungi hundrath marka af hueriu skipe er uer oflum eigi meira siarens. enda skulum ver enn leingr eigast uid adr enn ver liettum¹ þuiat eg hefi spur! huar enn mun uera meire feunon. Allr herrinn samþyckte honum og þotti mikels vm vert vm skipte hans og framkuæmd er hann veitte jafnan.

Vm hernat Nordbrigtz og Gyrgis jarls.

14. Nu leggja þeir til annarrar borgar er bædi uar meire og tor-

¹) letium Cd.

sottari. Gyrgir mælti. Þetta rad muno þier vm megn ydr taka og treystir þu nu offramarlíga af sigri þeim er þu hefir nu vnnid. og forum nu helldr uidara til og latum eigi þat hlægi henda oss ath briotazt uid þat er ecke verdr ath giort og er illt ath setiazt aptar nidr enn hann ris vpp. Nu þikiz Nordbrigt sia ath Gyrgir uill j burtt og mælti. þat er satt ath sia borg ma ecke uinnazt at þessu somu bragde sem hin fyrre. enn þo er eigi þrotin von ef j tomi leki uid. en giora (skal) þier kost æ burtt ath fara huert er þu villt ef þu villt nu þoath eigi megi greida konungi fe so mikid sem skilit uar þa er þo nockut. enn eigi muno þeir þo j brutt fara þuiat lidmenn vorir þurfa siarens þuiat eg mun hier eigi fra huerfa so buit. Þui ælla eg segir Gyrgir at þu muner nu hier nu ecke rad til kunna. þat er nu sem gefazt vill segir Nordbrigt. þar er Gyrgir nu og nennir eigi fra ath huerfa uid litid fe edr ecke. þar uoru uellir fagrir og slettir nær borginne og þar æ vollunum stodu tre fogr og limod uel þau er blomgut uoru og sem þar uæri skogr litill og flugu fuglar þangath jafnan vr borg vm daga þeir er breidr attu. Smafluglar foru þar ath matfongum æ daginn vtan borg enn flugu apr æ kuolldit ath sofa er þeir attu hier og huar hreidr j husþekium j borginne. Borgarmenn þottuzt auruggir er þeir hofdu steinuegg sterkan vm borg sina og mæltu til þeirra Nordbrigt ath þeir skyllde dreingiliga ath sækia og kuodu þar mikils uera ath uitia j morgum gersimum og dyrgripum. enn þeir kuoduzt þo uænta ath þeim munde þo seint sækiazt ath grafa nidr vndir borgina edr vinna hana þui mote sem hina fyrre. Allt mæltu borgarmenn drembiliga til þeirra og helldr med had og spott. Nordbrigt mælti nu uid sina menn. nu skulo uær taka nockura menn af huerre. sueit og þo so ath borgarmenn sakne eigi lidsens og skal þo sækia ath borginne gletting þann sem ena fyrre daga. en þess uænti eg ath þeim þike litils vm vert ydra adsokn. þier skulod og so eina ath sækia ath ydr se sem minztr [777] haske j uera. hier er lækr eirn skamt fra borginne en þan sama leir sem þar er hia læknum er heitir bitumen þann leir skulum uær taka og elta vm nætr so ath borgarmenn uerdi eigi varir uit. þat mun þa verda jafnt sem lim ef þat er til giort og med þessu sama lima menn jafnan borgir. sidan skulum uer rida þessu lime æ tre þesse er hier standa utanborgar. en þat kann uerda so hart sem griot er þath þornar. sidan skulu ver rida blautu liminu æ trein og med þessum radum skulum uer uinna þessa myklu borg. sidan skulu til koma þeir menn vorir er bezt kunno uid smafugla ath þa kann vera ath fuglunum uerdi uhægth ath hefia fætrnar af limunum er limino er adr æ ridit. og ef ver faum valld þessa litlu fugla vr borginne þa

kann uera ath rad hittiz til ath ver fain þeim hinum stærum fuglum nad og meire fyrir sier. Nu fara þeir so med ollu sem hann segir þeim fyrir. ogh dugir þetta rad ath fuglarnir verda fastir uid trien er þeir uilldu fa sier matar og fa þeir nu tekith hondum marga smafugla af þessum brogdum. Þa suaradi Nordbrigt. nu er vel segir hann og mikit ath vnnit. þesser fuglar skulu vinna oss mikid sigruerk. nu skal taka tre þath er þurrast er og ellnæmzt og latid j elld litinn og bera j brennustein og steypa þar vaxi ath vtan og binda þesskonar byrdar æ bak fuglunum so ath þeim uerdi eigi vm afl ath fliuga med. og er natta tekr þa skulum ver lata leysa alla þa senn med bagga sina og þessum buninge ath huer hafi byrdi æ bake. og get eg at þeir fliuge bratt til setra sinna og hreidra j borginne eptir þui sem þeir eru vaner. Þann ueg er med farith. og fliuga fuglarnir þegar j borgina er þeir uerda lausir til hreidra sinna og unga. En husen uoru reyrfacken oll þau er fuglarnir bygdu j. og er eigi nu langt ath bida adr elde lustr i fidre fuglanna og þui næst j þekiuna og sidan brennr huad af ðdru og gioriz elldzgangr j borginne. En j odru lage herklædizt allr herinn og sækir allfast nu ath borginne. En borgarmenn þottuzt eigi vita þui sætte ellzgangrenn og attu nu at veriaz huorutueggju elldenum og atsokn þeirra hardre. þuiat Nordbrigt bad nu onguan uid hlifaz huern eptir sinum mætte og feingu borgarmenn eigi varizt huorutueggju senn. Brutu uikingar nu stor hlid æ borginne so ath vognum matte aka jnn j borgina. Og þui næst eru þeir Nordbrigt j borginne med allan herenn og slær þa j orrostr og maunfall. og eigi stod þessu leinge adr enn borgarmenn klockna uid aller saman og gafu sig vpp. og geck nu þat sama folk med linleik og litelæte ahyggju og harme at bidia sier miskunar er adr hofdu drembeliga mællt til Nordbrigt og hans manna. So voru borgarmenn felmsfuller ath þeir oruæntu ath elldrin yrde sloctr þar er vatn var fiarre og langt ath sækia. Og nu er þeir gafu sig upp og toku grid þeir er eigi urdu drepnir þa feck Nordbrigt rad til þess at slockua elldinn. Suo segir þor. skalld.

Let þa er lypt uar spiotum
lidz hofdingi kuidia
enn þeir vndan runnu
vifs grad fridar badu.

hann hefir fyrir sia sunnan
so finnast til minne
opt med odde keyptan
aud þar er leitt uar blaudum.

Hier taka þeir nu meira fe myklu j þessarre borg enn j hinne fyrre og quad Gyrgir nu einsætt ath snua nu heim med þuillikum sigri og fe og lezt vænta ath nu munde konungr fa fe sitt og munde þo huers þeirra hlutr godr uerda eptir. Nordbrigt segir. nu er þat vist nærre

enn fyrre. en eptir er þó enn ein borg su ed oss uæri mikid happ¹ j ath na og sannliga er mer sagt ath þar mune eigi minna fe en j þessum badum. Þetta er oradligth segir Gyrgir at taka þetta rad og tapa þuilikum sigri sem nu hofum uer feingit og setiazt nu vm þessa eina borg. hier eru eingin tre hia edr skogr er fuglana megi veida j. og muntu hana eigi med þui vinna. ecke ma og undir hana grafa en landzfolk fioldi til drifith ath veria borgina. Nordbrigt segir. so er og ath þetta er med nockurre hættu. en eptir skulvm uer sækia fast þui þat megum uer af hafa. Gyrgir for undan og quad eigi mundu uel gefazt akafi hans og ofsi. En Nordbrigt lezt² eigi uita nema hlydde og til skal hætta. enn þó er enn so ef³ eg skal þetta æ mik taka og leggia rad til ath vinna borgina þa uil eg enn sama kost hafa sem fyrr. Og þui jata aller.

Vm hernat Nordbrigt.

15. Þat er nu fyrst segir Nordbrigt ath nidr skal leggia leika⁴ med hernum sem oss er jafnan tilt ath hafa j framme til skemtunar þa uer erum j kyrdum og sitium vm borgir. enn tialld eitt skal giora af pelle godu skamt fra herbudunum og uedruitar skulo þar af upp med gylltum stongum. þangat skulo ganga fimmm menn edr sex æ huerium degi til þess tialldz og dueliast nockura stund og fara auallt hrygguae j burtt en þa er þeir ganga þangat. og ef þier hafit mal edr rædr vid borgarmenn. sem jafnan er sidr til þott sins lids se huorir þa eigazt menn þó jafnan tal uid. þa get eg ath þeir spyre ydr eptir þui þier erud so daprir og okatir edr huad tialld skal þath hid fagra er sett er brott fra odrum tiolldum. þa skulu þier segia mik siukan og liggia þar j tialldenu. þannueg skulo þier fara med uiku. og er su stund er lidin þa skulo þier allz uid leita ath hryggua andlit ydr og segia andþat mitt. sidan skulo þier beida þangat leyfis likino til einshuerrar kirkiu og segit eigi fet skorta skule gull og silfr og dyra gripe ath fara med likino. og væntir mik ath þetta mune þeir leyfa þuiat margir eru fegiarnær. og skulo þier bidia leyfis ath .lx. manna gangi j borgina med likeno. en eg get at þeir uili þat eigi. þa skulo þier bidia at .xij. menn gange jnn og segit huergi j londum sid til þess ath færre menn gange med tígins mannz like enn .xij. þat muno þeir leyfa uilia. þier skulud giora kistu og skal ecke vætt yfir vera. skal breida [778] yfir kistuna dyrligt pell þat er bezt se til og latid þannueg bragd æ ydr uera sem eg se harmdaudi. og fer þetta sem eg geth þa mun eg fara

1) kapp Cd.

2) sezt Cd.

3) enn Cd.

4) nidr tilf. Cd.

j kistuna. en sidan skulu þeir bera kistuna æ oxlum ydrum og ganga vndir fyrir edr .v. en .ij. skulo ganga vndan og bera vndan merke Halldorr Snorrason og Ulfr stallare og uera j sloppum og undir j brynium. en herren allr aluopnadr og þreyngiazt ath vtan er uer komum j borgarhlidit. eigi skal þeim þurfa ath fryia er fyrir fara. en j borgarhlideno þa skulo þeir fella nidr kistuna. en eg verd at hætta til þess huersu skiotttr egh uerd æ fætr vr kistunne. Og er þetta uar giort og rad sett þa var herenn nu med þungu bragde og er allt lidit tuist og litid vm. þetta þickir borgarmonnum vndarligt. Eirn jall er yfir borginne. þeir hrosa sier miog borgarmenn og bidia at þeir sæke ath nockud (allz) þeir¹ hafa þo mikid lid og fritt og kuoduz þat. og spurt hafa ath þeim uæri ecke vm megn en kuoduz þo ætla ath seint ynne þeir borgina med smafuglum þo at þeir beri byrdum sponu² ath. og monum ver sia uid slikum brogdum. en ydr er dreingiligth ath sækia hier eptir meira fe en j þeim tueimr borgum sem þeir hafit adr unnid. hofum uer og spurt ath hofdingia ydrum uerdr slikt ecke of megn. Ogh um nottena giora þeir athgongu ath borginne og standaz eigi eggium borgarmanna og dettyrde og uilia uita huort uorn þeirra er jafnmikel sem borgin er god og rangiord. þeir hafa nu uid oll brögd sem tizska er til j þesshattar bardaga. en er her þeirra kemr ath borgaruegginum þa skorter þar eigi valslongur fyrir og adra griotflaug. Og er þeir sia þessa borg so sterka ath eingi von þotte þeim til ath hun yrde med uopnum sott. halda nu aptur til herbudanna og styrma nu yfir hofdingia sinum eptir þui sem hann hafde rad til gefit. og allt fer nu eptir getum Nordbrigt. Og þar kemur er þeir hafa þar uerid uiku. þa segia þeir borgarmonnum andlat hofdingia sins og voru allhryggvir. beida sidan ath þeir skyldi veita leg likinu ath nockurre kirkiu j borginne og kuoduzth ofra skyldu myklu fe sem sidr var til fyrir sal rikra manna. beiddu og vm likfylgiu eptir þui sem hann hafde adr fyrir sagth. En þeir kirkiur uardueittu j borginne uilldu giarnan þiggia gullit þott uikingar gæfe þeim og baud nu huerr fram sina kirkiu ath hofdingian skyldi til færa. hugduz þeir mundu upp taka fullsælu og keptizt nu huerr fyrir annan fram ath ganga j mote likeno. en æ þat urdu þeir sattir vm likfylgiona sem hann gat. Sidan ganga þeir vt j borgarhlidet j mote likinu med krossum og helgum domum. en uikingar j odru lagi baru kistuna tiguliga æ oxlum ser og uar tialld yfir med purpurapell. en þeir er fylgdu likino hofdu silkesloppa og hoitu sida æ hofde fyrir hrygdar sakir. en undir uoru hialmar og bryniur. og er

¹). þeir Cd. ²) sponum Cd.

þeir koma j mitt borgarhlid þa uerdr slys j borgarhlidenu og rasa þeir so ath nidr fiell kistan vm þuert borgarhlidit. og j þui bile kuad uid ludr en heren uar adr med uopnum og albuin til bardaga. runnu nu til borgar huerr sem fara matte og þrongduz nu j hlidit. Nordbrighth hafde borith sialfr kistuna þott hann hefde hitt sagt alþydu. hann bra þa suerdi og aller hans menn hlupu nu vpp j hlidit og drapu þar margann mann er adr uoru vopnlausir fyrir. þa vard Halldorr Snorrason sar og var hogguit j andlit honum. aller urdu þeir nockuth sarer er likfylgiuna skylldu halldit hafa og mest af griote er kastad uar ofan vr turnum borgarinar æ þa. Og jarll sæ er hofdingi var yfir borginne hann hafde brugdit suerdi og uar þath gerseme mikil þuiat hann uar agætr madr. Nordbrigt þrifr nu til suerdzsin^s og nair þegar af honum en giorer jallenn handteken og hefir j sinu valde. Þat er sogn manna ath so hafe farith ord med þeim Nordbrigt og Halldori þa er hann mællte at han skyllde bera merke fyrir honum i bardaga. en Halldorr segir so j fyrstu. beri hier merke fyrir þier rögum. Miog er nu mællt Halldor segir Nordbrigt enda er vel gengit. Nordbrigt spurde ef jarlenn villde þiggia lif ath honum. Hann segir. huer ertu segir jall. ath visu ertu konungboren madr. Hann segir þa jarli til ed sanna j hliodi huer hann var. þa jarl af honum bædi lif og riki. Nordbrigt tok til sin af fiarhlutum af þessi borg sem hann villde eignaz og gaf upp jarli borgina. Marga stade vann hann j þessu lande vndir valld Grickiakonungs adr hann kæmi heim j Myklagard. þa segir hann Gyrgi ath hann vill hafa gripe þa er dyrstir ero j kiorgripi þa er hann atte ath hafa. en Gyrgir lezt þa villdu færa konungi. Nordbrigt segiz uel til kominn ath hafa gripuna og kuoz þess von þickia ath hann munde seint lata þa þrautlaust. og bad Gyrgi æ þat minnast ath all dri hefde hann so enn j her komid ath hann hefde slikt storuirke vnnit sem sidan er þeir funduz. þeir skilia uid þetta og uerda litt æ sattir. Fer Gyrgir heim til Myklagardz til fundar uid stolkonunginn og er nu med honum og rægir Nordbrigt æ marga vega uid konungen. segir ath hann vill allt fe vndir sig draga en vnna konungi litils af og kuoz þat ætla ath bratt mun hann sitia vm hans riki ef þenna framgang skal hafa hans kapp og ofmegth og metnadr sem æ horfizt. Þath segia menn ath drottning Zoe hafe of miog rækt hann uid konung og sagde ath hann villde leggiast med Mariu systrodotr sinne og sagde ath konungr ætte grimliga ath hefna slikra hluta. en sumir menn mælltu þat at Zoe sialf villde hafa hann.

Um ferd Nordbrigtz til Jorsalalandz.

16. Sidan giorde Nordbrigt ferd sina af Sikileyio med ollum herinum og ut j Jorsalaheim og uill nu bæta sinar afgiordir uid gud. og huar sem hann for vm Jorsalaland voru nalega allar borgir og stadir gefnar j hans valld. so fylgde honum mikil hamingia. Þat [779] sannar Stufr skalld er heyrt hafde Haralld konung sialfan fra segia þessum tidindum.

For ofhugrin æfre
eggdiarfr vndir sig leggja
hölld uar viga ualld
uirk Jorsala vr Grickium.*

og med ærnu riki
or brunnan kom gunnar
hemnis jörd und herde
Harallz kund ofra londum.

Hier segir fra þui ath þetta land kom obrunnit og oheriat j ualld Haralldz konungs. for hann þa vt til Jordanar og laugade sig sem vande er til annarra palmara. Hann var og til grafar drottens og krossens helga og annarra heilagra doma j Jorsalalande. þa gaf hann og so mikit fe j gulle ath eigi fær talith. og æ þeirre tid fridade hann ueginn ut til Jordanar og drap þar margan reyfara og annan hernadarflock.

Sidan for hann aptr til Myklagardz og hafde æ nafn silt hid sama og giordizt þar margra manna ofund æ honum Gyrgir fyrst ath vpphafi med drottningu og þar med margra annarra. Jafnan ber saman fundi þeirra Mariu og Nordbrigtz. Og eitt sinn er þau voru stodd bædi þa uar konunginum til sagt og bedinn til ath ganga og reyna suik Nordbrigtz uid sig. Nu uerdr jungfruin vor uid þetta ath setid mun vm þau og konungrenn mun þar koma. Nu lætr hun Nordbrigt siga nidr vndir loptit med skyndingu er flæde vndir. og er konungr kemr þar ser hann huerge Nordbrigt hia henne og ecke lezt hun vita til hans. en þat uar honum þa mikil hialp er konungr hitte hann þar eigi uid þat er þeir rægdu hann. og þotte konungi nu hrundit þessu male. Ogh þui næst uar þath borit fyrir konung ath Nordbrigt uæri otrur j uardhalld uid hann. en konungr kuad þath eigi uera mundo. þa mællti Gyrgir. gior nu tilraun herra og set menn til vardhallz aluopnada. Og var so giort. Og er Nordbrigt var varr uid uopnada menn med launungu þa lætr hann drepa þæ. aller letuz þeir þar marger konungsmenn. Konungr þykizt nu jafnan illt fæ af Gyrgi og hans radum og þikizt varla uita huersu siatna (mun). Gioriz nu af nyiu oþocki drottningar Zoe til Nordbrigtz og gaf hun honum þa sok enu fyrstu ath hann hefde gull þat er Girckiakonungr atte og hefdi eigi fram greitt eptir þui sem log stodu til og hefde sialfr meira af eignazt af fenu en hann atte med

rettu edr hans leyfe var til og sagde ath þeirre stundu er hann var yfir Girckiaher þa hafde nær ecke gull komit af galeidum eptir þui sem uande uar til. en su uar þo mest sok med þeim ath Zoe drottning kuad hann uilia fifla Mariu jungfru og hennar hafde bedit Nordbrigt og feingit eigi radit þuiat þat segia þeir menn er uerit hafa j Myklagarde ath Zoi sialf villde hafa hann.

Nu kemr so æ gang rogit ath þau Zoe drottning og M(ikael) konungr toku Nordbrigt hondum og uar hann leiddr bundinn j myrkua-stofu. og er þeir menn foru med hann eptir stræti nær dyblizu er þar uar þa þottiz Nordbrigt sia Olaf konung brodr sinn. þar er nu gior kapella Olafs konungs. Ogh þui næst uar honum kastad j dyblizuna og tueimr monnum med honum þeir sem honum voru kærastir. var þat annar Halldor Snorrason og Ulfr stallare. en af þeim uoru tekin oll vopn. Dyblizan uar sem hellir uæri j jordu nidri en æ ofan munnen. þar uar fyrir eirn mikell eitromr og suaf þa uid bæck eirn (er) flaut eptir hellenum. þetta herberge uar nær sihuerfðillt og grafit ut under einu megin sem heller væri. ormren hafde dauda menn til fædzslu sier og þa menn er missatter voru uid konung og hann uillde listion veita. og uar þeim þangath kastad þuiat ormren vann skiott vm þeirra listat. Og er þeir Nordbrigt komu j dyblizuna þa attu þeir þar kallt. þa odu þeir þar j okkla. nockrer menn lagu þar funader. settuz sidan nidr æ backana. þa mællte Halldor Snorrason. ecke er þetta god vist og kann þo vera ath sidar vesne þuiath ormren mun skamma stund sofa og ofus em eg ath hann vakne edr huad synizt ydr helldz til liggia. Haralldr segir. heita skulum (ver) æ hinn heilaga Olaf konung. Festa sidan heit sitt. en hier er eigi greint hueriu þeir hietu. þa mællti Haralldr ath þeir mundu skiptaz til atgongu vid ormenn. þu Halldor segir Haralldr skalt fara æ höfðdijt. en Vlfr er sterkare þui skal hann fara æ spordinn þuiat þar er allt aflit ormanna. en eg mun ganga ath honum framan og vinna æ honum þar sem synizt þuiat minne treyste eg hamingiunne best. en þess vænti eg ath æ lofti muni hann hafa eirnhuern vorn þa er hann bryzt vm ef nockr verdr æuerkinn. Sidan biozt Haralldr suo ath hann tok af sier gran felld er hann var j og snarade felldinn vm hond sier og hafde kesle j framanverdre hendinne og knif j annarre. Sidan geingr hann framan æth orminum og stæck vinstri hendinne j ginit og -leggr jafnfram med enne hægri hendenni enum vinstra megin þar sem hann hugde ath sem næst munde ganga hiartano ormsins. en so fast lagde hann til ormsins ath skellr uid hepte vppe

og var mikell vande j ath vinna hann med mycklu.¹ Ormren vaknar uid illan draum og bryzt vm fast. og lætr Haralldr taka felldinn uid eitrinu og færiz ofan æ orminn. og so er hann sterkr ath stundum hefer hann vppe .ij. hueria og med hamingiu og trauste Olafs konungs og huatleik Harallz og tenade lidsmanna hans þa sefuaz ormren vm sidir og fa þeir hladit honum. en þo komazt þeir eigi vr dyblizunne þui helldr en adr. Og enu næstu nott kemr eckia ein ofan æ dyblizuna. en þar uar sem þar uæri turn eirn har upp af dyblizunni og opit ofan er sidan uar kollod Haralldz dybliza. .ij. þionostomenn hafde þa husfreyia med sier. hun spurde huort þar væri nockut lifs. þeir sogdu so uæri og sig sakade ecke til. Hun spurde nu ef nockud uæri brodir Olafs konungs j dyblizunni þuiat hann sende mik hingat og uill hann hialpa ydr edr uili þier nu þiggia lif at mer fyrir hans sakir. þeir sogduz þat vilia. þui kom eg hingat segir hon at Olafr konungr uillde ath eg leysta ydr. þeir þacka þat gude og hinum heilaga Olafi konungi ath hann vill æ lita med þeim þott þeir se ouerdir. voru þeir þa upp dregnr og þackar Haralldr henne [780] uel sinn greida og skiliaz þau eptir þat. þeir Haralldr fara þegar til Væringia og var þetta vm nott. þeir verda honum fegnir. Haralldr bidr þa upp standa og vopna sig sem tidaz og so giora þeir. Sidan ganga þeir til konungs herbergis og briota þath vpp og giora konung handtekenn og luka sua vid hann ath þeir stinga vr honum augun bædi. og æ þeirre somu nott geingr Haralldr j hollena er jnne var Maria jungfru og hofdu hana med sier. Toku sidan .ij. galeidar og reru vt j Sæuidarsund. en þar voru jarnfestar yfir sundit. og þa mællti Haralldr. nu skulu menn skipaz til ara æ huortueggju galeidinne. en aller þeir menn er eigi þurfu naudsynliga þa skal huerr taka hudfat j fang sier edr annan hofga og hlaupa apr j skipit og uita ef sua uilldi æ vpp ganga æ festarnar þuiat hættu verdr nu æ nockut. Nu gera þeir sua og renna skipen upp æ jarnfestarnar. og þegar er þau feste og skridin tok af þa mællti Haralldr. nu skulu aller menn hlaupa fram j skipit og hafa enn med enum sama hætti j fange sier. og nu uid þetta bragd steypizt su galeidren er Haralldr sialfr uar æ af fram festinne en hin reid æ festenni og geck j sundr og tyndizt af þeirre miog mart manna en sumir vrdu teknir af kafe. Og uid þetta komz hann j brutt af Myklagarde og for so sidan j Suartahaf og adr hann siglde æ haf setti hann jungfru Mariu þar æ land vpp og feck henne gott foruneyti apr til Myklagarðz og bad hana so segia Zoe drottningu ath hun hefde

¹) r. so litlu jarne.

med Haralldi j brutt farit. Sidan skiliazt þau þar og siglir Haralldr norðr yfir hafit og þadan fer hann vm Austrriki til Holmgardz æ fund Jarisleifs konungs og feck þar godan fagnat og tok þa j sitt valld þat hid mykla gull er hann hafde þangath sent sem fyr segir. Vekr nu sidan bonordzmalid uid konung lezt nu hafa aflat fiarens og þo nockut fyrir stourkia sakir. Konungr ueitir þau suor ath hann lezt nu ecke mundu draga þat mal fyrir honum og skal þetta nu giora eptir ydrum vilia. Sidan gipte Jarisleifr konungr Haralldi dottr sina Elisabeth. Suo sem Stufr segir.

Mægd gat audlingr eiga
ognar milldr þa er villde
gullz tok Gauta spialle
gnogt og bragnings dottr.

Og ath vore byriar Haralldr ferd sina og segir Jarisleifi konungi ath hann mune uilia hitta Magnus konung frænda sinn og vita ef hann uillde nockut riki midla honum og kallade honum þat uel soma ath giora honum nockra sæmd so nanum frænda sinum. Konungr bad hann og sua hid sama Jngigerdr drottning ath hann skyllde fyrir huetuetna fram þyrmaz uid Magnus konung og letu ser vndir þui mest þikia ath hann uæri honum sem traustaztr og traustr med sinne vizsku og styrkleik. For Haralldr sidan austan fra Holmgarde og hafdi eitt skip til Suidþiodar. þeir funduz þar Sueirn jarl Vlfsson er hann hafde fluit vndan Magnusi konungi vr Danmork og beidde Sueirn ath þeir legde til samans lag sitt vm vandrædi þau er þeir uoru badir ættbornir til rikia þeirra er Magnus konungr sath ath og talde Sueirn til magsemda uid Haralld. en Haralldr segir Sueini æ þessa leid ath hann lez eigi villdu synia Sueini vinattu. en þo lez hann fyrr villdu hitta Magnus konung frænda sinn en ouingazt uid hann edr hylla sig fiandmonnum¹ hans. Og fer Haralldr nu þadan til Danmerkr. sem hier segir.

Eik slong vnd þier yngvi
ognbliðr j haf sidan
rett uar ydr um ætlad
odal fra Suidþiodu.

hund bar rif þa er reydi
rett æ staf fyr sletta
skeidr en skeldud brudir
Skaney Donum nanar.

Um fund konunganna.

17. Nu er þar til mals ath taka er fyr uar fra horuit er þeir finnaz j Danmork Magnus konungr og Haralldr födrbrodir hans. og heimtaz nu æ ener vitroztu hofdingjar æ tal og hafa þat tal j mille sin. spyr Haralldr huersu Magnus konungr mun vilia jafna rikid æ

¹) fiandmenn *Cd.*

millum þeirra. Magnus konungr suarar blidliga frænda sinum og lez þat giora uilldu eptir rade stormennis og fysi landzmannna. lez þeim eiga gott vpp ath launa sidan er hann kom til landz sins. eru þar til heimtir rikismenn og upp borit malid huers Haralldr beidir af Magnusi konungi. Þa segir Einar þambaskelfir fyrst allra rikra manna. fjarre varttu þa Haralldr er uær vnum aptlr landit af Knutlingum og ecke fysumz uær ath tuiskiaptaz mille hofdingia. hofum uer jafnan einum senn þionath og so mun enn uera medan Magnus konungr helldr rikinu og lifi sinu. Eptir þessa rædu er Einar tok upp hneigiaz allir landzmenn j sinum suorum. ogh þo æ sina leid hefi huerr sitt mal þa kom þo j eirn stad nidr vm andsuor ath þeir vilia hallda Magnus eirn saman til rikis. Skilst Haralldr nu fra uid osæmd og uikr nu apt og stefnir fund uid Suein jarl Vlfsson og giora þeir þa rad sin og binda þa felagskap sinn æ (þa) leid ath Haralldr leggr Noreg til af sinne hende en Sueirn Danmork og skulu nu badir samt vinna bædi londin af Magnuse konunge. eflaz nu ath skipum og lide og fara nu uida vm sio og lond heria þar vida og brenna þeir bygdir en taka martt folk hondum. Þetta spyrr Magnus konungr og uinir hans ath þeir badir geraz æ hendr honum og letu nu misradit ath þeir hofdu visat Haralldi fra rikium. kalla þetta rikenu oendeligan skada og haska uera muno. giora nu þat rad ath hann sendir eitt leyndarbrief æ fund Haralldz og sagde honum huar komit uar. Haralldr villde og giarna þetta þeckiaz og leitar sier rads vm brutferdina fyrir sakir vmmæla þeirra Sveins jarls so ath eigi (virði) menn honum þetta til lausungar. og einn morgun er Haralldr læ j lyptingu þa kom ör j fotafiolina hia honum og þui næst önnur. Haralldr læ vt uid bordit en tredrumbr einn læ j huilu hans og þar breitt yfir klædi dyrligt. Og uid þetta spratt Haralldr upp og mællti. þar megi þier nu sia suik þeirra Dana uid mik og þetta hofdu þeir mer ætlad og mun uist meira rad ath sia uid þeim og er likligt at þeir se mer eigi truir þuiat þeir suikia Magnus konung. Og þegar vm morgunen kuadde hann þings og segir nu ollum monnum æ þingino [781] ath ber eru ordin suiken þeirra Dana uid Haralld af radum Sueins jarls. og mest uon segir hann at uid þetta skridne j sundr vort felag og mun ek eigi hafa hamingiu til sem likligt er þar er hann sueik Magnus konung og sor honum trunadareid og rauf hann þann. Sueirn jarl spyr þessi ord Haralldz og segir ath hann hefde rangt sagt æ hendr sier og mun hann sialfr þetta rad hafa sett og þarf hann ei fyrir þui odrum ath kenna og er vant uid slikum ath sia. en þar er uist mikit til haft ath ek hiellt ei vel eidum uid Magnus konung

en eigi læt ek ath þat skule oppt j mote bera. þotti mer og þar uera til nockur vorkun vm ættleifd mina er utlendir hofdingiar settuz æ hana en ek uar suiptu ollu. Sendir hann nu þau ord med Nordmonnum ath Haralldr hefir hann nu fyrir lognu vm þetta mal og lez hann skulu þat syna ath hann ma nu uid suiken kennaz og bidr so segia Haralldr ath hann hyggur sandlega ath sialfr hann mune þetta rad giort hafa og mun Haralldr syna brigt sitt skaplynde og omerkt j þessu. Og nu skipta þeir lide sinu. sigler Haralldr vtleid til Noregs. sem Ualgardr segir.

Jnn uar j sem brynne
jdligt j sia midian
elldr þar er ydr hielldut
orms munn skipum sunnan.
skeid bar skolp enn rioda
skein af gulli hreinu
dreke for dagleid mikla
dufu braut vnd hufe.

Laudr uar lagt j bæde
lek selled haf golle
en herskipum hrannir
hófud ogrlig þuogu.
rædr þu en ræsir ædre
rikr alldre sia kalldan
sueit þier sinum drottani
snioll Noregi aullum.

Hier uisar til ath æ þessa lund kom Haralldr til Noregs vð utferdinne. Og er hann kemr j Uikena lætr hann þar eptir skipin og flytz þa vpp æ land til odala sinna og beidiz þar ætarnafns ath bænder skylle halda hann þa til konungs sem uerit hofdu hans fyrirmenn. En þa diorfung þorde einge ath giora fyrir Magnusi konunge ath lata annan heita konung þar j lande medan hann lifde. Þa kom Haralldr norðr j Gudbrandzdale og atti þar þing uid bænder og beidiz þar konungsnafns. þar uard til einn madr af bændum er þat giorde en sa hiet þorir af Steig er sidan uard mikill hofdingi og allra manna uaskligaztr. Hann uar þa .xu. uetra gamall er hann gaf Haralldi konungsnafn. en Haralldr gaf honum mosulbolla og giordr med silfri. hann gaf honum og .ij. gullhriuga og stodu badir mork og uar þat hofdinglig giolf og hier med gaf hann honum skikkju sina og uar þat brunn purpuri. yfir boll-anum uar gylltr kilpr af silfri. sialfr bollinn uar og fullr af brendu silfri. og hier med hiet (hann) honum myklum metordum ef hann yrde radande rikisins. Sidan for Haralldr med flocke vm Vpplond og uar þa kalladr konungr af bændum. Sueirn jall for uida vm Smalond med herskillde j Danmork. Oll þessi tidende sem nu uar fra sagt spyr Magnus konungr og med rade hofdingia þa snyr hann flotanum norðr j Noreg. vill Magnus konungr nu hitta Haralld frænda sinn og foruitnaz huort hann uill sættaz uid hann edr vill hann halda ofride uid hann þuait Magnus konungr uill þath landit fyrst veria sem hans ættiord

var. kemr nu j Uikina og spyr þar oll tidende huad Haralldr hafdz ath. Haralldr sækir j mot honum med lide. Og nu koma þar beggia þeirra uinir og frændr og bera j mille þeirra sættarbod og so kemr ath þeir frændr skulu finnaz j gridum. uar þa sett sterk ueizla þar sem heitir æ Skialldarakre og skyllde Magnus konungr veita Haralldi vm .iij. daga og med honum .lx. manna. Og en fyrsta dag er Magnus konungr ueitte og borden uoru ofan geck Magnus konungr vt vr stofunni. og litlu sidar kom hann aptr og geingu menn med honum fyrir og eptir med storum byrdum. Menn Haralldz konungs skipödu annan beckenn. Þa geck Magnus konungr þar at yzta manne Haralldz og gaf honum gott suerd þa odrum skiolld þa kyrtil þa klæde gull edr uopn. lætr so fara jnnar eptir beckinum gefr huerium manne nockura giof og þeim stærre auallt er tignare voru og sidan kemr hann ath frænda sinum Haralldi og hafde sier i hende .ij. reyrteina fagra og mællti. Haralldr frændi huorn vilid þier þiggia reyrteininn ath oss at giof. Þann herra er nær oss er. Þa mællti Magnus konungr. med þessum reyrspota gef ek þier halft Noregs konungs riki med ollum skatte og skyldum og allre eign med þeim formala ath þu skalt uera jafnretr konungr j ollum Noregi sem eg. en þa er uer erum allir saman skal ek uera fyrirmadr ockar j heilsun og þionkun og sæti. og ef .iij. eru gofgir menn þa skulu ver jnzt sitia. vær skulum og hafa konungs lægi og konungs bryggiur. þier skulud og stydia og styrkia uort riki j þann stad er uer hofum nu giort ydr þann mann j Noregi er uer ælloðum ath einginn skylldi uera medan nær uærum fyrir ofan jord. væntum uær ath þier munid oss godu launa. en þa þiki mier so ef þier gangit huergi yfir þetta fram sem nu hefir eg fyrir sagt og at vitni allra þeirra manna sem nu eru hier uid staddir. Þa stod Haralldr konungr upp og þackar vel frænda sinum þessa tignargiof. Sitia nu sidan og eru katir. og at lidnum .iij. dogum þa hefir Haralldr konungr ueizlu buna med ollu lidi sinu. bydr hann þa til sin Magnusi konungi med .lx. manna og ueitir med kappi. Og enn fyrsta dag hans veizlu uelr Haralldr konungr ollum monnum Magnus konungs godar giasir og kom þar jnn margr fasenn gripr er gefin var. Og þa er ollum uar gefit nema konungi einum þa let Haralldr konungr taka stola .ij. og settiz sialfr æ annan en bad Magnus konung skipa annan. og so giorir hann sezt nidr æ stolinn. Sidan uoru bornar jnn j stofuna toskr badi margar og storar. þa uar breitt nidr klædi æ hollinne og sidan leth Haralldr konungr upp luka toskrnar og mællti sidan til Magnus konungs. þier ueittud oss fyrra dags riki mikit er þier hofdut adr unnith med sæmd af

ouinum ydrum og uorum og tokut oss til samlags uid ydr og uar þad uel giort enda hofdut þier mikid til. nu er hier j annan stad ath sia. ver hofum uerit leingr vtan [782] lendis og þo j nockrum mann-haskum jafnan adr uer nadum ath koma saman þessu gulle og skulu uer nu skipta þui j .ij. stade ollu og skulud þier nu frændi eignaz halft gullit uid oss þar sem þier villdut eg ætta halft landit uid ydr. Lætr Haralldr konungr nu bera upp gullit ör toskunum og bera til reizlur og skipta mille sin. og þyckir þetta mikil furda huerium er sier er j Nordrlond skal so mikid gull komit j einn stad. en þetta uar þo reyndar Grickiakonungs audr sem allir segia ath þar se rautt gull nær husum fullum. Og nu eru konunganir katir og gladir. Og þa kom upp eitt gullstaup so nockru mikid sem mannz hofut uæri og tok Haralldr konungr upp staupit og mællti til Magnus konungs. frændi segir hann. huar hefir þu þat gull er þu reidir j moti þeim knaphofda. Magnus konungr segir. suo nockut hefir oss gefiz ofridren vm hrid ath allt gull og naliga allt silfr hefir upp geingit þat er uer tokum j landzskyldir og j uorre uardueizlu er. og af þui þa er eigi meira gull eptir enn sia hringr er eg hefir æ hendi. Og tok af hendenne bringinn og feck j hond Haralldi konunge. Konungr leit æ og mællti. þetta er litid gull frænde segir hann þess konungs er æ tueggia konunga riki en meire von ath sumir menn jfizt j huort þier eigit þo þennan hringinn edr eigi. þa segir Magnus konungr æhyggjusamliga. ef þenna hringinn hofum uer eigi rettliga feingit þa ueit eg eigi huat þat er er uer hofum rett feingit þuiat Olafir konungr hinn helgi gaf oss hringinn ath enum efzta uorum skilnade. Haralldr konungr mællti. satt segi þier herra ath Olafir konungr hefir gefit ydr bringinn en þenna sama hring tok hann af fedr minum fyrir ecke mykla sok. og ecke uar þa gott smakonungum j lande er fader yduar uar sem rikaztr. Felldu menn nu nidr talid eptir. slitu nu sidan veizluna med þui mote ath .xij. menn enir rikuztu af¹ huors lide vnu sættareida mille þeirra ath sia sætt skyllde nu j alla stade halldin uera af huorstueggia hendi sem nu uar ordin. Og skilia nu med vinattu og styrdu rikinu vm uetrim og uoru badir j Noregi og hafde sina hird huor þeirra. Med þessum hætti hefir sagt Þorgils uitr madr og sannfrodr og quad sier sagt hafa Gudridi dottr Guttorms Steigaþorissonar og lez sia mosulbollan og móttolin er Haralldr konungr hafde gefit þore og uar þa skorin j sundr j alltara-klæde. Þessi mal sannar Boluerkr skalld.

¹) ath Cd.

Heimil uard er eg heyrda
hoddstridir þer sidan
græn er gull bautt honum
grund er Magnus funduz.

endiz yduar frænda
allfridlega æ mille
sætt en sidan vætti
Sueirn romolldu einnar.

Og er æ leid uetrinn og sumarit eptir þa er þess uid getid ath so barst ath þa er Magnus konungr og Haralldr konungr foru med lide sinu austan vr Vik og lagu j hofn eirne og vm daginn uard Haralldr konungr fyrri buinn at sigla en Magnus konungr og hans menn voru enn eigi bunir. nu siglir Haralldr konungr fyrir. og er þeir koma til hafnar þa leggrr Haralldr j konungslægit. Magnus konungr sigler nu sidar vm daginn þa þeir voru til bunir og koma sua til hafnar at Haralldr konungr og hans menn hofdu tialldat. og sa nu Magnus konungr ath þeir hofdu lagt j konungslægit. þa mællti Magnus konungr er þeir hofdu hladit seglunum. fare menn nu og setiz til rodrs med endelongum bordum en þeir er eigi þurfa til rodrrar brioti upp vopn vor. og med þui ath þeir vili eigi leggja j brutt fyrir oss þa skulum ver beriaz. ecke skal Haralldr konungr taka afla fyrir mer edr briota þann skildaga edr sætt sem uer hofum adr samit. So er nu giort. Nu er sagt Haralldi konunge ath Magnus konungr frændi hans fer vtan j hofnina og allir herklæddir sem til bardaga bunir. þa mællti Haralldr konungr. hoggum landfestina og latum sla skipunum ör læginu. skil eg nu at Magnus frændi uill rada og reidr er hann nu. Og so giora þeir og roa nu sem tidaz skipunum ör læginu. en Magnus konungr leggrr sinum skipum j lægit. Og þa er huorirtueggju hofdu vm buiz þa geingrr Haralldr konungr ut æ skip Magnus konungs med nockrum monnum. Magnus konungr bad hann uera uel kominn. þath hugdum uer segir Haralldr ath nu skyldum uer uera komnir med uinum en þo grunade oss adan vm hrid huort þier mundut so til ætla. og er þat satt er menn mæla at brad er barnæskan. vilium uer so uirda frændi at brad bernska hafe ydr til geingit. Magnus konungr segir. þetta var ættarbragd enn eigi bernsku þott eg mætti muna huad eg gaf ydr edr huad eg bannada. en ef þesse litle hlutr hefde nu uerit tekinn fyrir utan mitt lof þa munde þier skiott hafa tekinn annan. en alla sætt uora uilium uer hallda eptir þui sem gior var. en þat sama vilium uer hafa af ydr j mote er uer attum skilit. þa segir Haralldr konungr og stod vpp. ath þat er fornt mal ath en uitrare skal uægja. Alldre skorter ydr vit segir Magnus konungr og skyllde þier þa til gods hafa vilia. Gegk Haralldr konungr þa j brutt og æ skip sitt og þotti nockut sinn veg huorum. Og j þuilikum uidskiptum konunganna fanz þat æ ath vant

uar til ath gæta so ath badum likade vel. kollaudu menn Magnus konungs ath hann hefde hier rettara ör haft. en þeir er outrare voru og eigi godgiarnir þa kollodu Haralld nockut j sliku suiuirdan. Þuilikar vmrædr og greinir giorduz æ med monnum og enn hafa uerit fleire hlutir þeir er nockur grein hefir æ geingit med þeim frændum. Og hielldu nu landenu vm uetrinn so ath ecke uard til tidenda. Fridr uar godr j landeno og mikil gæska fyrir arferdar sakir og annara hluta.

Um rog þorkels.

18. Sa madr uar borinn j rog uid Magnus konung er hiet þorkell dyrdill frægr madr og agætr og uar systlumadr hans. honum uar kent ath hann hefde eigi vpp greitt af landskyldum sem hann atte. og nu fer Magnus konungr þangat æ veizlu og kemr þar þo æ ouart. Konungr uar fiolmennr og uisse þorkell aungua von tilkuomu hans. en konungr for þui so ath honum yrde ueiszluföll. og fanzt þat þo ecke æ og tok þorkell ed bezta uid konuugi og for ueizslan skorugliga fram. Konungr uar þar helldr fakatr. og einn dag er bord uoru j bruttu geck þorkell fyrir konung og mælli. herra. þyckir ydr nockut gaman ath hauggua yxn edr hafra er slatr þarf til veizslunnar. Konungr segir. huad mun varda þott ver reynum. [783] Og litlu sidar kemr þorkell þar og leidde eptir sier hafr eirn og fyrir konunginn. Konungr bra suerdi og hio til hafrsens æ halsinn. en suerdit beit ecke edr litt. og þotti monnum næsta kyniu(m) uid bregda. þar hrutu vpp vr sarenu silfrpeningar nockrir enn ecke blæddi. Konungr uard uid þetta reidr miog og mælli. þat er þo sannaz þorkell ath þu villt mik æ marga vega suiuirda badi j smam hlutum og storum. þorkell segir. eigi villde eg ath þat sannadizt at eg suikia þik. eg hefi nu uerit med nockrum konungum og þionat þeim sem ydr eptir minne kunnattu. fyrst med Olafi Trygguasýne er eg vnna mest allra manna. sidan uar eg med fedr þinum og mundi hann eigi þess til min geta ath eg munda suikia son hans. og þa herra er yfir oss kom riki Alfiuu og sa en illa aulld er j ofride uar huers mannz fee. þa hugda eg ath eigi munda eg fa gætt konungs eigna þeirra er uer vardueittum en vissum þat at þier attud ath rettu ad hafa en eigi Sueirn edr Alfiua. tokum þa þetta rad ath eg fyllda vpp hafrstokuna af silfri og feingum so til gætt med audnu yduarre ath uær hielldum fenu fyrir þeim Sueini og Alfiuu modur hans. og takit hier nu herra landskylldir ydrar og þikiunz eg nu eigi mer j siod dregit hafa. Og nu ser konungr og adrir menn ath þetta er so mikid fee at varla fær talt. Likadi konungi nu ægæta uel og þackar þorkeli uel og kuoz

vilia ath hann leti eigi sitt vmbod og let osynt at þat yrde jafnvel skipað ef hann leti af hondum. Sier konungr nu ath þorkell hefir rægdr uerit uid hann fyrir lognar sakir. þorkell uar þa gamall madr er þetta bar til og skildu þeir nu med kärleika.

Er eirn madr kom fyrir Magnus.

19. Sva bar til eitt sinn ath madr eirn mikill og nockut hniginn j alldr geck fyrir Magnus konung og heilsade æ hann. sidan bad hann at hann skyllde midla honum nockut fe. med þui segir hann ath þu ert nu kalladr milldaztr af fe. Huat vanda er mer æ uid þig segir konungr. Ekke mikill herra nema fyrir konungdom yduann. Konungr bad taka halfa mork vegna og fa honum. þa mælti gðngumadr. vel er þetta gefit herra en þo hugda eg til meira æ Hlyrskogsheidi vmfram lðg ath þeim vmmælum er þa hofdu þier. Konungr mælti. erttu sa madr er mer gæft radit og mer uant þar mestan sigr. Eigi uar so herra. þier vnnut sigrin enn nockut þotti ydr þat uera þa med minum atbeina. Konungr mælti. þigg af mer hring þenna og dro af hende sier og uillde fa honum. og ecke skal þig fee skorta medan uid lifum badir. Konungliga er gefit segir hann. en eigi ber mer þo naudsyn til ath þiggia og dro af sier .iij. hringa. og uillda eg herra at þier þægir þessa hringa ath mer og nu launa eg ydr huersu uel og litilalliga þer tokut radin þau er eg gaf ydr nockut so med beryrdum og æsðkun. en eg var leingi med fedr ydrum j hernade og vnna eg honum sem sialfum mer. enn nu heyrda eg margan dag þitt nafn og fystumz þui til þin ath uita huersu mikid þier hofdu af hans skaplynde. villda eg og vera j þinne vinattu og synir minir en fe skortir mik ecke. Konungr tok blidliga hans male og let honum heimillt at vera j sinne vinattu og kuad þat j morgum hlutum makligt ath sua ueri. og skilia þeir godir viner.

Um bardaga Magnus.

20. Af þui mæ enn marka huersu mikil var gæzska Magnus konungs ath so berst ath einu sinne er þeir Sueirn jall borduz at sua nær uar þa enn styrt Sueine jarli ath hann hliop fyrir bord og lagdiz til skips þess hofdingia Magnus konungs er Ormur hiet og uar son Jngbiargar dottr Hakonar Hladajallz. og bad Sueirn jarl Orm grida sier til handa. en lez Orm(r) mundu gefa honum grid. og þat uar bratt sagt Magnusi konungi og spurde konungr Orm þui honum yrde þath fyrir. Ormr segir. herra .ij. uoru hæfir annat þath ath hialpa ydr uid

ef þess þyrfti med en þa þetta þar næst. Konungr mælti. kom þier ecke þat j hug ath hier munde min reide æ liggia. Ormr segir. ecke uar þa hier fyrir þui sed. Konungr mælti. nu skal og launa þier þessa þina medferd. Og gaf honum jalldom og kallade hann ath betra dreng. Nu er þui fra þessu sagt ath þar ma nockut marka af huersu olikt þetta uar giort audrum monnum ath snua so dyrliga ath uirda meira mannaupit enn hitt þott oungan væri þeirra æ millum.

Um mal þrandar uid konung.

21. Sua bar ath eitt sinn þa er Magnus konungr for ath veizlum vm Vpplond og atte þar þing vida og sagde þat jafnan ath hann villde þat mal vpp gefa er kom til faudr hans ef menn villde nu til hans vikiaz med astud og alhuga. þa er þess uid getid at æ einu þingi stod vpp madr eirn er þrandr uar nefndr og suarar konungs male. þacka uilium uer ydr herra þessa goduilld til manna sem marga adra er þier giorit. en frændr vorir uoru ounir yd(ar)ra frænda sem gud lati þa þat bætt fa en uer hofum ecke uid uerit þau enu myklu tidende er þier hafit uid hataz frafall fodr yduars. en til yduar vilium uer giora allt hit bezta. og reyna villda eg nu litilæti þitt j einum hlut. eg villda ath uit skiptim yfirkældum okrum. Konungr quad þat uera skylldu ath visu þuiat eg se ath þin eru mikid betri. þat uar pellzskickia er konungr hafde af honum. þeir skipto og vopnum eptir bæn þrandar og uar þeirra eigi minne munr. Sidan baud þrandr konungi til veizlu og tok þui konungr vel. og nu hefir konungr virduliga ueizlu nær þrande. Og er nockur stund lidin er fra veizlunne þa spurde þetta Haralldr konungr og þotti þrandr bratt hafa æ litid og synt sig j þui berliga ath han villde meira soma giora Magnusi konungi en ser og likar honum þetta storilla og leggr æ þrand miken oþocka. Sueirn girzske hiet madr. hann kom j land med Haralldi konunge og hafde nu þegit af honum nockut leni. var hann og buin til sliks jafnan er Haralldr villde giora lata þo audrum þætti orifligt. hann uar og garþr enn mesti. Nu sendir Haralldr konungr Suein æ Vpplond med .xii. mann. þeir hofdo aller suort klæde og letuz munkar [784] uera. setti Haralldr konungr allt radit huersu þeir skylldu ath orka ath na þrandi þuiat konungr uillde hafa lif hans. þeir koma nu snemma vm morguninn eirn æ bæ þrandar. þar uoru menn æ akri j þeim stodum. Sueirn spurde menn þa er hann hitte fyrst huort þrandr uæri heima. þeir segia ath hann væri eigi heima. Sidan foru þeir og hittu adra menn og spyria

ens sama og leystu þeir samt or sem fyr. Þá mælti Sueirn. Þetta mal fer undarlíga. Þeir segit allir eitt til en mer þíckir allt ath einu sem þeir munid liuga. nu skal reyna til frammar vm þessa menn. Þetta voru .ij. fedgar er þeir uoru nu hia. Þeir [tala nu uid¹ enn yngra mannenn og [hlyda æ² vm stund. og þetta ma enn ellri eigi standaz og segir nu ath Þrandr er heima. Þetta grunade mik segir Sueirn. Þeir hyda sidan verkunnennina. Sigurdr hiet fostbrodir Þrandar. hann geck vt j þetta brum og ser þetta og segir Þrandi ath menn voru komnir j akrinn j munkaklædum og baurdu uerkmenn hans. Þeir muno bidia fiar til heilagra stada og mun ecki so uera sem þier hefir synz og munu munkar ecke beria æ monnum. Vera mæ þat segir Sigurdr en kynliga þike mier þessir munkar (hatta. þat kann og vera segir Þrandr at þat se niosnarmenn og skulu ver nu gera tilraun. her koma þeir bratt æ bæinn og ef þeir eru munkar) þa munu þeir ganga hingat til skemmunnar og bidia fiar. en eg mun mæla ath þeir gangi til stofu og bidi þar til er meir mornar. og ef þeir eru niosnarmenn munu þeir ei þat vilia og munu þegar bera ath husum kongslykil. en eg æ hier jardhus eitt og sakar mik all dri þott þeir hlaupi jnn ef þeir vilia. en þu skallt standa vppi æ hurdarbake. en eg get ath þeir mune hlaupa jnn allir sem tidaz og munu vinna ætla slikt er þeim er bodit. og ef so er þa skalltu skiotaz vt og reka aptr hurdina og þa mun eg þar koma og mætti þa sua uera at uær ætlim eigi sidr valld æ þeim en þeir æ oss. Þetta geingr beint eptir getu Þrandar ath þeir koma æ bæinn og snua þangath til stofunnar og bidia bonda fiar. og er þeir Þrandr lata seint uid ath luka upp hurdina þa mælti Sueirn ath þeir munde bera ath konungslykil ef eigi uæri vpp lokit. Kappsamliga fara munkar þessir segir Þrandr og skal helldr lata upp hurd en brotin se. Sueirn skipade þa menn til vm jngonguna og bat wti uera suma. en þat uar sem ecke mælti og hliopu aller jnn. en Sigurdr komzt vt hia þeim og skeller j las hurdunne enda kom Þrandr þa þar. og eru þeir Sueirn og hans fylgiarar nu j ualld Þrandar. skortir Þrand og all dri fiolmenne fyrir. Sidan toku þeir Þrandr þa hondum og hyda alla og hafde af þeim sannar sogr huers hattar menn þeir uoru. hafa þeir nu þangat skammarerende. Sidan fara þeir j brott. en Suein lætr hann eptir uera med sier og uel halldinn. Han var hliodlyndr og vnde jlla uid sinn hlut og þotte honum uerre uisten en var. Og nu spyr þetta Haralldr konungr og likar honum allþungt. Magnus konungr spyr og þetta og likar honum megin vel og giorir nu ferdir æ Upplond med myklu lide

1) r. [taka nu 2) r. [hyda

og koma uid skoga nockra j nand bæ þrandar og dualdiz þar og uill reyna huat þrande yrde fyrir. Og nu uar honum sagt ath lid mikid uar komit ath bæ hans. og hyggium uer ath uera mune Haralldr konungr. og þegar stefnir þrandr ath sier lide og sendir ord vm alla bygdina og kom þar saman mikid lid og fritt. Nu er sagt Magnusi konungi ath þrandr hefir fiolda lids fyrir og buit sem til bardaga. Konungr mælli. eg ueit þath ath þrandr ætllar Haralld frænda uera munu og skal giora heim vissu ath uer erum fridmenn. og monu slikt uera fridmenn til kallmenzsku og mikill skade er þat ef Haralldr skal hafa lif hans enda fai hann eigi vndan sturt. Og er þrandr veit huad titt er kastar þar þa nidr huer sinum vopnum sem kominn var og geingu j mote þeim og þa konungr þar veizlu. Nu segir konungr þrande ath Haralldr konungr hefir þungan hug æ honum og quad hann eigi mundu þar mega vera leingr. bydr konungr nu honum til sin en lez mundu skipa jardir hans. og er þetta rada tekit. Haralldr konungr sitr nu vm hann allt ath einu og villde giarna næ honum. en eigi gioriz færi æ þeim eptir þui sem hann villde. Og er uora tok mælli Magnus konungr uid þrand ath honum þyckir osynt huort hann getr haft uardhölld yfir honum jnnanlandz fyrir Haralldi konunge. hefi eg nu latid skip bua af launungu og uillda eg ath þu hielldir til Grænlandz og stadfestiz þar þuiat þar fær þu uel gætt þin fyrir Haralldi konunge. Og so er nu giort. og so mykla varygd hafde Magnus konungr æ honum ath hann sialfr fylgir honum til skips og skilst so uid hann ath hann lætr fra lande. Og þegar er þeir hofdu nær nyskilid uid Magnus konung þa uar þar þa fyrir þeim Haralldr konungr uid eyiarnefit. og þegar leggr Haralldr ath þeim og tegzt þar þegar bardagi. Nu jhugar Magnus konungr og þikiz ofyrirsyniu munu hafa uid skiliz þrand og þikir uid radogan vm ath eiga þar sem frænde hans uar og leggr nu aplr til og sier ath þeir beriaz. taka nu atrodr hardan. Og er Haralldr konungr sier atrodr Magnus konungs þa leggr hann þegar fra og skilia þeir uit þat. Fer þrandr nu vr lande sem ætlad var og ut til Grænlandz og uar þar nockura uetr. En konungarnir eru nu badir j lande og hellz fridr nu ath kalla j lande. en þo uerdr þeim mart til sundrþyckis sem optliga ma heyra er fra þeim er sagt.

Um har(d)endi Haralldz konungs.

22. Nu er fra þui sagt ath bændum þikir Haralldr frekliga heimta ath sier skatta landzskylldir og adrar vttheintur. þikir þeim nu þungt

vndir ath bua. enn aller menn vna Magnusi konungi og uildo helldr greida honum allar skylldr. Og æ einu þingi var mart vm talad. konungr Haralldr var þar og beidde þa enn alaga og pyndinga nockura sem eigi hofdu adr uerid. Og þessa uerdr [785] nu uarr Einar þambaskelfir og segir Magnusi konunge. og mun þier vant verda ath gæta rikis þins fyrir Haralldi konungi. segir honum fiardratt hans og lids. Magnus konungr quaz ætla ad þett(a) munde uera kuittr manna ath Haralldr mun uilia eigna sier meira af riki en hann æ ath rettu. Eg mun foruitnaz segir Einar. Og nu er þingit sett sem fyr var sagt og kenir Einar til þings uid .lx. manna og hafde hann uerit ath konu nockurrar er Ingebiorg hiet og fieck hun honum lidit þui hun var hardla rik. Stod upp eirn gamall madr er Toki hiet æ þingino og mællti. þat hofum uier segir hann ef madr beidiz konungsnafnis og se annar adr j lande og til konungs tekinn æ Eyrarþingi. nu ætlum uær þat ath sa mune mest ualld æ oss eiga þegnum sinum. vil eg þess bidia ath menn bide aller orda Magnus konungs og urskurdar og giorum hans soma vm alla hlute. Einar stod þa upp og þackade honum ord sin og þar med ollum bændum þeim er þingid. sat. Haralldr konungr mællti þa. hatt berr þu hialmen nu Einar segir hann og miog synir þu þik j motgange uid mik nær sem þier uerdr þath golldit. og goðr uæri dagurin sa er þinn ofse steyptizt og so sem þu ert nu ollu hofde hærre en aller adrir þar skylldir þu bratt uera hofde lægre. Einar segir. gud æ valld æ þui enn ecke muntu hræda mik med ordum einum saman. Þeir slitu nu þingino vit so buit. So er sagt ath þeir konungarner badir voru æ eirne veizslu og veitte sa madr þeim er Aslacr hiet. sat Magnus konungr og sumir hans menn vm hapallinn en Haralldr brodir hans sat langpallenn annan en þorir brodir Magnus konungs sat annan gegnt Haralldi. þorir var samædr uid Magnus konung. hann var gegn madr og famalogr optaz og ecke ordhittenn. Haralldi konungi þotti sier suiuirding j at sitia fyrir adryckiu hans og quedr nu ath honum þore.

þegi þu þorir
þegn erttu ogegn
þeyrde eg at hieti
h(u)jinngestr fadir þinn.

þori þotti illr kuodlingren og reiddiz uid en þottiz þo ecke mega ath giora og beit nu æ hann miog. Eirnhuern dag hittuz þeir bræðr Magnus konungr og þorir. þa spurdi konungr. þui erttu so hliodr frænde segir hann. þorir segir honum huad til bar. Konungr segir. eg

se radit hier j mote. kuod þetta j moti ath honum ef hann kastar oftar kallzyrdum ath þier.

Giordi eigi sa
gard vm hestredr
sem Sigurdr syr
sa uar þinn fadir.

Og um morguninn eptir funduzt þeir Haralldr og þorir. kastar konungr þegar ath honum hardyrdum sem hann uar uanr. þorir þegir nu eigi vid og kuodr þat er honum uar kent. Haralldr konungr bra þegar suerde og uillde hoggua til þoris. Magnus konungr uar þar nær staddr hleypr þegar til og þrifr þegar suerdit fyrir Haralldi og bidr þa hætta folsku slikri og þickiz þo uita ath eigi mune duga ath þorir site leingr jafngegt Haralldi. skipar Magnus konungr þori nu hid næsta sier. Nu er rætt vm mal konunganna sialfra einkanliga vm vma þann¹ er aa lek ath Haralldr konungr munde vilia frekara taka skatta edr skylldr en so sem maldagar þeirra stodu til og uar þar uitnisburdr til leiddr. þat er sagt (at) Aslacr sa er veizluna gerde bæri vitni med Haralldi konungi. og er Magnus konungr heyrir þat þa mællti hann. vist villde eg at þeim yrde þui misradit ath bera liugitne j mote mer.

* Fra þorsteine Hallzsyne er kom . . .

23. Sva er sagth ath eitt sinne er þorsteinn Hallzson af Sidu kom ur kaupferd af Dyflinni og uar þat ecke ath konungs leyfi. en þat uar ecke j þann tima ath menn færi vr lande kaupferdir vtan konungr gæfi leyfe til og uar sok aa huerium er hann færi olofat. so og hofdu þeir eigi golldit laudaura er giellkerin heimte og lez þorsteinn eigi skylldr ath giallda er hann uar konungs hirdmadr. þorsteinn þottiz og heimillt eiga ath fa eigi gialld fyrir þa menn er med honum uoru og uard eigi fyrir þat fast ath geingit ath heimta frekara er menn vissu þatt satt uera ath þorsteinn uar hirdmadr Magnus konungs. Hann for ut til Jslandz vm sumarit til bus sins. Magnus konungr spyr þetta nu allt jafnt saman og likar storilla. lezt ueitt mundu honum hafa þorsteine sialfum landaura en eigi monnum hans. en kuat þo þickia meira vert er hann tok Dyflinnar ferd aa sig so at hann hafde ecke leyfe til. og giorir konungr þorstein vtlægan og ur ollum hirdmannalogum fyrir þetta og kuozt so skylldu leida fleirum lagabrotin þott at mikils være uerdir. Og annat sumar kom þorsteinn vt af Jslande og hafde þa ecke spurt þetta. hann flutte vtan med sier stodhross agællig.² Nu kemr

¹) þar Cd. ²) agedlig Cd.

Þorsteinn norðr úd Þrandheim og stygduzt menn úd honum þott adr hefde latid líkliga til hans fyrir sakir vnmæla Magnus konungs og kom þar ath þui sem mællt er ath dyrt er drottens ord. sat Þorsteinn jafnan nu einr j herbergi og felagar hans. þetta þikir honum þo hardla daufligt er onguir menn vilia eiga glede úd þa. stodhrossin voru fyrir ofan bæinn j haga æ Jluvollum¹ og for Þorsteinn jafnan ath lita yfir þau. þeir voru þa j bænum Einar þambaskelfir og Jndridi son hans. og einr dag geingr Einar vt æ Jluvollu.² kemr nu at hrossunum og litr æ vm stund og lofar allfast. og er þeir ætla brutt ath ganga þa kemr Þorsteinn þar og heilsar Einare og spyr huersu honum. liz æ hrossin. hann suarar og kuoz uel æ litaz. þa uil eg ath þier þiggit segir Þorsteinn. en Einar lez eigi þiggia vilia. þat veit eg segir Þorsteinn at þu munt þiggia gíafir ath þuilikum monnum sem eg er. Satt er þat segir Einar. En erit mik(it) þikir oss æ liggia fyrir þier og þinu male felage segir hann og berium uer þar nu augum j. So uerdr þath ath vera segir Þorsteinn. Og skiliaz úd þath. Og litlu sidar geingr Jndridi til at sia hrossin og lofade miog og spurde huer ætti. Þorsteinn kom þa ath og heilsar honum uel og segir ath hann vill giarna ath hann þiggi hrossin ef honum þikia nockurru neyt. Jndridi tok úd og þackade honum gíofina og skiliaz úd [786] þath. En er þeir fedgar finnaz þa segir Einar ath hann munde mikit hafa til. gefit ath Jndrithi hefde eigi tekit úd hrossunum. Jndride quedz eigi so æ litaz og quad uera gott mankaup j Þorsteine. Einar segir. eigi mun eg þui j mote mæla. en eigi muntu þa giorla kunna skaplynde Magnus konungs fostra mins ef þu ætlar þat audsott ath sættaz úd hann æ þetta mal þar sem hann hefir adr giort hann vtlægan. en þo muntu mega þat. en ætla munum ver oss minna en þat ath beitaz birne úd Magnus konung og þat vinn eg til einskis en eg veit ath þath mun hier æ liggia þuiat ecke giorir hann þetta ath barnamalum. Skildu þeir fedgar nu úd þetta j styttingi. Jndridi bydr Þorsteini til sin og for hann þangath og sitr hann hid næsta honum vm vetrinn j godu yfirlæti. Magnusi konungi likar þetta þungt er hann frettir þetta og mæla margir fyrir honum ath eigi se allsæmeligt þeirra handar ath giora slikt so mykla sem hann giorde þa fedga j ollum Þrændalþgum og nu skulu þeir halda vtlaga konungs er slikt lagabrot hafde giort og konungr hafde reide æ. Konungr suarar þeim fam ordum er slikt taulodu fyrir honum. let nær sem hann heyarde eigi. en hugsade þo fyrir sier ath eigi væri vist huort þeir uæri so myklu traustare edr heille er slikt baru til eyrna honum

1) illavollum Cd.

2) ilavollu Cd.

ef hann þyrfti nokkrar með. So er sagt at Einare uar fatt til Þorsteins vm uettrinn og segir at Jndride munde bida goda sætt konungi fyrir hann. Þeir fedgar voru uanir at drecka jol med Magnusi konungi og segir Jndridi fodur sinum at enn mun hann suo giora. Þu rædur segir Einar. en heima mun eg sittia og radligra þætti mer at þu giordir suo. Eigi byzt Jndridi at sidr og Þorsteinn med honum. fara nu heiman og voru saman .xij. og komu æ eirn litin bæ. voru þar um nottina. Og um morguninn ser Þorsteinn ut og kemr inn aptr og segir Jndrida at menn rida at bænum og er alligt fodr þinum. Ja segir Jndridi. þath bætir mikid uora ferd en hann vill nokkud fylla vorn flock. Og so var ath Einar kom þar og mæltti til Jndrida. allkynlig er þin ætlan og eigi syniz mer vitrlig ath þu ætlar ath sækia heim Magnus konung og hafa Þorstein med þier og er slikt meir giort af kappe en alitum. far nu helldr heim æ Gimsar. en eg vil hitta konung og vita huad af skapiz. eg kann skaplynde yckars konungs ath ecke munud þid sua stilla yckrum ordum ath þath mune vel hlyda og er mer þa ecke betra vm ath tala ef adr verdr meira ath. So giora þeir nu ath Jndridi for heim fyrir bæn fodr sins enn Einar kom til bæiarens æ konungs fund og tekr konungr blidliga uid honum. tala nu mart og sitr Einar hia konunge æ adra hond sem hann atte vanda til. Og enn fiorda dag jola vegr Einar til uid konung vm malid Þorsteins Hallzsonar. og villda eg giarna herra at þier tækid sættum uid hann. og kuad gott mannkaup j honum vera og kuoz ecke til villdu spara þat er hann ætti völd æ ef þa uæri nær en adr. Konungr segir. ecke þurfum uid þar vm ath ræda þui mer þikir mikid fyrir ad giora þik reidan. Hættir Einar þessu og þikir horfa hellzti þungliga. og er konungr þegar katr. er þeir taka annat ath tala. Lidr so framan til jola. og ens atta dags þa uekr Einar hid sama malit uid konung og fer rett æ somu leid og fær ecke af konunge og ath sidr uill hann ecke vm tala. Og nu kemr enn þrettande dagr þa bidr Einar ath konungr take sættum uid Þorstein. og uættir eg ath þier munid nokkut giora fyrir mina skulld þuiat mer þikir þetta allmyklu skipta. Konungr segir þa allstutt. ecke er hier vm ath tala segir hann og kynligt þiki mer ath þier halldit þann mann er eg hefe reide æ. Egh ætlada segir Einar at mer munde stoda ord min vm eirn mann og þann er eigi hefir meira saka til at bera en þessi madr þuiat huorke hefir hann drepit frændr ydra ne vine og ecke hefir hann neina suiuarding giort ydr so ath þier þurfit neirn heiptarhug æ honum ath hafa fyrir þat. nu uilium vær ydra uirding giora j ollu og so þikiumz uer giora jafnan og uar þetta meir rad Jndrida frænda en

min j fyrstu ath taka uid þorsteini en þo allt ath einu mun eg ecke hann fyrr fyrirlata en sialfan mik. en þat ælla eg at mikid mune æ liggia adr en þorsteinn er drepinn þuiat eg kann skaplynde Jndritha j þui ath eina leid fara þeir badir ef hann ma rada. nu em (eg) þa uant uidkominn er þid eigit saman sonr minn og þier. og vilir þu helldr beriaz uid Jndrida en ath taka sættum fyrir þorstein þa mun þat helldr horfa til þurdar riki þinu en til framgagns. en eigi mun eg þo beriaz j mote þier og eigi þike mer þu nu miog æ þat minnaz er eg solte þig j Garda austr og styrkta eg sidan riki yduart j ollu þui er eg matta so at eg sit fyrir þui j nockurre hættu af audrum. og ueit eg ath þeim þætti eigi allilla þott þann veg færi vor felagskapr. hefi eg ath þui hugat hueria stund sidan eg giordumst fostrfadir þinn ath þin sæmd mætti uerda sem mest. nu skal eg fara af lande j brutt og uerda þier huorke ath gagne ne meine sidan. en mæla munu þat sumir menn ath litid vinner þu æ j þessu. Einar sprettr þa vpp vr sælinu og er allreidr og snyr nu vtar eptir hollunni. Magnus konungr ris þa upp og eptir honum og leggrr hendr vm hals Einari. og mællti. kom heill og sæll fostri segir hann. þat skal alldri uerda (ef) eg ma rada at ockra astsemð skile og tak mann j frid so sem þier likar. Einar sæfiz nu uit þetta og er þorsteinn nu j sætt tekin uid konung. for Einar nu heim eptir þat og segir þeim Jndrida huad hann hefir æ orkat og þacka þeir honum forkunnar vel.

Um ueizlu konunga.

24. Þess er uit getid ath eitthuert sinne er konungarnir badir satu j eirne hollu yfir matbordum. [787] uar þa med þeim alitliga þott jafnan hygde sitt huorir. þar uar þa kominn Arnor jallaskalld til konunganna og hafde ort sitt kuæde vm huorn þeirra. Og eirn dag er skalldit uar ath og bræddi skip sitt þa koma til hans sendemenn Magnus konungs og Haraldz konungs og bidia at hann kome æ þeirra fund og færa þeim kuædit. Hann for þegar og þuo ecke af sier tioruna. og er hann kom ath hallinne þa mællti hann uid dyruorduna. gefit rum skallde konunganna. Og so giordu þeir. Geck jnn sidan og fyrir konungana og mællti. heilir allualldar badir. þa segir Haralldr konungr. huorum skalltu fyrri færa kuædit skalld. Hann segir. enum yngra fyrri herra segir hann. Konungr segir. þui honum fyrr. Herra. segir Arnor. þat er mællt ath bradgiord verde vngmennen. En þat þottli huorum-tueggium uirdulígra at fyr uæri kuædit fært. Nu hefr hann upp kuædit

og getr hann j fyrstu jarla fyrir uestan haf og yrkir nockr erindi fyrst vm ferdir sinar. Og er þar er komit þa mællti Haralldr konungr. huallt siti þier ath herra þott hann hafi ort vm ferdir sinar edr vm jarla j eyium vestr. Magnus konungr segir. bidum enn frænde. mik grunar ath adr lokit er quædit ath þier þiki nogu mikid lofit mitt. Og er so er komit ath skalldit quad þetta erinde.

Magnus hlyttu til mattigs odar
mangi veit eg fremra annan
yppa radu(m)zt ydru kappe
Jota gramr j quæde flota.

haukr retrt erttu Horda drottinn
huerr gramr er þier storu verre
meire verdi þinn enn þeira
þrifnaudr adr heimr rifnar.

þa mællti Haralldr konungr. lofa þu þenna konung so miog sem þier likar en lasta ecke adra konunga ath helldr. Og kuad skalldit ed sama sitt og kemr upp þetta erende.

Otte kunnit elgium hætta
ædi uedrs æ skelldan grædi
fengins gullz edr sædit ella
flestan alldr vnd drifu tiallde.
likann berr þig huossum hauke
holluinr minn j lypting jnnan
alldri skridr vndir fylke frægra
fagrligt eikiu sund snarla.

Eigi letud jofra bægi
ydru nafni mannkyn hafna
huorke flyr þu hlenna þreytir
hyr næmen j brodde styriar.
hlunna ess sem raudull renne
reidar buningr vpp j heide
hrosa eg þui er herskip glæsir
hlenna dolgr edr uita brenne.

þa segir Haralldr konungr. allakastliga yrker sia madr og eigi veit eg huar kemr. Og enn kuad hann.

Monnum lizt er mildingr renner
meida hlidir sæfar skide
vnnar jafnt sem osamt renne
eingla fylke himna þeingils.

eydendr fregn eg ath elska þiodir
en drott þin er lofd ath minum
grædi lostens gude hid næsta
geima vals j þessum heime.

Og þegar quædinu uar lokit þa hefir hann vpp Haralldz kuæde og snyzt fyrir hann og heitir þath Blag(ag)la drapa og er þath gott kuædi. Og er þetta kuædi uar vti þa uar Haralldr konungr ath spurdr huort kuædit honum þætti betra. Hann segir. kann eg sliks grein huer munur kuædanna er. mitt kuæde mun bratt nidr falla og kunna eingi en drapa su er ort er vm Magnus konung mun kuedin uera medan Nord(r)lond eru bygd. Haralldr konungr gaf skalldino spiot gullrekit. en Magnus konungr gaf honum fyrst gullhring. og nu geingr (Arnor) vtar eptir hollunne og dro hann gullhringen æ fal spiotzsins og mællti. hatt skal þera huoratueggiu konungsgiofina. Kom sia til nockurs longum ordgnogt segir Haralldr konungr. þui hafde skalldif heitid Haralld

konungi ath yrkia vm hann erfdrapu ef hann lifde leingr. Magnus konungr gaf honum knorr med aullum farmenum sidan og var þat god gíof og giordiz hinn mesti astudaruinr hans.

Capitulum.

25. Sa hlutr barst ath vm son eirnar konu gofugrar ath hann miste minnes sem hann væri hamstoli. Modir hans kom æ fund Haralldz konungs og bat hann leggja til nockut gott rad. Konungr segir. hitt Magnus konung. hann veit ser onguan betri j landeno og mun hann leggja til nockut gott rad. Hun fer nu æ fund Magnus konungs og bidr hann leggja til nockut hialprad. Konungr ségir. hitter þu ecke Haralld konung. Hitta eg segir hun. og segir honum vmmæle hans. Magnus konungr segir. einge madr er Haralldi konungi uitrare j lande þessu og mun hann kunna til ath leggja nockut rad ef hann vill. Sidan fer hun og hitter Haralld konung annat sinn og segir honum vmmæli Magnus konungs. Þa skal nu og nockut til leggja segir Haralldr. sia þikiumzt eg huat syne þinum er. hann er draumstole en ecke er þat mannz edli at hann dreyme ecke. nu uil eg gefa til rad med þier. gack nu þar til er Magnus konungr hefir tekít handlaugar og lat sueinen supa æ handlaugunne. sidan lattu hann syngia. þo ath slai æ hann hofga edr geispa þa lattu hann eigi na ath sofna. en eptir þath far þu med hann þangat er konungr hefir huilít og lat hann þar sofna og meire von at honum birtiz draumr. Nu fer hun so med ollu sem henne var kent. og sefr son (hennar) þar j vm hrid. og þa er hann uaknade hlo hann og mællte. dreymde mik nu modir segir hann. Godri heill skylldé þat þa segir hun edr huat bar fyrir þik. Mier þotti sem konungarner kæmi til min Magnus og Haralldr og mællti j sitt eyra huorr þeirra mer. Mantu þat son minn segir hun huath huor þeirra mællti. Man eg segir hann. þetta mællti Magnus konungr. verttu sem beztr. eigi uar vm lengra. en Haralldr mællti þetta. verttu sem næmazstr og minnugazstr. Og þessi sueirn var sidan merkiligr madr og dugde honum þesse lækning er Haralldr konungr gaf til. þessa visu orti Magnus konungr.

Margr quedr sier ath sorgum
suerdriodr aliun verða
uggek allit seggia
otta bukallz dottur.

enn ef einnhuerr bannar
elldgíofn fyr mer suefna
vist velldr siklings systir
suinn anduoku minne.

Fra þrande er bio æ Stockum j Noregi.

26. Lendr madr og ágætr bio j Vik austr sa er þrandr hiet.

bær hans hiet æ Stockum. hann atte þá *dottur* er Margret het. hun uar kuenna uitruz. og vænz og giordiz mikid ord æ vm hennar vas(k)leik. *Sigurdr* het madr er kalladr uar konungsfrænde. hann hafde systu skamt fra [788] þrande. hann uar madr fridr synum og skylldr miog Magnusi konunge. þess er uid getid eitthuert sinne vm haust ath bod fiolment var ath þrandar og kuomu þar saman margir bændr. þath uar uane þrandar ath hann kuadde *dottur* sina ath ollum malum. Og einn dag veizlunnar voru menn uti æ hógum nockurum þar sem uid-synt var og hofdu menn margskonar leika og skemtanar atgiorfi. og er æleid dag sau þeir skip eitt þat uar glæsiliga buit med spanum og uedruitum alskialldat allt med stofnum. og er þeir nalgazt jnn ath bænum þa sa þeir ath þar var skipat voskum dreingium og hofdu kurteisligan rodr. og er vmræda huerir vera munu. þrandr fer nu æ fund *dottur* sinnar og segir henne þessa nylundu. uitum uer nu ongua von Magnus konungs. Margret segir. þat er ouænst segir hun ath hann se og kynnum ver mykla þock æ þott hans kuoma frestadiz hingat. þrandr segir. hui mæler þu þetta þar sem aller menn leggja astud uid hann og skulu uer honum þo uel fegnir fagna. Skipit kom nu j lægit og ganga menn af utan og uar þar komin Magnus konungr. geingu menn þa j mote honum og fylgdu honum til bæiarens og uar buinn enn æ nyia leik hinn bezti fagnadr. Konungr er katr uel og ueitir þrandr honum med allre blidu. og er konur gengu j skalann um kuolldit þa geck Margret fyrir þeim og kuadde eigi Magnus konung. Konungr spyr þrand huer su ueri en frida kona er fyrer geck. þrandr segir ath su er dottir hans. Konungr mællti. og ecke uill hun oss kuedia. uist lætr hun uel enda er hun uæn kona og frid og hia henne uil eg reckia j natt. Eigi samir ydr þat herra segir þrandr þuiat hun er litils hattar hia ydr og er þat ofærth yduarre tign. þetta mun þo fram fara segir konungr. þrandr segir þetta *dottur* sinne huad konungr ætlaz fyrir. en hun quad sier þat ecke æ ouart koma og ueit eg segir hun ath konungr byzt uid þui eina vm er mote er minu skape og þike mer þat þungth ath leggja fyrst ast uid hann en tyna honum sidan. þessi ord hennar segir þrandr Magnuse konunge. Han segir. ecke er eg kendr uid odreingskap af monnum en buaz ma so uid ath henne verde gæfa ath ef hun kann til ath gæta. en einge hæfnde muno æ uerda ella vtan eg rada fyrir ath sinne. Og er þetta sier þrandr huar komit er fyrir konungi þa lætr hann bua eina sæng uirduliga j skemmunne og er þar buin reckia konungs. nu uar Margretu þangat fylgt og ecke skylldu vera þar fleire menn. hun uar okat miog.

Þannueg uar til farit ath husit uar tuidyr. og er hun hafdi legit þar vm stund lilla þa uar kuatt annarra dyranna tysuar. og hid þridia sinn geck upp hurdin og geingr þar jnn madr og hafde hatt æ hofdinu og spurde ef þar væri nockur madr. hun suarar aungu. Þesse madr leitar þa til reckiunnar og gripr æ henne og mællti. hyggr þu illt til rada uid konunginn. Uist er þetta ecke ath minu rade segir hun. Þath mun flestum þikia litil uorkun segir hann. nu ef þier er þetta so gefit sem þu ællar edr lætr ath yfirsyn. villtu þa eiga kaup nockur uid mik so ath eg koma þui uid at konungr eigi ecke uid þig þat er þier mislike og vil eg þa eiga valld yfir þer. þat ælla eg segir hun at helldr uili eg æ þath hætta. þa er uel segir hann. hann tekr þa æ brioste hennar og merkti hana sier so og uard henne kallt uid nockut. og mællti hann þa. nu skalltu fara so med sem eg kenne þier rad til. þa er konungr kemr j reckiuna hia þier seg þu ath þu hafir þa sed¹ Sigrd frænda hans adr og uitum þa huers hugar honum ler. so mun eg til snua ath eigi mun meira uid þurfa. Madrin geck j brutt eptir þetta en Magnus konungr kom þar litlu sidar. Og er hann uar j reckiuna kominn hia henne bidr hann menn j brutt ganga og so uar giort. Sidan snyst hann ath henne og mællti til hennar blidliga og kuozt ælla ath giora mikenn soma til hennar ef hun uillde uid hann sæma med blidu. Hun segir. þath er med mikelle hættu segir hun. so dyrligr madr sem þu ert og vel ath þier þa skalltu þat vita at sez hofum uid Sigurdr frænde þinn ef þu att nockut lag uid mik. Konungr suarar þa reiduliga og sprellr upp uid og mællti. eigi mun þa hæfa ath hafa þessa reckiuna natllangt. Geingr sidan ut og þar til er þrandr suaf jnne og ber æ loptid. Þrandr geck til dyranna og sier þegar ath konungr er reidr miog og spurde huat vm væri. Þath er nu tidazt segir konungr ath farit se eptir Sigurde. Og þegar fær þrandr menn til þess og mællti konungr ath þeir skyllde so segia honum ath hann munde fara verda huort hann villde edr eigi. Sendemenn koma æ fund Sigurdar og bidia hann buaz sem tidazt og fara med þeim segia honum frekliga ord konungs. Hann lez so mundu giora og kuozt fusliga vilia hann finna og lez ælla ath sia ferd mundi god verda at finna þuilikan frænda sinn sem Magnus konungr uar. Fer Sigurdr sidan og finnr Magnus konung og uar konungr hinn reiduligazte og spurde konungr huersu opt funde þeirra Margretar hefde saman borit. Sigurdr segir þa. herra segir hann verit hefir eg opt ath veizlum med þrande bonda so ath eg hefir sed hana en talad fatt uid hana. þa muntu eigi þat hafa att uid hana segir

¹) sied tilf. Cd.

konungr ath yckr se mannlyte j þui ef þu hefir uid hana talad. Vm þad er eg buinn ath sueria segir Sigurdr ath eingin skipte hefir eg uid hana att þau er eigi same ockr vel. Þa ma uera segir konungr ath hon hafe [789] ordit diupsæri j male nu en eg og komiz so fyrir mik ath eg skal so bratt yfir hafa litid. en hun hefir þo satt eina sagth. nu þikir mer þetta vndarlíga ordit hafa ef hun skal hier ein¹ uerit hafa j radum. Þa let konungr kalla þangat, Margretu og spurde² nu jnnuirduliga eptir huersu hattad væri. mun eg þui nu kaupa uid þik ath þu skallt ecke uera naudkuon min upp fra þessu. Hun segir nu vm kuomu mannsens til sin og ath hann kende henne þetta rad og so vm markit er hann kalladizt hana sier merkia og hann hefdi tekit æ brioste hennar. Konungr mællti. lat mik sia mark þad. Hun giorir so. Ogh er konungr sa briostid þa syndiz monnum þuilikaz sem þar lægi æ silfrpeningr fagr. þa mællti konungr. er so farit segir hann ath fadir minn vill eigi ath eg taka þessa konu til lags uid mik. giorla skil eg segir hann ath hann hefir þessi madr uerid. og þui uard mer so mikid j skapi og so skiott æ litid ath gud og hinn heilagi Olaf konungr villde eigi ath fyrst min geingi fram vm þetta. og skalltu nu Sigurdr fæ þetta rad og þar med mina vinattu. Og for nu þetta fram eptir þui sem konungr villde ath Sigurdr feck nu Ingibiargar og giordiz hann rikr madr og godr dreingr. Hun þotte og merkeleg kona ath vite sinu og morgum godum hlutum. En Magnus konungr for brott er veizlu var lokit so sem hann atti ferdir til.

Um ferd konunga.

27. Nv er þeir frendr hofdu radit fyrir landeno .ij. uetr badir saman Magnus konungr og Haralldr konungr þa bua þeir her sinn ath sumre sudr til Danmerkr og budu ut leidangri af Noregi og ætlauddu æ hendr Sueine Vlfssyne er þa hafde setid j Danmork vm uetrinn. Þorgils hiet madr Birnoson hann red nalega fyrir þridiungi af Danavellde. Og er konungarner foru sudr þa uar jafnan langt j mille flotans þeirra vm nætr. og er þeir komu j Danmork þa uar þat eirnhuern dag at menn Magnus konungs giordu uppgongu þar sem konungr hafde adr þyngztan hug æ monnum fyrir sakir otruleika þeirra uid sig. þeir drapu menn þar sem þeir kuomu ath og nadu en giordu suma handtekna og raku j bond. og uar þat ecke sid dags er þeir foru ofan til skipa sinna med .xij. menn og raku þa bundna fyrir sier. Haralldr konungr uar þa enn eigi eptir kominn med sitt lid. Geingu nu

1) eirn Cd. 2) spurdu Cd.

upp j odru sinne og mællti Magnus konungr mikid um ath einge skyllde so diarfr ath þa leyste. Og nu er þeir uoru æ land geingnir þa spurde Alfhilldr konungsmódir. hun var þar med Magnuse konungi sinum syne. huerir þeir uæri bandingiarnir edr huer er sia hinn uirdulige madr segir hun er mer þiker sem uera mune foringe yduar. Hann suarar aungu. Hun spurde ef hann villde þiggia lif ath henne. Eigi ætla eg segir hann. Hueriu gegnir þath segir hun. Hann segir. þar koma .ij. hlutir til þess. annar sæ ath eg mun eigi trur og þikiumz eg þa eigi launa lifgíofina eptir þui sem eg ætla. hinn er annar ath eigi mun betri madr veita mer liftion en konungr þessi. og er þetta makligt er eg hefe jafnan verit j mote honum enda er fám monnum skade ath mer. þath er hellzt ath eg æ konu vnga er henne og hellzt skade ath mer. Hun mællte. þat er satt þuiat eg se ath þu ert mikils hattar madr og skalltu þiggia lifit. Hann segir. þat vil eg og giarna ath þiggia lif ath þier en eigi mun konungi vel lika þin tiltekia. en þo æ eg þier konungsmódir mykla gæzsku aptr ath launa og uitia kunnliga þess manns er þorkell geysa heitir ef þu þikizt þurfa nær sem þat er. Nu fara þeir .xij. j burtt þann ueg sem þeir vilia þuiat þorkell villdi eigi lif þiggia nema þeir uæri aller leystir. Og er konungr kemr aptr uerdr hann þessa var og uerdr akafliga reidr kuad slikt hofutírn er hun skyllde hellzt til uerda ath briota bod hans eda þikiz þu betr kunna edr vilia en eg. Hun segir. eigi villda eg uerr j þessum hlut en þu huersu sem vm annat fer. og geth eg ath þat uerde eitt-huert sinne ath mier þiki eigi þessu misradit. Konungr mællti. margir eiga sinum fedrum gott ath launa en eigi annar madr betra en eg vm flesta alla hlutena en uannt valde hann mer modernid. Já son segir hun. so er og en so mun mer fra segiazt ath velia matte hann þier þo enn midr og ecke attu honum þat ath sok ath gefa. en virttu þat þa meira uid mik huersu eg valda þier fauðrinn. verttu nu katr herra segir hun þui ecke tiar eptir þessum monnum ath sækia þuiath eg vænti ath þeir sækia langt nu æ sinn veg ath þier hafit þeirra nu ecke. Kongarner foru nu vida vm landit. og þess er enn uid gelid audru sinne ath þeir hofdu enn æ land geingit og raku ofan fyrir sier marga menn bunna og settu sidan j fiotra. j þeirre uppgongu hofdu þeir og tekit mikid fe af þeim monnum er geingid hofdu vndir Suein konung Vlfsson og uar nu þar og Haralldr konungr. þa mællti Magnus konungr af hliode til modur sinnar. fyrir þat segir hann ath eg mællte næst hast uid þig er þu lezt leysa menn vr fiotrum þa vil eg þat nu bæta þier. þigg þu þesse launen ath þu bid nu fridar manne þessum er

æztr er bandingianna so at menn heyre. Huad mun eg nu þath giora segir hun vm fiandmenn þina so jlla sem þier likade næst er eg skaut þeim vndan. Konungr mællti. þat er eigi radit ath þu notir min leinge hiedan fra er þa gott at leita sier þangath hialpar sem hann hefir adr til vnnid þuiat litid muntu mega treysta æ hialp Haralldz konungs ef min misser uid. Hun tok nu til orda so ath marger menn heyrdi. gior nu fyrir minar sakir herra. gef lif þessum hinum merkeliga manne er hier sitr j fiotrum. Konungr segir. þiggia skalltu [790] nu bæn þina modir. Og nu uar þesse madr leystr. Ecke uar langt adr en þessi madr uar leystr og geck fyrir konung og þackade honum lifgiof og mællti sidan uid konungs modr. ef hun þyrfti hans nockut sinne og kynne so til ath bera þott nu væri þat olikligt ath hun skyllde vitia þess manuz kunnliga þess mannz er Þorgils Birnuson heitir og er frænde Sueins konungs Vilssonar. sidan fer hann æ burt. þess er getid eitt sinn er konungarnir foru med lid sitt og lagu þar nær sem skogr þyckr var. og stor morken þa reid madr fram af skogenum med agætum riddarabunade og let hest sinn fagrliga bordeiga.¹ þessi madr var buin med myklu gulle og dyrligum klædum. hann uar og sialfr hinn kurteisazte madr so ath uarla þottiz sed hafa vaskligra riddara. hann lek fyrir þeim marga leika þa er þeim þotte sialldsenar med mikille list og miukleik og horfdu menn æ vm hrid er hann lek og þotte skemtan ath sia. Og er hann hafde slika hlute framme haft vm hrid þa snere hann hestenum ath lideno og mællte. egh er nidingr fyrir Magnuse konunge og slikt hid sama er Haralldr konungr fyrir mer nidingr. og ojafnir konungar eru þeir þo ath þeir se skyldir. Hleypir sidan j skoginn og huerfr þar. Magnus konungr þikiz glogt vita ath þessi madr er sialfr Sueirn konungr og mællti til sinna manna. gerseme er Sueinn konungr. hefde hann lid med sier jafnt traust sem hann er sialfr frækinn þa munde hann optar sigr fæ. Ogh nu er sagt ath eptir þetta ath Sueinn konungr stauk vr lande og vpp j Suipiod en þeir konungarnir foru ath þingum vm allt landit vm sumarid og okudu so rikil vndir sig.

Um liflat Magnus konungs goda.

28. Nu barst so ath er mikil tidende voru ath segia þa er Magnus konungr var staddr æ Jotlande ath eirn morgun er konungr uaknade varp hann mædiliga af sier klædunum er hann læ j lyptingunne og rauk af honum. Einar þambaskelfir uar þar j hia konungi og mællti.

¹) bord eiga Cd.

Erttu siukr herra segir hann. Litt er eg en siukr segir hann. Þath er harmr mikill herra segir Einar ef ydr verðr nockuth og muno vinir þinir þess eigi bætr bida. Konungr mællti. fostri¹ segir hann latid giora reckiu mina vt uid bordit þar mun hægra og sualara. Suo var giort. Og er hann var þangat kominn þa mællti konungr mædiliga. ecke tiar þetta. færi mik apr j sama stad. Og so uar giort. Þa mællti Einar. mæl þu herra þath fyrir vinum þinum er naudsyn ber til medan kostr er til. rad oss heilrædi og kann vera ath nu verde eigi langt vort uidr-mæli. Konungr mællti. þat skal eg ueita og þike mer þath likazt ath nu mune skiott skilia vora samuistu og vinskap. Ogh þa kom þar Haralldr konungr og spurde. eru þier siuker herra. Magnus konungr segir. siuker eru uær frænde en þess bid eg ydr ath þier sed vin vina minna. Skyllt er þat frænde segir Haralldr fyrir ydar sakir. en miog eru þeir sier einir j alla stade en mer avallt nockut ofskynia. Þier munuth nu hliota ath rada frænde segir Magnus konungr. en þetta giorer þier so ath mer þikir mestu varda. Þa mællti Einar þambaskelfir. þetta mun litid tia ath ræda herra og mællti. Haralldr mun adr radit hafa fyrir sier huern ueg hann uill giort hafa hueriu sem nu er lofat. Haralldr konungr mællti. mun eigi þat og mælligazt at eg se vinr vina minna og ætla eg mer allra skylldaz þetta. Magnus konungr mællti. suo mun vera frændi sem þu villt. enn eigi þætte mer omakligt þott þier giordit nockut fyrir min ord þat er ydr samir sua nockut uel sem þetta. Haralldr konungr suarar þæ ðngu. Þa mællti Einar. talid þat herra er meira uardar og meira liggir uid vm riken huersu þau skulu fara og huersu ydr þikir þau fara eiga so ath rettligaz væri. Þath legg eg til rads Haralldr frændi segir Magnus konungr at þu snuer apr til Noregs ættjardar þinnar og gæt hennar og stiorna sem bezl j alla stade. en biozt ecke hier til rikis hier til Danmerkr þuiat so uar mællt med ockr Hordaknute ath Danmork skyllde ecke j ætt huerfa þott min yrde. so hid sama Noregr þoath hann yrde hans. hafe nu Sueirn konungr Danmork og niote uel. vil eg nu gefa honum upp rikid og slika tiltolu sem eg hefir þar til att. Þa mællti Haralldr konungr. so þikiumz eg eiga eplir þig Danmork sein Noreg ef þin misser uid. Eigi er so herra segir Magnus konungr. en skilia ma eg þath nu segir hann at til litils mun koma min vmræda og þat þo synna at þier uerdi eigi audit at uera konungr yfir Danmork þott þu vilir ath litlu hafa mina tilskipan. Þa spurde Haralldr konungr. huersu mikid er eptir gullz þess er ver sluttum j land og gafum j yduart valld og þier þagut halft uid oss.

¹) Þystir Cd.

Magnus konungr mællti. lit hier æ bordin frænde segir hann er skipud eru godum drengium og dyrligum. þeim somum hefe eg gefit gullith og haft j mote gullino ast þeirra og hollostu og er uist betri fylgd og framganga eins gods dreings en mikid fe. Sidan geck Haralldr konungr j brutt. (þa mællti Einar). siat herra nockut gott rad fyre þore frænda ydrum. litils get eg ath Haralldr konungr frænde þinn uirde hann ef hann skal æ hans miskunn koma. þa kom þar þorir og sæ madr med honum er Refr hiet. Magnus konungr mællti þegar til þeirra er hann kende þa. gangit nu af skipe og j skogenn er skamt er fra oss. eigi mun langth lida adr landmenn segia andlat mitt. farit þa sidan skiott æ fund Sueins konungs og berit honum til ord min ath hann take med yckr og segit honum ath hann take so uid þier þorir sem hann villde ath eg tæke uid hans brodr ef hann kæmi til min æ deyianda degi. segit honum eigi j fyrstu andlat mitt helldr sott mina. þorir matti ecke uid konung mæla fyrir harme. þa mællti Magnus konungr. segit so konunge kuediu [791] mina og þath med ath eg gef honum vpp þetta riki ef eg hefir nockut j att og eg ann honum nu og bezt ath niota þuiat mer þikir hann rettligaz tilkominn og þat geingr nu ath rettu þott hann fai þath. Sidan ganga þeir þorir j skoginn og bida þar huat til tidinda vill giorazt. Og litlu sidar kom þorsteirn Hallzson til Magnus konungs og var hann þa kominn sunnan ath fra Rom. Magnus konungr hafde þa midlat fe vel flestum monnum slikt er til uar. þorsteinn mællti. eigi mun nu uerda þuilikr fagnadr æ vorum funde herra sem uid hugdum til vm hrid. nu mun eg ecke bidia ydr fiar en þat villda eg ath þu gæfir mer nafn þitt. Konungr suarar. godra hluta erttu verdr fra mer þorsteinn firir margra hluta sakir og sialfr ertu mikils verdr og vel vnna eg þier nafns þessa ath þu gefir þinum syne. en þo eg hafa litils hattar konungr verit þa er þo nauckr so diorfung otignum monnum ath kalla born sin eptir mier. en allz er þu bidr þessa med alhuga og eg skil ath þier þiker þetta mali skipta þa uil eg ath visu gefa þier. en þat segir mer hugr vm ath mune liggia (a) þessu nafne harmr og tign. Og litlu sidar fyrir andlath konungs þa sofnade hann littad og uar Haralldr konungr þar þa hia honum. Ogh vid þann suefn opnadiz munnr hans og syndiz monnum sem fiskr rende vr munne konungsens og hafde gullz lit. og sidan villde fiskuren aptur huerfa j munnenn og nade eigi og ueik sier þa j munn Haralldi konunge er hann sat nær konungi og syndizt monnum sem þa væri hann dauckr ælitz. Ogh þa vacknade Magnus konungr og sogdu menn honum þetta. Hann segir. þetta mun vera fyrir skammlifi minu og kann uera ath

sumum verde myrkare og kalldare rad Haralldz konungs frænda mins en min. Nu gefr hann einkum Haralldi konungi Noregs konungs riki en Haralldr lætur sier ecke vm finnast. og eptir þath koma til kenne-
menn og veita honum fagurliga þionustu. Sidan mællte konungr uid skosuein sinn. hefir eg nockut minzt þin. Ecke nu ath sinne segir hann. Konungr rette þa til hans knif og bellte og var þath huortueggia gersime sem ætla ma er þuilikr madr hafde att og borit. og er sueirn-
en tok uid gripunum þa leit hann til konungs og uar hann þa beint j andlateno. En honum sueininum bra so uid og feckzt so mikels ath hann fell j ouit. og er hann uitkadizt þa uoru j burtu gripirner j þys þeim hinum mykla er þa uar og alldri sa hann þa sidan. Þesse tidende andlat Magnus konungs wrdu .iij. nottum fyrir messudag Simonis og Jude. Og nu kueda uid ludrar vm allan herenn. og þat heyra þeir þorir þar sem þeir voru j skoginum og þikiazt nu vita ath visu andlat Magnus konungs. En j odru lagi heyra þeir hia sier j skoginum manna mal og mællte þetta. hier uoru þeir adan. þui næst flugu oruar j skog-
inn til þeirra. en þeir foru undan og forduthu ser. þetta muno vera segir þorir vinsendingar Haralldz konungs til min huort sem hann sialfr hefir sent edr senda latid. og mun hann hafa ordit uar uid brut-
for ockra og so ath¹ uid hofum hier stad numith. Sidan foru þeir vnzt þeir kuomu æ fund Sueins konungs. var hann þa enn eigi j brutt vr Danmork. þeir fundu hann hia æne helgu og uar þa kominn æ hest sinn og ætladi þa ath skiliaz uid rikid. þorir mællti ecke uid konunginn fyrir hryggleika. En konungr sæ æ þeim ath þeir mundi stortidinde seigia kunna og mællte. huad seigi þit tidenda. þa segir Refr forunatur þoris. herra segir hann. andlat Magnus konungs. Segia sidan vmmæle konungs og ordsending vm æsia uid þorir brodur hans og tia konunge harm þann og missu er hann hafde bedit j frafalle Magnus konungs. þa mællti Sueirn konungr. mikil tidendi eru þetta og uel komin skalltu uera þorir hia oss og skulu uer sannliga veita þier mikenn soma þuiat þath true egh ath so munde Magnus konungr giora uid minn brodur. þath uar vm hridh ath þorir uar med Sueine kon-
unge og uidr uel sem konungr hiet honum. enn hann vnde engu og lifde eigi leingi. En konungsmodir for fyrst eptir andlat Magnus konungs a fund þorkels geysu og tok hann uel uid henne og baud æ hennar ualld slikt er hann atte. Hun uar þar vm hrid. Og er ath dro jolum vm uetrinn þa ogladdiz hun. þui eru þier so okatar konungs-
modir segir hann. allth skulu uer giora uid ydr sem ver kunnum bezt.

¹) hath *Cd.*

seg mer þann veg sem þu uillt uera lata. Vel fer þier og dreingiliga segir hun en minner mik þeirra jolanna er j fyrra uetr uoru er eg atte þa ath sitia hia syne minum og þike mer nu mikid ath drecka med olignum monnum jolin. Þat er ydr vorkunn segir hann ath so se. ogh ef þat er ydr j hug ath þier fysuz¹ æ fund konungs þa mun eg fylgia ydr þangat og ueit eg uist ath hann mun vel uid ydr taka. Og þath þiggr hun. fylgir þorkell henne nu æ konungs fund. Tok Sueinn konungr uid henne agæta uel. og er hun nu þar. Þat er sagt ath hun gaf Sueine konunge dyrligan skutul allan gullbuinn. Nu er þar enn til ath taka ath j frafalle Magnus konungs uar mikid nidrfall huorutueggja rikinu Danmork (og Noregi) og uar hann miog harmdaudi flestum monnum. allra hellzt er ecke lifde eptir hann nema ein dottir. uar hun þa æ vnga alldri. er Ragnhilldr hiet.

Vm þing Haralldz.

29. Eptir þesse myklu tidende hefir Haralldr konungr þing uid lid sitt og sagde hann monnum ætlan sina ath hann uill fara med ollum hernum til Uebiarga þings og lata þar taka sig til konungs yfir allt Danavelde og ætla sidan ath vinna undir sig allt landit. telr jafnuel sina erfd Danmork sem Noreg eptir Magnus konung og bidr þa lidit esla sig til og kuozt þat ætla ef þeir feingi landit ath jafnan munde sidan Noregsmenn yfirmenn Dana. þa segir Einar þambaskelfir. kalladi sier myklu skylllara ath flytia lik Magnus konungs [792] fostra sins norðr til Noregs til graftar og færa hann faudr sinum hinum heilaga Olafui konungi en beriazt vtanlandz til rikis annara konunga og girnaz þeirra eign so fyrir on(g)va sok. Hann lykkr so maleno ath honum kuoz betra þickia ath fylgia Magnuse konunge daudum en huerium audrum konunge lifanda. Taka nu sidan likit Magnus konungs og bua vm vegliga og setia med vmbudum sinum j lyfting æ konungsskipeno. Og nu buaz þrændir allir til heimferdar med Einare og like Magnus konungs og flestir aller Nordmenn og raufzt nu leidangrin. Ser Haralldr konungr þa þann sinn kost næstan ath fara fyrst aptur til Noregs og eignaz fyrst þath vellde er honum uar þar gefit og hann þottiz einkum ættborinn til og eslaz þadan med lide sidan þa er honum syndiz. Fer hann nu aptur med allan heren og uar þa suarid landit Haralldz konunge æ Borgarþingi² af nockurum monnum og fer þa allt at þingum norðr þadan og geingr vndir hann margt folk.

¹) fysumz Cd. ²) Borgundarþingi Cd.

Um líkfor Magnus konungs.

30. Einar með öllu þrændalide ferr síðan með líke Magnus konungs. og er þeir komu úd Samsey og lagu skipunum þar j einre hofn sem jafnan hafde legit Magnus konungr fyrr þá er hann kom úd eyna þá uar eirn blindr madr fatækr og hafde Magnus konuugr jafnan minz hans j fegiofum. og þegar vm kuelldit er hann uard uarr ath morg skip voru komin vid eyna geck hann ofan og spurde. huer er æztr madr æ skipunum. þá suarar Einar. Magnus konungr Olafsson sagde hann. Hinn blinde madr mællte. mun konungr nauckut minnast uilia minna aumlegleika sem hann hefir jafnan giort. Einar segir. eigi er so úd uoxst felage sem þu ætlar. konungr er nu latinn. þá komz sa úd enn aume madr og matte eigi leinge ordum upp koma fyrir harme. og er af honum geck ohugrinn þá mællti hann. huersu mun ydr vm gefit Einar bonde. munu þier nockut minnast mins fatækis sem konungr hefir adr giort fyrir sakir þinnar stormenzsku og þurftar minnar edr mun nu sia hugsan aull nidr falla. Einar segir quozt ath uisu vilia minnaz hans fyrir guds sakir. kuedr æ síðan huath or huerre sueith skyllde midla honum af uistum af hueriu skipe. og uard þetta stormikil vist. leth Einar síðan senda þetta til hans. þá mællte enn blinde madr. nu hefir þu enn Einar synt storlynde þina sem jafnan og er þetta laung hialp. en þess uillda eg beida þik ef nockur er sa litill hlutur eptir er Magnus konungr hefir ath ath þier gefit mer til huggunar. Einar segir. so skillde konungr úd oss ath miog voru midladir griper þeir hann hafde ath so gull og klædi. veit eg eigi huort nockut mun eptir. tekur þo j puss sinn og finnr þar fingrgull litid. bidr selia honum og mællti. eigi se eg ath úd Magnus konungr fostri minn munum betr niota gullz þessa enns litla er hann gaf mer fyrir longu og sel þath enn til birgda þier. Hann uard þessu gratfegin og hieilt gulleno upp fyrir augun sier og brundu taren æ kinnr honum og æ gullit. þá mællti hann. gott sagde mer þegar hugur vm ef eg næde funde Magnus konungs ath þá munde enn nockut rault fyrir brenna og so hefir mer nu gefiz. þier veittod mer mikla hialp i ydrú tillagi. en nu hefir konungr gefit mer syn með gude beggia augna minna. enn eg adr steinblindr og þarf eg nu ecke tilstoda annarra manna og ma eg nu vel vinna mer biorg ef gud lætr mik nu halda heilsu minne. þessu urdu aller konungs astuinir fegnir og lofodu aller gud huath er hann þetta veitte fyrir Magnus konungs uerdleika og fodr hans hins heilaga Olafs konungs. ogh þotti aullum líkligt ath þar vm mundi skipta.

Sidan fara þeir Einar norðr til Nidaross. Þá uar þetta kuedit vm ferd þeirra.

Nu fara heim j hume
herkunn fyrir log sunnan
daprar skeidr fyrir daudan
dyrnennen gram þennan.

audd hefir illa halldit
era striduada sidan
hulid hafa hirdmenn skilia
höfut þess er fremztr er jofra.

Og nu uar sidan geingit j mote likino og uar hringt vm allan bæinn og giort med allre uirdingu er matte og þo med myklum harme. Likith var jardath ath Kristkirkiu fyrir vtan kor enn nu er þath jnnan kors fyrir rume erkebyskups. yfir hans greftri stodu marger godir menn og uasker gratande. sem Oddr segir kikinaskalld.

Felldu menn þa er milldan
morg tar j grof baru
þung byrdr uar su þeingil
þeim er hann gaf seima.
deilldiz hugur so ath hieildduz
huskarllar grams uarla
siklings þiod enn sidan
sat opt haipinn uattne.

Ma eg þui sizt Magnus æfe
mödfikings þraut goda
Odd hafa strid vm studdan
stiller harda illa.
hvarfa eg huers mannz þurfe
harmstrangadan mann angrath
þiod er ath dogling daudan
daupr þui forum uer aprer.

Þessi tíþendi voro margs mannz harmur j Noregi ollum og segia þath aller menn eirn ueg ath einge madr hafi meir astfolginn verith allri alþydu en Magnus konungr. og lykr hier fra honum at segia.

Um þing Haralldz.

31. Sem Haralldr konungr kemur aptur norðr j þrandheim stefnir hann Eyrarþing og uar honum suarit land allt æ þui þinge og giordiz hann þadan af einualldzkonungr yfir ollu lande. Og segia allir æ eina leid en so sem fyr uar getid ath Sueinn konungr spurde frafall Magnus konungs er hann uar staddr æ Skaney hia anne helgu. þa mællti hann þessum ordum sem uar getid. og þat uar med ath hann let þat uera skylldu annathhuort er Magnus konungr var andadr ath hann skylldi fa allt Danavelde edr deya ella þar æ odðolum sinum. stigr sidan æ hest sinn og uikur þegar ut aptur j Danmork og drifur þa lid til hans og leggur hann allt land vndir sig. og fer þegar vm vetrinn sudr j Jotland og stefnir Uebiarga þing. og uar honum nu af nyiu gefit konungsnafn ath villd allra Dana. Þorkell geysa gaf honum konungsnafn. og segia Danir ath þetta nafn hræðiz aller Nordmenn. Ogh so mikid

spott giordu Daner vm ath þeir skaru ackeri af osti og saugdu ath þau uæri ærid traust fyrir skipum Haralldz konungs þeim er hann munde vinna Danmork med og giordu [793] þath med mycklu gabbe og spotte til Nordmanna.

Um herferd Haralldz konungs til Danmerkur.

32. Hid næsta sumar eptir andlat Magnus konungs hefir Haralldr konungr almenning vti af Noregi bædi ath uistum og lide og sagde nu ath honum þikir þath likligt ath hann skule reyna huersu hann fær fest ackerin fyrir Danmork vm sumarid og mællti so til manna sinna. bad þa leggja æ ath meira hug vm framgongu ath ecke skolu þeir skiptaz j vm herfangit. lætr ath þo vni hann vel vid fyrir sina hond ef þeir giallda honum nockurar vogir af brendu silfri enda hefde hann strandhogg til uista herinum. og lezt þat vilia mundu ath þeir giorde litt foruerkum ath hefna þeim Daunum spotzsins. En herinn allr let uel yfir þui þott Daner gyllde afrad.¹ Foru nu sudr til Jotlandz og heriade Haralldr konungr þar vm sumarid og brende vida landit. Lidit stock vndan miog og hræddiz æ miog Nordmanna her sem matte. Haralldr konungr lagde skipunum þa j Godnarfiord og þa kuad hann visu þessa.

Latum uer medan lirlar
lineik veri sinum
gerdr j Godnarfirde
galldrs ackerum halldit.

sumar annat skal eg sunnar
segig eina spa fleine
ver aukum kaf kroke
kalldgedr skipum hallda.

Þat sannar Boluerkr skalld ath hid næsta sumar eptir andlat Magnus konungs for Haralldr konungr herför vr lande.

Leidangr biottu af lade
laugr geck of skip faugru
gialfrstodum reistu grædi
glæstum arit næsta.

skockr læ dyrr æ dockri
Daner uoru þa baru
skeidr sa herr fyrir handri
hladnar illa stadnir.

Þat segia menn fra ath niosnarmadr sa er Haralldr konungr sende mællti sa hafde sed flota Haralldz konungs. hann talade vid dætr Þorkels geysu. þær hofdu atth mikinn hlut j ath gabba Haralld konung. þat sogdu þær Þorkels dætr niosnarmanne ath Haralldr konungr munde eigi koma til Danmerkr edr ætle þier nu komin uera sagde hann. þær vissu ecke til vm hann ath kominn væri og kuodu sier okunnigt vm ferdir Haralldz konungs. Nu sia menn ath Haralldr konungr geingr af skipum. þa mællti Haralldr konungr. þat hefir eg spurt ath skamt er

¹) af med Cd.

hiedan æ bruttu þu þath er þorkell geysa æ. er Sueini hefir konungs-
nafn gefit og mestr geriz uor ouin eirnhuerr. en hann er eirn aud-
gaztr madr j allre Danmork. nu þætti mer sannligt ath hann mætte vid
kannaz ath Nordmenn eru komnir og þær dætur hans mætti sia huort
af osti væri giorr ackere vor edr uæri þau traustare nockuru. sækit
nu fast fram sagde hann. þuiat meira fe munu uer hier upp taka nær
j einum stad en vidara annarstadar j Jotlande. þeir fara nu þar til er
þeir koma æ bæ þorkels geysu og leggja þegar elld ath husum. En er
menn uerda uarir uid elldzganginn þeir er jnne voru þæ leita þeir
ser grida og vtgongu. þa mælti Haralldr konungr. þo ath þath væri
makligra ath þier dætr þorkels geysu brynnith hier jnne þæ ætla eg
þo hitt radligra ath þier reynit hua(r)t æ festir leggium þeim hinum
donskum hinir norænu krøkar. Haralldr konungr brende þu þorkels
geysu en dætr uoru bundnar og leiddar so til skipa. þa uar þetta quedit.

Skaru jast ur oste
eybaugs Dana meciar
þat angradi þeingil
þing ackeris hringa.

nu ser mægi morgin
mær hlær ath þui færi
ernan krok vr jarne
allualldr skipum hallda.

þorkell geysa uar eigi heima þa er bær hans uar brendr. og er hann
sþyr þesse tidende aull taka þat rad at þeir fara æ fund Haralldz kon-
ungs og bidr sier eirdar og bydr fe fyrir sig og fyrir þat allt er hann
hefir til ouinganar giort vid Haralld konung. Konungr seigir. þat uar
ouizska mikel ath giora slikt spott og gabb til nockurs hofdingia sem
þier giordut til min og er makligth ath þier reyned þat nu huort uer
megum nockut. en þo þike mer meira uerdr motgangr uid mik og
fiandskapr sa og ofdirfdaruerk þat er þu gaft Sueini konungsnafn. Eg
vil nu þa sagde þorkell leggja æ yduart valld vm vort mal. Konungr
segir þa. med þui ath mer lizt þath ath eigi fullu konungligt ath veita
bana dætrum þinum fyrir sitt spott þo ath þær hafe til illz vnnit en
þat j audru lage ath þu leggr allt þitt mal æ mitt valld þa skal taka
sætt af þier. skalltu giallda vt fe slikt sem eg kuod æ og mun vera
mikid. spare eg ecke fe þitt til þess. þorkell lezt giarna þetta vilia og
leyste dætur sinar med ogrygne fiar og so sialfan sig þo ath hann
hafi eigi a kuedit æ markatal fiarens. Sua sagde Grane skalld.

Let alldregi vt
osuiis kraka drifu
hleck j harda þiockum
Hornskogi bra þorna.

fialla drottinn rak flotta
fianda grams til strandar
aud uard vt ath reida
allskiott fader dottur.

Nu skilia þeir Haralldr konungr og Þorkell geysa vith suo buid ogh heriar konungr þad sumar j Danmork og feck ogrynne fiar en ecki vard hann jlendr þath sumar. for hann aptr vm haustid til Noregs og sagdi monnum sinum ath þessi ferd er þeim ordin haglig og nockuru betri til fiar en sitia heima j Noregi. ogh kann vera ath þetta megi virdazth til nockurs skattgilldes ogh leggith til ath betra hugh ad yduar hlutr skal godr af fienu. vni egh þo vel vid allt saman ad Danir skulu vera eigi ohræddari fyrir oss hiedan jfra en hingat til. Var Haralldr konungr vm vetrinn j Noregi og sat vm kyrtt. Og ath sumri lyser hann ferd sinne til Danmerkur. lezth vænta ath hann mundi eigi suig æ þeim fa og eigi skal þat land enn j fride standa þetta sumar. hefir suo upp hafizth þegar [vm vinsælld¹ Sueins kongs sem þier uitud ef þier minnizth a huersu þessi madr hieilt eidana vit Magnus konung og mun þat jafnan halldazth vm hans osigr sem hefir hafizth. mætti nu og Nordmenn minnazth a og þad mundi þeim þa j hugh er þeir vrdu ath liggia vndir ofsa og ofrelsi Dana þa er þeirra yfiringangr var sem mestr j Noregi vm dagha Sueins Alfifusonar ath hefnazt vith þa ef fære gæfizth æ. og nv er einsæth [794] ath þier leggit greypan hug til þeirra og latid þar fylgia framkuæmd verkanna. Haralldr konungr for nu sudr til Danmerkr og heriar enn æ Dane og giorir þeim mikid illt og rekr þar nu hardan hernath og feck huergi uidstodu. Hann tok nu þar mikid herfang² og let so ganga allt sumarid. enn landzmenn stocku vndan huer sem matti komaz og frydu nu aunguer Nordmonnum illgiorda og þottuz Daner nu ærnar raunir þess hafa. Haralldr konungr og hans menn fara sua heim vm haustid ath hladin uoru aull skip þeirra af herfangi. og sagde konungr nu ath þetta fe ma endaz morgum godum dreingium til skotsilfrs j Noregi. og þo ath þeirra Dana verde smam minnzt segir hann þa er þetta þo nauckur aminning ath þeir uite at Nordmanna konungr lifir. ogh ouist ath Sueirn konungr gyllde æ einum misserum meira skatt en þa þeir hofdu feingit. Konungarner Haralldr og Sueirn funduzt ecke vm suwarid og er Haralldr konungr enn j Noregi vm uetrinn. Ogh vm sumarit eptir ferr hann enn til Danmerkr og giorde so huert eptir annath ath hann heriade til Danmerkr og vann morg storuirke j riki Sueins konungs og hefir þath ath herlande. sem Stufz segir.

1) r. vsigrsælld 2) hernath Cd.

Eytt uar falar ath frettum
feck drott mikinn otta
bræðiz hrafn enn hræddir
huert ar Daner voru.

En þo var Sueirn konungr j lande j Danmork allt ath einu og sat vm kyrt æ vetrinn en læ vti med leidangri æ sumrum og heitaz nu ath fara med Dana her j Noreg og giora þar eigi minna illt enn Haralldr konungr giorde j Danmork.

Um bref Sueins konungs.

33. Sveirn konungr sende menn med rade hofdingia og landzunanna vm vetrin norðr j Noreg æ fund Haralldz konungs og segir honum ordsending Sueins konungs og þar med allra hofdingia j Danmork. ath þeir beiddu ath Haralldr konungr kæmi nordan med lide sinu en Sueirn konungr sunnan med sinu lide og hittiz uid Elfina og berdiz þar til þrautar og skipte þa vm rikid med þeim. Haralldr konungr segir. þetta er dreingiliga bodit af Sueini konungi og þeim Donum og þath þiki mer vænna ath þessi fundr uerde og Daner ræke minne til ath uer hofum fundiz. og þath villda ek ath so væri. og þat skulu þier segia Sueini konungi og audrum Daunum ath ek mun koma til fundarens. Sendemenn komu apr og sogdu so buit Sueine konungi. Bua nu huorirtueggju skip sin vm uetirin allann og hofdu almenning vti vm sumarit. Þa kom vtan af Islande Þorleifr fagre og ortte flokk vm Suein konung. og er hann kom villde hann finna Haralld konung j Noregi en hann uar farinn sudr til Danmerkr æ moti Sueini konungi. þa kuad hann visu þessa.

Vann er med uisi kærum
uigs æ rakna stigu
aurr j odda snerru
Jónþrandæ lid finne.
þa er annar huor annan
aundu nemr edr laundum
litt byggr Sueirn æ sattir
sialldfestar god vallda.

Fær reidr sæ er randa
raund hefir opt fyrir londum
breid æ Budla slodir
bordraukn Haralldr nordan.
enn lauks vm sia sækia
Sueins fagrdrifin steine
glæse byr þess er geira
gullmudr fyrir sunnan.

Nu kemr Haralldr konungr til akuedinnar stefnu þeirra konunganna med sinum her. en Sueirn konungr liggr med sinum flota sudr uid Sialand. þa mællti Haralldr konungr.

Logit hefir balldr ath ballðri

Þá segir Þiodolfr skalld.

Brynþing fetilstingæ
linz sa er land æ sunnar
ladbriotr fyrir rada
þo er sia niorder hinn norder
norder glymhridar borda
gramr erttu frækn og fremre
fastmælare halla.

Haralldr konungr mællti. so hefir nu og uerith skalld segir hann ath Sueirn konungr hefir brugdith stefnunne uid oss en uer eigi uid þa. kann vera ath Donum þike enn miukara ath reka sin sin j skoga en beriaz uid oss. ogh er þeir eru eigi komnir þa skulu ver nu eptir sækia j þeirra valld og riki og gera þeim slikt jllt sem fyrr nema ver megum vid auka. Skipte Haralldr konungr þa lide sinu og let aptr fara helming þrænda hers. enn for med hird sinne og lendum monnum og uilldarlide og slikt af bændum sem næst uar landzenda. vendir nu sudr til Jotlandz fyrir sunnan Vendilsskaga og so vm Þiodu. fer nu allth herskillde. brennir bygdina og drepur mennena so sem hann uar vanr. sem Stufur segir.

Flydu þeir æ Þiodi
þeingils fund af stundu
stort red hugprutt hiarta
Haralldz aund ofar laundum.

Giordu þeir nu so mikenn hernath sem hier til hefde naliga skuggi uerith hia þui sem nu uar og toku yke fiar. Þa mællti Haralldr konungr. giarna villda egh ath Daner ræke minne til vorrar kuomu og megu þier æ lita huer frame þat uæri ath ver sæktum þa heim og giordum þeim slikt illt sem uer mættum. ver hofum nu feingit meira fe enn æ morgum sumrum fyr. nu mun eg fara allt sudr til Heida-bæiar þath uæri oss mikid snilldarverk ath na honum og giora þeim [nockut ofuista.¹ Fara þeir nu med herinn og lata geisa elld og jarn huar sem þeir foru vm Danmork. og fara nu diarfliga. Lidit stock vndan slikt er komaz matte og a fund Sueins konungs og bera vpp fyrir honum kueinstafe sina segia skada sina og hormung. Haralldr konungr kom nu med herinn til Heida-bæiar og giordu mikenn sueim j bænum. toku og ræntu morgum gersimum. þuiat naliga uar þar komnar allar þær sem mestar voru. þar uoru og konur rikra manna og j þeim stad einshuerium var mest frægd og gæska j allre Danmork. Toku nu þar

¹) r. [nokkurn auvisla

allt slíkt er þeir villdu bæði konur og fee. Þá mælti Haralldr konungr. Þó ath Daner stæde æ moti ath eg mætte konungr vera yfir þeim þá stodu þeir nu lítt æ mote oss edr fyrir konum sinum og gersimum ath eigi kome þath j uort valld Nordmanna. Ogh er þeir hofdu rænt stadinn og tekit slíkt er þeir villdu þá brendu þeir hann allan. Þá ortu menn Haralldz þetta.

Brendr uar vpp med endum
allur enn þath ma kalla
hraustligt bragd er eg hugda
heidiberr af reide.

uon er ath vinnum Sueine
verk j nott fyrir ottu
gaus har logi vr husum
harm æ borgararme.

Þess minnizt og Þorleifr fagri j sinum flokke er hann segir so.

[795] Hue hefir Heidabæiar
heiptgiarn konungr arnat
folkraugnir getr fregna
fylkis sueit enn hinn er ueitad.

þa er til þeingils bæiar
þarflaust Haralldr austan
ord þau er enn vm væri
endr byrskidum hrinda.

Nu fara þeir Haralldr konungr norðr aptr med feing sinn og hafde .lx. skipa og uoru aull miog stor og hlaðin af herfange er þeir hofdu tekit j hernade. og er þeir kuomu norðr fyrir þiödu þá kemr þar af lande ofan Sueirn konungr j mote þeim med myklum her og kallade æ Haralld konung og mælti so. hitt er rad Haralldr konungr sagde hann ath leggja ath lande og beriaz. ætlada eg ath eigi skyllde þier vm þath eiga ath amæla oss leingr ath eigi uerde fundr vor ef þier eruth allfusir til ath beriaz þott nockru se sidar sumars en stefndr var fundr vör. er þat uaskleikr Nordmonnum er þeir þikiast þó yfir Donum vera vm alla hlute ath ganga nu a land og beriaz uid Dane. og mun ydr þetta vera hoti meire raun og meire frame þott konungr se eigi mikill fyrir ser ath beriaz uid hann helldr enn taka kalfa edr kid edr gripe manna sem þier hafit jafnan giort hier j Danmork. Haralldr konungr segir. þath hygg (eg) ath morgum skule kunnigt ath ver hofum barizt vid fleire menn en bukalla eina. var og so stefndr fundr vor uid Elfina ath þier leitaudut eptir og uar þath konungligt. en hitt þotte oss illa sama ath riufa þath mal fyrir ongua sok er mikell herr uar adr samandreginn og var ydr ohöfðingligt ath fara med þat eitt er fals var og hiegomi og liggja sidan fyrir þat efni vndir huers mannz amæli. nu hefir Donum uerit mækliga hefnt er ver hofum setid j sumar j þeirra kostnade og þath þike mer likara ef þier hefdut geingit oss so nærre ath vopnin hefde nad til þeirra ath uer skylltum gera þeim einhueria hrid og uar oss þat nu hægt er þeir þöru huorke sig ath veria ne konur sinar edr fe. en ath ganga hier æ land vpp Sueinn konungr

þa er þath ecke mitt rad sem þier beidit og beriazt nær vid allann Danaher uid eigi meira lid enn eg hefi nu. en beriazt mun eg æ skipum uid þik ef þu villt þott Daner se halfu fleire. Þetta bod Haralldz konungs sannar þiodolfr skalld.

Baud sa er bestrar tidar
borinn vard vnn midgarde
rikri þiod ath rada
randir Sueirn æ lande.

þo letz helldr ath hillde
huatradr lade
æ byriar ual beriazt
bilstygg Haralldr uilia.

Nu skilde þar med þeim. siglde Haralldr konungr nordr. og uiku enn sidan austr til Limafiardar og fyrir þa sök at uedr bægde þeim. enn þo heria þeir huar sem þeir foru. þeim byriar seint og taka æ sig rodr sunnan med lande og liggia vm nottina uid Samsey. Ogh þegar vm morguninn j solarrod þa uakna þeir og uar æ myrkue mikill sua ath huerge sæ af eyunne. og er solin færiz vpp tekr ath riufa myrkuan. Þa sau þeir annath sinn fra sier til hafsins sem elldar brynne vpp vr sionum. þa uar sagt Haralldde konunge. þa mælli hann. læti af tiolldin af skiponum sem tidaz ok taki rodr fyrir landit. egh veit giorla sagde hann ath herr er kominn ath oss. myrkuan leggr ath landeno en vt j hafit mun vera solskin biart og mun þar uera nockur konungligr skipabunadr. og mun þath synaz eldrin er morginsolin skin æ gullit. Sua uar þetta sem konungr segir at þar uar kominn Sueirn konungr med ouigan her. Og er Sueirn konungr sier lid Nordmanna þa eggjar hann fast sina menn til eptirrodrar. og latid ydr hugkuæmt uera huers þier hafit mist fyrir Nordmonnum og huersu mykla hadung med mannskada og fiartokum er þier eigit þeim ath giallda. hier eigu og margir ath. leita eptir dyrligum konum sinum og myklu fe ogh er osynt ath þier komezt j betra fære. mun og leinge uppi ef ver feingum þess hefnt æ litillo stundu er þeir hafa leinge giort oss til hneisu. Danir taka nu mikinn rodr eptir Nordmønnum og hofdu skip miklu flotare og midr sett og nu dregr saman med þeim. og nu ser Haralldr konungr ath eigi mun hlyda so buit. Drekin for sidaz allra skipanna er Haralldr konungr styrde sialfr. þa mællte Haralldr konungr. rads muno uer leita þurfa þuiat eigi dugir so buit. nu skal kasta fyrir bord uidum og lata þar æ koma klæde dyrlig og adra goda gripe þuiat nu er logn uedrs og helldr þann ueg straumi ath helldr mun hefia j moti þeim. en þess geth eg vm þa Dane ath þeir mune þangath til uikia flotanum sem þeir sia gersimar sinar vtanbordz. Suo uar giort og uard hann þessu nærgætr. þegar er Daner sia fe sitt reka æ hæfinu þa viku þeir þegar þangat til er fyrst kuomu ath og dualdiz nu eptirrodrinn. Og

er Sueirn konungr kom eptir með sinu skipi þá kom hann með aeggian til þeirra. og er þat skomm mikil segir hann uid so mikinn her sem Daner hafa ef uer skulum nu eigi fá valld Nordmanna og minniz þier litt æ þath huersu margra hluta þier eiguth þeim ath hefna. Nu herdaz Danir uid eptirrodrinn j annat sinn og dregr enn saman með þeim. og sier Haralldr konungr ath meira ganga Dana skip. Enn muno ver letta skip vor segir konungr. skal nu fyrir bord bera þungauarnad bædi mallt og hueite og hleypa nidr mungatum. So uar giort og stod nu so uid vm hrid. Og enn ser Haralldr konungr ath eigi hlydir so buit og mælli. nu skulu þier taka uiggyrdla uora og uerpla toma og kasta fyrir bord. sidan skal reka vtan bordz hina herteknu menn uine þeirra og konur og frændr. vænte eg ath eingi muni so illan hug æ oss hafa ath eigi muni þeir meira gaum ath gefa ath hialpa konum sinum og felogum. So uar nu giort sem konungr mælli ath þessu uar ollu fyrir bord kastad. og kleif folkit vpp æ viduna og ueinade miog bæde konur og annath lid. og hefir nu allt saman fyrir straumi. Og er Daner koma þar ath og sia mennena illa stadda. kenna þar og margir konur sinar og uine og frændr en banan buinn fyrir þeim. þa uikia þeir þangath til sem skiotaz og vilia hialpa monnunum fyrir huotuetna fram og stoduadiz þa flotinn og þurfti vida til ath uikia ath taka mennina. og sækiz nu miog norðr hafit. en Donum leidizth [796] rodrin. Og j þesse duol þeirra þa skilduzt flotarnar. Fer Haralldr konungr uid so buith til Noregs og letzt þath vilia mundu ath eigi lidi enn langt adr fundr þeirra Sueins konungs yrde og þetta mætti hefnazt. Sueirn konungr mælli þa uid menn sina er hann kom eptir og hann sa ath þeir toku mennina af kafi þa mælli hann. þetta er naudsyn og vorkun mikil ath hialpa monnunum uid. en þo mundu þier nu hafa til gætt hins meira feingsins ef þier værid jafnskeleggir sem (eg) og mundu ver hafa fundiz Haralldr konungr þa j þessu sinne og skylldu Nordmenn nu reynt hafa huort Danir kynne ath beriaz. og mun sia ofridr leingi æ oss liggia ef hann lifir er nu vard so afaudit vm vorn fund. Hier vm orti þorleifr fagri þetta.

Allt vm fra egh hue elli
Austmenn æ ueg flausta
Sueirn þa er audlingr annar
aurlundadr hieilt vndan.

feingr uar þrænda þeingils
þeir letu skip fleire
allr j eli sollnu
Jotlandz liotu.

Sueirn konungr uikr nu sudr vndir Samsey og hittir þar .vij. skip af lide Haralldz konungs. voru þat Vikueriar og hofdu ordit helldr tomlatir. þat uar leidangrslid og flest bændr. og er Sueirn konungr kom ath

þeim badu þeir sier grida og bida æ hans valld fe sitt og fior. Sueirn konungr segir. ef nu ber vndan oss enn meira sigrin þa ætla eg þath rad ath gefa ydr lif. sem Þorleifr segir.

Sætt budu seggia drottne
siklings uinir mikla
suaufdu hialldr þeir haufdu
hugstinnir lid minna.

og snaradir sidan
sokn er ordum tokuz
aund uar yta kindum
ofaul buendr duauldu.

Margir eggjudu miog Suein konung ath lata drepa þa og kuodu alla eiga þess ath giallda Nordmenn er Haralldr konungr hafde giort og allra hellzt þa menn er uerid haufdu j hernade med honum. Sueirn konungr segir. eigi mun þa þikia mer uel saman fara ath vera osigur-sæll j orrostum enn eg drepa þa menn er ganga æ mina myskun. og eigi skal uera þat mitt rad segir hann. Nu foru þeir j fride og er hier ecke getid vm febætr. en allir þagu þeir lif af Sueini konungi og sitr hann nu heima j Danmork vm uetrinn vm kyrth.

Vm Haralld konung.

34. Haralldr konungr var rikr madr og stiornsamur jnnanlandz spekingr ath vite. og þath (er) vitra manna mal ath eingin madr hafe verit diupuitrare æ ollum Nordrlondum en Haralldr konungr og manna radsniallaztr so ath honum uard alldri radfatt. Hann uar sterkur madr ath afle og uigur huerium manne betr. hann var fullhugi og mikill æ framkuæmd verka sinna sem nu hefir leinge fra verith sagt. og liggia þo nidre osagder miklu fleire hlutir þeir sem osagdir eru af hans afreks- verkum og kemr mest til þess ofrodleikr vor og þat med ath ver vilium eigi rita uitnesburdarlausar saugur þott uer hofum heyrnt þær frasagnir. þuiat oss þikir betra ath hiedan af se uid aukit helldr en þetta sama þurfe apr ath taka. Er mikil saga fra Haralldi konunge j kuædi sett þau er honum samtida uoru vm hann kuodin og færdu honum sialfum þeir sem ortu. var Haralldr konungr þui mikill uinr þeirra ath honum þotte gott lofit þuiat hann uar þessa heims hofdingi hinn mesti. En þo eru enn hans braugd ath segia. Hann hefir verit allra Noregs konunga vinsælaztr uid Jslendinga. þa er æ Jslande uar miked hallæri þa sende Haralldr konungr fiogur skip og hladin aull med miol og quad æ ath ecke skippund skyllde dyrra enn þrim morkum vadmala. hann leyfde vtanferd aullum fatækum monnum þegar er þeim feingizt vistir vm haf og for fiolde vtan fatækra manna. og þadan j- fra nærdizt landit til arferdar og batnade er adr uar ath þrotum komit

af hallæri þui er æ geck. Haralldr konungr sende vt til Jslandz klucku til kirkiu þeirrar er hinn heilage Olafr konungr sende uidin til og adra kluckuna. og su kirkia var sett æ þinguelle þar sem alþinge er sett. Þuilikar meniar hafa menn hans æ Jslande og þar med margar storgiafir er hann veitte þeim er hann sottu heim. Vlf Ospaksson islendzskan mann hann giorde Haralldr konungr stallara sinn og ueitte honum þar med hinn mesta metnad og ualde honum kuonfang uirduligt Jorunne Þorbergsdottur Arnasonar. þa hafde Haralldr konungr sialfr gerth brudkaup til þoru Þorbergsdottur systur Jorunnar. Vlf stallare vard madr kynsæll j Noregi. hans son uar nefndr Jon. hann var fader Himallda fodur Eysteins erkebyskups. Haralldr konungr atte .ij. sonu uid þoru Þorbergsdottur hiet hinn ellre Magnus en Olafr hinn yngri. Haralldr konungr let giora Mariukirkiu norðr j Nidarose og stod þar þa alltarid sem nu eru gradrnar hia Kristkirkiu. hann lagde þar til prouentur myklar og hann efdi miog kaupstadinn j Nidarose. Ogh vm hans daga voru Armædlingar mestir lendra manna j Noregi fyrir sakir mægda uid konung. og ath þeim vard konungenum mest traust j ollum þeim hlutum er hann vardathi.

Vm osætt konungs og Einars þambaskelfis.

35. Haralldr konungr uard osætt uid Einar þambaskelfir fyrir þa sok ath Einar villdi jafnazth uid konung j rikdom sinum allt j þrændalogum. og alldri kom hann so til kaupstadarens þa er Haralldr konungr var fyrir ath eigi hefde hann mikid lid. og varla matte konungr koma fram malum sinum fyrir ofriki Einars. Ogh þath kapp giorde Einar j kaupstadnum ath hann tok af mote sannan¹ þiof og nade konungr eigi ath dæma hann og uar Haralldr konungr sialfr æ motinu. Þetta mællti Haralldr konungr so ath nockurir menn heyrdi.

Riordan mun rada
randabliks vr lande
oss nema Einar kysse
ðxar munn enn þunna.

Þat segia menn ath Haralldr konungr kuæde visu þessa þa er hann sæ vt vm loptsualar nockurar ath Einar geck eptir langstrætino og hafde eigi meira ne minna lid enn .v. hundrud manna.

Hier se egh vpp enn orua
Einar þann kann skeina

þialfa þambaskelfir
þangs fiolmennan ganga.

¹) sunnan Cd.

fullafla biðr fyllar
 finn eg oph ath drifur minna
 hilmis [797] stols æ hæla
 huskalla lid jarle.

Slikar greinir voro j mille þeirra konungs og Einars.

Fra Jslenzskum manne.

36. Sva er sagth ath eitt sinn kom af Jslande madr sæ er getid er felitill og nordlenzskr var hann ath ætt. Hann hiellt uord vm nott æ skipe þeirra. og er menn uoru sofnadir þa sæ hann þau tidende upp til Gaulardals j Gaularas. ath .ij. menn geingu þangath leyneliga med grafstol og grofu þar j jord nidr. og þath ætlar hann ath þeir mune fiar leita. geingr sidan af skipenu og kemr þar ath þeim ouorum og ser ath þeir hafa þar kistu vpp tekit og þikiz vita ath full mune af gulle og silfri uera. Hann mællti þa til þess er honum þotte uera fyrir þeim. sa het Þorfinnr. ath þeir skylldu leysa hann af med nockru og letz mündu þa leyna med þeim fundinum. og mæle eg til þriggia marka ueginna segir hann. og ef eg uerd enn sidar seþurfi þa skulu þid fa mer annath þuilikt. þuiat þetta er so mikid fee sem þid hafit fundit ath þat er margs manns sæla. Þenna kost uill Þorfinnr. fær honum slikt sem hann beidde. þa ser Jslendingr ath runar (eru) æ kistunne og sogdu so ath Hakon jall hefði atth fe þath og sialfr folgit. og nu þotti Jslendingi so sem erfingiar hans ætti þetta fee. þar la ofan æ kistunni digr gullhringr og helse af gulli. þeir Þorfinnr skilia nu þuid so buit. fer Jslendingr til skips med feing sinn og lætr kyrt yfir þessu. En Þorfinnr uerdr madr so audigr æ litille stundu ath hann visse ogiorla huersu mikid hann atte og uar nu kalladr Þorfinnr kaupmadr edr Þorfinnr en audgi. og þui næst atti hann naliga fe j huerre kaupferd enn bio sialfan sig agætliga ath vopnum og klædum. og giordiz nu mikid ord æ vm hans hagi. en menn þottuz eigi skilia ath munde so skiott uid ganga hans kostr. En Jslendingi forzt litt med fenu og tyndiz allt fyrir honum. kemr sidan æ fund Þorfinnz nockurum sumrum sidar og biðr hann fiar sem mællt uar med þeim. Þorfinnr bregdz uid þetta okunnigr sagde hann ecke eiga ath sier. skilia þeir ath þessu sinne. Sidan for Jslendingr æ fund Einars þambaskelfirs og biðr sier asia og quoz vera felaus. og tok Einar vid honum. Og nu ætlade hann ath launa Einare so ath segia honum til fundarens æ fenu og þotti eigi auræunt at hann munde þikiaz eiga nockura tiltaulu vm fe þath er att hafde Hakon Hladajarl magr hans þetta. forst þo vndan og getr hann

ecke vm þetta fyrir Einari. Lidr nu æ uetrinn og allt þar til er sumrar og gleynde hann ath segia. Og er menn ætla ath fara ferda sinna vm vorith þa spyr Einar Jslending huad hann ætle fyrir sig ath leggja. en hann lezt fusaztr ath fara vt til Jslandz. þat er þier og bezt fallit segir Einar. hier er fe litid er eg uil fæ þier og mattu kaupa þier þar med nockura naudsynliga hlute. mun eg lata flytia þath til skips. er þat kista ein og j uarningr nockur. vist mun eg og fa þier. Skilia þeir nu. ferr Jslendingr j brott og getr ecki vm fiarfundinn. kemr j bæinn og finnr Haralld konung. Og eirn dag er menn geingu fra kirkiu mællti konungr. huer er madr sa hinn skrautbune er þar geingr eptir strætinu. Honum uar sagt ath þath uar þorfinnur kaupmadr. Konungr mællti. undarliga uerdr slikt er slikir menn koma so myklu fe saman æ litille stundu ath gioraz so festerkr. eg man fyrir litlu ath hann uar nær aureige. kynligt er ef þath er eigi af nockuru vondu efne. og kallid hann til min uil eg finna hann. Og so var giort. Og er hann kom fyrir Haralld konung þa mællti Haralldr konungr. huathan kom þier fe þath hit mikla er þu hefir so skiott saman dregit. Hann er lengi fyrir ath segia enn finnur þo til eitt og annath ath æ hafi skotnad. Nei seigir konungr. ecki er neytt j þui er þu seigir. nu eru tueir til seigia lostigr hid sanna edr ella muntu seigia naudigr og med nockrum hardkuælum. Og seigir hann þa lostigr hid sanna. Og er kongr veit hans sannindi af hueriu efne risit hefir fiardratr hans þa lætr konungr taka upp allt feith og eignar sier og jafnvel þat j kaupferdum er. og lez þo betr giora enn þorfinnr var makligr er hann drap hann eigi þar sem hann fanzt æ konungs fe. Konungr feck honum sidan fe nockut og for hann af lande j brutt. Og nu kemr Jslendingi j hug ath hann mun þagath hafa ærid leingi yfir fiarfundinum. fer nu þo og hittir Einar og segir honum nu allann atburdinn. Einar mællti. betr munde farit hafa þitt mal og allra vorra ef ver hefdum fyrre vordit ath bragde ath næ fenu en Haralldr konungr. og er nu allohægt ath kippaz vm fe vid hann. enn ver hefdum allz koste uid þorfinn og skyllde þa þo betre hans kostr en nu. og eingi giptumadr muntu vera so vænliga sem fyrst hafde til stofnaz vm þitt mal. en þo skalltu enn þiggja nockut silfr af mer og leitadu vt til Jslandz sem skiotaz og kom eigi til Noregs medan Haralldr konungr er yfir lande. Skiliaz nu annath sinne. Og litlu sidar ferr Einar til bæiarens med myklu fiolmenne bæde frændum sinum og vinum. og er hann kom j bæinn stefnir þangath til sem Haralldr konungr var j kirkiu. Og er konungr geck fra kirkiu snyr Einar æ mote honum og heilsar æ hann. konungr tok kuEDIU hans. Sidan

spurdi Einar ef hann hefde vpp borit fe þath er Þorfinnr audgi hafde vardueitt. Konungr segir ath so var. og uoru þat landzlog ath konungr eignadiz þat fe er j jordu finz. Einar segir ath þath var rett vm þath fe er einge kennezt vid. en eg hefir hier sannar jarteignir til bæde med runum og so med einkagripum ath þetta fe hefir att Hakon jall magr minn. nu þikiunz eg eiga erfdafe þetta sem annath eptir Hakon og Bergliot kona [798] min dottir Hakonar. og ef þier vilit feit eigi lata segir hann þa skulu uit nu eigi spara eptir ath sækia. enn þier standith fyrir ef ydr syniz sæ kiorligri. Haralldr konungr mællti. ríkr erttu Einar ef þu ert konungr yfir landeno helldr enn eg þo eg se so kalladr. Nei segir hann þu ert konungr yfir lande þino enn ongum manne uil eg þola olaug. Nu gæta til godgiarnir menn med þeim ath eigi yrde verra af. og skiliaz nu at sinne. Standa nu þesse mal kyrr vm hrid og sefaz helldr hugr þeirra er fra lidr og siautlaz nu med fortaulum þeirra manna er vinir voru huorratueggju konungs og Einars og godan hlut villdu ath eiga med þeim.

Um klok raad Haralldz konungs.

37. Þath er sagt einhueriu sinne ath Haralldr konungr giorir þath rad ath hann tekur hondum .ij. danska menn med jnnsigle Sueins konungs. Sidan lætr hann gera bref til lendra manna og allra hofdingia j landeno og setr nu fyrir brefin jnnsigle Sueins konungs. Hann kaupir nu ath þeim hinum donskum monnum ath þeir skule fara med þessum brefum til hofdingia landzins og segiaz vera sendemenn Sueins konungs vr Danmork. þeir skulu og hafa storfe med ser ath gefa hofdingium til þess ath þeir veitte honum lid ef hann kæmi j landit. Eptir þat fara þesser med rade konungs og þar med brefum og insigle Sueins konungs. sogdu og j hliode huar sem þeir kuomu ath þeir væri sendemenn Sueins konungs eptir þui sem bref þeirra vottodu. þeir kuomu vida fram og reyndiz monnum allmisjafut. og eru þeir eigi aller nefndir. þess er getid ath þeir koma til Einars þambaskelfis og syna honum brefin og so fet er honum uar bodit. Hann segir. kunnigt er monnum þat ath Haralldr konungr er ecke vinur minn. enn Sueirn konungr mælir jafnan vingiarnlega til vor og ath visu uil eg vera uinur hans og segit honum so. en med þui ath hann komi til Noregs med her æ land Haralldz konungs og heriar honum æ hendr þa skal eg j mote standa med aullum minum afla og ueita Haralldi konungi slikt er eg ma. og huern enda sem æ med ockr Haralldi konungi þa

mun eg ecke suikia hann ne land vndan honum. Þeir foru æ brott uid þetta Koma nu æ Steig til Þoris ganga fyrir hann og syna honum feit og bera fram brefin. Þorir segir. jafnan leggr Sueirn konungr til vor goda hluti og vinsamliga og kann vera ath þath þuerre enn ecke ath þui er mer syniz nær sem ver faum þath launad. Þorir tekur uid fenu og uardueitir. enn sendimenn fara leid sina. Sidan komu þeir til þess mannz er Hagne heitir og er Langbiarnarson allra manna audgaztr og bezt mentr. þeir syna honum nu brefin og fet. Hann segir. þath þiki mier likligt ath litid skyn mundi Sueirn hafa æ mer þar sem eg er eirn bukall. en þessu male er þo so ath suara. ef Sueirn konungr fer hingat j land med her sinn j Noreg þa skal einge bondason honum oþarfare en ek. Foru þeir æ brott uid sogiort og koma enn aprt vm sidir til Haralldz konungs. og tok hann uel uid þeim og spyr jnniliga eptir j huerium stad huersu farit hefde. en þeir segia honum. Huersu foru ord med ydr Einare kappanum æ Gimsum. Sendemenn herma honum ord Einars. Konungr mællti. sliks uar beint von ath honum at dreingeliga munde hann mæla og af aungrí hollostu uid mik. enn huersu for med ydr Steigarþori. Þeir sogdu ath hann tok uid fenu enn mællti þo godum einum ordum til beggia konunganna. Haralldr konungr segir. þat ma sizt marka edr vita huersu honum er gefit og marga stora hlute hofum ver til hans giort og so hann til vor. en huersu for med ydr Hogna sagde konungr. Þeir sogdu honum huersu ord foru med þeim og hann kuad onguan skylldu Sueine konunge verra enn sig ef hann kæmi j Noreg med hernadi. Þa mællti Haralldr konungr. þar sitr eitt lendz mannz efnit. þat er nu fra sagt at Haralldr konungr for ath veizlum bratt eptir þetta og þikiz nu vita huar uinir hans sitia fyrir edr ouinir. og tekur nu fe af þeim er sanner vrdu ath suikum uid hann en suma let hann drepa. Sidan for konungr æ fund Þoris og ætladi ath koma æ ouart. enn sa var eirnhuerr madr j lide konungs er var uinur Þoris og leynizt fra foruneyti konungs og segir þat þori ath konungr ætladi þangath og væri reidr honum miog og sagdi honum huersu farit væri malenu og huert uite þeir hofdu hreft er uid fenu hofdu tekit. Þorir tekur þegar hest sinn og ridr j mote konungi og hefir med ser fe þat er hann hafdi uid tekit. og er þeir funduzt þa fagnar Þorir uel konungi og mælti sidan. veizla er buin þar hia mer herra og kann eg mykla þock ath þier sækit til. enn menn hafa komit til vor af Danmork sunnan fra Sueine konunge og foru med brefum hans og nockuru fe er þeir budu fram. nu kom mer. þat j hug ath taka uid fenu og þotti mer betr komid ath þier hefduth enn Daner.

tak nu uid herra. Og selr honum fesiodinn. Vel mun ydr fara seigir konungr. Þannueg er til farith herra segir hann at menn minir her j bygðinne hafa vnniz æ miog og uerd eg til fara at sætta þa ef þer gefit orlof til og kem og þo j kuoll(d) til ydar. Og þegar keyrir hann hestinn og hleypir æ burt. Konungr kemr til veizlunnar og voru þar fair menn fyrir og kom þorir eigi heim. Þa mællti konungr. hafi þik troll so slægan. en þar er sa madr er sizt ma vita huad j skape byr. ogh er þetta nu nockud vant ad skilia med hueriu hann ferr. en ecki munu vid hann nu hafa ad sinne. en svo segir mer hugr vm ad osynt se huerssu hans mal leidir til lyckta fyrir sakir pretta hans og otruleika. Ferr konungr af veizlunne og finnazth þeir þorir ecke. og kemr konungr nu til Haugna og tekr nu veizlu ath hans. ogh er konungr þa allkatr og lezt spurt hafa vingiarnligh ord hans og sagde honum þau skyldu fyrir godu og hann mundi gefa honum lenzd mannz rett. Haugne suarar. med þockum vil eg taka ydra vingan herra og allt þath [799] er eg ma skal eg ydr goth giora. en lenzd mannz nafn þat uil eg eigi hafa þuiat eg ueit huat rætt mun þa er lendir menn koma saman. þar sitr Hogni. og er minztr allra lendra manna. hann er buanda ættar. þat er mer ecki til uirdingar helldr til hadungar og ath athlægi. nu vil eg helldr vera mestr bændanna og se þat mællt huar sem menn koma saman ath Hogni er þeirra fremztur og verdr mer su ymræða myklu vinueittre og mer skapfeldre. en soman og uirdingina uil eg þeckiaz af ydr herra hueruetna fram þott eg hafa bonda nafn. Konungr kuad slikt stormannliga mællt hans handar og skiliaz nu med myklum kærleika.

Vm bod konungs uid Einar.

38. Sva er sagth ath einhueriu sinne baud Haralldr konungr heim Einare þambaskelfe til veizslu og tolotu þa likliga vm ath semiaz munde med þeim. Ogh Einar kemr til veizslunnar og fagnar konungr honum vel og sette hann hid næsta sier. Og vm kuelldit er þeir hofdu snælt og bordin uoru j bruttu satu þeir eptir j huirfing konungr og Einar og villdarmenn. satu þeir j hasætinu og uoru drucknir miog og dynur lagdar ath herdum þeirra konungi og Einare. Toku nu tal j millum sin og skemtan med sier. sagdi konungr Einare af morgum afreksverkum sinum j vtlondom. Ogh er þeir hofdu talad vm hrid fann konungr ath Einar hugleiddo nær ecke þath er hann sagdi og sem suefnhofgi nockur sigi æ hann. Einar uar þa gamall miog. Og er konungrinn fann ath Einar gaf aunguan gaum ath huath er hann sagde

þa þotti honum sem hann vannuirde framsognina og þottiz finna bæde nu og fyrr j þeirra uidskiptum at Einar villde aungua hugdu til hans leggja. enn hann þottiz nu mykt hafa sitt skap og sueigt til samþyckis. Ogh nu er menn voru miog drucknir þa uar Einare næsta suefns. sath hann so ath hann hneig vpp ath dynunum. þa laut konungr ath Griotgarde frænda sinum og mællti. tak nu grasit frændi segir hann og uef saman og stik uid nasir Einari. kny uid fast og mæl þetta. ver vilium buaz Einar. Griotgarðr giorir nu so. Ogh nu treysti Einar til hnera vid þat er hann stack grasino uid nasir honum og frat uid. Konungr spratt vpp uid þat og geck æ brauth. Og er Einar yard uis huad til hafde borit þa þikir honum þetta giort til hadungar vid sig og skilur huadan þetta munde ath komit. byzt nu æ braut þegar j stad og er hinn okatazte. Ferr heim þegar vm nottina. og vm morguninn eptir kemr hann j bæinn med mykla sueit manna og ganga þegar ath loftum þeim er Griotgarðr suaf j og bera vopn æ hann og drepa hann. Konunge likar þette storilla vm frænda sinn enn Einar hirdir þath allitt. og gioriz nu af nyiu fiandskapr med þeim konunge og Einare. Leitar konungr ecke eptir vm sættir ennda bydr Einar onguar enn ætlade þo ath bæta ef konungr leitade eptir. enn konungi þotti Einar eiga ath bioda enn þat feckz ecke af honum og matuz þeir hier uid. Viner þeirra ættu hlut j med þeim og uilia nu sætta þa og kemr so þui male at Einar fer til bæiarens med myklu lide og ætlar nu ath bioda konungi jafnadarbod og sætt. en konungr tekr þui likliga og bad þa sialfa tala malid med sier og kallade so likazt til ath þeir semde med sier. var nu so stefnt ath Einar skyllde ganga j eina malstofu til tals uid konung. Einar bad Jndrida son sinn standa j forstofunne og lezth ætla ath konungr munde eigi æ hann rada ef Jndride uæri eptir. Ogh er Einar kom j stofuna bera menn þegar vopn æ hann þeir sem þar uoru fyrir. Einar uedr þar ath sem konungr er fyrir og leggr til hans enn hann sakadi þat ecke þuiat hann uar j tueim brynium. þa mællti Einar. sart bita nu hundar konungsins. Og er Jndridi heyrde þath þa stodz hann eigi og hleypr jnn j stofuna og er sa madr Arne nefndr er honum uard ath bana. og uar þar nu drepinn Einar þambaskelfir og Jndride sonur hans er allra manna var vaskaztr og gioruilgaztr. Nu leid so ath Einare laung heipt og fiandskapr er Haralldr konungr hafde leinge bundiz og stilltan sig so sem fyr visar til j þessu male. og var þo morg aminning aunnur æ mille þeirra adr enn æ þessa lund for. Og j þenna tima voru lendir menn so ofkatir j Noregi ath þegar þeim likade nockut illa uid konung þa hlupu þeir vr lande sudr til Danmerkr

til Sueins konungs. gjorde hann þa mykla þar j Danmork gaf þeim gull og alla adra uirding og gripe. enn sumum veitte hann annan soma. sem Þiodolfr skalld segir.

Dad og drottne godum
dreingspell er þath leingi.

þa for Finn Arnason vr lande og sudr til Danmerkr og gaf Sueirn konungr honum jarlsdom og miket lan þar med.

Um osættir uid (Haralld konung).

39. Enn j þenna tima vard Haralldr konungr missattr vid Vpp-
lendinga. toldu þeir ath Olaf konungr brodir hans hefde gefith þeim
rettarbætr j morgu lagi vm þat fram sem audrum monnum j Noregi
bæde vm skuldir og vtgiordir og morg aunnur alaug gefit þeim vpp þau
er med geinguz annarstadar j lande. toldu þeir Olaf konung hafa
veitt sier þessi fullrædi eptir Nesiaorrostu fyrir þa sok ath Vpplend-
ingar veittu honum lid þa er hann vann vndir sig allt land vid þeirra
fullting af Sueine jarle Hakonarsyne og hann stock þa vr lande. Þetta
likade Haralld konunge ecke og kallade ath Olaf konungr mætti ecke
þessa gíof leingra fram taka enn medan hann hielldi lande og redi
fyrir ríki og kuad konunga nu mundu vilia vera frialsa og sialfrada
eigna sinna og sagde ath allir landzmenn skyllde nu hafa eirn rett en
giora þar ecke j þui adra rikare en adra. sem Þiodolfr skalld segir.

Letu lystir sleitu
landkarlar gram varla
giorde ðlld æ jordu
vdæmi lög sæma.

og þui rade þioda
þeir brutu troll er ollu
hæls [800] j hleypikiola
hris annskotum visa.

Haralldr konungr for med elldi æ hendr þeim vpp æ Raumaríki og
brende þar vida bygdina og gjorde mikid heruirke æ þeim. sem Þiod-
olfr skalld segir.

Tok holmbua hneykir
hardan taum uid Rauma
þar hyck fast hins fræga
fylking Haralldz gingu.

elldr uar giorr ath giallde
gram red enn þa tiedi
har j hof ath færa
hrotgarmr buendr arma.

Þiodolfr getr og þess huersu þeir uikuz vndir hann og myktuz til
þionustu uid hann. sem hann segir.

Lifs badu sier lydr
logi þingadi Hringum
naudgann dom adr næde
nidrfall Hælfis galla.

Lytr folkstara feite
faatt er til nema jata
þat sem þa vill gotnum
þiod aull konungr bioda.

Eptir þat vægdu bændr sialfir sier og hielldu log og landzrett eptir konungs ordum og aull hans bod. enn hann hætti þa ath brenna bæi þeirra. Og eptir þat er settuz aull vandræde þeirra þa tok Haralldr konungr þar veizslur æ Upplondum. Og er þess vid getid ath hann uar ath mannz þess er Arne hiet. hann uar rikur madr og uoru þa oll hierod j frid þegin og sagde Arne ath aullum monnum var þat mikill fagnadr er konungr var j nadum og aller menn hofdu frid æ sier. Vlfr er madr nefndr hinn audgi. hann atte .xii. bu og oll audig. kona hans mællti eirn dag ath hann skyllde boda konungi þangath til veizlu og kuad þat honum uerra ath konungr rænti hann. enn kuozt spurt hafa ath konungr hefdi ecke godann hug æ honum. enn þier mun fara uid konung sem aullum hier j lande þott myklu se stærre bockar fyrir sier en þu en lægri verdr ath luta. og er þath likaz ef konungs er vel leitad ath hann mune þath eigi illo launa. Vlfr sagdiz ofus ath boda konunge heim og lez ætla ath konungr munde girnast æ fe hans þui meir sem hann kæmi nær. enn þo fyrir astar sakir uid konu sina þa lætr hann þetta eptir henne. Fer nu til Arna þa konungr er þar ath veizlu og bydr honum til sin. Konungr segir Vlfri ath hann munde koma. Nu byzt Vlfr uid veizlu og konungr sækir þangath er hann fer fra Arna. Og er hann kemr þar voru þar aull tilfong hin stormannligztu bordbunadr og aulgogn og stofubunadr. þa var þath med myklu afbragde bæde og femikill so ath varla þottizt konungs menn hafa slikan sed ath otigins mannz. Og er menn koma j sæti sin eithuert sinn vm veizluna tekur konungr til orda og mællti. þath somir vel segir konungr ath ver gledium þessa veizlu med vorre skemtan. Aller suoraudu og kollodu þat uera veizlunni sæmd og so þeim er veitte ef slikr madr skemtir. Konungr mællti. eg mun þa segia ydr litla rædu. þath er vpphaf ath þesse søgu ath Sigurdr hrise hiet sonr Haralldz harfagra. Sigurdr atte sier son er Haldan hiet. jarl eirn uar j rikinu og uoru þeir fostbrædr og jafnalldrar Sigurdr konungr og jallinn og godir vinir. Almsteirn hiet þræll konungs. þeir uoru miog jafnalldra Haldan kongson og þrællinn. ogh er fram lidu stundir tekr konungr sott og segir honum so hugr vm ath sia sott mune leida hann til heliar. konungr skipar so til ath hann skipar jarlenum ath vardueita rikid med Haldane syne. sinum. lezt þess vænta fyrir sakir vinattu þeirrar er verit hafde mille þeirra alla æfi ath þetta munde Haldane syne hans trutt traust j alla stade er jarllenn var huers sem hann kynne med þurfa. og bratt eptir þath andadizt konungr. jarlen gerizt nu mikill styrktarmadr Haldanar konungssonar og hans riki og heimti saman landzskylldir til

handa honum og annadizt allt þath er naudsyn bar til fyrir hans hond. Almsteirn er þa var þræll Haldanar konungs giordiz hann mikill madr og vænn og framkuæmdarmadr vm marga hlute og var vmfram þræla konungs enn eingi kann segia huer ætt hans er. Almsteirn þræll byzt til þess ath heimta landzskylldir Haldanar konungs. og er hann var kunnigr ath þui ath hann var ætlunarmadr hinn meste og uar fostbrodir konungsins þa er þath rad tekit ath (hann) heimtir landzskylldir konungs. en so ferr þetta ath litid kemr til Haldanar konungs af fenu. Nu andaz jarlinn. enn Almsteirn helldr til ymissa landa med feith og fær til auaxtar og eignar sier. hann spenner nu lid vndir sig med siegiofum. og þegar Almsteinn veit andlat jalls þa kemr hann æ ouart j rikid vm nott med lide til bæiar Haldanar konungs og berr þegar elld ath bænum og ætlar ath brenna konung inne og setiaz j rikid eptir. Jarl atte son eptir og uar hann þar jnne med Halfdane konunge. Og er menn vrdu varir vid elldzganginn og uissu ath þath uar af manna volldum þa komaz þeir kongsson og jarllsson j jardhus eitt og var annar endir j skogi. og nu komaz þeir j skoginn og uoru nu sidan vm stund æ morkum vti og koma vm sidir til Suidþiodar til Hakonar jarls og letuz vera einir hlaupastrakar. þeir ganga fyrir jallinn og bidia hirduistar hann enn hann starde æ þa vm hrid og veitte þeim vist uetrinn allann. en lagde onguar uirdingar æ þæ helldr uar hann far til þeirra. þar voru þeir þria uetr hia jarli. En j odru lage er þath ath segia fra Almsteine ath hann brenner upp bæinn allann og huert mannz-barn er jnne var. þeir hugduz og hafa jnne brent kongsson og jarlsson. og eptir þath tekur Almsteirn vndir sig riki þeirra og giordiz þar konungr yfir og uar honum eingin motstada veitt. enn ollum þotti illt vndir hans riki ath bua. Hann giordiz þa ocirenn vm allt. tekr þa konur virduligar og leggr hia sier slika stund sem honum likar. og getr born uid þeim. Og nu er sueinarnar hofdu verit .iij. uetr j Suidþiod med Hakoni jarli þa ælludu þeir æ brutt og geingu fyrir jarllenn og þockodu honum fyrir veizluna. Jall suarar. hun er litils verd Haldan segir hann. enn vissa eg þegar hid sama kuellid er þith komud hier huerir þid vorud. enn þui let (eg) litt yfir yckur [801] ath eg villde ath eingin ordreid væri æ giorr ath þid lifdit. og mætti þid enn fæ riki yckarth ef audna willde til. vil eg nu fæ yckr .iij. hundrud manna og vita ef so willde uel verda ath þid kæmid þar æ ouart og mættid hefna þeim hinum vondum monnum Almsteine og hans fylgiorum. þeir þacka nu jarle agætliga sina lidueizlu. fara nu sidan med þessu lide og koma nu æ ouart j landet og for eingi frett fyrir þeim. koma nu

æ bæinn og logdu elld j. þeir leyfdu vtgöngu flestum monnum. Almsteinn bad sier grida og vtgöngu. Halfdan kuad þat makligt ath hann hefde nu slikan dom sem hann ætlade honum. en fyrir þa sok sagde Haldan ath vid erum ecke jafnmenni þa giori eg þier þann kost ath þu skallt huerfa apr til natturu þinnar og vera ævallt þræll medan þu lifir og aull ætt þin su er fra þier kemr. Og þath sama kys Aalmsteinn og þa þiggr Aalmsteinn uid þrælsnafni kyrtel huitan og litt vandadan er Halfdan fiek honum. Var nu eptir þetta þings kuatt og tok Halfdan vit riki sinu og þar med kongsnafn og faugnudu aller þessu skiptle en þottuzt vesler medan hitt var. Almsteinn þræll atti margt barna. og ætla eg þa vera ætt þina Vlfr sagde konungr ath Almsteinn væri faudurfadir þinn enn eg er sonarson Halfdanar konungs. enn þier frændr hafith dregiz med konunga eigner sem nu ma hier sia j morgu lagi bædi j aultolum og husbunade. Tak nu hier Vlfr segir konungr uid kyrtle huitum j þa minning er Haldan konungr faudurfadir minn gaf Almsteine fodrfodr þinum og þar med ættarnafniith og ver ævallt þræll biedan fra ogh eig all dri annath nafn þuiath so uar fyr til skipath þa er Haldan konungr hafde þingit sem egh gath adan og afi þinn tok þa kyrtlinn og þar kuomu þa margar mædur barna hans til þingsins og toku þa aull born hans þesskonar klædi sem sialfr hann. og skyllde so allt þat er fra honum kæmi. Sidan lætr Haralldr konungr bera fram einn huitan kyrtil fyrir augu Vlfe og bidr hann uid taka. og kuad þetta ath honum sidan.

Kennir þu kyrtil þenna
ku attu skioldungi ath giallda
og aluaxinn vxa
attu skioldungi ath giallda.

suin og aligas eina
attu skioldungi ath giallda
born og allt þath þu arnar
attu skioldungi ath giallda.

Ogh þar let konungr fylgia drag þetta.

Margar eru manna vel
mos attu skioldungi ath giallda.

Tak nu Vlfr kyrtil þenna er egh baud þier adan og frændr þinir hafa att og þar med nafn þat er all dri skal ur yduarre ætt ganga og slikan soma þar med sem þeir hofdu. Vlfi þotti ouinueitt skemtan konungs en treystiz þo ecke ödru enn taka vit kyrtlinum. en kona hans og frændr badu ath hann skyllde þann buning all dri taka huern ueg sem færi vm hans mal. En j annan stad geingr kona hans fyrir Haralldr konung med frændasueit sina og bad Ulfi fridar ogh þess ath hann væri eigi so miog suiuirdr sem nu horfdiz æ. Og þat uard ath konungr

let ath bæn þeirra og gaf Vli eitt buit af þeim .xii. er hann atte og neydir hann ecke til þrældoms en tekr upp aull augogn hans og adrargersinnar og sier eignar hann aull önnur buin en þat eitt er konungr þottiz honum vpp gefa. og sidan fer konungr heim.

Um atgiord k(onungs).

40. Halldor hiet madr eirn ríkr og audigr og mikell vinr Haraldz konungs. dottir hans var nefnd Jngibiorg vitr kona og væn og uar hun j vinattu uid konung og jafnan var konungr þar ath veizlum. og uar med þeim Jngibiorgu tidrætt þuiat hun kunne marga hlute vel ath tala uid tigna menn. Og æ einhueriu hauste er þath fra sagth ath hun tekur vanheilsu mykla og þrutnade kuidrinn æ henne og sækir ath henne þosti mikill og hite. Hun uill faath vm þetta ræða fyrir alþydu og voru þar æ margar getr og ymsar vm meinsemi hennar. þath hyggia sumir ath hennar vanheilsa muni vera af konungs völdum. en þar kemr þo male ath þetta gioriz enn med meira mætti enn monnum þætti líkligt at (af) manna völdum væri fyrir þa sok. og gioriz þetta mein medr so myklum meinlætum ath konau þikir miog framkomin. Eru nu konungi ord gior ath hann leggi til heilrædi og kemr hann til og litr æ rad hennar og mælir sidan uid Halldor faudr hennar. so stendr af vm ferdir minar ath eg uerd heim ath koma æ fund drottningar. hun er siuk og skylldæ fæða barn en þat er med storum abyrgdum. en uanheilsa dottur þinnar liz mier mikil og ogrædilig og mundi mer þat þikia likaz ath hun munde solgit hafa af vermslum nockurum og drukkit. en hier er vida yrmt og ætla eg ath hun mune hafa solgit yrmling nockurn litinn og mun sa nu hafa þroazth j kuide hennar. nu skipter aungu vm vist mina hier enn rad uil eg til gefa med þier ath giora ath þessu meine ef audna vill til med oss þat er mer þikir uænligaz. enn þat eitt er þo til er med mikille hættu er. en þier skulud hallda drycknum fyrir henne enn hun mun þat illa bera og skulu þier onguan gaum ath þui gefa. sidan skulu þier bera hana til uatnfallz þess er falle af biargi fram og stemmit af so litid vatnfalleno ath sem driupe smam en lækrinn falle þo ofan af bergino fra ydr so ath giorla heyre til hans. sidan halldit þier blæiu vndir henne og þar skal hun liggia æ ofan sem hogligaz. og buit so vm sem von se ath sa leiti ath vatninu er med henne byr. en latid hana þar med er driupe smam og smam j munn henne enn hun nai þo aungum drycknum. en þu Halldor ver þa nær staddr med brugdit sax ef so fer sem mik

grunar ath sa leite eptir uatninu er byr med henne. ogh ef vt kemr trionan or munne henne þa lattu eigi [802] sia þik og uaraz ath þu rad eigi fyr til en vt eru bæxlin vr munne henne. þuiat hinn fremre hlutr ormsins er fullr med eitr enn þat skiptir ongu þott hun melle hinn eþtra hlut. farit ecke at þott hun mæliz hormuliga vm þuiat þetta mætti henne meira ef uel uillde til takaz med guds myskunn og arnan hins heilaga Olafs konungs. kallit ath hann hialpe til og hafit nu þessa medferd sem eg kenne ydr. Sidan fer konungr æ braut. en Halldor fer nu med aullu suo sem kongr giordi rad fyrir. og fer nu med hana til vazfallzins. Hun mæliztt nu illa vm og lieztt all dri trua mundu ath fadir hennar mundi suo vilia pina hana. og kann vera sagdi hun ath hier kenni ath grimleiks Haralldz kongs. þeir gafu eigi gaum ath huad hun mælli edr kueinadi. og draup uatnid nu smam j munn henne. Halldor stendr nu hia med brugdnu saxi og fer þo leyneliga. Hann setr nu til menn ath gæta og voru þeir vpp æ berginu. og nu vm sidir sier hann huar triona kemr fram vr munne henne og skygndiz vm (og huarf aptr inn. og litlu sidar kom hann ut odru sinne og lætr þa nõkkuru meir sia voxt sinn. skygniz vm) og uillde giarnan vatnit. og ecke þiki Halldori enn til hans radanda. og huerfr hann jnn aptr. og hid þridia sinn kemr hann enn vt og nu sier Halldor ath bæxlin eru vt komin vr munnum. heitr þa af nyiu æ hinn heilaga Olaf konung rædr til sidan og hoggr j sundr orminn. fellr hofudhlutrinn vt en aptrhlutren nidr j buk henne. Hun uard uid þetta so matlittel ath þeim syndiz nær sem ecke megn uæri med henne. fara nu heim med hana sem hægligaz. og nærdiz hun þa smam og smam so sem fra leid og uar þo leinge matlittel og uar æ henne ohugr og otte mikill so ath mein voru æ. Var þa sagt Haralldi konungi og hann kom ath hitta hana. en hun uillde þo j fyrstu fath uid hann tala. en er hann fann þath spyr hann hueriu þat sætti. Hun suaradi ath lyktum og kallade hann hafa synt sier mikenn grimleik j sinum tillogum. en (konungr) let ath eigi mundi su raun æ uerda og kuad henne eigi annat mundu betr hafa gegnt en þath sem nu var ath giort. þa mælli konungr uid fodr hennar. heit þu firir henne ath syngia beati jnmaculati og siau salma og einkanliga skal þetta syngia Mariu messo. Og eptir þetta heit batnade henne þegar til fullz. og þotti sia kuenkostr einnhuer beztr j Noregi og þa giordiz til eirn lendr madr ath bidia hennar og þotti hann vænn til hofdingia. og leidiz þar eptir miog hugr fodr hennar. senda sidan til konungs ath uita huers hann fysti um þetta mal. En konungr let þau ord j mote koma ath hann þottiz eiga ath sia fyrir

rade hennar. Halldor kuad þath sannlighth ath hann redi myklu um. Sidan for Halldor ath finna hinn lenda mann þann er hennar hafde bedit og ræða þeir malid. sagde hinn lende madr ath þath ætlotu margir ath konungr munde elska hana og þui munde hann odrum banna. Konungr bad hann af lata ath bidia hennar og letzt honum uera uinr ef hann hygde af þessu en kuad þath sidar mundu birtazt huat hann uillde sia fyrir rade hennar. Og nu er þessu uar brugdit med aullu þa let konungr gefa hana j klaustr og ende þar sina æfi j fogru lifi og godu.

Fra jslenzskum manne.

41. Madr er nefndr þoruadr krakunef. hann uar islenzkr madr og uestfirdzkr at kyne. audigr madr og dreingr godr. hann for landa æ mille og virdizt uel huar sem hann kom. Hann kemr eitt sumar skipe sinu nordr j Nidaros. og var Haralldr konungr þa þar j bænum og Eysteinn orre magr hans er þa hafde mestan gang med konungi. Eysteinn var son þorbergs Arnasonar er allra manna var bezt mennt þeirra er þa fædduz upp j Noregi. þoruadr leigde sier skemmu og ruddi skipit. sidan geck hann æ fund Haralldz konungs þar sem hann sat og drack. kom hann so ath stofunne ath konungr var vti. og er hann uill snua jnn aptr mællti þoruadr. hier er segl er eg uil ath þier þiggit. Konungr uar nockut brunvaului og suarar. þa eg segl af ydr Jslendingum og munde buit uid ath þat yrde mer til skada. er þat jafnan hid mesta fals er þier farit med. nu haf þu sialfr segl þitt og uil eg eigi þiggia. Eysteirn mællti. gack til herra og sia og kann uera ath ydr litiz þa betr. og er þa of skiott neitad. og þess er meire von ath þier þiggit þa gripe ath eigi se sæmiligri. mun hann ydr og ætlad hafa saa eirn madr er hann. Konungr suarar. eg hlyt nu ath rada fyrir mer en þu fyrir þier Eysteirn. Snyr konungr nu jnn j stofuna og ma ecke festa ord æ honum. þoruadr mællti. þokk kunnum uer Eysteirn segir hann at þier þiggit seglit ef ydr þikir hæfth þa er þier siat og gack med mer. Eysteirn giorir sua og þottiz eigi sied hafa meire gersime j einu segle og þackar uel giofina og bidr hann koma til bus sins vm vetrinn og sia hybyli sin nordr¹ æ Mæri j Gizka. Er nu kyrt vm vetrinn. Og er uarar tekr þoruadr ath bua skip sitt og helldr sudr fyrir land. og er þeir koma sudr fyrir Solskel þa sigler þoruadr þar til hafs og bida sua byriar. Og eirn dag brunar skip fram hia þeirra skipe og uar alskipat af monnum. þar stod vpp j stafnenum madr uænn

¹) r. sudr

og listuligr. sá var j skallazskyrtille raudum. sa spyr ef Þoruardr krakunef uæri þar. hann segir ath so er og fagnar uel Eysteini. Eysteirn mællti. seirn varttu ath sækia mik heim og stig nu æ skip med oss med so marga menn sem þu villt sialfr þuiat nu er eigi byruænligth. Þoruardr giorir so. fer nu med nockura menn og roa nu til eyiarinnar Gizka. og er þar fagnadr mikill og veizla hin bezta. þar uoru hus stor og god. Og er æ leid nottina og morna tekr þa uaknar Þoruardr og uar Eysteirn æ fotum og mællti. ecke er byrligt Þoruardr. verit med oss j dag og latid mik uedr sia ydr til handa og skulu þier ecke ath helldr sitia byri vr hondum. Og vm daginn er þeir drucku og voru katir (þa mællti Eysteirn). fyrir þath er þu forth med mer fra skipi þinu bunu og sottir [803] mitt heimele þigg ath mer kyrtil þennan. Hann var allr hlaudum buinn og skorinn af nyiu skallate. Þoruardr þackade honum giofina. Eysteirn mællti. ecke skalltu þetta hafa j segls launen. Sitia nu þar vm daginn og skortir eigi godann dryck. Og annan dag eptir mællti Eysteinn vid Þoruard. kyr skalltu hier vera j dag þui ath þetta er eingi byr. Þoruardr suarar. þier skulud nu fyrir sia. Allt er nu meira vit haft enn hinn fyrra daginn vm dryck og annan fagnad. Þa let Eysteinn bera fram skickiu. þat uoru algra skinn og vonduth sem mest og skallazmottull vndir. þa mællti Eysteinn. þessa skickiu skalltu þiggia og launa eg þier nu seglit. þuiat þannueg sua mun skickian bera sig med vel flestum audrum klædum sem seglit hia audrum seglum. Þoruardr þackar honum gjafernar vel. Lidr nu af nottin. og vm morguninn snemma er Þoruardr vakinn og er þar kominn Eysteinn og mællti. nu skal ecke duelia fyrir ydr þuiat nu er byrr at kominn. Toku nu snæding og drucku adr þeir foru. Þa mællti Eysteinn. eigi uard þier nu audit ath konungr þægi seglit ath þier. en þess get eg ef hann hefde þegith ath hann munde þannueg launa sem eg. en nu hefir þu ecke fyrir þat er nu gaf eigi konungr þier launin. en þar ma eg ecke at þui hafa þott eg se otignare enn konungr. en fyrir mismuna ockarar tignar skalltu þiggia gullhring þenna. Og dro af hendi sier. Þorvardr þackar honum margfalldliga þessa sæmd alla og storgiafir er hann hafde honum veitt. fara nu til skips eptir þetta. og gefr þeim vel byre til Jslandz. og uar Þoruardr krakunef hid mesta mikilmenne. Og nu vm sumarid er þeir sigldu med lande fram Haralldr konungr og Eysteirn orri og siglir Eysteinn næst konungi og þegar vm fram. þa mællti konungr. huadan kom þier segl þath hid goda er þu hefir. eg þikiumz eigi sed hafa betra segl med þui mote sem þath er. Eysteirn segir. hier er nu þath segl sem þier neittud. Konungr (mællti). eg hefi alldri

betra segl sied og hefi eg þar neitath mikille gersime.¹ Eysteirn mællti. villtu flenza mille seglanna herra. Konungr mællti. hui eigi. Geck sidan vpp hia siglunne. Og er Eysteirn ser huad hann ætladizt fyrir þa mællti hann. gior þig ecke ath vndri sagde hann. haf segl huort er þu villt og er vel ath þu viter hueriu þu hefir neitt. Konungr þackadi honum og hafde jafnan þetta segl yfir skipe sinu. en þath uard ath konungskipinu ath seglith stodz eigi j kappsiglingu þuiat þat uar meira enn þar til heyrdi enn þo þotte seglith hin mesta gersime.

Um leidangr konungs.

42. Nu er næst þath til tidinda j Noregi ath Haralldr konungr helldr vt leidangri og fer med lide sinu sudr til Danmerkr ath heria. Hann liggj sudr uid Halland² j Lofofirdi og hefir heriath mikid af Hallande. Þa hafde hann halft annath .c. skipa. og lezt konungr ætla ath nu mundi betr fara en j Jotlandzhafi þa er Sueirn konungr elli oss. og kallade Dane sialldan att hafa þui ath hrosa at þeir elli hann og kuad þath til bota ath þeir attu eptir sinu at sia. Og er þeir Haralldr konungr lagu þar þa uissu þeir eigi fyrr enn Sueirn konungr kom þar ath þeim vtan j fiordinn med vuigann her. hann hafde .ccc. langskipa og vrup Daner Nordmenn jnne og komu fyrir vtan hofnina adr Haralldr konungr vard uid varr. En þeir Haralldr konungr hofdu uatnfatt æ skipum sinum enn lid mikid en þo eigi trygt ath leita æ landit vpp fyrir ofride. ætlade Sueirn konungr nu ath sitia þeim þar mat og dryck. Ey ein uar skamt fra þeim jnn j fiordinn og uissu menn þar þo ecke vatn. þa bad Haralldr konungr leita ef nockr kuikr ormr fyndiz þar j eyiunne. og þeir fundu ormenn. þa bad konungr baka hann vid elld þar til er hann mæddiz so hann þyrste sem mest. hann let og gefa honum sallt og sleikti hann þat skiott. Nu skal vita segir konungr ef ormrinn viti hier til uazs nockurs þott uer finnum eigi. þuiat ecke mætti hann hier lifa ef hann hefdi ecke vatnid. Og nu mællti konungr at langann þrad skyllde binda uid spord orminum og lata hann sidan lausan. en madr skyllde gange eptir og hallda j þradinn. Ormrinn sotti þangat þegar er hann vissi uatnid vera þott þad uæri leyniliga komid og vard med þesse radspeki konungs vatnid fundit. og þui ath minnum haft eftir og þotti radith uera bædi uitrligt og hagkuæmligt. Toku þeir nu uatn æ skip sin sem þeir þurftu mest og þeim hentar.

1) neitad tilf. Cd. 2) Halogaland Cd.

Um kuædi Siguaz skalldz.

43. Juar huiti het madr. hann hafdi verit lendr madr hins heilaga Olafs konungs og mikill madr fyrir sier og ecke miog dæll og nockut suipuinðr. Hann var staddr eitt sinn med Olafi konunge ath veizlu og hafde Siguatr skalld fært konunginum kuæde og var miog lofuat af monnum. Þa mællti Juar til Siguaz. hitt er meira rad skalld segir hann ath yrkia vm fleire menn en konung eirn þott þat se uirdingar vænz. þuiat vera kann ath konungr mædiz æ gifonum vid þik vm sidir er þu yrkir vm hann æ leid fram. Siguatr skalld kuad og slikan mann vel til fallinn sem hann var ath yrkia vm fyrir margs sakir. Og er Juar for braut þa bidr Siguatr sier leyfis til ferdar ath sækia Juar heim. Konungr segir. vel ma þier vinnaz þessi sæmd er eg veitti þier og minni sæmd er þier ath þiggia sæmdir og giafir ath lendum monnum flestum enn ath mer. enn þu skallt rada. enn mæla þath sumir menn ath Juar se ecke jafnlyndr madr. Siguatr fer nu austr j Uikina og kom æ fund Juars og kuadde hann. Juar suarade helldr fæ og med aungrit lettud. Siguatr lietzt ortt hafa eitt kuædi vm hann og kueztt nv komen ath færa honum. Juar suaradi. þat verdr ydr miog optt skalldunum segir hann ath þier skualldrid. enn þa er kongi leidiztt skualldr yduartt þa leiti þier undan og uilit þa ginna fe af bændum. Þa kuad Siguatr visu.

Eigi satud itrum
 Juar megin fiarri
 ord er eg aurum færda
 ath sottiztt lof drottni.

ydr er [804] allz hann red hlyda
 hrodr sinn lofi þinu
 hliods hefi eg beitt æ bada
 becki vannt er ath hneckia.

Þa segir Juar. þu segir satt og skal ath visu hlyda. Færði Siguatr þa kuædit og þa fyrir god laun. For sidan aptr til konungs. Juar þessi atti son er hiet Hakun manna uænztr og giorviligaztr. hann lagdiz j hernad æ vnga alldri og vann morg frægdarverk. þeir voru badir samt j hernadi og Ketill af Hringunesi og Finnr Arnason. þeir voru nockur sumur aller samt j vikingu og var einge þeirra meire framkuæmdarmadr en Hakon. komu þeir nu j Danmörk þann tima er Haralldr konungr var þar kominn. Hakon segir nu lidinu at fundr þeirra konunganna var stefndr. ogh monnum þikir likligt ath nu slite vr med þeim. nu er so farith malenu ath Sueirn konungr er vinsæll enn vor konungr er ecke uinsæll sem þier vitid. en eg er þo fusari ath veita honum lid. Finnr sagde ath hann munde snuaz til Sueins konungs. en lid Hakonar bad hann rada fyrir þeirra hond. þat voru .xv. skip er hann hafde. Hann fer nu og hittir Haralld konung og bydr honum lid sitt.

Konungr þackar honum og kuoð heyrð hafa getid hans hardfeinge. Haralldr konungr stefnir nu saman ollu lide sinu og mællti sidan. nu er Sueirn konungr kominn ath oss sem þier vitid. og þo ath hann hafi lid mikid þa hefir hann þo skip smærri en ver. nu uæntir mik ath lid hans mune vera synu otraustara en þath er ver hofum. ver hofum adr heriath vida og tekit fe mikid. hyggit ath þa segir hann huad til frægdar er ordith. allz ecke nema strandhogg og er þath litil frægd og fremd en hittann ecke konung. meira mundi þath vert þikia enn ver ynnum nu sigr og sæmd edr land undir oss. kunnum uer nu mikla þock ath þier segit nu huort ydr er meira ath skapi ath beriaz edr leita brutt ath sigla. Hakon segir. ecke hofum ver hier til ydr þionath herra en þo uilium ver beriazth med ydr og uil eg hafa skip min laus uid en ecke i teingslum. þar uar og med konunge Skialgr Erlingsson þorolfr mostrarskegg. hann (var) þa med Magnusi konungssyni. Vlf stallare. þessir uoru aller skipstiornarmenn og margir adrir agætir menn. Konungr uar þa katr og mællti. dreymdi mik j nott. mier þotti sem uid Sueirn konungr fyndumz og hielldum æ eirne hðnk og togðdum og dro hann af mier haunkina. Nu ræddu menn misjafnt vm drauminn og toku so flestir vpp ath Sueirn konungr mundi uerða þui driugare vm þat er þeir kiptust vm. þa mællti Hakon Juarsson. vera kann herra ath so se sem þeir taka vpp. enn vænna þætti mier til hins ath Sueini konungi mundi þar æ hankaz er hann hafdi honkina. þath þike mer likligra segir Haralldr konungr ath so sie og þann veg er betr radit. Sidan bra Haralldr konungr suerdi og hio fram j loptid fyrir sig æ vindinn þrysuar. hann uar þa j onduerdu lidinu. Hakon spurdi hueriu gegnir þetta herra segir hann edr huad skal þessu. Konungr suarar. þetta kalla menn sudr j londum ath konungr bendi þannueg reidi sina. Haralldr konungr eggjar nu menn sina af nyiu og kuad þo mikid ofr-efli vid ath beriazt og halfu fleira. edr væri þier fusari ath segir hann vndan ath hallda. og segit nu ef so er. Allir badu hann fyrir sia. enn ollum þotti naliga ofært vera fyrir lidsmunar sakir. Se eg nu segir konungr ath þier vilid heyra mitt atkuædi vm þetta og so skal vera. ver skulum so æ lita ath ver vilium med ongum kosti flyia ath oreyndu med so mikid lid og fritt. helldr skal nu huer liggia vm þueran annan. Suo segir Steirn Herdisarson er þa uar þar æ skipe med Vlfe stallara.

Sagde hitt er hugde
hauklundr vera mundu
þar kuad þeingill cirar
þrotna vann af honum.

helldr kuad huern vorn skylldu
hilmir frægr enn vægia
menn brutu vpp vm annan
aull vopn þueran falla.

Hann kuodr og æ huersu mikid lid huorir hofdu j þesse visu.

Hitti hölda drottinn
hugstrangr skipa langra
hinn vid halft beid annad
hundrath Dana fundar.

næst var þath er reg nam rista
reidr ath seti Hleidirar
þangs læd maurum þingath
þimr hundrudum sunda.

Nu let Haralldr konungr blasa til samlaugu skipunum og let vt vikia j moti skipum Sueins konungs og leth fyrstan fara dreka sinn. Þæ kallade Vlfr stallare æ sina menn. leggit fram uorum skipum hid næsta konungsskipino. sem hier visar ath.

Hiet æ oss (enn) jtri
Vlfr þa er kesiu skulfu
rodr uar greiddr æ grædi
grams stallare alla.

vel bad skip med skylia
skeleggiadr fram leggja
sitt enn seggir jattu
sniallr landreka spialle.

Sidan lætr Haralldr konungr saman teingia skipastafna sina. og þa roa Danir ath og geingu þa ludrar med opi og eggian. og þikiaz Danir nu hafa allt valld æ Nordmonnum. Þetta var Laurencius messo aptan og uar sid vm aptaninn tekit til ath beriaz og borduz vm nottina. Haralldr konungr var j fyrirruminu og skauth af handboga. sem Þiodolfr skalld segir.

Alm dro vpplenzskr hilmir
alla nott hinn snialle
hremsur let æ huitar
hlifr oddviti drifa.

Nu vard orrosta hin snarpazta. leggr Sueirn konungr-uel og dreingiliga sitt skip j moti Haralldi konungi. Þar uar Finn Arnason j lidi med Sueini konungi og leggr fram æ annat bord honum og veitir honum lid. Eggjar nu Sueirn konungr fast og hidr þa nu minnast huersu margt illt Haralldr konungr og adrir Nordmenn hafa giort j þeirra riki og huersu þungt er ath liggja jafnan vndir þeirra ofridi. latum þat nu spyriaz ath uer gongum uel fram og dreingiliga og osannit þat nu sem Haralldr konungr segir ath hann kallar betra til vigs eirn Nordmann enn .ij. Dani edr þria. nu er voskum dreingium illt slikt ath heyra. rekum nu af oss þessa skomm og latum þa annat eiga til ath segia enn ver seum tuitala uid þa Nordmenn. eru hier nu og margir tignir menn og dreingir godir og latum vm skipta med oss ef audna fellr til en uerum sidan j fride og frelsi jafnan og myklum veg. Nu tekz hier snorp orrosta og uard gnyr mikill og hareysti sem likligt var þar er so mikill her kom saman til bardaga bædi af vopnum og monnum og kalli og eggian. Hakon Juarsson lagdi framarluga j herinn

og leitadi sier mikels ágætis. [805] Eigi hófdu menn Haralldz konungs skemri atlogu skipa en Sueirn konungr þuiat þeirra skip uoru myclo stærri. en skip Hakonar leku uid laus og rende j mille skipanna og æ bædi bord Sueins konungs skipum. þath lid var og bezt buit er hann hafde. hafde hann uanit lid sitt j uikingum. Orrostan uar nær landi. og þa fiaradi upp skip Skialgs Ellingssonar og uoru þegar aller menn drepnir af þeim af landhernum Sueins konungs þeim sem æ landi var og hann hafdi eigi matt koma æ skip sin. Nu falla menn þyckt med bordum og uerda nu morg tidendi senn æ skamre stundu. Nu uerdr þar orrosta annan veg en Daner hugdu og stodu Nordmenn þyckt vm Haralld konung sem Steirn segir og borduz snarliga.

Vndr uar er eigi fundu
aurmoz uidir gíorua
borduz uær þa er uordum
uida grund vm sidir.

huar herskillde hielldu
hrafn fleck nog j ottu
næs fyrir Nidarosi
Nordmenn Haralld fordum.

Nu uikr mannfallinu æ Dane og fiellu þeir j akafa en sumir toku ath flyia. og þui næst geingu Nordmenn vpp æ konungsskipit og rydia nu med bordum sem Þiodolfr segir. Hann segir og þath ath Sueirn konungr flyde æ land vpp med skutu eirne er flotid hafde uid lyptingina. Og i þessum þys hoggua Daner teingslin og leggja fra. vard þui huerr fegnaztr er huerr komz æ brott og þar lagu eptir .lxx. skeida er Daner attu og uoru allar rodnar med stofnum. sem Þiodolfr (segir).

Saungs kuodu gram ganga
glæstar taugu hid næsta
senn æ suipstund eirni
Sueins þiodar skip rioda.

Þetta kuad Arnor.

Hialmæru let heyia
hitz er raud fyrir Nidzi
tiggi tyrfings eggjar
tuær adr mannfall være.
nadr bordz skridu nordan
nys ath allualldz fysi
hlaut til Hallandz skiota
hrafn þarfr konungr stafne.

Hraud sa er huergi flydi
heidmilldr Dana skeidar
gladr med gulli rodnum
geirjalm konungr hialm(i).
skialldborg rauzt en skufa
skaut haudglautudr oddum
bragna brynir gegnum
budlung af næ sungu.

En segir hier huersu miogh þreyngt uar kosti Sueins konungs adr hann flydi.

Geck ath Sueirn ath sneckiu
saklaust hinn forhrausti

malmr kom hardr æ hialma
hugr minn er þath sinne.

farkostr hlaut fljóta
 fiolnötz vinar Jota
 adr enn audlingr flydi
 audz fra uerdung daudri.

Nu flyr brutt allr Dana herr. en Nordmenn sækia eptir þeim og minnaz þa huersu Danir kendu þeim rodrinn j Jotlandzhafi. reka nu flottan allt æ haf vt. verdr so mykid mannfall ath eigi fær talt. Finn Arnason og Hakun Juarssun hofdu skilit foruneyti sitt þa er Hakun redzt til lid-ueizslu med Haralldi konungi og uar hann þa naliga blindr. hann settiz þa nidr j lyfting sinne er flottinn brast. var hann þa handtekinn og leiddr fyrir Haralld konung. Sua er sagt ath Sueirn konungr hafdi med sier .vj. jarla med til orrostu. sem hier visar til.

Sueirn æ sigr ath launa
 sex þeim er styr uexa
 jnnan eina gunni
 aurecks Dana jaurllum.

uard sa er villdit forda
 vigbiartr snauru hiarta
 j fylkingu fanginn
 Finnur Arnason midri.

Og nu er jarlinn settr nidr j fyrirrumid fyrir Haralld konung. var konungr þa allkatr og mællti. hier finnumzt uid nu enn næst adr j Noregi. huort hefir hirdin su in danska eigi allfast stadi fyrir þier og hafa Nordmenn nu illt ath verke ath draga þig eptir sier blindan og vinna þier þat til lifs. Jall segir. martt uerda (Nord)menn illt ath giora og þath þo allt vest er þu leggr fyrir þæ. Villtu nu þo þiggia grid segir konungr þott þath se omakligt. Eigi af hundinum þinum segir jarl. Villtu þa segir konungr ath Magnus kongsson frændi þinn gefi þier grid. Magnus kongsson styrdi þa skipi og uar þa vngr ath alldri. Jarl suarar. huath mun huelpr sa gridum rada. þa þotti konungi gaman ath ertazt vid jarl. Villtu þa taka grid af þoru frændkonu þinne. þa spurdi jarl. er hun hier. Hier er hun segir konungr. (þa mællti Finn jarl) kappyrði þat er sidan er vppi haft huersu reidr hann uard þuiat eigi feck hann stillt ordum sinum og mællti. eigi er þa vndarligt þott þu hafir uel bitiz er merin fylgir þier. Finne jalle uoru grid gefin þott hann villde eigi jata og hafdi konungr hann med sier vm hrid. Sueirn konungr flydi nu æ land vpp og uar uid annan mann. koma sidan er morna tok til kotbæiar nockurs fyrir þæ sauk ath Nordmenn rannsaukudu meir þorp og storbæi. þar uar fyrir ein gaumul kona og spurde huat manna þeir væri. forunautr konungs hafdi meir ord fyrir þeim og segir kerlingu ath þeir uoru farandi menn. og þursum forbeina yduarn. Kerling segir. þid latid mikiliga og mune þid hafa tidindi ath segia nockur edr huort hafa konungar þessir barizt

j nott edr hueriu hefir gegnt of þetta hid illa er j alla nott uar vt ath heyra er uer hofum eigi ro fyrir feingit edr suefn. Meire von ætla eg segir hann at konungarnir hafi bariz. Þa mællti kerling. huor hefir betr haft. Hann segir Nordmenn hafa betr haft. Kerling mællti. huort er konungr var drepinn. Hann segir. æ flotta hefir hann lagt. Þa mællti kerling mikid folsku mal. vesul eru uær konungs segir hun og uei uerdi oss uer eigum konunginn bædi halltann og ragan. Þa suarar sæ er færri hafdi talad. ætlum hitt kerling er likligr er ath konungr mun eigi ragr vera enda eigi sigrsæll. Vm morguninn adr enn þeir attu daguerd fieck kerling þeim handlaug og for sæ fyrre er sidar geck og tok midian dukinn og þerdi sig. kerling þrifr sidan til og knyckir af honum og mællti. tak endan handklæðissens og gior eigi allt senn vott. Þa mællti sæ hinn mykle madr. þath ma enn uera kerling segir hann ath ef gud vill eg fæ so mikinn metnad ath ver radum sialfir huort uer þurkum oss æ midium duk. Þetta er gamans frasogn og eigi saugulig eins kostar nema fyrir þa sauk ath hier er lyst grein speki og ouizsku og j annan stad [806] er sagt fra orda uidskiptum þeirra Haralldz konungs og Fins jalls. þar liknadi sa er valldit ætti og uar þat uegr en eigi litlirædi. enn jallinn syndi þat huersu ohræddr hann var og þotti honum ecke fyrir ath deya. hann matti þa ecke annad enn mæla slikt er hann villdi og syndi hann jafnlynde. mællti ecki til Sueins konungs nema þath eina er vel var er hann hafde adr honum þionath enn mællti herfiliga til Haralldz konungs er hann hafdi j moti uerit. en Haralldr konungr uirdi þath allt sem barns ord og hafa so allir sidan virt.

Um Hakon Juarsson er fast stod med Haralldi konungi.

44. Hakon Juarsson feck þar mykla frægd og hafdi lagit sitt skip æ annat bord konungsskipinu og uar einginn honum frægare. fieck hann fyrir þath hid besta ord sem hann hafdi til vnnid og hina mestu uirding. Gætum nu til sigrs vors segir konungr ath Daner vinne nu eingi suig æ oss hiedan fra og sækium nu landit med soma. En vm nottina er konungr var j suefni þa logdu .ij. skip fra flotanum. annath uar skip þorolfs mostrarskeggia en annath var skip Magnus konungssonar. þeir laugdu til landz og villdu ræna og leita sier frægdar og agætis. þar kom ath þeim Danaherr og borduz vid þa og urdu þeir bornir ofrlidi og uar drepit af þeim mart manna. þorolfur komz vndan med Magnus konungsson og bar hann j kiolltungu sier til Uikr-

innar. Ogh vm morguninn saknar Haralldr konungr þeirra og bidr þar nockura hrid og kuomu þeir eigi. En þau hofdu lok ordit orrostunnar ath Haralldr konungr hafdi tekit morg skip Sæins konungs ath herfange og allann fiarhlut þann er æ var. Skrin þat er j var heilagr domr Vincencij diakns fundu þeir j lyptingu æ skipe Sæins konungs og hofdu þath med sier. Og nu villde Haralldr konungr eigi bida leingr þeirra Magnus sonar sins og Þorolfs og þikir eigi olikligt ath þeir se drepnir. Fara nu med feing sinnu vnzt þeir koma j Vikina. let Haralldr konungr þar giora ellda og setia tiold æ lande og skipadi konungr monnum j sæti og geck j mille elldanna. þa geingr þar ath þeim Þorolfr mostrarskegg og hafdi Magnus konungsson æ bake sier. og er konungr þeckir ath sueirnenn er heill þa uard hann uid gladr og katr en kallade þo sigr þeirra meiddan af vangeymslu þeirra Magnus. og let þat uerit hafa oforsialigt. hafdi og illa gefizt. Binda menn nu sar sin og toludu vm huerir bezt hofdu fram geingit j bardaganum. og uar þath allra manna romr ath Hakon Juarsson hefdi þar best fram geingit allra manna og mest vnnid sigrinn med audnu konungs. Þa segir konungr. Hakon mundi hier nu huerr heita vilia. en sigr hofum ver vnnid stundum þott Hakon hafi eigi uid uerid. Þorolfr uar moðr miok og þiakadr af gongu og erfidi. og þat fann konungr og spurdi huort Daner hefdi sig vpp gefit fyrir þeim. og hugdu þier at þeir mundu eigi treystaz at bera vopn æ ydr og uar slikt ouiturliga farit ath skiliaz vid oss og ganga æ land vpp uid fæ menn j hendr ouina sinna og latid þar nu margann vaskan mann og mattu þier vel hlita þeim sigri er uer vnum aller saman. og hefir þetta eina nu minkath vora sæmd og þo ma nu ecke ath hafa. Haralldr konungr þackade monnum nu vel lidueizlu og einkum Hakone Juarssyne og baud honum ath koma til sin vm vetrinn ath jolum og kuad þa uon nockurra launa af sier fyrir lidueizluna. a eg morgum gott ath launa en þier þo eirna bezt. Hakon þackadi konungi heimbodit og het ath koma. og var vm vetrinn ath buum sinum þar j Vikinne. en konungr ferr norðr j-land og þar til er hann kemr heim.¹ Og vm uetrinn ath jolum sækir Hakon heim Haralld konung og konungr sialfr geingr j moti honum og fagnar honum agæta vel. setr hann hid næsta sier. og eru þeir laungum æ eintali. þar uar þa med hird Haralldz konungs Ragnhilldr dottir Magnus konungs Olafssonar og uar kuenna friduzt og uitr kona. og þa var sæ kostr beztr j ollum Noregi. Haralldr konungr spurdi Hakon eitthuert sinn vm jolin. huad skal hafazt ath vm vorit er kemr segir

¹) og er hann kemr heim tilf. Cd.

konungr. Hakon suarar. þath ætla eg herra ath leggjazt j hernad. Konungr mællti. þath er abyrgdarhlutr mikill og somir eigi vel kristnum monnum. j heidni samdi þat vel þa er menn vissu eigi til guds en er þat eigi so nu. þuiat þar fylgir mikid nidrbrot kristninnar fyrir agangs sakir uid kristna menn. Hakon segir. daufligt þike mer heima herra. þarf eg storra uidfanga vm fet þuiat fiolmenne er mikid. Konungr segir. þui kuongazt þu ecke og sezt sidan vm kyrt. þui herra segir Hakon at tiginna manna dætrum mun litid þikia til min koma og litils vm mik vert. en eg vil ecke so buit girnaz lendra manna dætr og mun sliks enn leingi kostr. Konungr mællti. so mællti til bera ath eg launade þier so lidueizluna med þui kuonfange sem bezt er j aullum Noregi og þo ath vidara se til farit sem er Ragnhilldr dottir Magnus konungs þuiat margr er eigi so uel mannadr sem þu ertt. Giorit eigi herra med spotti til vor segir Hakon. og er mer þetta ofhatt og fa mier helldr jallzdottur nockura þina frændkonu og feinga eg þar med mikid fe þuiat mer mun verda sefrekt ef einskis skal alla j hernadinum. Konungr suarar. eigi er mer synt ath þu takir annars stadar meire femune ypp enn med þesse konu. og þessa mun eg leita vid hana ef þier vilid. Hakon segir. ecke rad munda eg helldr vilia enn þetta þott eg ætti vol æ. og gott er ef þessi ræða uerdr vel. enn minnr mun eg nu ydr vm kenna huernnen sem tekzt edr snyr. Konungr hittir Ragnhilldi ath audru bragdi og tiar fyrir henne skaurugleik Hakonar og huatleik og huersu vel hann var mannadr vmfram alla menn adra. Hun segir. ecke gruna eg þath ath Hakoni. se martt uel gefit edr þui tiar þu fyrir mier so miog atgiorui Hakonar fyrir mer og uelmenn- ing. Konungr mællti. þui frændkona ath mer syndizt makligt ath þid biuggit saman [807] þuiat þar eru huorirtueggju agætir menn so ath varla skulu fazt adrir tueir þuilikir. Konungsdottir segir. vera mæ þat herra ath ydr syniz mer þetta jafnrædi edr hellzti gott en eigi mundi fadir minn þath þo fyrir mer sia ath gipta mik neinum otignum manne. Konungr mællti. þath er vndir mer komid ath gefa honum tignarnafn og þath eina skortir hann til tignar nafnbotin og mæ þath en skiott ath giorazt. en þer samir þat betr vm slika hluti þott þu ser vitr kona ath hafa hier (eigi) vid þitt einrædi og giora eptir radi frænda þinna og er þier þat bædi vandaminna og þo samabezt. Hon segir. ef þu ert radinn til ath gipta mik eigi konungbornum manne edr tiginbornum manni þa veit eg eigi huad mer er annar otiginn madr betri en sia. Konungr mællti. eg skal so vm bua frændkona ath þu skallt eiga jallmann. Ragnhilldr segir. eigi skal þat nafn enn þacka

ydr herra þui ma vera ath enn se tom til þess. Skilia þau talid eptir þath. Haralldr konungr segir Hakoni tal þeirra konungsdottur og kuad hana ecke ouænt tekít hafa. Hakon segir. eigi skyllde þetta giort til vor med gabbi edr spotti herra þuiat eg þikiumz ecke til þess vnnit hafa af ydr. Konungr segir. ecke uikr þessu so uid og æ minu valldi er tign þin ath gefa þier jalldom. Nu jhugar Hakon malid fyrir ser og væntir ath konungr mune hier satt til segia og ath hann mune rætt hafa uid Ragnhilde sem hann sagde og spyr eptir huern ueg ord fære med þeim. Konungr suarar. eg tiada malid þitt fyrir henne sagde konungr sem mer þotti likaz huersu þer var farit vm hreysti og dreingskap og huersu vel þu erth manndr. enn henne fellz þath allt vel j skap en letz þo eigi mundu otignum manne gipt ef fadir hennar lifde. en eg let þat vera æ minu valldi ath gera þik valldzmann hueria nafnbót sem eg villda fæ þier. Hakon segir. ef eg skal vera sua giftumikill ath mer audni þath ath fæ hennar þæ samer ydr þat eina fyrir sakir hennar ath lata nafnbótina fylgia ath eigi hlioti hun þa ourding af mer ath eiga vtiginn mann þuiat þat er eigi uid hennar hæfi. Sidan var Ragnhilldr fest Hakone med vingan konungs. var þath þa so frame giort er Haralldr konungr hiet Hakuni jarllsdomi adr. þæ leggr hun leyfi til. Og er nu þegar eptir jolin druckit brullaup þeirra þar med konungi og fer Hakon sidan heim med Ragnhilldi konu sina j Vik austr og leggr hun mykla ast vid hann. er þo ecke mart vm med þeim j audru lage en hun lezt mundu vel uid vna ef hann væri jall. þessu fer nu fram þau missare og kemr ath jolum annan vetr. þa ferr Hakon æ fund Haralldz konungs og þikiaz nu vitia eiga jarllsdomsins ath þui sem konungr hafde heitid. og tekr konungr uel vid honum og spyr konungr þui konungsdottir fære eigi. Hakon kuad henne þikia so betr fara. Og adr þeir skilia vikr Hakon æ vm jallzsnafnit og so vm tilgiot Ragnhilldar er skyllde henne heiman fylgth hafa eptir þui sem heitid var. þa segir konungr æ moti. huort var fadir þinn jarl edr forellri. en þo er þat audsætt ath þu ert fedrbetrungr. Nu ser Hakon huersu horfir malino er vndan er dregit tignarnafnid. tekr nu vopn sin og vill æ brutt sem skiotaz. Huad er nu titt vm segir Hakon nafnbótina vid oss edr eigurnar þær er oss var heitid og kongsdottur skyllde heiman fylgia. og samir ydr eigi ath hun missi sins huersu sem þier giorit til min. og er þath okonungligt ath hallda eigi ord sin. Konungr segir. þat er og sannaz Hakon segir konungr ath ecke þarf at draga þath leingr fyrir þier ath ecke mun af uerda vm jalldominn uid þik. Hakon ferr nu heim uid þetta austr j Vik. Geck konungsdottir j

mot honum hlæiandi og mælti. heill jall minn segir hun. Hann segir. ecke er eg jall en ef þier þikir velræði til þin giort fyrir minum saukum þæ tak þu upp fe mitt allt og eignir en eg mun fra radazt og leita fyrir mer med sueit mina. Hun suarar. ecke mun egh þui fyr(s)t jata en þo for þetta jafnt sem mik vardi ath konungr mundi þetta vndan draga. Lidr nu af vetrinn og er falt vm med þeim. og er vorar segir Hakon konungsdottur ætlan sina. eg hefi feingit .vi. langskip og mikid lid. mun eg fara vr lande og koma hier alldri sidan þuiat eigi uillda eg ath þier yrði vanuirding ath mier. Hun segir. aungua þock kann eg þier þoath þu farir æ braut og ecke eru af þui ockrir faleikar ath mer se astlaust uid þik og einskis æ eg þik ath kunna. nu muntu rada vistarfare ockru. enn ecke hirdi eg ath byggia¹ jarder þinar þott þu bioder² mer þat. Sidan binda þau þat rad saman ath hann selr jardernar til lausafiar og byzt nu j brutt med myklu fe og .vj. langskipum. og adr enn þau foru j brutt giorir Hakon til og drepr ærmannd Haralldz konungs og tekr vpp buit og feit allt. fara sidan med allt sitt. Nu er þetta sagth Haralldi konungi drap ærmanndzins og tiadiz fyrir honum skadinn allr saman. En konungr suarar þessu. mikill er skadinn vist en meira þike mer þat vm so vaskan mann sem Hakon er ath hann skal hafa geingit af vili sinu og idrumzth eg nu miog er honum er gefin dottir Magnus konungs. Hann leggr nu sina eign æ jardir þær er Hakon hafdi attar þott selldar uæri og tekr leigur og skylldr af. En Hakon var þa enn eigi langt j brutt farinn. og er hann spyr þetta ferr hann til og drepr þa menn sem konungr hafde til setta ath byggia jardirnar. eptir þat leggr hann elld j bæina alla og brenuer vpp. Eptir þat leggr Hakon j haf og spyr konungsdottir þa huad hann ætliz fyrir vm sumarid. þath hellzt ath eg leggiumzt j hernath. þat er vist eigi minn vili segir hun. þuiat eins mannd fior æ huerr þott þu sert frækinn. enn þa er eg vppgefin ef þier berst nockut ath bordi og er þa meire von ath vikingar leggi mig hia sier. enn þat samir mer eigi fyrir sakir ætlar minnar. nu er þath mitt rad ath þu farir helldr æ fund Sueins konungs þuiat hann er godr dreingr og tak her eitth [808] fingrgull er fadir minn gaf mer og syn þath Sueini konungi. og fyrir þat er Sueinn konungr hieilt eigi einkamalum uid faudr minn hans lætr hann nu jafnan niota sidan hans frændr og teingdamenn og uirdir þa nu alla mikils. Hakon segir. ecke mun eg min niota fra Sueini konungi. so laukz var fundr fyrir Nidzi. en nu erttu illa gipt ef mer uex þetta j augu og þora eg eigi ath finna Suein konung. þau

1) byggjande Cd. 2) biodande Cd.

hallda nu til Danmerkr. Sidan ferr Hakon med nockura menn og kemr fyrir Suein konung og kuedr hann. Sueirn konungr kennir hann skiott og mælli. hui forttr hingath slikt illt sem þu hefir oss giort. Herra sagdi Hakon Ragnhilldr konungsdottir sendi mik hingat til ydar med gull þetta. Og synir honum gullid og segir honum allan malavoxttinn vm skipte þeirra Haralldz konungs. Þa suarar Sueirn konungr. eigi giorde Haralldr þa uel er hann gipte frændkonu sina gaufga so vondum manne sem þu erth. en uelkomin skal hun vera med oss. en þo mun henne eigi virdazt til fulls nema þu fylgir med. nu skalltu niota Magnus konungs og hennar so ath þier skal giora .iij. kosti þa er mer synazt allir miok vænligr. enn osynna ath þu hefdir lif ef eg næda þier ef eigi nyti hennar ath. nu er eirn kostr sæ ath eg uil boda þier til min uid .xij. menn og ser þu æ samt vid konu þina enn lid þitt se annar-stadar. þa er sa annar kostr ath þu þiggir af mer .iij. bu ath gíof og skalltu skylldr landuarnar med mer. sæ er og hinn þridi kostr ath þu skallt fara æ fund Asmundar Biarnarsonar brodrsonar mins er nu giorir mer mikenn ofrid og beidiz Hallandz.¹ fær þu mer hann og uer sidan jarll yfir Hallandi ef þu kemr þessu æ leid. en þo uil eg ath þu hafir hier fridland þott þu giorir eigi þetta og sier j ongum heitum bundinn vid mig fyrir sakir konungsdottur. Hakon segir. of miog sannar þat þa herra er þier mælltud ath omakliga væri sed fyrir konungsdottur ef eg treystumz eigi ath beriazt uid Asmund. enn ef eg fell herra þa muno þier sia fyrir konungsdottur nockut sæmiligt gíaford þott þetta se med litlu moti. Konungr mælli. eg skal fæ þier lid til fararinnar. Nei segir Hakon. þat muno Daner þa segia ef ver sæm gagn ath þeir hafi vnnit sigrinn og ann eg þeim eigi þess og skulu minir menn einir fara. En þessi voru vpphauf vm mal þeirra Asmundar og Sueins konungs at Sueirn Gudnason hafde veget² Biorn faudr hans j þingamanna lidi vestr æ Einglandi. Sueiru konungr Vlfsson hafdi vpp fæddann Asmund brodrson sinn og feingit honum þriu skip ath hann færi ath hefna faudr sins. En Haralldr Gudnasou var þa konungr j Einglandi enn Sueirn brodir hans uar þa anndadr. Asmundr sæ þat fyrir lidi þui er Sueirn konungr feck honum til faudrhefnda ath hann heriade æ Dane og uard hann þrysuar handtekinn og færdr Sueini konungi. en konungr gaf honum huert sinn grid og let hann fara j fride. enn hann let all dri af helldr enn adr at giora Sueini konungi slikt illt er hann matti. Ragnhilldr konungsdottir fer til Sueins konungs og tekr hann uid henne badum hondum og eru þau Hakon þar bædi vnzt hann uill

¹) Hiatalandz Cd. ²) rægt Cd.

buaz æ fund Asmundar. Hann byr sex skip til ferðar þeirrar og fer sidan með þessu lidi og helldr frettum til að hvar Asmundr var og spyr hann vpp ath hann hefir .x. skip. og uard fundr þeirra j Slesmyrne. og er skip renduzt ath adr bardagi tækiz þá mælli Asmundr. vel æ sæ madr fram ath ganga er jalldómí er heitid en missyney uard Sueini konungi þá er hann mælli þat og eigi mintiz hann þá miog Nizarorostu og eigi munde honum þat þá j hug. Hakon segir. satt uar þat Asmundr ath eg var fyrir Nidzi með Haralldi konungi at þui ath mer samdi þat eigi illa ath veita konungi minum. en hitt kemr uerr uid er þu villt auallt suikia þinn frænda Suein konung og lanardrottinn. og nu j dag skalltu þat finna ath uer hofum fundiz og eg skal otæpiliga ath sækia. Og nu tekzt orrosta með þeim og uerdr hardr bardagi og geck hann vel fram og hans lid. falla menn þygt með bordum og þo meir lid Asmundar. ogh þar kemr ath Hakon nair vppgongu æ skip Asmundar og hoggr Hakun æ badar hendr og sækir fast ath fyrirruminu með sinum monnum og falla menn Asmundar j akafa. og þar kemr ath Asmundr verdr handtekinn af Hakonar monnum og hallda þeir honum. þá mælli Hakun. alldri ætla ek ath óþarfari forn se færð Sueini konungi. Hleypr sidan ath honum og drepr hann. og eptir þetta fara þeir heim með sigri og herfangi og kemr Hakon með þetta allt saman æ fund Sueins konungs. Hakon geck fyrir konunginn og kuaddi hann. en Suein konung setti fram dreyrraudan og mælli. far þu til sætis. Og uar þat þo með aungum letta. Hakun mælli. þat þikiumz eg nu æ sia og finna herra ath þier kunnit minne þock fyrir vorn sigr en ver hugdum. en þat hygg eg ath þessi madr mundi eigi spara ath sitia vm lif þitt ef hann hefði vndan geingit og þui drap eg hann. en ecke var mer so mikil heipt æ honum. villda eg nu hafa slikt af ydr sem þier hietud mer. Konungr segir. þath væntir eg ath þier geingi til þessa eingi ouingan vid mik og uist helldr godr vili þinn. en ecke mattu þo ath so bunu uera minn aludarvin en haf þath af riki minu sem (her)skarzh er. eg skil ath þier mun vel hent ath veria landit fyrir hernade. þath er sagt ath Sueinn konungr giorir Hakon nu jall ifir Hallandi og redz nu Hakun þangath með konu sina Ragnhilldi konungsdottur og lid sitt þat er honum hafði fylgt vr Noregi. og takaz þa af nyiu astir með þeim hionum. Hakun var allra manna huataztr og bezt menr fyrir allra hluta sakir. hann for jafnan j Vikina og heriade æ vine Haralldz konungs og lagde þath miog j uanda sinn oph.

Hier segir um ferd konungs.

45. Aa enu þridia are eptir [809] Nizarorrostu settiz fridr mille

Haralldz konungs og Sueins konungs Vlfssonar med rade allra Nordmanna og so Dana. og var med þeim hætti gior ath huor þeirra skyllde hafa j fridi og frelsi sitt riki þadan fra Haralldr konungr Noreg enn Sueinn konungr Danmork botalaus. skyllde þar leggiaz hernadr sem hafiz hafde og sæ happ hafa sem hlotid hafdi. Sæ fridr skyllde standa medan þeir konungarnir lifdi badir. sem þiodolfr segir.

Færdr fylkir Horda
fridr namz arit þridia
rendr bitu stal fyrir straundu
starf til kroks ath huarfe.

Og nu eptir þetta uar fridr godr j mille Noregs og Danmerkr. þæ tekr Haralldr konungr þat rad ath hann heriar æ riki Steinkels Suiakonungs æ Gautland. Steinkell konungr ferr þa æ fund Sueins konungs og bidr hann lids. Sueinn konungr segir honum sætt þeirra Haralldz konungs og lezt eigi villdu æ hana ganga. enda uerdr mer torsott uid hann ath eiga. en rad mun eg til leggia med þier. Hakun jall Juarsson er j ouingan vid Haralld konung og er hinn mesti orrustumadr. þu skallt gefa honum til hid vestra Gautland ath hann radiz j moti Haralldi konungi. Hakun er nu minn madr og er allra huataztr og vaskastr. en hann er giarn æ mannuirðing og mun honum vel lika ef hann hefde þar annat jallzriki. en þott hann latiz þa skadar þik ecke til þui hann er ecke þinn madr. en þier er osynn sigrinn ef hann er ecke med þer. Nu eru menn sendir eptir jalli og kemr hann þar. og er þetta mal borit vpp fyrir hann. Hakun spurdi huern ueg Sueini konungi væri vm gefit þetta mal. mun enn vera sem fyr mikil mannraun ath beriaz vid Haralld konung og eigi mun eg til þess rada nema þu leggir nidr alla vuingan uid mik og fæd og sier hiedan fra med allri blidu til min. Sueirn konungr mællti. nu ma eg þath so vel giora. enn þa gath eg þat eigi ath mier er þu hafdir nydrepit Asmund frænda minn þott þier giordut þath fyrir minar sakir. þa hafda eg þo eigi skaplynde til þess fyrst j stad. Nu rada þeir þetta med ser at Hakun skal uera fyrir lidenu enn lid skal fa honum af Gautlande huor(u)tueggia af monnum Steinkels konungs. Og eptir þat fer Hakun heim og segir Ragnhilldi huar komid er. Og er hann byzt til ferdar þa mællti Ragnhilldr konungsdottir. nu kann vera ath þu komir j gilla mannraun og skal eg vel uid una þott þu latiz fyrir Haralldi konungi en litid ma eg ueita þer. merke þetta uil eg gefa þier er fadir minn hefir att og þetta sama hafde hann æ Hlyskogsheide þæ er hann bardiz vid Skotborgar æ. og giarna hefir Haralldr konungr þetta merke fa viliad og hefir þo eigi

feingit hier til. Merkid var allt gullsáumad. Sidan fer Hakun með lid sitt er hann er búinn vpp j Gautland og safnar lide ath sier. og er lidit kemr saman stefnir hann þing og talar fyrir lidinu. Þess uil eg bidia segir hann at þier gefizt uel ef fundr vor Haralldz konungs uedr eptir þui sem ætlad er. og hafa skulu þier nockurn styrk af hofdingianum og hans lide. og ecke ætla eg ath skelfaz uid hot Haralldz konungs. en þo er mer grunur æ ath þesse samnadarherr muni litill vera æ moti her Haralldz konungs. og skulu þier herdaz uid sem bez og mun þa vel duga. og þott eg se olignare ath nafni enn Steinkell konungr þa ma ydr þo verda ath mer eigi minna fullting ef audna fylgir þuiat hann er vanr sællifi miog en eg er vanr bardaugum og uesauld morgu sinne. En so uar hattad sem Hakun sagde ath Steinkell var madr feitr og dryckiumadr mikill og þungr æ ser og var hann þui ecke vidridinn. þotti honum gott ath uera kyrrum þott menn hans nauckurir færi með Hakuni jarlle Haralldr konungr spurde þetta allt huersu ætlad var og uard gladr uid og skemti ser vm sumarid heima j landi en byr .lx. skipa er æ lidr og vallde ser hernadarfolk og lid sem mest feck hann með brynium og hialmum og audrum herklædum og voru þau skip agætliga buin. Hann lysir ecke ferd sinne huert hann ætlar. helldr sidan nordan með lande. leggrr fyrst skipunum vpp j Miðrs. eptir þat ferr hann skipum vpp j Ueni og so upp eptir Elsinne. ogh er þar vid land skamt fra þui er lid Hakonar var og hofdu huorir spurn af odrum. Og eirn morgin snemma spurde Haralldr konungr ad uedre er madr eirn geck vr tiallde vt þar sem þeir haufdu tialldat æ lande. sa suarar. stendr með backe sa. Halldiz þath fyrst so segir konungr. Ogh nockru sidar spyrr konungr enn ath uedrinu er madr hafde vt gengit og sagde sa ad snær væri kominn miog synn. Konungr mællti. þa er jafnt komid sem eg mundi kiosa ath þeir Gautarner mætti eigi¹ vndan færa fe sitt hernadinum er ver skulum veita þeim. Og hid þridia sinn spyr hann ath vedrinu. Sa suarar er jnn kom ath eigi skorti kullda og akafliga horfdiz æ vm uetrinn. Konungr mællti. vel koma oss nu og frostin. Nu er ath segia fra Hakone jalle ath hann hefir ath sier dregith lid og ferr sidan til motz uid Haralld konung og kemr jallinn ath dal nockrum diupum og stoduar þar herinn æ dalsbru(n)inne og vill þar bida konungs. þuiat hann veit ath skamt er j mille þeirra. Lid Hakonar var martt klædfatt sem þeir eru jafnan Gautar. en þat allt er honum hafde heiman fylgt var uel buit bæde ath vopnum og klædum. Þorfinnr hiet laugmadr Gauta. hann uar j lide Hakonar jalls hann hafde hest

¹) færa tilf. Cd.

kornfeitan og tíodræði hestinn og batt hann við hæl nokkurn þar hia þeim er þeir sátu við dalinn. En þá er ath segja frá Haralldi konungi ath hann hefir þing vð morguninn og veit hann þá atfarar Hakonar jalls úid sig. Haralldr konungr talade á þinginu. sagde (at) bratt munde saman bera funde þeirra Hakonar jalls. skulu uer nú eigi vera of snertubradir þuiat uer hofum úidrbuning godan fyrir vopna sakir og klæda enn þetta er veðr kallt. og þott Hakun se hraustr madr og líd hans sjalfs vel buit þa veit eg þo [810] vð bondalídit af Gautum eðr Hallande ath þá er mun vera klætt illa og mun hrauckua saman miðg og þola illa kuldann. Sídan fara þeir Haralldr konungr vnz þeir koma audru megin ath dalnum. þá mællti konungr. nu skulu ver hier níðr setiast fyrst. og er orðit heitt vñdir herklædunum og vitum fyrst ef þá kale nauckut Gautana og munu þeir hafa harkat saman lídi sínu og kann vera at oss se eigi óhægra ath vega ef oss er eigi jafnheitt enn ouist huersu þeir þola kuldann. þeir settuz nu níðr með herklædum sínum audru megin dalsins og uoru allir bunir til bardaga. Nu stendr vpp þorfinnr laugmadr j lídi Hakonar og mællti. ver veðrum ath tala meðan vngmennid skialar. gott líd hofum ver og fritt og er oss skyllt at leggja eigi á flotta. en ef so illa veðr þa skal þo eigi leingra en hier til haugsins. en ef so uerðr þa skal þo eigi leingra renna en hier til becksins. ver hofum og hraustann jall og fríðan ath beriaz með og agætan dreing. Og í þui er hann mællti þetta kippiz hestrinn við og hleypr hælinn vpp er hann var bundinn við og kemr hælinn úid eyra þorfinne enn hann hleypr upp úid og mællti. skíottu allra Nordmanna armaztr. Og snyr þegar á flotta og leggtr þegar á flottann. Og nu metaz þeir úid huorir ath audrum skulu rada ífir dalinn. villde Hakon ath Haralldr konungr reði fyr til og uillde þo hafa breckumuninn. en Haralldr konungr sparir þá er ecke. Og er þeir hafa setið so vð hrið ath huorigir rada ath audrum þa sier Hakun ath lídi hans sumu mun þetta eigi endast fyrir kulda saker. stendr síðan vpp og mællti. uer munum nu uerða til ath rada. enn hefde eg konungi ætlað æhlaupit og uerðr nu annan veg breckumunrinn enn eg hugða til. Og eggjar nu lídit og ræðr nu j dalinn og upp ad þeim Haralldi konungi audru megin. Og te(k)zt nu orrosta. og er enn sem fyrr ath Hakon synde enn af ser mycla hreyste og allt líd hans sjalfs. En konungslídit er bæde fleire menn og betr buit og síell þegar líd Hakonar enn sumt leggtr á flotta. Allir Gautarnir þeir upp stodu þa híellduz líttla stund úid. og þo uard þeim tíonsamt. og er þá er eitt eptir sem jallenum hafði fyllgth heiman

og dugir hid bezta. Hakon jarl berz uel og uinnr morg frægðarverk. Og nu kennir konungr merkit er borit var fyrir jallenum (og villdi giarna fa þat. og þui næst uerdr nu so fast sott ath jallenum) ath merkismadrinn fiell og uar þegar merkit tekít af konungsmonnum. og þa flyr Hakon jall og þad lidit er honum uard eptir og hiełđu æ skog er þeim uar þa nær. þa kuad þiodolfr visu.

Aulld var su er jarle skyłlde
ognteitum lid veita
sterkur olli þui stiller
Steinkels gefin heliu.

enn þath illa reyndizt
aflvön þadan honum
fyr let Hakon horua
huatt segir hinn er þath fegrir.

Og nu mæłłti Hakon jall er hann flydi ath konungsdottur mundi hann þikia laust hafa stadit og halldit laust merke Magnus konungs faudr hennar er hun hafde gefit honum. Haralldr konungr rekr nu flottann og mæłłtu menn hans ath Hakun hefde nu uart launad jalldomin Steinkeli konungi og hann kynne eigi glaugt ath sia efnitre sitt og honum munde uerda ofrefli ath beriaz vid Haralld konung sialfan. Sunir tauldu hann vaskan mann og hafa vel og dreingiliga variz. Haralldr konungr let nu bera merkit fyrir ser þath er hann hafde nu nyfeingit og nu uar komid j ualld hans og kalladi hann þath mestan sigr er hann hafdi þat feingit. Ogh er þeir rida skogargautuna og þeim uar minzt vön hleypr madr vm þuera gautuna vr skoginum fram og þrifr merkit annari hendi enn annarre leggr hann spiote j gegnum þann er bar. og hleypr þegar j skoginn audru megin gautunnar og hafa þeir hans ecki. Þa mæłłti Haralldr konungr. þat mun sannliga uerid hafa Hakun jall og er þetta ecke annarra manna ath fara so huatliga. og skal þat satt segia ath ecke þike mer honum minne frægd j þessi ferd enn oss uar j orrozstunne. enda kann eg eigi skaplyndi Ragnhilldar frændkonu minnar ef honum hefde allauduellt ordit ath komaz yfir reckiustockinn hennar ef hann hefdi latid merkid. en nu munu þau sættaz ath verr er. Foru þeir nu til skipa og læ konungr æ skipe og mart lidit en sumt uar æ lande. Ogh so hauřdu matsueinar elld(s)toar æ lande. Og vm kuelldit er þeir snæddu er æ lande voru þa kom þar eirn fatækr madr og bad matar og uar miog treflaugr en þeir gafu honum driugan. Hann spurde huort konungr væri æ lande edr skipe. þeir sogdu hann æ skipe. þat uæri skylłt godir menn segir hann ath eg launada ydr þennan forbeina er þer veittud mer. en þar se eg eirn hlut til. eg ueit huar Hakun er skamt æ brutt hiedan med fa menn og kann uera ath konungr launade miog vel ef þer drepit hann edr handtækit og mun eg

segja ydr leid þangat sem þeir uoru adan. Þeir hlyddu fortalum hans og foru sidan margir saman og ferr hann med þeim og geck hrumlíga. Foru nu eptir skogargautu diupri og dregz helldr vndan og gruna þeir hann nu og vilia nu aptr huerfua. Hakon kallade þa skamt til ath þeir munde snart finnast. Ogh þui næst koma þeir at lag nockurre er ligger vm þuera gautuna og fara þeir þar ifir og þa sau þeir nockra menn fyrir sier. honum uerdr seint farit hinum fataka manne yfir treid. Hann bidr nu sækia fram eptir monnunum er þeir voru þar fyrir þeim og kuad það vera menn Hakonar. Ogh er þeir voru ifir treid komnir þa kastar stafkarlinn af ser tautrunum og hleypr vpp a treid og bregdr suerdi og hoggr nu huern þeirra er hann nair og hafa þeir nu þar fundit Hakun. Þa drifa ath þeim menn bædi vr skoginum og framan af gotunne og sækia þa med uopnum. enn þeir veriaz og finna nu ath eigi (er) suika(laust) med aullu og villdu nu vndan hallda og verda þeir flestir aller drepner. enn [811] nockurer menn komuz aptr til skipanna vid illan leik og segia konungi ofarar sinar og þath med ath margir menn hans eru drepnir. Konungr suarar. þar for sem likligth uar med ydr þui ecke munu þier jafnraddgir sem Hakun og foru þier med litlum ælitum. Haralldr konungr uar þar nauckura stund. þui at eigi matti skipum braut hallda fyrir isum. og heriudu konungsmenn jafnan æ land vpp eptir strandhöggum en huert sinn lagu eptir .v. edr .vi. .x. edr .xij. so uar yrmt¹ fyrir æ landinu af vmsatum Hakonar. Þessu næst kemr sa kuittr til eyrna Haralldz konungs ath Hakon jall uæri farinn til Suidþiodar eptir lidi myklu og þeir Steinkell konungr mundu þar koma skambragds med mikinn her enn Sueinn konungr mundi koma vtan j ærosinn med skipaher. Ogh þessu truir Haralldr konungr. taka nu at hoggua jsinn vt fyrir skipum sinum. og er þeir uoru at þessu þa mællti eirn madr. einginn hoggr so isenn sem hann Kodransbane. þath mællti sa til Hallz Otryggssonar er vegith hafde Kodran Gudmund(ar)son. en Hallur uar þa med Haralldi konungi. Ogh þa hliop ath þormodr Jndriþason og hio Hall banahogg þuiath hann stodzt eigi ath hrosad var viginu Kodrans.² þormodr uar mannum firr enn systrungr Gudmundar Eyjolfssonar faudr Kodrans.² Ogh er lidit þraung j mille skipanna og villde drepa þormod þa brast nidr vndir þeim isinn og uard þa mikid suarf j og ad komid ath margt manna mundi drukna. Magnus konungsson veitte þormodi og bad honum grida og baud sætt fyrir hann þuiat þormodr var æ hans skipe. og uard sæzt æ malid og for þormodr sudr til Danmerkr og þadan vt j Grikland og

¹) var tilf. Cd. ²) Konrads Cd.

uilde ganga þar á mala. En Gardzkonungi þotti hann vera litill vexti til þess og kuad hann ecke ath manna mundu uera. Og einn dag er konungr sá vt vm sualar nockurar þá sá hann ath gridungr eirn akafa mikill uar leiddr til hoggs á mot eitt og hio þormodr so ath fjarre kom nidr hofudit. þá mælti konungr. huad se auræent ath hann hoggui fleira stort en naut ein. Tok konungr þá uid þormode og geck hann þar á mala og uar þar vm hrid. En þeir Haralldr konungr flotudu skipunum þegar þeir mattu og ut eptir Elfi til siofar og sidan heim norðr j Noreg uid so huit. og fiellu þá enn nockurir menn af Haralldi konungi er þeir foru vt eptir Elfinne þuiat Gautar skutu á þá. En Hakun jall þotti uera hinn mesti rausnarmadr sua ath hans nafn mun uppi medan Nordraund eru bygd. hans dottir hiet Sunnifa en son hans hiet Hakon er atti dottur Sueins konungs Ulfssonar og var þeirra son Eirekr lamb Danakonungr. Ogh lykkr nu hier ath segia fra vidskiptum þeirra Haralldz konungs og Hakonar jalls.

Her finnr konungr einn mann á bate.

46. Eitt sumar er Haralldr konungr for skipalide fyrir land fram ogh eirn dag sia þeir mann á bati fyrir ser og dro fiska. konungr uar þá katr vel og mælti ath þeir skylldu finna fiskemannenn. Og er batinum rende med langskipino þá mælti konungr. kanntu nockut yrkia madr segir hann. Ecke herra segir hann batmadrinn. Nei segir konungr yrk nu til min. Sá suarar. þá skulu þier yrkia j mote. Þat sama skal vera segir konungr. Fiskekall kuad visu.

Ofusa dro eg ysu
atta eg faung vit laungu
vann eg yfir hosde hennar
hlaumm en þat uar skommu.

þo man eg hitt ath brotta
hafda eg gulli vafdann
dudiz daurr j blode
dreings var þat fyrir leingra.

Vel kuedit karll segir konungr og hefir þu uerit med rikum monnum edr j orrostum. Hann suarar. vera kann herra ath eg uæri med jafnrikum monnum sem þier erud þott ydr þike nu allt lagt hia þui sem þier erud. yrkith nu visu j moti herra og gialldit mer mina skulld. So skal uera segir konungr og kuad visu.

Hiuggu hardla dygguir
hirdmenn Dane stirda
sotti ferd á flotta
fram en þath uar skommu.

hitt er fyrr er fjarre
fostrlande raud eg branda
suerd j Serkia garde
saung enn þath var laungu.

Þá mælti konungr til þiodolfs skaldz. hann var þar med konungi. nu skalltu yrkia þiodolfr segir konungr. þiodolfr kuad visu.

Milldingr ród j modu
 mot hart uar þat spiota
 Daunum voru god geira
 graum enn þat var skommu.

setti nidr æ slettu
 Serklande gramr merki
 stod ad stillis rade
 staung enn þath var laungu.

Konungr mællti. heyr Þiodolfr skalld. kuadtu so graum skaummu. ecke er þat jafnhatt. hraufn skaufn þat er jafnhatt og er þo malleysa og fleira hefir þu betr ort. Þiodolfr reiddiz og bad þann yrkia er betr kynne. Þa mællte konungr til fiskemannzs. yrk enn visu. Hann suarar. Þier skulud rada en vant er nu ath yrkia so ydr like er hofutskaldin faa varla leikit. Þigg gull þetta ath mer segir konungr. og retti til hans. Fiskemadr tok uid gullenu og kuad visu.

Heyr þu æ vppreist orda
 otvin konungr mina
 gæddir gull raudan
 gramr uar þath fyrir skommu.

saddir aurn en eyddir
 aurum blamanna fiorui
 gall styrfeingins stillis
 streingr var þath fyrir leingra.

Konungr mællti. Þiodolfr yrk nu j moti. Þiodolfr kuoz eigi mundu yrkia. Bædi er segir konungr at Þiodolfr yrkir vel enda er hann vandlatr vm kuedskap sinn. Þæ kuad Haralldr konungr visu.

Hlaut eg æ hraudung skiota
 hlyre mæz hin skyra
 sudr geck felld æ flæde
 fram var þath fyrir skommu.

og fyrir Eingland sunnan
 od bord uimer nordan
 ristin skal med rausnum
 raung uar þath fyrir laungu.

Þa kuad fiskemadr visu ath bode konungs.

Vig lezt Vinda mygir
 virdum kunnr og vnninn
 þrændr drifu rikt med randir
 raumm en þath var skaummu.

enn fyrir Serkland sunnan
 snar þeingill hio dreingi
 kunne gramr ath gunne
 gaung en þath var longu.

Konungr mællti. Þesse er bezt ath fiordungalokum af þinum visum. [812] þath ætladir þu ath eg munda kunna gðng ath bardaganum. og ef þu ert felaus madr og altu toruelli nockud eda vandrædi vm ath vera þa kom þu til uor og skal eg gefa þier fe sem þu þarft. Herra segir hann. gud þacke ydr mikla stormenzsku er þier synit j þessu. enn eg er ecke feþurfi so buit og eingi uandrædi æ eg vm ath vera. giorda eg þetta til gamanz mer. eg var med Olafi konungi brodur þinum æ Stiklarstaudum og heit eg Þorgils. Kastadi sidan af ser fiskekuflnum og var hann vndir j skalatzkyrtli og hinn vaskligzti madr. for hann sidan med konungi og var med honum.

Her finnr Haralldr konungr . . .

47. Sva bar ath eitthuert sinn ath Haralldr konungr kom þar

sem þeir hófdu bariz Tryggvi son Olafs Tryggvasonar og Sueirn Alfiuson. Geck konungr æ land vpp ath skemta ser. þar hitte hann eirn mann er uerid hafde med Tryggva og alda astuin hans. þessi madr giordiz hugsiukr miog er hann sæ konunginn. Haralldr sæ þath skiott og spurdi hueriu þath sætti. egh þikiumzt þier all dri grand giort hafa ne mein. Satt er herra segir hann. en ævallt bregdr mer vid er eg se tigna menn. Konungr spurde. hueriu þath sætti. Hann segir. j næsta sinne vorum ver j þessum stad med Tryggva konungi. segir nu konungi gloggliga fra atburdum vm orostuna og huersu hormuliga hann lezt ælla ath Tryggvi konungr mundi latiz hafa. kuozt þath hyggia ath hann væri myrdr af bonda einum þadan skamt fra j brutt. og byr sa enn hier sagdi hann er eg hygg ath valldit hafe. Eigi er kynligt at mart gangi illt yfir j þeirre vauuld er slik verk voru giorr og uera kann þath segir hann ath nockur ættarsuipr væri. med ockr Tryggva konungi. Haralldr let sidan taka bondann og neyda til sagna og geck uid vm sidir. og geck at bonda og let festa hann æ galga og let so hreinsa landit. enn tok þann til sin er j hormung var leingi sidan hann skildi uid Tryggva konung.

Fra Giszuri.

48. Gizur Jsleifsson kom æ fund Haralldz konungs og uard rætt vm ath hann uæri merkiligr madr. þa suarar Haralldr. suo er sem þier segit og af honum ma vel giora þria menn. hann mæ vera vikinga hofdingi og er hann vel til þess feinginn. þa mæ hann og vera konungr af sinu skaplynde og er uel feingit ath hann se þess hattar haufdingi. med þridia hætti ma hann og vera byskup og þath mun hann helzt hliota og mun verda hinn mesti agætismadr.

Stufr h(inn blindi).

49. Stufr hinn blinde son þordar kattar for vtan af Jslande til Noregs. þorðr fadir Stufs var son þordar sonar Glums Geirasonar og Gudrunar Osuifsdottr. Stufr var blindr alla sina æfi og var þo vitr madr jafnt og adr og skalld gott. Hann kom til Noregs æ dogum Haralldz konungs Sigurdarsonar og tók ser vist med einum godum bonda æ Vpplondum og (var) bonde vel til hans. Og eirn dag er menn voru vti staddir þa sau menn fara ath bænum mikinn flock. þeir menn ridu allir og voru bunir skrautliga. þa mællti bonde. eigi veit eg nu von hingat Haralldz konungs en mer þætti þo þui likæzt vera lid þetta ath sia. Voru menn nu vti æ verdi og ridu þessir menn heim ath bænum

og var þar kominn Haralldr konungr. og fagnade bonde honum vel og mællti. beinleiki¹ mun' eigi uerda mællti til ydar giorr þuiath þier hæfit oss miog æ ouart komit. Konungr segir. þat skal þier nu og ouangiort. ver forum nu erenda vorra yfir landit en ecke ath veizslum eptir þui sem sidr er til. nu skulu vorir menn sialfir gæta hesta vorra. enn eg mun ganga jnn. Konungr var allkatr. en bonde fylgir honum til sætis. þa mællti konungr. gack nu þangat bondi sem þier likar og þu þikizt þurfa og gior allt j dælligleikum vid oss. þess mun nu neyta þurfa segir bondi. Geingr sidan æ brott og annazt slikt er hans er vili til. Enn konungr leit æ beckina og getr ath lita mann eirn mikinn er sat vtar æ bekkinn og spurde huer sæ væri. Egh heiti Stufr segir hann. Konungr mællti. þu hefir onafnligt nafn eda huers son erttu. Hann segir. egh em Kattarson. Allt ferr ath einu segir konungr. þetta spillir þo enn mikid vm eda huor var sæ kattrin. Gettu til segir Stufr. og skellir nu vpp og hlær. þui hlær þu nu segir konungr. Stufr segir. gettu til. Vant er mer þat segir konungr ath geta j skap þier. enn þess get eg fyrst ath þu sert madr jslenzdskr. enn þa get eg þess næst ath þu mundir ath þui hlæia og hugsu huor su væri gylltrin er fadir minn var uid kendr. Stufr segir rett getr þu herra. þa mællti Haralldr konungr. sittu jnnar æ beckinn og tolumzt med. Hann giorir so. og þikir konungi gott uid hann at tala. Kemr bonde nu jnn og segir ath konungr mun daufligt eiga. þat er eigi segir konungr þuiat þessi uetrgestr þinn skemtir mer vel og hann skal sitia fyrir adryckiu minne j kuðlld. Sliku skulu þier rada herra segir bonde. Er nu so giort og æ konungr miog rædr vid Stuf. og fann konungr ath hann mun vera vitr madr þott hann se blindr. Og er menn geingu ath sofa þa bidr konungr ath Stufr se j þui huse sem hann sefr og skemti honum. Ogh so giorir hann og kuad fyrst flock eirn. og er lokit var þa mællti konungr. kued þu enn. Og þa lætr hann fara so enn nockura .x. flocka eda meir. Konungr mællti. kanntu nockud meira ath kueda enn flockana edr huerr hefir ort. Stufr segir. eigi kann eg drapr færre enn eg hefir flockana orlh þa sem nu kuad eg. edr þikir ydr herra nockur skalldskapr j þessum kuædum. Jæ sagdi konungr. þau eru vist vel ort og skalld mun sa kalladr er kuædin hefir orlh huar sem þau eru fram slutt þar sem menn kunnu skilia. og muntu vera frædimadr mikill. enn sofa munu ver nu fyrst. Og vm morguninn er þeir biogguzt þa mællti Stufr. muntu veita mer þat er eg bid þig konungr. Haralldr konungr segir. lat heyra. Heit þu mer adr enn eg segi þier segir Stufr. Ecki

¹) hreinleiki *Cd.*

er (eg) þui miog vanr segir konungr [813] þo ath mer se vandameire menn enn so sem þu ert. en þo fyrir gaman þitt og skemtun þa mun eg til þess hætta. Stufr mællti. þa er vel vid vordit sem von var ath af ydr. enn þann veg stendz af vm ferdir minar ath eg skal fara austr j Uik og æ at heimta þar danarfe nockut og villda eg ath þier feingit mer þar til yduarth bref og jnnsigle og ath eg nai fenu. Þetta vil eg ath visu giora segir konungr. Þæ mællti Stufr. muntu veita mer herra þat er eg bid þig. Konungr spurdi. huad er þat. Stufr segir. heittu mer adr enn eg segia. Konungr mællti. kynligr erttu Stufr og einginn hefir þann veg fyrrum breytt ordum vit mig. en þo skal enn til þessa hætta. Stufr mællti. eg villda yrkia kuædi vm ydr. Konungr mællti. gott mun kuædi þitt og uil eg þat leyfa þier. Stufr mællti enn. muntu veita mer þat er (eg) bid þik. Konungr segir. huers villtu nu bidia. Heittu þu mer enn herra fyrr enn eg segia ydr segir Stufr. Margir taulaudu nu vm ath sea madr uæri hid mesta sifl huersu heimsliga hann klifazt uid konung. Heita mun eg þier nu ongu segir konungr. hefir nu ærid leingi þann ueg farit med ockr. og seg mer nu. Stufr mællti. eg villda gerazt hirdmadr þinn. Konungr suarar. nu uar þath vel er eg hiet þier eigi þuiath þar uid verd eg ath hafa rad hirdmanna minna. og kom til min þa er eg kem j bæinn. Og eptir þat skilia þeir ath sinne. og greidizt Stuf vel feit þegar konungs ord kuomu til. Sidan sækir Stufr æ konungs fund og tok konungr vel uid honum og tiar sialfr mal hans æ hirdstefnu og ath samþycki allra hirdmanna og uid bæn konungs þa verdr Stufr handgeingin konungi. Hann hefir orta æfidrapu vm Haralld konung. er su drapa kollud Stufa og þikir vera hid bezta kuædi og vel orth.

Her segir fra (þui er) Oddr komz . . .

50. Eitt sumar kom af Jslande Oddr Ofeigsson Skidasonar og kom hann ath norðr uid Finnmork og uar þar vm uetrinn. þa uar enn Haralldr konungr yfir Noregi. Og er þeir Oddr sigldu nordan vm vorit þa mællti Oddr uid skipueria sina. ferd þessi lizt mer uera med nockurri abyrgd þui ath hingat til æ einginn madr kaupferd ath hafa sem uer hofum uerid j uetur nema konungs leyfe se til eda systlumannzs. en sa madr nu tilfeinginn ath heimta Finnskattinn og hafa þar yfirsokn er ekki þikir uera uæginndr linr sem er Einar fluga. vil eg nu vita huersu mikid þier hafit at giort ath kaupa vid Finnana. (þeir duldu at þeir hefdi keypt vid Finnana). Og nu er þeir foru nordan og sigldu fyrir eyrna þiottu litinn byr og hægann þa sau þeir (at) langskip brunar

fram vndan e(y)junne og til þeirra og uar þar æ Einar fluga. Og er þeir kaupmennirnir sáu þetta kallade Oddr þeim nu uera uerra enn hitt ath þeir hefde sagt honum j fyrstu sem hattad var og hefdi hann sed rad fyrir þeim þath er honum syndiz vænligaz. og lezt gruna þa at þeir yrði nu þar fyrir ath lata bædi fe og fior. og bad þa enn vid buaz og bregda vndan aullu finnskrefinu sem þeir mætti og fela og uarazt at eigi fyndiz hia þeim finnskatturinn. og kuad þar vid liggia lif þeirra. og ef so er sem mik grunar ath þier hafit helldr keypt vid þa Finna en þier letud fyrir mer. latid nu koma fe þath allt j eirn stad ef rannsakað verdr skip uort sem mik grunar ath vera mune. Og nu reynizt sem Oddr gat til og berr nu huerr fram sin fong og slikt sem keypt hafde ath Finnun og uar þath stormikid fe. fela sidan sem Oddi syndiz radligaz og hafa lokid starfe þessu adr Einar kom at þeim. Nu leggja þeir sneckiuna fram hia kaupskipino og uar æ byrr lettr sæ og helldr þa j grædingu. Oddr kuaddi Einar vel þuiat þeir voru adr mal-kunnir. Einar tok þui og mælli. kunnigr erttu Oddr morgum monnum ath þui er uel samir. þier hafid uerid j uetr med Finnun sem þu veizt ogh ma þath uera ath menn þinir hafi eigi jafnuel uid sed ath kaupa uid þa sem þu sialfr. en oss er þath vmbod j hendr feingit af Haralldi konungi ath heimta þadan skatt og skyllid og ath onguir menn fari þangath kaupferd vtan konungs leyfi edr vort og uilium ransaka skip yduart. Oddr kuad honum vist heimillt skylldu ath sia yfir fong þeirra. og luku menn vpp kistur sinar. og ganga þeir vpp æ skipit og leita og finna ecke þat er þeir uilldu af Finnavorunne. þa mælli Einar. helldr hafa þessir menn meir uid sed en eg hugda ath eiga kaup uid Finna er þeir skulu aunguan hlut þann hafa jnnan bordz er þess kyns se. en vist skylldu ver nu smapægir ath uera uid þæ ef þeir hefde þath nockud er þeir mætti sekiaz af. en eg grunar þa eigi ath sidr þott uer finnum ecke. en varliga ætla eg oss nu endaz ath riufa bunkann þui ath uedrit uex skiott og berr oss ærid undan eyjunne miog og mun hitt rad ath uer forum æ vort skip. þa mælli madr er sat upp æ bunkanum. sia skalltu adr bagga þenna er eg hefi og uita yfir hueriu hann byr. Tekr nu til og leysir. enn Einar bidr og er ál long vm baggan og uerdr honum torsott ath leysa og er alin skorpnud ath vtan fast. Einar bad hann leysa skiott. hann kuad so uera skylldu. Og er alin er af geingin tekr hann þar vr annann bagga og leysir. og eru þar vm margar ælar og fatrazt miog fyrir honum. þa mælli Einar. seint geingr þier þetta madr. og bidr þo enn leingi og uillde giarna uita ef nockud mætti þat þar finnaz er þeir mætti festa og þeim uæri

til sakargiptar. Og þú næst kemr vpp hinn þrídri baggi. Einar mællti. uist er hier tortryggliga vm buit. leys nu skiott. uedrið tekr ath stírdna. Já bonde segir hann. eg þikiumzt nu ecke af spara. Og vm sidir fær hann til raufat. þa uar ecke jnnan þar vtan tottrar einir og þat eitt er ongu var neytt. Allra manna armaztr segir Einar. hefir þu dualit fyrir oss hier leingi [814] dags med myklu gabbi so ath nu er eyin miog votnud. Lætr sidan hlaupa til hans auxina vpp æ bulkann er hann hafde j hende. Enn baggamadrenn hleypr odru megin af bulkanum og kemr þa ecke vid hann. Skilur so med þeim og ferr sidan Einar æ skip sitt. En byrrinn uex og þroadidz og mattu þeir eigi leingr uid halldaz kaupskipit. skiliaz nu vid so buit. Þeirra hofdingi mællti þa Oddr. nu hofum uer sett vndan Einare og agangi hans fyrst at sinne. enn þar þætti mer oss nu æ liggia ath ver hittum eigi Haralld konung. Einar komzt aptr vndir eyna sem naudugligazt og sotte huer slikt er matti og gatu so tekid eyna med illan leik. Hann sende þegar ord konungi og lætr hann vita huad titt er og huersu skilid hefir med þeim og lezt þo ætla ath þeir mundu eigi vel skirir vm Finnskattinn. Og nu komu þeir Oddr sudr vid Miolu og so bar til ath Haralldr konungr er þar fyrir og sia vr eyiunne bratt kaupskipit. og med þú ath konunge uar komin adr frett vm ferdir þeirra Oddz þa mællti hann er þeir sau skipit. nu kann vera ath miog vel beri til. þetta mun vera skipit Oddz Ofeigssonar og er ecke oskapligt þott vær finnumzt. og sialldan hefir Einar farit jafnvadbiugr sem fyrir þeim Oddi. Konungr var hinn reidazte og var nu ecke hægt ath skipta ordum uid hann. Þeir Oddr leggja nu ath eyiunne og uita onguar vonir til ath konungr munde þar fyrir. Þeir Haralldr konungr meta og ecke muninn og fara þegar æ fund Oddz. ogh fagnar hann vel konungi. en konungr suarar fæ og helldr reidugliga og kuad Odd omakliga uid sig bua. kuodz jafnan hafa tekid uid honum med sæmd enn kuad hann nu hafa keypt vid Finna ath oleyfi sinu. Oddr segir. fegnir mundu ver hafa tekid sunnar land ef ver redum sialfir helldr en Finnamork. en hino matta eg helldr rada ath kaup a ecke uid Finna j ydru oleyfi. Konungr mællti. þath get eg ath ærnar sakir mundi til vera þott þier uerit allir vppfestir og heingdir uid hid hæsta tre. og þott þu sialfr sert eigi þessa valldr þa lizt mer þo þann ueg æ menn þina ath þeir munu eigi sparad hafa ath kaup a vid Finna þott þat uæri j oleyfi voru og skal fyrst rannsaka ydr. þat skal heimillt herra segir Oddr. Var nu so giort og fannzt ecke. Þorsteirn het madr hann var frænde þoris hundz hann uar vngr madr og vaskligr. hann var godr vinr Oddz og var þa med

konungi. Þorsteirn duelzt eptir æ skipinu og bregdr Oddi æ mal leyniliga þa er konungr var brutt geinginn med sina menn. Þorsteirn spyr huort þeir voru nockurs af valldir vm þetta mal er konungr ber æ þa og kallade konung reidan miog og kuad miog mundu eptir leitad uid þa. Þath ælla eg ath eigi beri med ollu af oss vinr segir Oddr. toku menn minir j fyrstu þath med sinu einrædi so ath eg bannada. en nu hefir eg þo sidan rad til gefit med þeim ath leynazt mætti þuiat eg nenta eigi ath gefa þa vpp. Huar er nu komid feit segir Þorsteirn. Oddr segir honum ath allt uar j einu hudfati bundit saman. Þorsteirn segir ath konungr mun enn þar koma og rannsaka. enn þath sama hudfat skalltu taka og leggja vndir konung er hann kemr og bua honum þar hasæti æ ofan. mun hann þess sizt vara ath þui er egh get ath vndir honum sialfum mun i uera þat er hann leitar. en þo er nu allt med mikille hættu. Fer Þorsteirn sidan j brutt. enn Oddr giorir sem hann lagde til rad. Kom konungr þar litlu sidar og settiz j rum þath edr sæti er var honum buit. en konungsmenn leita fiarens bædi j kistum. og huetuena var upp brotid þath er vænaz þotti til vera ath þeir hefde folgit og fanzt ecke. Konungr mællti. eigi ma egh þetta skilia þuiath ekki er þar æ moti ath feit er hier æ skipino þat er ver leitum. Oddr suarar. þath er fornt mal herra ath opt verdr villr sæ er geta skal. Konungr geingr nu j brott og menn hans. enn Þorsteinn duelzt enn eptir æ skipinu og mællti uid Odd. eigi mun þetta bragd leingr duga og mun konungr sia þetta af stundu og seint mun hann af lata hyggiaz vm leitina. so skulu þier til ælla. nu skulu þier lata feith koma j seglid og færid sidan seglid vpp uid tred. og allt mun nu vpp brotid æ skipino bædi bulki og annad. Sidan giora þeir Oddr sua sem Þorsteirn gaf rad til og ferr hann j brutt. og er (hann) kom eptir þeim konunge þa spurdi konungr hui Þorsteinn dueldizt eptir. Naudsyn atta eg til herra sagdi hann. eg uard ath gera ath hosu minne. Konungr uard fær uid. Og litlu sijdar kemr konungr æ skip Oddz og mællti. þath kann vera sagdi hann ath þier hafith buit vm sætid mitt med Finnaferu og skal þar nu leita fyrst og sidann skal leita hueruena um skipit. og so sem oss uerdr nu mikit fyrir þa skulo þier þui hardara nidr koma. Og nu er leitad þar sem j hug kemr og finz ecke. Geingr konungr nu æ land og er hinn reidasti. En Þorsteirn bidr enn eptir æ skipino og mællti vid Odd. eigi mun þetta enn leingi hlyda og dugir nu ekki annad enn flytia af skipino finnsk(r)efit og flytid fram fyrir nesid. en eg mun ganga adra leid enn konungr. þa mun hann sidr vita ath eg hafe eptir ordit. og j kuolld þa er dagr er vndir vindit þa vpp akeri ydr og tak

nu til farsnille þinnar. en þat er þo mællt ath þu siert madr farsælle enn adrir menn flestir. og verdit sidan æ brott sem þier megit skiotaz þuiat so nær mun konungr ydr styra elligar [at eigi¹ rekizt þier vndan ef eigi verdr med þessu. myklu er konungr madr radaugri þegar hann leikr j tomi vid en ver megum vid hann þreyta og þrare æ þat er honum legzt j lund. en giarna villða eg ecke til spara ath þu kæmizt vndan nu ath sinne huad sem enn kann sidar til ath bera. Oddr kuad þath audsynt at hann (syndi) [815] uid sig dreingskap j þessu sem optar. hann segir slikt vandlaunad lid þat sem hann hafdi nu enn veitt honum. Skiliazt þeir eptir þath og ferr Þorsteinn j braut. en þeir Oddr giöra enn sem fyrr mællti hann. eru j starfe vm nottina. En vm morguninn kom konungr og let nu leita j seglenu og fanzt (eigi) og þottiz konungr sia jafnan eptir huar þeir mundu falid hafa. Oddr mællti þæ. herra segir hann. nu mattu eigi gruna oss þuiat huerr leppur er vpp rifinn æ skipe voru. Konungr suarar og sagde at eigi mundi su raun æ verða sem Oddr leth og kuad ongua menn hafa slikt vndr færth ath sier. Var konungr so reidr ath þeir mattu ecke ord æ honum festa. og lidr nu sæ dagr. Og er nattar flytia þeir aptr feit æ skipit og buazt vm ath aullu. og j ottu kemr æ byr og bar þæ skiott vndan eyne. Konungr mællte er hann vaknar snemma. nu þikiumz eg sia allt rad þeirra eptir. munu og fleire hafa verid ath þessu rade enn þeir einir og mun(u) vær nu finna æ skipunum þath er ver leitum. en eigi kunna eg ath gefa þeim banasok medan mer uar getgangr til. skulum ver fara enn ath leita. Ogh er þeir komu vt vr tiolldum sinum og litoduz vm þa sau þeir segl þeirra Oddz vtarliga til hafs. þæ mællti Haralldr konungr. þar mun nu skilia med oss Oddi ath siane nær sem uer faum minnzt hans. en þu Þorsteirn kant vel ath veita vinum þinum lid og meira virdir þu Odd nu enn mik og kann vera ath þu segizt j ætt þina vm suikin. Þorsteirn suarar. ecke eru þetta suik herra þott þu dræpir eigi Odd er leingi hefir uerid godr vinr ydar herra og marga adra goda dreinge vm getsauk. og þike mer þat truleikr uid þig at firra ydr slikri ohæfu. þeir Oddr hofdu godan byr. þa mællti Oddr uid haseta sina. nu skal segia ydr fra huersu farid hefir og huad mer geck til huerskis. eg bad ydr eigi meira kaupa ath Finnum en leyft var. enn þier feingut eigi vid sed. og er so var komid ath ver hittum Einar flugu þa mællta eg ath þer skyllduth biða honum sæmiliga enn fæ mart til fatrs ath eg uissa ath þier vorud sabbitnir. bad eg þui sigla medan hann dualdizt æ kaupskipinu at þannenn matti skiotazt

¹) [og en *Cd.*

skilia med oss. og þá fyrst er konungi var sagt ath sed uar skip vort þá spurde hann huort þat munde uera uort skip. en Þorsteinn uinr minn sagde og kuad menn þar draga fiska. God veidr segir konungr. veit sa er suik kann. og mun su yeidr med¹ mer. Nu hofum uer enn halldit veidinne og komizt j bvrth nu ath sinne huad sem konungr sagde og eigu uer þat Þorsteine ath launa. Oddr kemr nu vt til Jslandz og ferr til buss sins æ Mel. Sæ madr uar þa j forum er Harekr hiet. hann uar frænde Þorsteins. hann kom-skipi sinu j Midfiord. þa var æ Jslande illa ærth enn Oddr baud honum til sin og aullum hasetum hans þeim sem hann villde ath færi. Oddr sende vtan med honum stodhross god raud ath lith og huit monin æ til handa Þorsteini og kuad hann verid hafa sinn fridgiafa. Harekr ferr nu vtan vm sumarid og hitte Þorstein. var hann þa enn med Haralldi konungi og færde honum hrossin og kuad Odd hafa sent honum. Þorsteinn segir. þetta er mer nu mesta olid þuiat nu munde yfir hylmazt elligar enn nu mun eigi leynazt mega og er nu nockud vandradit. Þorsteinn synir nu konungi hrossin og sagde Odd Ofegsson hafa sent honum ath gíof. Konungr segir. aungra giafa uar eg verdr af Odde og (hefir) hann sent þier hrossin en eigi mer og þu skallt hafa þau. Og bidr menn drepa hann fyrir suik þau er hann hafde haft uid konung. enn allir voru þess ofuser þuiat hann uar hinn vinsælazti madr og redzt Þorsteirn burtt fra hirdinne og uard ecke j konungs vingan sidan.

Andlath Jathuardar konungs.

51. [A tuitianda² ari rikis Haralldz konungs Sigurdarsonar þa andaz Jatuadr konungur godi vestr j Englande hinn fimta dag jola. og hinn .vi.^{ta} dag jolanna toku Einglismenn til konungs Haralld Gudina-son og Gydu dottr Þorgils Sprakalegs systur Vlfis jallz. Haralldr var vigdr til konungs j Lundunum j Palskirkiu hinn atta dag jola. Jatuadr hafde atta Gydu Gudnadottur systur Haralldz konungs. Jatuadr anda-dizt barnlaus og huarf þæ konungdomr j Einglande vr ætt Adalsteins goda. Tosti jall annar son Gudna þottiz eigi verr til komin rikis j Einglande en Haralldr brodir hans og syndizt þat j þui ath hann villde eigi sidr uerit hafa j kosningi til Einglandz enn Haralldr konungr brodir hans. og eirnhuern tima beidde Tosti³ ath sæ þeirra brædra skyllde konungr⁴ huern allr allmuginn og hofdingiar uilldu helldr til kiosa. Og uar þat mægra manna mal ath Tosti uæri þeirra uitrare madr og

¹) r. vndir ²) [At tuitianda Cd. ³) Þ'st'. Cd. ⁴) og tilf. Cd.

eigi uerr til konungs fallenn en Haralldr brodir hans. en Haralldr hafde uid þetta er hann feck nu konungsvigslu og þar med stolsetningina. þo ath helldr uæri skiott ath þui borit þa villdu nu flestir ath það stædi kyrt. Haralldr hafdi og hallernar og fehizlr konungs og vill nu med ongum kosti lata rikisstjornina. og hne nu vndir hann allt megin landzsins. Ogh er konungr veit og fann æhuga brodur sins huad honum bio j skapi þa þronguir hann honum þar til er hann stockr vr lande. For hann fyrst vestr til Danmerkr æ fund Sueins konungs frænda sins og bidr hann fæ sier lid og styrk og efla hann til ath hann mætti na sæmd sinne af Haralldi brodur sinum. Sueirn konungr tok uel uid honum og baud honum til sin og taka af sier riki nockud þar j Danmork. þa mællti Tosti jall. vili þier eigi fa oss afla af ydru riki til þess ath ver feingium sæmd vora þa vilium (ver) þo helldr ydr til styrkia enn allt beri vndan ef þier vilid fara med her ath vinna Eingland sem Knutr konungr gjorde modrbrodir yduar og munu þier hafa rikid med [216] uoru vmstille og mun þat riki uera oss hollt og trygth j Einglande þa suarar Sueirn konungr. so myklu er eg minne madr fyrir mer en vor frændi gamle Knutr uar ath varla fæ eg halldit minu riki fyrir Nordmonnum. en gamli Knutr eignadiz ath erfd Danmork enn vann med hernadi og hamingiu Eingland og uar þath þo vm hrid vænna ath hann munde þar eptir liggia. Noreg feck hann orostulaust. nu kunnu uer ath ætla oss frændi meir eptir voru litilrædi helldr enn framkuæmd vors frænda gamla Knutz. Tosti suarar. frændr vorir gioraz oss fiandr. þeirra fiandmenn skulu og uera vorir frændr og uinir. Skilzt jallinn so fra Danakonunge at badir voru reidir. Vendir nu apr Tosti jall ferdinne og ferr þo fyrst til Noregs og hittir Haralld konung og kærir sin vandrædi fyrir honum og bydr honum sina þionostu og sitt samlag. Og eptir þetta heimtir konungr æ stefnu spekinga sina og radagerdarmenn og talar þar huor þeirra konungs og jalls blidliga til annars. tiar konungr hormung jalls fyrir hofdingium og huersu hncisuliga ath hann var rekinn (fra) sinu riki ath saklausu og af suiþr allre sæmd. Jallinn mællti so. þath er vpphaf minnar rædu herra segir hann sem ydr mun kunnigt miog er Hordaknutr son gamla Knutz styrde Einglande eptir Haralld konung brodur sinn. Tiar nu allt huersu farid haufdu suardagar j mille Magnus konungs goda og Hordaknutz og þa þath næst ath Magnus konungr var rettr arfe Hordaknutz at riki eptir hann sem suardagar stodu til og huersu miog Magnus konungr gjorde af myskun uid Jatuard konung. var þar og godum ath þyrma. er hann heimti eigi vndan honum rikid og tign j Einglande slikt sem j Dan-

mork þúat rettkominn var hann til huorstueggja. enn huerr er retr erfingi Magnus konungs ath ríki. allz eingin nema þu Haralldr konungr faudrbrodir hans. eðr huers minnir ydr herra ath uera mune. Haralldr konungr segir. sath segi þer jall og æ þath minnizt þer jafnt sem uerit hefir vm maldaga. Og þessa rædu jhugar Haralldr konungr vandliga. Og nu eiga þer konungr og jall tal sin j mille marga daga. og eigi er ath leyna lyktinne ath Tosti jall suer sig j ualld Haralldz konungs. heitr hann konunge trure fylgd og foruneyti uestr til Einglandz. en het Haralldr konungr honum j móti ríki j Einglande og þu meira yfirlæti sem meir eflizt hans valld uestr þar. þath segia sumir ath Tosti jall sendi fyrst Guthorm Gunnhilldarson til fundar uid Haralld konung Sigurdarson til Noregs ath bioda honum Nordymbraland med suardogum og eggja hann uestrfarar. og for hann Guthormr til Noregs en Tosti sudr vm sia til Vallandz ath hitta maga sina. Og ofanverdan þennan vetr og mot vorinu þa sendir Haralldr konungr bod vm allth ríki sitt og bydr vt almenningi ath lidi og skipum. nefnir af hueriu fylke þat er fara skal. Segia so allir þer er þessi frasogn er kunnig ath eigi hafi betra mannual buiz af Noregi til eirnar ferdar enn þetta. Er sia minning nu rædd j huers mannz heyra og husi en þo optaz j konungsgarde og af hirdinne huersu Haralld konunge munde faraz til Einglandz. telia þath sumir menn vpp huersu morg stor ríke hann hafde vnnid og heriad vida vm laund og kalla ath onguan hlut mune hann finna ser ofæran. Sumir mæla þath ath Eingland er ríkt og fiolment og þar er og þad lid er kallader eru þingamenn og ualiz hofdu saman af ymsum londum og mest af danskri tungu. og letu þer uel yfir sier og þottuz vera orostumenn myklir og med myklum æhuga so ath þer kolludu lid eins þingamannz eigi verra til uigs en tueggja hinna bestu Nordmanna og kappa Haralldz konungs. Og er Vlfr stallare heyrde þetta kuad hann visu.

Erat stallaurum stillis
stafnum Haralldz jafnan
onaudigr feck eg audar
jnnan þorf af huarfa.

ef her breckann hrokua
hreins skulu tueir fyrir einum
vngr kenda eg mer vndan
annad þingamanne.

Og rett j þann tíma er þesse herfaur uar j bunade anndadizt Vlfr stallare. og þath er sagt ath þa er Haralldr konungr geck fra greþri Vlfis ath hann mællti þeim ordum er Vlfe uar gott vitne. hier ligger nu sæ madr er dygguaztr uar og drottinhollaztr. þa var Styrkar ein stallare en adr uoru þer badir. Haralldr konungr hafde hafth tuo hundrud skipa enn otalid uistaskip og smaskutur. Magnus son hans var

eptir lands ath gæta. enn Olaf son sinn hafde hann med sier. Þorir af Steig kom eigi fyrir þa sauk ath hann hafde dreymt illa vm konung. Þat verdr þa er konungr ste ut æ batinn ath giorde so þungan at hann feck varla borit hann. Erlendr jall for med Haralld konunge og sagde honum ouænt hugr vm ferd þeirra. Haralldr konungr siglde fyrst uestr til Orkneyia og hafde hann þadan lid af sonum þorfinns jalls Pale og Ellendi og þar let hann eptir þoru konu sina og Mariu dottur sina. Sidan hellt Haralldr konungr flotanum sudr til Einglandz. Og þath segia menn ath þa er Haralldr konungr læ j hofn eirne at kona ein kom ath honum ofan af lande og æ biorgin fram vppi yfir skipunum og uoru uid hofnina sialfa. Hun kuad visu.

Sked lætr skina raudann
skiold er dregr ath hialldri
brudr sier aurnis joda
ofur konungs giorua.

suptir sier skipta
suanne holde manna
vlfs munn litar jnan
oddlæt konan blode.

Huerfr hun þa j brutt og þikir monnum þetta vera ecke god bending. Og annath kuoll(d) kemr aunnur ath þui er synizt og kuad visu.

Vist er ath allualldr austan
eggjar uestr ath leggja
moz uid marga knutu
minn snudr er þath pruda.

þar æ valþidr velia
veit hann ærna sier beitu
steik af stillis haukum
stafns fylgi eg þui jafnan.

Og nu huerfr hun og þikiazt menn gloct [817] sea ath hun hleypr brutt. namu menn og þegar visur þessar og þotti uera ecke god bending. Þath er og sagt ath j þesse ferd uar kuedin visa fyrir Haralldi konungi j suefni.

Gramr var frægr til fremdar
flestan sigr enn digri
hlaut eg þuiat heima satum
heilagt fall til vallar.

vggi eg epzt rad tiggia
ydr mun feigd vm byriud
troll giora fakum fylle
fiks velldrath gud sliku.

bad sik avngvan mann vndan mæla. Hann snyr j brott fra audrvm. Oddr Ofeigsson med honum og mæler. illa skilivmztt vær hier vid godan dreing og syna skal eg þier j einum hlut ath eg vill(d)a ath þu lifdir. eg hefi hier linduk þann er verit hefir forðum dvkr hins helga Stefani hann mvn eg ath þier snara. þui eg veit einskis þess hattar kykuendi dait hafa er haftt hefir dukinn vm sik. enn ef þv rennir fyrir biorg ofan og lateztt þv þa þike mier dukren ei betri en annat lin. enn ef þier verdr lifs audit þo ath vit finnvmtt ei þa skalltv god skil æ giora þuiat eg gef þier hann ei. Hann svarar. vera mæ ath þu hafir ei launen god en ei skulv verri en eingi. Nu skilia þeir ath sinni. eingi madr hafdi vitad vidrtal þeirra. Konungr geingr fram æ biargit og aller menn hans. konungr hafde mavttvl raudan æ tyglvm yfir sier og spiot j hendi. Hann snyr dalk vr skikivnne og stydr nidr fiudrengi spiozens. Nikulas Þorbergson stod ath baki honum og studdi haundum vm hann midian. og suo huerr þeirra hia avdrvm. Enn Hemingr geingr upp æ fiallit og stigr æ skid sin og rennir ofan fyrir fiallit. hann for suo hratt ath þath vorv olikindi. Honum kastadi alldri suo ath ei yrði vndir honum skidin. og þui næst kemr hann þar nidr sem þeir vorv og stydr nidr skidageislanum er hann kemr æfram æ biargit og hleypr j loptt vpp. skidin hlaupa fram vndan honum. hann kemr fotvm vndir sig æ framanverdv biarginv. hann reidir miog. Hann þrifr j ski(ki)una konungs. en konungr rekr nidr haufudit og steypir af sier fram skikiunni. þa rykr Hemingr ofan fyrir biargit. Konungr mællti þa. skildi hier nv feigan og ofeigan. Oddr svarar. ei mundi þath verit hafa ath þit hefdit einn veg farit [826] þo ath þid hefdut badir latiztt. Hueria gisting ættlar þv huorum okrum seigir konungr. Villda eg seigir Oddr fara til þeirrar gistingar sem eg ættla Heming buna enn eg ættla ath Kristr mune ei vilia ath fiandinn verdi þier suo feigen ath hann taki vit þier j kuelld. Ei mætta eg þier minna veita seigir kongur enn þv nær þeirri hinni godv gisting er Hemingr er til komenn. Bidr þa taka hann og reka ofan fyrir bergit. þa suarar Halldor Snorrason. annat huortt mvnum vær nv aller lataztt Jslandingar edr eingi vorr ella. enn þo ættlv vær aller navkut ath hafa fyrir oss. þath skal giora fyrir ord þin Halldor seigir konungr ath Oddr fari fra mier og veri j fridi j vetr. en fara til Jslandz j vor. enn þegar Oddr er j bruttu þa skal eg giora hann vtлага fyrir allan Noreg. Oddr svarar. þat skal leyfa er lidit er. en ecki þiki mier saka ath skili med ockr. Nu verdr Oddr þegar j bruttv. Nu fer konungr þangat til veizlv er honum var fyrir buin og

er hann þar fyst ath sinni. Enn þat er fra Oddi ath segia ath hann for vt til Jslandz vm sumarit og kemr hann sidar til þessa mals.

Nv er fra Hemingi ath segia ath hann rauk ofan fyrir biargit. En honum for sem avdrum þeim sem stokua ath blies ut af honum klæden avll. Nv belger duken og bar ath biarginv og festir æ einum steini. og þar hangir hann og veit eeki til sin. og þa er hann vitkadiztt þa var hann felmsfullr og otta. og suo sem vit hans ox þa dregr ottan vr briostinu. Þa mælltiztt hann vit einn saman. hui meigi suo ordit hafa er eg skal hier staddr vera. en eigi er gudi meira fyrir at lata mik j brutt komaztt enn lata mik vera hier komen med heilsv. nv mvn eg heit festa og heita eign minni allri. þat er helmingr fiar allz j Torgum. þui fe skal skiptta j þria þridiunga. skal eg einn gefa hinum helga Olafi konungi. annann þridivng skal gefa æ svdrvegum og þurfamonnvm enn hinn þridia skal eg gefa helgum Stefano og þui fe skal veria til auaxttar þar til er eg finn Odd Ofeigsson. og sudr ættla eg mier ath ganga ef gud vill at eg komiztt j burtt hiedan og eg mega jafnær vera staddr dauda konungs sem hann þottiztt nv minum dauda. Þa uar sem myrkuaztt nætr er hann sier lios mikit yfir sig koma og hann sier mann ganga epttir biarginv. sa tekr j haund honum og kipur Hemingi upp æ bergit. og sa talar vit hann. hier er komen Olafr hinn helgi til fundar vit þig fyrir þui ath eg villda ei ath þv fyrirfæriztt suo ath Haralldi konungi ykiztt æbyrgd j. en heit þitt skallttv efna og ganga sudr. en ef þv kemr fyrir okunna menn þa skallttv nefnaztt Leifr medan Haralldr konungr er æ lifi. veitaztt mvn þier þath er þv batt at vitridin mvnttu vera þa er Haralldr konungr læztt. enn eeki þiki mier þv vel launa mier lifgiosfina ef þu veitir þier þar mikil afskiptti. nv mvnv vit skiliaztt fyst ath sinni. Nu sa Hemingr konunginn lida j loptt upp fra sier med liosi. en Hemingr fiek sier skip og reri vt j Torgar. Hann geingr til kirkiv og sa hann þar biortt log og þar erv þeir æ bænum Aslacr og Biorn¹

(ÞATTR AUDUNAR VESTFIRZKA.)

57. [828] Madr hiet Audun vestfirzkr og fielitill. hann var æ vist med þeim manni er Þorstein hiet og var frændi hans. þat sumar kom skip vestr j Vadel. hiet Þorir styrimadr og for hann til vistar med Þorsteini

¹) *Afskriveren har her ladet 1½ Spalte ubeskreven i Codex, i den Tanke senere at fuldstændiggjøre Fortællingen.*

Þú ath su var beztt vist. Audun var stýrimanni radhollur og selldi varning hans j goda skuldarstadi er honum var kunnegtt fyrir. Stýrimadrinn baud honum laun fyrir. en hann kaus ath fara vtan med honum. Þorir kuad honum heimilltt ath vera æ skipi med honum. Audun seigir Þorsteini ættlan sina og kuad miog æ endum standaztt þa er hann hefde selltt saudfe sitt til biargar modur sinni og þa voru epttir .iij. merkr silfrs og hafde hann þa ættlad henne .iij. vetra biorg med Þorsteini. Þorsteinn kuad hann likligan til giæfu. og for hann vtan vm sumarid med Þori. Og er þeir koma vm haf þa baud Þorir (honum) til vistar med sier æ Mæri þar sem hann atti bu og var þar gott ath vera. og spyr Þorir huad hann ættladi fyrir sig ath leggja. en vita skallttv ættlan mina ath eg ætlla til Grænlandz og er þier heimilltt ath fara med mier. Audun kueztt þath vilia. og fara þeir nv annad sumar til Grænlandz og kuomu j Eiriksfiord. og vistuduztt þar aller hinv feemeiri menn enn hinir foru j Vestrbygdur. og suo giordi Audun og tok sier þar uist. Eirekur hiet veidimadr Grænlendinga. hann hafdi ueitt biarndyr eitt ækafa fagrtt og raudkinna. og er Audun vissi þat faladi hann dyrit. veidimadrinn sagdi honum þath eigi hagleggt ath gefa vid alla eigu sina. og veit eg ath þath mvn æ endum standaztt. Audunn lieztt þat ei hirda og kauper dyrit og gaf þar fyrir aleigu sina.

Hann for nu til Noregs med Þori og baud Þorir honum med sier ath vera. enn hann lieztt fara mundu med byrdingsmonnum sudr til Danmerkr æ fund Sueins konungs Vlfssonar og gefa honum dyrit. Þorir kuad þath hættmikid ath fara med gersimar slikar. so mikill ofridr sem er j milli Haralldz konungs og Sueins konungs. Sidan for Audun sudr æ Haurdaland og var þar fyrir Haralldr konungr æ veizlu. Konungi var sagt ath þar var komit biarndyr og hin mesta gersemi. Hann sendi epttir þeim er atti. Audun for æ konungs fund og kuaddi hann. Konungr tok kuEDIU hans og mælltti. attu gersemi mikla. Hann kueztt eiga gersemi og sagdi ath þath væri eitt biarndyr. Villttv selia mier vid sliku verdi sem þu keypttir. Hann kueztt þath ei vilia. Konungr mælltti. þath er og ei rett mælltt. villttv fyrir tuenn verden þuilik sem þu keypttir. og er þa æuogstr þier j þú og samir þat ef þu gafft hier fyrir alla eigu þina sem þu seigir. Audunn lieztt þath ei vilia. Konungr mælltti. villttv gefa mier þa. Hann kuad eigi þath vera. Konungr spyr huad hann vill þa af giora. Audun mælltti. eg ætlla sudr til Danmerkr og gefa Sueini konungi. Haralldr konungr mælltti. huort er ath þu ertt madr suo heimskr ath þu veiztt eigi ofridr hier j milli landa. edr ætllar þu gipttu þina suo niklu meiri enn annarra manna

ath þu munir komaztt þar med gersemar er adrir megu varla fara lausir þo ath aunguar hafi sakir. Audun mælltti. þath mun nu æ ydru valldi vm mina ferd og optt hefi eg þat heyrtt ath þid Sueinn konungr hafit deilld illa og ma vera ath mig saki þath ecki. Konungr mælltti. eg ættla þat rad ath þu farer leidar þinnar og mæ vera ath þu verder giæfumadr. enn þath vil eg ath þier eiga ath þu seigir mier frá ferd þinne. Audun hiet þui.

Sidan for hann sudr fyrir land og austr j Vik og suo til Danmerkr. og var vppi þæ fied alltt og vard hann þæ ath bidia matar fyrir þæ bæda. Eitt kuelld kom hann til þess mannz er Aki hiet. hann var armadr Sueins konungs. og seigir Audun honum vm ferd sina og beiddi hann vista naukura fyrir dyrit er þæ var ath bana komit. en hann kueztt mundu selia honum vistir. Audun kueztt ecki hafa til fyrir ath gefa. enn eg villdi giarna fæ Sueini konungi dyrit. Armadr suarar. eg vil eiga halftt dyrit og mattu sia ath dyrit mun deyia nu ef þu velldr einn vm. Enn er Audun sæ j huerett efni komit var þæ tok hann þenna kost ath hann selldi honum halftt dyrit. og fara nu þadan æ konungs fund og margtt manna med þeim. Armadr kuaddi konunginn og stod fyrir bordinu og hann Audun. Konungr spyr Audun huerr vt-lendr hann væri. Hann suarar. eg er islendzkr og komen af Noregi og adr af Grænlandi. og ættla eg ath færa þier biarndyr þetta og keyptta eg þat allri eigu minni. eg kom æ fund Harallz konungs og leyfdi hann mier ath fara sem eg villda þott hann nædi ei ath kaupa. enn þæ herra er eg sotta heim Aka þenna þæ var farid fenu. en eg var ath þrotum komen og suo dyrit. enn nu er orden galle æ giöfenni þui hann villdi huorki vit hialpa mier nie dyrinu nema hann ætti halftt. Konungr mælltti. er suo Aki sem madren seigir. Aki kuad hann satt eitt seigia. og villda eg þui gef(a) honum halftt dyrit. Konungr mælltti. þotti þier þath til liggia þar sem eg setta þig [329] mikinn mann vr littlum og heftta þat er madr giordiztt til ath færa mier gersemi og gaf þar fyrir alla eigu sina. og þath rad sæ Haralldr konungr ath lata hann fara j fridi og er hann ouin minn. nu væri þath maklegt ath eg lieta drepa þig. og far nu þegar or landi brutt og kom alldri mier j augsyn. kann eg þier Audun slika þauk sem þu giæfir mier alltt dyrit og ver med mier bædi leingi og þo velkomen. Og þath þektiztt hann. Og eitt sinn mælltti Audun. herra sagdi hann brutt fysis mik nu Konungr suarar seintt og spyr þo huad hann vili. hann sagdiztt vilia sudr ganga. Konungr mælltti. ef þu villdir ei suo god rad þæ mundi mier

ath þikia. enn nu mvn eg fæ þier fe og faurneyti med palmorum. Og bad hann nu einkum til sin koma er hann kiæmi apttr.

Audun for til Roms. og er hann for apttr tok hann sott og giordi herfiligan. geck vpp fied fyrir honum og tok hann sidan stafkallz stigh¹ og vard bædi magur og osælegur. og kom apttr j Danmork ath paskum og þar sem konungr var þaa staddr. Audun þordi ei ath lata sia sig og var j kirkiuskoti og ættladi þaa ath ganga fyrir konung er hann geingi til aptantida. En er hann saa konung og hirdina fagrbuna þaa þordi Audun vist ei ath lata sia sig. Enn er konungr for til hallar ath drecka þaa mathadiztt Audun vti hia kirkiu sem sidr er til pilagrima medan þeir hafa ei kastad staf og skreppu. Enn er konungr for til nattsaungs ættladi Audun ath hitta konung. en suo mikid sem honum þotti fyrir vm kuelldit þaa iok nu mikid aa er hirdin var druken. Og er þeir geingu inn þaa saa konungr mannen og saa ath hann hafdi ei frama til vid hann ath tala. og er hirdin geck inn þaa veik konungr vt og mælltti. gangi saa fram er mik vill hitta. þaa geck Audun fram og fiell til fota honum. en konungr kenndi hann varla. þaa tok konungr j haund honum og bad hann velkomen og mælltti. og hefir þu skipztt. En hirdin hlo ath honum. Konungr bad þaa ei þath giora þui ath hann hefir betr sied fyrir saleni en þier. Sidan var honum giaur laug og fiekk konungr honum þau klædi er hann hafdi haft vm faustuna. konungr baud honum med sier ath vera og giora hann skutulsuein sinn. Hann mællti. þat er vel bodit herra enn þo ætla eg til Jslandz. Konungr mællti. vndarlīga er sligtt kosit. Audun mællti. eigi maa eg þath vita ath vera hier fullsæll en modir min trodi stafkallz stig aa Jslandi. þui ath nu er liden su stund er eg lagda mitt fram fyrir hana. Konungr mællti. vist munttu verda giæfumadr. saa einn var nu hlutren til ath mier mundi ei mislika ef þu villdir burtt fra mier. enn ver nu med mier vnz skip buaztt. Hann kueztt þath giarna vilia.

Og einn dag þaa er aa leid vorit geck konungr aa bryggiur og voru menn þaa j bunadi til ymsra landa j Austrveg edr Saxland edr til Suipiodar edr Noregs. sidan kuomu þeir ath einu skipi favgru og voru þar menn ath bua þath. Konungr mælltti. huern veg liztt þier aa skip þetta. Vel seigir Audun. Konungr mællti. þetta skip vil eg gefa þier og launa þier biarndyrit. Audun þakar konungi giaufina. Og er stund leid og skip var buit þaa mællti konungr. nu villttv aa brutt fara þaa mun eg nu ecki letia þig. enn þath hefi eg spurtt ath auræfi eru vida fyrir Jslandi og hætt skipum miog og maa þath henda ath þu

¹) stigli Cd.

briotir skipit en tynir fenu og litt sier þat þæ ath þu hafir fundit Suein konung og færtt honum hinu mestu gersemi. tak þu hier eina ledrhosu fulla af silfri. ei erttu þæ felaus ef þu helldr þessu fe. enn verda mæ ath þu tynir þessu fe og mæ þæ enn litt sia ath þu hafir fundit Suein konung og gefit honum aleigu þina. Og dro þæ hring af hendi sier ena mestu gersemi og gaf honum. Konungr mælltti þæ. þott suo illa beri til ath þu briotir skipit en tynir fenu þæ erttu ei felaus er þu kemr æ land ef þu helldr hringinum og mæ þæ sia ath þu hefir fundit Suein konung. enn radlegt þiki mier ef þu att naukrum gaufgum manni gott ath launa þæ gef þu honum hringenn þui ath tignum manne somir. og far nu vel.

Sidan for hann sem leid ligr vm Eyrasund og sotti sunnan med landi til Noregs og suo til kaupangrs. og var Haralldr konungr þar fyrir. Audunn þurftti þæ marga þionustlumenn. sidan geck hann æ konungs fund og kuaddi hann. Konungr tok vel kuediu hans og bad hann drecka med sier. og suo giordi hann. þæ mællti konungr. færdir þu Sueini konungi dyrit. Já herra seigir hann. Hueriu launadi hann þier. Audunn mælltti. þat fyrst ath hann þæ þat. Konungr mælltti. launad munda eg þier þui hafa edr launadi hann þier fleira. Hann gaf mier math og silfr mikit til Romferdar. Maurgum gefr Sueinn konungr fe þo ath eigi færi honum gersemar. og munda eg hafa gefit þuilligt fe. edr huad gaf hann þier fleira. Hann baud mier hirdvist er eg kom fra Romi sunnan stafkall og ath dauda komen og gaf mier klædi þau er hann sialfr hafdi borit vm faustu. Konungr mælltti. skyltt þotti mier ath hann sperdi ecki math vid þig edr faustuklædi. þath er ei suo mikils vertt þat mæ vel giora vit stafkalla. og giortt munda eg sligt hafa. edr huad var þæ enn fleira. þæ baud hann mier ath giora mik skutulsuein sinn. Konungr mælltti. þath var mikell somi og munda eg giortt hafa þat. edr hueriu launadi hann enn. Audunn suarar. hann gaf mier knor einn med aullum reidingi og farni þeim er hingad er beztt farid j land. Konungr mælltti. þat var stormannlega gefit og munda eg hafa launad þessu. edr huar nam stadar vm launen. Audunn mælltti. hann gaf mier mikinn siod fullan af silfri og kuad mig þæ ei fielausan þo ath skip mitt bryti vit [830] Jsland. Konungr mælltti. þath var ægiælliga giortt og eigi munda eg þath giortt hafa og af hendi munda eg þikiaztt leyst hafa ef eg hefda gefit þier skipit huad sem æ yrði sidan. edr huortt namu hier stadar launin. Audun mælltti. hann gaf mier hring þenna. og liet suo mega ath beraztt ath eg tynda fenu aullu en sagdi mik ei felausan ef eg hefda hringin. og bad mik ei loga nema

eg ætta naukrum tignum manni suo gott ath launa ath eg villda gefa honum hringen. en nu hefi eg þann fundit. þui ath þier attud kost herra ath taka lif fra mier enn eignaztt gersemi mina. en þu leztt mik fara j fridi þo ath adrir nædi eigi og hefi eg af þier alla giæfu hlotit. Konungr mælltti. vlikr er Sueinn konungr flestum monnum þo ath med ockr sie fætt. en þiggia myn eg hringen og ver med mier. en eg mun lata bua skip þitt og fæ þier vist sem þu villtt. Og þath þæ Audun. Enn þæ er hann er albuenn mælltti konungr. ecki mun eg storum þier gefa. þigg ath mier suerd og skikkiu. Þath var huortueggia gersemi. Hann for til Jslandz vñ sumarit og kom vt vestr j Fiordu og vard hinn mesti giæfumadr. Fra honum er komen god ætt og þangad atti ath telia Þorsteinn Gyduson og margir adrir godir menn.

(ÞATTR SNEGLUHALLA.)

58. (Þ)ath er vpphaf þessar frasagnar ath Haralldr konungr Sigurdarson ried fyrir Noregi. þath var j þann tima er Magnus konungr frændi hans var andadr. Suo er sagt ath Haralldr konungr var allra manna vitrazltr og radugazltr. vard þath og flest ath radi er hann lagdi til. hann var skalld gott og jafnan kastadi hann hædyrdum ath þeim monnum er honum syndiztt. þoldi hann og allra manna beztt þott ath honum væri kastad klamyrdum þæ er honum var gott j skapi. Hann atti þæ Þoru dottur Þorbergs Annasonar. Honum þotti mikit gaman ath skalldskap og hafdi jafnan þæ med sier er kueda kunnu. Þiodolfr hiet madr hann var islendzkr og ættadr vr Suarfadardal kurteis madr og skalld mikit. hann var med Haralldi konungi j hinum mestum kiærleikum.¹ kalladi konungr hann haufutskælld sitt og virði hann mest allra skallda. hann var ættsmar og mennt vel avfundsisku vit þæ er til kuomu. Haralldr konungr elskadi miog Jsledinga. gaf hann til Jslandz marga goda hluti. kluku goda til Þinguallar. og þæ er hallæri þat hid mikla kom æ Jsland er ecki hefir sligtt komit annad þæ sendi hann vt til Jslands flora knorru hladna med miol sinn j huern fiordvng. og liet flytia j brutt fætæka menn sem flesta af landinu.

59. Bardr hiet madr og var hirdmadr Haralldz konungs. hann sigldi til Jslandz og kom vt ath Gasum og vistadiztt þar vñ vetrenn. Sæ madr tok sier far med honum er Halli hiet. og var kalladr Snæglu-

¹) hann tilf. Cd.

halli. hann var skalld gott og ordgreppr mikill. Halli var hær madr og halslangr herdilitill og handsidr og liotlimadr. hann var ættadr vr Fliotum. Þeir sigldu þegar þeir voru bunir og haufdu langa tvivist. toku Noreg vm haustit norðr vit. Þrandheim vid eyiar þær er Hitrar heita og sigldu sidan inn til Agðaness og lagu þar vm nott. Enn vm morgnen sigldu þeir inn epttir firðenum liten byr. Og er þeir kuomu inn vm Rein sau þeir ath langskip þriu reru innan epttir firðinum. dreki var hid þridia skipit. Og er skipen r(e)yru hia kaupskipenu þá geck madr fram vr lyptingunne æ drekanum j raudum skarlazklædum og hafdi gullhlad vm enni bædi mikell og tigulegr. Þessi madr tok til orða. huer styrir skipenu edr huar voru þier edr huar toku þier fyst land edr huar lagu þier j nott. Þeim vard næsta ordfall kaupmonnum er suo var margs spurtt. enn Halli suarar þá. vær vorum j vetr æ Jslandi. en yttum af Gasum. enn Bardr heitir styrimadr. enn tokum land vid Hitrar. enn lagum j nott vit Agðanes. Þessi madr spurdi. er reyndar var Haralldr konungr Sigurdarson. sard hann yd(r) ei Agdi. Eigi enna seigir Halli. Konungren brosti ath og mælltti. er naukur til rads vm ath hann mvni enn sidar meir veita ydr þessa þionuzttv. Ecki sagdi hann Halli. og bar þo einn hlutr þar mest til þess er vær forum einga skaum af honum. Huat¹ var þath seigir konungr. Halli vissi giorla vid huern hann taladi. þath herra seigir hann ef ydr forvitnar ath vita at hann Agdi beid ath þessu oss tignari manna og vætti yduar þangat (j) kuelld og mun hann þá giallda af haundum þessa skulld otæftt. Þu muntt vera ordhækr mikill seigir konungr. Ei er getit orða þeirra fleiri ath sinni. Sigldu² þeir kaupmennerner inn til kaupangs og skipudu þar upp og leigdu sier hus j bænum. Fam nottum sidar kom konungr inn apttr til bæiar og hafdi hann farit j eyiar vt ath skemtta sier. Halli bad Bard fylgia sier til konungsins og kueztt vilia bidia hann vetrvistar. enn Bardr baud honum med sier ath vera. Halli bad hann hafa þauk fyrer enn kueztt med konunginum vilia vera ef þess væri kostur.

60. [331] Einn dag geck Bardr til konungs og Halli med honum. Bardr kuaddi konung. konungr tok vel kuediu hans og spurdi margs af Jslandi edr hu(o)rtt hann hefdi flutt vtan naukra islendzka menn. Bardr sagdiztt flutt hafa einn islendzkan mann og heitir hann Halli og er nu hier herra og vill bidia ydr vetrvistar. Halli geck þá fyrir konunginn og kuaddi hann. Konungren tok honum vel og spurdi huortt

¹) huar *Cd.* ²) sigldu *Cd.*

hann hefði suarad honum æ firdinum er vær fundumztt. Sia hinn sami segir Halli. Konungrin sagðiztt ei spara mundu mat við hann og bad vera ath bui sinu naukru. Halli kueztt með hirdenni vera vilja edr leita sier annars ella. Konungren kuad suo fara iafnan. ath mier er vmkentt ef vor vinskapr fer ei vel af hendi þo ath mier þiki varla suo vera. erud þier einradir Jslendingar ok osidblandnir. nu ver ef þu villtt og æbyrgst þig sialfr huad sem j kann gioraztt. Halli kuad svo vera skylldu og þakadi konunginum. Var hann nv með hirdenni og likadi huerium manni vel til hañs. Sigurdr hiet sessunautr Halla gamall hird-madr og giæfr. Sæ var sidr Haralldz konungs ath eta einmælltt. var fyst borin vist fyrir konung sem von var og var hann þæ iafnan miog mettr er vistin kom fyrir adra. enn þæ er hann var mettr klappadi hann með knifskaptli sinu æ bordit ok skyldi þæ þegar rydia bordin og voru margir þæ huergi næri mettir. Þath bar vit eitt sinn er konungr geck vti vm stræti og fylgdin með honum og voru margir þæ huergi nærri mettir. þeir heyrdu j eitt herbergi deilld mikla. þar voru ath sutari og iarnsmidr og þar næst fluguztt þeir æ. Konungvren nam stadar og sæ æ vm stund. sidan mælltti hann. gaungum brutt hier vil ek aunguan hlut ath eiga. en þu Þiodolfr yrk vm þa visu. Herra seigir Þiodolfr ei samir þath. þar sem ek er kalladr haufudskalld yduartt. Konungr suar-ar. þett(a) er meiri vanndi enn þu muntt ætlla. þu skalltt giora af þeim alla menn adra en þeir eru. lat annan vera Sigurd Fafnisbana enn ann-an Fafni og kenn þo huern til sinnar idnar. Þiodolfr kuad þæ visu.

Sigurdr eggjadi sleggju
snæk valigrar brækar
enn skapdreki skinna
skreid af leista heidi.

monnum leiztt ormr adr ynni
iluëgs buen kiliu
nautaledrs æ nadri
neflangr konungr tangar.

Þetta er vel kuedit seigir konungr og kued nu adra og lath nu vera annan þor enn annan Geirraud iotun og kenn þo huern til sinnar idnar. þa kuad Þiodolfr visu.

Varpp vr þrætu þorpi
þorr smidbelgia storra
huafst elldingum holldnu
hafra kiðtz ath iotni.

hliodgreipum tok hudar
hraukikafis af affi
gladr vit galldra smidju
Geirraudr sin þeirri.

Ecki erttu mælltt vm þath seigir konungr ath þu ertt vrleysingr til skaldskapar. Og lofudu aller ath vel væri ortt. Ecki uar Halli vit þetta. Og vm kuelldit er menn satu vit dryck kuadu þeir fyrir Halla og saugdu hann ei mundu suo yrkia þott hann þættiztt skald mikit. Halli kueztt vita ath hann ortti ver enn Þiodolfr. ennda mun þæ first vm fara ef

eg leita ecki vit ath yrkia ennda se eg ecki vit seigir Halli. Þetta var þegar sagt konungi og snuit suo ath hann þættizt ei minna skalld en Þiodolfr. Konungr kuad honum ei ath þui verda mundu. enn vera kann ath vær faum þetta reynt af stundu.

61. Þath uar einn dag er menn sætu yfir bordum ath þar geck inn j haullina duergr einn er Tuta hiet. hann var friskr ath ætt. hann hafdi leingi verit med Haralldi konungi. hann var ei hæri enn þreutt barn en allra manna digrazttr og herdimestr. haufudit mikit og elldiligt hrygrinn ei allskamr en sylt j nedan þar sem fætrnir voru. Haralldr konungr atti bryniu þa er hann kalladi Emmu. hann hafdi latit giora hana j Myklagardi. hun var suo sid ath hun tok nidr æ sko Haralldi konungi þa er hann stod retrr var hun aull tuefauld og suo styrk ath alldri festi iarn æ. Konungrin hafdi latit fara duergen j bryniuna og setia hialm æ haufut honum og gyrdi hann suerdi. sidan geck hann j haullina sem fyrr var ritad og þotti madrinn vera undrskapadr. Konungrinn kuaddi sier hliods og mælltti. sa madr er kuedr um duerginn visu suo ath mier þiki vel kueden þiggi ath mier knif þenna og belltti. og lagdi fram æ bordit fyrir sig gripina. enn uitit þath uist ef mier þikir ei vel kueden ath hann skal hafa ofok mina enn missa gripanna beggia. Og þegar er konungr hafdi flutt erendi sitt kuedr madr visu vtar æ becken og uar þat Snægluhalli.

Færdr syneztt mier frændi
Frísa kyns j bryniu
geingr fyrir hird j hringum
hialmfalldinn kurualldi.

flærath elld j ari
vthlaupi vanr Tuta
se eg æ sidu leika
suerd rughleifa skerdi.

Konungr bad færa honum gripuna. og skallttu næ hier æ sannmæli þuiat uisan er uel kueden. Þath var einn dag er konungren var mettr ath konungr klappadi knifi æ bordit og bad rydia. þionuzttumenn giordu suo. Þa uar Halli huergi næri mettr [832] tok hann þa styki eitt af diskinum og hieillt epttir og kuad þetta.

Hirdi eg ei
huad Haralldr klappar
læt eg gnada graun
geing eg fullur ath sofa.

Vm morgunem epttir er konungr uar komen j sæti sitt og hirdin geck Halli j hollina og fyrir konungenn. hann hafdi skiolld sinn og suerd æ baki sier. hann kuad visu.

Selia mun eg út súfi
suerð mitt konungr verða
og rymskyndir randa
raudan skiolld vit braudi.

hungrar hilmis dreingi
helldr gaungum vær suangir
mier dregr hrygg ath huoru
Haralldr suelltir mik bellti.

Eingu suarar konungr og liet sem hann heyrði ei. enn þó vissu allar menn ath honum mislikadi. Litlu sidar uar þath einn dag er konungrin geck vti vm stræti og fylgdin med honum. þar var og Halli j faur. hann snaradi fram hia konunginum. Konungren kuad þetta.

Huertt stiller þu Halli.

Halli suarar

hleypr eg fram ath kyrkaupi.

segir konungr.

graut munttu giorfan lata

gior matr er þat smiorfan

segir Halli. Hleypr hann Halli þá upp j gardinn og þangad sem var elldahus. þar hafði hann latit giora graut j steinkattli og settiztt til og etr grautin. Konungrinn sier ath Halli huerfr vpp j gardinn. hann kuaddi til þiodolf og .ij. menn adra ath leita Halla. konungr veik og upp j gardinn. þeir finna hann þar sem hann at grautinn. Konungrin kom þá ath og sæ. huad Halli hafdzitt ath. Konunguren var hinn reid-azlti og spurdi Halla þui hann for af Jslandi til haufdingia til þess ath giora af sier skom ok gabb. Latit eigi suo herra seigir Halli. jafnan sie ek ydur ei drepa henndi vid godum sendingum. Halli stod þá upp og kastadi nidr katlinum og skall vit haddan. þiodolfr kuad þá þetta.

Haddan skall en Halli
hlaut offylli grautar
hornsponu kued ek honum
hlyða betr en prydi.

Konungrin geck þá bruttu og var allreidr. Og vm kuellðit kom eingi matr fyrir Halla sem fyrir adra menn. og er menn haufdu snætt vm stund kuomo enn .ij. menn og baru j milli sin trog mikit fulltt grautar og med spon og settu fyrir Halla. Hann tok til og at sem hann lysti og hætti sidan. Konungr bad Halla eta meira. hann kueztt ei mundu eta meira ath sinni. Haralldr konungr bræ þá suerdi og bad Halla eta grautinn þar til er hann spryngi af. Halli kueztt ei mundi spreingia sig æ grauti enn seigir konungr næ mundu lifi sinu ef hann væri æ þath einhugi. Konungr seztt þá nidr og slidrar suerðit.

62. Naukru¹ sidar var þath einn dag ath konungr tok disk einn

¹) nakrv Cd,

af bordi sinu og var æ steiktr gris og bad Tutu duerg færa Halla. og bid hann yrkia visu ef hann vill hallda lifnu og hafa kuedit adr þu kemr fyrir hann og seg honom ei fyr en þu kemr æ mitt golf. Ecki er ek þess fus seigir Tuta þuiat mier likar vel vit Halla. Se ek sagdi konungr ath þier þikir god visan su er hann ortti vm þig og munttv giolla heyra kunna. nu far j burtt j stad og gior sem ek byd. Tuta tok nu vid diskinum og geck æ mitt golfit og mælltti. þu Halli yrk visu ath bodi konungs og haf ortt adr ek kem fyrir þik ef þu villtt halda lifnu. Halli stod þæ upp og relli hendr j moti diskenum og kuad visu.

Gris þæ grepr ath ræsi
gruntrauduzttum daudan
niordr sier burg hia bordi
bauglandz fyrir stannda.

runa sidr lit ek raudar
ræd ek skiott gera kuædi
rana hefir seggr af suine
send heill konungr brenndan.

Konungr mælltti þæ. nu skal gefa þier vpp reidi mina Halli þui ath visan er vel kueden suo skiott sem til var tekit.

63. Fræ þui er sagt einn dag ath Halli geck fyrir konungen þæ er hann var gladr og katr. þar uar þæ þiodolfr og margtt annarra manna. Halli sagdiztt hafa ortt drapu vm konungenn og bad sier hliods. Konungren spurdi huortt Halli hefdi naukud kuædi fyri ortt. Halli kueztt ecki hafa ortt. þat munu sumir menn mæla seigir konungr ath þu takiztt mikit æ hendr slik skalld sem ortt hafa vm mik adr eptir naukrum malefnum. eda huad syneztt þier rad þiodolfr. Ecki kann ek herra ath gefa ydr rad seigir þiodolfr enn hitt mun hoti nærr ath ek mun kunna ath kenna Halla heilrædi. Huertt er þath seigir konungr. þath fyst herra ath hann liugi ecki ath ydr. Huad lygr hann nu seigir konungr. þath lygr hann ath hann sagdiztt ecki kuædi ortt hafa seigir þiodolfr. enn ek seigi hann ortt hafa. Huertt er kuædi þath seigir konungr. edr vm huad er ortt. þiodolfr suarar. þath kollum vær Kolluvisur er hann ortti vm kyr er hann giætti vt æ Jslandi. Er þath satt Halli seigir konungr. Satt er þath seigir Halli. þui sagdir þu ath þu hefdir ecki kuædi ortt seigir konungr. þui seigir Halli ath litil kuædismynd mundi æ þui þikia ef þetta skal heyra og litt mun þui verda æ loptt halldit. þath uilium vær fyrst heyra seigir konungr. Skemt mun þæ fleira seigir Halli. Hueriu þæ seigir konungr. Kueda mun þiodolfr þæ skulu Sodtrogsuisur er hann ortti ut æ Jslandi seigir Halli og er þath vel ath þiodolfr leitadi æ mik eda afvirdi [333] fyrir mier þui ath vpp eru suo komnir j mer bitar og iaxlar ath ek kann vel ath suara honum jofnum ordum. Konungr brosti ath og þotti honum gaman ath etia

þeim saman. Huern veg er kuædi þat edr umm huad er ortt seigir konungr. Halli suarar. þat er ortt vm þath er hann bar vt auskv med audrum syskinum sinum og þotti þa til einkis annars sær fyrir vizmuna sakir og vard þo vm ath sia ath ei væri elldr j þui ath hann þurfti alltt vit sitt j þann tima. Konungr spyr ef þetta væri satt. Satt er þath herra seigir þiodolfr. Þui hafdir þu suo ouirdulegtt verk seigir konungr. þui herra seigir þiodolfr ath ek villdi flyta oss til leika enn ecki voru verk æ mik lagin. þath olli þui seigir Halli ath þu þottir ei hafa verkmanz vit. Ecki skulud þit vid talaztt seigir konungr en heyra vilium vær kuædin bædi. Og suo vard ath vera. kuad þa huor sitt kuædi. Og er lokit var kuæðunum mælltti konungren. litit er kuædit huorttueggia enda munu litil hafa verit yrkisefnin. og er þat þo enn minna er þu hefir ortt þiodolfr. Suo er og herra seigir þiodolfr. og er Halli ordhuass miog. enn skyldara þætti mier honum ath hefna faudr sins enn eiga sennr vid mik hier j Noregi. Er þath satt Halli seigir konungr. Satt er þath herra seigir hann. Hui forttu af Jslandi til haufd- ingia vid þath ath þu hafdir eigi hefntt faudr þins seigir konungr. þui herra seigir Halli ath ek var barn ath alldri er fadir minn var vegen og toku frændr malit og sættuztt æ fyrir mina haund. enn þath þikir illt nafn æ voru landi ath heita gridnidinger. Konungrinn suarar. þath er naudsyn ath ganga ei æ grid edr sættir og er vr þessu alluel leyst. Suo hugda ek herra seigir Halli. enn vel mæ þiodolfr tala stormannlega vm slika hluti þui ath aunguan veit ek iafngreypilega hefntt hafa sins faudr sem hann. Uist er þiodolfr liklegr til ath hafa þath hraustliga giortt seigir konungr edr huad verkum giortt vm þath ath hann haf þath framr giortt enn adrir menn. þath hellztt herra seigir Halli ath hann æt sinn faudrbana. Nu æpttu menn vpp og þottuztt alldri slik undr heyrtt hafa. Konungrenn broste ath og bad menn vera hlida. Gior þetta satt er þu seigir Halli seigir konungr. Halli mælltti. þath hygg ek ath þorliotr hieti fadir þiodolfs. hann bio j Suarfadardal æ Jslandi og var hann fatækr miog enn atti fiolda barna. enn þath er sidr æ Jslandi æ haustum ath bændr þinga til fatækra manna og var þa eingi fyrri til nefndr enn þorliotur fadir þiodolfs. og einn bondi var suo storlyndr ath honum gaf sumargamlan kalf. sidan særker hann kalfen og hafde æ taum og var lykkia æ enda taumsins. og er hann kemr heim ath tungardi sinum hefir hann kalfen vpp æ gardin. og var furdu- lega hærgarduren en þo var herra fyrir innan þui ath þar hafdi verit grafit torf til gardzins. sidan fer hann inn yfir gardinn enn kalfrinn velltr vt af gardinum. en lyckian er æ var taumsendanum braztt vm

hals honum Þorlioti og kendi hann ei nidr fotum. hieck nu sinu meigin huorr og voru daudir badir er til var komit. drogu baurnin heim kalfin og giordu til matar og hygg ek ath Þiodolfr hefði oskertt sinn hlut af honum. Nærri hofi mundi þat seigir konungr. Þiodolfr brá suerdi og villdi hauggua til Halla. hliopu menn þá j milli þeirra. Konungr kuad huoregum hlyða skylldu ath giora avdrum mein. leitadir þu Þiodolfr fyrri æ Halla. Vard nu suo ath vera sem konungr villdi. Færði Halli drapuna og mælltitzt hvn vel fyrir og launadi konungr honum godum peningum. Leid nu æ vetrinn og var allt kyrtt.

64. Einarr uar madr nefndr og var kalladr flvga hann var son Hareks or Þiottu¹. hann var lendr madr og hafdi syslu æ Halogalandi og finnferd af konungi og var nu j kiærleikum miklum vid konung enn þo elldi þar iafnan ymsu æ. Einar var veinardarmadr mikell. drap hann menn ef ei giordu alltt sem hann villdi og bætti aungvan mann. Einars var von til hirdarennar ath jolunum. þeim Halla og Sigurdi sessunaut hans vard talad til Einars. sagdi Sigurdr Halla fra ath eingi madr þordi ath mæla j moti Einari eda j adra skal ath leggja enn hann villdi og hann bætti ecki fe fyrir vig edr ran. Halli suarar. vændis- haufdingiar mundu slikt kalladir æ voru landi. Mæl þu varliga felagi seigir Sigurdr þui ath hann er litilþægr ath ordum ef honum er j moti skapi. þo ath þier sieud aller suo hrædder seigir Halli ath eingeng yduar þori ath mæla eitt ord j moti honum þá seigi eg þier þath ath eg skylldi kiæra ef hann giordi mier rangtt og þess get eg ath hann bæti mier. Hui þier enn audrum seigir Sigurdr. þath mundi honum synaztt seigir Halli. þar til þræta þier hier vm ath Halli bydr Sigurdi ath vedia hier vm. leggr Sigurdr hier vid gullhring er stod halfa mork enn Halli leggr vit haufud sitt. Einar kemr ath iolunum og sitr hann æ adra haund konungi og menn hans vt fra honum. var honum aull þionuztta veitt sem konungi sialfum. Og ioladag er menn voru mettir mælltti konungrin. nu vilium vær hafa fleira til gamans [834] en drekka. skallttu nu Einar seigia oss huad til tidinda hefir ordit j faurum ydrum. Einar suarar. ecki kann eg þath j frasagnir ath færa herra þo ath vær hnuskum Bufinna edr fiskimenn. Konungr suarar. seigit selliga þui ath vær erum litilþægir ath og þikir oss gaman at þui aullu þo ath ydr þiki litils vertt er iafnan standit j stridi. þath er þo herra hellztt ath seigia seigir Einar ath j fyrri sumar er vær kuomum norðr æ morkina mættu vær Jslandzfari einu og haufdu þeir vordit þangad sæhafa

¹) Þorottv Cd.

og setid þar vm vetrinn. bar eg æa hendr þeim ath þeir mundu att hafa kaup vit Finna fyrir utan yduartt lof edr mitt. enn þeir duldu og geingu ei vit enn oss þottu þeir otrulegir og beidda eg þæ ransoknar enn þeir syniudu þuerliga. eg sagda þath þæ ath þeir skyldi hafa þath er þeim væri verra og makligra og bad eg mina menn vopnaztt og leggja ath þeim. eg hafda fimf langskip og laugdu vær ath æ bædi bord og liettum ei fyr en hrodid var skipit. og einn islendzkr madr er þeir kaulludu Einar vardiztt suo vel ath hans maka fann eg alldri og vist var skadi ath vm þann mann og ei hefðum vær vnnit skipit ef sliker hefði aller verit innanbordz. Jlla giordir þu þath Einar seigir konungr er þu drepr saklausa menn þo ath ei giori alltt sem þier likar beztt. Mun ek ei seigir Einar sitia fyrir hættu þeirri. enn mæla þat sumir menn herra ath þier giorit ei alltt sem gudrettiligaztt. en þeir reynduztt illa og fundu vær miken finnskrepp j skipinu. Halli heyrdi huad þeir tauludu og kastadi knifinum fram æ bordit og hætti ath eta. Sigurdr spurdi ef hann væri siukr. (Hann kuad þat ei) vera enn kuad þetta þo sott ver(r)a. Einar fluga sagdi lat Einars brodur mins er hann kueztt felltt hafa æ kaupskipinu j fyrra sumar og mæ vera ath nu gefi til at leita epttir botunum vit hann Einar. Tala ecki vm felagi seigir Sigurdr sæ mun vænztt. Nei sagdi Halli ecki mundi hann suo vit mik giora ef hann ætti epttir mik ath mæla. Hliop hann þæ fram yfir bordit geck innar fyrir hæsatit og mælltti. tidindi saugdu þier Einar bondi þau mier acktta ærit miog i drapi Einars brodr mins er þier saugduztt felldan hafa æ kaupskipinu j fyrra sumar. nu vil eg uita huortt þu villtt nauckru bæta mier Einar brodur minn. Hefir þu ei spurtt at eg bæti eingan mann seigir Einar. Eigi er mier skyltt ath trua þui seigir Halli ath þier væri alltt illa gefit þo ath eg heyrda þath sagtt. Gack burtt madr seigir Einar annar mun verri. Halli geck ath sitia. Sigurdr spyr hue fariztt hefði. Hann suarar og kueztt hafa hotun fyrir febætr. Sigurdr bad hann ei opttar koma æ þetta mal og sie laus vedianen. Halli kuad honum vel fara en æ skal koma opttar. Og annan dag epttir geck Halli fyrir Einar og mælltti. þath mal vil eg vekia Einar ef þu villtt naukru bæta mier brodur minn. Einar suarar. þu ertt seinþreytt ath og ef þu dregst ei brutt þæ munttu fara slika faur sem brodir þinn edr verri. Konungren bad hann ei suo suara. og er þath frændunum ofraun og veit ei huers hugar huerium lier. en þu Halli kom ei apttr æ þetta mal þui ath stærri bockar verda ath þola honum slikt en þu ertt. Halli suarar. svo mun vera uerda. Geck hann þæ til ruins sins. Sigurdr fagnar honum vel og spurdi hue fariztt hafði. Halli kueztt

hafa heitan fyrir febætr af Einari. Þótti mer þath j hug seigir Sigurdr og sie laus vedianin. Vel fer þier (segir) Halli en æ skal ek koma þridia sinn. Gefa vil ek þier nu til hringinn sagdi Sigurdr ath þu latir vera kyrtt er þetta hefir þo naukud af mier til hlotiztt j fyrstu. Halli suarar. synir þu huerr madr þu ertt og ecki mæ þier vm kenna huersu sem til vegar fer. en profa skal enn vm sinn. Og þegar vm morgunenn er konungr tok handlaugar og Einar fluga geck Halli ath honum og kuaddi konunginn. konungrinn spyr huad hann villdi. Herra seigir Halli. ek vil segia ydr draum minn. ek þottumztt vera allr madr annar enn ek er. Huad manni þottiztt þu vera seigir konungr. Ek þottumztt vera þorleifr skald. enn hann Einar fluga þotti mier vera Hakon jall Sigurdarson og þottumztt ek hafa ortt vm hann nid og munda ek sumt nidit er ek uaknada. Sneri Halli þæ vtar epttir haullunni og kuad naukud fyrir munni sier og namu menn ei orda skil. Konungr mælltti. þetta var ecki draumr annar en hann dregr þessi dæmi saman. og suo mun fara med ykk^r sem for med þeim Hakoni Hladaialli og þorleifi skald. og þath sama giorir Halli hann suifiztt einkis og megu vit sia ath bitit hefir nidit rikari menn en suo sem þu ertt Einar sem var Hækon iall. og mun þat munad medan Nordrlond eru bygd ok er verri einn kuidlingr ef munadr uedr epttir en litil femuta vm dyran mann kueden. og gior suo vel og leys hann af med naukru. Þier skulud rada herra seigir Einar og seg honum ath hann taki .iij. merkr silfrs af fehirði minum er ek fieck honum sidarzt j siodi. þetta var sagt Halla. geck hann ath finna fehirdinn og sagdi honum. Hann kuad vera .iiij. merkr silfrs j siodnum. Halli kueztt .iij. hafa skylldu. Halli geck þæ fyrir Einar og sagdi honum. Hafa mundir þu þath er j uar siodnum seigir Einar. Nei sagdi Halli audruuis skallttu na lifi minu en ek uerdi þiofr af fe þinu og sa ek ath þu hafdir þath ætllad mier. [835] Og suo uar ath Einar hafdi þath ætllad Halla ath hann mundi þat er j uar siodnum hafa og þotti honum þath nog banasok. Geck Halli nu til sætis sins og syndi Sigurdi fied. Sigurdr tok hringinn og kuad Halla vel hafa til unnit. Hann suarar. eigi eru vit þæ iafner þegnar og tak hring þinn og not manna beztt. en þier satt ath seigia þæ atta ek all dri skyll(tt) vid þenna mann er Einar hefir drepit og villda ek vita ef ek næda fenu af honum. Eingum manni erttu likr ath prettum seigir Sigurdr. Einar for brutt epttir jolin nordr æ Halugaland.

65. Vm vorit bad Halli konung orlofs ath fara til Danmerkr j kaupferd. Konungr bad hann fara sem hann villdi. og kom apttr skiott

¹) ukkr Cd.

þui oss þikir gaman ath þier. og far varlega fyrir Einari flugu hann mun hafa illan hug æ þier og sialldan veit ek honum jafnslept tekiztt hafa. Halli tok sier far med kaupmonnum sudr. til Danmerkr og suo til Jotlandz. Raudr hiet madr er þar hafdi systlu og rieztt Halli þar til uistar. Þath bar til eitt sinn er hann skyldi hafa þing siolmennt. og er menn skylldu þar mæla laugskilum sinum þæ uar suo mikit hareyste og gap ath eingi madr mætti þar malum sinum fram koma. og foru menn vit þath heim vm kuellidit. Þath var vm kuellidit er menn kuomu. til drykiar ath Raudr mælltti. þath væri radleitinn madr er rad fyndi til ath folk þetta alltt þagnadi. Halli suarar. þath fær ek giortt þegar ek vil ath hier skal huertt mannz barn þagna. Þath fær þu ei giortt landi seigir Raudr. Vm morgunenn kuomu menn til þings og var nu sliktt op og gap sem hinn fyrra dag og vard aungum malum skilad. foru menn vit þath heim. Þæ mælltti Raudr. villttu vedia vm Halli huortt þu fær hliodit æ þinginu edr ei. Halli kueztt þess buinn. Raudr suarar. legg vit haufut þitt en ek gullhring er stendr mork. Þath skal vera seigir Halli. Vm morgunenn spurdi Halli Raud ef hann villdi vedianina hallda. Hann kueztt hallda uilia. Kuomu menn nu til þingsins og var nu sliktt op eda meira sem hina fyrri dagana. Og er menn vardi siztt hleypr Halli vpp og æpir sem hæst matti hann. hlydi aller menn mier er mals þorf. mier er horfin hein og heinasnior skreppa og þar med allur skrepuskrudi sæ er kallmanni er betra ath hafa enn ath missa. Aller menn þagnudu. sumir hugdu ath hann mundi ær vordin en sumir hugdu ath hann mundi tala konungs eyrendi nauckur. Og er hliod siekst settiztt Halli nidr og tok vit hringinum. Enn þegar menn sau ath þetta var ecki nema daruskapr þæ var hæreysti sem adr. og komst Halli æ hlaupi vndan þui at Raudr villdi hafa lif hans ok þotti þetta verit hafa hin mesta ginning. Letti hann ei fyrr en hann kom til Einglandz.

66. Þæ ried fyrir Einglandi Haralldr Gudinason. Halli fer þegar æ konungs fund og kueztt hafa ortt um hann drapu og bad sier hliods. Konungr let gefa honom hliod. sezt Halli fyrir kne konungi og flutti fram kuædit. Og er lokit var kuædinu spurdi konungr skalld sitt er var med honum huern veg væri kuædit. Hann kueztt ætlla ath gott væri. Konungr baud Halla med sier ath vera enn Halli kueztt buen vera til Noregs adr. Konungr kuad þæ þann veg fara mundu af hendi vm kuædislaun vit þig sem var niotum kuædisins þui ath eingin hrodr verdr oss ath þui kuædi er einginn kann. sit nu nidr æ golfit en ek mun lata hella silfri j haufud þier og (haf) þæ þath er j hærinu lodir og

þikir mæir þá huortt horfa eptlir audru er vær skulum eigi næ ath nema kuædit. Halli suarar. bædi mun vera ath litilla launa mun vertt vera enda munu þessi launin og litil vera. lofa munu þier herra ath ek ganga vt naudsynia minna. Gack sem þu villtt seigir konungr. Halli geck þar til er skipsmidir voru og bar j hofut sier tioru og giordi sem diskur uæri og geck sidan inn og bad hella silfrinu yfir sig. konungr kuad hann vera braugdottan. og var nu helltt yfir hann og uar þath mikit silfr er hann feck. For hann sidan þangat er skip þau voru er til Noregs ætlludu og uoru aull burttu nema eitt og var þar radinn fioldi manna med miklum þunga. en Halli hafdi of fiær og villdi giarna j burttu þui ath hann hafdi ecki kuædi ortt vm¹ konung annat enn kuedit endilausu og matti hann þui ecki kenna þath. Styrímadr bad hann fæ til rad ath Sudrmenn geingi vr skipinu og kueztt þá vilia giarna taka vid honum. enn þa uar komit ath uetri. Halli uar hia þeim j herbergium vm hrid. Eina nott let Halli illa j suefni og uar leingi adr þeir fiengu vakit hann. þeir spurdu huad hann hefði dreymtt. Halli kuad lokit þui ath hann mundi bidia þá fars hiedan fra. mæir þotti madr koma ath mæir ogrlegr og kuad þetta.

Hraug er þars hafnan þaungul
[836] held ek vm siztt ek for selldag
huertt er sitk ath Ranar.

sumir eru j bud med humrum
liost er lysu ath gista
lennda ek vt vit ströndu.

þui sit ek bleikr j bruki
blakir mæir þarmr vm hnaka
blaker mæir fyrir þinum h(naka).

Og er Sudrmenn vissu draum þenna re(du)zt þeir vr skipinu og þotti bani sinn ef þeir færi þar j. Halli rezt þegar j skip og sagði ath þetta uar prettr hans enn eingi draumr. og toku þeir vt þegar þeir voru bunir og toku Noreg vm haustit. og for Halli þegar til Harallz konungs. Hann tok vel vid Halla og spurði huortt hann hefði þá ortt vm adra konunga. Halli kuad þetta.

Ortta ek eina
vm jall þulu
verdrath drapa
med Daunum verri.
faull eru fiortan

og faung tiu.
opit er og aunduertt
aufugt stigandi.
suo skal yrkia
sæ er illa kann.

Konungr brosti ath og þotti honum jafnan gaman ath Halla.

67. Haralldr konungr for vm vorit til Gulapings og um dagenn

¹) vinn tilf. Cd.

spurdi konungr Halla huersu honum yrði til kuenna um þingit. Halli suarar.

Gott er Guláþing þetta
giliv vit huad er vilium.

Konungrinn fór þádan norðr til Þrandheims. Og er þeir sigldu fyrir Stad attu þeir Þiodolfr og Halli budarvord ath hallda og uar Halli sæsiukr miog og læ vndir bati. en Þiodolfr vard ath þiona einn. og er hann bar vistina fell hann vm fot Halla er stod vt vndan batinum. Þiodolfr kuad þetta.

Wt stendr vndan bati
ilfat. muntu nu gilia.

Halli suarar.

Þion giori ek þann ath suemi
Þiodolf læt ek mat sioda.

För konungrinn nu leidar sinnar vnzt hann kom j kaupangr. Þora drottning var nu med honum og var hun litt till Halla. en konungr var vel til hans og þotti gaman ath Halla iafnan. Þess er getit einn dag ath konungrinn geck vt vm stræti og fylgdin med honum. Halli var þar j faur. konungrin hafdi auxi j hendi og aull gullreken en silfrvatit skapttit og silfrholkr mikell æ forskepttinu og þar j ofan steinn godr. Þath var ægiætr gripr. Halli sæ iafnan til auxarennar. konungr fann þat bratt og spurdi huortt Halla litiztt vel æ auxina. Honum kueztt vel æ litaztt. Hefir þu sied betri auxi. Eigi ættla ek seigir Halli. Villttu lata serdaztt til auxarennar seigir konungr. Eigi seigir Halli. en vorkun þiki mier ydr ath þier vilid suo selia sem þier keypttud. Suo skal uera Halli seigir konungr tak med og niot manna beztt. gefin var mier ennda skal suo selia. Halli þakadi konungi. Vm kuellidit er menn kuomu til dryckiar taladi drottning vit konung ath þath væri undarleggt og ei vel til skiptt ath gefa Halla þæ gripi er varla er oligna manna eiga fyrir klamyrdi sin en þæ fæ sumir litit fyrir goda þionuzttu. Konungr kueztt þui rada vilia huerium hann giæfi gripi sina. vil ek ei snua ordum Halla til hins verra þeim er tuirædi eru. Konungr bad kalla Halla og suo uar giortt. Halli laut honum. Konungr bad Halla mæla naukur tuirædisord vid þoru drottningu. og vit huersu hun þoler. Halli laut þæ ath þoru og kuad.

Þu ertt makleguztt miklu
munar storum þath þora
flenna vpp ath enni
allt ledr Haralldz redri.

Takit hann og drepi seigir drottning. vil ek eigi hafa hropyrdi hans. Konungr bad aunguan suo diarfan uera ath æ Halla tæki hier fyrir. enn ath þui mæ giora ef þier þikir aunnur maklegri til ath liggia hia mier og uera drottning og kanttu varla at heyra lof þitt. Þiodolfr skalld hafdi farit til Jslandz medan Halli var j burttu fra konungi. Þiodolfr hafdi flutt vtan af Jslandi hest godan og uildi gefa konungi og liet Þiodolfr leida hestinn j konungsgard og syna konungi. Konungrinn geck ath sia hestenn og uar mikell og feitr. Halli uar þar hia er hesturen hafdi vti sinina. Halli kuad þæ.

Dyr er auallt
 helir saurugt ast
 hestr þiodolfs erdr
 hann er drottins serdr.

Tui tui seigir konungr hann kemr all dri j mina eigu ath þessu. Halli giordiztt hirdmadr konungs og bad sier orlofs til Jslandz. konungr bad hann fara varlega fyrir Einari flugu. Halli for til Jslandz og bio þar. eydduztt honum peningar og lagdiztt hann j vtrodr og eitt sinn feck hann androda suo mikenn ath þeir toku naudulega land. og um kuelldit var borinn fyrir Halla grautr og er hann hafdi elit fa bita hnigr hann apltr og var þæ daudr. Haralldr spurdi lat tueggia hirdmanna sinna af Jslandi Kolla ens pruda og Snægluhalla. hann suaradi suo til Kolla. fyrir daurum mun dreingren hnigit hafa. enn til Halla sagdi hann suo. æ grauti mundi greyit sprungit hafa. Lyk ek þar saugu fra Snægluhalla.

(ÞATTR HALLDORS SNORRASONAR).

68. Þa er Halldor Snorrason goda var med Haralldi konungi Sigurdarsyni bar þath til ath einn islendzkur madr vard fyrir konungs reidi og bad hann Haldor æsia um malit. Hann giordi suo. enn hann var stirdmall og fæmalugr en þo beiddi hann konung ath gefa upp maalit. enn konungr villdi þath ei. Halldor uar uirdinga [837] samr og þotti mikils vm vertt er hann feck ei þath er hann beiddi. for hann nu æ brutt fra hirdenni med Jsleending æ fund Einars þambaskelfis og beiddi hann æsia. Einar kueztt honum ath trausti verda skylldu er hann hafdi hans fund sottan. Halldor mælltti. visa mier til sætis. Einar kuad hann sitia skylldu j aundaugi gegntt sier. og toku sessunautar vel uit honum. Halldor sat opt og skemtti Bergliotu og sagdi vtfararsaug-

